ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík. Netfang: tryggingar@nefndir.is

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Samantekt úrskurða 2026

Síðast uppfært 31. október 2026

Mál nr. 1/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Gögn.

1. Málskot móttekið 5. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 1. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. apríl 2026.

Málsatvik.

Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga slyss sem hann varð fyrir 11. mars 2025. Segist M hafa orðið fyrir líkamstjóni á tönn þegar hann beit í köku sem var á boðstólum á fundi sem hann hafi sótt, en X hafi staðið fyrir veitingum á fundinum. Byggir M jafnframt á því að í kökunni hafi verð ópoppuð maísbaun sem M hafi bitið í. Daginn eftir hafi hann vaknað með sáran verk og verið allur dofinn í kringum jaxlana þar sem hann hafði bitið í kökuna. Segist M hafa leitað til tannlæknis í kjölfarið, þ.e. 17. mars, þar sem honum hafi verið tilkynnt að fjarlægja þyrfti tönnina með umfangsmikilli aðgerð. Vísað er til þess að í slysavottorði tannlæknis komi fram að við bitið hafi tönn 16 klofnað niður í rót og sé ónýt. Þá sé því jafnvel velt upp að tönn 46 hafi einnig orðið fyrir áverkum þó það sé ekki upplýst að fullu. Upplýsir M að V hafi með tölvupósti 15. apríl 2025 hafnað bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu X með þeim rökum að ómögulegt væri að maísbaunin gæti hafa leynst í köku.

M telur atvikið bótaskylt úr ábyrgðartryggingunni, þar sem að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við bakstur kökunnar. Það að poppið sem hafi verið notað til að skreyta kökuna hafi verið aðkeypt, en ekki búið til á staðnum, skipti engu máli í því samhengi. M telur að maísbaunin hafi endað í kökunni með þeim hætti að hún hafi sokkið undir yfirborð kökunnar þegar hún var skreytt en slíkt sé ekki ólíklegt þegar að kaka er nýkomin úr ofninum og á eftir að storkna. Það liggi í hlutarins eðli að maísbaun í mjúkri súkkulaðiköku geti skapað verulega slysahættu og telur M starfsmenn X hafa sýnt af sér gáleysi með því að láta maísbaunina enda þar.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Tekur V fram að samkvæmt upplýsingum frá X standist krafa M enga skoðun. Poppið sem notað er sé aðkeypt og sett á eina tegund af kökum. Sú kaka sem M borðaði hafi innihaldið pekanhnetur en X sé ekki með neinar maísbaunir í eldhúsinu hjá sér. Þar að auki hafi M ekki lagt fram nein gögn nema hans frásögn, hann eigi enga ljósmynd af meintri maísbaun né af þeirri köku sem hann segist hafa borðað. V telur því ósannað að maísbaun hafi verið í köku þeirri sem M telur sig hafa bitið í með fyrrgreindum afleiðingum.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að umrædd kaka hafi ekki innihaldið maísbaun. Telur M að þó poppið sem kakan sé skreytt með sé aðkeypt sé það þekkt að finna megi maísbaunir sem að hafi ekki náð að poppast í umbúðum fyrir popp. Því megi ætla að við skreytinguna hafi maísbaunin slysast með á kökuna og sokkið inn um yfirborð hennar. M hafi síðan bitið í umrædda köku með þeim afleiðingum að tönnin klofnaði við rót. M bendir á að ástæða þess að hann eigi engar myndir af maísbauninni sem leyndist í kökunni sé sú að honum hafi ekki orðið ljóst fyrr en daginn eftir að hann hafði orðið fyrir svo umfangsmiklum áverkum á tönninni

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Nefndin telur ósannað í málinu að tönn M hafi brotnað er hann beit í maísbaun sem hafi verið í köku frá X, enda hefur M ekki lagt fram nein önnur gögn en eigin frásögn sem stutt gætu þá niðurstöðu. Þá hefur X fullyrt að ekki séu notaðar maísbaunir við bakstur á þess vegum. Nefndin telur framangreint leiða til þess að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 2/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs (sveitarfélags).
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 4. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni um kl. 15:00 þann 1. júní 2024. Er atvikum þannig lýst að M hafi verið á göngu eftir gangstétt ásamt eiginmanni sínum, dóttur og barnabörnum. Hafi M rekist óvænt í múrbolta sem staðið hafi upp úr gagnstéttinni, fallið harkalega fram fyrir sig og slasast. Hafi atvikið gerst svo hratt að M hafi ekki haft tíma til að beri fyrir sig hendur. Hafi afleiðingar slyssins m.a. verið metnar til 12% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Í málskoti eru færð rök fyrir því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Byggir M á því að slysið hafi orsakast af saknæmum og ólögmætum athöfnum og/eða athafnaleysi starfsmanna X. Þá beri X einnig ábyrgð á óforsvaranlegum aðstæðum og vanrækslu á eftirliti sem eigandi og umsjónaraðili svæðisins. Hvað atvikið nánar varðar bendir M á að umræddir múrboltar sem staðið hafi upp úr gagnstéttinni hafi verið notaðir til að festa ruslatunnu sem hafði verið fjarlægð án þess að gerðar hafi verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Engin aðvörun eða merking hafi verið sett upp til að vara vegfarendur við hættuni og því hafi M ekki séð múrboltann áður en hún rakst á hann, enda ekki haft neina ástæðu til að ætla að hann stæði upp úr gagnstéttinni. Bendir M á fyrirliggjandi myndir sem sýni aðstæður á vettvangi. Bendir M á að sveitarfélög beri sem eigendur og umsjónarmenn opinna svæða þar á meðal gangstéttum og göngustígum, ábyrgð á viðhaldi þeirra. Hafi X m.a. borið að tryggja að gönguleið M væri trygg enda hafi hún verið fjölfarin. M telur í raun kjarna málsins einfaldan. X beri ábyrgð á viðhaldi bæði á ruslatunnum og gagnstéttum. X beri jafnframt ábyrgð á að starfsmenn X viðhafi forsvaranlegt eftirlit og grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir slysahættu þar sem það sé unnt. Í málinu liggi fyrir að einhver, mjög líklega starfsmaður X, hafi fjarlægt umrædda ruslatunnu sem hafi verið fest niður á fjölfarinni gangstétt, án þess að ganga frá vettvangi með öruggum hætti og þannig ekki komið í veg fyrir augljósa slysahættu. Sama hvernig litið sé á málið telur M að starfsmönnum X hafi mátt vera aðstæður á slysavettvangi ljósar. Bendir M á í því sambandi að starfsmenn X hafi tæmt ruslatunnur, m.a. þá tunnu sem hafði verið á slysstað, daglega.

Í athugasemdum V er á því byggt að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, þá verði að ganga út frá því að starfsmönnum X hafi verið ókunnugt um aðstæður á slysstað fyrr en ábending hafi borist frá eiginmanni M tveimur dögum eftir óhappið. Engin gögn hafi fundist sem upplýsi af hverju þessi tiltekna ruslatunna hafi verið fjarlægð eða af hverjum. Starfsmenn X kannist ekki við að hafa fjarlægt hana og hafi heldur ekki verið búnir að fá ábendingu um að múrboltinn stæði upp úr gangstéttinni þegar atvikið átti sér stað. V telur því ósannað að óhapp M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Bendir V á að ef starfsmenn X hefðu fjarlægt ruslatunnuna þá hefði átt, í samræmi við verklag, að fjarlægja múrboltann. Þar sem steypupallurinn undir tunnunni sé hærri en gangstéttin hefðu starfsmenn sett keilu eða annað til að vara við hættunni. Þrátt fyrir að starfsmenn X reyni að sjá til þess að hættur séu ekki til staðar, geti þeir eðli málsins samkvæmt ekki brugðist við aðstæðum sem þeim sé ekki kunnugt um. Þá vísar V til þess að samkvæmt meðfylgjandi ljósmyndum af ja.is, teknar í júní og ágúst 2023, megi sjá að á annarri myndinni vanti ruslatunnuna. Telur V að það bendi til þess að það sé frekar algengt að ruslatunnur séu keyrðir niður eða fjarlægðir af einhverjum óviðkomandi. Þá telur V ekki hægt að horfa fram hjá því í þessu tilviki að múrboltinn sé staðsettur á afar áberandi steypupalli. Atvikið hafi orðið um miðjan dag, bjart verið úti og því telur V að auðvelt hafi verið að sjá og meta aðstæður. Gera verði þá kröfu til einstaklinga að þeir kunni fótum sínum forráð og veiti nærumhverfi sínu lágmarksathygli og geti ekki, ef illa tekst til í þeim efnum, sett ábyrgðina yfir á aðra. Þetta sé talin gildandi regla í íslenskum

skaðabótarétti. V telur því að með eðlilegri aðgæslu hefði M auðveldlega getað komið í veg fyrir slysið. Vísar V til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E -2944/2011, þessu til stuðnings, enda hafi málsatvik þar verið með sambærilegum hætti og aðstæður að einhverju leyti svipaðar og í máli M. Hafi dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að um óhappatilvik hefði verið að ræða, sem komast hefði mátt hjá ef tjónþoli hefði sýnt eðlilega aðgát. Þá mótmælir V því að í atvikalýsingu í tjónstilkynningu eða í öðrum þeim skráningum sem liggja fyrir, felist betri sönnun varðandi málsatvik en í þeirri lýsingu sem höfð er eftir M í bráðamóttökuskrá á slysdegi. Telur V að almennt eigi að leggja fyrstu lýsingu á atviki til grundvallar varðandi sönnun, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2006 og 286/2017. Lýsingin í bráðamóttökuskrá sé samtímagagn og því beri að leggja hana til grundvallar varðandi aðdraganda slyssins.

Í viðbótarrökstuðningi M er eftirfarandi áréttað. M telur að það liggi fyrir í málinu yfirlýsing frá X, sbr. tölvupóst dags. 4. mars 2025, um að starfsmenn X hafi athugað með ruslatunnur daglega. Starfsmönnum X hafi því mátt vera kunnugt um stöðuna og hefðu átt að grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við verklag. Þá bendir M á að V hafi lagt áherslu á að það sé algengt að ruslatunnur séu keyrðir niður eða fjarlægðir af óviðkomandi. Að mati M staðfestir það að starfsmönnum X hefði átt að vera kunnugt um þessa hættu og gæta sérstaklega að aðstæðum við ruslatunnur þegar þeir voru í sínu daglega eftirliti. M telur einnig að umræddur múrbolti sé ekki staðsettur á „afar áberandi steypupalli“ eins og V byggi á. Myndir sýni að um sé að ræða smávægilega upphækkun m.v. gangstéttarhellurnar. Ekki sé með neinu móti hægt að halda því fram að um sé að ræða „pall“. Þá hafi M ekki rekist á upphækkunina sem slíka, heldur á lítinn múrbolta sem staðið hafi upp úr stéttinni sem hafi ekki verið áberandi. M hafnar því einnig að dómur Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-2944/2011 hafi fordæmisgildi fyrir mál M, enda séu aðstæður í málinu ekki svipaðar. Tjónþoli í því máli hafi stigið í misfellu í gangstétt. Samkvæmt myndum hafi verið um mjög stóra misfellu að ræða, þ.e. ríflega tvær gangstéttarhellur að breidd. M hafi hins vegar rekist í lítinn múrbolta sem stóð upp úr gangstéttinni. Að lokum mótmælir M því að bráðamóttökuskrá LSH, dags. 1. júní 2024, hafi meira sönnunargildi en önnur gögn málsins. Í þessu sambandi vísar M sérstaklega í frásögn vitnis af atburðinum, þar sem segir m.a.: „Ég er í ökuprófi og við erum stopp á rauðu ljósu þegar ég sé fjölskyldu vera ganga á gangstéttinni. Ég tek eftir að konan gengur á járnbita sem stendur upp úr gangstéttinni...“

Álit.

Samkvæmt framansögðu snýst ágreiningur aðila um það hvort M eigi rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna umræddrs tjóns. Samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar hvílir á M að sanna að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi, m.a. að M hafi orðið fyrir tjóni sem verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á.

Að mati nefndarinnar er óumdeilt að M féll um einn af fleiri múrboltum sem stóð upp úr fjölfarinni gangstétt. Voru múrboltarnir notaðir til þess að festa ruslatunnu sem hafði verið fjarlægð er slysið varð. Ágreiningur er um það í málinu hver eða hverjir fjarlægðu tunnuna og hvort starfsmönnum X hafi verið eða mátt vera það kunnugt. V byggir á því að starfsmenn X hafi hvorki fjarlægt tunnuna né verið kunnugt um að það hafi verið gert fyrr en eftir slys M og því ekki haft ástæðu til og tök á að bregðast við því fyrir slysið. Nefndin tekur undir það með V að það telst ósannað að starfsmenn X hafi fjarlægt umrædda ruslatunnu. Það breytir því þó ekki að mati nefndarinnar að eins og málið liggur fyrir eru forsendur til að ætla að starfsmenn X hafi mátt vita að tunnan hafði verið fjarlægð og því haft ástæðu til að grípa til aðgerða fyrir slysið til þess að tryggja öryggi þeirra fjölmörgu sem gera mátti ráð fyrir að væru á gangi á umræddum stað. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í fyrirliggjandi tölvupósti, dags. 4. mars 2025, er upplýst að starfsmenn X tæmi ruslatunnur, m.a. þá sem málið varðar, alla daga vikunnar, þó það þýði ekki sjálfkrafa að allar tunnur sé tæmdar heldur séu stundum hálffullar tunnur látnar bíða til næsta dags. Til viðbótar bendir nefndin á að í athugasemdum V hér að framan var tekið fram að af ljósmyndum teknum í júní og ágúst 2023, megi sjá að á annarri myndinni vantar umrædda ruslatunnu. Taldi V að það benti til þess að það sé frekar algengt að ruslatunnurnar séu keyrðar niður eða fjarlægðar af einhverjum óviðkomandi. Því telur nefndin að burtséð frá ágreiningi um það hver hafi fjarlægt umrædda ruslatunnu liggi fyrir nægjanleg gögn til þess að hægt sé að álykta með þeim hætti sem gert er að framan. Nefndin bendir hér einnig á að V hefur ekki lagt fram nein þau gögn sem sýnt gætu fram á að starfsmenn X hafi tæmt umrædda tunnu að morgni 1. júní 2024 og að hún hafi síðan verið fjarlægð af óþekktum aðila eða aðilum þann sama dag en þó áður en M slasaðist kl. 15:00. Þegar horft er til fyrirliggjandi ljósmynda sem sýna aðstæður á slysstað þykir nefndinni afar ótrúverðugt að

sú hafi verið raunin, enda allt umhverfið hið snyrtilegasta. Það er því niðurstaða nefndarinnar að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Hvað varðar þau rök V að slysið verði fyrst og fremst rakið til eigin gáleysis M telur nefndin að þær ljósmyndir sem liggja fyrir bendi til þess að það hafi verið afsakanlegt að M sá ekki umræddan múrbolta í aðdragandi slyssins, enda hafi hún mátt treysta því að hún gæti gengið á umræddri gangstétt án þess að því fylgdi sérstöð slysahætta. Telur nefndin að það hvort M hafi í aðdraganda slyssins gengið eða jafnvel hlaupið eftir gagnstéttinni breyti ekki framangreindu. Því telur nefndin að ekki séu forsendur til þess að M verði látin bera hluta af tjóni sínu sjálf vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.
M á rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 3/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 8. apríl 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í desember 2024 hafi farið fram viðgerðir á íbúð M í fjöleignarhúsinu X. Við þær framkvæmdir hafi komið í ljós rakaskemmdir. V hafi hafnað bótaskyldu vegna þeirra á grundvelli þess að um „langvarandi leka“ væri að ræða. Í málskoti kemur fram að engar rakamælingar eða tæknileg greining á uppruna umrædds leka hafi átt sér stað af hálfu V. Óháðar mælingar bendi til leka í neysluvatnslögn að ofan, og sé því um bótaskylt atvik að ræða. Engin stífla hafi verið í frárennsli og hefði M ekki getað komið í veg fyrir lekann með neinum hætti. Ágreiningur aðila snúi því að túlkun umræddra vátryggingarskilmála, sönnunarbyrði V um að um langvarandi leka sé að ræða og það hvort synjun V byggi á fullnægjandi gögnum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að upphaf málsins megi rekja til leka frá þvottavél í eigu M en tjón vegna þess leka hafi verið bótaskylt. Við nánari skoðun hafi, samkvæmt fyrirliggjandi skoðunarskýrslu dags. 11. desember 2024, komið í ljós að frárennslislagnir hafi verið í ólestri og búnar að valda miklum skemmdum á baðherbergi M. Mygla hafi verið á lagnavegg og í hjólageymslu hinum megin við vegginn hafi ástandið verið svipað, mikill raki og skemmdir í veggnum. M hafi sent tjónstilkynningu, dags. 25. maí 2025, þar sem fram komi að pípulagningamaður hafi komið og rakamælt. Bendi skoðun hans til þess að um leka frá íbúðinni fyrir ofan íbúð M sé að ræða. V hafi í kjölfarið hafnað bótaskyldu vegna þessara skemmda í ljósi þess að um langvarandi leka væri að ræða. Að mati þess sé ljóst að lekið hafi í langan tíma og ljósmyndir og skoðunarskýrsla beri með sér að töluverðar skemmdir séu á baðherbergi M vegna myglu og raka. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að tjón M verði rakið til óvænts og skyndilegs leka úr gögnum fasteignarinnar en sönnunarbyrði þess að svo sé hvíli á M.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekuð sú afstaða að V hafi vanrækt að rannsaka uppruna rakaskemmdanna. Sú fullyrðing að lekinn stafi frá frárennslislögnum sé hrein ágiskun sem ekki sé studd með framlagningu gagna. Þá hafi M ekki getað vitað af umræddum skemmdum enda hafi þær ekki komið í ljós fyrr en við viðgerðir í kjölfar leka frá þvottavél.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri athugasemdir þess ítrekaðar. Er einnig vísað til þess að ábyrgðartryggingarliður fasteignatryggingar húsfélags X taki ekki til langvarandi raka eða vatnsleka og það sé jafnframt skilyrði skaðabótaábyrgðar að tjón verði rakið til skyndilegs og óvænts atburðar.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í vátryggingarétti hvílir það á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og það að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks. Í skilmála viðkomandi vátryggingar kemur fram hvaða tjónsorsakir falla undir gildissvið hennar, þ.e. hvers kyns tjón leiði til bótaskyldu. Kemur þar fram að tryggingin bæti skemmdir á hinni tryggðu húseign af völdum vatns, gufu eða olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum húseignar og á upptök sín innan veggja hennar. Það hvílir því á M að sýna fram á að tjón hans verði rakið til þess háttar leka. Í umræddum skilmála kemur jafnframt fram að vátryggingin bæti ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og myglu eða sveppagróðurs.

Af gögnum málsins verður ráðið að rakaskemmdir hafi komið í ljós við framkvæmdir í íbúð M í desember 2024 í kjölfar bótaskylds leka frá þvottavél. Samkvæmt skoðunarskýrslu dags. 11. desember 2024 voru frárennslislagnir í ólestri og verulegar rakaskemmdir og mygla til staðar bæði á baðherbergi

fasteignar M og í hjólageymslu hinum megin við vegginn. Þá liggur fyrir að tjónstilkynning M til V, dags. 25. maí 2025, byggði á mati pípulagningamanns um að mögulega væri um leka frá íbúð fyrir ofan að ræða. Engin frekari gögn, rakamælingar eða annað varðandi mat þess pípulagningamanns liggja þó fyrir nefndinni. Verður því að telja ósannað að tjón á fasteign M verði rakið til óvænts og skyndilegs leka úr lögnum hennar. Að sama skapi hefur M ekki sýnt fram á að uppruna tjónsins sé að rekja til íbúðar á efri hæð hússins, þannig að skaðabótaábyrgð eiganda þeirrar íbúðar, sbr. 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, komi til skoðunar.

Án frekari gagna er sýni fram á annað verður jafnframt að telja, út frá skoðun á fyrirliggjandi ljósmyndum, að um sé að ræða rakaskemmdir sem hafi þróast yfir lengri tíma. Þá verður ekki séð að fyrir liggi hlutlæg sérfræðigögn sem hnekki því mati V að um tjón vegna langvarandi leka eða raka hafi verið að ræða.

Samkvæmt framangreindu hefur M því ekki tekist að sýna fram á að tjón hans verði rakið til tjónsatvika sem falla undir gildissvið umræddrar vátryggingar. Af því verður hann að bera hallann og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr fasteignatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 4/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns. Afnotamissir.

Gögn.

5. Málskot móttekið 5. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
6. Bréf V dags. 29. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
7. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. janúar 2026.
8. Viðbótarathugasemdir V dags 5. febrúar 2026.

Málsatvik.
Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að bifreiðin B, í eigu M, hafi, hinn 26. október 2024, skemmst við árekstur og að ágreiningslaust sé að tjónið sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V. Hins vegar séu aðilar ósammála um með hvaða hætti eigi að bæta M afnotamissi B.

M krefst bóta vegna afnotamissis B í 78 daga, sem nemi kostnaði vegna bílaleigubifreiðar samkvæmt framlögðum reikningum að fjárhæð 798.000 kr. ásamt vöxtum. V hefur hins vegar fallist á að greiða kostnað vegna bílaleigubifreiðar í 21 dag en hafnað frekari kröfum vegna afnotamissis.

M byggir kröfu sína á lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, einkum 4., 8. og 19. gr., sem kveði á um hlutlæga bótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna fari um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum. Meginregla íslensks skaðabótaréttar sé að tjónþoli eigi rétt á fullum bótum fyrir sannanlegt fjártjón sitt, sbr. einnig 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Afnotamissir hafi varað í 78 daga m.a. vegna biðar eftir varahlutum og sé sú töf ekki á ábyrgð M. Er því þá sérstaklega mótmælt að tafir er stafi af bið eftir varahlutum rjúfi orsakasamhengi. Slíkar tafir séu eðlilegur og fyrirsjáanlegur hluti viðgerðarferlis og beri tjónvaldur, og þar með vátryggingafélagið, áhættuna af slíkum töfum gagnvart tjónþola.

M hafnar einnig því að verklagsregla V um að bæta afnotamissi að hámarki í 21 dag geti takmarkað bótarétt og er vísað til úrskurðar nefndarinnar nr. 59/2022 því til stuðnings. Þá er bent á að tilkynningar V hafi verið sendar á rangt netfang og því ekki borist réttum aðilum, og verði M ekki gert að bera hallann af því.

Hafi M þá verið nauðsynlegt að útvega aðra bifreið á umræddu tímabili í þeim tilgangi að koma í veg fyrir röskun á lögbundinni starfsemi sinni. Er vísað til dóms Hæstaréttar í málum nr. 361/1982 og 84/1973 því til stuðnings. M hafi sýnt fram á raunverulegt tjón með framlagningu reikninga og eigi því rétt á fullum bótum vegna afnotamissis bifreiðarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að B hafi orðið fyrir nokkru tjóni en alls ekki verið óökufær vegna þess. Viðgerð á henni hafi tekið fimm daga, þ.e. frá 9. til 13. desember 2024. Þrátt fyrir það hafi V, fyrir mistök sem M hafi hagnast á, fallist á að greiða bætur vegna afnotamissis í 21 dag. Framlagður reikningur vegna bílaleigu sýni þá að M hafi tekið bifreið á leigu 4. nóvember 2024 og skilað henni 21. janúar 2025. Ekkert samhengi sé milli þess reiknings og þess tíma, þ.e. þeirra fimm daga, sem ekki hafi verið unnt að nota B. Í málatilbúnaði M sé m.a. byggt á því að B hafi verið sérútbúin m.t.t. þeirra starfa sem M hafi með höndum en ekkert liggi fyrir um að bifreiðin sem tekin var að leigu sé sérútbúin að einhverju leyti. Feli framlagður reikningur því ekki í sér sönnun á fjártjóni M. Upplýsingapóstur um rétt M til bóta vegna leigu á bifreið hafi þá verið sendur á aðalnetfang M og sé því ekki rétt að hann hafi verið sendur á rangan aðila. Ekki sé til staðar sjálfkrafa lögvarinn réttur tjónþola til bóta vegna afnotamissis, heldur verði slíkur réttur byggður á meginreglum skaðabótaréttar og helst komi til skoðunar í því samhengi reglur um sönnun, orsakatengsl, takmörkun tjóns og sennilega afleiðingu. Sé mat V það að með því að hafa fengið bætur vegna afnotamissis í 21 dag hafi M fengið tjón sitt að fullu bætt, en raunar hefði sá réttur, eins og áður segi, átt að takmarkast við fimm daga afnotamissi. Hafi M þá raunar ekki sýnt fram á þörf þess að taka bifreið á leigu yfirleitt, en M búi yfir bílaflota og unnt hefði verið að takmarka tjón þess með því að skipuleggja verkefni með öðrum hætti. Hafi M ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á annað. Þá sé í öllu falli alls ósannað að þörf hafi verið á bílaleigubifreið eftir

að viðgerð lauk, þ.e. eftir 13. desember 2024. Þá sé hin langa bið eftir varahlutum sem raungerðist í þessu tilviki ekki fyrirsjáanleg afleiðing umrædds tjónsatviks og hvorki sanngjarnt né eðlilegt að tjónvaldur verði gerður ábyrgur fyrir henni.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega mótmælt að M hafi leigt bifreið að óþörfu. B hafi verið sérútbúin til starfa M og ríkar öryggiskröfur séu gerðar til slíkra bifreiða. Jafnvel minniháttar árekstur geti haft áhrif á burðarvirki, skynjara, ljósbúnað eða loftgæði og gert slíka bifreið óhæfa til þeirra starfa sem hún eigi að nýtast við. V geri lítið úr því tjóni sem varð með því að kalla það „rispur og smávægilegar beyglur“ og líti með því fram hjá sérstöðu þeirra bifreiða sem M nýti í starfsemi sinni. Er því þá sérstaklega mótmælt að leigutíminn sé í ósamræmi við viðgerðartímann enda taki hann m.a. til tjónaskoðunar, pöntunar varahluta og biðar eftir þeim. Það að V telji að viðgerðin hefði aðeins átt að taka fimm daga breyti því ekki að B hafi verið óaðgengileg M í 78 daga vegna atvika sem M beri enga ábyrgð á. M búi ekki yfir neins konar „lager“ af ónotuðum bifreiðum heldur sé hverri bifreið ætlað ákveðið hlutverk og nauðsynlegt hafi verið að leigja bifreið til að halda úti lögbundinni þjónustu M. Sé fyrirliggjandi reikningur þá sönnun á fjártjóni M vegna þessa.

Í viðbótarathugasemdum V er því enn mótmælt að B hafi verið óökufær en engar skemmdir hafi orðið á burðarvirki, skynjurum eða ljósabúnaði. Hluti þeirra skemmda sem hafi verið á B hafi þá verið vegna eldra tjóns. Er því þá mótmælt að fordæmi þau sem M vísar til í málatilbúnaði sínum hafi fordæmisgildi í málinu. Fullyrðing M um að ekki hefði verið hægt að nýta aðrar bifreiðar þess á umræddu tímabili sé þá ekki studd neinum gögnum og alls ósönnuð.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því að hvaða marki M eigi rétt til bóta vegna afnotamissis bifreiðarinnar B eftir tjón sem varð 26. október 2024, en óumdeilt er að tjón M er sem slíkt bótaskylt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um ökutækjatryggingar fer um bótaábyrgð samkvæmt lögunum eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Af því leiðir að tjónþoli á rétt til bóta fyrir sannanlegt fjártjón sem er í orsakatengslum við tjónsatvik, að því marki sem tjónið telst eðlileg og fyrirsjáanleg afleiðing þess. Jafnframt hvílir á tjónþola sönnunarbyrði fyrir tjóni sínu og umfangi þess svo og því að hann hafi takmarkað tjón sitt eftir atvikum.

Af málflutningi V má ráða að B hafi verið tekin til viðgerðar 9. desember 2024 og að viðgerð lauk 13. sama mánaðar. Hefur því ekki verið sérstaklega mótmælt af hálfu M. Reikningur vegna bílaleigu sýnir hins vegar að M tók bifreið á leigu frá 4. nóvember 2024 til 21. janúar 2025, eða í alls 78 daga. Ekki liggja fyrir sérstakar skýringar þess að þörf hafi verið á bílaleigubifreið frá 13. desember 2024, en ætla má að þá hafi B verið til reiðu fyrir M að lokinni viðgerð. Er því þegar af þeirri ástæðu ekki sýnt fram á afnotamissi né tjón vegna hans eftir 13. desember 2024.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi sýnt fram á að nauðsyn hafi verið á leigu bílaleigubifreiðar fram til þess er B var tekin til viðgerðar en óumdeilt virðist að hún hafi í sjálfu sér verið ökufær á því tímabili og liggja ekki fyrir nein gögn er sýni fram á annað. M byggir á því að B hafi verið sérútbúin til starfsemi þess og að nauðsynlegt hafi verið að taka aðra bifreið á leigu til að koma í veg fyrir röskun á þeirri starfsemi. Engin gögn liggja þó fyrir um að það með hvaða hætti B hafi verið sérútbúin eða um það að sá búnaður hafi laskast við tjónsatvikið, þannig að B hafi þrátt fyrir ökufærni verið ónothæf í starfsemi M. Er því ekki sýnt fram á að ómögulegt hafi verið að nýta hana í starfsemi M, s.s. vegna öryggisþátta eða skertra notkunarmöguleika. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að tjón M vegna leigu á bílaleigubifreið tímabilið 4. nóvember 2024 til 9. desember 2025 verði rakið til umrædds bótaskylds tjónsatviks.

Að virtum gögnum málsins verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að kostnaður vegna leigu bifreiðar í 78 daga sé sennileg og óhjákvæmileg afleiðing hins bótaskylda tjónsatviks. V hefur þegar fallist á að greiða bætur vegna afnotamissis í 21 dag og verður að telja að með því hafi M fengið bætt það tjón vegna afnotamissis sem sýnt er fram á að stafi af umræddu tjónsatviki. Kröfu M um frekari bætur vegna afnotamissis er því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta vegna afnotamissis en V hefur þegar fallist á að greiða.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson	Hildigunnur Hafsteinsdóttir	Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 5/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. janúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. desember 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína á bifreiðaverkstæðinu X. Atvik hafi verið þau að olía hafði lekið á gólf verkstæðisins og borist undir skó M. Það hafi svo valdið því að hann rann í tröppum sem lágu niður í viðgerðargryfju í húsnæði X, féll aftur fyrir sig og lenti illa á baki og síðu. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni vegna þessa.

M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns síns. Er í málskoti vísað til þess að X hafi borið að tryggja öruggt vinnuumhverfi til samræmis við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir sem settar hafi verið með stoð í þeim. Tilvist olíu á gólfi verkstæðis, nálægt umræddum tröppum, feli í sér augljósa slysahættu sem X hafi borið að bregðast við. Þá hafi X vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið svo sem áskilið sé í 79. gr. laga nr.46/1980. Slík tilkynning hefði leitt til vettvangsrannsóknar sérfræðinga Vinnueftirlitsins á orsökum slyssins. Þá liggi fyrir að eigandi X hafi þrifið vettvang slyssins áður en lögregla eða aðrir aðilar gátu rannsakað hann. Verði X að bera allan halla af sönnunarskorti sem leiði af framangreindu og verði að leggja frásögn M um að hann hafi runnið í olíu til grundvallar.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að V telji ósannað að slys M verði rakið til saknæms vanbúnaðar, vanrækslu eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð á. Fyrir liggi að lögregla hafi verið kölluð á vettvang og liggi frumskýrsla hennar, dags. 4. desember 2023, fyrir auk þess sem framburðar M hafi verið aflað. Í frumskýrslu lögreglu komi fram að M hafi tjáð sjúkraflutningamönnum að hann hafi stigið í olíupoll rétt fyrir fallið. Að öðru leyti fáist það ekki staðfest í gögnum málsins að olía hafi verið á gólfinu og telji V það því ósannað. Er þess þá getið að í skýrslu lögreglu komi fram að umræddar tröppur sem eru gerðar úr riffluðu áli, hafi verið mjög stamar og með góðu gripi. Það að eigandi X hafi þrifið umræddan poll upp áður en lögregla og sjúkraflutningamenn komu á vettvang fái þá enga stoð í gögnum málsins. Í lögregluskýrslu sé í engu getið um olíu á vettvangi né sjáist hennar merki á ljósmynd í frumskýrslu lögreglu. X hafi ekki haft vitneskju um meintan olíupoll og því ekki heldur haft færi á að bregðast við honum. Jafnvel þó M hafi stigið í olíupoll í aðdraganda slyssins sé ekki sýnt fram á að bótaskylda hafi stofnast enda sé hvorki ólíklegt né óvanalegt að olía sé á gólfum bifreiðaverkstæða. Hafi M sem hafði á slysdegi starfað hjá X í um 17 ár, átt að vera kunnugt um það og þörfina á því að gæta varúðar. Hefði það þá ekki breytt neinu um sönnunargildi fyrirliggjandi gagna þó Vinnueftirlitinu hefði verið tilkynnt um slys M enda hafi lögregla verið kölluð til og liggi tvær skýrslur hennar fyrir. Leiði af öllu framangreindu að ósannað sé að slys M verði rakið til nokkurs þess sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M er afstöðu V mótmælt og fyrri röksemdir áréttaðar. Er sérstaklega áréttað að það að lögregla hafi komið á vettvang leysi vinnuveitanda ekki undan þeirri skyldu að tilkynna um slys til Vinnueftirlitsins. Er þá ítrekað að samkvæmt frásögn M hafi forsvarsmaður X þrifið olíuna upp áður en vettvangsrannsókn lögreglu fór fram. Það að lögregla hafi ekki séð olíu við skoðun á tröppunum sanni ekki að hún hafi ekki verið til staðar þegar slysið varð. Er því þá hafnað að olía á gólfi sé eðlilegur hluti starfsemi bifreiðaverkstæða, þvert á móti sé um að ræða „aðskotahlut“ sem sérstök hætta stafi af og vinnuveitanda beri að bregðast strax við.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um

vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Fyrir liggur að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slys M þó af gögnum málsins megi ráða að M hafi orðið óvinnufær þegar í kjölfar þess. Verður því að miða við frásögn M hvað varðar tildrög slyssins sem slík, þ.e. að hann hafi stigið í olíu sem hafi valdið því að skór hans voru sleipir og hann rann og féll niður umræddar tröppur.

Þau atvik leiða þó ekki ein og sér til þess að skilyrði skaðabótaskyldu teljist uppfyllt heldur verður að sýna fram á að slys M verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Ekkert liggur fyrir um að umræddar tröppur hafi verið vanbúnar á einhvern hátt og samkvæmt því sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu var um að ræða „áltröppur með riffluðu munstri og reyndust þær mjög stamar og gott grip á þeim.“ Samkvæmt framburði M fyrir lögreglu hinn 13. desember 2023 var hann „í vinnuskóm með stáltá þegar slysið átti sér stað og að þeir hafi verið þokkalega stamir.“ Ekki virðist því um það deilt að tröppurnar sem slíkar og skóbúnaður M hafi verið fullnægjandi. Hvað varðar umþrættan olíupoll verður að fallast á það með V að töluverð hætta sé á því að olía geti verið á gólfi bifreiðaverkstæðis. Það eitt að olía hafi verið á gólfi bifreiðaverkstæðis verður því ekki metið X til sakar. Þá liggur ekkert fyrir um að eigandi X, en öðrum starfsmönnum en honum og M virðist ekki hafa verið til að dreifa, hafi fyrir slys M haft vitneskju um að olía væri á gólfinu en vanrækt að þrífa hana upp og það hafi leitt til slyssins. Í málskoti eða öðrum gögnum málsins er þá ekki að finna neina frekari umfjöllun um hvaðan umþrætt olía hafi stafað, en samkvæmt lögregluskýrslu var M einn á vettvangi í „nokkrar mínútur á þeim tímapunkti“ sem slysið varð.

Þrátt fyrir að byggt verði á lýsingu M á atvikum slyssins verður hann þó að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi er um að það verði metið X eða eiganda þess til sakar að olía var á gólfinu umrætt sinn. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 6/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Nafn varnaraðila (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 26. janúar 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 3. febrúar 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & öryggi (A&Ö) gerði varð árekstur með bifreiðunum A, sem er í eigu M en sonur hans ók í umrætt sinn, og B á gatnamótum Safamýrar og Háaleitisbrautar 27. desember 2024. Í skýrslunni kemur fram að ökumenn beggja bifreiða óku Safamýri í austurátt, B á undan A. Þegar umferðarljósin á gatnamótum Safamýrar og Háleitisbrautar urðu gul stöðvaði ökumaður B bifreiðina því honum fannst hann ekki hafa nægan tíma til að komast yfir Háaleitisbraut. Ökumaður A ók þá aftan á B þar sem hann hélt að ökumaður B myndi keyra yfir gatnamótin. Í kjölfarið bakkaði B, sem þá var kominn vel út á götuna, með þeim afleiðingum að B lenti á A. Kemur fram í skýrslunni að ökumaður B hafi viljað meina að hann hafi ekki bakkað á A en ökumaður A hafi tekið myndband af atvikinu sem hann hafi sýnt skýrsluritara. Í skýrslunni er eftirfarandi haft eftir ökumanni A: „Ég ók Safamýri í austurátt og ætlaði til hægri inn á Háaleitisbraut í suðurátt þegar ökumaður bílsins fyrir framan mig, [B] stoppaði á gulu ljósi og þá ók ég aftan á hann. Ég hélt hann myndi aka yfir götuna. Svo bakkaði hann af því hann var kominn of langt út á götuna og bakkaði þá á minn bíl, [A]. Ég var einn í bílnum.“ Í skýrslunni er eftirfarandi haft eftir ökumanni B: „Ég ók mínum bíl, [B], Safamýri í austurátt og ætlaði áfram og fara niður Fellsmúla. Það kom gult ljós og mér fannst ég ekki hafa nægan tíma til að komast yfir götuna og því stoppaði ég og þá ók ökumaður [A] aftan á minn bíl. Ég var einn í bílnum.“

Í málskoti krefst M þess að nefndin staðfesti að B beri alla sök á fyrri árekstrinum milli A og B. Byggir M á því að B hafi snarhemlað með þeim afleiðingum að A endaði aftan á B. Telur M að öll gögn málsins sýni að B hafi verið í órétti og A í rétti. V1 og V2 hafi hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. Þessu er M ósammála og bendir á að B hafi að mestu verið komin yfir stöðvunarlínuna þegar áreksturinn varð. Telur M að af þessum sökum hafi ökumaður A mátt reikna með að B yrði ekið yfir gatnamótin. Jafnframt telur M að framburður ökumanns B í skýrslu A&Ö styðji framangreint. Byggir M á því að ökumaður B hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þessu til viðbótar bendir M á, m.a. með vísan í fyrirliggjandi myndband, að eftir fyrri áreksturinn hafi ökumaður B bakkað á A. Með því hafi hann annars vegar viljað „laga“ stöðu B áður en A&Ö kæmi á staðinn enda hafi B augljóslega verið komin langt yfir stöðvunarlínu. Hins vegar telur M að með því að bakka á A hafi ökumaður B valdið viðbótartjóni á A. M byggir einnig á að myndbandið sýni að bremsuljós B hafi ekki verið í lögmætu ástandi við áreksturinn, enda hafi ekki kviknað á þeim er B var bakkað á A eða hún stöðvuð. Vísar M í 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga í því sambandi. M telur því að framangreint eigi að leiða til þess að B beri alla sök á árekstrunum og því á öllu því tjóni sem varð á A.

Í fyrirliggjandi tölvubréfi frá V1 sem vátryggði A, er tekið fram að V1 geri ekki athugasemdir í málinu.

Í athugasemdum V2, sem vátryggði B, eru færð rök fyrir því að ökumaður A beri alla sök á fyrri árekstrinum. Hins vegar fellst V2 á að B beri alla sök á seinni árekstrinum, þ.e. á afleiðingum þess að eftir fyrri áreksturinn var B bakkað á eða rann á A. Hins vegar byggir V2 á því að M hafi ekki sýnt fram á að frekara tjón hafi orðið á A við seinni áreksturinn. Hvað fyrri áreksturinn varðar þá telur V2, eins og áður sagði, að ökumaður A beri alla sök. Í því sambandi bendir V2 í fyrsta lagi á að í 2. mgr. 18. gr. umferðarlag nr. 77/2019 komi fram að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skuli þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Telur V2 ljóst að ökumaður A hafi ekki gætt nægjanlega að áskilnaði umrædds ákvæðis sem hafi leitt til þess að hann ók aftan á B. Í öðru lagi bendir V2 á að það hvíli sérstök aðgæsluskylda á ökumönnum sem

nálgast eða aka yfir gatnamót, óháð öðrum forgangsreglum eða umferðarstjórnun. Af gögnum málsins sé ljóst að ökumaður A hafi því einnig ekki gætt að áskilnaði 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga, um sérstaka aðgæslu við akstur að gatnamótum. Með séstakri aðgæslu sé átt við að ökumaður þurfi að vera sérstaklega vakandi og geta brugðist við óvæntum aðstæðum. Til viðbótar bendir V2 á að það hafi verið haft eftir ökumanni B að hann hafi stöðvað gegn gulu umferðarljósi þar sem hann taldi sig ekki hafa nægan tíma til þess að aka yfir gatnamótin. Með hliðsjón af fyrrnefndu ákvæði, 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga, sé því ljóst að hann hafi með háttsemi sinni sýnt sérstaka aðgæslu við akstur að gatnamótum er hann gætti að annarri umferð um gatnamótin. Stöðvun hans hafi því verið lögmæt sem sé ein forsenda þess að hann beri ekki sök eða hluta sakar á umræddum árekstri. Með vísan til þessa hafnar V2 því einnig að ökumaður B hafi brotið gegn 1. eða 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga. Þá tekur V2 fram að sú fullyrðing ökumanns A að hann hafi haldið að ökumaður B ætlaði að aka yfir gatnamótin losi hann ekki undan framangreindum skyldum. Því sé ljóst að ökumaður A beri alla sök á fyrri árekstrinum. Þá hafnar V2 því að um brot á 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga hafi verið að ræða, enda ósannað að eitthvað hafi verið að ljósabúnaði B. Er í því sambandi vísað til ljósmyndar í skýrslu A&Ö þar sem komi fram að kveikt sé á hemlunarljósum B. Hvað seinni áreksturinn varðar þá byggir V2 á að það sé ósannað hvort B hafi runnið aftur á bak á A eða verið bakkað. Að auki bendir V2 á að ekki hafi verið lögð fram gögn af hálfu M sem sanni að seinni áreksturinn hafi valdið frekari tjóni á A en því sem leiddi af fyrri árekstrinum. V2 telur því að leggja beri alla sök á ökumann A út af fyrri árekstrinum og að ósannað sé að seinni áreksturinn hafi valdið frekari tjóni á A.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum athugasemdum V2 mótmælt og færð fram mótrök gegn því sem þar kemur fram.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að bæði er ágreiningur milli aðila hvað varðar atvik í aðdraganda fyrri og seinni árekstursins milli A og B. Hvað fyrri áreksturinn varðar þá telur nefndin með vísan í fyrirliggjandi gögn að leggja beri til grundvallar að ökumaður B hafi réttilega stöðvað bifreiðina þegar umferðarljósin á gatnamótum Safamýrar og Háleitisbrautar urðu gul, þar sem hann hafi metið það svo að hann kæmist ekki yfir gatnamótin áður en rautt ljós kviknaði. Við það hafi A verið ekið aftan á B. Telur nefndin, sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að ökumaður A beri alla sök á þeim árekstri, að hann hafi með háttsemi sinni bæði brotið gegn 2. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í fyrsta lagi hafi hann ekki gætt þess að vera svo langt frá B að eigi væri hætta á árekstri þótt B yrði stöðvuð eða dregið úr hraða hennar. Í öðru lagi hafi ökumaður A ekki sýnt þá aðgæslu sem ætlast má til af þeim ökumönnum sem nálgast eða aka yfir gatnamót. Hvað seinni áreksturinn áhrærir þá hefur V2 fallist á að ökumaður B beri fulla ábyrgð á honum. Hins vegar fellst nefndin á þau rök V2 að M hafi ekki lagt fram gögn sem sanni að frekara tjón hafi orðið á A við seinni áreksturinn en það sem leiddi af fyrri árekstrinum. Þá telur nefndin einnig ósannað að ólag hafi verið á ljósabúnaði B sem ætti að breyta framangreindu.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á fyrri árekstrinum milli A og B. Ósannað er að seinni áreksturinn hafi leitt til frekara tjóns á A.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 7/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Bótauppgjör. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. janúar 2026.
2. Athugasemdir V, dags. 30. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. febrúar 2026..

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M á bótarétt úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A sem tryggt var hjá V, vegna ákeyrslu á kerru 12. júlí 2025. M kveður strax hafa legið fyrir að kerran væri ónýt en það hafi tekið V tæpa þrjá mánuði að fallast á kröfu M þar að lútandi. Hinn 7. október 2025 keypti V kerruna. M kvartar undan samskiptum við V en það hafi þurft að eyða ómældum tíma í símtöl og póstsamskipti til að fá fullnægjandi afgreiðslu V á tjóninu. M krefst greiðslu að fjárhæð kr. 68.500 vegna þeirrar vinnu sem lögð hafi verið í málið.

Í athugasemdum V, dags. 30. janúar 2026 er þess krafist að málinu verði vísað frá nefndinni. Máli sínu til stuðnings vísar V til 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd vátryggingamála og bendir á að krafan grundvallist ekki á vátryggingarsamningi á milli M og V. Þá lúti krafan að fjárhæð bóta en V veiti ekki heimild fyrir því að úrskurðað verði um fjárhæðir bóta sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar. V byggir jafnframt á að samkvæmt i-lið 4. gr. sömu samþykkta fjalli nefndin ekki um kröfu M um málskostnað eða annan kostnað málskotsaðila sem leiðir af málskoti. Þá sé krafan svo óljós og óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar sbr. g-lið 4.gr. samþykktanna.

Í viðbótarathugasemdum M, dagsettum 3. febrúar 2026, eru færð frekari rök fyrir kröfum M og gerðar athugasemdir við framangreind rök V.

Álit:
Í 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina segir að undir starfssvið nefndarinnar heyri mál sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga eða annan ágreining sem lúti að dreifingu vátrygginga eða vátryggingastarfsemi að öðru leyti eins og nánar greini í 2. og 3. mgr., þ.á.m. bótaskyldu og bótafjárhæðir.

Varði mál ekki slíkan ágreining sem um er fjallað í 3. gr. skal vísa máli frá nefndinni sbr. b-lið 4. gr. samþykkta nefndarinnar. Hið sama gildir ef ágreiningur lýtur að kröfu málskotsaðila um málskostnað eða annan kostnað málskotsaðila er leiðir af málskoti sbr. i-lið 4. gr. Krafa M lýtur að kostnaði vegna umsýslu málsins gagnvart M. Af því leiðir að umkrafinn umsýslukostnaður fellur ekki undir starfssvið nefndarinnar sbr. b-lið 4. gr. og ber því að vísa máli þessu frá.

Niðurstaða.
Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 8/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2026.
2. Bréf V dags. 27. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar & Öryggis ók M bifreiðinni A suður Koparhellu um kvöldmatarleytið hinn 30. nóvember 2025 þegar hann dottaði við aksturinn. Rankaði hann við sér rétt áður en A var ekið utan í stein, en náði ekki að varna áakstri á steininn með þeim afleiðingum að tjón varð á A. M sendi V frekari lýsingu á atvikum í tölvupósti, dags. 2. desember 2025. Kom m.a. fram þar að M hefði verið illa sofinn nóttina áður og hafi verið frekar þreyttur, en þó ekki svo að hann héldi að hann kæmi til með að sofna við aksturinn.

Með bréfi, dags. 9. desember 2025, tilkynnti V M að bótaréttur úr kaskótryggingu A yrði skertur um fjórðung á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Því til stuðnings vísaði V m.a. til 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 svo og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í málskoti mótmælir M þeirri afstöðu. Hann hafi sofið í tíu tíma nóttina áður og hafi ekki áttað sig á merkingu þess að vera „illa sofinn“, enda segist hann vera illa sofinn ef hann vakni þreyttur þrátt fyrir tíu tíma svefn. Þá hafi þreyta hans ekki verið á því stigi að hann hafi talið líkur á að hann sofnaði. Þetta hafi bara verið slys og hann hafi fremur „dottið út“ en „dottað“.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga komi fram að félagið geti orðið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Ekki sé gerð krafa um stórkostlegt gáleysi svo slík skerðing komi til álita. Í 6. gr. skilmála kaskótryggingar A sé að finna slíkar varúðarreglur en þar komi m.a. fram að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega. Sé afstaða V sú að M hafi ekki verið í andlegu eða líkamlegu ástandi til aksturs enda hafi hann ekki einasta verið þreyttur heldur hafi hann dottað. Er jafnframt vísað til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga en þar komi fram að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verði stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Ökumenn sofni almennt ekki án fyrirvara. Sú ákvörðun M að hefja akstur og hætta honum ekki þrátt fyrir að vera meðvitaður um skerta akstursháefni vegna þreytu og svefnleysis verði metin honum til stórfellds gáleysis.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Sambærilegt ákvæði er að finna í varúðarreglu í skilmálum kaskótryggingar A, þ.e. að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutæki örugglega. Í 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að vátryggingafélag geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Í 2. mgr. 27. gr. sömu laga kemur m.a. fram að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Þegar vátryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess sé fyrir hendi ber það sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar heimildar séu uppfyllt. V ber því sönnunarbyrði um að M hafi verið svo á sig kominn að hann hafi ekki verið fær um að stjórna A örugglega og að í háttsemi hans hafi falist stórkostlegt gáleysi, eða í öllu falli ekki óveruleg sök.

Lögregla var ekki kölluð á slysstað og fór því engin rannsókn fram á slysinu. Í símaframburði M sem lýst er í fyrirliggjandi gögnum frá Aðstoð & Öryggi segir þá ekkert um ástand hans í aðdraganda slyssins. Lýsingu M á þreytu umrætt sinn er að finna í tölvupósti hans til V dags. 2. desember 2025. Aðspurður um ástæðu þess að hann hafi sofnað undir stýri svarar hann því til að hann hafi verið „illa sofinn nóttina áður og var alveg frekar þreyttur, samt ekki svo að ég hélt að ég gæti sofnað.“ Í síðara bréfi M til V, dags. 9. desember 2025, segist M þó hafa sofið í tíu tíma. Engar vísbendingar hafi verið um að hann væri að sofna og hafi hann bara dottað einu sinni.

Verður af framangreindu að telja vafa á því hvort ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið, eða mátt vita að hann gæti verið, ófær um akstur í greint sinn, og hafi því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða í öllu falli ekki óverulega sök. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 10/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.
1. Málskot móttekið 8. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. janúar 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis vegna tjóns sem varð á varmadælu þegar rafmagni sló út í fasteign M hinn 21. ágúst 2025. Þegar rafmagn komst aftur á olli rafmagnsbylgja skemmdum á varmadælu í húsinu. Þær skemmdir hafi leitt til þess að M hafi verið án hita og heits vatns í fjórar vikur á meðan beðið var eftir varahlut í varmadæluna. M tekur fram að V hafi vísað á Rarik sem aftur hafi vísað á Vegagerðina sem hafi hafnað bótaskyldu.

V hafnar bótaskyldu úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis.V vísar til skilmála húseigendatryggingar M og bendir á að tjónsorsök sú sem M lýsi í málskoti falli ekki undir neitt þeirra atvika sem þar eru talin upp.

Álit.
Það er óumdeilt að M var með í gildi húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis. Samkvæmt skilmálum þeirrar tryggingar hjá V, í lið 4, kemur fram skilgreining á því til hvaða tjónsorsaka tryggingin taki og er sú upptalning tæmandi talin í 10 liðum. Tjónsorsök sú sem M lýsir í málskoti fellur ekki þar undir. Bótaréttur er þar af leiðandi ekki til staðar.

Verður því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 2. júlí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 11/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 29. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 29. ágúst 2025 [sic] ásamt fylgiskjali.
4. Bréf V2 dags. 31. mars 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 8. október 2025, varð hinn 5. október s.á. árekstur milli A og B á Jökuldalsheiði. Samkvæmt skýrslunni var mikið myrkur á vettvangi og vegurinn blautur. Samkvæmt ökumanni og farþegum í A hafi bifreiðin bilað og verið rafmagnslaus. Því hafi engin ljós verið á bifreiðinni en þær hafi sett viðvörunarþríhyrning fyrir aftan hana. Af vettvangsskýrslu lögreglu dags. 9. október 2024 [sic] má ráða að virkni viðvörunarþríhyrningsins hafi verið með eðlilegum hætti og að honum hafi verið komið fyrir við vegkant í um 27,6 metra fjarlægð frá A.

Samkvæmt framburði M, eiganda B, fyrir lögreglu dags. 25. nóvember 2025 mundi hann eftir að hafa séð stikur í vegkantinum en ekki A þar sem hún var allt í einu kyrrstæð á miðjum veginum. Hann hafi allt í einu séð hluta af ferðatösku standandi á veginum mjög nálægt A. Þríhyrningurinn hafi verið við hornið á A, alltof nálægt henni, og M aldrei séð hann. Farþegar og ökumaður A hafi þá ekki gert neina tilraun til að gera vart við sig. Vegna alls þessa hefði M ekki átt þess kost að bregðast við aðstæðum og því hafi B rekist aftan á A.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri alla sök á árekstrinum þar sem hann hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ökumann A bera alla sök á árekstrinum. Er í málskoti vísað til þess að þó umferðarlög kveði ekki á um hvar viðvörunarþríhyrningur skuli staðsettur verði að miða við aðstæður hverju sinni og sé almenna reglan sú að utan þéttbýlis sé æskilegt að fjarlægð hans frá staðnæmdri bifreið sé a.m.k. 100 metrar. Hafi ökumaður A því í engu gert fullnægjandi ráðstafanir er hún staðsetti viðvörunarþríhyrninginn í 27 metra fjarlægð frá A og úti í vegkanti. Sé tekið mið af almennum ökuhraða á vettvangi og hemlunarvegalengd sé ljóst að sú ráðstöfun hafi ekki dugað svo aðrir ökumenn gætu brugðist við hættunni. Þá sé í 1. mgr. 32. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kveðið á um fortakslausa skyldu ökumanna til að setja upp viðvörunarþríhyrning og tendra hættuljós bifreiðar til að vara við aðsteðjandi hættu. Ljóst sé að ekki hafi verið kveikt á hættuljósum A en engar upplýsingar liggi fyrir um þá bilun sem varð á A eða að hún hafi sannanlega verið rafmagnslaus. Í öllu falli sé ólíklegt að bilun hafi komið svo skyndilega upp að ökumanni hafi ekki verið fært að aka A út í kant fremur en að stöðva hana á miðri akbraut. Farþegar og ökumaður A hafi þá lagt ferðatöskur sínar aftan við A en að því búnu sest inn í bifreiðina og beðið átekta. Sú ráðstöfun hafi leitt til þess að ekki sást í glitaugu eða afturljós A og hafi hún því verið enn minna sýnileg en ella. Hafi ökumaður A því hvorki tryggt sýnileika A né gert viðeigandi varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi annarra vegfarenda. M hafi á hinn bóginn sýnt alla þá varúð og tillitssemi sem ætlast megi til af honum.

Í bréfi V1, vátryggjanda A, til nefndarinnar er vísað til þess að í 32. gr. umferðarlaga komi fram að hafi ökutæki stöðvast á þannig stað eða svo að hættu eða óþægindi stafi af fyrir umferðina skuli ökumaður gera ráðstafanir með hættuljósi og viðvörunarþríhyrningi til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott. Í 35. gr. sömu laga segi að ef nokkur kostur er skuli hættuljós vera tendruð ef ökutæki stöðvast eða því er lagt af óviðráðanlegum orsökum á akbraut. Samkvæmt því sem fram komi í lögregluskýrslu hafi A verið rafmagnslaus og ökumanni hennar því hvorki fært að tendra hættuljós né færa hana af veginum. Í lögregluskýrslu komi þá fram að ferðatöskur hafi verið hægra megin við A og megi því gera ráð fyrir að sést hafi í ljós hennar eða glitaugu vinstra megin. Af vettvangsskýrslu lögreglu megi þá ráða að endurskin viðvörunarþríhyrningsins hafi virkað sem skyldi en slíkir þríhyrningar séu

hannaðir með þeim hætti að endurskin þeirra eigi að sjást í talsverðri fjarlægð. Með því að taka ekki eftir þríhyrningnum hafi ökumaður B því ekki sýnt af sér alla viðeigandi varúð og aðgát við aksturinn. Sé því rétt að hann beri alla sök á árekstri aðila.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að engin hlutlæg gögn styðji frásögn ökumanns A fyrir lögreglu um að A hafi verið rafmagnslaus. Sé því með öllu ósannað að henni hafi verið ófært að tendra hættuljós á A. Verði hins vegar byggt á því að A hafi verið rafmagnslaus þá hefði ökumanni hennar ekki átt að dyljast sú bilun í einhvern tíma áður en A staðnæmdist, enda hefði rautt gaumljós átt að kvikna í mælaborði A nokkru áður. Er vísað til notendahandbókar A því til frekari stuðnings. Hefði ökumaður A því átt að hafa nægt ráðrúm til viðbragða. Staðhæfing V1 um að umræddar ferðatöskur hafi verið við horn A standist þá ekki skoðun enda liggi fyrir að M hafi ekið á töskur sem stóðu á miðri akbrautinni og hafi ein þeirra hafnað undir B. Sé ljóst að það hefði ekki gerst hefðu töskurnar verið í hægri vegkanti.

Í bréfi V2, vátryggjanda B, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að gögn málsins bendi til að ökumaður A hafi ekki sýnt af sér almenna aðgæsluskyldu eða farið að kröfum um merkingar á stöðvuðum ökutækjum í myrkri. Skortur á ljósum á A og mikið myrkur á vettvangi hafi gert það að verkum að A var ekki sýnileg fyrr en of seint. Þó viðvörunarþríhyrningur hafi verið settur upp 27,6 metrum aftan við A dragi mikið myrkur úr virkni hans sér í lagi þar sem A hafi verið dökk að lit og án nokkurra ljósa. Framburður ökumanns B um að hann hafi ekki séð viðvörunarþríhyrninginn fyrr en of seint styðji það sjónarmið að merkingin hafi verið ófullnægjandi miðað við aðstæður. Þá hafi vinstra framhjól A verið aðeins yfir miðlínu vegarins, þ.e. hluti bifreiðarinnar hafi í raun verið í akstursleið umferðar úr gagnstæðri átt. Þetta hafi enn aukið á hættuna sem af staðsetningu A stafaði. Ljóslaus og ranglega staðsett A í myrkri hafi leitt til þess að ökumaður B hafði ekki ráðrúm til að bregðast við er hann stóð frammi fyrir skyndilegri og óvæntri hindrun í algeru myrkri.

Álit.

Í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga segir að ökumaður skuli haga akstri sínum þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki sínu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir áður en komið er að hindrun. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. hvílir m.a. sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýni er takmarkað vegna birtu eða veðurs, þegar vegur er blautur eða háll og þar sem umferðaróhapp hefur orðið. Verður að telja að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að framangreindu umrætt sinn en á vettvangi var mikið myrkur og bleyta á veginum. Er þá m.a. litið til þess að sýnt er fram á að viðvörunarþríhyrningi hafði verið komið fyrir aftan við A og að virkni hans hafi verið fullnægjandi. Verður því að miða við að ökumaður B hefði átt að veita endurskini frá honum athygli fyrr en raunin varð. Ber hann því meginsök á árekstri aðila.

Af gögnum málsins verður ráðið að A hafi stöðvast á miðri akbraut í miklu myrkri og án lýsingar. Þótt fallast megi á að rafmagnsleysi geti hafa takmarkað möguleika ökumanns til að tendra hættuljós eða færa bifreiðina, verður engu að síður að gera ríkar kröfur til annarra varúðarráðstafana við slíkar aðstæður. Hvað varðar þær ráðstafanir sem ökumaður A greip til í kjölfar þess að bifreiðin stöðvaðist verður að líta til þess að telja má að staðsetning viðvörunarþríhyrnings í aðeins 27,6 metra fjarlægð frá bifreiðinni og við vegkant hafi ekki verið eins og best verði á kosið. Aðila greinir þá á um hvar ferðatöskur voru staðsettar, en samkvæmt ökumanni og farþegum í A var þeim stillt upp við hægra horn bifreiðarinnar. Ökumaður B telur hins vegar að þær hafi verið á miðri akbrautinni. Hvort heldur sem er verður að telja að staðsetning ferðataska aftan við bifreiðina hafi skyggt á ljós hennar og glitaugu, annað hvort öðru megin eða beggja vegna. Verður að telja að það hafi verið til þess fallið að draga úr sýnileika A og ekki til samræmis við þá ríku aðgæsluskyldu sem á ökumanni A hvíldi við þessar aðstæður. Ber hún því einnig nokkra sök á árekstri aðila.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 12/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 27. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugsemdir M, dags. 3. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.
Þann 17. október 2025 barst V tilkynning frá M, um vatnstjón í baðherbergi í íbúð hans. Orsök tjónsins var brestur í vatnslás undir baðkari í íbúð á 3. hæð hússins sem olli leka niður í íbúð M á 1. hæð. Tveir af fjórum veggjum baðherbergisins skemmdust verulega. Fjarlægja þurfti flísar af veggjunum til að framkvæma nauðsynlegar viðgerðir. V viðurkenndi að bótaskylda væri til staðar úr húseigendatryggingu vegna tjónsins en féllst einungis á að greiða viðgerð á þeim tveimur veggjum sem urðu fyrir tjón, þ.m.t. kostnað við nýja flísalögn.

M fellir sig ekki við þá afstöðu V og gerir kröfu í málskoti um að úr vátryggingunni bætist allt það tjón sem M varð fyrir, þ.e. kostnaður við að skipta út flísum á öllum veggjum baðherbergsins. Upprunalegar flísar hafi ekki verið fáanlegar og því þurfi að flísaleggja alla fjóra veggi baðherbergsins. Ef eingöngu verði skipt um flísar á þeim veggjum sem skemmdust muni það leiða til ósamræmis í útliti baðherbergisins. Baðherbergið sé afmarkað rými sem myndi eina sjónræna heild. Samræmt útlit allra veggja baðherbergisins sé grundvallarþáttur í hönnun og verðgildi rýmisins og eignarinnar í heild.

Til stuðnings kröfu sinnir vísar M til 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga um að vátryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt, nema um annað sé samið. Í vátryggingarskilmálum húseigendatryggingar V komi fram að vátryggingin skuli greiða kostnað við uppbrot, rask og frágang þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Til stuðnings afstöðu sinni vísaði M til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 400/2019 og 361/2021. Í þeim hafi verið fallist á að flísalögn á baðherbergi myndi eina samfellda heild og það kunni að rýra gæði heildarrýmisins verði ekki sambærilegar flísar á öllum flötum þess. Jafnframt bendir M á að úrskurður nefndarinnar nr. 346/2017 sé ekki fordæmisgefandi í máli þessu líkt og V hefur vísað til þar sem í því máli hafi málskotsaðila ekki leitt nægilegar líkur að því með gögnum að fasteignin hefði orðið í lakar eða lélegra ástandi en hún var fyrir tjónið, né heldur að heildarútlit eignarinnar hefði raskast með þeim hætti að sjálfstæður bótaréttur stofnaðist. Í máli þessu hafi M lagt fram mat fasteignasala um að misræmi í flísalögn baðherbergsins myndi rýra gæði heildarrýmis þegar kæmi að sölu eignarinnar.

Í athugasemdum V kemur fram að það telji sig hafa boðið M fullar bætur vegna tjónsins með hliðsjón af skilmálum félagsins. Vátryggingin greiði kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseign sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Jafnframt sé tekið fram í skilmálum að vátryggður skuli ekki hagnast á tjónsatburði og tryggingin skuli einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs. Það sé á ábyrgð M að leggja fram gögn sem sýna fram á raunverulegt tjón hans og M beri sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á umfang þess. V telur að M myndi hagnast verulega á tjónsatburði ef fallist yrði á að bæta kostnað við flísalögn á öllum veggjum baðherbergsins. Verðmæti baðherbergisins yrði umtalsvert meira en fyrir tjónsatburð. Þá vísar V til skýrra ákvæða skilmála um að bótagreiðslu sé ætlað að skila húseigninni í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. M hafi ekki lagt fram gögn sem sýna fram á að húseignin sé í verra ástandi en fyrir tjónsatburð eftir að viðgerð hefur farið fram. Val á flísum hafi verið í höndum M og að sá litamismunur sem M byggi á að hafi rýrt verðgildi íbúðarinnar sé í beinum tengslum við þá ákvarðanatöku. Flísar þær sem voru á veggjum baðherbergsins hafi verið fremur algengar og ósannað sé að ekki hafi verið hægt að finna sambærilegar eða eins flísar. M hafi ekki lagt fram nein gögn um slíkt. Að auki telur V ósannað að frágangur baðherbergisins eftir viðgerð hafi rýrt verðmæti íbúðarinnar frá því sem var áður en ráðist var í viðgerðir. Ný flísalögn sé nú á tveimur veggjum baðherbergisins. V mótmælir því að almenn umsögn fasteignasala hvað þetta varðar hafi eitthvað sönnunargildi. M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir raunverulegu tjóni vegna

verðrýrnunar fasteignarinnar. Til stuðnings afstöðu sinni vísar V til úrskurða nefndarinnar nr. 155/2011, 346/2017 og 361/2021. V telur að úrskurður nr. 400/2019 hafi ekki fordæmisgildi í málinu.

Í viðbótarathugasemdum M ítrekar hann fyrri kröfu og leggur fram gögn til stuðnings kröfum sínum um að upprunalegu flísar á baðherberginu hafi verið ófáanlegar. Valið á flísunum hafi verið nauðsynleg ráðstöfun til að ljúka viðgerð á þeim veggjum sem urðu fyrir tjóni. Verðrýrnun eignarinnar stafi ekki af vali málskotsaðila á flísunum heldur tjónsatburðinum sjálfum og því að upprunalegar flísar eru ófáanlegar. Munurinn á flísunum dragi verulega úr heildarásýnd rýmisins. M hafnar því að hann hagnist á því að láta flísaleggja alla veggi baðherbergisins. Slíkt sé nauðsynlegt til að útlit rýmisins verði samræmt, líkt og það var fyrir tjónið.

Álit.

Eins og framan greinir gerir M kröfu um að viðurkennt verði að V beri að bæta kostnað við endurnýjun flísalagnar á öllum fjórum veggjum baðherbergis í fasteign M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í vátryggingarétti hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Í a. lið gr. 4.1 í skilmála viðkomandi vátryggingar kemur fram að tryggingin bæti tjón af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum húseignar og á upptök innan veggja hennar. Tryggingin greiði kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseign sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Jafnframt segir í gr. 7.7 í skilmálanum að tryggður skuli ekki hagnast á tjónsatburði og tryggingin skuli einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

Þótt flísar á baðherbergi í fasteign M séu ekki sömu gerðar þá liggur ekki fyrir í fyrirliggjandi gögnum að húseignin sé ekki í sama ástandi eða í verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Nefndin bendir á að ekki eru alltaf eins flísar sem þekja alla veggi á baðherbergjum, þær geta bæði verið af mismunandi stærð og lit. Þótt fyrir liggi í málinu að M hafi ekki verið unnt að fá eins flísar, þ.e. stærð og lit, eða einungis af sömu stærð, þá liggur ekkert fyrir um að ekki hafi verið hægt að fá flísar á þá tvo veggi sem fyrir tjóni urðu sem tryggðu að rýmið myndaði eina heild. Nefndin telur almenna umsögn fasteignasala ekki hafa þýðingu í málinu. Þá liggur ekkert fyrir um að fasteign M hafi rýrnað í verði.

Það er mat nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að bótaskylt tjón hans sé umfangsmeira en nemur þeim bótum sem V hefur þegar fallist á að greiða. Af því verður M að bera hallann og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 13/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkra- og slysatrygging.

Upplýsingaskylda vátryggingartaka við töku vátryggingar. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 28. janúar 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti fer M fram á að nefndin staðfesti rétt hennar til bóta úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V vegna brjóskloss. Kemur fram að 27. júlí 2022 hafi M sótt um umrædda tryggingu hjá V. Í umsókninni hafi M m.a. verið spurð hvort hún hefði glímt við bak- eða hryggsjúkdóma. Þeirri spurningu hafi hún svarað neitandi enda hafi hún þá ekki verið með bak- eða hryggsjúkdóm. Í umsókninni hafi ekki verið að finna aðrar spurningar um einkenni frá baki, hvorki tímabundin né varanleg. Í maí 2024 hafi M greinst með útbungun í baki og hafi í kjölfarið sótt sjúkraþjálfun og meðferð hjá verkjateymi LSH. Í byrjun árs 2025 hafi einkennin versnað mikið með skerðingu á lífsgæðum og vinnugetu. Hafi M verið óvinnufær frá og með 25. febrúar 2025. Hafi mikil stækkun brjóskloss verið staðfest og á endanum hafi M farið í aðgerð fyrst 1. mars 2025 og síðan aftur 26. mars sama ár. Vegna þessa hafi M verið frá vinnu í töluverðan tíma með tilheyrandi tekjumissi.

Þann 3. apríl 2025 hafi M sent tilkynningu til V vegna óvinnufærninnar. V hafi hafnað bótarétti úr tryggingunni 6. júní 2025 með vísan í a-lið 5. gr. skilmála þeirra sem gilda um trygginguna. M sættir sig ekki við þá höfnun enda telur hún sig eiga bótarétt. Bendir M á að í sjúkrahúsfærslu um læknisheimsókn sína, dags. 25. júlí 2017, komi eftirfarandi fram: „28 ára [sic] tannlæknir, álag á baki við vinnu, mikið að bogra. Fengið tímabil með verki í mjóbaki áður. Nú eftir útilegu og vi. snúning í baki þá fékk hún verk yfir mjóbakið og verið hálf læst í baki. Við skoðun ekki að finna teikn um brjósklos eða taugaklemmu.“ Bendir M á að þarna komi fram að hún hafi leitað til læknis árið 2017 eftir útilegu þar sem hún hafði verk í baki við snúning. Þá sé staðfest að hún var ekki með nein teikn um brjósklos eða taugaklemmu. Þá byggir M á því að sjúkrasaga sín beri með sér að þar sé engar læknisheimsóknir að finna vegna bakeinkenna frá framangreindri læknisheimsókn 2017 til þess dags er sótt var um trygginguna árið 2022. Því sé ljóst að bakverkurinn frá 2017 hafi verið tilfallandi vegna aðstæðna í útlegu. M hafi ekki þurft á frekari læknisaðstoð að halda í kjölfar þeirrar heimsóknar. Hún hafi því ekki verið greind með baksjúkdóm fyrir töku tryggingarinnar auk þess sem það liggi fyrir að árið 2017 hafi ekki fundist einkenni um brjósklos, en það sé brjósklos sem sé ástæða óvinnufærni hennar. M telur því að a-liður 5. gr. skilmálanna eigi ekki við í hennar tilviki. Bendir M einnig á að V beri hallann af óskýrum skilmálum. Þá gildi það sama um spurningar V í tengslum við umsókn M um trygginguna auk þess sem þar hafi eingöngu verið spurt um sjúkdóma og hvergi um tilfallandi atvik eins og mjóbaksverki sem hafi átt sér stað einu sinni fimm árum fyrir töku tryggingarinnar. Þá bendir M á að það sé V að sanna að skilyrði a-liðar 5. gr. séu uppfyllt, nokkuð sem ekki hafi tekist. Framangreindu til viðbótar bendir M á 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (VSL) máli sínu til stuðnings. Telur M með vísan í það ákvæði að V hafi verið óheimilt að fella niður ábyrgð í málinu. Færir M ítarleg rök því til stuðnings. Að lokum bendir M á að kjarni málsins sé sá að hún hafi ekki verið með brjósklos fyrir töku vátryggingarinnar. Því eigi a-liður 5. gr. skilmálanna ekki við í málinu, auk þess sem 83. gr. VSL leiði til sömu niðurstöðu. Ákvörðun V sé því í hróplegu ósamræmi við bæði lög og skilmála. Með vísan í framangreint fer M fram á að nefndin taki ákvörðun V til endurskoðunar.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, er á því byggt að bótaréttur sé ekki fyrir hendi úr sjúkra- og slysatryggingunni. Bendir V á að M hafi greinst með útbungun í baki í maí 2024 og í kjölfarið verið greind með staðfest brjósklos í mars 2025. Í framhaldinu hafi verið framkvæmd aðgerð og M orðið óvinnufær vegna þessa. V hafi svo hafnað kröfu um bætur í sjúkra- og slysatryggingu með þeim rökum að upplýsingaskylda við töku tryggingarinnar hafi verið vanrækt. Bendir V á að við vinnslu málsins hafi verið aflað afrits sjúkraskrár frá heilsugæslu varðandi fyrra heilsufar M. Þar komi fram í færslu

dags. 25. júlí 2017 að M hafði leitað til læknis vegna bakverkja auk þess sem greint sé frá álagi á baki við vinnu og að M hafði áður gengið í gegnum tímabil með mjóbaksverkjum. Í umræddri færslu segi þó að ekki sé að finna teikn um brjósklos eða taugaklemmu. Bendir V á að í umsókn M um umrædda tryggingu 12. júlí 2022 hafi ekki verið gerð grein fyrir framangreindum einkennum. Á umsóknareyðublaði félagsins hafi þó meðal annars verið spurt hvort viðkomandi hafi nú eða áður haft sjúkdóma, vandamál eða einkenni frá beinum, liðum, vöðvum eða húðsjúkdóma. Telur V að ef M hefði gert greint fyrir umræddum einkennum við töku tryggingarinnar hefði tryggingin verið gefin út með sérsömdum skilmála. Höfnun V byggir því á a- lið. 5. gr. skilmála tryggingarinnar þar sem meðal annars komi fram að sjúkdómar sem fyrst hafa sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi séu undanþegnir ábyrgð nema V hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það. Er tekið fram að V hafði ekki haft vitneskju um umrædda færslu í sjúkraskrá M og hafi því veitt trygginguna án sérsamins skilmála hvað varðar einkenni frá baki. V telur því að M eigi ekki rétt til greiðslu bóta úr tryggingunni þar sem ófullnægjandi upplýsingar hafi verið gefnar við töku tryggingarinnar.

Álit.

Eins og að framan greinir krefst M þess í málskoti að viðurkenndur verði bótaréttur hennar úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V vegna óvinnufærni af völdum brjóskloss í baki. V hefur hafnað bótarétti með vísan til þess að M hafi vanrækt upplýsingarskyldu sína við töku vátryggingarinnar árið 2022. Nánar tiltekið byggir V þó neitun sína á a-lið 5. gr. skilmála vátryggingarinnar en þar segir: „Félagið greiðir ekki bætur vegna: a. Sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það.“ Telur V að þar sem sá sjúkdómur sem ágreiningurinn snýr að hafi sýnt einkenni áður en vátrygging gekk í gildi, þ.e. við læknisheimsókn 25. júlí 2017, falli hann utan gildissviðs hennar. V byggir því höfnun sína á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um framangreinda læknisheimsókn M 2017 og að hún hefði átt að upplýsa um þau einkenni sem þar er fjallað um þegar hún sótti um trygginguna árið 2022. Þá byggir V jafnframt á að ef M hefði gert grein fyrir framangreindum einkennum við umsókn sína um trygginguna hefði tryggingin verið gefin út með sérsömdum skilmála. V leggur hins vegar ekki fram nein gögn þeirri fullyrðingu til stuðnings.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að eins og málið liggur fyrir hafi V ekki verið heimilt að hafna bótaskyldu M með vísan í framangreint skilmálaákvæði enda hafi V ekki sýnt fram á að skilyrði þess séu uppfyllt. Nefndin telur þannig ósannað að einkenni þess sjúkdóms sem ágreiningurinn snýr að, þ.e. brjósklos, hafi fyrst sýnt sig áður en vátryggingin var tekin árið 2022. Í þessu sambandi ber m.a. að hafa í huga að við læknisheimsókn M árið 2017 tók læknirinn fram að við skoðun séu engin teikn um brjósklos eða taugaklemmu. Þessu til viðbótar bendir nefndin á að þegar M sótti um vátrygginguna 2022 var hún m.a. spurð að því hvort hún hafi nú eða áður haft bak og hryggsjúkdóma. Þar var hins vegar ekki að finna aðrar spurningar sem gáfu M næga ástæðu til að ætla að hún þyrfti að upplýsa um þau einkenni sem ollu því að hún leitaði til læknis árið 2017.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 14/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.
3. Málskot móttekið 9. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V dags. 15. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. janúar 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið að vinna við helluþrif fyrir utan húsnæði Y þegar steinn skaust í rúðu hússins og braut hana. M lýsir verkferlum svo að þau noti helluhreinsunarvélar sem snúi vírburstum til þess að hreinsa ofan af og á milli hellna. Steinn hafi farið í vírburstann og skotist svo úr honum og í rúðuna. Þrátt fyrir að M hafi gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir óhapp af þessu tagi hafi það átt sér stað og telur forsvarsmaður M því að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu M sé til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi beðið um viðbótarupplýsingar um málsatvik og að í svörum M segi m.a. að farið sé vel yfir svæðið, það skoðað vel og öflugur blásari notaður til að blása öllu lauslegu burt, auk þess sem skafa sé notuð til að losa um hluti sem leynst geti milli hellna áður en þrifin hefjist. Beri lýsingar M það með sér að verkið hafi verið unnið samkvæmt hefðbundnu verklagi og til samræmis við góðar venjur. Fyrirliggjandi ljósmynd af helluhreinsunarvélinni beri það þá með sér að hlífðarbúnaður hennar hafi verið í fullkomnu lagi. Af framangreindu leiði að tjón á rúðu i eigu Y verði rakið til óhappatilviljunar en ekki saknæmrar háttsemi M og sé bótaskylda þar af leiðandi ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að á umræddu svæði hafi verið fullt af steinum, sandi og öðru lauslegu sem hafi þurft að fjarlægja áður en hreinsun hófst. Slík undirbúningsvinna sé nauðsynlegur hluti þrifanna og á ábyrgð M að ganga úr skugga um að hún sé vel unnin. Ljóst sé hins vegar að umræddur steinn hafi ekki verið fjarlægður.

Álit.
Ábyrgðartryggingu atvinnureksturs er ætlað að bæta tjón sem fyrirtæki bera að lögum skaðabótaskyldu vegna. Þannig þarf að vera um það að ræða að tjón verði rakið til saknæmrar háttsemi M, starfsmanna þess, annarra atvika eða aðstæðna sem M verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Það er því ekki svo að greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu stofnist sjálfkrafa komi til tjóns við framkvæmd verks sem fyrirtæki tekur að sér heldur þarf að sýna fram á að fyrrgreind skilyrði séu uppfyllt.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið annað en að hefðbundið verklag hafi verið viðhaft við hreinsun hellna við fasteign Y. Kemur þannig ekkert fram í gögnum málsins um að undirbúningi, þ.e. hreinsun á öllu lauslegu, hafi í sjálfu sér verið hagað með öðrum hætti en venjan er, eða um að einstakir starfsmenn M hafi farið ranglega að við framkvæmd hans. Liggur þá ekkert fyrir um að sá búnaður sem nýttur var til verksins hafi með einhverjum hætti verið vanbúinn.

Eftir stendur þó að steinn virðist hafa orðið eftir á eða við hellurnar þegar vinna með helluhreinsunarvélinni hófst og að það hafi haft þær afleiðingar að rúða í húseign Y brotnaði. Eins og mál þetta liggur fyrir verður þó ekki talið sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Er því óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 11. febrúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 15/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 26. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X þegar hún var við gæslu í frímínútum. Slysið hafi orðið þegar M var að stöðva slagsmál milli tveggja nemenda á skólalóð. Hálka hafi verið á lóðinni og hafi M dottið vegna hálku með annað barnið í fanginu. M gerði kröfu um að V staðfesti bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem M taldi að X bæri skaðabótaábyrgð á slysinu á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um sök og vinnuveitendaábyrgð. Slysið hafi orðið þar sem X hafi ekki verið búið að salta/sanda nægilega. Það lægi því fyrir að aðbúnaður á vinnustað M hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur sem gerðar væru til vinnustaða skv. lögum nr. 46/1980 sem og grunnskóla skv. lögum nr. 91/2008. V hafnaði að bótaskylda væri til staðar úr ábyrgðartryggingu V þar sem slysið yrði ekki rakið til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka. Á X hafi ekki hvílt rík skylda til þess að vera búið að sanda/salta umrætt svæði. Slíkt yrði ekki ráðið af dómafordæmum né væri með sanngjörnum og eðlilegum hætti hægt að gera sambærilegar kröfu til bílastæða eða annarra svæða á lóð líkt og gert er næst inngangi og á gangstéttum. M mótmælti afstöðu V og byggði m.a. á að það svæði sem slysið varð á væri hluti af því svæði sem notað væri af skólanum í frímínútum. Þegar starfsmenn skólans sinni gæslu í frímínútum standi þeir iðulega á þessu malbikaða svæði og börn leiki sé þar. Jafnframt var vísað til þess að samkvæmt tilkynningu til SÍ teldi X sig bera ábyrgð á slysinu þar sem þetta svæði væri hálkuvarið enda komi skýrt fram í tilkynningunni að ekki hafi verið búið að salta/sanda svæðið nægilega og búið hafi verið að biðja um að þarna yrði saltað/sandað meira. Öryggi nemenda og starfsmanna X hefði því ekki verið tryggt með fullnægjandi hætti á útisvæði skólans. Skort hafi á hálkuvarnir væru fullnægjandi. Slysið hafi verið bein afleiðing af því að aðstæður væri ófullnægjandi með tillit til öryggis í umrætt sinn. V hafnaði að endurskoða afstöðu sína.

Í málskoti byggir M á því að skaðabótaábyrgð X sé ótvíræð á slysinu og að V beri að staðfesta bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Ríkar skyldur hvíli á X að tryggja öryggi starfsmanna og nemenda. Vísar M til 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, og 3. og 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009. X hafi vanrækt þær skyldur sem á því hvíldu samkvæmt fyrirmælum í framangreindum lagaákvæðum. Slysið hafi átt sér stað í frímínútum vegna verulegrar hálku á svæði sem væri óaðskiljanlegur hluti af skólalóðinni, reglubundið notað af nemendum við leik og af starfsmönnum við gæslu. X hafi sérstaklega tekið fram í tilkynningu til SÍ að svæðið hefði ekki verið nægilega hálkuvarið í umrætt sinn og búið hefði verið að biðja um frekari hálkuvarnir. X hafi því verið meðvitað um ástandið og vanrækt að bregðast við þeirri augljósu slysahættu sem aðstæður á svæðinu sköpuðu. Auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir slys kæranda með því að hálkuverja svæðið með fullnægjandi hætti, loka svæðið af fyrir nemendum þar til búið væri að hálkuverja það eða senda börn ekki út í frímínútur á meðan ekki væri unnt að tryggja öryggi þeirra og starfsmanna á skólalóðinni. M telur að tilvitnun V til þess að vægari skyldur hvíli á rekstraraðilum að tryggja öryggi á bílastæðum en við innganga og á gangstéttum, eigi ekki við í þessu máli. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til Lrd. nr. 11/2019, Hrd. í máli nr. 251/2005. M fer þess á leit við nefndina að hún endurskoði afstöðu V og staðfesti að bótaréttur sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í athugasemdum V er í fyrsta lagi byggt á að aðilar máls séu ósammála um hvort umrætt svæði sem slysið varð á sé bílastæði eða hluti skólalóðar. Í tilkynningu til SÍ sem undirrituð var af báðum aðilum

komi fram að slysið hafi gerst á bílastæði. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi slysið orðið á bílastæði. V telur engan vafa leika á að um bílastæði sé að ræða og vísar til fyrirliggjandi gagna í málinu. Svæðið sé ekki einungis skilgreint sem bílastæði heldur sé í raun notað sem slíkt. En jafnvel þó að svæðið þar sem slysið gerðist teldist ekki til bílastæðis telur V samt sem áður að ekki verði gerðar þær kröfur til rekstraraðila grunnskóla að öll svæði á skólalóðinni séu hálkulaus. V fellst ekki á að það sé hægt að lesa slíkt úr dómaframkvæmd. Af fyrirliggjandi myndum sé ljóst að slysið hafi gerst töluvert langt frá inngangi skólans. Á rekstraraðilum verslana og þjónustu hvílir sú skylda að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt má telja til þess að tryggja öryggi viðskiptavina og þjónustuaðila. Þær skyldur séu ríkar næst inngangi, þ.e. við inngang og á gangstéttum, sbr. dómafordæmi Hæstaréttar. Hvorki verði ráðið af dómafordæmum, né verði með sanngjörnum og eðlilegum hætti unnt að leggja þær ríku skyldur á verslunar- og rekstraraðila, að sambærilegar kröfur verði gerðar til bílastæða eða annarra svæða á lóð. Þessu til stuðnings vísar V til Lrd. í máli nr. 641/2020. V fallist ekki á að ríkari kröfur séu gerðar til rekstraraðila grunnskóla heldur en til rekstraraðila verslunarhúsnæðis í dómaframkvæmd. Samkvæmt upplýsingum frá X er snjóbræðslukerfi við neðra bílastæðið og að starfsmenn X sjái um hálkuvarnir við skólann eftir þörfum. V hafnar því að Lrd. í mál nr. 11/2019 eða Hrd. í máli nr. 251/20025 hafi fordæmisgildi í málinu. V telur slysið því ekki að rekja til saknæmrar háttsemi X. Slys M verði ekki að rakið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M er málatilbúnaði V hafnað í heild sinni. M ítrekar að slysið hafi orðið á svæði sem hafi átt að vera hálkuvarið þar sem það hafi verið nýtt við leik af nemendum reglubundið í frímínútum og starfsmönnum við gæslu. Með því að sinna ekki hálkuvörnum á umræddu svæði hafi X ekki sinnt þeim ríku skyldum sem á því hvíldu, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 og 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að tjón M verði ekki rakið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í málinu er óumdeilt að M datt í hálku á vinnutíma þegar hún var að störfum hjá X.

Aðila máls greinir á um hvort slysstaðurinn hafi verið órjúfanlegur hluti skólalóðar eða bílastæði og þá hversu rík skylda hafi hvílt á X að hálkuverja slysstaðinn. Í málinu liggur fyrir tilkynning til SÍ sem gerð var mánuði eftir slysið og undirrituð af hálfu beggja aðila. Í henni segir: „Slysið gerist á bílastæði sem var ekki búið að salta/sanda nægilega. Búið var að biðja um að salta/sanda meira.“ Þá liggur jafnframt fyrir samkvæmt myndum sem lagðar hafa verið fram að bílum er lagt á umræddu svæði, akvegur er að umræddu svæði og því gert ráð fyrir umferð ökutækja þar. Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að umrætt svæði sé eingöngu nýtt sem leiksvæði fyrir börn í frímínútum og sé þannig órjúfanlegur hluti skólalóðar.

Samkvæmt tilkynningu til SÍ liggur fyrir að umrætt svæði hafði verið hálkuvarið en óskaði hafi verið eftir frekari söltun/söndun svæðisins. Almennt má gera þá kröfu til skólayfirvalda að þau hálkuverji helstu leiksvæði barna og gönguleiðir starfsmanna á skólalóð. Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn um það hvenær beiðni um frekari söltun/söndun svæðisins var lögð fram og þá liggur ekki fyrir í gögnum málsins hvenær dagsins slysið varð. Það liggur því ekki fyrir hversu langur tími leið frá því að beiðni um frekari söltun/söndun var lögð fram og þar til slysið varð. Fyrir nefndinni liggja heldur engar upplýsingar um veðurfar á slysdegi eða í aðdraganda slyssins. Án slíkra upplýsinga verður ekki fullyrt um að X hafi borið að grípa til ráðstafana til að hálkuverja svæðið og er því ekki sýnt fram á vanrækslu þess að þessu leyti. Verður einnig að hafa í huga að vetrarveður á Íslandi getur verið með þeim hætti að aðstæður breytast hratt og ekki liggur fyrir að sérstakar ráðstafanir af hálfu X hefðu komið í veg fyrir fall M enda getur hálkuvörn á bílastæði aldrei komið í veg fyrir öll slys. Verður því ekki annað séð en að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 16/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. feb. 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. mars 2026

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, er hafi starfað sem dælumaður hjá X frá 1. janúar 2017, hafi þann 11. september 2024 fallið af göngupalli steypubíls er hann var að starfa við og slasast alvarlega. Fram kemur að M hafi stigið í op á göngupallinum og misst jafnvægið þar sem hvorki hafi verið lok fyrir opinu né handrið til að tryggja öryggi starfsmanna. M kveður fallið hafi orðið við aðstæður þar sem nauðsynlegur öryggisbúnaður og fallvarnir hafi ekki verið fyrir hendi og orsök slyssins verði þannig rakin til vanrækslu X á lögbundnum öryggisskyldum sínum. M vísar og til þess X hafi vitað af öryggisbrestinum enda hafði áður verið óskað eftir handriði á göngupallinn og það þegar pantað en ókomið er slysið varð. M byggir skaðabótakröfu sína á sakarreglunni og meginreglunni um vinnuveitendaábyrgð. X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með vanrækslu sinni við að tryggja öryggi M á vinnustað en dómaframkvæmd Hæstaréttar styðji þá niðurstöðu að vinnuveitandi beri ábyrgð á ófullnægjandi búnaði og öryggisráðstöfunum. Tjón M sé bein afleiðing af vanrækslu vinnuveitanda á öryggisskyldum sínum.
V telur ósannað að óhapp M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X heldur hafi verið um að ræða óhappatilvik og aðgæsluleysi M. V vísar til þess að meginorsök slyssins hafi verið sú að M hafi stigið ofan í op á pallinum og við það misst jafnvægið. Umrætt op sé ekki gat í gólfi ökutækisins heldur myndi fals fyrir fæturnar á dælunni op þegar fætur dælunnar séu dregnar út. Þetta op sé ekki á gönguleið dælumanns og M sem hafi starfað hjá X frá árinu 2017 hafi verið fullkomlega meðvitaður um það op sem myndist þegar fætur dælunnar eru dregnir út. Þá hafi hann ekki átt neitt erindi upp á dæluna eftir að búið var að setja fæturna út. V vísar jafnframt til þess að ekki sé lögboðin skylda að hafa handrið á ökutæki sem þessu. Fallhæðin af palli ökutækisins hafi verið 1,37 metrar en hvergi í lögum, reglugerðum eða öðrum hátternisreglum sé áskilið að notaður sé fallvarnarbúnaður í vinnu sem fer fram í 1,37 metra hæð. Í viðbótarathugasemdum V er vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 31/2025 þar sem staðfest hafi verið að ekki sé skylda að vera með fallvarnir þegar unnið væri í hæð undir tveimur metrum.
Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að orsök slyssins verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað og ófullnægjandi verklags sem X beri skaðabótaábyrgð á. Fallvarnir hefðu komið í veg fyrir slysið en það sé hlutverk vinnuveitenda að gæta að öryggi starfsmanna sinna sbr. inntak vinnuverndarlöggjafarinnar sbr. lög nr. 46/1980. M hafi ítrekað varað við þeirri slysahættu sem myndaðist þegar fætur dælunnar væru dregnir út og gengið væri á pallinum án handriðs. Ekki sé rétt að hann hafi ekki átt neitt erindi upp á dæluna, honum hafi verið kennt að vinna verkið með þeim hætti af sínum leiðbeinanda. Hvorki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat né verklýsing þrátt fyrir ákvæði laga og tilvísun til Hæstaréttardóms í máli nr. 31/2025 eigi ekki við í máli þessu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X. M heldur því fram að líkamstjón hans verði rakið beint til skorts á nauðsynlegum öryggisbúnaði og fallvörnum á göngupalli steypubifreiðarinnar en hefur ekki sýnt fram á skyldur X til að grípa til sérstakra aðgerða, hvorki samkvæmt lögum nr. 46/1980 né reglum settum samvæmt þeim. Fram hefur komið að ökutækið hafi farið í gegnum lögbundna bifreiðaskoðun og skoðun Vinnueftirlits ríkisins án athugasemda. Til þess er og að líta að M var þrautreyndur í starfi og verður ekki annað talið en að hann hafi sjálfur ráðið verklagi sínu við framkvæmd vinnu sinnar eins og hann var vanur. Samkvæmt framansögðu hefur M ekki sýnt fram á að orsök slyss hans verði rakin til

vanbúnaðar á vinnustað eða ófullnægjandi verklags sem X beri skaðabótaábyrgð á heldur til óhappatilviljunar og aðgæsluleysis hans sjálfs í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 17/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.
Vátryggingataki (X)

Skaðabótaábyrgð. Orsakatengsl. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. mars 2026 og 27. maí 2026.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. júní 2026.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að lögmenn X ráku mál fyrir héraðsdómi fyrir hönd M. Samkvæmt dómi héraðsdóms 30. nóvember 2022 var M gert að afhenda gagnaðila 10% af útgefnu hlutafé S ehf. að viðlögðum dagsektum, kr. 25.000 á dag. M áfrýjaði til Landsréttar sem vísaði málinu frá með dómi 15. mars 2024 þar sem M hafði ekki sýnt fram á að verðmæti þeirra hagsmuna sem um væri deilt í málinu svöruðu til áfrýjunarfjárhæðar. Hæstiréttur Íslands staðfesti þá niðurstöðu með dómi 11. apríl 2024. Í kjölfarið óskaði M eftir leyfi Landsréttar til að áfrýja dómi héraðsdóms en þeirri beiðni var hafnað með ákvörðun réttarins 25. júní 2024.

Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess tjóns sem M taldi sig hafa orðið fyrir vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X við rekstur héraðsdómsmálsins og eftirfarandi aðgerða tengdum áfrýjun þess dóms. M byggir á því í sínum rökstuðningi fyrir málskoti að lögmenn X hafi ekki haldið fram ítrustu vörnum í héraðsdómsmálinu, sem þeim hafi borið að gera samkvæmt skyldum lögmanna og þá byggir M einnig á því að X hafi ekki staðið rétt að áfrýjun héraðsdómsins til Landsréttar. Við áfrýjun dómsins hafi átt að gæta að 3. og 4. mgr. 152. gr. sbr. og 154. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 sem lögmenn X gerðu ekki. Af því leiddi að krafist var frávísunar sem Landsréttur féllst á og vísaði málinu frá. Sú niðurstaða hafi verið staðfest í Hæstarétti. Á báðum dómstigum hafi M verið gert að greiða gagnaðila málskostnað. Þegar niðurstaða Hæstaréttar hafi legið fyrir hafi lögmenn X reynt að fá leyfi Landsréttar til að áfrýja dómi héraðsdóms þ.e.a.s, það leyfi sem hefði átt að afla strax í upphafi en því var hafnað. M byggir á því að áfallnar dagsektir séu höfuðstóll þess fjártjóns sem V beri að bæta úr starfsábyrgðartryggingu X en þær námu kr. 15.915.770 þann dag er þær voru greiddar upp og telur M sig því eiga rétt til bótagreiðslu að þeirri fjárhæð auk vaxta og kostnaðar.

V krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni og byggir á því að málatilbúnaður M sé annars vegar það óljós og óskýr að hann sé ekki tækur til úrskurðar sbr. g-lið 1. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og hins vegar sé gerð fjárkrafa en V veiti ekki heimild fyrir því að úrskurðað verði um bótafjárhæðir sbr. 2.mgr. 3. gr. samþykktanna. Jafnframt byggi frávísunarkrafa V á i-lið 1. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar þar sem fram kemur að nefndin fjalli ekki um kröfu málskotsaðila um málskostnað eða annan kostnað málskotsaðila sem leiðir af málskoti.

Í viðbótarathugasemdum M er kröfu V um frávísun mótmælt og vísað til þess að málatilbúnaður M lúti að því hvort um bótaskyldu X sé að ræða þar sem X hafi ekki staðið rétt að áfrýjun dóms í héraðsdómsmálinu og allar tilraunir þeirra til að bæta úr hafi verið andvana fæddar. Það væri ekki verið að krefjast þess að úrskurðarnefndin ákvarðaði tiltekna bótafjárhæð. Til að taka af allan vafa þar um tók M sérstaklega fram ekki væri verið að gera kröfu um ákvörðun bótafjárhæðar og fallið væri frá málskostnaðarkröfu.

Í viðbótarathugasemdum V er krafa um frávísun áréttuð en jafnframt byggt á því að skilyrði bótaskyldu séu ekki uppfyllt. M hafi ekki sýnt fram á að X hafi valdið M tjóni með saknæmri vanrækslu í lögmannsstörfum, hvorki á grundvelli saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. V vísar til afstöðu X sem hafi alfarið hafnað því að ekki hafi verið haldið fram ítrustu kröfum í héraðsdómsmálinu og því sömuleiðis hafnað að M hafi orðið fyrir fjártjóni sem X beri ábyrgð á. M hafi kosið að stórum hluta að fara ekki eftir þeirri ráðgjöf sem þeim hafi verið veitt. Á því beri X ekki ábyrgð. Þá hafi M ekki viljað leggja út í neinn kostnað vegna gagnaöflunar. V bendir

jafnframt á að ekki séu orsakatengsl á milli tjóns M og þess að áfrýjunarfrestur hafi verið liðinn þegar síðari umsókn um áfrýjunarleyfi til Landsréttar hafi verið hafnað. Eins og fram komi í ákvörðun Landsréttar höfðu leyfisbeiðendur ekki sýnt fram á að verðmæti þeirra hagsmuna sem um var deilt svöruðu til áfrýjunarfjárhæðar. Enginn rekstur var í félaginu á þessum tíma, engar eignir og eigið fé var neikvætt. Áfrýjun hefði því áfram verið hafnað á þeim grundvelli. Þá hafi einnig komið fram í ákvörðun Landsréttar að ekki væru taldar líkur til þess að niðurstöðu héraðsdóms yrði breytt svo einhverju næmi auk þess sem Landsréttur taldi úrslit málsins ekki varða mikilvæga hagsmuni umsækjanda né að dómurinn hefði verulegt almennt gildi. Ljóst væri því að áfrýjunarleyfi hefði verið hafnað að nýju jafnvel þó síðari umsókn um áfrýjunarleyfi hefði verið gefin út innan tímafrests. V vísar til þess að fram hafi komið að fjártjón M væri tilkomið vegna dagsekta sem M hafi kosið að greiða ekki í samræmi við niðurstöðu í héraðsdómsmálinu. X hafi lýst því yfir að M hafi verið ráðlagt að áfrýja ekki og afhenda 10% hlutanna strax í samræmi við dómsniðurstöðu. M hafi kosið að fara ekki eftir þeirri ráðgjöf. Tjónið sé því tilkomið vegna þess að M hafi ákveðið, þvert á ráðgjöf X, að afhenda hlutina ekki og áfrýja málinu. Lögmaður beri ekki ábyrgð á ákvörðun sem skjólstæðingur hans taki gegn ráðleggingum hans. Verði talið að X hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu í störfum sínum vísar V til þess að bótaréttur sé þrátt fyrir það ekki til staðar. Dagsektir feli ekki í sér fjártjón nema að ekki sé orðið við þeirri skyldu sem lögð sé á að viðlögðum dagsektum. M beri sjálfir ábyrgð á fjártjóni sínu þar sem þeir fóru ekki að ráðgjöf X og rétt sé því að fella bótarétt þeirra niður að fullu vegna eigin sakar. Með sama hætti hafi M ekki fullnægt skyldu sinni til tjónstakmörkunar.

M mótmælir því að X hafi talið áfrýjun málsins óvissuferð og ekkert í gögnum málsins sýni fram á að lögmenn X hafi lagt til við M að afhenda hlutina og væru þar með lausir allra mála. Á meðan áfrýjunartilraunir X hafi staðið yfir hafi M ekki getað takmarkað tjón sitt með afhendingu hluta enda verði dómar ekki bæði efndir og þeim áfrýjað.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 ber lögmaður bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna eftir almennum reglum og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er lögmönnum skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. X hefur gilda starfsábyrgðartryggingu hjá V.

Samkvæmt 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndar vátryggingamála frá 17. desember 2021 fjallar nefndin meðal annars um ágreining varðandi bótaskyldu á milli málskotsaðila og varnaraðila en ekki um bótafjárhæðir nema með samþykki varnaraðila. V hefur krafist frávísunar á þeim grundvelli að gerð sé fjárkrafa í málinu en V veiti ekki heimild fyrir því að úrskurðað sé um bótafjárhæðir í málinu auk þess sem krafa M lúti einnig að málskostnaði sem sömuleiðis beri að vísa frá nefndinni. Undir rekstri málsins lýstu M því hins vegar yfir að ekki væri verið að gera kröfu um bótafjárhæðir og málskostnað heldur lyti málið einvörðungu að ákvörðun um bótaskyldu. Verður því ekki fallist á kröfu V um frávísun málsins á framangreindum grundvelli. Þá verður heldur ekki fallist á að málatilbúnaður M sé svo óljós og óskýr að hann sé ekki tækur til úrskurðar. Er frávísunarkröfu V því hafnað.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð á.

Ekkert haldbært er fram komið um að framsetning varnar lögmanna X í héraðsdómsmálinu og málatilbúnaður hafi á einhvern hátt talist saknæm vanræksla en það telst ekki tjón í skilningi skaðabótaréttar þó umbjóðandi lögmanns nái ekki fram þeim kröfum sem væntingar stóðu til. Hið sama gildir um áfrýjun héraðsdómsmálsins en ekki verður séð að X geti borið skaðabótaábyrgð á því að verðmæti þess félags er til umfjöllunar var hafi ekki svarað til áfrýjunarfjárhæðar. Fyrir liggur að framlagðir ársreikningar studdu ekki staðhæfingar áfrýjenda, þ.e. M, um að hagsmunir í málinu næðu áfrýjunarfjárhæð en þeir sýndu meðal annars að tap væri á rekstrinum og eigið fé neikvætt. Þó fallast megi á að misbrestur hafi orðið á framkvæmd áfrýjunar héraðsdómsmálsins þá hefði það engu breytt um verðmæti félagsins hvort óskað hefði verið leyfis til áfrýjunar innan tímafrests. Þá hefur ekki verið sýnt fram á nein orsakatengsl á milli áfrýjunar málsins og fjártjóns M vegna álagðra dagsekta. Það að M hafi kosið að virða ekki niðurstöðu héraðsdóms er ekki á ábyrgð X en ekki hefur verið byggt á því af hálfu M að sú ákvörðun hafi byggst á ráðgjöf X.

Af öllu framansögðu leiðir að M hefur ekki tekist að sýna fram á tjón sem rekja megi til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á. Verður því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 19/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 4. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 24. mars 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti er á því byggt að M eigi bótarétt úr húseigendatryggingu hjá V vegna vatnstjóns á fasteign sinni 6. mars 2022, m.a. af völdum asahláku. Er í málskoti að finna frekari umfjöllun um tjónið og færð rök fyrir bótarétti M.

Í athugasemdum V kemur fram að V hafi þann 8. mars 2022 hafnað bótarétti M úr húseigendatryggingu. Hafi sú höfnun verið ítrekuð 1. desember 2025 eftir að M hafi haft samband og óskað eftir endurskoðun á fyrri ákvörðun. Þá tekur V fram að fyrir liggi að á tjónsdegi 2022 hafi verið mikil úrkoma. Þegar V hafi borist tilkynning um tjónið hafi verktaki verið sendur á staðinn til að skoða aðstæður. Hafi niðurstaða starfsmanna verktakans verið sú að utanaðkomandi vatn hafi flætt inn í kjallarann í húsnæði M og hafi orsök þess verið sú að vatn hafi komið frá þakinu og niður þakrennu sem hafi hleypt vatni út beint fyrir framan útidyrahurðina í kjallara húseignarinnar. Að þeirra sögn hafi niðurfallið sem sé beint fyrir neðan þakrennuna (fyrir framan útidyrnar) ekki haft undan vatnsmagninu með þeim afleiðingum að vatn hafi flætt inn í húseignina. Í framhaldinu hafi málinu verið lokið af hálfu V þar sem tjónið var ekki talið bótaskylt. Hafi M verið upplýstur um þá niðurstöðu. V hafi hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að húseigendatryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns, en í grein 9.1.7 í skilmála húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis komi fram að vátryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. Síðan tekur V fram að M haldi því nú fram að tjónið verði bæði rakið til þess að vatn hafi komið af þakinu og frá innkeyrslunni vegna asahláku. Vatnið hafi því m.a. runnið niður tröppurnar og inn fyrir dyrnar og þaðan inn í húseignina. Af þeim sökum telji M að tjónið sé bótaskylt á grundvelli greinar 9.1.6 í skilmálanum þar sem fram komi að vátryggingin bæti tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. V, sem hafnar þessum rökum, bendir á að verktakar á þeirra vegum hafi farið á vettvang þegar tjónið átti sér stað og fullyrt að vatnið hafi einungis komið frá þakrennunni. Þá vekur V athygli á því að M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að vatnið hafi komið frá innkeyrslunni. Þvert á móti hafi M greint frá því í tölvupósti til V, dags. 16. desember 2025, að á tjónsdegi hafi komið óhemju magn af vatni niður á skömmum tíma. Vatnið hafi vissulega komið niður þakrennuniðurfall sem sé beint yfir niðurfalli sem sé fyrir framan innganginn, sem svo hafi ekki haft undan. Þaðan hafi vatnið farið inn í litla hitakompugeymslu og inn um veggi og gólf í kjallara M og sett allt á annan endann. Þá komi fram í tölvupósti M að hann hafi ekki verið á staðnum þegar þetta gerðist. Mynd af innganginum hafi fylgt með og tilgreini M að á myndinni sjáist þakrennuniðurfallið og niðurfallið í jörðinni fyrir framan innganginn. V bendir á, líkt og M greini sjálfur frá í málskoti og í tölvupóstsamskiptum við V, geti M ekki staðfest að tjónið hafi átt sér stað með þeim hætti er hann haldi nú fram þar sem hann hafi ekki verið á staðnum þegar tjónsatburðurinn átti sér stað og hafi því ekki séð vatnið flæða inn. Þegar hann hafi komið á vettvang hafi vatn þegar flætt inn í kjallarann og í raun verið hætt að flæða. Atburðurinn hafi því verið um garð genginn og athygli M beinst að því að lágmarka tjónið líkt og hann greini frá. Hafi M því staðfest að hann hafi því ekki haft vitneskju um hvaðan vatnið kom og ekki lagt fram nein gögn sem styðja málatilbúnað hans um að tjónið sé líka að rekja til yfirborðsvatns frá innkeyrslu vegna asahláku. Rökstuðningur M um hvernig tjónið átti sér stað byggist því á getgátum. Af þeim sökum telur V ósannað að tjónið sé að rekja til þess að vatn hafi lekið frá innkeyrslunni og því einnig ósannað að tjónið sé bótaskylt á grundvelli greinar 9.1.6 í skilmála húseigendatryggingarinnar. V bendir einnig á að það sé meginregla í íslenskum rétti að sá sem gerir kröfu um bætur beri sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Þá bendir V á að í

síðari málslið greinar 9.1.6 komi fram að hafa skuli til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. Ekki liggi fyrir að frekara eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum úrhellis og/eða asahláku þegar tjón M átti sér stað, a.m.k. hafi V ekki borist aðrar tjónstilkynningar um slík tjón á svæðinu og ekki hafi verið lögð fram gögn sem sýna fram á að svo hafi verið. V telur því að bótaréttur á grundvelli 9.1.6 gr. í skilmálum húseigendatryggingarinnar sé ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum athugasemdum V mótmælt og fyrri rök ítrekuð. Bendir M m.a. á að þeir verktakar sem V nefni hafi ekki komi á staðinn fyrr en nokkru eftir að M kom þangað og ekki fyrr en eftir að búið hafi verið að ausa mesta vatninu burtu og fjarlægja vegsummerki. Þeir hafi því skoðað aðstæður eftir að atburðurinn var um garð genginn og hafi því byggt niðurstöðu sína á getgátum. Málatilbúnaði sínum til frekari stuðnings leggur M m.a. fram yfirlýsingar tveggja íbúa í húsi M en M telur að þar komi fram upplýsingar sem bendi til þess að tjónið verði ekki einungist rakið til vatns sem hafi komið úr þakrennuniðurfallinu. Þá tekur M fram að gögn frá Veðurstofu Íslands styðji að aðstæður á umræddum degi hafi verið mjög sérstakar. M telur sig því hafa fært fyrir því gild rök og lagt fram gögn um að bótaréttur sé til staðar úr tryggingunni hjá V.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. vakin athygli á því að tjónið hafi átt sér stað 6. mars 2022, þ.e. fyrir rúmlega fjórum árum. Síðan ítrekar V að starfsmenn verktaka sem hafi farið á staðinn hafi komist að þeirri niðurstöðu eftir skoðun á vettvangi að orsök vatnstjónsins hafi verið sú að vatn sem kom frá þaki hússins hafi flætt inn í kjallara þess. Hafi niðurfallið sem sé staðsett beint fyrir neðan þakrennuna og fyrir framan útidyrahurð ekki haft undan vatnsmagninu með þeim afleiðingum að það hafi flætt inn í húsið. Hafi starfsmenn verktakans haft samband við skoðunarmann V sem hafi í framhaldinu hafnað bótaskyldu. Því hafi málinu verið lokið af hálfu V í mars árið 2022 og M upplýstur um það. Hafi M ekki mótmælt þeirri niðurstöðu né lagt fram gögn sem sýnt gætu fram á að vatn hefði lekið inn í kjallarann frá innkeyrslunni líkt og hann haldi nú fram. M hafi síðan ekki haft samband á ný við V fyrr en en í desember árið 2025. V bendir einnig á að það tíðkist í málum sem þessum að verktaki sé sendur á vettvang til að meta aðstæður og eftir atvikum stöðva leka og ráðast í viðgerðir. Hafi starfsmenn umræddsverktaka haft mikla og víðtæka reynslu á þessu sviði og séu menntaðir iðnaðarmenn. Þá fjallar V um vitnisburð þeirra tveggja íbúa sem fylgdu með viðbótarathugasemdum M. Færir V ítarleg rök fyrir því að sá vitnisburður um atvik sem hafi gerst meira en 4 árum fyrr, sé ekki til þess fallinn að breyta fyrri niðurstöðu í málinu. Þá telur V að fyrirliggjandi upplýsingar um veðurfar renni frekari stoðum undir það að vatnið hafi ekki borist inn í fasteignina frá innkeyrslunni vegna asahláku.

Álit.

Ágreiningur er um það hvort vatnstjón það sem varð 6. mars 2022 sé bótaskylt úr húseigendatryggingu M hjá V. Í grein 9.1.7 í skilmála húseigendatryggingarinnar kemur fram að vátryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. Í grein 9.1.6 í skilmálanum kemur hins vegar fram að vátryggingin bæti tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá.

Eins og að framan greinir komst V að þeirri niðurstöðu í kjölfars tjónsins 2022 að það væri ekki bótaskylt. Var það byggt á áliti verktaka sem V sendi á staðinn til að meta tjónið og orsakir þess. Ekki liggur fyrir að M hafi gert athugasemdir við þá niðurstöðu á þeim tíma, né lagt fram gögn sem gætu sýnt fram að á að vatn hefði líka lekið inn í kjallarann frá innkeyrslunni líkt og M byggir nú á. Það var því ekki fyrr en í desember 2025 sem M setti sig í sambandi við V og byggði bótarétt sinn á þeim rökum. Þegar framangreint er haft í huga, m.a. þá staðreynd að tæp 4 ár liðu frá því að bótarétti var hafnað af hálfu V þar til M kemur fram með þessi nýju rök, telur nefndin að yfirlýsingar tveggja íbúa sem ritaðar eru meira en fjórum árum eftir tjónsdag, séu ekki til þess fallnar að hnekkja því mati verktaka á vegum V, að tjónið verði rakið til utanaðkomandi vatns í skilningi skilmálanna. Í þessu sambandi skal tekið fram að M ber sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sýna fram á að skilyrði bótaréttar skv. grein 9.1.6 í skilmálum séu uppfyllt. M á því ekki bótarétt úr húseigendatryggingu hjá V vegna vatnstjónsins 6. mars 2022.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V vegna vatnstjóns sem varð 6. febrúar 2022.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 20/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Fasteignasali. Fyrning.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 26. febrúar 2026.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M hafi keypt fasteignina A fyrir milligöngu X með samþykktu kauptilboði 29. maí 2021. Við skoðun á eigninni hafi M fengið afhenta ástandsskýrslu sem unnin var í ágúst 2016 og að þær upplýsingar hafi fylgt að búið væri að laga allt sem upptalið væri í skýrslunni, utan þess að mála þak og glugga uppi. Í fyrrgreindu kauptilboði kom fram að M væru meðvituð um að gluggar eignarinnar væru í lélegu ástandi og að eignin þarfnaðist endurbóta. Áður en M gerðu kauptilboð fengu þau í hendur söluyfirlit frá X. Í því kom fram að starfsmanni X hafi ekki verið bent sérstaklega á galla á eigninni, ekki lægi fyrir vitneskja um ástand vatns- og frárennslislagna, raflagna og glers. Þann 30. maí 2021, daginn eftir samþykkt kauptilboðs, hafi orðið vart við leka í A sem M voru upplýst um í framhaldinu.

Ýmsir gallar á A komu í ljós eftir kaupin, svo sem mikill raki og mygla í gólfi og veggjum víðs vegar um eignina. Þak fasteignarinnar reyndist vera í slæmu ástandi og haldið umfangsmiklum göllum. Bæði fyrir og eftir afsalsfund 15. júlí 2021 höfðu M orðið fyrir vör við ýmis konar annmarka á eigninni. Í dómi héraðsdóms í máli á milli M og seljanda, eru málsatvik rakin. Í tölvubréfi M frá 20. júlí 2021 til seljanda og X, kom fram að M væru búin að fá verkfræðistofu til að skoða A. Minnisblað verkfræðistofunnar lá fyrir 1. september 2021 og í því kom fram að umtalsverðir gallar hafi komið í ljós á A. Í frumkostnaðarmati verkfræðistofunnar frá 24. september 2021 var kostnaður við lagfæringar á þaki, gluggum og tréverki, viðgerðum innanhúss og lögnum sagður nema kr. 24.301.000. Í framhaldinu, 8. október 2021, hafi seljanda verði sent bréf þar sem settar voru fram kröfur M vegna ætlaðra galla á A. Seljandi hafnaði öllum kröfum M með bréfi 8. nóvember 2021. Þann 8. desember 2021 hafi verkfræðingur verið dómkvaddur sem matsmaður að beiðni M til að meta ástand íbúðarinnar og að ákveðnu marki hússins í heild sinni. Matsmaður skilaði matsgerð í mars 2022. Með bréfi, dags. 12. apríl 2022, gerðu M kröfu um að X bætti þeim það tjón sem metið hefði verið í framangreindri matsgerð.

Eins og áður segir stefndu M seljanda fasteignarinnar fyrir dóm og kröfðust greiðslu skaðabóta og/eða afsláttar vegna umfangsmikilla ágalla á A. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var komist að þeirri niðurstöðu að ágallar á A næðu gallaþröskuldi, sbr. 18. og 19. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002 og M dæmdar skaðabætur að hluta vegna þeirra krafna sem gerðar voru. Seljandi áfrýjaði málinu til Landsréttar og samkvæmt dómi réttarins var seljandi sýknaður af kröfum M. Þann 21. ágúst 2025 gerðu M kröfu í starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Byggði krafan á því að ef X hefði gætt að skyldum sínum og fullnægjandi upplýsingagjöf hefðu M ekki orðið fyrir umræddu tjóni. V hafnaði bótaskyldu í málinu sama dag.

Í málskoti byggja M á því að X hafi sýnt af sér gáleysi við sölumeðferð á umræddrar fasteignar, þ.e. hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína, með þeim afleiðingum að tjón hlaust af, sbr. 1. mgr. 13., 15. og 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Í fyrsta lagi hafi X ekki upplýst M um ástand seljanda. Í öðru lagi hafi X tjáð sig um orsök lyktar í fasteigninni við skoðun, alhæft að búið væri að gera við allt skv. ástandsskýrslu frá 2016 utan tveggja atriða sem síðar hafi komið á daginn að var ekki rétt. Í þriðja lagi hafi X vanrækt að láta M í té upplýsingablað seljanda fyrir gerð kauptilboðs.

Í athugasemdum V er byggt á því að allar hugsanlegar kröfur á hendur X vegna málsins séu fyrndar með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Meint tjón hafi komið í ljós 30. maí 2021 og allar hugsanlegar kröfur á hendur X hafi verið fyrndar þann 30. maí 2025. Jafnframt byggir V á því að tjón M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X. Fasteignasali hafi ekki gefið rangar

eða ófullnægjandi upplýsingar við sölumeðferð A. Var m.a. vísað til niðurstöðu Landsréttar hvað það varðar.

Í viðbótarathugasemdum M er því alfarið hafnað að krafa M í starfsábyrgðartryggingu X sé fyrnd. M byggir á að þeim hafi ekki verið það ljóst fyrr en eftir að dómsmáli á hendur seljanda lauk að hlutverk og aðgerðir X í umræddum viðskiptum ættu eftir að skipta eins miklu máli og kom í ljós í niðurstöðu Landsréttar. Á þeim tímapunkti hafi M fyrst getað áttað sig á því hver bæri ábyrgð á því tjóni sem gerð var viðurkenningarkrafa um að væri bótaskyld úr starfsábyrgðartryggingu X. Tjón og ábyrgðin á því grundvallist á að M hafi ekki verið talin eiga kröfur á hendur seljanda. M byggja á því að mögulega megi fallast á að miða mætti upphaf fyrningar við fyrra tímamark, þ.e. þegar matsgerð dómkvadds matsmanns lá fyrir eða aðalmeðferð í héraði, í tengslum við það sem snýr að skýringum fasteignasala á lykt í íbúðinni og ástandsskýrslu frá árinu 2016. Annað sem byggt sé á sé hins vegar beintengt niðurstöðu Landsréttar og hafi M því eðli málsins samkvæmt ekki haft vitneskju um kröfur á þeim grunni fyrr en sá dómur lá fyrir. Niðurstaða Landsréttar leggi auknar skyldur á M sem þau telja ekki hafa verið unnt að uppfylla og/eða að ekkert hafi bent til þess að þau þyrftu að uppfylla vegna ófullnægjandi vinnubragða og hagsmunagæslu X í söluferlinu. Matsgerð eða önnur gögn í málinu sanni ekkert um tjón eða ábyrgð í þessum efnum og því ótækt að miða upphafstíma fyrningar við fyrra tímamark en dóm Landsréttar sem féll þann 12. júní 2025. Að öðru leyti ítreka M kröfur sínar um að X hafi sýnt af sér gáleysi í skilningi 27. gr. laga nr. 70/2015.

Í viðbótarathugasemdum V er fyrri afstaða ítrekuð. Meint krafa M sé fyrnd. M hafi í júlímánuði 2021 verið orðið fullljóst að verulegt tjón hafi verið á fasteigninni og hafi fyrningarfrestur byrjað að líða í allra síðasta lagi í júlí 2021 þegar M fengu verkfræðistofu til að gera skýrslu um þær skemmdir sem voru á fasteigninni. Gögn málsins liggi ekki öll fyrir, t.d. hafi ástandsskýrsla sem verkfræðistofan vann fyrir M ekki verið lögð fram. Gögn málsins og málsatvikalýsing í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu beri það þó með sér að þau alvarlegu leka- og mygluvandamál sem M vísar til og komu í ljós í þaki og útveggjum fasteignarinnar séu af sömu rót og sá leki sem uppgötvaðist þann 30. maí 2021. Í það minnsta hafi ekki verið sýnt fram á annað í þeim gögnum sem M hafi valið að leggja fyrir nefndina. Allt að einu beri málsatvikalýsing í framangreindum héraðsdómi með sér að í júní 2021 hafi M verið orðið kunnugt um öll þessi umfangsmiklu leka- og mygluvandamál sem nefnd eru í athugasemdum M. Kröfur M gagnvart X séu allt að einu fyrndar hvort sem miðað er við að upphafdagur fyrningar hafi verið þann 30. maí 2021 eða í júní 2021. Jafnframt ítrekar V að M hafi mátt vita um ástand eignarinnar strax við kaupin og geti ekki borið gallana fyrir sig hvorki gagnvart seljanda né X.

Álit.

Samkvæmt framansögðu snýst ágreiningur í málinu um hvort M eigi rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Í málinu er deilt um hvort krafa M sé fallin niður fyrir fyrningu en V byggir höfnun á bótaskyldu á þeim grunni. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.

Af hálfu V er því haldið fram að fyrningarfrestur kröfunnar hafi byrjað að líða 30. maí 2021 eða í júní/júlí 2021. V telur því að M hafi annað hvort fengið nauðsynlegar upplýsingar eða borið að afla sér þeirra um mögulegt tjón og þann sem bæri ábyrgð á því eigi síðar en í júlí 2021.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum í málinu, m.a. málsatvikalýsingu í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli á milli M og seljanda, liggur fyrir að strax eða fljótlega eftir samþykkt kauptilboðs og afhendingu eignarinnar var M orðið kunnugt um meinta galla á A. Bæði fyrir og eftir afsalsfund í júlí 2021 voru M í samskiptum við X vegna galla á A. M upplýstu m.a. um að þau hefðu fengið verkfræðistofu til þess að skoða A með tilliti til galla. Minnisblað verkfræðistofunnar lá fyrir 1. september og frumkostnaðarmat 24. september 2021. Í framhaldinu gerðu M kröfu um að fá meint tjón bætt, a.m.k. úr hendi seljanda, samkvæmt málsatvikalýsingu í áður tilvitnuðum héraðsdómi. Þeirri kröfu hafnaði V. Í framhaldinu var dómkvaddur matsmaður. Hvorki matsbeiðni né matsgerð hafa verið lögð fyrir nefndina. Í dómi héraðsdóms kemur fram að matsbeiðni hafi a.m.k. verið beint að seljanda. Hins vegar liggur fyrir að í kjölfar þess að matsgerð lá fyrir gerðu M kröfu á hendur X á grundvelli matsgerðarinnar.

Með vísan til framangreinds tekur nefndin undir með V að krafa M sé fyrnd. M hafi í síðasta lagi fengið nauðsynlegar upplýsingar um mögulegt tjón og þann sem bæri ábyrgð á því eigi síðar en þegar

minnisblað verkfræðistofu lá fyrir þann 1. september 2021. Fyrningarfrestur kröfunnar hafi byrjað að líða á þeim tímapunkti og meint skaðabótakrafa M á hendur X hafi fyrnst 1. september 2025.

Að fenginni þeirri niðurstöðu er óþarft að fjalla frekar um kröfur M.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 21/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)
Nafn varnaraðila (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 4. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M.
4. Bréf til nefndarinnar frá V1, dags. 6. febrúar 2026.

Málsatvik.

Mál þetta varðar árekstur sem varð 1. desember 2025 milli bifreiðanna A og B. A var vátryggð hjá V1 og B hjá V2. Málið var lagt fyrir tjónanefnd vatryggingafélaganna sem komst að eftirfarandi niðurstöðu: „Árekstur varð í […] við hús númer 5. Ökumaður bifreiðarinnar [A] kvaðst hafa ekið afturábak út úr stöðureit við hús númer 5 og stöðvað. Ökumaður kvaðst síðan hafa ekið aftur inn í stöðureit við hús númer 1 þegar ökumaður bifreiðarinnar [B] ók skyndilega á bifreið hans. Ökumaður bifreiðarinnar [B] kvaðst hafa ekið áfram Fýlshóla þegar ökumaður bifreiðarinnar [A] ók skyndilega afturábak út úr stöðureit við hús númer 5 og í veg fyrir hann. Að gögnum málsins virtum verður öll sök lögð á ökumann bifreiðarinnar [A] sem bar að veita allri umferð um Fýlshóla forgang áður en ekið var úr stöðureit.“

M sættir sig ekki við framangreinda niðurstöðu. Byggir M á því að tekin hafi verið afstaða í málinu á grundvelli framburðar ökumanns B en horft fram hjá sínum rökum. Telur M m.a. fram í málatilbúnaði sínum að A hafi verið lagt í löglega merktu bílastæði á mjórri íbúðargötu. Þegar ökumaður A hafi byrjað að bakka út úr stæðinu hafi B verið í nokkurri fjarlægð. Vegna þrengsla á götunni hafi hins vegar orðið ljóst að ekki væri hægt að bakka úr á götuna með öruggum hætti. Af þeim sökum hafi A verið stöðvuð og ekið svo áfram í átt að bílastæðinu sem bakkað hafði verið út af. Við áreksturinn hafi A því verið á hægri ferð áfram í átt að bílastæðinu. Áreksturinn hafi því ekki verið þegar A var ekið út í umferð eða inn í akstursleið B, heldur þegar verið var að aka A aftur inn á bílastæðið.

Í athugasemdum V2 eru færð fyrir því rök að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Tekur V2 m.a. fram að því hafi bæði borist framburður frá M og eiganda B. Telur M að gögn málsins bendi til þess að áreksturinn hafi orðið þar sem A hafi verið ekið aftur á bak úr stöðureit og í veg fyrir B. Samkvæmt 3. mgr. 26 gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skuli ökumaður veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af m.a. bifreiðastæði, lóð eða heimreið.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindri röksemdafærslu V2 mótmælt og færð fram mótrök gegn því sem þar kemur fram.

Í viðbótarathugasemdum V2 eru gerðar athugasemdir við það sem fram kemur í viðbótarathugasemdum M og fyrri rök V2 ítrekuð. Þá er t.d. sérstaklega á það bent að um sakarskiptingu vegna árekstursins fari skv. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar.

Í bréfi frá V1, dags. 6. febrúar 2026, er m.a. tekið að félagið muni ekki skila frekari athugasemdum í málinu.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að ágreiningur er milli aðila um sakarskiptingu vegna árekstursins milli A og B. Nefndin telur gögn málsins leiða til þess að rétt sé að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum, þar sem hann hafi með háttalagi sínu brotið gegn 3. mgr. 26 gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Með því að aka A úr stöðureit út á akrein og í veg fyrir B, veitti ökumaður A B ekki þann forgang sem honum bar. Bendir nefndin á að sú óvissa sem kann að vera tengd því hvort A var ekið aftur á bak, var stopp, eða ekið áfram, þegar áreksturinn varð, breytir ekki framangreindri skyldu ökumanns A.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum milli A og B.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 22/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Upplýsingaskylda vátryggingartaka. Brottfall bótaábyrgðar. Gildi vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti samþykkti M, hinn 3. nóvember 2025, tilboð V um kaup á vátryggingum. Hafi V þá óskað eftir ljósmyndum af A vegna kaskótryggingar hennar. M hafi sent V umbeðnar myndir 26. nóvember 2025. Morguninn eftir hafi M fengið það staðfest að A væri nú kaskótryggð. Tjón hafi orðið á A kl. 01:00 aðfaranótt 27. nóvember 2025, þegar henni var ekið á staur í hálku á illa upplýstu bifreiðastæði. M hafi sent tjónstilkynninguna strax. Klukkan 16:00 sama dag hafi hún fengið tölvupóst frá V um að kaskótryggingu væri hafnað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hinn 3. nóvember 2025 hafi M samþykkt tilboð í tryggingar frá V. Forsenda þess að kaskótrygging sé gefin út sé sú að ljósmyndir berist af umræddri bifreið. Kl. 5:26 að morgni 26. nóvember 2025 hafi borist ljósmyndir af A. Í kjölfar þess hafi kaskótrygging verið gefin út. Hinn 27. nóvember hafi borist tjóntilkynning frá M þess efnis að kl. 01:15 hinn 26. nóvember hafi orðið tjón á A. Meðfylgjandi ljósmyndir hafi sýnt fram á mikið tjón. Liggi því fyrir að þær ljósmyndir sem M hafi sent V af A hafi ekki endurspeglað raunverulegt ástand hennar á þeim tíma, enda hafi umrætt tjón komið til áður en kaskótryggingin var gefin út. Er þá í bréfi V vísað til þess að um ranga upplýsingagjöf við gerð vátryggingasamnings hafi verið að ræða og tilraun til að fá greiddar bætur sem ekki væri réttur til. Leiði það til brottfalls mögulegrar bótaábyrgðar, sbr. 20. gr., 2. mgr. 47. gr., og 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi sent V ljósmyndir af A kl. 5:26 að morgni 26. nóvember 2025. Kl. 13:35 sama dag óskaði V eftir ljósmynd af bakhlið A sem M sendi með tölvupósti kl. 10:41 að morgni 27. nóvember 2025. Fimm mínútum síðar, eða kl. 10:46, sendi V staðfestingu þess að A væri nú kaskótryggð.

Sama dag, þ.e. 27. nóvember 2025, sendi M tjónstilkynningu til V, þar sem fram kom að tjón hefði orðið á A kl. 01:15 26. nóvember 2025, þ.e. aðfaranótt þess dags. Kemur sú tímasetning bæði fram á rafrænni tjónstilkynningu svo og undirrituðu tjónstilkynningareyðublaði sem er meðal gagna málsins. Má því ráða af frumgögnum málsins að umrætt tjón hafi orðið áður en kaskótrygging A var gefin út, og rúmlega fjórum klukkustundum áður en M sendi V fyrst ljósmyndir af A.

Ljóst er að kaskótryggingar, eins og aðrar vátryggingar, geta aðeins tekið til tjóns sem á sér stað á gildistíma þeirra. Þar sem það liggur fyrir að umrætt tjón átti sér stað áður en kaskótrygging A tók gildi verður, þegar af þeirri ástæðu, að komast að þeirri niðurstöðu að bótaréttur sé ekki fyrir hendi.

Verður með hliðsjón af framangreindu einnig að telja að M hafi vanrækt þá upplýsingaskyldu sem á henni hvíldi skv. 19. gr. laga um vátryggingarsamninga, enda ljóst að þær ljósmyndir sem hún sendi V gáfu ekki rétta mynd af ástandi A á þeim tíma.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á A 26. nóvember 2025.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 23/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging - ábyrgðartryggingarliður.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 20. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 22. maí 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð tjón á tveimur bifreiðum sem stóðu við einbýlishús M að kvöldi 30. janúar 2025 þegar snjór féll af þaki hússins. M gerði kröfu um að fjárhæð sjálfsábyrgða bifreiðareigenda bættist úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar en V hafnaði því. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að þakið á húsinu hafi allt verið endurnýjað 2024 og e.t.v. hafi það ráðið því hve langt snjóspýjurnar náðu og hraðinn á þeim verið meiri þegar þær fóru af stað. M hafi ekki varað gesti sína við að snjór gæti fallið af þakinu og á bílana. Tjónið hafi verið það fyrsta í rúmlega 40 ára sögu hússins. Kaskótrygging bifreiðanna hafi greitt skemmdirnar en eigendur þeirra hafi þurft að greiða sjálfsábyrgð. M telur tjónþola eiga endurkröfurétt á sig vegna sjálfsábyrgðar, þar sem tjónið varð á bílastæði við húseign hennar. M telur því að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingalið fjölskyldutryggingar hjá V.

Í athugasemdum V er byggt á að M beri ekki skaðabótaábyrgð á því tjón sem varð í umrætt sinn og bótaskylda sé af þeim sökum ekki til staðar úr áðurnefndri vátryggingu hjá V. Í tilkynningu M sem lögð var fram samhliða málskoti komi fram að aldrei á 40 ára tímabili hafi bílar orðið fyrir skemmdum vegna snjóhengja sem fallið hafi af þaki fasteignarinnar. Þá segi að mikill snjór hafi verið á þakinu og að M hafi engan veginn getað losað af því og í sömu tilkynningu sé merkt við reitinn „nei“ í lið V, þar sem spurt sé hvort tryggingartakinn beri sök á tjóninu. V hafi borist tilkynning um tjón frá eiganda annarrar bifreiðarinnar. Í henni komi fram að umræddan seinni part og um kvöldið hafi snjóað mjög mikið og rignt. Þær veðuraðstæður hafi valdið því að snjórinn hafi bæði orðið þungur og blautur. Í málum þar sem snjór eða ís falli af húsþökum og valdi tjóni á ökutækjum gildi almenna sakarreglan um ábyrgð húseiganda. Til að ábyrgð verði lögð á eiganda íbúðarhúsnæðis þurfi að sýna fram á að hann hafi sýnt af sér vanrækslu eða ólögmæta háttsemi. Þannig þurfi að sýna fram á að M hafi vitað eða mátt vita um hættuna sem stafaði af snjó- eða klakamyndun og hafi þrátt fyrir þá vitneskju ekki gripið til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir hættu. Til þess er vísað að nefndin hafi í nokkur skipti fjallað um ábyrgð fasteignareiganda þegar snjór fellur af húsþökum. Í úrskurði í máli nr. 198/2015 hafi ábyrgð verið neitað þar sem ekki hafi verið nægjanlega sannað að M hafi átt eða getað brugðist öðruvísi við miðað við aðstæður. Í úrskurði í máli nr. 53/2006 hafi eigandi fasteignar ekki verið talinn ábyrgur þar sem ekki var talið að hann hefði getað áttað sig á hættunni frekar en tjónþoli. Í úrskurði í máli nr. 79/2016 hafi ekki verið sýnt fram á að starfsmenn eiganda hafi vitað af hættunni og átt að bregðast öðruvísi við. Afstaða V sé því sú að gögn málsins beri ekki með sér að M hafi vitað eða mátt vita að hætta stafaði af þaki fasteignar hennar. Þannig hafi ekki hvílt sérstök skylda á henni til að grípa til aðgerða til að forða tjóni, hverjar sem þær væru. Gögn málsins beri heldur með sér að um hafi verið að ræða atvik sem réttilega hafi komið bæði M og tjónþolum að óvörum. Þeim hafi ekki mátt vera ljóst að hætta stafaði af snjó á þakinu og M gæti því ekki borið skaðabótaábyrgð í málinu. Með hliðsjón af framangreindu væri það niðurstaða V að M bæri ekki skaðabótaábyrgð og að skemmdir á bifreiðunum féllu því ekki undir tryggingu M hjá V.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort M, sem eigandi fasteignarinnar, beri skaðabótaábyrgð á þeim skemmdum sem urðu á tveimur bifreiðum sem lagt var á bifreiðastæði fasteignar M þegar snjóhengja féll á þær 30. janúar 2025.

Í 12. kafla skilmála húseigendatryggingar hjá V er fjallað um ábyrgðartryggingarlið hennar. Þar kemur m.a. fram að tryggingin bæti tjón sem baki tryggðum skaðabótaábyrgð sem eiganda húss enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og sé ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt, þ.e. að skaðabótaskylda hafi stofnast að lögum. Það hvíli því á bifreiðareigendum í því tilfelli sem hér um ræðir að sýna fram á að þeir hafi orðið fyrir tjóni sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis M eða annarra atvika eða aðstæðna sem M verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum liggur fyrir að á tjónsdegi snjóaði mikið og í kjölfarið rigndi. Veðuraðstæður í umrætt sinn hafi þannig valdið því að snjórinn hafi verið bæði þungur og blautur. Þá byggir M á því að hún hafi ekki gert gestum sínum viðvart um að snjór gæti fallið af þakinu.

Í málinu liggur fyrir að viðlíka tjón hafi ekki orðið frá því hús M var byggt eða í rúm 40 ár. Þá fæst ekki séð að sérstakar aðstæður á þakgerð hússins hafi gefið tilefni til að ætla að hætta á snjóhruni væri yfirvofandi umfram það sem almennt gerist við framangreind veðurskilyrði. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að M hafi verið meðvituð um hættu á snjóhruni á þessum tíma eða getað brugðist við henni.

Að teknu tilliti til alls framangreinds verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi vanrækt skyldur sínar sem húseigandi í umrætt sinn með þeim hætti að leiði til skaðabótaskyldu. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
Greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar M hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 24/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.

Fyrning.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. febrúar 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins varð M fyrir umferðarslysi hinn 28. maí 2015. Óumdeilt er að bótaskylda sem slík hafi verið til staðar úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðar þeirrar sem M ók. Uppgjör bóta átti sér stað hinn 4. september 2017 á grundvelli matsgerðar tveggja lækna þar sem varanleg örorka var metin 20%.

Í málskoti kemur fram að heilsufari M hafi hrakað verulega síðastliðin ár og hafi hún ekki getað starfað frá árinu 2022. Með beiðni dags. 19. febrúar 2025 hafi verið óskað eftir endurmati hjá örorkunefnd og í álitsgerð nefndarinnar dags. 19. maí 2025 hafi verið staðfest að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsufari M og varanleg örorka sé nú metin 50%. V hafi hins vegar hafnað kröfu um viðbótarbætur 4. júlí 2025 með vísan til fyrningar samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987.

M krefst þess að bótaskylda V vegna aukinnar varanlegrar örorku verði viðurkennd og að félaginu verði gert að greiða mismun bóta miðað við 50% örorku í stað 20%, ásamt vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

M byggir í málskoti fyrst og fremst á því að fyrningu hafi verið slitið með beiðni til örorkunefndar 19. febrúar 2025, þ.e. áður en tíu ára fyrningarfrestur frá slysdegi rann út 28. maí 2025. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 slitni fyrning þegar kröfuhafi leggur mál til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til að leysa úr ágreiningi og samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins eigi það einnig við um kæru- og úrskurðarnefndir sem starfa á grundvelli laga. Örorkunefnd starfi samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga og hafi það lögbundna hlutverk að gefa álit um miska- og örorkustig þegar ágreiningur sé um þau atriði. Í lögskýringargögnum með 16. gr. fyrningarlaga komi fram að ákvæðið taki einnig til nefnda sem gefa álit um réttarstöðu þótt niðurstaða þeirra sé ekki bindandi. M telur því að með beiðni til örorkunefndar hafi fyrningu verið slitið. Samkvæmt 21. gr. sömu laga byrji nýr fyrningarfrestur ekki að líða meðan mál sé til meðferðar hjá viðkomandi stjórnvaldi og hafi fresturinn því stöðvast 19. febrúar 2025 og ekki hafist að nýju fyrr en álitsgerð nefndarinnar lá fyrir 19. maí 2025. Vísað er til dóms Hæstaréttar í máli nr. 145/2017 þar sem talið var að umsókn til Sjúkratrygginga Íslands sliti fyrningu samkvæmt 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda og telur M að sama eigi við um beiðni til örorkunefndar.

Til vara byggir M á því að um sé að ræða nýja og sjálfstæða kröfu vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á heilsufari hennar. Samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga sé heimilt að kröfu tjónþola að endurupptaka ákvörðun um bætur ef ófyrirsjáanlegar breytingar verða á heilsu tjónþola þannig að örorkustig verði verulega hærra en áður var talið. Í álitsgerð örorkunefndar 19. maí 2025 sé staðfest að slík skilyrði séu uppfyllt þar sem örorka hafi hækkað úr 20% í 50%. Vísað er til dóms Hæstaréttar í máli nr. 27/2022 þar sem miðað hafi verið við það að þegar ófyrirsjáanleg versnun heilsu tjónþola kæmi fram gæti nýr fyrningarfrestur hafist þegar tjónþola yrði ljóst að um varanlega versnun væri að ræða. M hafi fyrst fengið staðfestingu á slíkri versnun með áliti örorkunefndar í maí 2025 og hafi krafan því verið sett fram innan lögmæltra tímamarka.

Í bréfi sínu til nefndarinnar byggir V á því að allar hugsanlegar kröfur M vegna umferðarslyss 28. maí 2015 séu fyrndar samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga. Samkvæmt ákvæðinu fyrnist bótakröfur á fjórum árum frá lokum þess árs sem tjónþoli fékk vitneskju um kröfu sína og gat fyrst leitað fullnustu hennar, þó eigi síðar en tíu árum frá tjónsatburði. Tíu ára fyrningarfresturinn sé fortakslaus og miðist við slysdag, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 86/2013.

Eftir bótuppgjör, sem hafi verið samþykkt án fyrirvara, hinn 4. september 2017 hafi engin samskipti átt sér stað milli aðila fyrr en félaginu barst afrit af beiðni til örorkunefndar, þegar liðin voru um níu ár og níu mánuðir frá slysinu. Álitsgerð örorkunefndar hafi legið fyrir 19. maí 2025, en krafa um viðbótarbætur hafi fyrst verið sett fram 3. júlí 2025, þegar liðin voru meira en tíu ár frá slysinu. Málskot M til nefndarinnar hafi svo borist 15. janúar 2026, rúmum tíu árum og sjö mánuðum eftir slysið.

V hafnar því að beiðni til örorkunefndar slíti fyrningu samkvæmt 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 veiti örorkunefnd einungis ráðgefandi álit um miska- og örorkustig. Nefndin hafi ekki úrskurðarvald um rétt og skyldur manna og niðurstöður hennar séu ekki bindandi. Hún teljist því hvorki stjórnvald með sérstakt ákvörðunarvald til að ljúka ágreiningi né kæru- eða umkvörtunarnefnd í skilningi 16. gr. fyrningarlaga. Vísað er m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 311/1997 þar sem fram komi að valdsvið nefndarinnar takmarkist við faglegt mat á miska- og örorkustigi. V telur þá að þeir dómar sem M vísar til máli sínu til stuðnings hafi ekki fordæmisgildi í málinu.

V hafnar einnig þeirri málsástæðu að um sé að ræða nýja og sjálfstæða kröfu vegna versnunar heilsu M. Samkvæmt dómaframkvæmd, m.a. dómi Hæstaréttar í máli nr. 86/2013, breyti slíkar málsástæður ekki því að tíu ára fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga sé fortakslaus og miðist við tjónsatburð. Krafa málskotsaðila, sem nam 27.458.137 kr., hafi fyrst verið sett fram 3. júlí 2025 og sé auk þess umfram fjárhæðarmörk þess sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjallar um samkvæmt samþykktum nefndarinnar. Með vísan til framangreinds telur VÍS að allar kröfur málskotsaðila séu fallnar niður fyrir fyrningu samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga.

Í viðbótarathugasemdum M er röksemdum V hafnað og byggt á því að fyrningu hafi verið slitið með lögmætum hætti áður en tíu ára fyrningarfrestur rann út. M telur þá að nefndin hafi fullt valdsvið til að fjalla um málið að minnsta kosti að því leyti sem varðar viðurkenningu á bótaskyldu, sbr. 1. mgr. 143. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga

M geti fallist á að ákvæði 99. gr. þágildandi umferðarlaga eigi við en byggir á því að fyrningu hafi verið slitið áður en tíu ára fresturinn rann út. Beiðni til örorkunefndar hafi verið send 19. febrúar 2025, rúmum þremur mánuðum áður en tíu ára fresturinn rann út 28. maí 2025. Sá dómur Hæstaréttar sem VÍS vísi til eigi ekki við, þar sem í því máli hafi beiðni til örorkunefndar komið fram eftir að tíu ára fresturinn var liðinn, en í tilviki M hafi bæði beiðni og álit nefndarinnar legið fyrir innan frestsins.

Í álitsgerð örorkunefndar dags. 19. maí 2025 hafi verið staðfest að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu M og að varanleg örorka sé nú 50% í stað 20%. Það uppfylli skilyrði 11. gr. skaðabótalaga um endurupptöku bótaákvörðunar. Vísað er til dóms Hæstaréttar í máli nr. 27/2022 þar sem viðurkenndur hafi verið réttur til endurupptöku þegar slík ófyrirsjáanleg versnun kom fram.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að beiðni um álit örorkunefndar slíti ekki fyrningu og séu ekki til staðar nein dómafordæmi sem styðji þá túlkun M. Er þá tekið fram að V hafi ekki tekið afstöðu til fyrirliggjandi álitsgerðar nefndarinnar en áskilji sér rétt til þess á síðari stigum verði tilefni til.

Álit.

Umrætt tjónsatvik átti sér stað hinn 28. maí 2015. Voru þá í gildi eldri umferðarlög, nr. 50/1987. Í XIII. kafla laganna um fébætur og vátryggingu sagði eftirfarandi í 99. gr.: *Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.*

Óumdeilt er að bætur vegna slyssins voru gerðar upp 4. september 2017 á grundvelli matsgerðar þar sem varanleg örorka var metin 20%. Krafa um viðbótarbætur var fyrst sett fram með kröfubréfi til V hinn 3. júlí 2025, þegar liðin voru rúm tíu ár frá slysdegi en V mun þó áður, eða í febrúar 2025, hafa fengið afrit af beiðni M til örorkunefndar.

M byggir á því að samkvæmt 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda hafi fyrningu verið slitið með beiðni til örorkunefndar dags. 19. febrúar 2025. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er fyrningu slitið þegar kröfuhafi leggur mál til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til að leysa úr

ágreiningi og samkvæmt 2. mgr. getur hið sama átt við þegar mál er lagt fyrir kæru- eða umkvörtunarnefndir að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.

Örorkunefnd starfar samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga og hefur það hlutverk að veita álit um miska- og örorkustig. Eru álit hennar ráðgefandi en ekki bindandi fyrir aðila. Ágreiningur um bótarétt eða bótafjárhæð verður því eftir sem áður leiddur til lykta með samkomulagi aðila eða fyrir dómstólum. Í dómaframkvæmd hefur jafnframt verið lagt til grundvallar að valdsvið örorkunefndar takmarkist við faglegt mat á læknisfræðilegum afleiðingum slyss en taki ekki til úrlausnar um rétt eða skyldur aðila að öðru leyti.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið að örorkunefnd hafi það sérstaka ákvörðunarvald til að ljúka ágreiningi um bótakröfu sem áskilið er í 1. mgr. 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda. Beiðni til nefndarinnar telst því ekki fela í sér að krafa hafi verið lögð til úrlausnar hjá stjórnvaldi í skilningi ákvæðisins.

Kemur þá til skoðunar hvort nefndin falli undir þær kæru- eða umkvörtunarnefndir sem um ræðir í 2. mgr. ákvæðisins. Ljóst er af framangreindu að hlutverk örorkunefndar er talsvert frábrugðið því sem gerist almennt um slíkar nefndir enda tekur hún ekki afstöðu til sérstakra krafna heldur veitir einungis mat sem getur verið eitt af sönnunargögnum í síðar til komnu bóta- eða dómsmáli. Verður því ekki talið að örorkunefnd gefi álit um réttarstöðu aðila, svo sem má ráða af ummælum í greinargerð, að sé áskilið svo málskot falli undir 2. mgr. 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda.

Af þessu leiðir að beiðni M til örorkunefndar dags. 19. febrúar 2025 verður að mati nefndarinnar ekki talin hafa slitið fyrningu samkvæmt 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda. Verður heldur ekki séð að fyrningu kröfu M hafi verið slitið með öðrum þeim hætti er fallið geti undir IV. kafla laganna um slit fyrningar.

M byggir jafnframt á því að um sé að ræða nýja og sjálfstæða kröfu vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á heilsu hennar, sbr. 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að kröfu tjónþola að endurupptaka ákvörðun um bætur ef síðar koma fram ófyrirsjáanlegar breytingar á heilsufari tjónþola þannig að örorka reynist verulega meiri en áður var talið. Slík heimild breytir hins vegar ekki reglum um fyrningu bótakröfu samkvæmt umferðarlögum. Af dómaframkvæmd verður ekki annað séð en að lagt sé til grundvallar að hinn tíu ára fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. umferðarlaga sé fortakslaus hámarksfrestur sem miðast við tjónsatburð sjálfan og geti ekki framlengst vegna síðari þróunar á heilsufari tjónþola. Verður dómur Hæstaréttar í máli nr. 27/2022, sem M vísar til máli sínu til stuðnings, ekki talinn hagga þeirri niðurstöðu en í því tilviki var mál höfðað innan tíu ára frá slysdegi, sbr. einnig t.d. dóm réttarins í máli nr. 598/2017.

Með vísan til alls framangreinds verður að miða við að tíu ára fyrningarfrestur bótakröfu M á hendur V vegna slyss hennar hinn 28. maí 2015 hafi runnið út 28. maí 2025 og sé krafan þar af leiðandi fyrnd.

Niðurstaða.
M á ekki frekari rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, hjá V.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 26/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Vátryggingartaki (X)

Hugtakið slys í vátryggingarétti. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. mars 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að 30. ágúst 2025 hafi M verið að keppa í handbolta erlendis með X. Dúkur á gólf keppnishallar hafi verið mjög stamur og þegar M tók snögga stefnubreytingu á gólfinu hafi fóturinn fests óeðlilega í dúknum. Við það hafi mikill kraftur komið á hásinina á hægri fæti og hún slitnað. M tilkynnti 11. september 2025 um atvikið í slysatryggingu sem X var með hjá V. Með bréfi dags. 12. desember 2025 hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar úr slysatryggingunni með vísan til þess að enginn utanaðkomandi atburður hefði valdið meiðslum M. Í framhaldinu óskað M eftir endurskoðun á afstöðu V með vísan til þess að stamur dúkur hefði verið hinn utanaðkomandi atburður. V féllst ekki á það og vísaði til þess að dúkurinn hefði einfaldlega verið það undirlag sem M spilaði á í hvert skipti sem hann steig niður á vellinum. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á að utanaðkomandi atburður hafi valdið slysinu og M eigi því rétt til greiðslu úr slysatryggingu X vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut í umrætt sinn. Dúkurinn hafi verið mjög stamur. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til lýsingar í gögnum málsins á tildrögum slyssins. M byggir á því að stami gólfdúkur sé þá þáttur sem kemur utan frá og geti haft afgerandi áhrif á fótstöðu þess sem gengur á honum. Þegar slíkt yfirborð breyti óvænt hreyfingu manns eða skapi grip sem ekki er búist við, verði til staða sem veldur slysi án þess að nokkuð innra með tjónþola sé þess valdandi. Orsökin sé þannig bundin við atriði sem tengjast aðstæðum á vettvangi og sé ekki tilkomin af innri aðstæðum M. Í sambærilegum málum t.d. þegar einstaklingur renni í hálku teljist það almennt vera utanaðkomandi atburður, þar sem hálkan er sá þáttur í umhverfinu sem veldur skyndilegri truflun á hreyfingu og hefur ekkert með innri aðstæður eða eigin líkama viðkomandi að gera. Sömu rök eigi við um staman gólfdúk. Stamur dúkur geti gripið í skóbúnað og breytt hreyfingu einstaklings með óvæntum hætti, rétt eins og hálka breyti henni með því að minnka núningsmótstöðu. Í báðum tilvikum sé orsökin einhver utanaðkomandi breyting á yfirborðinu sem leiðir annaðhvort til þess að fótur rennur eða stöðvast óeðlilega. Þessi ytri áhrif valdi slysi án þess að einstaklingur hafi getað séð þau fyrir eða stjórnað þeim. Það sé því enginn efnislegur munur á því hvort yfirborð veldur því að einstaklingur rennur, t.d. í hálku eða óvænt stöðvun/gripi, t.d. stamur dúkur. Í báðum tilfellum sé orsökin bundin við umhverfið og teljist því utanaðkomandi atburður. M vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 467/1996 og 412/2011. Jafnframt byggir M á því að V beri sönnunarbyrðina fyrir því að meiðsli M séu að rekja til innra ástands en ekki utanaðkomandi atburðar.

Í athugasemdum V er byggt á að ósannað sé að „stamt gólf“ sé ástæða þess að M varð fyrir meiðslum 30. ágúst 2025 og að það stama gólf geti talist „utanaðkomandi atvik“ í skilningi fyrrnefnds ákvæðis skilmálans. Það liggi ljóst fyrir að M hafi verið veikur fyrir í hægri hásin samkvæmt fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum og því geti allt eins álagsmeiðsli/innri líkamlegir verkir eða eðlilegt átak við íþróttaiðkun hafa valdið meiðslum M. Það sé M að sanna slíkt og telur V þá sönnun ekki hafa tekist. Til stuðnings afstöðu sinni vísar V til úrskurðar nefndarinnar í málum nr. 138/2003, 300/2013, 387/2011 og 305/2015.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi fyllt út tjónstilkynningu fjórum dögum eftir slysið og þar komi ítarleg lýsing á slysinu fram. Sú tilkynning sé undirrituð af þjálfara hans sem var einnig vitni að slysinu. Telur M því að hann hafi sannað það að slysið gerðist með þessum hætti. Ekkert áverkavottorð liggi fyrir frá slysdegi þar sem slysið hafi átt sér stað erlendis og M hafi farið beint í

aðgerð við heimkomu. Varðandi fyrri heilsufarssögu þá hafi hann fengið áverka á hæl og í öllum læknisheimsóknum sé staðfest að hásinin hafi verið í lagi. Vegna hæláverkans hafi M fengið sterasprautu við sinafestu, en það hafi ekki tengst hásininni. Þegar hásinin slitnaði hafi það jafnframt ekki gerst á þeim stað þar sem sprautan var gefin. Fyrri heilsufarssaga hafi því ekkert með hásinarslitið að gera. Þá telur M þau atvik að bakið þeim úrskurðum sem V hafi vitnað til í sínum athugasemdum vera mjög ólík atvikum í máli þessu.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort atvik það sem M varð fyrir 30. ágúst 2025 falli undir að vera slys í skilningi skilmála slysatryggingar hjá V. Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti: „Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“

Óumdeilt er í málinu að hægri hásin M slitnaði í handboltaleik á erlendri grundu 30. ágúst 2025 og jafnframt að M hafi fyrst leitað til læknis 3. september 2025 vegna þess, þegar hann undirgekkst aðgerð. Í aðgerðarlýsingu Z, segir m.a.: „Hægri hásin. Slit f. nokkrum dögum.“ Atvikinu að baki hásinarslitinu er ekki lýst í aðgerðarlýsingunni. Strax daginn eftir aðgerð, 4. september 2025, útfyllti lögmaður M tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands og þar er atvikinu lýst með eftirfarandi hætti: „Var að keppa í handbolta með Stjörnunni. Var að spila á dúk sem var stamur sem verður til þess að hann slítur hásin.“ Undir tilkynninguna er skrifað af hálfu X. Í tilkynningu lögmanns M til V frá 11. september 2025 er atvikinu lýst með eftirfarandi hætti: „Var að keppa í handbolta með [X]. Var að spila erlendis á dúk sem var stamur sem verður til þess að hann slítur hásin þegar hann er að taka stefnubreytingu.“

Í málinu liggja ekki fyrir áverkavottorð eða önnur læknisfræðileg gögn sem staðfesta að hásinarslitið hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands og V. Þá liggja engin gögn fyrir í málinu um aðstæður á tjónsdegi né frásagnir vitna af atvikinu.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ósannað að umrædd meiðsli M sem hann hlaut 30. ágúst 2025 séu tilkomin vegna slyss eins og það er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 28/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt fasteignina A , fyrir milligöngu X, með kaupsamningi dags. 4. nóvember 2022. Á fyrri hluta árs 2025 hafi M orðið vör við annamarka á A sem ekki hafi verið upplýst um við sölu þrátt fyrir að um sé að ræða annmarka sem seljandi vissi eða mátti vita af. M hafi fyrst fengið vitneskju um umrædda galla þegar hún hafi fengið húsasmið til þess að þrífa þakrennur A. Losa hafi þurft járn af þaki til þess að geta nálgast og þrifið umræddar rennur, þar sem þær voru huldar þakjárni. Þegar járnið var fjarlægt kom í ljós hversu slæmt ástand var á vestanverðu þakinu. Þakrennur sundur ryðgaðar og allt tréverk þar í kring verulega fúið og illa farið. Þakkanturinn fúinn og þaksperrur flest allar orðnar ónýtar vegna fúa og rakaskemmda. Þakrennur á sólstofu haldi ekki vatni og vatn eigi greiða leið inn í sólstofu í frosti þegar ís hleðst upp og lyfti glerþakinu. Rennihurðir á sólstofu séu í ólagi. Þakgluggar í sólstofunni séu myglaðir líklega vegna lekans. Staðan sé sambærileg þar sem hús, bílskúr og sólstofa mætast, fúi í öllum viðarköntum og þakrennur ónýtar. Á austanverðu húsinu sé ástandið lítt skárra, mikið ryð í þakrennunum ásamt fúa í yfirbyggingunni. Þá leki gluggar á norðanverðu húsinu, en þar er sprunga frá efri brún gluggans sem nær uppundir loftaklæðningu hússins. Ljóst sé að gallarnir hafi verið til staðar þegar fasteignakaupin áttu sér stað. Eftir að M uppgötvaði framangreinda galla gerði hún kröfu um að seljandi veitti afslátt og/eða greiddi henni skaðabætur vegna framangreindra galla. Seljandi hafnaði kröfunni og vísaði til þess að hann hafi afhent M skoðunarskýrslu um ástand A og tók fram að skýrslan hafi verið kynnt öllum sem skoðuðu eignina. M kannast ekki við að hafa séð ástandsskýrsluna og hefur ekki séð nein gögn því til staðfestingar. Í kjölfarið var X upplýstur um stöðu mála og að afstaða M væri sú að upplýsingagjöf hefði ekki verið í samræmi við þær skyldur sem leiddu af lögum nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Engin viðbrögð hafi borist við erindinu frá X. Því hafi M þann 30. október 2025 gert kröfu til V um viðurkenningu á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X. Þann 10. desember 2025 hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess að M hefði verið afhent afrit af skoðunarskýrslu og að fasteignasali bæri ekki ábyrgð á að framkvæma sjálfstæða athugun á þeim þáttum fasteignar sem seljandi hefði upplýst um, enda væru þeir ekki sýnilegir við hefðbundna skoðun eignarinnar. M hafnar fullyrðingum V og vísar til þess að af 11. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa leiði að fasteignasali beri að útbúa söluyfirlit og í því skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.m.t. galla sem seljanda og/eða fasteignasala sé kunnugt um. Samkvæmt 12. gr. sömu laga beri fasteignasala að afla upplýsinga um það sem ber að koma fram í söluyfirliti. Í 13. gr. sömu laga beri fasteignasala að kynna eignina og gæta þess að upplýsingar sem veittar eru séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar. Samkvæmt 27. gr. laganna beri fasteignasali ábyrgð á tjóni sem hann veldur í störfum sínum. Að mati M hafi X vanrækt lögbundna skyldu sína um að veita M fullnægjandi upplýsingar þar sem hann hafi ekki upplýsta hana um tilvist áðurnefndrar skoðunarskýrslu við kaupin. X hafi ekki sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að M hafi fengið skoðunarskýrsluna afhenta. Skýrslan hefði átt að vera hluti af söluyfirliti eignarinnar, sbr. c. og j. lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. nr. 70/2015. Óumdeilt sé að á fasteignasölum hvíli ríkar skyldur í starfi með vísan til sérfræðiábyrgðar. Til stuðnings kröfu sinni vísar M til umfjöllunar á bls. 212 í ritinu Bótaréttur III eftir Eirík Jónsson og Viðar Má Matthíasson og Hrd. í mál nr. 223/2002.

Í athugasemdum V kemur fram að seljandi fullyrði með afdráttarlausum hætti að umrædd skýrsla hafi verið afhent öllum sem skoðuðu A, þar á meðal M. Þá hafi X staðfest þessa afstöðu og telur V að staðhæfingar M um að hún hafi ekki séð eða heyrt af skoðunarskýrslunni séu ótrúverðugar með hliðsjón af framlögðum gögnum. Er þessi afstaða studd gögnum frá seljanda, þ.e. myndum sem teknar voru við skoðun A þann 10. júlí 2022. Þar kemur skýrlega fram að ástandsskýrslan hafi legið frammi fyrir alla þá sem skoðuðu eignina. Þá bendir V á að samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 40/2002 um fasteignakaup geti kaupandi ekki borið fyrir sig galla á fasteign sem hann þekkti til eða átti að þekkja til þegar kaupsamningur var gerður. Rík skylda sé lögð á kaupendur samkvæmt 2. mgr. sömu greinar að skoða fasteign ítarlega áður en kaup eru gerð. Eðli málsins samkvæmt nái sú skoðunarskylda augljóslega til þess að kynna sér fyrirliggjandi gögn, þar á meðal skoðunarskýrslur sem liggja frammi þegar fasteignin er sýnd til sölu. Því geti hvorki seljandi né fasteignasali borið ábyrgð á því ef kaupandi lætur undir höfuð leggjast að kynna sér þau gögn sem lögð eru fram fyrir hann við sýningu á fasteigninni. Seljendur fasteigna beri sjálfstæða upplýsingaskyldu samkvæmt 26. og 27. gr. fasteignakaupalaga og beri ábyrgð á þeim upplýsingum sem þeir veita, hvort sem þær eru veittar beint til kaupanda eða með milligöngu fasteignasala. Fasteignasali verði að geta treyst þeim upplýsingum sem fengnar eru frá seljanda fasteignar og verði fasteignasali ekki látinn bera ábyrgð á því að seljandi vanræki mögulega upplýsingaskyldu sína, nema fasteignasalinn hafi verið meðvitaður um að upplýsingum væri leynt fyrir kaupanda eða gögn væru ekki afhent til kaupanda eins og talað hefur verið um. Í þessu máli telur V að starfsmenn fasteignasölunnar hafi mátt treysta yfirlýsingu seljanda um að skoðunarskýrslan hafi verið afhent kaupanda. Að auki megi benda á að A sé frá árinu 1976, sem V telja að hafi gefið M fullt tilefni til að skoða hana sérstaklega ítarlega, einnig með hliðsjón af kaupverði fasteignarinnar. Með hliðsjón af framangreindu telur V að ekki sé hægt að færa rök fyrir því að saknæm og ólögmæt háttsemi X og starfsmanna hans hafi valdið M tjóni. Skilyrði bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala teljist því ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum M er það áréttað í fyrsta lagi að ágreiningur í málinu snúi að upplýsingagjöf og kynningu fasteignar fyrir kaupanda. Það falli án nokkurs vafa innan sérfræðisviðs fasteignasala og sé hluti af lögbundnu hlutverki hans, skv. 10.–12. gr. laga nr. 70/2015. Í öðru lagi sé M fullviss um að skýrslan hafi ekki verið kynnt fyrir henni við kaupin og ekki beri að leggja meira vægi í frásögn seljanda eða X umfram M, án haldbærra gagna. Fasteignasalanum hafi borið að sjá til þess að M fengi skoðunarskýrsluna afhenta, eða í það minnsta vitneskju um að slík skýrsla væri til staðar og ábendingu um að kynna sér efni hennar. Þetta hefði fasteignasali t.d. getað gert með tilvísun til skýrslunnar í söluyfirliti, líkt og venjulega sé gert. Í öllu falli hafi fasteignasalinn verið í mun betri stöðu en M til að tryggja sönnun fyrir því að M hefði verið afhent öll fyrirliggjandi gögn um eignina. Þegar engin slík sönnun liggi fyrir verði ekki byggt á staðhæfingum einum saman heldur verði fasteignasalinn að bera hallann af sönnunarskorti, enda hvílir sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni á honum, sbr. Hrd. í máli nr. 223/2002.

Álit.

Ágreiningur er um hvort X hafi með saknæmum hætti vanrækt skyldur sínar við sölu A og hvort M eigi rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Samkvæmt ákvæðinu ber fasteignasali ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Samkvæmt dómaframkvæmd gildir strangt sakarmat þegar metið er hvort fasteignasali hafi sýnt af sér gáleysi. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. sömu laga ber fasteignasala að gæta þess vandlega að í söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand fasteignar sem, ásamt skoðun kaupanda, geti verið grundvöllur ákvörðunar um kaup og kaupverð. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega kveðið á um að fram skuli koma upplýsingar um ástand eignar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um. Í j-lið 2. mgr. 11. gr. er einnig sérstaklega kveðið á um að í söluyfirliti skuli geta um önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. skal fasteignasali afla þeirra upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, meðal annars úr opinberum skrám og skýrslum ef unnt er, en einnig kynna sér af eigin raun ástand, gerð og búnað eignarinnar. Í 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé þar um að kenna gáleysi hans eða starfsmanna hans.

Í málinu liggur fyrir að seljandi hafði fengið byggingarfræðing til að útbúa skýrslu um ástand A áður en hún var sett á sölu. Í skýrslunni kemur m.a. fram að þak þarfnist viðhalds og fúi sé í gluggum. Jafnframt liggur fyrir að M hefur neitað því að hafa fengið umrædda skýrslu í hendur áður en hún festi

kaup á A og X hefur ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að M hafi fengið skýrsluna afhenda áður en kaup fóru fram. Fasteignasali ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni, sbr. Hrd. í máli nr. 223/2002. Að mati nefndarinnar hefur X ekki tekist slík sönnun. X bar að geta áðurnefndrar skoðunarskýrslu í söluyfirliti, sbr. skýr fyrirmæli í j. lið 2. mgr. 11. gr., sem og 1. mgr. og c. lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015. Að mati nefndarinnar veitti X af gáleysi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í söluyfirliti sem hann ber ábyrgð á, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015.

Með vísan til framangreinds er fallist á kröfu M um að bótaskylda sé til staðar úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V, sbr. 27. gr. laga nr. 70/2015.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar X hjá V.

Reykjavík, 23. mars 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 29/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns. Sönnun

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 17. mars 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti er atvikum þannig lýst að 5. maí 2025 hafi vinstra framdekk losnað undan bifreiðinni A með þeim afleiðingum að skemmdir hafi orðið á yfirbyggingu og hjóla- og bremsubúnaði. Hafi A verið dregin á verkstæði og tekin ákvörðun um að fá tjónið bætt úr kaskótyggingu. Hafi A alls farið fjórum sinnum í viðgerð á verkstæði, m.a. á X. Hafi m.a. þurft að skipt um bremsudisk sem hafi skemmst þegar bíllinn hafi skollið í götuna. Þá hafi álfelga einnig skemmst. Kemur fram að M telur sig ennþá eiga rétt á bótum frá V, vegna álfelgu, hjólastillingar og hjólaspyrnu, samtals kr. 196.653, þar af nemi tjónið vegna kaupa á álfelgu kr. 116.750. Krefst M þess að V greiði þá fjárhæð. Er í málskoti að finna frekari rök fyrir því tjóni sem M telur vera óbætt af hálfu V.

Í athugasemdum V er kröfu M hafnað. Tekur V m.a. fram að í málinu liggi fyrir álit verkstjóra og tjónamatsmanns hjá X þess efnis að bilun i spindilkúlu A tengist ekki tjónsatburðinum. Hvað álfelguna varðar þá byggir V á því að verðmæti sambærilegrar felgu og þeirrar sem skemmdist sé minna en M krefst. Því eigi M ekki rétt á hærri bótum en sem samsvarar því verði sem skráð sé í CABAS skoðunarkerfið. Bendir V á í þessu sambandi að það sé M að sanna umfang tjóns síns og að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að þær bætur sem V bjóði samsvari ekki raunverulegu tjóni M.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að uppgefið verð á umræddri felgu sé rangt. Færir M rök fyrir þeirri fullyrðingu.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri athugasemdir ítrekaðar. Til viðbótar telur V m.a. að sú felga sem M krefst að fá bætta sé ekki sambærileg þeirri felgu sem skemmdist. Rétt verð á sambærilegri felgu, sbr. upplýsingar úr CABAS kerfinu, sé kr. 57.361. Það sé það verð sem V hafi boðist til að greiða. M eigi því ekki rétt á frekari bótum frá V vegna atviksins 5. maí 2025. V færir síðan frekari rök fyrir þeirri niðurstöðu.

Álit.
Það hvílir á M að sýna fram á umfang tjóns síns og að það megi rekja til hins bótaskylda tjónsatburðar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M ekki tekist að sýna fram á að umfang bótaskylds tjóns, sem varðar kaup á einni felgu, sé meira en það sem V hefur þegar fallist á að bæta. Eins og málum er hér háttað verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki frekari rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V en V hefur þegar fallist á að greiða.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 30/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 9. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni í húsnæði X þann 15. október 2025. Þá segir í málskoti að tildrög slyssins hafi verið þau að M hafi verið stödd í húsnæðinu í því skyni að undirbúa og taka þátt í námskeiði fyrir kennara og annað starfsfólk þriggja tilgreindra grunnskóla. Vegna þessa hafi hún verið stödd á kaffistofu starfsmanna X, ásamt Z, að undirbúa námskeiðið. Síðan er á því byggt að þar sem M hafi fundist heldur loftlaust í kaffistofunni/rýminu hafi hún ákveðið að opna glugga í einum enda stofunnar. Þegar M hafi hins vegar gengið að þeim glugga hafi hún skyndilega dottið niður stiga sem staðsettur sé beint undir glugganum. Við það hafi M slasast og verið í framhaldinu flutt á spítala. M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hlaust af slysinu. Því hafi V hins vegar hafnað fyrir hönd X. Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X, enda sé orsaka slyssins að leita í ófullnægjandi og beinlínis hættulegum aðbúnaði stigans. Bendir M m.a. á í því sambandi að umrætt húsnæði X sé notað til ýmissa fundarhalda. Þá megi sjá af dómaframkvæmd að rík skylda hvíli á eigendum fasteigna, þar sem m.a. megi gera ráð fyrir að almenningur venji komur sínar, að tryggja öryggi gesta þeirra sem þar dvelja. Í málskoti er síðan að finna frekari rök fyrir því að stiginn hafi verið vanbúinn. Telur M að aðbúnaður stigans hafi skapað augljósa slysahættu, nokkuð sem X hafi borið að vekja athygli á og/eða grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir. Byggir M jafnframt á að hún hafi sýnt eðlilega aðgát í umrætt sinn. Þá bendir M á að það liggi fyrir að X hafi í kjölfar slyssins gert úrbætur á stiganum, m.a. með því að líma áberandi borða við stigann og setja nýtt handrið meðfram honum. Þær úrbætur sem hafi verið til þess fallnar að draga úr slysahættu hafi hvorki verið viðurhlutamiklar né kostnaðarsamar. Auk framangreinds byggir M á að dimmt hafi verið í veðri og dræm lýsing í húsnæði X, nokkuð sem hafi átt þátt í því að M slasaðist. Til viðbótar nefnir M m.a. að dómstólar hafi ítrekað gengið lengra í kröfum sínum um varkárni húseigenda en sem nemur þeim lágmarkskröfum sem leiða má af byggingarreglugerð. Þessu til viðbótar vísar M í 13. 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og tiltekin ákvæði reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M. Byggir V höfnun sína á því að M hafi ekki tekist að sanna þá fullyrðingu að stiginn hafi verið vanbúinn á slysdegi eða af honum hafi stafað sérstök slysahætta. Telur V að miðað við fyrirliggjandi myndir blasi við að þarna sé stigi. Jafnframt telur V engum vafa undirorpið hvar stiginn byrjar og endar. Þannig liggur fyrir að fyrsta þrep stigans var í öðrum lit en gólfflöturinn sem er ljós grænn ásamt því að gult handrið var hægra megin og svartur gúmmílisti á hverju þrepi. Engum ætti því að dyljast að þarna væri stigi. Þá bendir V á að það sé upplýst í málinu að umrætt hús X hafi verið byggt árið 1937. Því verði að líta til ákvæða byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík nr. 68/1903, sem þá gilti, við mat á því hvort gerð og umbúnaður stigans sé andstæður lögum og reglum. V byggir á því að stiginn sé í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktarinnar að því undanskildu að í 4. mgr. 25. gr. komi fram að á öllum stigum skuli vera handrið. V bendir einnig á að upplýst sé í málinu að handriði var komið fyrir á veggnum við gluggann eftir slysið. Á öðrum hlutum stigans hafi hins vegar verið handrið. Þrátt fyrir þetta telur V ósannað í málinu að skortur á handriði hafi átt þátt í því eða orsakað það að M féll niður stigann. Í málinu liggi fyrir að M hafi ekki verið að ganga niður stigann þegar slysið varð heldur hafi hún verið að kalla til kvenna í gegnum glugga sem er staðsettur vinstra megin við stigann. Við þessa athöfn hafi M ekki gætt nægjanlega að umhverfi sínu sem hafi leitt til þess að hún missti jafnvægið til hægri og fallið niður stigann. V telur jafnframt ekkert athugavert við að stiginn hafi verið sveigður en slíkir stigar séu algengir í fasteignum með fleiri hæðum og ekki ósvipaðir svokölluðum hringstigum. Í síðari tíma byggingarreglugerðum sé gert ráð fyrir tilvist slíkra stiga. Stiginn hafi því ekki verið frábrugðin því sem

almennt megi ganga út frá. Þá nefnir V að slíkur stigi sé ekki í andstöðu við ákvæði byggingarsamþykktar 68/1903. Þessu til viðbótar byggir V á því að lýsing í húsnæðinu hafi verið fullnægjandi á slysdegi, auk þess sem slysið hafi orðið kl. 12:15 og því bjart af degi. Í öllu falli telur V ósannað að dræm lýsing hafi verið í fasteign X og það hafi verið orsakavaldur slyssins eins og haldið sé fram í málskoti. Telur V að orsök slyssins verði rakin til aðgæsluleysis M sem hafi ekki gætt nægjanlega að umhverfi sínu þegar hún var að kalla til kvenna í glugga sem staðsettur er við stigann. V telur að hér hafi verið um að ræða óhappatilvik eða atvik sem sé eingöngu að rekja til aðgæsluleysis M.

Í viðbótarathugasemdum M eru sett fram mótrök gegn framangreindum athugasemdum V. M mótmælir m.a. þeim vitnisburði að M hafi verið að kalla til kvenna í gegn um glugga er slysið varð. Hið rétta sé að M hafi fundist heitt og loftlaust í stofunni og því ætlað að opna glugga til að lofta út. Auk þess telur M að ágreiningur um framangreint hafi enga þýðingu varðandi mat á sök X enda sé orsakar slyssins að leita í óvenjulegum og hættulegum frágangi stigans. Telur M að þær úrbætur sem gerðar voru eftir slysið styðji þá niðurstöðu. Þessu til viðbótar bendir M á að byggingarsamþykktir feli í sér lágmarksviðmið. Að lokum mótmælir M því að slysið verði rakið til gáleysis hennar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Þó vissulega séu almennt gerðar ríkar kröfur til eigenda fasteigna um að þeir tryggi m.a. öryggi gesta, breytir það ekki því sem að framan greinir um sönnunarreglur í skaðabótarétti. Hvað varðar málsatvik þá liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem haft er eftir vitni, þ.e. Z, að tildrög slyssins hafi verið þau að M hafi verið að kalla á einhverjar konur í gegnum um glugga sem sé staðsettur vinstra megin við hinn umrædda stiga. M hafi síðan misst jafnvægið til hægri með þeim afleiðingum að hún féll niður nokkur þrep stigans og slasast. Nefndin telur að leggja verði framangreinda lýsingu vitnisins á málsatvikum til grundvallar í málinu, enda um að ræða vitnisburð Z við lögreglu á slysstað í kjölfar þess að M féll niður stigann, en Z er samstarfskona M sem var með henni í húsnæði X við að undirbúa umrætt námskeið. Þá hefur ekki tekist að sanna að sambærileg slys hafi áður orðið í umræddum stiga hjá X né önnur atvik sem leiða til þess að X hafi haft sérstaka ástæður til að ætla að slysahætta væri tengd stiganum. Þegar framangreint er haft í huga og gögn málsins að öðru leyti, m.a. ljósmyndir af stiganum, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sanna að orsaka slyssins sé að leita í vanbúnaði stigans. Nefndin telur því framangreint leiða til þess að ósannað sé að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Anna Lilja Ragnarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 31/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Málskostnaðarkrafa.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi selt fasteign sína, X, á árinu 2025. Kaupendur X hafi talið hana haldna galla og gert kröfu um afslátt að fjárhæð 1.873.013 kr. M hafi hafnað þeirri kröfu með bréfi dags. 27. maí 2025. Í framhaldinu hafi verið reynt, með milligöngu lögmanna, að ljúka málinu með sátt um einhvers konar eftirgjöf á lokagreiðslu án viðurkenningar. Hafi V verið gert viðvart um ágreining aðila hinn 17. september 2025 og jafnframt tilkynnt um að málið kynni að rata til dómstóla en að stefnt væri að sátt milli aðila. Hinn 25. september 2025 hafi V viðurkennt bótarétt M úr réttaraðstoðartryggingarlið fasteignatryggingar þeirra. Hafi aðilar að endingu gert réttarsátt fyrir héraðsdómi hinn 2. október 2025. Sáttin hafi verið þess efnis að M gæfu eftir 500.000 kr. af lokagreiðslu auk dráttarvaxta af henni. Þá segi í henni að aðilar skuli bera sinn kostnað vegna málarekstursins. Hafi V verið upplýst um framangreint með tölvupósti dags. 10. október 2025 þar sem jafnframt hafi verið farið fram á greiðslu sem næmi útgefnum reikningum vegna málarekstursins að frádreginni eigin áhættu. V hafi, með bréfi dags. 20. október 2025, hafnað greiðslu á grundvelli þess að M hefðu ekki reynt að fá lögmanns- og málskostnað greiddan frá mótaðilum til samræmis við skilmála fasteignatryggingarinnar.

M byggja í málskoti á því að þau hafi uppfyllt öll skilyrði til greiðslu bóta og hafi V verið upplýst um stöðu mála áður en gengið var til sátta. Kaupendur X hafi talið rétti sínum hallað og hafi ekki verið reiðubúin að gefa eftir kröfur sínar nema hvorir aðila greiddu sinn málskostnað. Sé enda áralöng hefð fyrir því fyrirkomulagi í þeim tilvikum þar sem ekki sé um tilhæfulausar kröfur að ræða. Með því að ganga til sáttar, fremur en að leggja málið fyrir dóm hafi M verið að takmarka tjón sitt og tjón V, svo um muni. Telji V að í tilvikum sem þessu beri að leggja ágreining um málskostnað til úrskurðar fremur en að semja um hann sé því þá í lófa lagið að orða slíkan áskilnað með skýrum hætti í einhliða sömdum skilmálum sínum. Hefði V þá einnig verið rétt að árétta slíkan áskilnað sérstaklega þegar fallist var á bótarétt M úr vátryggingunni, enda hafi V þá þegar verið kunnugt um að til stæði að ná sáttum í málinu. Hefði M verið kunnugt um þessa afstöðu fyrirfram megi enda allt eins ætla að þau hefðu talið hag sínum betur borgið með málshöfðun.

Í bréfi V er vísað til þess að bótaskylda hafi upphaflega verið staðfest vegna ágreinings M við mótaðila um eftirstöðvar kaupsverðs fasteignar, en jafnframt verið bent á að tryggingin bæti einungis nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður geti ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Eftir að réttarsátt náðist hafi lögmaður M staðfest að umbjóðendur hans hefðu fallið frá kröfu um málskostnað til að ljúka málinu. Með því hafi M ekki látið reyna á að fá málskostnað greiddan frá mótaðila og þannig gefið frá sér möguleika til að heimta bætur. Samkvæmt skilmála vátryggingarinnar greiði félagið ekki bætur ef vátryggður gefur frá sér slíkan möguleika með eða án málsóknar. Orðalag umrædds skilmálaákvæðis sé skýrt og hafi lögmaður M fengið skilmálana senda og því mátt vera ljóst hvaða þýðingu ákvæðið hefði.

V telur einnig að M hafi ekki uppfyllt skyldu sína til tjónstakmörkunar. Með réttarsáttinni hafi M fengið kröfum sínum að mestu framgengt sem bendi til þess að þau hefðu átt raunhæfa möguleika á að fá málskostnað dæmdan úr hendi mótaðila. Þrátt fyrir það hafi M fallið frá málskostnaðarkröfu til að ná sátt „langt umfram skyldu“ að þau hafi talið. Þá bendi gögn málsins ekki til þess að málskostnaðarkrafa hafi verið fylgt eftir í samningaviðræðum áður en sátt náðist.

V vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 122/2019 framangreindu til stuðnings. Að mati V hefðu M átt að neita sáttum þegar mótaðili hafnaði málskostnaðarkröfu og leggja málið, eða að minnsta kosti þá kröfu, fyrir dóm.

Með vísan til framangreinds telur V að M hafi með eftirgjöf málskostnaðarkröfu gefið frá sér möguleika til að heimta bætur frá mótaðila og þar með fyrirgert rétti til bóta úr réttaraðstoðartryggingu.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að M hafi ákveðið að gefa eftir kröfur um málskostnað. Er áréttað að alþekkt sé að þegar leitað er sátta beri hvor aðili sinn málskostnað. Er því þá hafnað að sáttatilboð M hafi verið langt umfram skyldu, þó því hafi verið borið við í samskiptum aðila enda hafi aðilar vitaskuld gert ítrustu kröfur í þeim samskiptum. Þá séu málsatvik allt annars eðlis en þau atvik sem lágu að baki úrskurði nefndarinnar í máli 122/2019.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að V telji málatilbúnað M styðja við þá afstöðu að M hafi gefið eftir möguleikann á að heimta málskostnað frá mótaðilum. Þá færir V fram röksemdir sínar fyrir því að fyrrgreindur úrskurður nefndarinnar hafi fordæmisgildi í málinu.

Álit.

Samkvæmt skilmála fasteignatryggingar M hjá V tekur réttaraðstoðartrygging til nauðsynlegs og eðlilegs lögmanns- og málskostnaðar sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Þá kemur fram í skilmálanum að framangreint feli m.a. í sér að félagið greiði ekki bætur ef vátryggður gefur frá sér möguleika að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsóknar. Af gögnum málsins verður ráðið að V viðurkenndi bótarétt M úr tryggingunni hinn 25. september 2025. Í tölvupósti V til lögmanns M kom m.a. fram að greiddur yrði nauðsynlegur og eðlilegur lögmanns- og málskostnaður sem vátryggður „getur ekki fengið greiddan frá mótaðila“.

Dómsmál var þó ekki höfðað því aðilar gerðu réttarsátt fyrir héraðsdómi 2. október 2025 þess efnis að M féllust á að gefa eftir hluta lokagreiðslu vegna kaupanna og að aðilar skyldu bera hver sinn málskostnað.

Af gögnum málsins verður ráðið að sátt hafi náðst í málinu eftir samningaviðræður aðila þar sem báðir aðilar virðast hafa gefið nokkuð eftir af kröfum sínum. Verður þá einnig að miða við að forsenda sáttarinnar hafi verið sú að málskostnaður milli aðila félli niður. Verður því ekki talið að M hafi gefið frá sér raunhæfan möguleika á að fá málskostnað greiddan frá mótaðila heldur að slíkt hafi verið hluti af gagnkvæmri eftirgjöf aðila við sáttargerð.

Í tölvupósti V til lögmanns M dags. 30. október 2025 segir m.a. að í þeim tilvikum þegar máli er lokið með réttarsátt „kann því að vera heppilegra að láta dómara úrskurða sérstaklega um málskostnaðinn svo það fari ekki á milli mála að málskostnaður hafi ekki verið gefinn eftir.“ Af orðalagi skilmála vátryggingarinnar verður hins vegar ekki ráðið að M hafi haft sérstaka ástæðu til að ætla að þeim bæri að halda ágreiningi um málskostnað til streitu fyrir dómi þrátt fyrir að efnislegur ágreiningur væri leystur með sátt. Með því að það hafi ekki verið gert verður ekki sjálfkrafa litið svo á að M hafi með því verið að gefa frá sér kröfuna í skilningi skilmálans. Sé vilji til væri V það þá í lófa lagið, í einhliða sömdum skilmála sínum, að skilyrða bótagreiðslu úr réttaraðstoðartryggingu því að lagt væri fyrir dómara að úrskurða um málskostnað.

Að gefnu tilefni verður þá að geta þess að atvik að baki máli nr.122/2019 fyrir nefndinni, en V vísar til þess úrskurðar til stuðnings röksemdum sínum, voru talsvert annars eðlis en hér um ræðir.

Af öllu framangreindu verður ekki talið að M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta úr réttaraðstoðartryggingarlið fasteignatryggingar sinnar. Að uppfylltum öðrum skilyrðum skilmála vátryggingarinnar er bótaskylda því til staðar.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 32/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Endurkrafa vinnuveitanda skv. 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. febrúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. febrúar 2026.

Málsatvik.

M er vinnuveitandi X en af gögnum málsins má ráða að X hafi orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu ótilgreindrar bifreiðar hjá V. Virðist sá þáttur málsins óumdeildur.

Í málskoti kemur fram að umrætt slys hafi átt sér stað hinn 8. ágúst 2022 og að X hafi verið óvinnufær frá þeim degi til 18. nóvember 2022. Á þeim tíma hafi M greitt honum laun í veikindaforföllum, alls 2.980.854 kr. Vinnu X sé þannig hagað að hann sé seldur út hjá M fyrir 13.944 kr. vegna hverrar klukkustundar án virðisaukaskatts og sé útsöluhlutfallið 90%. Rekstrartap M vegna óvinnufærni X hafi því numið a.m.k. 3.790.947 kr. Á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 krefst M bóta að fjárhæð 2.980.854 kr., þ.e. þess tjóns sem það hafi orðið fyrir vegna greiddra launa í veikindaleyfi X. Til vara er þess krafist að úrskurðað verði um aðra og lægri fjárhæð. Að því frágengnu er krafist viðurkenningar á rétti M til bóta vegna þess tjóns sem varð af því að X var ekki seldur út í veikindum hans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi kallað eftir frekari gögnum er sýni fram á tjón M en slík gögn hafi ekki borist. Hafi kröfu þess þar af leiðandi verið hafnað enda ósannað að endurkröfuréttur M sé fyrir hendi og verði M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. V vísar til þess að það eitt að vinnuveitandi greiði laun í veikindaforföllum til samræmis við ákvæði kjarasamninga leiði ekki til þess að endurkröfuréttur stofnist og er vísað til umfjöllunar í bókinni „Bótaréttur I: Skaðabótaréttur“ því til stuðnings. Svo endurkröfuréttur stofnist þurfi vinnuveitandi að sýna fram á kostnað umfram forfallalaun, s.s. vegna ráðningar afleysingamanns eða aukinnar vinnu annars starfsfólks. Hafi engin gögn borist frá M um slíkan kostnað. Það nægi ekki að sýna fram á að M hefði útselt vinnu X gegn ákveðnu tímagjaldi og að meðaltalsnýting hafi verið 90% heldur þurfi að liggja fyrir gögn um raunverulegt tjón. Stofnist endurkröfuréttur þá ekki af því einu að ekki hafi verið unnt að selja vinnu X út meðan á veikindum hans stóð enda felist það eðli máls samkvæmt í veikindafjarveru starfsmanna að þeir geti ekki sinnt störfum sínum á meðan. Skorti því á að sýnt sé fram á raunverulega aukin útgjöld eða sannanlegt aukið fjártjón vegna líkamstjóns X.

Í viðbótarathugasemdum M er þeirri fullyrðingu V, að óskað hafi verið eftir frekari gögnum, hafnað enda hafi V lýst því yfir á fyrri stigum að frekari gögn mundu engu breyta um afstöðu þess. Krafa M sé þá einkum höfð uppi vegna þess tjóns sem hafi komið til vegna þess að M var ekki seldur út. Tjón M hefði verið miklum mun meira hefði verið ráðinn inn starfsmaður í afleysingum enda hefði kostnaður við þjálfun slíks starfsmanns verið ærinn. Hafi M tekið ákvörðun um að grípa ekki til slíkra aðgerða heldur takmarka tjón sitt eins og hægt var.

Álit.

Óumdeilt er í málinu að X varð fyrir líkamstjóni í slysi hinn 8. ágúst 2022 sem bótaskylt er úr ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M, sem vinnuveitandi X, eigi endurkröfu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar kemur fram að vinnuveitandi sem greitt hafi slasaða laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns geti krafið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem fjártjón hafi orðið.

Það eitt að vinnuveitandi greiði starfsmanni sínum laun í veikindaforföllum leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að endurkröfuréttur stofnist heldur þarf að liggja fyrir að vinnuveitandi hafi orðið fyrir sannanlegu fjártjóni umfram þær greiðslur sem honum bar að inna af hendi samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi.

Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir slíku tjóni vegna slyssins, svo sem vegna ráðningar afleysingafólks, aukinnar yfirvinnu annars starfsfólks eða annarra útgjalda sem rekja megi beint til fjarveru X. Þá verða þær almennu upplýsingar sem M hefur lagt fram um útselda vinnu X og meðaltalstölur þar að lútandi ekki taldar nægjanlegar til að sýna fram á raunverulegt tjón M vegna líkamstjóns X.

Verður M að bera hallann af sönnunarskorti um framangreint enda hvílir á því að sýna fram á tjón sitt og umfang þess. Verður samkvæmt framangreindu ekki fallist á að skilyrði endurkröfu M á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt. Er því óhjákvæmilegt að hafna öllum kröfum þess.

Niðurstaða.
Kröfum M á hendur V er hafnað.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 35/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 9. febrúar 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti byggir M á því að 26. september 2022 hafi hann orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Hafi hann ásamt Z, samstarfsmanni sínum, verið staddur í svokölluðum „sláturbragga“ sem sé hluti af fiskeldisstöð X og staðsettur stutt frá sjálfri fiskeldisstöðinni. Hafi átt að flytja fisk sem búið var að slátra og koma fyrir í körum. Þegar þeir félagarnir hugðust flytja fiskinn út úr bragganum hafi rennihurð ekki opnast. Þá hafi Z gripið til þess ráðs að reyna að lyfta hurðinni upp með því að nota gaffallyftara. Eftir að hafa lyft hurðinni hálfa leið hafi hún skekkst og stöðvast. M hafi þá stokkið til og reynt að ýta undir hurðina til þess að rétta hana af. Hurðin hafi hins vegar fallið niður og lent á öxl M með þeim afleiðingum að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni. Er í málskoti vísað til skriflegrar skýrslu Z, dags. 31. júlí 2025, þessari málavaxtalýsingu til stuðnings. M hafi leitað til heilsugæslu í kjölfars slyssins og verið fjarverandi frá vinnu í tvær vikur. Í samskiptaseðli heilsugæslunnar frá slysdegi er m.a. minnst á að M hafi orðið fyrir vinnuslysi þann dag. M tilkynnti V um tjónið 10. mars 2025.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins. Í fyrsta lagi byggir M kröfu sína á þeirri ólögfestu reglu sem hann telur gilda um hlutlæga bótaábyrgð vinnuveitanda vegna tjóns sem rakið verður til bilunar eða galla í tæki og búnaði á vinnustað. Vísar M í Hrd. 1968 bls. 051 og 1970 bls. 544 þessu til stuðnings. Í öðru lagi byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um vinnuveitandaábyrgð og að beita eigi ströngu sakarmati í málinu þar sem tjónið verði rakið til þess að tæki eða annar búnaður hafi bilað eða ekki virkað sem skyldi vegna galla. Telur M að rekja megi slysið til vanbúnaðar umræddS húsnæðis, nánar til tekið rennihurðarinnar og búnaðar hennar. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til 21.-23., 41. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og tiltekinna ákvæða reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þá vísar M einnig til þess sem fram komi í yfirlýsingu Z. Telur M m.a. óhætt að fullyrða að umrædd hurð og búnaður hennar hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur sem komi fram í framangreindum lögum og reglum. Því liggi sök X fyrir. Þá tekur M fram að hann telji ekki koma til greina að hann verði látinn bera hluta af tjóni sínu sjálfur vegna meðábyrgðar. Vísar hann m.a. í 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993 því til stuðnings.

Í athugasemdum V er vísað til þess að upplýsingar um slysið hafi fyrst borist X þremur árum eftir slysið. Þá kannist öryggisfulltrúi X ekki við að hafa fengið tilkynningu um slysið. Hjá X sé almennt passað vel upp á að öll slys séu skráð og tilkynnt. Þá hafi engar fjarvistir frá vinnu verið skráðar vegna M hjá X á þessum tíma. Engin gögn séu því til um slysið hjá X. Telur V að framangreint tómlæti M, þ.e. hversu seint hann tilkynnti X um slysið, hafi því komið í veg fyrir að X hafi haft tækifæri til að bregðast strax við, m.a. með því að tilkynna slysið til Vinnueftirlits og afla nauðsynlegra upplýsinga og sönnunargagna um tildrög þess. Því sé ljóst að X hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Meginreglan um að tjónþola beri að sanna tjón sitt og hvernig það atvikaðist eigi því við í máli M. V telur því ósannað að slysið hafi gerst með þeim hætti sem lýst er í málskoti enda hafi M ekki lagt fram nein gögn um hvernig slysið atvikaðist nema frásögn samstarfsmanns hans sem rituð hafi verið u.þ.b. þremur árum eftir slysið. Þá er á það bent að jafnvel þó frásögn M af málsatvikum yrði lögð til grundvallar vilji V benda á að ekki geti komið til hlutlægar skaðabótaábyrgðar X vegna tjóns sem verður vegna bilunar eða galla í tæki eins og virðist byggt á í málskoti. Telur V óumdeilt að slík regla sé ekki gildandi réttur á Íslandi heldur gildi um þetta almennar reglur skaðabótaréttar. Þá telur V ósannað að hurðin hafi verið biluð umrætt sinn. Samkvæmt upplýsingum frá X sé um að ræða bílskúrshurð/iðnaðarhurð svo keyra megi lyftara inn og út úr húsinu með fiskikör. Starfsmenn

sláturhússins og sér í lagi lyftarastjórinn noti þessa hurð. Fagmenn hafi verið fengnir til að setja hurðina upp haustið 2017. Jafnframt er tekið fram að X kannist ekki við að hurðin hafi verið biluð eða eitthvað verið að henni á þeim tíma sem slysið gerðist. Eftirliti með hurðinni og viðhaldi á henni hafi verið sinnt eftir þörfum. V telur einnig ósannað að hurðin hafi ekki verið í samræmi við reglur 581/1995 eins og haldið sé fram í málskoti. Og jafnvel þó að hún hefði verið biluð þá telur V ósannað að X hafi vitað af því. Félagið telur einnig ósannað að eftirliti og viðhaldi með hurðinni hafi ekki verið sinnt sem skyldi. M, sem ber sönnunarbyrði í málinu, hafi engin gögn lagt fram sem styðja það. V telur því að M hafi ekki sýnt fram á að slysið sé að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Geti V því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Ekki verður annað séð af gögnum málsins að M hafi ekki tilkynnt X og V um hið umþrætta slys fyrr en nokkrum árum eftir að hann byggir á því að slysið hafi orðið. Því gilda hefðbundnar sönnunarreglur í málinu, nokkuð sem þýðir að það er M að sýna fram á atvik máls og að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis sem X beri ábyrgð á. Ekki getur hins vegar komið til þess samkvæmt gildandi rétti að X beri skaðabótaábyrgð á hlutlægum grundvelli eins og M byggir á í málskoti. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að eins og málið liggur fyrir hafi M ekki tekist að sýna fram á að eitthvað það hafi verið að hinni umræddu hurð eða aðstæðum á vinnustað að öðru leyti, sem geti leitt til þess að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á. Telur nefndin yfirlýsingu Z sem er dagsett tæplega þremur árum eftir slysdag ekki til þess fallna að breyta þeirri niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 36/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta. Sönnun.

Gögn.

4. Málskot móttekið 22. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
5. Athugasemdir V, dags 20. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
6. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. mars 2026.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M féll þegar hann gekk inn í verslun X 2. júní 2025. Við inngang verslunarinnar var inngangsmotta sem lá upplyft að hluta þegar M gekk inn í verslunina. M hrasaði um mottuna og féll fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hann hlaut upphandleggsbrot. Í málskoti er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M, enda hafi aðgengi að versluninni í umrætt sinn verið hættulegt og slysahætta stafað af mottunni sem hafði vöðlast upp sökum veðurs. Þá telur M að eðlilegt sé að ætlast til þess að V útvegi upplýsingar um það af hverju mottan hafi vöðlast upp og hversu lengi hún hafi verið í því ástandi. Ekki sé hægt að leggja sönnunarbyrði um þetta atriði á M. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að mottan hafi verið staðsett við inngang verslunarinnar og viðskiptavinir því haft lítið sem ekkert svigrúm til að meta aðstæður þegar gengið var inn. Þá sé óumdeilt að mottan hafi ekki verið fest við gólfið eða þannig gengið frá henni að hún gæti ekki færst til eða vöðlast upp, sem M telur að hefði getað komið í veg fyrir slysið. Bendir M á að umræddan dag hafi verið mjög vindasamt. Hafi vindhviður náð 20 m/s. Við slíkar aðstæður séu líkur á að mottur sem ekki séu festar niður vöðlist upp eins og raunin var á slysdegi. Auk þess bendir M á að það að mottur geti einnig færst til vegna óviljandi snertinga viðskiptavina sé eitthvað sem X beri að hafa í huga við mat á því hvort það sé forsvaranlegt að hafa lausa mottu við inngang verslunarinnar. Þá telur M ljóst að þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem viðskiptavinur X hafi fallið um mottuna. X hafi því vitað af hættunni. M telur að framangreint eigi að leiða til þess að hættueiginleikar mottunnar hafi orsakað slysið og að á því verði X að bera ábyrgð. Auk framangreinds bendir M á að ábyrgð fasteignaeigenda, þar sem rekin sé verslun eða þjónusta, sé rík. Þeim beri að tryggja að viðskiptavinir geti gengið um verslunina án þess að eiga á hættu að verða fyrir tjóni. Bendir M á Hrd. í málum nr. 147/1992, 517/2005 og 419/2007 og úrskurð nefndarinnar í máli nr. 210/2020, þessu til frekari stuðnings.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Í því sambandi hafnar V því að X eigi að bera sönnunarbyrði fyrir því að ekki liggi fyrir haldbærar upplýsingar um af hverju mottan lyftist upp og hversu lengi hún hafi verið í því ástandi. Bendir V á að samkvæmt 11. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun, sé varðveisla myndefnis heimil í 30 daga frá upptöku. Þegar krafa M hafi verið lögð fram hafði verið búið að eyða myndefni slysdagsins að undanskildu öryggisafriti sem starfsmenn X hafi vistað á grundvelli 4. tölul. 2. mgr. 11. gr. framangreindra reglna. Það myndefni sýni fáeinar sekúndur áður en M gekk inn í verslun X og fall hans en ekki af hverju mottan var ekki í eðlilegri legu við gólfið og hversu lengi það ástand hafði varað. Telur V að ekki verði gerð sú krafa til verslana að varðveita ótímabundið allt myndefni sem hugsanlega gæti síðar haft þýðingu í bótamáli. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar beri M sönnunarbyrði fyrir því að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis X eða starfsmanna hans, og skortur á frekara myndefni sem kynni að varpa ljósi á atvik málsins geti, að mati V, ekki fært sönnunarbyrði um ofangreint atriði yfir á X. Þá hafnar V því einnig að staðsetning og frágangur inngangsmottunnar hafi verið óforsvaranlegur og að X hafi borið að festa hana niður eða gera aðrar ráðstafanir til að fyrirbyggja slys. Inngangsmottur af þeirri gerð sem hér um ræðir séu almennt notaðar við inngang fjölmargra verslana í þeim tilgangi að draga úr bleytu sem kann að berast inn með viðskiptavinum og þannig varna slysahættu. Mottan sem um ræðir sé hefðbundin inngangsmotta, sérstaklega hönnuð fyrir verslanir með mikinn umgang. Gúmmíbotni mottunnar sé ætlað að draga úr tilfærslu, upplyftingu og sprungumyndun við hvaða aðstæður sem er. Telur V það hvorki eðlilegt né raunhæft að gera þá kröfu til verslunareigenda að inngangsmottur, sem hannaðar eru sérstaklega fyrir verslunarrými, séu festar varanlega við gólf eða tímabundið við ákveðna veðráttu. Í daglegum rekstri verslana hér á landi sé því gjarnan stuðst við lausar inngangsmottur sem hægt sé að færa, hreinsa, fjarlægja og skipta út. Þá hafnar V þeirri fullyrðingu M að X hafi verið kunnugt um

sérstaka eða fyrirsjáanlega slysahættu sem fylgdi mottunni. Það að ekki liggi fyrir orsök þess að mottan var ekki í eðlilegri legu feli ekki í sér að X hafi haft vitneskju um hættu eða vanrækt skyldur sínar. Þvert á móti liggi fyrir að mottan sé hefðbundin inngangsmotta, notuð í þeim tilgangi að draga úr bleytu og þ.a.l. hættu við inngang. Þá liggi ekkert fyrir um að hún hafi verið gölluð. Engar kvartanir hafi áður borist um slysahættu og engin sambærileg atvik hafi komið upp í umræddri verslun. Þá hafi engin starfsmaður X orðið var við að mottan hefði færst úr stöðu áður en slysið varð. Athugasemdir félagsins um óvissu um tildrög slyssins geti því ekki leitt til þeirrar ályktunar að X hafi haft vitneskju um hættu, heldur undirstrika þær aðeins að orsök þess að mottan færðist til sé ókunn ásamt því að benda á að ekki hafi verið sýnt fram á sök. Auk framangreinds telur V að þau fordæmi sem M vísar til hafi takmarkað vægi í þessu máli enda varði þau annaðhvort varanlega annmarka á aðbúnaði fasteigna eða sérstakar aðstæður sem gerðu slysahættu fyrirsjáanlega. Í máli M liggi hins vegar ekkert fyrir um slíka annmarka eða fyrirsjáanlega hættu, heldur hafi verið um að ræða tímabundið ástand af óljósum ytri ástæðum. Af Hrd. 1996, bls. 2668, Hrd. 1994, bls. 704 og Hrd. í máli nr. 29/2011 megi leiða að ekki sé gerð krafa til verslana að viðhafa stöðuga gæslu þannig að tafarlaust verði brugðist við hverri tilfallandi eða tímabundinni breytingu á aðstæðum eða búnaði í verslun. Telur V þessa dóma eiga vel við í málinu. Þá vísar V jafnframt til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 206/2017 máli sínu til stuðnings. V telur því ósannað að orsök slyssins 2. júní 2025 verði rakin til saknæms athafnaleysis starfsmanna X. Því sé ekki fyrir hendi bótaskylda úr frjálsri ábyrgðartryggingu X.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð og rökstudd og sett fram mótrök við framangreindum athugasemdum V. Ítrekar M m.a. þá skoðun að það eigi ekki að koma M í koll að hafa ekki gert reka að því að tryggja upplýsingar um málsatvik. Það hljóti að vera eðlileg krafa þegar svona alvarleg slys verða að varðveita upptökur. Almennt verði því sá sem eyðir slíkum upptökum að bera hallan af því, þ.e. ef það leiðir til þess að málsatvik eru óljós. Þá ítrekar M jafnframt þá skoðun sína að leggja verði til grundvallar að umrædd motta hafi vöðlast upp oftar en einu sinni fyrir slysið og að starfsmönnum X hafi mátt vera kunnugt um það. Því telur M að um fyrirsjáanlega hættu hafi verið að ræða sem starfsmönnum X hafi mátt vera kunnugt um, enda hafi þetta ekki verið í fyrsta skipti sem mottan vöðlaðist upp og færðist til sökum veðurs. Telur M því að þar sem X hafi ekki gripið til þeirra ráðstafanna sem eðlilegt sé að ætlast til að hann gerði til að varna slysum, beri hann skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Þó vissulega séu almennt gerðar ríkar kröfur til eigenda verslana um að þeir tryggi öryggi viðskiptavina sinna breytir það ekki því sem að framan greinir um sönnunarreglur í skaðabótarétti. Nefndin telur að í raun sé ekki ágreiningur í málinu um hvernig slysið atvikaðist, þ.e. að M féll um mottu við inngang verslunar X með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Þá hefur M ekki lagt fram nein gögn sem sýnt gætu fram á að ekki hafi verið forsvaranlegt af hálfu X að notast við umrædda mottu við inngang verslunarinnar né að X hafi borið að festa hana niður eða gera aðrar sértækar ráðstafanir til að fyrirbyggja slys. Sömuleiðis liggur ekki fyrir sönnun þess að kvartanir hafi áður borist um slysahættu af völdum umræddrar mottu eða að starfmönnum X hafi mátt vera það kunnugt að mottan hefði færst úr stöðu áður en slysið varð. Nefndin telur því óupplýst í málinu hvað orsakaði það að mottan vöðlaðist upp í umrætt sinn, nokkuð sem M verður að bera hallann af samanber það sem að framan segir um sönnunarreglur í skaðabótarétti. Þá telur nefndin einnig ósannað að starfsmönnum X hafi mátt vera það ljóst að slysahætta stafaði af mottunni og því borið að grípa til sértækra ráðstafanna á slysdegi. Nefndin telur framangreint leiða til þess að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á. Þá telur nefndin jafnframt að þó starfsmenn X hafi eytt hluta myndbandsins breyti það ekki framangreindu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 37/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugsemdir M, dags. 17. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugsemdir V, dags. 19. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Þann 22. september 2025 tilkynnti M til V að hún hefði tekið eftir rakablettum í fasteign sinni, fyrst á ganginum en síðan hinum megin við sama vegg á baðherberginu. Í kjölfarið kallaði V til pípulagningamann til lekaleitar og var það niðurstaða hans að lekinn væri vegna drens en ekki lagnaleka innan veggja fasteignarinnar. Um væri að ræða málningarskemmdir á gangi en enginn raki né skemmdir væru greinileg í parketi. Þann 9. október 2025 hafnaði V að bótaskylda væri til staðar úr fasteignatryggingu M hjá V þar sem vátryggingin bæti einungis skemmdir á vátryggðri húseign sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar.

Þann 12. október 2025 leitaði M aftur til V þar sem vísbendingar væru um að greining lekans væri röng og fór fram á að frekari rannsókn yrði gerð á uppruna lekans af hálfu V. M ítrekaði kröfu sína 21. október 2025 þar sem ummerki um rakaskemmdir voru komnar fram í parketi milli stofu og gangs. Í framhaldinu kom pípulagningamaður aftur á staðinn og ekki lá niðurstaða hans fyrir þegar kalla þurfti til pípulagningamann þann 27. október þar sem vatn flæddi úr vegg í íbúð M og yfir í eldhús næstu íbúðar. Í framhaldinu skrúfaði pípulagningamaðurinn fyrir ofnalagnir í hitagrind, bæði fyrir íbúð M og íbúð á næstu hæð fyrir ofan, og upplýsti að líklega væru ofnalagnir í gólfi upprunalegar og ónýtar og endurleggja þyrfti þær til þess að fá hita aftur á ofnana. Í framhaldinu féllst V á að greiða M bætur fyrir tjón sem af því leiddi, þ.e. skemmdir á gólfefnum og málningu og voru bætur greiddar samkvæmt tjónamati til M 11. nóvember 2025.

Í kjölfarið réð M pípulagningarmann til þess að endurleggja lagnir og þegar búið hafi verið að brjóta upp stóran hluta af gólfinu kom í ljós að það væru ekki þær lagnir sem lækju. Pípulagningamaðurinn taldi þá líklegt að lekinn kæmi út frá T-stykki sem lægi úr ofnalögnum í hitagrindinni og inn í lögn, sem liggur undir baðherbergisgólfi. M lét bæði skipta um allar ofnalagnir og umrætt T-stykki. Þegar vatni var hleypt á lagnirnar aftur kom í ljós að hvorki lagnirnar í gólfinu né T stykkið lækju. Í ársbyrjun 2026 var pípulagningarmaður aftur sendur á staðinn og braut hann þá inn að ofnalögn í baðherbergisvegg og dæmdi hana ónýta og óviðgerðarhæfa. Félagið greiddi M þá bætur fyrir það tiltekna uppbrot og rask sem fylgdi þeirri vinnu.

Í málskoti byggir M á því að V beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hún varð fyrir vegna rangrar greiningar á ástæðu lekans. Telur M að V eigi að bera ábyrgð á því uppbroti, vinnu sem og raski sem fylgdi framkvæmdum sem hún réðist í að nauðsynjalausu. M gerir kröfu um að V bæti henni þann kostnað sem hún varð fyrir vegna framkvæmdarinnar, húsnæðismissisins sem og gólfefna sem rífa þurfti upp vegna framkvæmdarinnar.

Í athugasemdum V er því alfarið hafnað að M beri skaðabótaábyrgð á framangreindu tjóni M. Orsakatengsl á milli alls meints tjóns M og upphaflegs álits þess pípulagningameistara sem V sendi til að skoða ástæður leka á fyrri stigum til að meta mögulega bótaskyldu úr fasteignatryggingu M, séu ósönnuð. M hafi ekki sýnt fram á að tjónið verði rakið til vangaveltna pípulagningameistara sem einungis skoðaði aðstæður að beiðni V í tengslum við mat á hugsanlegri bótaskyldu. Viðkomandi pípulagningameistari hafi ekki komið nálægt uppbroti inn að lögnum á gólfi og gat því ekki með vissu áttað sig á raunverulegu útliti eða ástandi lagna. Vangaveltum hans um uppruna lagna í gólfi væri eðli máls samkvæmt ekki ætlað að stýra framkvæmdum annarra iðnaðarmanna í blindni, ef í ljós kæmi við nánari skoðun og uppbrot að raunverulegt ástand lagna væri annað og betra en talið var í fyrstu. Pípulagningameistarinn sem M fékk í verkið hefði undir eðlilegum kringumstæðum átt að átta sig á því

um leið og sást til lagna í gólfinu í upphafi verks að þar hafi ekki verið um upprunalegar lagnir að ræða líkt og í fyrstu var haldið. Ætla má að unnt hefði verið að stöðva uppbrot á gólfi töluvert fyrr í ferlinu og áður en raskið var orðið meiriháttar. Að síðustu vísar V til 3. gr. skilmála vátryggingarinnar um að ekki sé bættur sá hlutur eða hlutir er tjóninu ollu svo sem rörin sjálf eða vinna við lagfæringu eða endurlögn þeirra. Félagið hafi þegar greitt bætur til M vegna tjóns af völdum sannanlegra vatnsskemmda og gott betur, ásamt því að greiða fyrir það uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt þótti til að koma í veg fyrir leka.

Í viðbótarathugasemdum M er fyrri krafa ítrekuð og m.a. vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 805/2017. M hafnar því að það uppbrot sem hún réðst í hafa verið umfangsmeira en þörf var á.

Í viðbótarathugasemdum V er fyrri afstaða ítrekuð. M eigi ekki rétt til frekari bóta úr hendi V en hún hafi þegar fengið greitt.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í vátryggingarétti hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Í 3. gr. skilmála vatnstjónsliðar húseigendatryggingar segir að vátryggingarbætur miðist við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur greiðast fyrir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til að komast fyrir leka og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Ekki er þó bættur sá hlutur eða hlutir er tjóninu ollu svo sem rörin sjálf eða vinna við lagfæringu eða endurlögn þeirra.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort V sé bótaskylt vegna alls þess kostnaðar sem M stofnaði til vegna uppbrots á gólfi fasteignarinnar, húsnæðismissis og gólfefna sem rífa þurfti af vegna hugsanlegs leka frá ofnalögnum í gólfi. Að mati nefndarinnar hefur V bætt M allt það tjón sem tengist leka frá lögnum innan veggja húseignarinnar. Að mati nefndarinnar hefði átt að fara í að kanna ástand ofnalagna á þeim stað sem lekinn kom fram, þ.e. áður en ráðist var í frekari framkvæmdir. Einnig er til þess að líta að í tölvupósti M til V frá 3. nóvember 2025 kemur fram að sambærilegur leki hafi átt sér stað hjá fyrri eigenda 2015 eða tíu árum áður. Það hefði átt að gefa M vísbendingu um að hugsanlega væru ofnalagnir ekki upprunalegar líkt og haldið var fram.

Það er mat nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að bótaskylt tjón hennar sé umfangsmeira en nemur þeim bótum sem V hefur þegar fallist á að greiða. Af því verður M að bera hallann og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 38/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 22. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. mars 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi hinn 7. október 2024 er hún var á leið út úr verslun X. Hafi hún fallið á jörðina og hlotið af því líkamstjón þegar grind sem hún var með undir innkaupakörfu steyptist fram fyrir sig. Orsök þess hafi verið sú að hjól vantaði framan á grindina sem M notaði umrætt sinn. M byggir á því að starfsfólk X hafi verið meðvitað um vanbúnað á grindinni en þrátt fyrir það vanrækt að fjarlægja hana. Þar sem slys hennar megi rekja til saknæms vanbúnaðar í verslun X og saknæms athafnaleysis starfsfólks þess krefst M bóta vegna tjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

M segir í málskoti að hún hafi í kjölfar slyssins rætt við aðstoðarverslunarstjóra X sem hafi sagst hafa vitað af bilun í umræddri grind og að það hafi átt að vera búið að taka hana úr umferð. Myndbandsupptaka af slysi M og aðdraganda þess sé til staðar en beiðni M um afrit hennar hafi verið hafnað af hálfu X. Á myndbandinu megi sjá M ganga inn í verslun X og sækja sér grind undir innkaupakörfu. Greinilega sjáist að eitt hjól vanti undir grindina. Einnig megi sjá að M gekk út með grindina og körfu ofan á henni að viðskiptum loknum, en þegar M gekk niður ramp í átt að bifreiðastæðum hafi grindin steypst fram fyrir sig. Ljóst sé að vegna vanbúnaðar hafi grindin verið óstöðug. Vísar M til þess að rík athafnaskylda hvíli á verslunareigendum til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þangað leiti. Vísar M til dómafordæma máli sínu til stuðnings.

Er þá áréttað að af samskiptum M og eiginmanns hennar við X í kjölfar slyssins sé ljóst að starfsfólk X hafi vitað um ágalla á umræddri grind en þrátt fyrir það hafi ekki verið gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir þá slysahættu sem af henni stafaði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að haft hafi verið samband við X og óskað frekari upplýsinga og jafnframt hafi starfsmaður V horft á upptöku af atvikinu. X hafi upplýst um að ekki væri ljóst hvenær og hvers vegna annað framhjólið datt af grindinni en ljóst sé að engar kvartanir hafi borist frá viðskiptavinum fyrir slysið. Samkvæmt verklagi X séu allar körfur og grindur sem eru í ólagi teknar úr umferð og séu þessi atriði yfirfarin með reglubundnum hætti. Slík athugun hafi átt sér stað nokkrum vikum fyrir slys M. Taki X þá skýrt fram að starfsfólk hafi ekki haft neina vitneskju um vanbúnað umræddrar grindar. Þáverandi aðstoðarverslunarstjóri X kannist ekki við að hafa sagt M eða eiginmanni hennar neitt annað í þeim efnum. Er þá tekið fram að af myndbandi af slysi M verði ekki greint með vissu hvað varð til þess að hún féll. Geti V því ekki fallist á að skýr orsakatengsl séu milli slyss M og þess að eitt hjól vantaði á grindina. Er jafnframt tekið fram að handkörfuvagnar af þessu tagi séu almennt óstöðugir og ekki ætlaðir til að vera stuðningur við þann sem ýtir þeim né henti þeir til notkunar á ójöfnu slitlagi, s.s. á bifreiðaplönum. Sé af öllu framangreindu ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum M er fullyrðingu X um að grindur, á við þá sem hér um ræði, séu ekki ætlaðar til nota á bifreiðaplaninu, enda séu sérstakir rekkar bæði fyrir innkaupakerrur og handkörfuvagna á bifreiðastæðinu. Hafi það verið ætlun X að handkörfugrindur væru aðeins til innanhússbrúks hefði borið að hafa sérstök tilmæli þess efnis sýnileg viðskiptavinum. Er þá ítrekuð krafa M um úrskurð nefndarinnar um fulla bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Í viðbótarathugasemdum V er vakin athygli á því að V hafi myndbandsupptöku af slysi M ekki undir höndum enda séu verklagsreglur X þær að aðeins sé boðið upp á að horfa á upptökur á skrifstofu X.

Álit.

Ábyrgðartryggingu atvinnureksturs er ætlað að bæta tjón sem fyrirtæki bera að lögum skaðabótaskyldu vegna. Við úrlausn málsins reynir á hvort skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt, þ.e. hvort sýnt sé fram á saknæma háttsemi eða athafnaleysi af hálfu X eða starfsfólks þess og hvort orsakatengsl séu milli þess og tjóns M. Sönnunarbyrði þess að svo sé hvílir á M.

Af gögnum málsins verður lagt til grundvallar að M hafi fallið á leið sinni út úr verslun X þegar grind undir innkaupakörfu, sem hún hafði tekið til notkunar inni í versluninni, steyptist fram fyrir sig. Ekki er ágreiningur um að eitt hjól hafi vantað á grindina. Hins vegar greinir aðila á um það hvort starfsfólk X hafi haft vitneskju um þennan ágalla og hvort orsakatengsl séu milli hans og falls M.

Rík aðgæslu- og athafnaskylda hvílir á rekstraraðilum verslana um að tryggja öryggi gagnvart viðskiptavinum sínum, m.a. með því að gæta þess að búnaður sem viðskiptavinum er látinn í té sé í fullnægjandi ástandi og feli ekki í sér slysahættu. Sé slíkur búnaður gallaður og til þess fallinn að valda slysum ber rekstraraðila að fjarlægja hann úr umferð án tafar.

Þrátt fyrir það verður að líta til þess að gögn málsins sýna ekki með fullnægjandi hætti fram á að starfsfólk X hafi haft vitneskju um hinn tiltekna ágalla áður en slysið varð. Frásögn M um ummæli aðstoðarverslunarstjóra fær ekki stoð í öðrum gögnum málsins og hefur X andmælt henni. Þá liggur ekki fyrir hvenær hjólið losnaði af grindinni né hversu lengi hún var í notkun í því ástandi. Verður því ekki talið sannað að X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi með því að láta grindina vera í umferð.

Að fenginni þeirri niðurstöðu er ekki þörf á því að taka önnur atriði ágreinings aðila, þ.e. hvað varðar orsakatengsl milli vanbúnaðar á grindinni og slyss M, til frekari skoðunar.

Með hliðsjón af framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 39/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskylduvernd 2.

Innbrot. Sönnun. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 17. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. mars 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að brotist hafi verið inn á heimili M þann 28. ágúst 2025, á meðan hún var að heiman í nokkra daga og þaðan stolið ýmsum munum. Gluggi í geymslu íbúðar hafi verið spenntur upp. Þegar M varð innbrotsins vör kallaði hún strax til lögreglu, sem hafi komið á staðinn og tekið skýrslu af M og tekið myndir. M tilkynnti atvikið til V í kjölfarið og krafðist greiðslu bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V vegna innbrotsins. V hafnaði að bótaskylda væri til staðar með tölvupósti þann 30. september 2025. V taldi að ekki hafi verið sýnt fram á að innbrotsþjófnaður hefði átt sér stað, þar sem ótvíræð merki um innbrot lægju ekki fyrir, líkt og áskilið væri í skilmálum vátryggingarinnar sem forsenda bótaskyldu. Tjónamatsmenn V sem fóru á staðinn 16. september 2025 hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru sjáanleg ótvíræð merki um innbrot á glugganum. Jafnframt taldi V ósannað að þeir munir sem M krafðist bóta fyrir hafi verið teknir þar sem ekki lágu fyrir fullnægjandi gögn um eignarhald, tegund og aldur þeirra muna. M fellir sig ekki við afstöðu V og krefst þess að viðurkennt verði að bótaskylda sé til staðar úr fjölskyldutryggingunni vegna atviksins.

Til stuðnings kröfu sinni byggir M á að hún hafi strax kallað til lögreglu og í lögregluskýrslu komi fram að þegar lögreglumenn komu á vettvang hafi gluggi sem lá að svefnherbergi verið opinn og skemmdir á glugganum líkt og hann hafi verið spenntur upp. Að auki megi sjá í skýrslunni ljósmynd af ákomu á glugga þar sem hann hafði verið spenntur upp, ljósmynd af stormjárni gluggans sem fallið hafi af við innbrotið og ummerki í íbúðinni eftir innbrotið. En greinilegt sé af myndinni að búið sé að rústa öllu í því skyni að leita að og stela verðmætum. Að beiðni M hafi umsjónarmaður fasteignarinnar komið og lagfært skemmdirnar á glugganum eftir innbrotið. Hann hafi tekið gluggann úr, skipt um lamir og sett í að nýju, tveimur dögum síðar. Með hliðsjón af framangreindu er það mat M að ótvíræð ummerki um innbrot liggi fyrir. M telur ekki rétt að leggja til grundvallar niðurstöðu matsmanna V sem skoðuðu gluggann tveimur vikum eftir atvikið. Nær væri að leggja til grundvallar mat lögreglumanna sem komu á vettvang enda væru þeir bæði reyndir og þjálfaðir til þess að rannsaka innbrot. Að lokum byggir M á að hún hafi fært fram viðhlítandi skýringar á eignarhaldi sínu á þeim munum sem hún gat ekki framvísað kaupnótu fyrir. Að auki hafi M veitt frekari skýringar til V eftir því sem þeirra var óskað.

Í athugasemdum V er annars vegar byggt á að M hafi ekki tekist að sýna fram á ótvíræð merki um innbrot í greint sinn og hins vegar að M hafi ekki getað sýnt fram á umfang tjónsins með fullnægjandi gögnum. V hafi ráðfært sig við umsjónarmann fasteignarinnar og að hans mati væri ekki hægt að spenna umræddan glugga upp nema að hann væri skilinn eftir opinn. Glugginn hafi því ekki verið tryggilega læstur. V vísar til d. liðar 3. gr. skilmála vátryggingarinnar en þar er kveðið á um að forsenda bótaskyldu sé að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Í ákvæðinu sé jafnframt að finna varúðarreglu sem kveður á um að dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skuli vera tryggilega læst og lyklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Á ljósmyndum sem teknar voru af tjónamatsmönnum á vettvangi megi sjá hvernig glugginn er þegar hann er tryggilega læstur í samræmi við forsendur skilmálans. Glugginn falli alveg að karminum með þeim hætti að ekki sé hægt að spenna hann upp líkt og M heldur fram að hafi verið gert. Einnig bendir V sérstaklega á að í lögregluskýrslunni er einungis á einum stað vísað til innbrotsummerkja. Í skýrslunni komi fram að glugginn hafi verið opinn og það hafi verið ákoma á glugganum sem og mynd af stormjárni. Það er mat V að hafi glugginn verið lokaður og tryggilega læstur þá hefði verið ómögulegt að spenna hann upp án þess að valda frekari

sýnilegum áverkum en myndir í lögregluskýrslu beri með sér. Til vara fer V fram á, sé það niðurstaða nefndarinnar að innbrotsummerki séu til staðar, að nefndin staðfesti þá afstöðu V að M hafi ekki sýnt fram á tjón sitt með fullnægjandi gögnum. Ljóst sé skv. lista sem M afhenti V hafi átt að vera teknir töluverður fjöldi muna úr íbúð hennar. Almennar sönnunarreglur geri ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni beri sönnunarbyrði um fjárhæð þess tjóns, sbr. 18. gr. almennra skilmála V. Að mati V hafi M ekki lagt fram nægilega haldbær gögn sem styðja það að hún eigi rétt á bótum fyrir umrædda muni. V hafi einungis borist tvær kaupnótur fyrir munum sem voru skráðir á M.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að í lögregluskýrslu sé einungis á einum stað vísað til innbrotsummerkja. Í skýrslunni komi fram að skemmdir hafi verið „á glugganum líkt og hann hafi verið spenntur upp“. Einnig sé ekki óvarlegt að áætla að stormjárnið hafi einnig brotnað af glugganum þegar hann var spenntur upp. M ítrekar að umsjónarmaður fasteignarinnar hafi staðfest skriflega að glugginn hafi verið spenntur upp. Þá telur M að hún hafi sýnt fram á umfang tjóns síns. Hún hafi sent kaupnótur sem hún átti til. Að auki hafi M sent félaginu kaupnótur vegna muna sem hún hafi fengið að gjöf. Þá sé ljóst að með M búi börn hennar. Á meðal þeirra muna sem teknir voru hafi verið munir í eigu barna hennar, m.a. munir sem þau hafi fengið í gjafir. Loks sé á það bent að meðal þeirra muna sem stolið var hafi verið munir sem M haf fengið að gjöf sem barn eða fengið í arf. Þess utan þá telur M að ekki sé tilefni til að hafna bótaskyldu vegna allra þeirra muna sem var stolið frá henni á þeim grundvelli að ekki séu til staðar kvittanir fyrir öllu sem hún taldi fram. Ekki sé tilefni til þess að hafna bótaskyldu vegna þeirra muna sem sannanlega liggja fyrir kvittanir um. Þá telur M ósanngjarnt að ætlast sé til þess að M framvísi kvittunum fyrir munum sem hún fékk ýmist í arf eða að gjöf.

Í viðbótarathugasemdum V kemur m.a. fram að það skipti ekki höfuðmáli hvort tjónamatsmenn hafi séð gluggann fyrir eða eftir viðgerð, því ekki hafi verið gert við þær takmörkuðu ákomur sem meint innbrot á að hafa valdið heldur einungis lamirnar í glugganum. V ítrekar að M hafi ekki tekist að sýna fram á tjón sitt með fullnægjandi hætti. M ætti að geta lagt fram kaupnótur, kortafærslur og svo sem myndir eða önnur gögn sem sýna fram á tilvist þeirra muna sem hún heldur fram að hafi verið stolið.

Álit.

Í fjölskyldutryggingu þeirri sem M hefur í gildi hjá V er í D. lið 3. gr. skilmálanna kveðið á um að vátryggingin bæti þjófnað við innbrot í læsta íbúð. Það er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Í sama ákvæði er eftirfarandi varúðarregla: „Dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lyklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.“ Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt vátryggingafélag geti skv. ákvæðinu borið fyrir að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Í málinu liggur fyrir að þegar M kom heim eftir nokkurra daga fjarveru kallaði hún strax til lögreglu þar sem gluggi á heimili hennar var opinn og að hennar sögn höfðu verið teknir ýmsir munir. Við skoðun lögreglu kom í ljós að umræddur gluggi var opinn og voru skemmdir á honum líkt og hann hefði verið spenntur upp. Í málinu liggur jafnframt fyrir ódags. yfirlýsing frá framkvæmdastjóra eiganda fasteignarinnar um að umsjónarmaður hafi farið þann 1. september 2025 á heimili M vegna geymsluglugga sem hafði verið spenntur upp. Umsjónarmaður hafi tekið gluggann úr, skipt um lamir og sett í að nýju. Þá liggur fyrir að skoðun fór fram af hálfu V á ytra byrði gluggans 16. september 2025 og á mynd sem tekin var eru skemmdir á ytra byrði gluggans. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að umræddur gluggi hafi verið spenntur upp í umrætt sinn en jafnframt að ekki hafi verið unnt að spenna gluggann upp nema hann hafi verið opinn að einhverju marki. Ef glugginn hefði verið alveg læstur þá hefðu átt að vera mun meiri ummerki á glugganum. Af framangreindu leiðir að M hefur ekki farið eftir varúðarreglu í skilmálum vátryggingarinnar skv. orðanna hljóðan, þ.e. ekki læst glugganum. Þegar til þess er litið að glugginn var þannig opinn að hægt var að spenna hann upp með verkfærum verður telur nefndin rétt að að skerða bætur M um 1/3 hluta og hún eigi því rétt á bótum að 2/3 hlutum. V byggir m.a. á að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni í umrætt

sinn. Í málinu liggja þó fyrir gögn sem sýna fram á tjón M að einhverju marki. Að mati nefndarinnar hefur M tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni í umrætt sinn og hún hafi jafnframt lagt fram gögn sem sýna fram á tjónið.

Niðurstaða.
M á rétt á 2/3 hluta bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 41/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Vinnuvélatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 11. mars 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 10. október 2025 hafi orðið tjón á krana í eigu M. Á tjónsdegi hafi kraninn, sem sé áfastur vörubifreið, verið nýttur við að moka möl upp á pall hennar. Smellur hafi heyrst og kraninn fallið niður og orðið ónothæfur. M telur að tjón vegna þessa verði rakið til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks enda hafi ekkert gefið til kynna að kraninn væri að gefa sig eða haldinn bilun. Kraninn sem slíkur eigi vel að þola áreynsluna sem felist í umræddu verki og því geti ekki verið að tjónið sé að rekja til skemmda af sliti, galla í smíði eða gerð, rangrar samsetningar, brots eða annarrar bilunar í honum. Kraninn hafi ávallt verið í eigu M og fengið gott og reglubundið viðhald. Bilun hans hafi því verið skyndileg og ófyrirséð. Kraninn hafi verið notaður við hefðbundið verk og stjórnandi hans ekki tekið eftir neinu óvenjulegu. Bilunin hafi lýst sér þannig að fjórir boltar sem halda eigi „þolinmóðnum“ í kranaliðnum hafi brotnað og kraninn skollið niður án nokkurs fyrirvara. Telji M af öllu framangreindu að umrætt tjón sé bótaskylt úr vinnuvélatryggingu kranans hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að bótasviði vátryggingarinnar sé lýst í skilmála hennar og þar komi fram að tryggingin bæti tjón á vinnuvélinni vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika sem ekki séu sérstaklega undanskilin. Sönnunarbyrðin um að tjón falli undir bótasvið vátryggingarinnar hvíli á M. Ekki liggi fyrir nein gögn er sýni fram á hvað gerðist en gögn bendi þó til þess að bolti hafi losnað eða brotnað. Kraninn hafi verið í venjubundinni notkun og ekkert utanaðkomandi hafi átt þátt í því sem gerðist. Verði að líta svo á að óumdeilt sé að tjónið verði rakið til innri bilunar eða slits í krananum. Jafnvel þó slík bilun hafi verið skyndileg og ófyrirsjáanleg sé hana því ekki að rekja til utanaðkomandi atvika. Í skilmála vátryggingarinnar sé þá einnig að finna undanþágu þess efnis að tryggingin bæti ekki skemmdir m.a. af sliti, broti eða annarri bilun í vinnuvélinni. Jafnvel þó umrætt tjón félli undir bótasvið vátryggingarinnar sé því ljóst að það sé sérstaklega undanskilið á grundvelli þess að um bilun var að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir ítrekaðar og lýst þeirri afstöðu að um ófyrirséð utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða enda verði tjónið ekki rakið til kranans sjálfs eða notkunar hans. M telji sig því hafa sýnt fram á að um bótaskylt tjón sé að ræða og hafi V ekki tekist að hnekkja því, enda byggi höfnun þess ekki á sjálfstæðri skoðun á krananum eða aðstæðum.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekuð sú afstaða að umrætt tjónsatvik falli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar en sönnunarbyrði þess hvíli á M.

Álit.
Í skilmála vinnuvélatryggingar þeirrar sem um ræðir kemur fram að hún bæti tjón á vátryggðri vinnuvél sem sé til komið vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika sem ekki eru sérstaklega undanskilin í skilmálanum. Af skýru orðalagi skilmálaákvæðisins verður að telja að öll framangreind skilyrði þurfi að vera uppfyllt, þ.e. að atvik sé skyndilegt, ófyrirsjáanlegt og utanaðkomandi. Það hvílir á M að sýna fram á að framangreind skilyrði séu uppfyllt, þ.e. að tjónið falli undir bótasvið vátryggingarinnar.

Fyrirliggjandi er tjónamat X, en þar segir m.a.: „Innri festing á link arminum í aðal bómu tjakk hefur gefið sig“. Við það hafi aðal bómu tjakkur snúið upp á sig og snúið upp á bæði ytri og innri arma. Í skýrslunni er hins vegar ekki að finna neinar skýringar eða bollaleggingar varðandi það af hverju innri festing á arminum hafi gefið sig né liggja fyrir nein gögn er geri líklegt að slíka bilun sé aðeins að rekja

til utanaðkomandi atvika. Af atvikalýsingu í málskoti má einnig ráða að kraninn hafi verið í venjubundinni notkun og ekki kemur fram að neitt óvænt hafi komið upp á við verkið, að kraninn hafi fengið á sig högg eða annað slíkt. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að eitthvað utanaðkomandi hafi orðið til þess að kraninn féll niður og varð ónothæfur. Verður þegar af þeirri ástæðu að telja ósannað að umrætt tjón falli undir bótasvið vátryggingarinnar og virðist fremur hafa verið um bilun að ræða, þó hún kunni vissulega að hafa verið skyndileg og ófyrirsjáanleg.

Þar sem ósannað er samkvæmt framangreindu að umrætt tjón falli undir bótasvið vátryggingarinnar eru ekki efni til að taka önnur atriði ágreinings aðila, t.a.m. hvað varðar undanþágur frá bótaskyldu, til frekari skoðunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr vinnuvélatryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 42/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 4. febrúar 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. febrúar 2026.
5. Viðbótargagn frá M, dags. 27. febrúar 2026.

Málsatvik.
Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga slyss sem hún varð fyrir í verslun X 11. apríl 2025. Lýsir M atvikum þannig að hún hafi fallið fram fyrir sig og lent harkalega á hnjánum og höndunum á gólfi í verslun X. Eftir fallið hafi M séð að tær olíupollur hafi verið á gólfinu sem hafi gert það mjög hált. Hafi M kvartað yfir þessu við starfsfólk X og í framhaldinu hafi starfsmaður X gert skýrslu um slysið. Í samskiptaseðli frá heilsugæslu, dags. 11. apríl 2025, er m.a. eftirfarandi skráð: „Rann í [X] kl. 11:04 skv. skráningu þar. Telur hafa verið olíu á gólfinu. Lendir á hnjánum… “ Í skýrslu starfsmanns X kemur einnig fram að M segist hafa runnið í olíu á gólfi verslunarinnar og fallið við það. M tilkynnti slysið til V sem neitaði skaðabótaábyrgð X. M sem telur að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart sér vísar til þess að ríkar kröfur séu gerðar til eigenda verslana að tryggja öruggt aðgengi viðskiptavina. Sú hafi ekki verið raunin í sínu tilviki. Vísar M m.a. í Hrd. í máli nr. 385/2003 máli sínu til stuðnings. Telur M að starfsfólk X hafi átt að sjá til þess að sú gönguleið sem um ræðir væri hættulaus. Þá virðist M byggja á því að þar sem hún hafi sannað að vátryggingaratburðurinn hafi orðið sé það X að sanna að tjónið verði ekki rakið til háttsemi sem baki X skaðabótaábyrgð.

Í athugasemdum V er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M. Byggir V höfnun sína á því að starfsmenn X hafi ekki haft vitneskju um umrædda bleytu á gólfinu fyrir slys M. Þrátt fyrir að reglubundið eftirlit sé í versluninni, þ.e. oft á dag, hafi starfsmenn ekki orðið varir við bleytuna. Því sé ekki hægt að halda því fram að vanræksla eða gáleysi starfsmanna hafi valdið slysi M. Vísar V í Hrd. í máli nr. 29/2011 þessu til stuðnings. Telur V því að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð og rökstudd og sett fram mótrök við framangreindum athugasemdum V. Þá mótmælir M því m.a. að það liggi fyrir að virkt eftirlit hafi verið í búð X og að starfsmönnum X hafi ekki verið kunnugt um þann olíublett sem M hafi runnið í. Telur M að þessar fullyrðingar V byggi ekki á haldbærum gögnum. Þá telur M að slysaskráning X hafi verið ófullnægjandi nokkuð sem X verði að bera hallan af. Þá byggir M einnig á því að X hafi ekki haldið til haga myndbandsupptökum af slysinu. Telur M að framangreint eigi að leiða til þess að X eigi að bera hallann af því hversu lengi umrædd olía hafi verið á gólfinu og þar af leiðandi hve langan tíma starfsmenn X höfðu til þess að bregðast við því. Vísar M í Hrd. í máli nr. 385/2003 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. byggt á því að ekkert hafi verið ábótavant við slysaskráningu starfsmanns X, enda þar á ferð lýsing á framburði M. Það sé ekki hlutverk starfsmanna X að framkvæma ítarlega lögreglurannsókn á slysstað. Þá mótmælir V því að vanræksla á varðveislu á upptöku úr öryggismyndavélum leiði sjálfkrafa til þess að sönnunarbyrði færist yfir á X. Það hvíli engin lögbundin skylda á X að varðveita slíkar upptökur um ótakmarkaðan tíma auk þess sem óljóst sé hvaða upplýsingar slíkar upptökur hefðu veitt um eðli umræddsbletts eða hversu lengi hann hafði legið á gólfinu. V telur því framangreint ekki breyta því að það sé á ábyrgð M að sanna orsakir slyssins og saknæma háttsemi X.

Þá bendir V á að þó fallast megi á þau rök að miklar kröfur séu gerðar til eigenda verslana um öryggi viðskiptavina verði M eftir sem áður að sanna að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Engar sannanir hafa verið lagðar fram sem sýni að X hafi vanrækt eftirlit með

húsnæði sínu á umræddum tíma. Þá hafnar V því að Hrd. í máli nr. 385/2003 hafi fordæmisgildi í máli M. Telur V að hér sé ólíku saman að jafna. Þannig liggi fyrir að í framangreindu dómsmáli hafði ítrekað verið varað við þeirri hættu sem síðan raungerðist en sú hafi ekki verið raunin í tilviki M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Þó vissulega séu almennt gerðar ríkar kröfur til eigenda verslana um að þeir tryggi öryggi viðskiptavina sinna breytir það ekki því sem að framan greinir um sönnunarreglur í skaðabótarétti. Nefndin telur að í raun sé ekki ágreiningur í málinu um atvik máls, þ.e. að M hafi runnið til í hálku á gólfi verslunar X með þeim afleiðingum að hún féll og slasaðist. Þá hefur M ekki lagt fram nein gögn sem hnekkt gætu þeirri málsástæðu V að þrátt fyrir reglubundið eftirlit í verslun X, þ.e. oft á dag, hafi starfsmenn X ekki orðið varir við hálkuna sem M rann í og því ekki haft tök á því að bregðast við áður en slysið varð. Nefndin telur því óupplýst í málinu hvað orsakaði það að hálka virðist hafa verið á gólfinu í umrætt sinn. Þá telur nefndin einnig ósannað að starfsmönnum X hafi verið kunnugt um hálkuna og því haft ástæðu til að þurrka hana upp áður en M slasaðist. Nefndin telur framangreint leiða til þess að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 43/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. september 2023 hafi M hlotið líkamstjón er hún hrasaði og datt og lenti með hægra hné á steypukeri. V hafi hafnað bótaskyldu úr slysatryggingarlið fjölskyldutryggingar M á grundvelli þess að tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er tilkynning um slysið barst V hinn 11. júní 2025. Er í málskoti vísað til þess að upphaf eins árs tilkynningarfrests beri að miða við það tímamark þegar sá sem orðið hefur fyrir varanlegu líkamstjóni geri sér raunverulega grein fyrir því að um varanlegar afleiðingar sé að ræða. Í tilviki M beri að miða við það tímamark þegar M fór í liðspeglunaraðgerð hjá bæklunarskurðlækninum X hinn 14. október 2024 og er vísað til lokavottorðs X dags. 12. janúar 2025 því til stuðnings. Í kjölfar slyssins hafi M strax leitað á slysadeild þar sem hún hafi verið greind með þverbrot í lateral condyle af femur. Hinn 19. september 2023 hafi M gengist undir aðgerð vegna þessa. Endurhæfing hafi átt sér stað í framhaldinu og hinn 12. apríl 2024 hafi farið fram saumataka og sárið eftir skurðinn verið gróið. Hinn 1. október 2024 hafi M leitað til X vegna versnandi verkja frá því í júlí. Í framhaldinu, eða 14. október 2024 hafi M gengist undir aðra aðgerð en hún finni enn fyrir verkjum. Síðasta skráða koma M til X hafi verið 9. maí 2025 og af nótu vegna þeirrar komu sé ljóst að enginn framgangur hafi átt sér stað síðustu tvo til þrjá mánuði á undan. Að mati M beri því að miða upphaf tilkynningarfrests við 9. maí 2025 enda hafi M ekki gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins fyrir það tímamark. Er því farið fram á úrskurð nefndarinnar um fulla bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt sjúkraskrá hafi bati í kjölfar aðgerðarinnar 19. september 2023 gengið illa og hafi M gengist undir speglun á hné sem framkvæmd hafi verið af lækninum Y í apríl 2024. Slys M hafi átt sér stað 16. september 2023. Um alvarlega áverka hafi verið að ræða og verði því að telja að M hafi öðlast vitneskju um atvik slyssins og áverka sína strax á slysdegi. Tilkynning um slysið hafi hins vegar ekki borist V fyrr en 11. júní 2025, þegar eitt ár og átta mánuðir voru liðnir frá slysdegi, sem sé verulega umfram þann eins árs frest sem getið sé um í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Jafnvel þó M verði látin njóta vafans og upphaf tilkynningarfrests verði miðað við speglun sem fór fram í apríl 2024 hafi umræddur frestur verið liðinn. Hafi M því glatað rétti sínum til bóta.

Álit.

Í 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga segir eftirfarandi: *Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.* Framangreint ákvæði leiðir ekki sjálfkrafa til þess að umræddur frestur byrji að líða strax á slysdegi, heldur þegar með sanngirni megi ætlast til að tjónþoli geri, eða megi gera, sér grein fyrir því að varanlegar afleiðingar hafi hlotist af tjóni og bótaréttur kunni að vera til staðar.

Það er því háð ákveðnu mati í hverju tilviki við hvaða tímamark skuli miða í þessum efnum og kemur þá ýmislegt til skoðunar, s.s. eðli áverka og batahorfur, hvernig samfellu í einkennasögu og læknisþjónustu er háttað og hvort og hvenær tjónþoli fær þær upplýsingar eða má gera sér grein fyrir, að afleiðingar tjóns séu varanlegar.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi hlotið líkamstjón í slysinu 16. september 2023 og gengist undir aðgerð skömmu síðar. Af læknisfræðilegum gögnum, sbr. samskiptanótu heilsugæslu dags. 9. október 2023 en þann dag fór M í heftatöku og fékk útgefið læknisvottorð vegna umsóknar um P-kort með sex mánaða gildistíma, má ráða að reiknað hafi verið með að M yrði „orðin góð á næstu mánuðum.“

Í göngudeildarnótu dags. 10. mars 2024 kemur fram að M sé enn „talsvert stíf“. M leitaði á heilsugæslu í saumatöku hjá hjúkrunarfræðingi hinn 12. apríl 2024 en í nótu vegna þeirrar komu er ekki getið um ástand hennar að öðru leyti. Í vottorði bæklunarskurðlæknisins X dags. 12. janúar 2025 kemur fram að M hafi gengist undir liðspeglun hjá lækninum Y í apríl 2024. Þá hafi mest verið um að ræða „flexion“ skerðingu og hafi gengið vel framan af en vaxandi verkir hafi verið frá júlí 2024 og sjúkraþjálfun ekki skilað árangri. Gekkst M undir aðra liðspeglunaraðgerð hjá X hinn 14. október 2024. Síðasta skráða koma M til X var hinn 9. maí 2025 en þá fannst henni sem það gengi sæmilega en að ekki hefði verið framgangur í „exstension“ síðustu tvo til þrjá mánuði.

Af þeim, þó fremur takmörkuðu, læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að samfella sé í þeirri læknismeðferð sem M hefur hlotið frá slysdegi. Virðist þá sem upphaflega hafi verið gert ráð fyrir að M næði sér að fullu innan einhverra mánaða og verður því ekki fallist á að miða við slysdag sem það tímamark sem M hafi haft tilefni til að ætla að slys hennar hefði í för með sér varanlegar afleiðingar. Þvert á móti virðast læknisfræðileg gögn gefa það til kynna að fulls bata væri að vænta. Verður að telja að M hafi ekki mátt vera það ljóst, né að læknar hafi gefið henni það til kynna, að afleiðingar slyssins kynnu að verða varanlegar fyrr en í fyrsta lagi í kjölfar liðspeglunaraðgerðar hinn 14. október 2024.

Þar sem tilkynning um slysið barst V hinn 11. júní 2025 verður því talið að hún hafi borist innan þess eins árs frests sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 44/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Smábátatrygging.

Altjón. Ábyrgð á förgun skipsflaks. Gildissvið vátryggingar. Samsömun. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 29. maí 2025, strandaði báturinn A, sem er í eigu félagsins M, hinn 21. maí 2025. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni fór björgunarsveit daginn eftir og dró bátinn í Njarðvíkurhöfn en til stóð að hífa hann upp úr höfninni daginn eftir. Hinn 4. júní 2025 var X, skipstjóri M, boðaður í skýrslutöku hjá lögreglu vegna mögulegs brots á 1. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985. V tilkynnti M um að það hygðist greiða bætur vegna altjóns til samræmis við vátryggingarfjárhæð í skírteini smábátatryggingar með tölvupósti dags. 5. júní 2025.

Í málskoti M kemur fram að afstaða þess sé sú að V hafi verið óheimilt að binda bótagreiðslu því skilyrði að M tæki við flakinu enda hafi það orðið verðlaust í kjölfar meðferðar V á því eftir að bótaskylda var samþykkt. Þá krefst M þess að V beri kostnað af geymslu og förgun flaksins enda hafi sá kostnaður skapast í kjölfar ákvarðana V eftir að altjón varð á A. Ákvarðanir V um framkvæmd og tímasetningu björgunaraðgerða hafi leitt til verulegrar rýrnunar á verðmæti A eftir strandið en þrátt fyrir það hafi greiðsla bóta verið háð því að M tæki við flakinu og bæri kostnað vegna þess.

Ekki hafi verið um miklar skemmdir að ræða í kjölfar strandsins. Hafi því á þeim tíma verið raunhæfur möguleiki á björgun verðmæta. Lýsir M þá atvikum við björgunina en m.a. hafi björgunarsveit sem kölluð var til ekki verið með réttan búnað til að ljúka björgun í kjölfar strandsins. Þá hafi björgunaraðgerðir verið stöðvaðar tímabundið þar sem dregist hafi að fá samþykki V fyrir greiðslu þeirra. Þegar slíkt samþykki lá loks fyrir hafi A verið fluttur í höfn þar sem hann hafi verið látinn liggja á botni hafnarinnar í um 20 klukkustundir þar sem björgunaraðgerðum hafi verið frestað vegna yfirvinnubanns. Eftir að báturinn var dreginn í land hafi komið í ljós verulegar skemmdir á honum. Því hafi stór hluti tjónsins ekki orðið við strandið sem slíkt heldur vegna aðstæðna sem tengdust björgunaraðgerðum. Þær aðstæður séu ekki á ábyrgð M. M hafi því orðið fyrir kostnaði vegna geymslu og óhjákvæmilegrar förgunar flaksins. Sé það óeðlilegt og ósanngjarnt en um sívaxandi kostnað sé að ræða sem kominn sé til vegna ákvarðana V.

Eftir að V hafi fallist á bótaskyldu vegna altjóns hafi það svo breytt afstöðu sinni, hafnað bótaskyldu og sett fram endurkröfu. Sú afstaða sé „ekki hluti af þessu málskoti og verður rekin sérstaklega“.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi greitt bætur vegna altjóns á A til samræmis við skilmála og vátryggingarskírteini, þ.e. 3.659.349 kr. og björgunarkostnað að fjárhæð 543.368 kr. Er því mótmælt að V beri skylda til þess að yfirtaka flak eða leifar hins tryggða hlutar eftir altjón enda séu skilmálar skýrir varðandi það að um rétt, en ekki skyldu, sé að ræða. V hafi ekki viljað yfirtaka flakið og sé það þar af leiðandi á ábyrgð M að ráðstafa því. Hafi það tjón M sem vátryggingin taki til verið að fullu bætt. Kostnaður við förgun sé ekki hluti þess tjóns sem vátryggingunni er ætlað að bæta. Henni sé ætlað að bæta tap á verðmæti báts en ekki kostnað eiganda af því að losa sig við verðlausar leifar. Er því þá hafnað að M hafi verið beittur ólögmætri nauðungu eða að ólögmæt skilyrði hafi verið sett fyrir bótagreiðslum. Hafi orðið skemmdir á flaki A við björgun þess, en það hvíli á M að sanna það, sé þá um sjálfstætt tjónsatvik að ræða sem tilheyri ekki því tjóni sem V hafi greitt bætur vegna. Auk þess hvíli sú skylda á M að takmarka tjón sitt og gæta að því að verðmæti færu ekki forgörðum við björgunina.

Í bréfi V kemur einnig fram að M hafi verið tilkynnt um að V áskilji sér rétt til afturköllunar á viðurkenningu á bótaskyldu, eða eftir atvikum endurkröfu á þeim bótum sem M hafi fengið greiddar. Sú afstaða byggi á því að í blóði skipstjórans, X, hafi greinst leifar af kannabis. Hafi hann því verið

undir áhrifum ávana- og fíkniefna við stjórn A. Í 3. mgr. 238. gr. siglingalaga komi fram að mælist ávana- og fíkniefni í blóði eða þvagi skipverja teljist hann vera undir áhrifum slíkra efna og ekki hæfur til að stjórna skipi í skilningi 2. mgr. sama ákvæðis. Sé þá um að ræða brot á varúðarreglu skilmála smábátatryggingar sem leitt geti til brottfalls eða skerðingar bótaréttar, en að mati félagsins séu bein orsakatengsl milli strands A og ástands X. X sé þá forsvarsmaður M og þar af leiðandi skýr heimild til að samsama því með háttsemi hans. Áskilji V sér því rétt til endurkröfu á greiddum bótum. Að endingu vísar V til þess að M hafi veitt ófullnægjandi og beinlínis rangar upplýsingar sem leiði til algjörs brottfalls bótaréttar sbr. 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 með því að upplýsa ekki strax um framangreint. Auk þess hafi M ekki upplýst um veð sem hvíldi á A en því hafi mátt vera fullljóst að slíkar upplýsingar hefði bein áhrif á rétt þess til bóta.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að X hafi verið fluttur af vettvangi vegna meiðsla og hafi því enga aðkomu haft að framkvæmd björgunar eftir það tímamark. Er því jafnframt hafnað að X hafi ekki verið í ástandi til að stýra A enda sýni niðurstaða blóðsýnatöku aðeins fram á leifar efnisins en ekki áhrif þess og hafi V ekki sýnt fram á nein orsakatengsl milli þess og strandsins. Áréttar M þá að engin gögn liggi fyrir um virkt veð í A. Er jafnframt ítrekað að bótagreiðsla hafi verið bundin því óeðlilega skilyrði að M tæki við flakinu. V ætti að hafa undir höndum upptökur símtala þar sem þessi skilyrðing komi fram.

Álit.

Aðila greinir í fyrsta lagi á um hvort V hafi borið að taka við eignarhaldi á A í kjölfar altjóns. Í g.-lið 3. gr. skilmála þeirra sem voru í gildi á tjónsdegi segir m.a.: *Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir altjón eða einstaka hluti öðlast það rétt tryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutnum sem það hefur bætt.* V byggir á því að hér sé um valkvæðan rétt að ræða, þ.e. að félagið eigi val um hvort slík eignarréttindi flytjist til þess við altjón. Líta má svo á að tilgangur ákvæða af þessum toga sé almennt sá að veita vátryggjanda rétt til að taka við leifum hins vátryggða, en ekki að skapa honum skyldur og kostnað því samfara.

Í þessu tilviki er orðalag umrædds ákvæðis þó að mati nefndarinnar skýrt og afdráttarlaust um það að komi til altjóns öðlist V eignarréttindi vátryggðs yfir þeim hlut, þ.e. í þessu tilviki A, sem um ræðir. Orðið „rétt“ eins og það kemur fyrir í umræddu ákvæði vísi þannig til eignarréttar yfir viðkomandi hlut en ekki réttar V til að ákveða hvort það öðlist þann eignarrétt. Af orðalagi ákvæðisins verður því að telja að eignarréttur umrædds hlutar, þ.e. í þessu tilviki A, flytjist yfir til V, þ.e. það öðlist hann enda kveður ákvæðið ekki á um undantekningar á þeirri tilhögun. Að fenginni framangreindri niðurstöðu með orðalagstúlkun kemur tilgangsskýring þá ekki til frekari álita. Er það einnig til samræmis við þá almennu framkvæmd við uppgjör altjóna að vátryggingafélag eignast leifar eða flak þess munar sem verður fyrir altjóni nema sérstaklega sé samið um rétt vátryggðs til þess. Verður í þessu tilliti einnig að líta til þess að hafi ætlan V verið sú að um valkvæða tilfærslu eignarréttar væri að ræða hefði því verið í lófa lagið að haga orðalagi einhliða saminna skilmála sína með öðrum hætti.

Bar V samkvæmt framangreindu að taka við eignarréttindum M yfir A í kjölfar altjóns.

Hvað varðar auknar skemmdir á A sem M telur að hafi orðið við björgunaraðgerðir þá liggja engin gögn, svo sem matsgerðir eða annað, fyrir um að slíkar skemmdir hafi átt sér stað. Þó má vissulega gera ráð fyrir því að það hafi aukið á tjón A að draga hann ekki beint á land heldur geyma hann næturlangt í höfninni. Þar sem fallist var á að um altjón væri að ræða, og samkvæmt því voru hámarksbætur samkvæmt vátryggingarskírteini greiddar út, verður þó ekki séð annað en að M hafi fengið tjón það sem varð á A að fullu bætt.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi X, sem var skipstjóri A og jafnframt forsvarsmaður M, leiði til skerðingar eða brottfalls bótaréttar M. Þó M vísi til þess í málskoti að ágreiningur um það atriði verði rekinn sérstaklega telur nefndin sér ekki annað unnt en að taka á þeim þætti málsins, enda hafa báðir aðilar fært fram röksemdir sínar vegna hans.

Fyrir liggur að samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældist tetrahýdrókannabínól í blóði X í magninu 1,6 ng/ml. Samkvæmt 2. mgr. 238. gr. siglingalaga má enginn reyna að stjórna skipi, stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða, ef hann vegna neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, vegna sjúkdóms eða þreytu eða af öðrum orsökum, er óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt. Í 3. mgr. 238. gr. segir að mælist ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim í blóði eða þvagi skipverja eða þess annars sem nánar

greinir í 2. mgr. telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr. Er því ljóst að X var óhæfur til þess að sigla A umrætt sinn.

Eftir sem áður þarf að leysa úr því hvort framangreint skuli leiða til skerðingar bóta samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga á grundvelli þess að X hafi orðið valdur af tjóninu með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis, þ.e. hvort orsakatengsl séu milli háttsemi X og tjónsins.

Við skýrslugjöf fyrir lögreglu hinn 4. júní 2025 lýsti X því m.a. að vandræði hefðu verið með fjarskiptabúnað A, hann hefði þannig gert tilraunir til að „kalla sig út“ en ekki fengið nein svör. Af frásögn hans má ráða að hann hafi í kjölfarið siglt af stað á sjálfstýringu og hugað að rafmagnsbúnaði A á meðan siglingu stóð. Hann hafi horft á sjóinn „af og til“ en þetta hafi bara verið ein mínúta. Þá segir hann að hann hafi farið „náttúrulega allt of hratt.“ Ef hann hefði litið fyrr upp frá vinnu sinni við rafmagnstöfluna hefði hann séð að hann var að stefna upp í kletta. Hann hafi þá ekki verið með hugann við það sem hann hefði kannski átt að vera að gera. A hafi verið á sjálfstýringu nokkuð nálægt landi en hefði X litið upp hefði hann séð í hvað stefndi.

Af framangreindu verður að telja að X hafi sýnt af sér nokkurt dómgreindarleysi við stjórn A í aðdraganda tjónsins. Af því, svo og þeirri staðreynd að X taldist umrætt sinn óhæfur til að stjórna A, skv. 2. mgr., sbr. 3. mgr., 238. gr. siglingalaga, telst X hafa valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi við stjórn bátsins.

Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga er, í vátryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi, heimilt að semja svo um að vátryggður, þ.e. M, geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa. Svo slík samsömun sé heimil þarf viðkomandi að hafa slíka stöðu innan starfseminnar að samsömun sé sanngjörn og eðlileg. Fyrir liggur að X er jafnframt forsvarsmaður M og er þar af leiðandi heimilt að semja um slíka samsömun M við háttsemi hans. Skilmálar húftryggingarliðar smábátatryggingar A mættu að ósekju vera skýrari um þetta atriði en í skilmálum hennar kemur þó fram að um hana gildi einnig almennir skilmálar V. Í 20. gr. þeirra kemur skýrlega fram að sé trygging tekin í tengslum við atvinnurekstur geti félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verður því litið svo á að samið hafi verið um samsömun í skilningi 3. mgr. 29. gr. laganna og verður M því samsamað með háttsemi X umrætt sinn.

Í ljósi alls framangreinds og að teknu tilliti til allra atvika málsins telst hæfilegt að skerða bætur til M um helming.

Niðurstaða.
V skal taka við eignarréttindum M yfir A. M á rétt á bótum vegna altjóns á A, en heimilt er að skerða bætur til þess um helming.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 45/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Upplýsingaskylda.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. mars 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 29. maí 2025, strandaði báturinn A, sem er í eigu félagsins X, hinn 21. maí 2025. M, sem er fyrirsvarsmaður X og var skipstjóri og eini skipverji A umrætt sinn, varð fyrir meiðslum við strandið og liggja fyrir vottorð um óvinnufærni hans frá slysdegi til 24. september 2025.

M tilkynnti V um líkamstjón sitt með tjónstilkynningu dags. 24. nóvember 2025 og krafðist bóta úr slysatryggingu sjómanna. Með bréfi dags. 3. desember 2025 hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess að M hefði valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi auk þess sem hann hefði vísvitandi veitt ófullnægjandi og beinlínis rangar upplýsingar um atvik að baki tjóninu.

M gerir í málskoti athugasemdir við þá afstöðu og fer fram á fullar bætur úr slysatryggingu sjómanna vegna tjóns síns.

Í bréfi V er vísað til þess að M haldi því fram að strandið hafi stafað af bilun í A sem olli því að báturinn missti stjórn og strandaði og að ekki sé ágreiningur um orsök slyssins. V hafnar því alfarið og vísar til frumskýrslu lögreglu dags. 29. maí 2025, en af henni megi ráða að M hafi strax verið grunaður um brot á 1. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þ.e. orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu. M hafi lagt af stað þrátt fyrir að talstöð virkaði ekki, sett bátinn á sjálfsstýringu meðan hann reyndi að laga talstöðina og skömmu síðar hafi A strandað. Þá hafi 1,6 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli mælst í blóði M. Hafi hann því verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við stjórn A. Í 3. mgr. 238. gr. siglingalaga komi fram að mælist ávana- og fíkniefni í blóði eða þvagi skipverja teljist hann vera undir áhrifum slíkra efna og ekki hæfur til að stjórna skipi í skilningi 2. mgr. sama ákvæðis.

Jafnframt telur V að M hafi vísvitandi veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar í því skyni að fá bætur sem hann eigi ekki rétt til, sem leiði einnig til brottfalls bótaréttar samkvæmt 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og almennum skilmálum V. Hafi M borið að upplýsa um fíkniefnaneyslu sína í síðasta lagi í skriflegri tjónstilkynningu til V.

Af framangreindu er afstaða V því sú að engin bótaskylda sé fyrir hendi úr slysatryggingu sjómanna.

Í viðbótarathugasemdum M er því alfarið hafnað að hann hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem leiða eigi til algers missis bótaréttar. M hafi ekki verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í þeim skilningi að dómgreind hans eða hæfni til starfa væri með nokkrum hætti skert. Niðurstaða blóðrannsóknar hafi ekki legið fyrir fyrr en síðar og hafi M ekki haft neina vitneskju um að leifar af tetrahýdrókannabínóli gætu mælst í blóði löngu eftir neyslu. Engin sérfræðileg greining þess efnis að leifar efnisins í blóði M hafi valdið skertri hæfni eða orsakað umrætt tjón liggi fyrir. Tjónið hafi átt sér stað í tengslum við bilun í fjarskiptabúnaði og aðgerðir M við lagfæringar á honum. Þegar M var spurður um hvort hann hefði verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna hafi hann því svarað til samræmis við raunverulegt ástand sitt og upplifun á tjónsdegi. Sé því ekki sýnt fram á að M hafi haft ásetning til að afla sér bóta með sviksamlegum hætti.

Í viðbótarathugasemdum V segir að ekki skipti máli hvernig M hafi upplifað áhrif þeirra fíkniefna sem mældust í blóði hans. Það eitt að slíkt efni mælist í blóði leiði til þess að M teljist samkvæmt

siglingalögum hafa verið undir áhrifum og það eitt og sér leiði til algers brottfalls bótaréttar vegna stórkostlegs gáleysis. Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu sé þá ljóst að aðrir þættir hafi komið til, en M hafi viðurkennt að hafa siglt A of hratt og verið með hugann við annað en stjórn hans. Er þá áréttuð sú afstaða að M hafi veitt V rangar upplýsingar, t.a.m. hafi hann ekki upplýst um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna auk þess sem hann hafi haldið því fram í tjónstilkynningu að rafmagnstruflanir kynnu að hafa valdið stefnubreytingu A. Það fái enga stoð í gögnum málsins sem beri með sér að M hafi sett A á sjálfstýringu og sjálfur farið að gera eitthvað allt annað en að fylgjast með siglingarstefnu hans.

Álit.

Fyrir liggur að samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældist tetrahýdrókannabínól í blóði M í magninu 1,6 ng/ml. Samkvæmt 2. mgr. 238. gr. siglingalaga má enginn reyna að stjórna skipi, stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða, ef hann vegna neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, vegna sjúkdóms eða þreytu eða af öðrum orsökum, er óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt. Í 3. mgr. 238. gr. segir að mælist ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim í blóði eða þvagi skipverja teljist hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr. Er því ljóst að M var óhæfur til þess að sigla A umrætt sinn.

Eftir sem áður þarf að leysa úr því hvort framangreint skuli leiða til skerðingar bóta samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga á grundvelli þess að M hafi orðið valdur af tjóninu með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis, þ.e. hvort orsakatengsl séu milli háttsemi M og tjónsins. Samkvæmt því ákvæði má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Við skýrslugjöf fyrir lögreglu hinn 4. júní 2025 lýsti M því m.a. að vandræði hefðu verið með fjarskiptabúnað A, hann hefði þannig gert tilraunir til að „kalla sig út“ en ekki fengið nein svör. Af frásögn hans má ráða að hann hafi í kjölfarið siglt af stað á sjálfstýringu og hugað að rafmagnsbúnaði A á meðan siglingu stóð. Hann hafi horft á sjóinn „af og til“ en þetta hafi bara verið ein mínúta. Þá segir hann að hann hafi farið „náttúrulega allt of hratt.“ Ef hann hefði litið fyrr upp frá vinnu sinni við rafmagnstöfluna hefði hann séð að hann var að stefna upp í kletta. Hann hafi þá ekki verið með hugann við það sem hann hefði kannski átt að vera að gera. A hafi verið á sjálfstýringu nokkuð nálægt landi en hefði M litið upp hefði hann séð í hvað stefndi.

Af öllu framangreindu verður að telja að M hafi sýnt af sér nokkurt dómgreindarleysi við stjórn A í aðdraganda tjónsins. Af því, svo og þeirri staðreynd að M taldist umrætt sinn óhæfur til að stjórna A, skv. 2. mgr., sbr. 3. mgr., 238. gr. siglingalaga, telst M hafa valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi við stjórn bátsins.

V vísar þá til þess að heimilt sé að fella niður bótarétt M á grundvelli þess að hann hafi veitt V rangar og ófullnægjandi upplýsingar og er vísað til 2. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga því til stuðnings. Rétt er að taka fram að fyrrgreinda ákvæðið á við um skaðatryggingar en það síðara um persónutryggingar eins og hér um ræðir. Ákvæði 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga er svohljóðandi: *Sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til glatar öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta. Ákvæði 94. gr.gildir eftir því sem við getur átt.* Ólíkt því sem fram kemur í 2. mgr. 47. gr. er því ekki gerður áskilnaður um ásetning vátryggðs. Í athugasemdum í greinargerð með 120. gr. segir þó að um efnislega sama ákvæði sé að ræða. Í öllu falli verður að miða við að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar þurfi að vera veittar vísvitandi svo beiting 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga komi til álita, sbr. og dóm Landréttar í máli nr. 46/2024 hvað þetta atriði varðar.

Fyrir liggur að M var kallaður til skýrslugjafar hjá lögreglu hinn 5. júní 2025 vegna gruns um að hafa gerst sekur um yfirsjón eða vanrækslu í starfi samkvæmt 238. gr. siglingalaga. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi skýrslu lögreglu að grunur hafi þá verið uppi um að M hafi verið undir áhrifum fíkniefna

við stjórn A og ber skýrslan ekki með sér að M hafi verið spurður um það atriði. Ekki liggja heldur fyrir nein gögn er sýni fram á að M hafi verið ákærður vegna brota gegn 238. gr. siglingalaga. Þá er ekki ljóst hvenær M fékk vitneskju um niðurstöðu fyrirliggjandi blóðrannsóknar, né verður af fyrirliggjandi gögnum ráðið að hann hafi vísvitandi leitast við að villa um fyrir V. Af gögnum málsins verður þá ekki ráðið að tilefni sé til að draga í efa það mat M að hann hafi ekki verið undir áhrifum í hefðbundnum skilningi umrætt sinn þó það hnekki ekki þeirri staðreynd að hann var, í skilningi 2. mgr., sbr. 3. mgr. 238. gr. siglingalaga, óhæfur til að stjórna A.

Þykir af öllu framangreindu ekki nægilega sannað að skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga séu uppfyllt og verður V að bera hallann af því.

Í ljósi alls framangreinds, að framkvæmdu heildstæðu mati þeirra atriða sem tiltekin eru í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga og að teknu tilliti til atvika málsins telst hæfilegt að skerða bætur til M um tvo þriðju hluta.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um tvo þriðju hluta.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 46/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Vátryggingavernd. Vátrygging fallin úr gildi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. janúar 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 21. apríl 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að kviknað hafi í íbúð M að [...] 26. ágúst 2022. Upptök eldsins hafi verið að rekja til rafhlöðu rafhlaupahjóls sem sprakk með þeim afleiðingum að eldur kviknaði og breiddist hratt út. Umfangsmikið tjón varð á íbúð M. Altjón varð á innbúi og persónulegum eigum M, íbúðin varð óíbúðarhæf, köttur M dó í brunanum, M var heimilislaus í um þrjá mánuði og varð óvinnufær um tíma vegna alvarlegs áfalls og missti í kjölfarið starf sitt. M hafi bæði orðið fyrir heilsu- og fjárhagstjóni vegna atviksins. Heimili M hafi verið tryggt hjá V um lengri tíma, en vátryggingin hafi runnið út 10 dögum fyrir brunann, nánar tiltekið 9. ágúst 2022. Ástæða þess hafi verið tímabundinn greiðsluvandi M vegna ófyrirséðra útgjalda. Þar sem engin trygging var til staðar á tjónsdegi tók V málið ekki til efnislegrar meðferðar á sínum tíma. M óskaði eftir við V að það endurskoðaði afstöðu sína til málsins. Með tölvupósti frá 20. janúar 2026 ítrekaði V að umrædd vátrygging hefði ekki verið í gildi á tjónsdegi og af þeim sökum væri bótaskylda ekki til staðar úr vátryggingunni. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt í fyrsta lagi að um skammvinnt rof tryggingarinnar hafi verið að ræða eftir langvarandi tryggingasamband. Slíkt skipti verulegu máli við sanngirnismat. Í öðru lagi hafi verið um óviðráðanlegt slys að ræða. Bruninn hafi stafað af tæknilegum galla í rafhlöðu neytendavöru og hafi verið með öllu ófyrirséður. Í þriðja lagi hafi afleiðingar brunans verið alvarlegar, M hafi orðið fyrir heimilisleysi, heilsutjóni, atvinnumissi og misst gæludýr sitt. Í fjórða lagi mótmælir M því að einhliða fullyrðingar um fjölda sendra tilkynninga sanni að M hafi með fullri vitund samþykkt niðurfellingu vátryggingaverndar. M byggir á að synjun V sé andstæð meginreglum íslensks samningaréttar og vátryggingaréttar, einkum sanngirnisreglu, meðalhófsreglu, tryggðarskyldu samningsaðila og góðum viðskiptaháttum. M fer þess á leit að nefndin úrskurði að V beri bótaskyldu vegna umrædds brunatjóns, að hluta eða öllu leyti, eða að lágmarki að V beri að endurmeta mál M á grundvelli sanngirni og meðalhófs.

Í athugasemdum V er byggt á því að V hafi fellt niður fjölskyldutryggingu M með sannanlegum og fullnægjandi hætti 10. ágúst 2022. M hafi ekki haft neina tryggingu í gildi hjá V á tjónsdegi. V hafi sagt upp fjölskyldutryggingu M 9. ágúst 2022 vegna vangoldinna iðgjalda en M hafi þá ekki greitt umsamið iðgjald tryggingarinnar, sem tók gildi 24. september 2021. V vísar til 33. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.) um heimild til uppsagnar skaðatryggingar að loknum mánaðar löngum greiðslufresti. Í ákvæðinu komi fram að sé iðgjaldið ekki greitt að liðnum greiðslufresti geti V losnað undan ábyrgð með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Það er skilyrði þess að V losni úr ábyrgð að tilkynningin beri skýrlega með sér að vátryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests. V hafi sent M tilkynningu um ógreidda kröfu 29. maí 2022 og hvatt til greiðslu. Þá hafi V minnt M ítrekað á kröfuna með smáskilaboðasendingum í skráð farsímanúmer hjá M, en það sé sama númer og M vísi til í málskoti. Þann 9. júní 2022 hafi V gefið út viðvörun um niðurfellingu tryggingarinnar ef krafan yrði ekki greidd fyrir 23. júní 2022, en sú viðvörun hafi verið send með bréfpósti sama dag. Þann 10. ágúst 2022 tilkynnti V um uppsögn tryggingarinnar vegna vangoldinna iðgjalda og felldi hana samhliða niður. Tilkynning um niðurfellingu hafi einnig verið send M með ábyrgðarpósti 11. ágúst 2022. Með vísan til framangreinds hafi trygging M verið felld niður með sannanlegum og fullnægjandi hætti 10. ágúst 2022.

Í viðbótarathugasemdum M er byggt á því að V hafi ekki tekist á sýna fram á að fjölskyldutrygging M hafi ekki verið felld niður með lögmætum hætti. Skilyrði 33. gr. vsl. séu ekki uppfyllt. Það sé á ábyrgð

V að sýna fram á að M hafi móttekið tilkynningu um uppsögn vátryggingarinnar. M byggir á að hún hafi ekki fengið viðvörunarbréf né tilkynningu. Póstkassinn hafi verið ómerktur. Engin móttökukvittun liggi fyrir um að hún hafi móttekið umrædda uppsögn og þá fullnægi smáskilaboð í farsíma ekki kröfum ákvæðisins. Framlögð gögn sýni aðeins að bréfið hafi verið sent en ekki að það hafi verið móttekið. M krefst þess að vátryggingin teljist hafa verið í gildi á tjónsdegi og bótaskylda sé fyrir hendi. Að öðrum kosti verði fallist á að V geti losnað undan ábyrgð án þess að sanna móttöku tilkynninga, sem samrýmist ekki lögum.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að M hafi ekki haft í gildi fjölskyldutryggingu á tjónsdegi hjá V. Hvorki í 33. gr. vsl. né í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi því sem varð að lögunum sé kveðið nánar á um form eða sendingarmáta tilkynningarinnar, né er gerð krafa um staðfestingu á móttöku eða lestri hennar. V vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 387/2010. Dómurinn taldi að þrátt fyrir að ekki hafi verið sannað að bréfið hefði borist vátryggingartaka í eigin persónu, að þá yrði vátryggingafélaginu ekki kennt um það, þar sem öll bréf voru send á lögheimili og félaginu ekki tilkynnt um flutning. Hæstiréttur hafi þannig fallist á að sending með ábyrgðarpósti á lögheimili sé almennt fullnægjandi jafnvel þótt móttaka liggi ekki fyrir. Í fyrri athugasemdum kom fram að V hafi gert ítrekaðar tilraunir til að vekja athygli M á þeim afleiðingum sem það hefði að greiða ekki iðgjald tryggingarinnar. Það sé afstaða V að þær tilraunir uppfylli ekki aðeins þau skilyrði sem lög um vátryggingarsamninga gera til V heldur fari umfram þær skyldur, þannig hafi V ekki aðeins sent M bréfpóst og ábyrgðarpóst heldur einnig smáskilaboð í farsíma. Með vísan til framangreinds og fyrri athugasemda er það afstaða V að M hafi ekki haft í gildi tryggingu á tjónsdegi.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að því hvort fjölskyldutrygging sem M var með hjá V hafi verið sagt upp með lögmætum hætti.

Í 1. mgr. 32. gr. vsl. er kveðið á um að þegar greiðsla iðgjalds er ekki skilyrði þess að ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefjist, falli iðgjaldið í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist samkvæmt samningnum. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans. Hafi ábyrgð félagsins hafist helst hún áfram þótt greiðsla sé ekki innt af hendi innan hins tilgreinda frests. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. vsl. er kveðið á um að sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. 32. gr. og félagið ber ábyrgð getur það losnað undan henni með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Áskilið er að tilkynning skuli skýrlega ber með sér að vátryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests.

Samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingarskírteini tók fjölskyldutrygging M gildi 24. september 2021 en ekki liggur fyrir hver gjalddagi iðgjaldsins var. Í málinu liggja fyrir gögn um að V hafi 10. janúar 2022 sent M smáskilaboð í uppgefið símanúmer vegna vanskila á greiðslu iðgjaldsins. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum kom eftirfarandi m.a. fram í smáskilaboðunum: „Ertu nokkuð að gleyma okkur? Við bendum á að það eru ógreiddar kröfur frá okkur í netbanka. Vinsamlegast gerið skil sem fyrst.“ Þann 8. febrúar 2022 var M sendur tölvupóstur vegna vanskila á greiðslu iðgjalds. Orðalag þess tölvupósts liggur þó ekki fyrir. Eftir það hafi V sent M sambærileg smáskilaboð og áður, mánaðarlega, þ.e. 9. febrúar 2022, 9. mars 2022, 11. apríl 2022 og 9. maí 2022. M hafi á ný verið sendur tölvupóstur 10. maí 2022 en ekki liggur fyrir hvert orðlaga hans var. Þá var M sendur greiðsluseðill í heimabanka 20. maí 2022 eftir að beingreiðslur voru felldar niður. Þann 25. maí 2022 var M send sambærileg smáskilaboð og áður og innheimtubréf 29. maí 2022.

Þann 9. júní 2022 sendi V til M viðvörun um niðurfellingu tryggingarinnar í pósti á skráð lögheimili og vátryggingarstað, sbr. 33. gr. vsl. Í bréfinu segir: „Með tilvísan til vátryggingaskilmála félagsins og 33. og 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 tilkynnist þér hér með að sé iðgjald neðangreindra vátrygginga ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs verður vátryggingin felld niður að þeim tíma loknum. Ábyrgð félagsins verður þá lokið.“

Þann 10. ágúst 2022 sendi V til M tilkynningu um niðurfellingu tryggingarinnar í pósti á skráð lögheimili og vátryggingarstað, sbr. 33. gr. vsl. Í tilkynningunni segir: „Þrátt fyrir innheimtutilraunir okkar og þar sem áður sendum viðvörunum hefur ekki verið sinnt, tilkynnist yður hér með að

neðangreind trygging er fallin úr gildi.“ Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var tilkynningin send M í rekjanlegum póst 11. ágúst 2022.

Með hliðsjón af framangreindu liggur fyrir að V hefur skýra heimild til að losna undan ábyrgð sé iðgjald ekki greitt enda sé vátryggingataki, þ.e. M í þessu máli, upplýstur um niðurfellingu vátryggingar vegna vanskila á iðgjaldi, sbr. 33. gr. vsl. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að V sendi M fimm smáskilaboð í uppgefið símanúmer, tvo tölvupósta, greiðsluseðil í heimabanka, innheimtubréf og minnti á greiðslu iðgjaldsins. Þá var M send aðvörun í pósti á lögheimili og vátryggingarstað 9. júní 2022 um að vátryggingin myndi falla niður ef iðgjaldið yrði ekki greitt innan tilskilins tíma, allt í samræmi við kröfur 1. mgr. 33. gr. vsl. V felldi vátrygginguna þó ekki niður fyrr en rúmum sex vikum síðar. Vegna staðhæfingar M í viðbótarathugasemdum um að póstkassi á heimili hennar hafi verið ómerktur er það mat nefndarinnar að M verði að bera hallann af slíku.

Þá verður lagt til grundvallar að tilkynning V um niðurfellingu tryggingarinnar frá 10. ágúst 2022, hafi verið send M með fullnægjandi hætti, þ.e. í rekjanlegum pósti á lögheimili og vátryggingarstað, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 387/2010. Í 1. mgr. 33. gr. vsl. er ekki gerð krafa um að vátryggingartaki þurfi að kvitta fyrir móttöku tilkynningar um niðurfellingu tryggingar líkt og M byggir á. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat nefndarinnar að V hafi staðið rétt að niðurfellingu tryggingarinnar og hún hafi fallið úr gildi 9. ágúst 2022. Tryggingin var ekki í gildi þegar umrætt tjón varð.

Engin gögn hafa verið lögð fram í máli þessu um að skilyrði 2. mgr. 33. gr. vsl. séu uppfyllt, þ.e. að vátryggingartaki hafi ekki getað greitt fyrir lok frests 1. mgr. 33. gr. vsl. vegna ófyrirséðra hindrana. Í málskoti kemur fram að M hafi ekki getað greitt iðgjaldið vegna tímabundins greiðsluvanda. Á bls. 220 í ritinu Bótaréttur II kemur fram að peningaleysi falli ekki undir að vera ófyrirséð hindrun í skilningi ákvæðisins, enda sé það almenn regla kröfuréttar að það leysi skuldara ekki undan því að sæta vanefndarúrræðum kröfuhafa. Þá hefur ekkert komið fram í málinu um að skilyrði 3. mgr. 33. gr. vsl. séu uppfyllt, þ.e. að iðgjaldið hafi verið greitt eftir lok greiðslufrestsins.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er nefndinni óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu í málinu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 47/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging - frítímaslysatrygging.

Tjónstilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 23. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. febrúar 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu til V, dags. 11. mars 2025, kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þegar hún fékk bjálka í höfuðið við vinnu í sumarbústað 13. júlí 2023. Hún leitaði strax í kjölfarið til læknis og var greind með heilahristing. M gerði kröfu um að fá það tjón sem hún varð fyrir bætt úr frímtímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V. Með tölvupósti, dags. 19. mars 2025, hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar í málinu með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Eins ár frestur til þess að tilkynna um atvikið hefði verið útrunninn. V byggir afstöðu sína á að samkvæmt því sem fram kemur í sjúkraskrá Landspítalans, beri að miða upphafstíma tilkynningarfrests við slysdag. Þá strax hafi M fengið þær upplýsingar að hún hafi hlotið heilahristing í umrætt sinn. Gögn málsins bendi einnig til þess að M hafi ekki aftur leitað læknisaðstoðar vegna afleiðinga slyssins. Þær læknisheimsóknir sem skráðar séu eftir 13. júlí 2024 séu að mati V ekki hægt að tengja við umræddan höfuðáverka. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á að M hafi ekki verið kunnugt um að hún glímdi við langvarandi afleiðingar heilahristings fyrr en í viðtali hjá D í febrúar 2025 þar sem læknir hafi benti henni á að skoða tryggingar vegna slyssins.

Í athugasemdum V er fyrri afstaða ítrekuð, þ.e. að M hafi tilkynnt um slysið of seint til V og bótaréttur sé ekki til staðar úr frítímaslysatryggingu M. V byggir á að í ljósi þess sem fram kemur í sjúkraskrá X sé það mat V að miða skuli upphaf ársfrests við slysdag. Ekki sé að sjá aðra komu vegna slyssins í fyrirliggjandi sjúkraskrá og því sé ekki unnt að miða við annað tímamark. Í færslu frá 18. nóvember 2024 segir þó m.a.: „fékk heilahristing fyrir ári síðan, er að byrja hægt og rólega.“ Ekki sé greint frá nánari einkennum né minnst á umrætt slys. Það sé því mat V að á slysdegi hafi M verið kunnugt um þau atvik sem unnt væri að reisa bótakröfu á og því hafi tilkynningarfrestur byrjað að líða við það tímamark. Tjónstilkynning hafi ekki borist innan þess frests sem kveðið er á um í 124. gr. laga nr. 30/2004, sbr. einnig 25. gr. almennra skilmála félagsins. Til viðbótar byggir V á því að gögn málsins renni ekki stoðum undir það að þau einkenni sem M glími við megi rekja til slyssins. Það liggi fyrir að M glími við fjölþættan heilsufarsvanda. Þá sé engin samfella í sjúkrasögu M og því sé það einnig afstaða V að orsakatengsl milli einkenna M og slyssins séu ósönnuð.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að M hafi ekki fengið vitneskju um að hún glímdi við langvarandi einkenni heilahristings fyrr en í viðtali hjá lækni á vegum D í febrúar 2025. Þá fer M fram á að óvilhallur sérfræðingur verði fengið til þess að leggja mat á afleiðingar slyssins.

Álit.
Í 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga segir: „Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.“

Framangreint ákvæði leiðir ekki sjálfkrafa til þess að umræddur frestur byrji að líða strax á slysdegi, heldur þegar með sanngirni megi ætlast til að tjónþoli geri, eða megi gera, sér grein fyrir því að varanlegar afleiðingar hafi hlotist af tjóni og bótaréttur kunni að vera til staðar. Það er því háð ákveðnu mati í hverju tilviki við hvaða tímamark skuli miða í þessum efnum og kemur þá m.a. til skoðunar, svo sem eðli áverka og batahorfur, hvernig samfellu í einkennasögu og læknishjálp er háttað og hvort og hvenær tjónþoli fær þær upplýsingar eða má gera sér grein fyrir, að afleiðingar tjóns séu varanlegar.

Af gögnum málsins er óumdeilt að M varð fyrir slysi 13. júlí 2025 og var greind með heilahristing og hálstognun, sbr. færslu í sjúkaskrá heilsugæslu sama dag. Jafnframt liggur fyrir að bæði fyrir og eftir slys glímdi M við fjölþættan heilsufarsvanda. Þann 10. október 2023 var M vísað í meðferð hjá D og samkvæmt starfsgetumati læknis frá 31. janúar 2025 hófst sú meðferð í janúar 2024. Samkvæmt greinargerð sálfræðings á vegum D, dags. 11. júní 2024, kemur fram að M hafi m.a. undirgengist mat og greiningu vegna einkenna eftir heilahristing þrisvar sinnum. Þann 28. febrúar 2024 hafi farið fram svokölluð grunnmæling og M verið mæld með „Miðlungs heilahristingseinkenni“. Þann 11. apríl 2024 hafi M undirgengist framvindumælingu og verið mæld með „Miðlungs heilahristingseinkenni“ og þann 23. maí 2024 hafi M á ný undirgengist framvindumælingu og verið mæld með „Alvarleg heilahristingseinkenni“. Þá kemur fram í greinargerðinni að M hafi sótt fræðslunámskeið um heilahristing og langvarandi einkenni heilahristings. Í sjúkraskrárfærslu heilsugæslu frá 18. nóvember 2024 er minnst á að M glími við einkenni heilahristings. Í greinargerð sálfræðings frá 29. nóvember 2024 kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir frekari bata af meðferð hjá D. Í starfsgetumati læknis á vegum D frá 31. janúar 2025 segir: „Lenti í slysi sumarið 2023. Fékk þá bjálka í höfuðið. Vankaðist og var óglatt lengi. Eftir það verið með einkenni, höfuðverkur verstur og frá augum. Tvísýni að há henni, á erfitt með lestur og með verki í augum. Þolir illa áreiti eins og hljóð, ljós og birtubreytingar. Einnig með skjálfta í hæ. hendi. Minnisleysi og segir vitlaus orð.“

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni fæst ekki annað séð en að samfella sé í þeirri læknismeðferð sem M hefur hlotið frá slysdegi vegna slyssins. Meðferð M vegna afleiðinga slyssins virðist fyrst hafa hafist hjá D í janúar 2024. Óumdeilt er í málinu að til meðhöndlunar hjá D var einnig annar heilsufarsvandi M, en M glímdi við fjölþættan heilsufarsvanda, sem ekki verður rakinn til slyssins. Að mati nefndarinnar verður því ekki fallist á að miða upphafstímamark tilkynningarfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 við slysdag. Verður að telja að M hafi ekki mátt vera það ljóst, né að heilbrigðisstarfsfólk hafi gefið henni það til kynna, að afleiðingar slyssins kynnu að verða varanlegar fyrr en í fyrsta lagi í kjölfar framvindumælingar sem fram fór 23. maí 2024. Þar sem tilkynning um slysið barst V 11. mars 2025 er það mat nefndarinnar að tilkynning um slysið hafi borist innan þess eins árs frests sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. M á því bótarétt úr frítímatryggingunni hjá V í þeim mæli sem henni tekst að sýna fram á tjón af völdum slyssins 11. mars 2025.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 48/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Sjúkrakostnaður. Tímabundið tekjutap. Annað fjártjón. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. janúar 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. ágúst 2026, ásamt fylgigögnum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. september 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins lenti M í umferðarslysi 23. júlí 2024 og samþykkti V bótaskyldu vegna slyssins 23. ágúst sama ár. Þá kemur fram að V hafi samþykkt að standa að mati á afleiðingum slyssins og hafi upplýst lögmann M um það með tölvupósti 7. janúar 2026. Þann 8. janúar var boðað til matsfundar, sem fara skyldi fram 12. febrúar. Lögmaður M upplýsti matsmenn með tölvupósti dags. 15. janúar 2026 að M gæti ekki staðfest mætingu á matsfund að svo stöddu, þar sem hann dveldist á Filipseyjum og ætti erfitt með að fjármagna ferð sína til Íslands nema V tæki þátt í þeim kostnaði, en viðræður við V þess efnis væru yfirstandandi. Óskaði lögmaður M eftir því að matsmenn héldu matsfundatímanum frá meðan leyst yrði úr þessu. Ekki munu hafa verið frekari samskipti milli M eða lögmanns hans og matsmanna og ekki varð af matsfundi þann 12. febrúar.

Í gögnum málsins kemur einnig fram að lögmaður M hafi óskað eftir ótilgreindri innborgun vegna tjóns M með tölvupósti 26. nóvember 2025, en að V hafi hafnað þeirri beiðni. Þá óskaði lögmaður M eftir því 28. nóvember 2025 að V endurgreiddi kostnað vegna sjúkraþjálfunar, sem M hafi stundað á Filipseyjum, en V svaraði því til að sá kostnaður yrði skoðaður þegar matsgerð lægi fyrir.

Í málskoti greinir M frá því að hann hafi sent V tvö kröfubréf 4. desember 2025, annars vegar vegna tímabundins atvinnutjóns að fjárhæð 92.800 EUR og hins vegar vegna sjúkrakostnaðar að fjárhæð 2.250 EUR. Hafi hann ítrekað fyrrnefndu kröfuna 12. desember 2025. Þá hafi M krafist þess með bréfum dags. 9. janúar, 19. janúar og 23. janúar 2026 að V reiddi af hendi eingreiðslu til að standa straum af kostnaði M við að ferðast á matsfund. Snýr kvörtun M samkvæmt málskoti að því að engar þessara krafna hafi verið teknar til greina af hálfu V og raunar hafi M engin efnisleg svör fengið við þeim. Þó kemur einnig fram í málskoti að V hafi þann 16. janúar 2026 boðið fyrirframgreiðslu að fjárhæð 300.000 kr. sem M hafi hafnað en á móti óskað þess að V annað hvort greiddi honum 680.000 kr. vegna ferðakostnaðar, eða sæi um að bóka ferðalagið og greiða fyrir það. Þessu hafi V ekki svarað.

Verður að skilja málskot M þannig að gerð sé krafa um að viðurkennt verði að V beri að greiða M bætur vegna tímabundins atvinnutjóns og sjúkrakostnaðar, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum skv. lögum nr. 38/2001, auk fyrirframgreiðslu vegna ferðakostnaðar á matsfund. Af kröfubréfum sem send voru til V 4. desember 2025 verður ráðið að um sé að ræða reikninga vegna endurhæfingar að fjárhæð 140.000 PHP (sem jafngildi 2.250 EUR) og mánaðarlegar tekjur að fjárhæð 5.800 EUR, sem reiknist frá slysdegi og þar til mat hafi farið fram og endanlegar bætur verið greiddar. Í báðum kröfubréfum er að auki gerð krafa um dráttarvexti, skv. lögum nr. 38/2001, að liðnum sjö daga greiðslufresti. Í kröfubréfi vegna ferðakostnaðar dags. 9. janúar 2026 er gerð krafa um eingreiðslu að fjárhæð 4.250 EUR, með þeim áskilnaði að fjárhæðin verði ekki endurskoðuð síðar, ekki þurfi að framvísa reikningnum vegna endanlegs kostnaðar, og greiðslan hafi ekki áhrif á aðra bótaþætti. Í öðru bréfi dags. 23. janúar 2026 gerir M þá kröfu að V annað hvort greiði honum eingreiðslu að fjárhæð 680.000 kr. eða gangi sjálft frá nauðsynlegum bókunum og greiði kostnað af þeim.

M byggir á því að V hafi undir höndum næg læknisfræðileg gögn til að taka afstöðu til krafna hans um tímabundið atvinnutjón og sjúkrakostnað, ásamt því sem hann hafi lagt fram gögn um kostnað sinn af

sjúkraþjálfun og gögn um tekjur fyrir slys. Telur M ekki að V hafi fært nein málefnaleg rök fyrir því að hafna uppgjöri þessara greiðslna eða fresta þeim þar til matsgerð liggi fyrir. Hvað varðar ferðakostnað vegna matsfundar vísar M til þess að hann hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að leggja út fyrir þeim kostnaði. Með bréfinu frá 9. janúar 2026 fylgja skjáskot af vefsíðum sem sýna kostnað við mögulegar bókanir vegna flugs, hótels og bílaleigubíls, kröfu M til stuðnings.

Í athugasemdum V er einkum fjallað um þá kröfu M sem varðar fyrirframgreiðslu ferðakostnaðar á matsfund. Rekur V samskipti aðila frá því M sendi kröfu sína þann 9. janúar 2026 og upplýsir að í kjölfar þeirra hafi V fallist á að greiða ótilgreinda innborgun inn á höfuðstól bóta, að fjárhæð 700.000 kr., sem ætlað væri að greiða fyrir því að M gæti lagt út fyrir ferðakostnaði. Sú greiðsla hafi verið framkvæmd 30. janúar 2026. Hins vegar hafi M engar ráðstafanir gert til að koma til Íslands og hafi því ekki orðið af matsfundi 12. febrúar 2026. Ekki hafi verið boðað til nýs fundar. Lýsir V þeirri afstöðu sinni að komið hafi verið til móts við kröfu M hvað varðar fyrirframgreiðslu ferðakostnaðar og það sé nú í höndum M að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að matsfundur geti farið fram. Aðrar kröfur M verði teknar til skoðunar þegar matsgerð liggi fyrir.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M kröfur sínar vegna sjúkrakostnaðar og tímabundins atvinnutjóns, sem hann telur V ekki hafa svarað efnislega. Þá gerir M athugasemd við þá framsetningu V að greiðsla að fjárhæð 700.000 kr. innt af hendi 30. janúar 2026 hafi falið í sér fyrirframgreiðslu ferðakostnaðar, enda hafi verið um að ræða ótilgreinda innborgun inn á höfuðstól tjóns. M kveður þá greiðslu hafa borist of seint til að raunhæft hafi verið að bóka ferð til Íslands fyrir 12. febrúar. M ítrekar vilja sinn til að taka þátt í matsfundi, en óskar eftir að hann verði haldinn gegnum fjarfundabúnað, eða að rökstutt verði sérstaklega hvaða þættir matsins krefjist þess að hann mæti í eigin persónu. Þá ítrekar M kröfu sína um vexti. Óskar M sérstaklega eftir því að nefndin taki afstöðu til (1) höfnunar eða aðgerðaleysis V vegna krafna hans um greiðslu tímabundins atvinnutjóns og sjúkrakostnaðar; (2) eðlis greiðslunnar að fjárhæð 700.000 kr. sem greidd var 30. janúar 2026, þ.e. hvort um sé að ræða ótilgreinda innborgun eða fyrirframgreiðslu ferðakostnaðar; (3) hvaða afleiðingar það skuli hafa á framhald matsferlisins að V aðhafðist ekki í tæka tíð, þannig að M gæti gert ráðstafanir til að mæta á matsfund; og (4) lögbundinna eða eðlilegra vaxta á kröfur M.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi deilt um atriði sem varða komu M á matsfund og kostnað vegna þess. Upphafleg kvörtun M sneri m.a. að kröfu hans um að V greiddi eingreiðslu að tiltekinni fjárhæð til að standa straum af ferðakostnaði, en sú krafa var sett fram með þeim áskilnaði að M þyrfti ekki að framvísa reikningum vegna kostnaðar og að fjárhæðin yrði ekki endurskoðuð síðar. Af málatilbúnaði V má ráða að ekki sé ágreiningur um að sá kostnaður sem M raunverulega hafi af því að ferðast til Íslands á matsfund falli undir annað fjártjón, í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem V beri að bæta. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir á M að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni og þá hvert umfang þess sé. Nefndin telur því að V hafi verið rétt að hafna kröfu M um eingreiðslu, með þeim skilmálum sem M setti fram. V kaus hins vegar að greiða innborgun á höfuðstól tjónsins. Þó taka megi undir það sjónarmið M að slík innborgun verði ekki „eyrnamerkt“ ferðakostnaði, heldur gangi upp í höfuðstól heildartjónsins, er ljóst af samskiptum aðila að þessari greiðslu var meðal annars ætlað að greiða fyrir komu M á matsfund.

Í öðru lagi snýst ágreiningur aðila um það hvort V beri að greiða M bætur vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og vegna sjúkrakostnaðar, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, áður en aflað hefur verið mats á tímabundnum og varanlegum afleiðingum slyssins. Af athugasemdum V og þeim samskiptum aðila sem lögð hafa verið fram verður ráðið að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu V vegna þessara þátta, að svo miklu leyti sem tjón verði staðreynt. Fyrir nefndinni liggja engin gögn um áverka M, meðferð eða óvinnufærni, né reikningar vegna sjúkrakostnaðar. Sú staðreynd að V hafi samþykkt að standa að mati vegna afleiðinga slyssins gefur þó til kynna að meiri líkur en minni séu á að tjón hafi orðið, þó umfang þess sé að svo stöddu ósannað.

Eins og málið liggur fyrir telur nefndin að sú afgreiðsla V að koma til móts við framangreindar kröfur M með því að greiða inn á höfuðstól tjónsins, fremur en að gera upp bætur vegna einstakra bótaþátta, hafi verið réttmæt. Er þar litið til þess að eins og málið er lagt fyrir nefndina skortir öll sönnunargögn

um raunverulegt tjón M, en ljóst er að fyrirhuguðu mati er ætlað að ráða bót á þeim sönnunarskorti. Að svo stöddu telur nefndin ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni umfram það sem bætt hefur verið með innborgun V á höfuðstól tjónsins.

Sú greiðsla barst M tæpum tveimur vikum fyrir fyrirhugaðan matsfund. Verður ekki fallist á það með M að sá fyrirvari hafi verið svo skammur að honum hafi verið ómögulegt að gera ráðstafanir til að mæta á fundinn. Þá verður ekki séð að M hafi gert tilraun til að fá nýjan matsfundartíma síðar, eða átt í neinum samskiptum við matsmenn eftir 15. janúar 2026. Eins og áður var rakið ber M sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni, umfangi þess svo og að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks. Veiti M ekki fulltingi sitt til að mat geti farið fram verður hann að bera hallann af því að tjón hans teljist ósannað.

Hvað varðar vaxtakröfur M, þá bera bætur vegna tímabundins atvinnutjóns vexti frá tjónsdegi skv. 16. gr. skaðabótalaga, en um dráttarvexti fer skv. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu bera skaðabætur dráttarvexti að mánuði liðnum frá því að kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Eins og málið liggur fyrir telur nefndin ekki sýnt fram á að slíkar upplýsingar hafi verið lagðar fram, þannig að dráttarvaxtakrafa verði krafist að svo stöddu.

Með hliðsjón af framangreindu verður að hafna öllum kröfum M.

Niðurstaða.
M á að svo stöddu ekki frekari rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 49/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 26. febrúar 2026.
5. Viðbótargögn frá V, dags. 17. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti gerir M kröfu um að bætur vegna tjóns sem A varð fyrir í kjölfar áreksturs 18. október 2025 og bótaskylt er úr ábyrgðartryggingu B, taki mið af metnum viðgerðarkostnaði á A en ekki mismun á markaðsverðmæti A fyrir og eftir tjón.

M fór með A í viðgerðarmat á viðurkenndu verkstæði í kjölfar tjónsins. Í framlögðum gögnum kemur fram að verkstæðið hafi metið kostnað við viðgerð að fjárhæð kr. 350.000. Fer M fram á að V greiði þá fjárhæð í samkomulagsbætur en ekki kr. 205.000 eins og V hefur boðið. M telur að hann eigi rétt á að fá bættan raunverulegan kostnað við að koma A í sama ástand og fyrir fyrrgreindan tjónsatburð. M hyggst sjálfur gera við A og telur sig eiga rétt á greiðslu bóta í samræmi við viðgerðarmatið. Jafnframt kemur fram í málskoti að V hafi boðið M að auki kr. 15.000 vegna afnotamissis þar sem M hafi ákveðið að leigja ekki bílaleigubíl á meðan viðgerð stendur. M telur sanngjarnar bætur því nema kr. 365.000. Að lokum byggir M á að afstaða V sé ósanngjörn og sé ekki í samræmi við meginreglu vátryggingarréttar um fullar og sanngjarnar bætur.

Í athugasemdum V kemur fram að M hafi sjálfur óskað eftir því að fá greiddar út bætur í stað þess að viðgerð fari fram á A. Í framhaldinu hafi V farið þess á leit við þrjár bílasölur, að lagt yrði mat á verðrýrnun A vegna tjónsins. Tvær bílasölur hafi metið verðrýrnunina kr. 100.000 en sú þriðja á bilinu frá kr. 100.000 til kr. 150.000. V vísar til 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga um að vátryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt, sé ekki um annað samið. Samkvæmt reglum skaðabótaréttar feli það í sér að tjónþoli skuli vera eins settur fjárhagslega og ef tjónið hefði ekki orðið. V telur að samkomulagsbætur að fjárhæð kr. 205.000 bæti að fullu það tjón sem M hefur orðið fyrir enda sé þær hærri en sem nemur metinni verðrýrnun bifreiðasala. V telur því ósannað að tjón M sé annað og meira en þær bætur sem boðnar hafa verið. V telur ekki forsendur til annars en að bætur taki mið af sannanlegu fjárhagslegu tjóni M, sem er verðrýrnun ökutækis, en ekki viðgerðarkostnaði sem ekki fellur til á viðurkenndu verkstæði.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að þrjú óformleg verðmöt frá bílasölum sem hafi ekki skoðað bílinn hafi meira vægi en viðgerðarmat viðurkennds verkstæðis. M ítrekar þá afstöðu að samkomulagsbætur að fjárhæð kr. 205.000 bæti ekki raunverulegt fjártjón á A.

Í viðbótarathugasemdum V, er bent á að bifreiðasalarnir hafi allir fengið afhentar skýrar og greinargóðar ljósmyndir af skemmdum á A áður en þeir lögðu mat á hvaða áhrif umræddar skemmdir hefðu á verðmæti A. Að öðru leyti eru fyrri athugasemdir ítrekaðar.

Álit.

Tjón M er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Ágreiningur málsins snýr að ákvörðun bótafjárhæðar sem V á að greiða M vegna tjóns á A. Bótafjárhæð ákvarðast því af reglum skaðabótaréttar um að tjónþoli eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Sama hugtak er grundvöllur bótaákvörðun 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, þar sem fram kemur að ef ekki sé um annað samið eigi vátryggður rétt á fullum bótum vegna fjártjóns síns. Þrátt fyrir þetta verður 35. gr., þar með talið 2. mgr. þess ákvæðis, ekki beitt með beinum hætti í þessu máli enda er krafa M krafa um skaðabætur sem greiða á úr ábyrgðartryggingu hjá V. Hér er ekki um að ræða bótakröfu vátryggðs á grundvelli vátryggingarsamnings, eins og gildir um bætur á grundvelli framangreindar 35. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Í málinu liggur fyrir að V hefur samþykkt að viðgerð fari fram á A með þeim kostnaði sem því fylgir. Þrátt fyrir það hefur M kosið að fara ekki þá leið og hyggst sjálfur annast viðgerð á A. Með hliðsjón af þeirri stöðu hefur V boðið fram greiðslu á kr. 205.000 í samkomulagsbætur vegna tjóns á A. Til stuðnings þeirri fjárhæð hefur V lagt fram gögn sem stafa frá þremur starfandi bifreiðasölum þess efnis að mismunur á verðmæti A fyrir og eftir tjón sé á bilinu kr. 100.000 til 150.000.

M hefur ekki lagt fram nein gögn sem hnekkt hafa framangreindu mati umræddra bifreiðarsala, þ.e. M hefur ekki sýnt fram á að raunverulegt fjártjón hans nemi hærri fjárhæð en þeim samkomulagsbótum sem V hefur boðið honum að greiða. M hefur ekki lagt fram nein gögn um hver raunverulegur viðgerðarkostnaður A er. Þegar framangreint er haft í huga telur nefndin að boð V um að greiða kr. 205.000 í samkomulagsbætur fyrir tjón á bifreið M sé til þess fallið að bæta fjártjón hans að fullu.

Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M eigi ekki rétt á frekari samkomulagsbótum en þeim sem V hefur boðið, þ.e. kr. 205.000.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum vegna tjóns á A, en þeim sem V hefur boðið úr ábyrgðatryggingu B.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 50/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. júlí 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti voru atvik þau að B var ekið aftan á A, bifreið M, á litlum hraða þann 16. mars 2024. M hafði stöðvað bifreiðina á hægri akrein við hringtorgið við IKEA og Hyundai í Kauptúni. Eftir áreksturinn fann M til eymsla í hálsi, höfði og olnboga og leitaði í kjölfarið á Læknavaktina til skoðunar. Í gögnum Læknavaktarinnar komi fram að M hafi lýst eymslum í vöðvafestum á hnakka og aftan á hálsvöðvum bilat. M var greindur með væga tognun. Þann 19. mars 2024 viðurkenndi V bótaskyldu með fyrirvara um að m.a. ný gögn leiði ekki til annarrar niðurstöðu. Þann 31. janúar 2025 hafnaði V bótaskyldu í málinu, eftir að M lagði fram frekari gögn, og taldi að umræddur árekstur hefði ekki verið til þess fallinn að valda líkamstjóni. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er þess krafist að viðurkennd verði bótaskylda í málinu og því mótmælt að umrætt atvik hafi ekki verið til þess fallið að valda líkamstjóni. M hafi verið óviðbúinn högginu, hafi setið uppréttur með höfuðið hallað fram þar sem hann hafi verið að líta niður á milli fóta sér þegar höggið kom. Við höggið hafi hann fengið hnykk á höfuðið þegar það skall aftur á bak og í höfuðpúðann á sætinu. Í skýrslu sjúkraþjálfara, dags. 29. janúar 2026, komi fram að M hafi hlotið meiðsli við áreksturinn sem séu að hrjá hann mikið í dag þrátt fyrir að 2 ár séu liðin frá slysinu. Í skýrslunni komi fram að M hafi byrjað í sjúkraþjálfun 3 vikum eftir slysið og hafi sinnt meðferð vel og tekið virkan þátt í henni. Meðferðin hafi gengið vel til að byrja með, M hafi náð bata en alltaf hafi verið stutt í að hann yrði slæmur aftur. Einnig hafi M fundið fyrir jafnvægisleysi og svima sem hafi komið og farið. M telur að hann hafi sýnt fram á með framlögðum gögnum að hann hafi sannanlega orðið fyrir líkamstjóni við umrætt slys.

Í athugasemdum V er byggt á að M hafi ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl væri til staðar á milli einkenna sinna og umferðarslyssins. Þau gögn sem liggi fyrir sýni ekki fram á að einkenni M í dag séu vegna umferðarslyssins en engin álits- eða matsgerð óvilhalls aðila liggi fyrir. Af fyrirliggjandi gögnum verði ekki fullyrt, án þess að sérstakt mat fari fram á mögulegum afleiðingum, hvort meiri eða minni líkur séu á að einkenni M tengist árekstrinum. Ljóst sé að ákoma við áreksturinn hafi verið mjög lítil. Meginregla um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verði M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Máli sínu til stuðnings vísar V til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 23/2019, 131/2019, 202/2019 og 173/2021.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að M hafi lagt fyrir nefndin læknisvottorð og skýrslu sjúkraþjálfara og að þau gögn sýni fram á að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni vegna slyssins. Til stuðnings afstöðu sinni vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 907/2024.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M í dag megi að einhverju leyti rekja til áreksturs 16. mars 2024.

Í skýrslu Aðstoðar og öryggis frá 16. mars 2024 er haft eftir M: „*Eftir áreksturinn fann ég til ey[m]sla í hálsi, haus og ol[n]boga og fór á læknavaktina til þess að láta skoða mig.*“ Í sömu skýrslu er haft eftir B: „*Var kannski á 5 km/klst hraða þegar ég rann aftan á hinn bílinn. Ég missti eitthvað í gólfið og teygði mig eftir því og fór örugglega aðeins of mikið af bremsunni með þeim afleiðingum að bíllinn rann löturhægt aftan á dráttarkrókinn á hinum bílnum.*“ Í samskiptaseðli Læknavaktar frá 16. mars 2024 segir: „*Höfuð [M] skelltist aftur í höfuðpúðann. Nú verkur í hnakka og einnig eymsli í olnbogum. Þegar hann lagðist á sófann fann til aftan á hálsinum. Fannst í ca 2 klst eins og hann svifi og fann fyrir innri titringi. Sk: ekki meðtekinn af verk en er stressaður yfir þessu. Full hreyfigeta í hálshrygg, eymsli*

í vöðvafestum á hnakka og aftan á hálsvöðvum bilat. A/P: væg tognun, almennar ráðl. Líður strax betur eftir samtal.“ Í samskiptaseðli Læknavaktar dags. 3. apríl 2024 segir: „S*tatus eftir hálstognun. Verkur með leiðni upp í hnakka. Fer til sjþj. á morgun.*“ Í sjúkraskrá heilsugæslu frá 21. mars 2024 segir: „ [M] [e]*r með hausverk, svima. Gerst tvisvar sinnum. Ekki óglatt, ekki uppköst. Allt í lagi er hann vaknaði í morgun. Skall ekki með hausinn í. Skoðun: Ekki bráð veikur að sjá. Hvellaumur í hnakkanum*.“ Í sjúkraskrárfærslu heilsugæslu frá 7. maí 2024 segir: „*Bílslys fyrir 1 ½ mánuði. [M] [f]innst jafnvægið ekki í lagi. Hjá sjúkraþjálfara x1/viku og finnur lítinn bata. Höfuðverkur, m.a. þegar hann hnerrar. Veltir fyrir sér framhaldinu og óskar eftir læknisskoðun.*“ Í læknisskoðun segir: „*Aftanákeyrsla fyrir nokkrum dögum. Er að taka verkjalyf, panodil og ibufen. Er með hausverk, svima. Gerst tvisvar sinnum. Ekki óglatt, ekki uppköst. Allt í lagi er hann vaknaði í morgun. Skall ekki með hausinn í. Skoðun: Ekki bráð veikur að sjá. Hvellaumur í hnakkanum. Taukaskoðun eðlilegt, dix hallpike framkallar svima. Á/P: 1) Kristallar e tognun og bílslys. Ráðlegg að fá aðstoð sjúkraþjálfara að velta steinunum*.“ Í sjúkraskrárfærslu frá 16. ágúst 2024 segir: „*Lenti í bílslysi í mars. Þegar er að snúa höfði snögglega til hliðar fær hann slæma verki upp í hnakka.*“ Í sjúkraskrárfærslu frá 3. október 2024 segir: „*Bílslys í mars sl., var kyrrstæður ökumaður bíls, fékk annan bíl aftan á sig á ca 30-40 km hraða. Vægar skemmdir á bílum, engir öryggispúðar sprungu. Unnið líkamlega vinnu sl 25 ár, viðkvæmur í öxlum og herðum en eftir þetta óþægindi frá hnakka. Kemur í “köstum”, þegar snýr höfði skyndilega fær hann slæman verk/hitatilfinningu í hnakkann og upp í hvirfil. Varir oftast ekki lengur en nokkrar mín. Verið í sjþj sem hefur hjálpað mikið. Engin brottfallseinkenni í handleggjum. Sk. Góð hreyfigeta í hnakka. Væg eymsli í vöðvafestum í hnakka. Ekki eymsli y hálshryggjarliðum, herðablöðum eða öxlum. Stífur og aumur í vöðvum hálsi og herða. Á/P Fyrst og fremst myalgia nú. Ráðlegg áframhaldandi sjþj, fær einnig norgesic.*“

Jafnframt liggur fyrir staðfesting sjúkraþjálfara á því að M hafi verið í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins.

Í framlagðri sjúkraskrá heilsugæslu M fyrir tímabilið 16. mars 2014 til 7. janúar 2025 eru ítarlegar upplýsingar um heilsufar M. Í sjúkraskrárfærslum heilsugæslu frá 19. september 2014, 14. október 2014 og 15. október 2015 er vikið að slysi sem M lenti í 23. október 2007 og afleiðingum þess. Í færslu frá 15. október 2015 segir: „*[M] kom fyrst til undirritaðrar á [...] þann 23. okóber 2007 vegna þessa slyss. Þar lýsir hann því að hann hafi dottið 10 dögum áður á gólfið á [...]. Hann hafi dottið fram fyrir sig og borið fyrir sig hendurnar og fengið slink á hálsinn. Dagana á eftir finnur hann fyrir svima og jafnvægisleysi. Hann fór á bráðamóttökuna í Fossvogi tveimur til þremur dögum eftir að þetta gerðist. Þar er hins vegar ekkert minnst á þetta slys, en hann segist hafa tekið það fram við meðhöndlandi lækni. Þetta má allt sjá í útprentuðum gögnum úr sjúkraskrá. Þarna var tekin tölvusneiðmynd af höfði, sem sýndi ekkert óeðlilegt. Hann hefur síðan nokkrum sinnum komið til mín vegna afleiðinga þessa og ég sendi hann meðal annars til [...] taugalæknis þar sem hann átti í erfiðleikum með fjarlægðir og fannst hann rekast utan í fólk í vinnunni og jafnvel brjóta glös þegar hann var að laga til á borðum. Hann fór einnig í sjúkraþjálfun árið 2008, [..] Sjálfur segist [M] ekki vera orðinn góður, sé stöðugt illt í hálsi, herðum, hnakka og sefur illa, vegna verkja frá hálsi.*“ Þá kemur fram í sjúkraskrárfærslu frá 21. ágúst 2019 „*Líka með verki frá hálsi, sem leiðir stundum fram í báða handleggi. Álagstengt.*“ Fór í segulómun af hálshrygg og niðurstaðan var: „*Verulegar degenerativar breytingar C5/C6, breið liðþófabungun, væg spinal stenosis. Ekki prolaps en töluverð þrengsli á foramina intervertebrale C5/C6.*“

Það hvílir á M að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu milli umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem hann rekur til slyssins. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum lenti M í slysi 2007 og glímdi við einkenni í höfði og hálsi í kjölfarið. Þá hafði M jafnframt glímt við mikinn heilsubrest fyrir slys sem og eftir slys. Nefndin telur með hliðsjón af framangreindu að fyrirliggjandi gögn nægi ekki til þess að hægt sé að slá því föstu að meiri líkur en minnir séu fyrir því að M hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 51/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta.

Gögn.
1. Málskot móttekið 2. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. feb. 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. mars 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 5. júní 2024 hafi M verið að koma út úr verslun N er hún rak tærnar í hellu sem var laus og í mishæð með þeim afleiðingum að hún féll fram fyrir sig og á hægri öxl. M hafi slasast töluvert og þurft að gangast undir axlaraðgerð þar sem setja þurfti gervilið. M telur að orsök slyssins megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna á gangstéttinni á milli lóðar X og N en hellulagning hafi verið ójöfn og lausar hellur á gangstéttinni. M byggir skaðabótakröfu sína á sakarreglunni en X, sem leigjanda lóðarinnar, hafi borið að sjá til þess að umferð um gangstéttir á lóð þess væru vegfarendum hættulausar. Með því að lagfæra ekki gangstéttina og koma henni í forsvaranlegt horf hafi gangstéttin verið til þess fallin að valda almennri slysahættu. M telur að unnt hefði verið að koma í veg fyrir slysið ef reglulegu viðhaldi hefði verið sinnt eða með því að setja merkingar og lýsingar til að vekja athygli á vanbúnaði stéttarinnar. M vekur athygli á því að stuttu eftir slysið eða í ágúst 2024 hafi kantsteinn verið málaður gulur og vorið 2025 hafi endurbætur verið gerðar á kantsteininum. Gefi þær ráðstafanir sterka vísbendingu um að aðstæður hafi verið óviðunandi og þess eðlis að úrbóta hafi verið þörf. Rík aðgæsluskylda hvíli á eigendum og umráðamönnum fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta og vísar M til dómafordæma því til stuðnings.

V telur ósannað að óhapp M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X heldur hafi verið um að ræða óhappatilvik og aðgæsluleysi M. V vísar til þess að M hafi lagt bifreið sinni á lóð X en verið að koma úr verslun N sem er ekki á lóð X. M hafi ekki gengið eftir göngustígnum eins og hann liggi heldur þvert á hann og hrasað þegar hún rak tá í kantstein. Í lögregluskýrslu megi sjá ljósmynd er hafi verið tekin á slysdegi og sýni sú mynd að enginn kantsteinn hafi verið laus á slysdegi. V mótmælir því að aðstæður á lóðamörkum hafi verið þannig að þörf hafi verið á viðvörunarskiltum. Gönguleiðin sem slík hafi verið örugg en M hafi hins vegar kosið að ganga ekki eftir göngustígnum heldur þvert yfir þannig að hún hafi þurft að stíga niður hæðarmismun á milli göngustígs og lóðar X með þeim afleiðingum að hún féll fram fyrir sig. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hafi hæðarmismunur á lóðarmörkum orðið til vegna framkvæmda við lóð N á árunum 2001-2002. V vísar til þess að hæðarmismunur á milli lóða sé ekki andstæður lögum og reglum og þá hafi hann verið mjög greinilegur og gæti vart hafa dulist þeim sem lögðu leið sína eftir göngustígnum. Þær lagfæringar sem gerðar hafi verið á göngustígnum hafi ekki tengst þessu slysi heldur hafi snjómoksturstæki keyrt utan í kantinn. Þá hafi slysið gerst í byrjun júní og birtuskilyrði mjög góð. Aðstæður á slysdegi hafi mátt vera M ljósar og göngustígurinn hafi verið vel sýnilegur öllum er gengu þar um. Þá búi M í bænum og því vel kunnug staðháttum.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi gengið eftir göngustígnum og ætlað að stíga niður á bílaplanið þar sem bíllinn hennar var en vegna ójafnra kantsteina hafi hún rekið tána í og dottið. Misfellur við kantsteina hafi verið bein afleiðing þess að steinarnir höfðu sigið og færst til hliðanna. Þessi ójafna og ótrygga staða kantsteinanna leiði til óvænts hæðarmunar sem vegafarandi geti hvorki séð né búist við. Slíkar misfellur verði því ekki til vegna hönnunar heldur sé um að ræða viðhaldsgalla.

Álit.
Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið að aðstæður hafi verið með þeim hætti að grípa hefði þurft til sérstakra ráðstafana til að tryggja öryggi vegfarenda. Slysið varð um miðjan dag í byrjun júní þegar bjart var úti og göngustígur vel sýnilegur hverjum þeim er þar gekk hjá. Í stað

þess að ganga eftir göngustígnum og inn á bílaplan á næstu lóð þar sem bifreið hennar var gekk M þvert yfir göngustíginn og rak tána í kantstein er hún steig niður hæðarmismun á lóðamörkum. Sá hæðarmismunur er augljós en mynd í lögregluskýrslu af vettvangi staðfestir ekki að kantsteinn hafi verið laus í téð sinn. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar en ekki atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 52/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

9. Málskot móttekið 2. febrúar 2026.
10. Tölvubréf frá V, dags. 24. febrúar 2026.
11. Ódags. viðbótargögn M.
12. Skýrsla frá Aðstoð & Öryggi, dags. 28. október 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & Öryggi (A&Ö) gerði varð árekstur með bifreiðunum A, og B þann 28. október 2025. Í skýrslunni kemur fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið á Sæbraut í austurátt frá Snorrabraut, B á hægri akrein og A á vinstri akrein. Ökumaður A hafi svo misst stjórn á bifreiðinni er hann skipti um akrein til hægri með þeim afleiðingum að A rásaði á veginum. Hafi A verið á leið yfir á hægri akreinina þegar B var ekið aftan á A. Í skýrslunni er eftirfarandi haft eftir ökumanni A. Kemur fram að framburðurinn var fenginn á ensku: „Ég var að keyra á vinstri akreininni og var að skipta um akrein til hægri en rann aðeins til í snjónum og fékk svo högg aftan á bílinn minn. [X] var með mér í bílnum...“ Í skýrslunni er eftirfarandi haft eftir ökumanni B: „Ég var að keyra á hægri akrein Sæbrautar í austurátt frá Snorrabraut. Skyndilega fór bíll á vinstri akreininni að rása á veginum og endaði inn á minni akrein og ég fór aftan á hann þar þegar hann snarstoppaði. Eins og þetta var á tímabili hefði ég alveg eins getað endað framan á honum því ég vissi ekki hvernig hann myndi enda. Ég var einn í bílnum þegar áreksturinn varð.“

Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök yrði lögð á ökumann A þar sem sannað þótti að hann hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs.

M sættir sig ekki við þá niðurstöðu. Í málskoti byggir M á því að ekki sé réttilega haft eftir ökumanni A í skýrslu A&Ö. Hið rétta sé að A hafi alltaf verið á vinstri akrein, þ.e. ökumaður A hafi ekki verið að færa sig frá vinstri akrein yfir á þá hægri þegar áreksturinn varð. Tekið er fram að ökumaður A sé hvorki talandi á íslensku né ensku. Því dregur M réttmæti skýrslu A&Ö í efa. Bendir M á í þessu sambandi að eftir að ökumaður A hafi talað við túlk hafi hann upplýst að hann hafi allan tímann verið á vinstri akrein.

Í fyrirliggjandi tölvubréfi frá V sem vátryggði bæði A og B, er tekið fram að V geri ekki athugasemdir í málinu.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að ágreiningur er uppi um hvernig beri að skipta sök, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, vegna árekstursins milli A og B. Nefndin telur með vísan í fyrirliggjandi gögn, þ.e. fyrst og fremst skýrslu frá A&Ö, að leggja beri til grundvallar að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi brotið gegn 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þar kemur fram að áður en ökumaður skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Með vísan til framangreinds hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Að gefnu tilefni telur nefndin að M hafi ekki lagt fram gögn sem sýnt gætu fram á að rétt væri að draga réttmæti skýrslu A&Ö í efa.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum milli A og B.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 53/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 23. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 31. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 1. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast í húskynnum X 2. janúar 2025. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi runnið í fitu á gólfi á veitingastað X sem var tilkominn vegna þess að diskur hafi dottið í gólfið og brotnað. Þar er jafnframt fullyrt að ekki hafi verið gripið til viðeigandi úrræða af hálfu X, eftir að diskurinn datt. Þannig hafi talsverður tími liðið frá því tímamarki þar til starfsmaður X, sem sjáist á fyrirliggjandi myndbandsupptöku, hafi komið á vettvang til að hreinsa upp. Því hafi hvorki verið búið að strjúka yfir svæðið né þrífa það með fullnægjandi hætti er slysið varð. Þá heldur M því einnig fram að umræddur starfsmaður hafi ekki verið með viðeigandi útbúnað til að þrífa fitulagið af gólfinu. M hafi fyrst tekið eftir umræddum starfsmanni eftir að hann slasaðist enda hafi ekkert gefið það til kynna að einhver væri að þrífa gólfið og það væri því varasamt að ferðast þar um. Þannig hafi svæðið hvorki verið girt af né sett upp viðvörunarskilti.

M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu enda verði slysið rakið til saknæms athafnaleysis starfsmanna X, þ.e. að þeir hafi vanrækt að þrífa gólfið almennilega eftir að diskurinn brotnaði. Telur M framangreinda skyldu vera ríkari en ella í ljósi þeirrar þjónustu sem fari fram í húsnæði X. Vísar M m.a. í Hrd. frá 1. apríl 2004 í máli nr. 385/2003, máli sínu til frekari stuðnings. Einnig er í þessu samhengi vísað til 13. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti. Telur M að það hafi verið tiltölulega auðvelt fyrir starfsmenn X að koma í veg fyrir slysið, t.d. með því að girða svæðið af eða merkja það og þannig vekja athygli viðskiptavina á hættunni, eða einfaldlega þrífa gólfið með fullnægjandi hætti. Þetta hafi allt brugðist. Telur M að rekja megi slysið til hættulegra aðstæðna á vegum X, nokkuð sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Bendir V á að á fyrirliggjandi myndbandsupptöku af atvikinu megi sjá hvernig kærandi, skömmu eftir að diskurinn brotnaði, lítur niður á gólfið og stígur beint á það svæði þar sem diskurinn brotnaði, með þeim afleiðingum að hann rennur. Á myndbandsupptökunni sem og fyrirliggjandi skjáskoti, megi einnig sjá að starfsmaður X var í óða önn að þrífa svæðið. Tekur V fram að þó ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um það hversu langur tími leið frá því að diskurinn brotnaði og þar til gripið var til aðgerða á vettvangi, sé hins vegar ljóst, skv. upplýsingum frá X, að ekki hafi liðið langur tími þar á milli. Þá liggi einnig fyrir að áður en slys M átti sér stað, þá var starfsmaður X, eins og áður sagði, í óða önn að þrífa svæðið og hafði þ.a.l. gripið til viðeigandi ráðstafana í kjölfar þess að umræddur diskur brotnaði. Bendir V á að það komi fram á myndbandinu að starfsmaður X hafi verið að þrífa gólfið þegar M gengur til baka í öfuga átt og rennur til í þeirri fitu sem hafði myndast á gólfinu. M hafi því mátt vera það ljóst að þar væri starfsmaður að þrífa svæðið enda sjáist á myndbandsupptökunni hvernig M leit niður og æddi áfram, í stað þess að ganga í hina áttina eins og ætlast var til. Þá bendir V á að sambærilegt atvik hafi aldrei komið upp hjá X. Samkvæmt upplýsingum frá X sé það almenna verklag viðhaft á veitingastaðnum að starfsmenn gangi um salinn allan daginn á afgreiðslutíma og þrífi eftir þörfum. Þannig uppfylli X þá skyldu að haga rekstri þannig að heilsa og öryggi þeirra sem þjónustuna sækja sé sem best tryggð. Þá sé fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku gætt í hvívetna.

Telur V að ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisráðstafana eða athafnaleysis starfsmanna X. Sönnunarbyrði fyrir því að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisráðstafana eða athafnaleysis starfsmanna hvíli á M. V telur að sú sönnun hafi ekki tekist.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð. Þá bendir M á að ríkar skyldur hvíli á eigendum fasteigna þar sem rekin er verslunarstarfsemi og að ítrekað hafi verið lögð skaðabótaábyrgð á þá sem hafa ekki risið undir þeim skyldum. Sömuleiðis bendir M á að V segi í athugasemdum sínum að á myndbandsupptökunni megi sjá að starfsmaðurinn sé í óða önn að þrífa svæðið. M telur þetta rangt, enda sé kælir staðsettur fyrir framan starfsmanninn á upptökunni. Það sjáist ekki í starfsmanninn fyrr en eftir að M hafi slasast. Þá er áréttað að það hafi liðið langur tími frá því að diskurinn brotnaði og þar til starfsmaður kom á vettvang til að þrífa gólfið. Það sé því ekki rétt, líkt og V haldi fram, að það sé ljóst að ekki hafi liðið langur tími þar á milli. Þá hafi V ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á þetta.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað það sem fram kemur í bæði höfnunarbréfi sem og í fyrri athugasemdum til nefndarinnar. Þá er því alfarið hafnað að X hafi ekki sinnt þeim skyldum sem lagðar eru á fasteignareigendum líkt og M haldi fram. Auk þess bendir V á að M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að langur tími hafi liðið milli þess að umræddur diskur brotnaði og þar til starfsmaður kom á vettvang. Telur V að gögn málsins sýni að skammur tími hafi liðið þar til atvik gerðust. Þá bendir V á að eftirfarandi komi fram í slysaskýrslu frá X: „*Slasaði rennur til á fitu á gólfi eftir að diskur brotnaði, flýgur á hausinn, Fallið gerist þegar [viðskiptavinur] gengur fram hjá starfsmanni að þrífa gólfið*“. Telur V því ljóst að farið hafi verið eftir öllum verkferlum hjá X og að starfsmenn hans hafi gripið strax til viðeigandi viðbragða í kjölfar slyssins. V bendir einnig á að það virðist liggja fyrir tvær skýrslur frá öryggisverði X þar sem lýsing á atvikinu sé ekki nákvæmlega sú sama.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. M byggir kröfu sína á hinni ólögfestu bótareglu um vinnuveitandaábyrgð. Sú regla gerir það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Þó vissulega séu almennt gerðar ríkar kröfur til eigenda veitingastaða um að þeir tryggi öryggi viðskiptavina sinna breytir það ekki því sem að framan greinir um sönnunarreglur í skaðabótarétti.

Nefndin telur að í raun sé ekki ágreiningur í málinu um hvernig slysið atvikaðist, þ.e. að M féll er hann steig á hálan blett þar sem matardiskur hafði áður fallið í gólfið og brotnað. M byggir á því að langur tími hafi liðið frá því að diskurinn datt í gólfið og þar til gripið var til ráðstafana af hálfu X til að þrífa gólfið og því hafi skapast varasamar aðstæður fyrir viðskiptavini, sem X verði að bera hallan af. Gegn neitun V þá telur nefndin ekki að M hafi tekist að sýna fram á þetta. Þá telur nefndin einnig ósannað að óeðlilega hafi verið staðið að þrifunum. Nefndin telur því liggja fyrir að X hafi í umrætt sinn uppfyllt þá skyldu sína að sjá til þess að gólfið yrði þrifið innan eðlilegs tíma og að eins og aðstæður voru hafi ekki verið þörf á að grípa til frekari ráðstafanna til að tryggja öryggi viðskiptvina, t.d. að girða svæðið af eða setja upp viðvörunarskilti. Þá telur nefndin að sjá megi á fyrirliggjandi myndbandi að starfsmaður X var að þrífa gólfið þegar M slasaðist. Þá verði ekki betur séð en að M hafi mátt vera þetta ljóst þegar hann gekk á stað. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sýna fram á að bótaskilyrði vinnuveitandaábyrgðarreglunnar séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 54/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Gildissvið vátryggingar. Notkunarhugtak laga.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. febrúar 2026 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 18. maí 2024 hafi M orðið fyrir líkamstjóni sem ökumaður A, sem sé stór vöruflutningabifreið, svokölluð búkolla. Hafi M í umrætt sinn verið að ferja grjót milli svæða og hafi grafa verið notuð til að ferma A. Við það verk hafi stór grjóthnullungur, sem hafi vegið mörg tonn, fallið úr mikilli hæð af skóflu gröfunnar og á pall A með þeim afleiðingum að M, sem sat í ökumannssæti A, kastaðist til og hlaut af því líkamstjón.

M byggir á því að tjón hans sé bótaskylt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. V hafi hins vegar hafnað kröfu hans með bréfi dags. 9. desember 2025 með þeim rökum að skilyrði þess ákvæðis væru ekki uppfyllt, þ.e. tjón M yrði ekki rakið til notkunar ökutækis.

M fellir sig ekki við þau málalok og rekur í málskoti að hann hafi verið við stjórn A þegar verið var að ferma hana, eftir að hafa ekið henni að gröfu til að taka á móti farmi í því skyni að halda áfram efnisflutningum. Hann hafi setið í ökumannssætinu með vél bifreiðarinnar í gangi þegar slysið varð og hafi A aðeins verið staðnæmd um stundarsakir en að fermingu lokinni hafi frekari akstur verið fyrirhugaður. M bendir á að í dómaframkvæmd hafi það ekki verið talið skilyrði þess að ökutæki sé í notkun að það sé á ferð, enda tengist notkunin eiginleikum þess sem ökutækis. Viðurkennt hafi verið að vörubifreið teljist í notkun, við fermingu og affermingu enda sé það órjúfanlegur þáttur í eðlilegri notkun þungra bifreiða á borð við A. Vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 150/2006 og nr. 146/2007 því til stuðnings.

M byggir einnig á því að bótaskylda geti verið til staðar þótt utanaðkomandi atburður eigi þátt í tjónsatviki, enda sé ökutækið í notkun þegar slysið verður og er vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 223/1994 og 331/2014 í því samhengi.

Tjón M hafi átt sér stað við hefðbundna og eðlilega notkun A og beint orsakasamband sé milli þess að M var stjórnandi A og líkamstjóns hans. Séu þau skilyrði bótaskyldu sem tilgreind séu 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar því uppfyllt.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki að slys M verði rakið til notkunar A, enda verði það ekki rakið til vélarafls A eða hættueiginleika hennar við fermingu eða affermingu. Dómafordæmi þau sem M vísi til eigi þá ekki við í málinu enda hafi þar í öllum tilvikum verið um að ræða tjón sem leiddi beint af sérstökum hættueiginleikum bifreiðanna eða áfasts búnaðar þeirra eða af því að þær voru á hreyfingu og því í notkun sem ökutæki.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til meðfylgjandi yfirlýsingar vinnuveitanda M þar sem m.a. kemur fram að skófla gröfunnar hafi verið biluð umræddan dag og það valdið því að stórir steinar hafi fallið hratt á pall A.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að samkvæmt mati þess sé slys M að rekja til notkunar gröfunnar en ekki notkunar A.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar skal slysatrygging ökumanns og eiganda tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis, enda verði slysið rakið til notkunar þess.

Af gögnum málsins verður ráðið að M sat í ökumannssæti bifreiðarinnar A þegar verið var að ferma hana með aðstoð gröfu. Fyrir liggur að M hafði ekið A að gröfunni til að taka við farmi og að fermingu lokinni hafi verið fyrirhugað að halda áfram akstri með efnið á annan stað. Verður því lagt til grundvallar að A hafi verið staðnæmd um stundarsakir í tengslum við fermingu hennar og því í sjálfu sér verið í notkun þegar slysið átti sér stað.

Samkvæmt gögnum málsins varð tjón þegar stór grjóthnullungur féll úr skóflu gröfu og á pall A. Var það fall steinsins sem olli því að M kastaðist til í ökumannssætinu og hlaut líkamstjón.

Að virtum atvikum málsins verður því ekki talið að slys M hafi orsakast af hreyfingu A, öðrum hættueiginleikum hennar sem ökutækis eða sérstökum búnaði hennar. Þvert á móti verður að telja að gögn málsins bendi til þess að tjón hans hafi orsakast af notkun gröfunnar sem nýtt var til að ferma A og e.t.v. því að skófla gröfunnar var biluð.

Verður samkvæmt framangreindu ekki talið að tjón M verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 23. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 55/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. febrúar 2026, ásamt fylgiskjali.
2. Athugasemdir V1, dags. 19. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 25. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. apríl 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð árekstur á milli A, en eigandi hennar er M og B, á bifreiðastæði við [...] 22. nóvember 2025. Í málskoti er árekstrinum þannig lýst að bifreiðinni B hafi verið bakkað á A á bílastæði fyrir utan tilgreinda verslun. Þegar áreksturinn varð hafi M verið búinn að bakka A út úr stæði og verið lagður af stað áfram þegar B hafi verið bakkað aftan á A. Hafi ökumaður B viðurkennt á vettvangi að hann hafi ekki séð A og ekki gætt að sér. Í tjónaskýrslu Aðstoðar og öryggis (A&Ö) er eftirfarandi haft eftir ökumanni B: *„Ég var að bakka út úr stæði þegar ég bakkaði óvart á hinn bílinn. Ég var að bakka aðeins út til að laga mig til í stæði. Ég ætlaði svo að aka aftur inn í stæðið. Hinn var kominn hins vegar út úr sínu stæði eftir að hafa bakkað. Ég sá aldrei hinn bílinn fyrir árekstrinn. Mér skildist á hinum aðilanum að hann hafi verið búinn að bakka út og verið stopp. Ég held þetta sé miklu meira mér að kenna en honum. Það sést held ég ekkert á mínum bíl eftir árekstrinn.“* Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta bæri sök jafnt milli ökumanna A og B þar sem hvorugur þeirra hafi gætt nægjanlega vel að sér við akstur aftur á bak. M unir ekki þeirri niðurstöðu.

Í athugasemdum V1, sem vátryggði A, eru færð rök fyrir því að rétt sé að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Telur V1 að framburður ökumanns B í skýrslu A&Ö eigi að leiða til þeirra niðurstöðu. Þar komi fram að ökumaður B hafi bakkað óvart á A, sem hann hafi aldrei séð og að áreksturinn sé miklu meira honum að kenna en M. Bendir V1 á að fjölmörg fordæmi séu um að þegar ökumaður kveðst ekki hafa séð hina bifreiðina í aðdraganda áreksturs, þá sé það ekki afsökun sem leysi hann undan ábyrgð. Dómaframkvæmd leggi áherslu á að ökumanni beri að sýna fyllstu aðgæslu og varúð í umferðinni. Í því sambandi vísar V1 einnig til úrskurða úrskurðarnefndar í málum nr. 259/2021, 45/2019 og 273/2018.

Í athugasemdum V2, sem vátryggði B, eru færð rök fyrir því að rétt sé að skipta sök jafnt milli ökumanna, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 Tekur V2 fram að í málinu sé óumdeilt að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs og hafi báðir ökumenn því gerst brotlegir við 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem kveður á um að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Engin gögn séu í málinu önnur en einhliða framburður M sem styðji þá frásögn að hann hafi verið búinn að stöðva og verið að hefja akstur áfram. V2 vekur jafnframt athygli á því að huglæg afstaða málsaðila til tjónsatviks á vettvangi hafi ekki áhrif á sakarskiptingu í málum og fyrri ekki ökumenn þeirri ábyrgð sem á þeim hvíli samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M að hann hafi skoðað vel í kringum sig og passað að engin væri fyrir aftan, þegar hann hafi bakkað. Þegar hann hafi verið búinn að bakka og verið rétt lagður af stað áfram hafi ökumaður B bakkað út úr stæði því sem B stóð í og á A. Telur M að hann hafi ekki átt að þurfa að passa það sem var fyrir aftan A þegar hann hafi verið lagður af stað áfram. Ökumaður B hafi ekki verið byrjaður að bakka úr stæði þegar búið var að bakka A. Þá bendir M á að þegar A&Ö hafi haft samband við ökumanns B hafi hann viðurkennt sök sína í málinu.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli ökumanna A og B vegna áreksturs 22. nóvember 2025. M byggir á því að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. V1 deilir þeirri sýn en V2 telur að skipta beri sök jafnt milli ökumanna þar sem hvorugur þeirra hafi sýnt nægilega aðgæslu í aðdraganda árekstursins þegar þeir hafi ekið bifreiðunum aftur á bak.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga segir að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Af gögnum málsins er ljóst að báðum ökutækjum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Hins vegar liggur ekki ótvírætt fyrir sönnun þess að þegar áreksturinn varð hafi M verið búinn að bakka A úr stæði og verið lagður af stað áfram. Þrátt fyrir að nefndin telji framangreint ósannað liggur fyrir að M byggir málatilbúnað sinn m.a. á því að ökumaður B hafi viðurkennt á vettvangi að hafa ekki séð A er hann bakkaði og að hann hafi ekki gætt að sér. Þetta staðfestir síðan ökumaður B í samtali við skýrsluhöfund frá A&Ö. Er þar beinlínis haft eftir ökumanni B að hann haldi að áreksturinn sé miklu meira honum að kenna en M. Þegar framangreint er haft í huga telur nefndin að M hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að ökumaður B, en ekki M, hafi brotið gegn framangreindu ákvæði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga í aðdraganda árekstursins. Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að rétt sé að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum 22. nóvember 2025.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 56/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 3. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. febrúar 2026 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 18. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi í verslun Y hinn 5. mars 2024. Atvik hafi verið þau að starfsmaður X, sem einnig hafi verið í versluninni, hafi klifrað upp á geymslupall í þriggja til fjögurra metra hæð til að sækja þar steinullarbala sem hafi verið 20-30 kíló að þyngd. Við meðhöndlun á balanum, þ.e. þegar hann fjarlægði plastumbúðir af honum, hafi starfsmaður X misst takið á balanum með þeim afleiðingum að hann féll á höfuð M sem var staddur þar fyrir neðan. Varð M fyrir líkamstjóni við atvikið.

Er þess krafist að úrskurðað verði um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X enda hafi starfsmaður þess ekki gætt þeirrar varúðar sem krefjast megi. Um hafi verið að ræða gáleysislega meðferð á þungu byggingarefni í opnu rými og fyrirséð að alvarlegt tjón gæti hlotist af, enda hafi viðkomandi starfsmanni mátt vera ljóst að fólk gæti verið statt fyrir neðan pallinn. Með eðlilegri aðgæslu og vönduðum vinnubrögðum, s.s. með því að fá aðstoð við burðinn, hefði þá mátt afstýra tjóninu. Ekki sé heldur útilokað að umræddur starfsmaður hafi viljandi látið steinullina falla af pallinum. Jafnvel þó byggt væri á því að viðkomandi hefði hrasað með fyrrgreindum afleiðingum væri slík hrösun þá afleiðing þess að rétt vinnubrögð hefðu ekki verið viðhöfð. Umræddur starfsmaður hafi haft fulla stjórn á verkinu og borið að sýna tilhlýðilega varúð við aðstæður þar sem tjón var fyrirsjáanlegt. Orsakatengsl séu ljós og með hliðsjón af öllum aðstæðum verði að teljast sýnt fram á gáleysislega hegðun tjónvalds.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að starfsmaður X hafi lýst atvikum svo að hann hafi dottið um ull sem var á gólfi millilofts þar sem steinullin var geymd. Sú ull hafi verið úr öðrum ullarbala en þeim sem hann var að handleika og við fall hans hafi ullin skotist fram af milliloftinu, undir grindverk sem sé þar og á M. Sé því rangt að heill bali hafi fallið niður, enda sé jafnframt ljóst af ljósmyndum af vettvangi að heill bali komist ekki undir grindverkið. Sé af framangreindu ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að lýsing V á atvikum samræmist hvorki lýsingu þess í afstöðubréfi sem sent var M hinn 13. október 2025 né þeirri lýsingu sem fram komi í tölvupósti frá öryggisstjóra Y. Þar komi fram að starfsmaður X hafi fært til ullarbala og tekið plast utan af ullarbala á pallinum og þá hafi balinn fallið fram af pallinum. Sé ekki hægt að leggja síðari atvikalýsingu, sem fyrst hafi komið fram í bréfi V til nefndarinnar, til grundvallar niðurstöðu málsins.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að félagið telji sig ekki bundið af rangri atvikalýsingu í höfnunarbréfi. Samkvæmt X og Y hafi atvik verið þau að starfsmaður X hafi fallið um ull sem lá á gólfinu og hún hafi svo skotist af milliloftinu og lent á M. Starfsmaður X sé einn til frásagnar um það hvað gerðist á milliloftinu, en starfsmaður Y hafi hins vegar staðfest að aðeins ein ullarmotta hafi fallið niður. Er þá ítrekað að ómögulegt sé að heill ullarbali geti hafa skotist fram af loftinu með þessum hætti. Er þá ítrekað að athafnir starfsmanns X hafi ekki verið saknæmar.

Álit.
Ábyrgðartryggingu atvinnureksturs er ætlað að bæta tjón sem fyrirtæki bera skaðabótaábyrgð á. Þannig þarf að vera um það að ræða að tjón verði rakið til saknæmrar háttsemi X, starfsmanna þess, annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Sönnunarbyrði þess að svo sé hvílir á M.

Óumdeilt er að steinull féll af geymslupalli eða millilofti í verslun Y og lenti á M. Hins vegar greinir aðila verulega á um það hvernig atvikum var háttað. M byggir á því að starfsmaður X hafi misst heilan steinullarbala fram af pallinum vegna gáleysislegrar meðhöndlunar á honum, en V heldur því fram að starfsmaðurinn hafi hrasað um ull sem lá á gólfi pallsins með þeim afleiðingum að hún skaust fram af pallinum. Engin vitni urðu að atvikinu en í tölvupósti starfsmanns Y til lögmanns M, dags. 16. júlí 2024, er atvikum lýst með þeim hætti sem M byggir á. Virðist sú lýsing byggja á skoðun myndbands sem að einhverju leyti virðist hafa sýnt atvik málsins, þ.e. starfsmann X færa til bala og opna plast utan af honum og svo hafi „skuggi balans“ sést þegar hann féll niður. Í tölvupósti sama starfsmanns Y til M, dags. 24. febrúar 2026, er tekið fram að það hafi bara verið hluti úr einum bala sem féll niður. Að öðru leyti verður ekki séð að starfsmaður Y hafi sent breytta atvikalýsingu til V og virðist atvikalýsing þess byggð á frásögn starfsmanns X, en sjálfstæð lýsing hans á atvikum liggur þó ekki fyrir nefndinni. Eins og mál þetta liggur fyrir verður að miða við upphaflega atvikalýsingu sem stafaði frá Y og ber með sér að hún sé byggð á myndbandsupptöku, þ.e. eins langt og sú atvikalýsing nær.

Verður því að miða við að starfsmaður X hafi farið upp á geymslupall eða milliloft, fært ullarbala þar til og opnað plast utan af einum slíkum. Hvað síðan gerðist er óljóst, jafnvel þó miðað sé við upphaflega atvikalýsingu Y, þ.e. hvort viðkomandi hafi hrasað eða fallið um lauslega ull á gólfinu, eða hvort hann hafi misst takið á balanum þannig að balinn eða hluti hans, féll á M. Eru atvik að því leyti þar af leiðandi ósönnuð og verður M að bera hallann af því.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki talið nægilega sýnt fram á að viðkomandi starfsmaður X hafi sýnt af sér gáleysislega háttsemi umrætt sinn. Þótt slysið hafi orðið við meðhöndlun á steinull á geymslupalli verður ekki af því einu ráðið að vinnubrögð hafi verið ófullnægjandi eða að ekki hafi verið gætt þeirrar aðgæslu sem krefjast mátti miðað við aðstæður. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á það með neinum gögnum að það hafi verið óforsvaranlegt af viðkomandi að ætla sér að bera steinullarbala einsamall, eða að gáleysi hafi falist í því að opna umræddan bala. Liggur þá ekkert fyrir um að aðstæður á umræddum geymslupalli eða millilofti hafi verið slíkar að hætta af háttsemi starfsmanns X væri augljós. Liggur þannig t.a.m. ekkert fyrir um almennt verklag í þessum efnum né um að Y hafi gefið viðskiptavinum sínum einhverjar leiðbeiningar eða tilmæli hvað framangreint varðar.

Verður því ekki talið sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 57/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A) og (B)

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. febrúar 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V2, dags. 19. febrúar 2026.
3. Athugasemdir V1, dags. 25. febrúar 2026, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar og öryggis frá 11. desember 2025 kemur fram að síðdegis sama dag hafi árekstur orðið á milli A og B við hringtorg við Akrabraut og Arnarnesveg í Garðabæ. Bæði A og B hafi verið ekið eftir Akrabraut til austurs í átt að hringtorginu við Arnarnesveg. Unnið hafi verið að tvöföldun akreinar þar sem ekið er inn á hringtorgið frá Akrabraut. Ökumenn A og B sögðust báðir hafa verið með akstursstefnu inn á ytri hring. A, bifreið M, var hægra megin á akreininni og B var vinstra megin. Bifreiðarnar voru hlið við hlið í aðdraganda árekstursins og var ekið inn í hringtorgið á sama tíma en ökumaður A hemlaði stuttu síðar þegar hann varð var við að B var ekið inn í ytri hring. B var þá ekið með hægri hlið utan í vinstra framhorn A. Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta bæri sök jafnt milli A og B. Ökumaður B bæri helming sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að annarri umferð áður en hann ók af stað úr kyrrstöðu. Ökumaður A bæri helming sakar fyrir ógætilegan framúrakstur hægra megin.

Í málskoti byggir M, á því að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri. M hafnar því alfarið að ökumaður A hafi verið að aka fram úr í hringtorginu. Í fyrsta lagi teljist gatan sem liggur að umræddu hringtorgi vera tvær akreinar þar sem breidd hennar leyfir tveimur bifreiðum að aka samhliða, sbr. 2. tl. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í öðru lagi hafi ökumanni B borið að velja vinstri akrein í aðdraganda hringtorgsins og halda sig í innri hring þar sem hann ætlaði út á öðrum útgangi, sbr. 5. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Í þriðja lagi hafi A verið rétt staðsett. Ökumanni A hafi borið að velja hægri akrein, ytri hring, þar sem hann ætlaði út á fyrsta útgangi, sbr. 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Í fjórða lagi hafi B verið óheimilt að skipta um akrein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings í hringtorgi, sbr. 3. máls. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Til stuðnings afstöðu sinni vísar M til þess að í fyrirliggjandi úrskurðum nefndarinnar hafi sök almennt verið lögð á þann sem velur ranga akrein í aðdraganda áreksturs, sbr. úrskurð nr. 304/2017. M telur því ljóst að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Engu máli skipti hvort ökumaður B hafi ekki gert sér grein fyrir tvískiptingu akreinarinnar, enda séu skýr ákvæði í lögum um akreinaval við umræddar aðstæður. Ökumaður A hafi ekki geta gert neitt til þess að koma í veg fyrir áreksturinn.

Í athugasemdum V2 er byggt á því að skipta beri sök á milli A og B og vísað til framburðar ökumanna í skýrslu Aðstoðar og öryggis. V2 telur að ökumaður B hafi greinilega verið ómeðvitaður um nýja fyrirkomulagið við hringtorgið vegna framkvæmda og óljósra merkja, og ætlað sér á ytri hring. Jafnframt bendi framburður ökumanns A til þess að hann hafi ekki verið fullkomlega meðvitaður um umferðina vinstra megin við sig og hefði mögulega getað forðast áreksturinn með meiri aðgæslu. Til stuðnings afstöðu sinni vísar V2 til 4. gr. umferðarlaga, þ.e. að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum. Þessi meginregla um aðgæsluskyldu hvíli á öllum ökumönnum. Þegar umferðaraðstæður séu óljósar, til dæmis vegna nýlegra framkvæmda eða ófullnægjandi merkinga, aukist skylda allra ökumanna til að sýna sérstaka varúð. Ef akreinamerkingar séu óljósar eða ekki fullkláraðar við hringtorgið, geti það dregið úr ábyrgð ökumanns B fyrir „röngu akreinavali“ og jafnframt aukið ábyrgð ökumanns A um að gæta sérstakrar varúðar. Þótt ökumaður A hafi verið á hægri akrein, beri honum engu að síður skylda til að fylgjast með umferð í kringum sig, sérstaklega þegar ekið er inn í hringtorg þar sem umferð fléttast saman. Framburður ökumanns A, „við vitum ekkert hvaðan hinn bíllinn kom“, bendi til þess að hann hafi ekki verið nægilega meðvitaður um

umferðina vinstra megin við sig. Dómaframkvæmd og úrskurðir nefndarinnar sýna fram á að sök sé oft skipt þegar báðir ökumenn hafi vanrækt aðgæsluskyldu sína, sérstaklega í flóknum umferðaraðstæðum.

Í athugasemdum V1 er byggt á því að B beri alla sök á árekstrinum. V1 tekur undir öll þau lagarök sem M vísar til í málskoti og vísar einnig til 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga sem kveður á um að ökumaður skuli vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Aukinheldur telur V1 að ökumaður B hafi ekki gætt að áskilnaði 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga sem kveður á um almenna aðgæsluskyldu í umferðinni. Þá telur V1 að ökumaður B hafi ekið með röngum hætti inn í hringtorgið umrætt sinn og á kyrrstæða bifreið M. Telur V1 því rétt að tjón á A skuli bætt úr ábyrgðartryggingu B, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Verði fallist á þær málsástæður að um eina akrein hafi verið að ræða á vettvangi óskar V1 eftir því að meginsök árekstursins verði sett á ökumann B í samræmi við framangreindar röksemdir og þau fordæmi sem M leggur fyrir nefndina, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019.

Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli A og B vegna áreksturs 11. desember 2025. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin sannað að tvær akreinar hafi legið að hringtorginu, sbr. 2. tl. 3. gr. umferðarlaga. Ökumanni B hafi því borið, þegar hann ók inn í hringtorgið, að halda sig í innri hring þess þar sem hann ætlaði út á öðrum útgangi samanber framburði í skýrslu Aðstoðar og öryggis, sbr. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Nefndin telur ósannað að ökumaður A hafi sýnt af sér aðgæsluleysi í umrætt sinn. Ökutæki hans hafi verið rétt staðsett við innakstur í hringtorgið og í því sjálfu og jafnframt hafi hann náð að stöðva A áður en árekstur varð.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að B beri alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

M á rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna tjóns á A.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 58/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V): VÍS tryggingar hf.
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. febrúar 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 27. júlí 2025 varð árekstur milli A og B, en M var ökumaður hinnar síðarnefndu, við Bústaðaveg í Reykjavík. Aðilar gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur tilkynntu V sem á tjónsdegi var vátryggjandi beggja bifreiða, hvort í sínu lagi um atvikið. Í framhaldinu var þess óskað að Aðstoð & Öryggi aflaði framburðar ökumanna. Í skýrslu um framburð aðila, dags. 11. ágúst 2025, lýsir M atvikum svo að hún hafi B ekið austur Bústaðaveg yfir gatnamót og hafi verið á hægri akrein í bílaröð. Vegaframkvæmdir hafi staðið yfir á vettvangi. M hafi ekki ekið yfir gatnamótin gegnt rauðu ljósi en þegar hún hafi verið komin yfir gatnamótin hafi A komið á miklum hraða hægra megin við B, fram hjá biðskyldumerki og á B. Ökumaður A lýsir atvikum svo að hann hafi ekið Kringlumýrarbraut upp rampinn að Bústaðavegi með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri, eða vesturs. Vegaframkvæmdir hafi verið á vettvangi og aðeins hægt að beygja til vinstri frá einni akrein. Hafi hann ekið inn á gatnamótin gegnt grænlogandi umferðarljósi og beygt til vinstri inn á gatnamótin. Hafi B þá verið ekið inn á gatnamótin og á A. Rautt ljós hljóti að hafa logað á akursstefnu A.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri alla sök á árekstrinum þar sem sannað þótti að hún hefði ekið gegn rauðlogandi umferðarljósi.

M fellir sig ekki við þau málalok og í málskoti kemur fram að hana og ökumann A greini á um hvar áreksturinn hafi átt sér stað. Engin umferðarljós hafi verið á árekstrarstað enda hafi M verið komin fram hjá gatnamótunum þegar A var ekið á miklum hraða frá aðrein inn á Bústaðavegi. Ljósmynd sem sýni staðsetningu A í kjölfar árekstursins styðji við lýsingu M á atvikum. Ökumaður A hafi engin gögn lagt fram máli sínu til stuðnings og vitni sem styðji framburð hafi öll verið farþegar í A. Fer M fram á að ökumaður A verði látinn bera alla sök á árekstri aðila eða til vara að sök verði skipt til helminga.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að aflað hafi verið vitnisburðar tveggja farþega í A, franskra ferðamanna sem ökumaður A hafi ekið, að því er virðist gegn gjaldi, frá Keflavíkurflugvelli og á hótel í miðbæ Reykjavíkur. Bæði vitnin staðhæfi að M hafi ekið gegnt rauðu umferðarljósi og ökumaður A gegnt grænu ljósi. Staðfesti þau þá að A hafi verið ekið í um 100 metra frá árekstrarstað áður en hún var stöðvuð. Umrædd vitni tengist ökumanni A ekki með þeim hætti að horft verði fram hjá framburði þeirra. Gögn málsins, þ.á.m. ákomur á bifreiðarnar, styðji þá einnig við framburð ökumanns A. Er afstaða V því sú að M beri alla sök á umræddum árekstri enda hafi hún ekið áfram gegnt rauðlogandi umferðarljósi.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að aðilar eru sammála um að vegaframkvæmdir hafi staðið yfir á vettvangi og að umferð hafi verið beint um færri akreinar en venjulega. Þá liggur fyrir að bifreið A var ekið upp aðrein frá Kringlumýrarbraut með fyrirhugaða akursstefnu inn á Bústaðaveg, en bifreið B var ekið austur Bústaðaveg. Ágreiningur aðila snýr fyrst og fremst að því hvort árekstur hafi átt sér stað inni á sjálfum gatnamótunum eða eftir að B hafði ekið yfir þau.

Fyrir nefndinni liggur framburður beggja ökumanna sem telja sig bæði hafa ekið gegnt grænu umferðarljósi. Þá liggja fyrir vitnisburðir tveggja farþega í A sem voru ótengdir ökumanni hennar og staðhæfa báðir að ökumaður A hafi ekið gegn grænu ljósi en ökumaður B gegn rauðu. Verður ekki séð af gögnum málsins að ástæða sé til að draga óhlutdrægni vitnanna í efa, þótt þau hafi verið farþegar í A. Framburður þeirra er samhljóða um meginatriði atviksins og styður við lýsingu ökumanns A. Verður einnig að telja að af gögnum málsins, þ.á.m. fyrirhuguðum áfangastað umræddra vitna, megi ráða að

ökumaður A hafi ætlað sér að aka Bústaðarveg til vesturs, þ.e. hann hafi beygt til vinstri frá aðreininni en þeirri akstursleið er stýrt með umferðarljósum. Af framburði ökumanns B má hins vegar ráða að hún telji að A hafi verið með fyrirhugaða akstursstefnu til austurs Bústaðaveg, en akstri frá aðrein á Kringlumýrarbraut til austurs er ekki stýrt með umferðarljósum. Sú afstaða fær að mati nefndarinnar ekki stoð í öðrum gögnum málsins.

Þá verður ráðið af lýsingum að bifreið A hafi eftir áreksturinn haldið áfram um nokkra vegalengd áður en hún stöðvaðist. Sú staðreynd fær ekki ein og sér haggað þeirri niðurstöðu að árekstur hafi orðið vegna þess að B var ekið inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi. Ekki verður heldur talið að sú ljósmynd sem M vísar til sýni með ótvíræðum hætti að árekstur hafi orðið utan gatnamótanna eða að A hafi komið inn af aðrein eftir að B hafði lokið akstri yfir gatnamótin.

Að virtu heildarmati á fyrirliggjandi gögnum, telur nefndin nægilega sannað að ökumaður B hafi ekið inn á gatnamótin gegn rauðlogandi umferðarljósi og þannig valdið árekstrinum. Verður því ekki fallist á að skilyrði séu til að skipta sök milli ökumanna.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 59/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis og slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Orsakatengsl. Sönnun. Tilkynningafrestur. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 24. febrúar 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur varð milli bifreiðanna A, sem M ók, og B þann 26. júní 2020. Bæði A og B voru vátryggðar hjá V. Byggir M á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Í skýrslu frá Aðstoð og Öryggi (A&Ö) er eftirfarandi haft eftir M um atvik máls: „Ég ók austur Bústaðaveg og stöðvaði á móts við hús númer … þar sem ég ætlaði að beygja til vinstri inn á bílaplanið. Það var bílaröð komandi á móti mér sem var kyrrstæð og var hvíti bíllinn í þessari röð. Þegar bílaröðin fór af stað varð hvíti bíllinn eftir kyrrstæður. Ég áleit svo að hann væri að gefa mér séns til að beygja inn á bílaplanið. Þegar að ég ók af stað var hvíta bílnum ekið af stað og í hliðina á mínum bíl. Ég reyndi að koma í veg fyrir áreksturinn með því að beygja til vinstri. Þá lenti ég upp á kant og á umferðarmerkið.“ Eftirfarandi er haft eftir ökumanni B: „Ég ók vestur Bústaðaveg og kom að bílaröð sem var stopp á rauðlogandi umferðarljósi, ég stoppaði í nokkrar sekúndur áður en röðin fór af stað aftur þegar að umferðarljósið varð grænt. Ég sá hinum bílnum vera stöðvað fyrir framan mig, komandi á móti mér. Mér fannst ég vera kominn of langt til að geta hleypt honum fyrir framan mig. Þegar að ég ók af stað var þessum bíl ekið í veg fyrir mig. Ég sá engar handahreyfingar hjá hinum ökumanninum. Ég var að tala við barnið mitt sem var í barnabílstól í aftursætinu þegar að þetta gerðist.“ Eftirfarandi er haft eftir vitni í skýrslunni: „Ég var að keyra á eftir hvíta bílnum í bílröðinni. Við voru á mjög lítilli ferð. Ég sá gráa bílinn sem var að koma á móti. Ég sá að ökumaður gráa bílsins lyfti upp hendinni eins og hann væri að þakka fyrir að hleypa sér inn í bílaröðina en svo jók hvíti bíllinn ferðina og var ekið í hliðina á gráa bílnum. Það var mín upplifun að ökumaður hvíta bílsins væri að gefa honum séns.“

Í málskoti kemur fram að ágreiningur milli M og V sé tvíþættur. Þannig hafi V hafnað því að bæta tjón M úr ábyrgðartryggingu B með þeim rökum að M beri alla sök á árekstrinum. Þá hafi V einnig hafnað að bæta tjónið úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A á þeim grundvelli að ekki séu orsakatengsl fyrir hendi milli tjónsatburðar og líkamlegra afleiðinga M. M er ósammála framangreindum rökum. Krefst M aðallega bóta úr ábyrgðartryggingu B og til vara úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Hvað varðar bótarétt úr ábyrgðartryggingu B bendir M á að hann hafi sent V tölvupóst, dags. 23. apríl 2025, þar sem óskað var eftir afstöðu V til bótaskyldu úr tryggingunni. Í svari V, dags. 20. maí 2025, hafi sú afstaða komið fram að M hafi verið í órétti og eigi því ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu B. M sem er þessu ósammála bendir m.a. á það sem að framan er rakið um málsatvik í skýrslu A&Ö máli sínu til stuðnings Telur hann það eigi að leiða til þess að hann eigi fullan bótarétt úr ábyrgðartryggingu B. Í því sambandi bendir hann m.a. á framburð vitnis. Hvað varðar bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda þá bendir M á að hann hafi leitað til heilsugæslu á slysdegi þar sem hann hafi lýst verkjum á milli herðablaða. Hafi honum verið ráðlagt að taka verkjalyf og koma aftur til læknis ef þyrfti. Þann 6. júlí 2020 hafi M leitað aftur til heilsugæslu þar sem hann hafi upplýst að hann væri ómögulegur í mjóbakinu eftir áreksturinn. Hann hafi verið slæmur í mjóbaki árið 2019 eftir réttstöðulyftu en verið orðinn skárri, en sé nú komin á byrjunarreit eftir áreksturinn. Þá hafi hann verið greindur með tognun á lendhrygg og fengið beiðni um sjúkraþjálfun.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, er bótarétti M hafnað bæði úr ábyrgðartryggingu B og úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Hvað varðar bótarétt úr ábyrgðartryggingunni færir V rök fyrir þeirri skoðun sinni að M beri alla sök á árekstrinum þar sem sú skylda hafi hvílt á honum að veita

annarri umferð forgang áður en hann tók vinstri beygju í veg fyrir B sem hafi komið úr gagnstæðri átt. Auk þessa telur V sig ekki hafa tekið afstöðu til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B áður en málið var lagt fyrir nefndina. Kemur fram að V væntir þess að málinu verði vísað frá nefndinni hvað kröfu úr ábyrgðartryggingu varðar. Þá er í bréfi V til M, dags. 23. apríl 2025, færð fyrir því rök að M eigi ekki bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A þar sem ósannað sé að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þess líkamstjóns sem M krefst bóta fyrir. Í því sambandi bendir V m.a. á að samkvæmt gögnum málsins hafi M leitað til heilsugæslu á slysdegi og lýst þar verkjum í vöðva milli herðablaða. M hafi leitar aftur til heilsugæsluna 6. júlí 2020 og lýst einkennum í mjóbaki auk þess að upplýsa um að hann hafi verið slæmur í mjóbaki frá september 2019. M hafi næst leitað til heilsugæslu vegna verkja í baki 7. desember 2022. Segi í samskiptaseðli að M hafi þá kvartað undan verk í baki við álag og hann sé í vandræðum með að hlaupa, sé að spá hvort hryggskekkjan valdi og vilji komast í aðgerð. Í beiðni um myndgreiningu þann sama dag komi fram að M sé með „þekkta scoliosu til vi í lendhrygg en hæ í brjósthrygg.“ Þá bendir V á að í greinargerð frá HVE Stykkishólmi, dags. 12. febrúar 2025, komi fram að M hafi byrjað að taka eftir hryggskekkjunni fyrir um 4-5 árum þegar hann var að byrja í ræktinni og fór þá að finna fyrir eymslum við hæ herðablað og vinstri síðu og yfir mjóbakið eftir æfingar. Ekkert sé minnst á slysið í greinargerðinni og virðist M vera að glíma við verki vegna hryggskekkju. V telur því ljóst að M hafi leitað tvisvar til heilsugæslu þar sem hann minnist á slysið en leitað svo tveimur árum seinna til læknis vegna hryggskekkju. Telur V að þau einkenni sem M vill tengja við áreksturinn séu tilkomin vegna hryggskekkju og ljóst sé að M hafi verið að glíma við þau einkenni fyrir slysið sbr. beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 6. júlí 2020, þar sem segir: „Meiddist hann í baki er hann var í réttstöðulyftu í ræktinni í byrjun sept. 2019 er hann tók heldur mikla þyngd án upphitunar. Fékk verk neðst í mjóbakið og lagast hægt.“ Þessu til viðbótar byggir V á að óháð ágreiningnum um orsakatengsl hafi M glatað bótarétti sínum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, þar sem komi fram að vátryggingartaki glati rétti til bóta ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Bendir V á að M hafi leitað til heilsugæslunnar vegna afleiðinga slyssins bæði á slysdegi og 6. júlí 2020. Hins vegar hafi hann ekki tilkynnt V um tjónið fyrr en 12. mars 2025, þ.e. rúmum fjórum árum og átta mánuðum eftir slys. Því telur V ljóst að þá hafi árstilkynningafrestur verið liðinn. Þá telur V að þó borist hafi skýrsla frá A&Ö á slysdegi þá megi ekki jafna því við tilkynningu um vátryggingaratburðinn „með öðrum hætti“, í skilningi framangreindar 124. gr., enda hafi ekki komið fram í þeirri skýrslu að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Er m.a. vísað í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 123/2023 þessu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M eru m.a. færð frekari rök fyrir því að M eigi bótarétt úr ábyrgðartyggingu B. Einnig eru færð ítarleg rök fyrir því að tilkynning til V hafi borist innan þess frests sem um getur í 124. gr. laga nr. 30/2004.

Í viðbótarathugasemdum V er að finna mótrök við því sem fram kemur í viðbótarathugasemdum M.

Álit.

Það kemur ekki skýrt fram í málskoti hvort krafa M um bætur úr ábyrgðartyggingu B snýr aðeins að meintu líkamstjóni M eða hvort þar er bæði átt við líkamstjón og munatjón, þ.e. tjón á A. Hvað sem þessu líður þá telur nefndin að krafa vegna munatjóns sé fyrnd sbr. 23. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Að þeirri niðurstöðu fenginni þarf að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu V að ekki sé fyrir hendi bótaréttur úr tryggingunum þar sem M hafi ekki tekist að sanna að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra heilsufarslegu vandamála sem M vill tengja við hann. Bótaréttur vegna líkamstjóns úr báðum tryggingunum byggir á því að sú sönnun M hafi tekist. Hins vegar telur nefndin ekki forsendur til þess að vísa kröfu M um slysabætur úr ábyrgðartryggingu B frá, eins og V krefst, með þeim rökum að V hafi ekki tekið afstöðu til þeirrar kröfu áður en M vísaði málinu til nefndarinnar. Því veldur að í pósti frá V til M, dags. 20. maí 2025, kom sú skoðun V fram að M eigi ekki bótarétt úr ábyrgðartyggingunni þar sem hann beri alla sök á árekstrinum milli A og B.

Mat á orsakatengslum verður að vera heildstætt og byggt bæði á atvikum slyss, læknisfræðilegum gögnum og þróun einkenna. Í málinu liggur m.a. fyrir að M leitaði til heilsugæslu á slysdegi og lýsti þar fyrir hjúkrunarfræðingi að hann hafi lent í árekstri en bílarnir hafi ekki verið á mikilli ferð. Hafi hann við þetta fengið slink á bjóstkassa (l. Torax). Þá kemur fram að hreyfigeta sé eðlileg og án verkja en að M sé þó með verk í vöðva milli herðablaða. Var honum ráðlagt að taka verkjalyf og koma aftur ef hann teldi þörf á. M leitaði aftur til heilsugæslunnar 6. júlí 2020. Kemur fram í samskiptaseðli að M sé ómögulegur í mjóbakinu eftir áreksturinn. Segist vera verstur niðri vinstra megin í mjóbakinu. Einnig

er haft eftir M að hann hafi verið slæmur í mjóbaki frá september 2019 en hafi verið orðinn skárri. Nú sé hann hins vegar kominn aftur á upphafsreit. Í þessum samskiptaseðli er einnig skráð að M sé með væga hryggskekkju (scoliosu) yfir til hægri í brjóstbaki og á móti til vinstri í lendhrygg. Í tengslum við þessa læknisheimsókn er m.a. eftirfarandi skráð um sjúkrasögu M: „Slæmur í hægri öxl í lengri tíma tognaði í henni í jan. 2015 er hann greip í handrið og handleggur tognaði aftur á við. Meiddist í baki er hann var í réttstöðulyftu í ræktinni í byrjun september 2019 er hann tók heldur mikla þyngd án upphitunar. Fékk verk neðst í mjóbakið vi. megin og lagaðist hægt.“ Gögn málsins benda til þess að M hafi næst leitað til heilsugæslu vegna verkja í baki 7. desember 2022. Í samskiptaseðli vegna þeirrar læknisheimsóknar kemur m.a. fram að M hafi kvartað undan verk í baki við álag og hann sé í vandræðum með að hlaupa, velti því fyrir sér hvort hryggskekkjan valdi þessu og vilji komast í aðgerð. Ekkert er minnst á bílslysið frá 2020. Í beiðni um myndgreiningu þann sama dag kom fram að M sé með „þekkta scoliosu til vi í lendhrygg en hæ í brjósthrygg.“ Þá segir í greinargerð frá HVE Stykkishólmi, dags. 12. febrúar 2025, að M hafi byrjað að taka eftir hryggskekkjunni fyrir um 4-5 árum þegar hann var að byrja í ræktinni og fór þá að finna fyrir eymslum við hæ herðablað og vinstri síðu og yfir mjóbakið eftir æfingar.

Ekki er fyrirliggjandi heildstætt læknisvottorð, eða mat hæfra og óvilhallra matsmanna, varðandi orsakatengsl á milli árekstursins og þeirra einkenna sem M býr við í dag. Þá verður ekki að mati nefndarinnar ráðið af fyrirliggjandi sjúkraskrá að orsakatengsl sé milli árekstursins og þeirra einkenna sem M virðist vilja tengja við hann. Þvert á móti virðast fyrirliggjandi gögn fremur benda til þess að þeir heilsufarslegu erfiðleikar sem M að við að stríða eigi sér eldri sögu.

Á grundvelli framangreinds verður ekki talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið verði til umrædds áreksturs. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu B og úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A vegna líkamstjóns af völdum árekstursins.

Að fenginni framgreindri niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla sérstaklega um þá málsástæðu V að M hafi glatað bótarétti sínum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, þar sem árstilkynningafrestur hafi verið liðinn er M tilkynnti V um tjónið.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu B né slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 60/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 3. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. mars 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, lenti M, sem var farþegi í aftursæti bifreiðarinnar A, í umferðarslysi 21. desember 2025 þegar ökumaður A missti stjórn á bifreiðinni. Í lögregluskýrslu kemur fram að af ummerkjum á vettvangi hafi mátt ætla að bifreiðin sem lá á toppnum utan vegar, hafi oltið tvær og hálfa veltu. Jafnframt segir í lögregluskýrslu að á staðnum hafi verið þriggja gráðu hiti, lágskýjað, bjart, smá gola og bleyta á akbraut. Þá er m.a. tekið fram að það hafi vakið sérstaka athygli lögreglu að bílbelti farþega í bæði vinstra og hægra aftursæti hafi verið spennt og engin ummerki sést um að þau hefðu tekið við höggi er bílveltan varð. Einnig kemur fram að þegar lögreglan kom á vettvang hafi sjúkraflutningamenn verið búnir að færa M í sjúkrabifreið, en M hafi legið rétt vestan við bifreiðina er þeir komu á vettvang.

Í málskoti krefst M þess að fá viðurkenndarn fullan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A. Hafnar M því að í háttsemi hennar í umrætt sinn hafi falist stórkostlegt gáleysi sem eigi að hafa áhrif á bótarétt úr tryggingunni. Er m.a. bent á að þó M hafi ekki verið spennt í öryggisbelti er slysið varð hafi Hæstiréttur og úrskurðarnefndin ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að slík vanræksla teljist almennt ekki fela í sér stórkostlegt gáleysi. Vísar M í Hrd. í máli nr. 31/2014 og í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 141/2013, því til stuðnings. Þá hafnar M því að hraðakstur ökumanns A geti falið í sér stórkostlegt gáleysi farþega, nema sýnt sé fram á að farþeginn hafi hvatt til akstursins eða mátt vita að ökumaður væri óhæfur til aksturs, t.d. vegna vímuefnaneyslu. Hvorugt eigi við í tilviki M. Þá telur M að það standi upp á V að sanna að áverkar M hefðu orðið minni ef hún hefði notað bílbelti. Til vara krefst M þess að ef talið verður að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi verði skerðing bótaréttar ákveðin lægri en þau 50% sem V vilji miða við.

Í málatilbúnaði V, athugasemdum og bréfi til lögmanns M, dags. 3. febrúar 2026, er á því byggt að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem teljist stórkostlegt gáleysi M sem eigi að leiða til þess að helmingur bótaréttar úr tryggingunni falli niður. Byggir V afstöðu sína á 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, sbr. 26. gr. almennra vátryggingarskilmála V. Færir V ítarleg rök máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir M athugasemdum V. Þá hafnar M því m.a. að hafa í aðdraganda slyssins sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem réttlæti skerðingu bóta samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Telur M að sönnunarbyrðin hvíli hér á V og að túlka beri slíka undantekningarreglu þröngt. Vísar M til Hrd. í máli nr. 293/2015 og úrskurða nefndarinnar í málum nr. 108/2023, 71/2024 og 355/2024 þessu til stuðnings. Þá ítrekar M að það að nota ekki bílbelti hafi samkvæmt íslenskum rétti ekki verið talið fela í sér stórkostlegt gáleysi. Er í þessu sambandi tekið fram að jafnvel þó talið yrði að M hafi smellt bílbeltinu til þess að forðast viðvörunarhljóð þá breyti það í engu eðli meints brots, þ.e. að hún var án öryggisbeltis, sem geti ekki talist stórkostlegt gáleysi. Þá mótmælir M því sérstaklega að ofsaakstur ökumanns A hafi gefið M sérstakt tilefni til að spenna beltið og verið henni „augljós“. Í því sambandi telur M að í framburðarskýrslu M hjá lögreglu komi fram að hún hafi ekki orðið vör við ofsahraðann, þ.e. 139-140 km/klst., fyrr en á nákvæmlega sömu stundu og ökumaðurinn „hafi snögglega snúið stýrinu fyrst til vinstri og svo til hægri“ í aðdraganda slyssins. Bendir M á að til þess að hætta geti talist augljós og geti grundvallað stórkostlegt gáleysi, þurfi farþegi að hafa raunverulegt tækifæri til að bregðast við sem hafi ekki átt við um M. Hvað varði þá fullyrðingu

V að beint orsakasamhengi hafi verið á milli beltisleysis M og þeirra alvarlegu áverka sem hlutust af völdum slyssins, bendir M á að V hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni að áverkar M hefðu orðið minni eða engir ef bílbelti hefði verið notað. Í þessu sambandi bendir M á að bíllinn hafi farið margar veltur á um 167 km hraða. Þegar svo hátti til verði oft banaslys jafnvel þó bílbelti séu notuð. Telur M því að V hafi ekki tekist að sanna að tjón M hafi orðið meira en ella þar sem bílbelti voru ekki notuð. Að lokum tekur M fram að jafnvel þó fallist yrði á að M hafi sýnt að sér stórkostlegt gáleysi, sé 50% skerðing á bótarétti, líkt og V byggi á, ekki í samræmi við úrlausnir dómstóla og nefndarinnar. Bendir M á Hrd. í máli nr. 689/2010 og úrskurði nefndarinnar í málum nr. 84/2020, 13/2021, 186/2021 og 307/2021 því til stuðnings. M krefst því aðallega óskerts bótaréttar en til vara að skerðing nemi að hámarki 1/3.

Í viðbótarathugasemdum V er því mótmælt að þeir dómar og úrskurðir sem M vísar til í málatilbúnaði sínum hafi fordæmisgildi í þessu máli. Málsatvik þeirra séu ekki sambærileg nema í þeim dómi og úrskurðum sem V hafi fjallað sérstaklega um í fyrri athugasemdum sínum. Ítrekar V að meta þurfi hvert atvik fyrir sig. Þá mótmælir V þeirri fullyrðingu M í viðbótarathugasemdum að M hafi aðeins verið meðvituð um ofsaaksturinn í sekúndubrot fyrir slys. Bendir V á að í lögregluskýrslu komi afdráttarlaust fram að M muni eftir aðdraganda umferðarslyssins. Þá telur V að öll gögn málsins bendi til þess að M hafi verið meðvituð um hraða bifreiðarinnar, samanber framburð M hjá lögreglu. Í öllu falli ítrekar V að sá ofsaakstur sem liggi fyrir að hafi verið viðhafður um nokkurn tíma, hefði ekki átt að geta farið fram hjá eða dulist nokkrum einstaklingi. Þá sé óumdeilt að M hafi verið vakandi í aðdraganda atviksins. Auk framangreinds er tekið fram að V geri sér grein fyrir því að meginreglan sé sú að sönnunarbyrðin hvílir á V um að háttsemi M feli í sér stórkostlegt gáleysi og að orsakatengsl séu á milli þeirrar háttsemi og tjónsins. V telur sig hafa fært rök fyrir því að orsakatengslin séu til staðar. Nægir þar að mati V að óumdeilt sé að M kastaðist út úr bifreiðinni og að augljóst sé að af því hlaust líkamstjón. Fyrri tilvísun V til álits nefndarinnar í máli nr. 324/2018 snúi ekki að sönnunarbyrði. Sá úrskurður beri einfaldlega með sér að ef sönnun á orsakatengslum tekst þá sé tilefni til skerðingar til staðar. Verði ekki fallist á að sönnun á orsakatengslum hafi tekist byggir V á því að sönnunarbyrðin hafi snúist við. Óumdeilt sé að M sem var ekki í bílbelti kastaðist út úr bifreiðinni. Því hvíli það á M að sýna fram á það að hún hafi ekki hlotið aukið líkamstjón vegna óumdeildrar háttsemi hennar sem feli í sér brot á hátternisreglu umferðarlaga. Telur V að slík sönnun hafi ekki tekist af hálfu M. Þvert á móti telur V að hið gagnstæða sé augljóst. Máli sínu til stuðnings bendir V á Hrd. í máli nr. 263/2006 þar sem ökumaður sem sannað var að var undir áhrifum áfengis hafi sjálfur verið talinn bera sönnunarbyrði fyrir því að orsakatengsl væru ekki milli ölvunar hans og tjóns. Þá hafnar V þeirri fullyrðingu sem fram komi í málskoti að oftar en ekki leiði það að taka sér far með ölvuðum ökumanni til 1/3 hluta skerðingar. Almenna reglan sé sú að það að taka sér far með ölvuðum ökumanni leiði til 2/3 hluta skerðingar. Nægi þar að mati V að nefna Hrd. í máli nr. 129/2001. Einnig bendir V á álit nefndarinnar í málum nr. 52/2019 og 205/2021. Vissulega geti atvik verið þannig að lægra hlutfall sé réttlætanlegt eins og nefndin hafi talið vera í málum nr. 307/2021 og 186/2021. Það undirstriki að mati V að meta þurfi hvert mál fyrir sig.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur úr ábyrgðartryggingu vegna háttsemi M. V telur að skerða beri bótarétt M um helming þar sem tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M. Byggir V afstöðu sína á 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, sbr. 26. gr. almennra vátryggingarskilmála V. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Þá segir í gr. 26.1 í almennum vátryggingaskilmálum V að ef tjónsatburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs losni V úr ábyrgð sinni í heild eða að hluta, nema tryggður hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna.

Nefndin telur að í málinu liggi fyrir að M, sem var farþegi í aftursæti A, hafði ekki verið spennt í bílbelti er slysið varð. Hins vegar virðist M hafa smellt bílbeltinu fyrir aftan bak til þess að losna við hávaða sem því var samfara að beltið var ekki spennt. Af lögskýringargögnum og Hrd. í máli nr. 31/2014 má ráða að það að nota ekki bílbelti teljist eitt og sér ekki fela í sér stórkostlegt gáleysi þess sem slíka ákvörðun tekur. Það leiðir þó ekki til þess að mati nefndarinnar að aldrei geti komið til þess að það að spenna ekki bílbelti geti falið í sér stórkostlegt gáleysi. Hvort sú er raunin eða ekki ræðst af aðstæðum hverju sinni. Til þess að hægt sé að fallast á að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða þarf háttsemi

viðkomandi að fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt má telja. Í Hrd. 8. desember 2016 í máli nr. 502/2016 er m.a. að finna eftirfarandi umfjöllun um hugtakið stórfellt gáleysi: „Í framangreindu felst að stórfellt gáleysi er gáleysi á hærri stigi en hið almenna. Það felur í sér að annað hvort víkur háttsemi hlutrænt séð meira frá þeirri háttsemi sem tjónvaldi bar að viðhafa en þarf til að staðreyna almennt gáleysi, eða að hin huglæga afstaða tjónvalds til atvika er leiddu til slyss einkennist af miklu tillitsleysi.“ Af framangreindu verður ráðið að eftir atvikum geta þær aðstæður skapast, t.d. vegna ofsaaksturs sem tjónþola er eða má vera kunnugt um, að ef viðkomandi tjónþoli lætur vera að spenna beltið feli það í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu.

Í tilviki líkamstjóns M telur nefndin að ganga megi út frá því að bifreiðinni A hafi í aðdraganda slyssins verið ekið á miklum hraða. Í framburði farþega í frumskýrslu lögreglu kemur fram að hann telji að bifreiðinni hafi verið ekið á 120 km hraða á klst. er slysið varð. Hámarkshraði á vettvangi var 90 km á klst. Þá er t.d. haft eftir M í lögregluskýrslu, dags. 6. janúar 2026, að þó M muni ekki mikið eftir umferðarslysinu muni hún eftir aðdraganda þess. Síðan segir orðrétt: „Hún segist muna eftir því að ökumaður […] hafi snögglega snúið stýrinu fyrst til vinstri og svo til hægri. Hún segist hafa séð á hraðamælinum að hraði ökutækisins væri fyrst 139 km/klst. og svo 140 km/klst.“ Einnig liggja fyrir í málinu gögn, sem stafa frá eiganda A, sem benda til þess að bifreiðinni hafi í aðdraganda slyssins verið ekið á allt að 167 km hraða og í raun á ofsahraða í þónokkuð langan tíma fyrir slysið. Auk þessa segir eftirfarandi um ökuhraða A í læknisfræðilegum gögnum frá Landspítalanum: „Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni þá hafði bíll tekið fram úr bíl sem var sjálfur á 110 km/klst. og að sögn þess bílstjóra keyrðu þau mjög hratt fram hjá honum þannig að minnsta kosti 150 km/klst.“

Með vísan í framangreint telur nefndin liggja fyrir að í aðdraganda slyssins hafi verið um ofsaakstur ökumanns A að ræða. Nefndin telur jafnframt að M hafi vitað eða mátt vita að A var ekið langt umfram löglegan hámarkshraða í aðdraganda slyssins. M hafði því fulla ástæðu til þess að spenna öryggisbelti (bílbelti) eins og henni bar skylda til samkvæmt lögum, enda átti henni að vera kunnugt um að bílbeltanotkun er til þess fallin að draga úr alvarleika umferðarslysa. Í þessu sambandi vísar nefndin einnig til 77. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram kemur að hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð. M var því skylt að fara eftir þessu ákvæði umferðarlaga sem er sett með það að markmiði að tryggja öryggi vegfaranda og forða líkamstjóni. Því telur nefndin að sú ákvörðun M að nota ekki bílbelti heldur láta duga að spenna það fyrir aftan bak, þrátt fyrir framangreint, hafi verið til þess fallið að auka verulegri hættu á líkamstjóni ef ökumanni A myndi hlekkjast á við aksturinn, eins og raunin varð.

Hvað varðar spurninguna um sönnun þess að það að nota ekki bílbelti hafi leitt til þess að afleiðingar slyssins hafi orðið meiri fyrir M en ella, telur nefndin nægja að horfa til þess, með vísan í tilgang og gagnsemi bílbelta, að þau eru almennt til þess fallin að draga úr hættu á líkamstjóni af vörum bílslysa. Því telur nefndin það liggja nægjanlega fyrir að það að M lét vera að nota bílbeltið hafi verið til þess fallið að auka á alvarleika líkamstjóns hennar.

Með vísan í framangreint hefur nefndin því komist að þeirri niðurstöðu að M hafi í aðdraganda slyssins sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, sbr. 26. gr. almennra vátryggingarskilmála V. Því verður fallist á þá kröfu V að heimilt sé að skerða bótarétt M úr ábyrgðartryggingu. Hins vegar telur nefndin að eins og málið liggur fyrir sé rétt að sú skerðing nemi 1/3 en ekki 1/2 eins og V vill miða við.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V en V er heimilt að skerða bótaréttinn um 1/3.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 61/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot dags. 5. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. mars 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. apríl 2026 ásamt fylgiskjali.
5. Viðbótargögn frá M dags. 9. júní 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telji sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni af hálfu lögmannsins X vegna vanrækslu og aðgerðaleysis hins síðarnefnda. Forsaga málsins sé sú að X hafi tekið að sér að reka slysamál M gagnvart V2 en M hafi orðið fyrir umferðarslysi hinn 15. október 2018. X hafi tekið á móti skaðabótum vegna uppgjörs málsins með ítarlegum fyrirvörum 10. mars 2022. Í kjölfar þess hafi X hætt að sinna málinu þrátt fyrir ítrekaðar verkbeiðnir X með tölvupóstum, símtölum og skilaboðum. X hafi ekki fylgt því eftir að fá dómkvadda matsmenn til að meta afleiðingar slyssins að nýju eða að fá tímabundið atvinnutjón að fullu bætt. Þá hafi X heldur ekki sinnt því að gera kröfu um skaðabætur úr hendi tjónvalds á grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Aðgerðaleysi og vanræksla X hafi leitt til þess að kröfur M gagnvart V2 töldust fyrndar þegar reynt var á frekari kröfur vegna tímabundins atvinnutjóns og skaðabætur á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis skaðabótalaga. Í dómi héraðsdóms hafi þó verið fallist á að tjónvaldur í umferðarslysinu hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Með afstöðubréfi dags. 3. október 2025 hafi V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, en jafnframt hafi V hafnað því að standa að öflun sameiginlegrar matsgerðar og því að greiða kostnað vegna reksturs umrædds dómsmáls í héraði. Með tölvupósti, dags. 17. apríl 2024, hafi X staðfest móttöku á afturköllun á umboði. Tölvupóstur M til X, dags. 20. október 2023, hafi aldrei verið staðfestur um móttöku og hafi ekki uppfyllt skilyrði um afturköllun umboðs að mati V2, vátryggingafélags tjónvalds í umræddu umferðarslysi. Þann póst hafi M sent í mikilli reiði í garð X. Samskipti hafi þó komist á að nýju og M haldið áfram tilraunum til að fá X til að vinna áfram að málinu.

Í málskoti er byggt á því að lögmaður beri skaðabótaábyrgð á störfum sínum eftir almennum reglum, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, með þeim ríku kröfum sem gerðar séu til sérfræðinga. Samkvæmt 18. gr. sömu laga sé sú skylda lögð á lögmenn að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmæta úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. Hafi X brotið gegn þeim skyldum með því að hafa ekki með nokkrum hætti fylgt eftir fyrirvörum sem gerðir voru við bótauppgjör, með því að hafa ekki óskað eftir dómkvöddum matsmönnum til að endurmeta afleiðingar slyssins og með því að sækja ekki um gjafsókn fyrir hönd M. Vegna þessarar háttsemi hafi kröfur M á hendur V2 fyrnst, sbr. niðurstöðu umrædds héraðsdóms. Þar komi þó m.a. fram að engar skýringar hafi verið lagðar fram af hálfu V2 varðandi það af hverju munað hafi 2.044.082 kr. á greiðslu til M þrátt fyrir rétt hans og viðurkenningu á tímabundnu atvinnutjóni. Megi gera ráð fyrir að M hefði fengið dóm fyrir þeirri fjárhæð hefði krafa hans ekki talist fyrnd. Þá hafi verið fallist á það með M að slysinu 15. október 2018 hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. X hafi hins vegar hvorki krafist skaðabóta á grundvelli þess né gert fyrirvara vegna slíkrar kröfu við bótauppgjör. Þá hafi M reynt að sækja þjónustu annarra lögmanna en X, en enginn þeirra hafi viljað taka að sér málið þar sem X hafi verið með umboð frá M.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að sönnunarbyrði þess að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi hvíli á M. Sé afstaða V sú að slík sönnun hafi ekki tekist. Alþekkt sé að lögmenn taki við bótum fyrir hönd umbjóðenda sinna með fyrirvara og það eitt og sér dugi ekki til staðfestingar á því að M hefði getað átt frekari bótarétt. M hafi ekki lagt fram gögn sem sýni með óyggjandi hætti að fjárhæð bóta hafi verið vanáætluð í uppgjöri V2 hinn 10. mars 2022 þannig að umræddir fyrirvarar hefðu átt að virkjast.

Enn fremur telji V að gögn málsins staðfesti að M hafi afturkallað umboð sitt til X áður en tímamark fyrningar rann upp. Engin gögn liggi fyrir um meint samskipti M og X eftir það tímamark og hafi M ekki með réttu mátt gera ráð fyrir því að X væri að vinna að málinu. Hafi verið um vanrækslu af hálfu X að ræða skorti þá að sýnt sé fram á að slík háttsemi hafi leitt til tjóns fyrir M. Gögn málsins staðfesti ekki að M eigi tilkall til frekari bóta vegna tímabundins atvinnutjóns eða miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í títtnefndum héraðsdómi hafi mismunur á kröfu M og greiðslu V2 ekki verið talinn útskýrður. Þá hafi M ekki átt bótarétt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, og séu ummæli í dómnum um stórkostlegt gáleysi tjónvalds með öllu órökstudd og bersýnilega röng. Jafnvel þó tjónvaldur hafi ekið á móti rauðu ljósi og borið sök á árekstri aðila sé ekki þar með sagt að stórkostlegt gáleysi hafi verið fyrir hendi. Hafi það verið faglegt mat X að ekki væri til staða bótaréttur á þeim grundvelli og það að hann hafi ekki gert fyrirvara varðandi það við bótauppgjör verði ekki talin mistök af hans hálfu. Verði komist að þeirri niðurstöðu að X hafi sýnt af sér vanrækslu, en að kröfur M hafi ekki verið fyrndar árið 2025, verði þá að líta til þess að M hafi ekki áfrýjað héraðsdómnum. Verði að hafa hliðsjón af tjónstakmörkunarskyldu hans í því samhengi. Að öllu framangreindu virtu sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að með málskoti hafi fylgt „gagnabunki“ um samskipti M við X. Allan þann tíma hafi X verið með umboð og ekki sagt sig frá málinu. Engin gögn bendi til þess að X hafi verið ómögulegt að ná fram betri niðurstöðu í máli M með dómkvaðningu matsmanna enda hafi X samið óvenju ítarlega fyrirvara við bótauppgjör V2. Þá liggi ekkert fyrir um að X hafi hafnað verkbeiðnum M. Eftir meinta afturköllun umboðs, dags. 20. október 2023, hafi M fengið símtal frá X. Hafi M verið beðinn um að senda formlega beiðni um málssókn en þeirri beiðni hafi ekki verið sinnt. Framkoma X hafi verið með öllu óásættanlega. Er þá áréttað að með dómi héraðsdóms hafi M fengið staðfestingu á því að slysinu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. Hefði hann því átt rétt á skaðabótum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hefði X sett fram kröfu þar að lútandi. Undir rekstri málsins í héraði hafi dómari þá spurt lögmann V2 um af hverju atvinnutjón M hefði ekki verið að fullu bætt og hafi ekki fengist viðhlítandi skýringar á því. Allar líkur séu því á því að M hefði fengið þá fjárhæð greidda. M hafi þá ekki notið gjafsóknar í dómsmáli sínu og hafi ekki haft efni á áfrýjun þess. Aðspurt, á sínum tíma, hafi V þá ekki tekið afstöðu til áfrýjunar. Sé ósvífið af V að nota það gegn M nú að hann hafi ekki áfrýjað dómnum.

Í viðbótarathugasemdum V kemur m.a. fram að samskipti sem átt hafi sér stað eftir afturköllun umboðs breyti ekki þeirri staðreynd að umboðið hafi verið afturkallað og ekki endurnýjað. Umræddur tölvupóstur um afturköllun innifeli engin fyrirmæli til X um dómkvaðningu matsmanna eða staðfestingu á því að M hafi ætlað sér að beina frekari kröfum að V2. Af samskiptum aðila verði ekki ráðið að M hafi dregið afturköllunina til baka. Eftir tímamark afturköllunar, 30. nóvember 2023, hafi X sent gögn málsins til M samkvæmt beiðni hans. Án skýrs nýs umboðs hafi X ekki borið nein skylda til athafna. Er því þá sérstaklega mótmælt að X hafi beðið M um að senda formlega beiðni um málssókn í tölvupósti eftir afturköllun umboðsins. Meðan umboðið var í gildi hafi X ítrekað gert M grein fyrir því að til að fá breytta niðurstöðu varðandi tímabil óvinnufærni og tímamark stöðugleikapunkts þyrfti að dómkveðja matsmenn og M þyrfti sjálfur að standa straum af þeim kostnaði. Af samskiptum M og X verði ekki ráðið að M hafi gefið fyrirmæli um slíka dómkvaðningu. Ef sýnt væri fram á slík fyrirmæli sé þá í öllu falli ljóst að áður en þau gátu komið til framkvæmda hafi umboðið verið afturkallað. Ákvörðun um að hefja framangreint ferli hafi verið í höndum M sjálfs og ekki liggi fyrir nein staðfesting um formlega beiðni um aðgerðir á meðan umboðið var í gildi. Verði því ekki ráðið af gögnum málsins að um vanrækslu X hafi verið að ræða. Er þá áréttað að í umræddum héraðsdómi hafi kröfur M ekki verið teknar til efnislegrar meðferðar. Umræddur dómur geti því ekki talist fela í sér staðfestingu á því að bótaréttur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hafi verið til staðar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn ber lögmaður ábyrgð á tjóni sem hann veldur umbjóðanda sínum með saknæmum hætti við störf sín. Til þess að bótaskylda verði felld á lögmann þarf að sýna fram á saknæma háttsemi, tjón og orsakatengsl þar á milli.

Óumdeilt er að X annaðist hagsmunagæslu M vegna umferðarslyss sem varð 15. október 2018 og að bótamál hans gagnvart V2 var gert upp, á grundvelli álitsgerðar örorkunefndar, dags. 10. janúar 2022, en M hafði talið afleiðingar slyssins stórlega vanmetnar í upphaflegri matsgerð. Fór bótauppgjör, með fyrirvörum, fram 10. mars 2022. Aðila greinir á um hvort X hafi vanrækt að fylgja þeim fyrirvörum eftir og hvort umboð hans hafi verið í gildi á þeim tíma sem ætlaðar kröfur M fyrndust.

Fyrir liggur að M stefndi V2 fyrir héraðsdóm á árinu 2024, og naut við það þjónustu núverandi lögmanns síns, en ekki X. Fyrir dómi byggði M m.a. á því að afleiðingar slyssins væru vanmetnar og að örorkunefnd hefði t.a.m. ekki metið tímabundið tekjutap með réttum hætti. Fyrir dómi var þá jafnframt krafist miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Slík krafa hafði ekki verið gerð á fyrri stigum málsins. Byggði M á því að kröfur hans væru ekki fyrndar samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Að öðru leyti er óþarft að rekja frekar grundvöll kröfugerðar M fyrir dómi hér.

Í dómi héraðsdóms, sem kveðinn var upp í júní 2025, er að finna talsverða umfjöllun um kröfur M vegna atvinnutjóns og ekki verður betur séð en að afstaða hafi verið tekin til hvers kröfuliðar í stefnu. Af orðalagi dómsins hvað þetta varðar má ráða að ákveðin atriði varðandi atvinnutjón M hafi verið óupplýst og verði hann að bera hallann af því. Fram kemur að óútskýrður sé mismunur að fjárhæð 2.044.082 kr. og byggir M í málskoti á því að dómurinn hefði fallist á kröfu hans varðandi þá fjárhæð að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Hvað varðar kröfu M um miskabætur á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalagar kemur vissulega fram í dómnum að fallast megi á það með M að tjónvaldur í umræddu umferðarslysi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í skilningi þess ákvæðis. Rétt er að taka fram að jafnvel þó byggt sé á því orðalagi felur það ekki sjálfkrafa í sér að M hefði, að öðrum skilyrðum uppfylltum, fengið dæmdar miskabætur á grundvelli þess ákvæðis, eða hver fjárhæð þeirra hefði orðið, enda er dómurinn ekki afdráttarlaus um það atriði. Er þá m.a. litið til þess að umrætt ákvæði felur aðeins í sér heimild til að gera tjónvaldi að greiða miskabætur á grundvelli þess.

Niðurstaða dómsins byggði þá á því að M hefði mátt vera ljóst í árslok 2019 að hann ætti hugsanlega viðbótarkröfu á hendur V2 vegna tímabundins atvinnutjóns og vegna miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Um fyrningu beggja krafna færi samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga og hefðu þær því verið fyrndar í lok árs 2023. Á grundvelli þess var V2 sýknað af kröfum M.

M byggir á því að af framangreindu sé sýnt fram á tjón hans, enda hefði verið fallist á kröfur hans, a.m.k. að hluta, fyrir dómi hefðu þær ekki verið fyrndar. Á grundvelli þess eigi hann rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X, enda hefði ekki komið til fyrningar hefði X ekki sýnt af sér vanrækslu.

Fyrir nefndinni liggur „gagnapakki“ um samskipti M og X. Af þeim gögnum verður ráðið að M afturkallaði umboð sitt til X með tölvupósti dags. 20. október 2023 en í þeim pósti segir m.a.: „afturkalla ég hér með umboðið.“ Samkvæmt 5. mgr. 21. gr. laga um lögmenn er umbjóðanda ætið heimilt að afturkalla umboð sitt og verður að líta svo á að með því ljúki samningssambandi aðila.

Í kjölfarið sendi M þó fjölmarga aðra tölvupósta til X, en ekki verður séð að X hafi svarað þeim. Má þar m.a. nefna póst dags. 24. nóvember 2023 þar sem M óskar eftir því formlega að X sæki um gjafsókn, og tölvupóst, dags. 30. nóvember 2023, þar sem M æskir þess að X stefni V2. Er það áréttað í tölvupósti dags. 5. desember 2023. Verður að líta svo á að í þeim tölvupóstum hafi falist ný verkbeiðni, en samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga um lögmenn er lögmanni að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. sömu lagagreinar, aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um. Var X því ekki skylt að bregðast við þeim fyrirmælum sem M setti fram í fyrrgreindum samskiptum. Verður það ekki talið hagga framangreindri niðurstöðu að ekki verður séð af samskiptum aðila að X hafi staðfest móttöku afturköllunar, þó M hafi æskt þess.

Í málskoti kemur fram, að M hafi leitað til annarra lögmannsstofa en engin þeirra hafi viljað taka að sér málið, að því er virðist þar sem annar lögmaður, X, væri með umboð. Meðal málsgagna í títtnefndu dómsmáli er vissulega að finna samskipti M við tvær lögmannsstofur í ágúst og september 2023 og má ráða af þeim að þær hafi hafnað því að taka mál hans að sér. Ekki verður þó fallist á að það hafi verið vegna þess að X væri þá með umboð, enda kemur m.a. fram í þeim samskiptum að M sé heimilt að leita til annarra lögmanna vilji þeir taka mál hans að sér. Er þá áréttað að eins og framan er rakið er umbjóðanda lögmanns heimilt að afturkalla umboð sitt hvenær sem er.

Af framangreindu telur nefndin því ljóst að M hafi afturkallað umboð sitt með tölvupósti dags. 20. október 2023. Af hálfu M hefur því verið borið við að ekki hafi verið um raunverulega afturköllun að ræða enda hafi umræddur tölvupóstur verið ritaður í reiði og kaldhæðni. Það breytir því ekki að orðalag hans hvað afturköllun varðar var býsna skýrt. Þótt aðilar greini á um hvort önnur samskipti, þ.e. í síma, hafi átt sér stað eftir afturköllunina og hvaða þýðingu þau hafi haft verður ekki ráðið af gögnum málsins

að umboðssamband hafi verið endurnýjað eða að X hafi tekið að sér frekari hagsmunagæslu fyrir M eftir afturköllun umboðsins.

Þá liggur ekki fyrir að M hafi sýnt fram á að hann hafi, meðan umboð var enn í gildi, gefið X skýr fyrirmæli um að óska eftir dómkvaðningu matsmanna eða grípa til annarra tiltekinna aðgerða sem X hafi látið undir höfuð leggjast að framkvæma. Verður heldur ekki séð að gögn málsins sýni með fullnægjandi hætti fram á að X hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart M með þeim hætti að telja verði saknæman.

Að virtu öllu framangreindu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 62/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 2. mars 2026, ásamt fylgiskjölum
3. Ódags. viðbótarathugasemd M, barst nefndinni 6. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 8. október 2025 hafi kyrrstæð bifreið M orðið fyrir tjóni þegar rafhlaupahjól merkt X hafi fokið á hana í roki. Hafi tjónið fengist bætt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar, að undanskilinni sjálfsábyrgð að fjárhæð 109.690 kr. Telur M sig eiga rétt á að fá þá fjárhæð bætta úr ábyrgðartryggingu X hjá V, enda beri X skaðabótaábyrgð á tjóninu. Þessu hafi V hins vegar neitað. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að rafhlaupahjólið sé hluti af atvinnurekstri X og skapi fyrirsjáanlega hættu í almenningsrými. Þá sé rok og vindasamt veður hvorki ófyrirséð né óvenjulegt við íslenskar aðstæður. Rekstraraðilum beri því að haga fyrirkomulagi sínu með hliðsjón af því. Það að hjólið hafi fokið með þeim hætti að það olli tjóni á bifreiðinni bendi til þess að það hafi verið ótryggt eða frágangur þess ófullnægjandi. Bendir M jafnframt á að hún hafi enga stjórn haft á frágangi hjólsins, enda hafi X eitt ráðið reglum um notkun þess, fyrirkomulagi frágangs og áhættudreifingu rekstursins. Telur M að það að vísa tjónþola á óþekktan notanda sé óraunhæft í framkvæmd og samrýmist ekki almennum sjónarmiðum um rekstraráhættu atvinnurekanda.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Í því sambandi bendir V m.a. á að ábyrgðartrygging atvinnureksturs greiði bætur vegna tjóns sem rakið verður til skyndilegs, óvænts og utanaðkomandi atviks sem vátryggður ber skaðabótaábyrgð á, t.d. vegna gáleysis eða vanrækslu af hálfu starfsmanna vátryggðs. Færir V síðan rök fyrir því að þau skilyrði séu ekki uppfyllt í tilviki tjóns M. Bendir V t.d. á að það telur að M hafi ekki sýnt fram á að starfsmenn X hafi skilið við hlaupahjólin á umræddum stað. Þar af leiðandi verði X ekki látið bera skaðabótaábyrgð á því að tjóni sem kann að verða rakið til þess að notandi hafi skilið hlaupahjólið eftir með ógætilegum hætti og/eða á ógætilegum stað.

Í viðbótarathugasemdum M er athugasemdum V mótmælt. Þá bendir M m.a. á að það sjáist á fyrirliggjandi myndum að ekki hafi verið gengið vel frá rafhlaupahjólinu. Þá hafi veður verið með þeim hætti að lausir hlutir gátu auðveldlega fokið til. Auk þess mótmælir M því að X geti firrt sig ábyrgð með því að vísa til þess að notandi hjólsins hafi gengið frá því.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri rök ítrekuð. Þá bendir V m.a. á að M fullyrði að X geti ekki firrt sig ábyrgð á tjóni sem rakið verður til rafhlaupahjóla X þar sem þau eru staðsett í almenningsrými og það sé fyrirsjáanlegt að þau geti valdið tjóni ef ekki er gengið tryggilega frá þeim. Telur V að M virðist fara fram á að X beri ígildi hlutlægrar ábyrgðar á rafhlaupahjólum í rekstri sínum. Í því sambandi tekur V fram að það telji að engin lagaákvæði eða óskráðar meginreglur á neinu réttarsviði leggi slíka hlutlæga ábyrgð á eigendur rafhlaupahjóla. Ítrekar V að það sé M að sýna fram á að tjónið verði rakið til gáleysis eða vanrækslu af hálfu starfsmanna X sem V telur að M hafi ekki tekist.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að það sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Óumdeilt virðist að tjón M megi rekja til þess að rafhlaupahjól í eigu X fauk á bifreið M. Hins vegar telur nefndin að M hafi ekki lagt fram gögn eða röksemdir, sem sýnt gætu fram á að tjónið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess. Að gefnu tilefni tekur nefndin fram að ekki getur komið til þess að X beri hlutlæga ábyrgð á tjóni M. Af öllu framansögðu, og eins og

mál þetta liggur fyrir nefndinni, hefur M því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 63/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. mars 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu vegna ökutækjatjóns sem M sendi V hinn 3. desember 2024 varð tjón á bifreið hans, A, daginn áður. Atvik hafi verið þau að M var að aka svokallaða flóttamannaleið þegar bifreiðin fyrir framan A hægði á ferð sinni og við það þurfti M einnig að hægja á A. Við það rann hún til í hálku með þeim afleiðingum að snjór fór af þaki A og á framrúðu hennar, rúðuþurrkur hennar stöðvuðust og M missti stjórn á henni og hafnaði utan vegar þar sem hún fór yfir nokkra steina. Samkvæmt tjónstilkynningu sem M sendi V hinn 11. febrúar 2025 varð hann fyrir bakmeiðslum við framangreint atvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda á grundvelli þess að M hafi ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hann rekur til þess. V byggi á því að höggkraftur við slysið hafi verið lítill svo og það að matsgerðir vegna slysa sem M hafi orðið fyrir á árunum 2013, 2014 og 2017 beri það með sér að einkenni hans hafi verið til staðar fyrir slys það sem hér um ræðir. Er framangreindu mótmælt af hálfu M. Sé litið til heilsufarsgagna megi sjá að einkenni M séu ekki þau sömu og þau sem rakin verði til fyrri slysa og hafi hann aldrei kvartað undan sambærilegum einkennum fyrir það slys sem hér um ræði. Fyrri slys hafi hins vegar gert það að verkum að M var viðkvæmari en ella. Hraðaútreikningar þeir sem V virðist byggja á taki í engu tillit til þess né hafi verið horft til læknisfræðilegra gagna við gerð þeirra. Frásögn M hafi frá upphafi verið skýr og sýni læknisfræðileg gögn fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við umrætt atvik.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á orsaktengsl milli umrædds atviks og allra þeirra einkenna sem M reki til þess. Samkvæmt hraðaútreikningum hafi högg við atvikið verið mjög lítið og ekki til þess fallið að valda heilsutjóni. Hvað fyrra heilsufar M varði þá telji V ljóst að annars vegar sé um að ræða einkenni sem M hafi áður glímt við, en hann hafi ítrekað leitað til lækna vegna háls- og bakverkja. Þá hafi hann kvartað undan verkjum og stirðleika í mjóbaki eftir slys sem hann varð fyrir á árinu 2017. Þá liggi fyrir að við umferðarslys á árinu 2013 hafi M hlotið áverka á mjaðmagrind og kvið. Hins vegar sé um að ræða einkenni, slitbreytingar og væga discus prolapse, sem séu ekki í orsakasamhengi við umrætt slys heldur feli í sér króníska breytingar sem oft séu hluti af eðlilegri þróun með auknum aldri. Þá hafi M orðið fyrir öðru slysi um sumarið 2024 og verið töluvert frá vinnu það ár. Beri gögn málsins með sér að M hafi haft töluverð einkenni frá stoðkerfi fyrir það atvik sem hér sé til skoðunar. Ekki verði séð að framlögð gögn sýni fram á að slys M 2. desember 2024 hafi leitt til nýrra varanlegra afleiðinga eða versnunar á áður þekktum kvillum. Hafi M því ekki tekist að axla þá sönnunarbyrði sem á honum hvíli um orsakatengsl milli umrædds atviks og einkenna sinna.

Í viðbótarathugasemdum M er í fyrsta lagi ítrekað að sá hraðaútreikningur sem V byggi á hafi í engu verið tekið tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna M, en eðli og umfang líkamstjóns ráðist af fjölda þátta. Er þá áréttað að einkenni M eftir fyrri slys séu annars eðlis en þau sem hann reki til slyssins 2. desember 2024. Eigi þessi fyrri slys því ekki að hafa nein áhrif á úrlausn þess ágreinings sem hér sé uppi, að öðru leyti en því að líta verði til þess að M hafi verið í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna þeirra. Hafi því „vægur höggkraftur“ við umrætt atvik haft meiri áhrif á hann en fullfrískan einstakling. Vilji V á hinn bóginn halda því til streitu að einkenni M séu þau sömu og hann þjáðist af fyrir sé í öllu falli ljóst að þau hafi versnað til muna. Bendi læknisfræðileg gögn þá ekki til þess að um eðlilega aldurstengda þróun sé að ræða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til umrædds umferðarslyss hinn 2. desember 2024. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Við mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar þarf því að líta heildstætt til allra málsgagna, einkum læknisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 13. febrúar 2023 til 25. mars 2025. Einnig liggur fyrir samskiptaseðill vegna komu M á Læknavaktina hinn 3. desember 2024, eða daginn eftir umrætt atvik. Lýsti M þá verkjum hægra megin í mjóbaki og fékk ávísuð verkjalyf. Af samskiptaseðli heilsugæslu má ráða að M hafi haft samband hinn 6. desember 2024 og lýst verkjum frá baki. Fékk hann þá útgefið óvinnufærnivottorð vegna daganna 2. til 6. desember 2024 og beiðni um sjúkraþjálfun. Hinn 12. desember fékk M óvinnufærnivottorð vegna tímabilsins 2. desember 2024 til 3. janúar 2025. Í kjölfarið gekkst M undir segulómun af lendhrygg sem sýndi fram á „töluvert dreifðar slitbreytingar í lendhrygg með disklækkun og breiðbasa afturbungun á diskum, án taugaklemmu.“ Liggur þá fyrir yfirlit meðferða hjá sjúkraþjálfara þar sem fram kemur að M hafi sótt 16 tíma í sjúkraþjálfun á tímabilinu 9. desember 2024 til 14. febrúar 2025.

Ljóst er að M á nokkra sögu um slys, og fyrirliggjandi er örorkumatsgerð dags. 19. febrúar 2016 þar sem fjallað er um afleiðingar líkamstjóns vegna umferðarslysa sem hann varð fyrir 12. júní 2013 og 1. febrúar 2013. Í matgerðinni kemur fram að M lýsi verkjum frá hálsi og herðum og var varanleg læknisfræðileg örorka hans metin 7%. Einnig er fyrirliggjandi örorkumatsgerð dags. 12. febrúar 2020 þar sem fjallað er um afleiðingar líkamstjóns vegna umferðarslyss sem M varð fyrir 23. október 2017. Í matsgerðinni lýsir M einkennum frá fingrum, hálsi og herðum og var varanleg læknisfræðileg örorka hans metin 7%. Verður að telja þessi einkenni talsvert frábrugðin þeim einkennum sem M lýsir nú, þ.e. verkjum frá mjóbaki með leiðni í fætur, og hann telur að verði rakin til slyssins 2. desember 2024.

Af sjúkraskrá M má ráða að hann hafi verið í töluverðum samskiptum við heilsugæslu á árinu 2023 og fram til slyssins í desember 2024 vegna ýmissa kvilla en ekki verður séð að hann hafi kvartað undan verkjum frá mjóbaki á því tímabili. Með vísan til þess svo og annarra fyrirliggjandi gagna verður ekki fallist á að vísbendingar séu um að þau einkenni sem M rekur til þess slyss sem hér er til umfjöllunar hafi verið til staðar áður. Þó M hafi þannig lýst einkennum frá mjóbaki um mánuði eftir slysið sem hann varð fyrir á árinu 2017 verður ekki séð að hann hafi lýst slíkum einkennum á matsfundi hinn 10. október 2019 og liggur því ekki annað fyrir en að þau hafi á þeim tíma gengið til baka.

Af öllu framangreindu og eins og málið liggur fyrir nefndinni verður að leggja til grundvallar að M hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við umrætt atvik, en m.a. liggur fyrir að hann var óvinnufær í kjölfar þess. Nefndin tekur hins vegar ekki afstöðu til þess að hvaða marki er um varanlegt líkamstjón að ræða enda er það í höndum hæfra og óvilhallra matsmanna að leggja mat á það. M telst þá eiga rétt til greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun og öflun matsgerðar um afleiðingar líkamstjóns hans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 64/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 23. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 23. júlí 2024 á byggingarsvæði X, M var ráðinn hjá Y en leigður til X. Atvik hafi verið þau að M hafi verið staddur á vinnupalli að festa svokallaða skó á steypumót þegar fótur hans rakst í festingu fyrir undirstöður sem stóð upp úr pallinum. Við það hafi hann fallið fram fyrir sig og niður í holu sem var þar við hlið vinnupallsins, u.þ.b. 1,5 til 1,8 metrar. M hafi ekki fallið óhindrað niður í holuna heldur hafi steypustyrktarjárn orðið á vegi hans sem lágu í holunni. Við fallið hafi hann sveiflast á fyrrnefndum steypustyrktarjárnum og skollið þannig með bakið í vegg umræddrar holu. Samhliða þessu hafi fótur M flækst í þessum járnum með þeim afleiðingum að hann hékk illa leikinn niður úr járnunum, ofan í skurðinum, þar til samstarfsmenn komu þar að og hífðu hann upp. M hafi leitað samdægurs til læknis. Slysið hafi leitt til langvarandi óvinnufærni M, m.a. vegna bakverkja með leiðni niður í ganglimi.

Í málskoti byggir M á því að fyrirkomulag á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegt og ekki samræmst lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og reglugerðum settum með stoð í lögunum og öðrum viðeigandi reglum. Vísar hann einkum til ákvæða 1. mgr. 13., 14., 21., 23., 37. gr., 42. gr. laganna sem og 2. mgr. 1. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Að auki til 8. gr. A-hluta og 2. og 3. mgr. 16. og 21. gr. B-hluta IV. viðauka við reglur nr. 547/1996. Þá til 2. mgr. 7., 1. mgr. 11. og 12. gr. reglugerðar um röraverkpalla nr. 729/2018.

M byggir í fyrsta lagi á að gólf áðurgreinds verkpalls hafi greinilega verið skemmt þar sem upp úr því stóð festing fyrir undirstöður. Aðbúnaður á gólfinu hafi verið þannig til þess fallinn að stuðla að hrösun starfsmanna á vinnustaðnum. Óhjákvæmilegt sé að líta svo á að með þessu hafi fyllsta öryggis og aðbúnaðar ekki verið gætt, einkum með hliðsjón af áskilnaði um slétt gólf verkpalla skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar um röraverkpalla nr. 729/2018. Í öðru lagi er á það bent að fallvörnum á verkpallinum hafi verið bersýnilega ábótavant. Fallvarnir á verkpöllum af þessu tagi, skuli að jafnaði vera með þremur listum sem ná frá 150 millimetra hæð upp í 1 metra. Ekkert hafi hins vegar varnað því að M félli niður af pallinum við umrætt sinn og greinilegt að fallvarnir voru ófullnægjandi. Í þriðja lagi telur M að X hafi mátt vera ljóst að hætta skapaðist af því að steypustyrktarjárn lægju yfir holu þeirri sem var við hlið títtnefnds verkpallsins sem M féll af. Eins og gefi að skilja séu steypustyrktarjárn harðari viðkomu en jarðvegur holunnar, en fyrst og fremst sé til þess að líta að járnunum fylgdi mikil hætta á því að starfsmenn rynnu til á þeim og flæktust í þeim. Réttara hefði verið að binda járnin saman með böndum eða þar til gerðum vír, líkt og almennt tíðkast á byggingasvæðum til þess að koma í veg fyrir hættu sem ella skapast. Þá séu holur í jörðu enginn geymslustaður fyrir steypustyrktarjárn heldur fer betur á því að raða þeim með veggjum eða á annan snyrtilegan hátt. Með vísan til þessa telur M að frágangur járnanna hafi ekki verið í neinu samræmi við áskilnað ofangreindrar 8. gr. A-hluta IV. viðauka reglna nr. 547/1996. Hafi það vakað fyrir X að byrgja áðurnefnda holu hefði X borið að nýta til þess efni sem betur væri viðeigandi, svo sem viðarplanka, og skorða þann búnað að svo búnu til þess að draga úr slysahættu. Notkun lausra steypustyrktarjárna séu á meðal verstu hugsanlegu leiða sem völ er á til þess að byrgja holur á byggingasvæðum. Sú ákvörðun hafi orðið til þess að tjón M jókst til muna. Í fjórða lagi telur M það hafa verið handvömm af hálfu X að stilla upp verkpalli þeim er M féll af, við hliðina á margnefndri holu. Með því að gera slíkt hafi fallhæðin af pallinum aukist og þar með hættan á notkun hans. Svo virðist sem þarna hafi öryggi á vinnustaðnum verið fórnað með aðgerðum sem auðveldlega

hefði mátt komast hjá. Þetta telur M fela í sér brot á almennri aðgæsluskyldu X, skv. lögum nr. 46/1980, sbr. t.d. 37. og 42. gr. laganna.

Þá hafi Y ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en þremur mánuðum eftir slysið sem hafi verið brot á 79. gr. laga nr. 46/1980. X hafi verið kunnugt um slysið frá upphafi og að líkur væru á því að M hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. X verði að bera hallan af því að hafa ekki hlutast til um að tilkynna atvik þannig að málsatvik væru nægjanlega vel upplýst, sbr. Hrd. í máli nr. 14/2020, 613/2016 og 151/2017. Það hafi m.a. staðið X nær að halda til haga gögnum um aðbúnað á vinnustaðnum. Fullyrðingar V í höfnunarbréfi frá 30. janúar 2026 séu ekki réttar um að X hafi ekki fengið vitneskju um slysið. Í fyrirliggjandi yfirlýsingu vitnis liggi m.a. fyrir að verkstjóri á staðnum hafi ekki kallað eftir sjúkrabíl heldur sagt M og vitninu að fara með M á heilsugæslustöð sem vitnið hafi gert sem jafnframt fái frekari stoð í sjúkrasögu M. Vísar M til 21. gr. laga nr. 46/1980 um að verkstjóri sé fulltrúi atvinnurekanda. X hafi þar af leiðandi bori að gera viðeigandi ráðstafanir og m.a. tilkynna slysið tafarlaust til Vinnueftirlitsins. M bendir á að það sé lögboðin skylda atvinnurekanda skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 að tilkynna um slys en ekki þess starfsmanns sem lendir í slysi. Vanræksla verkstjóra á að tilkynna um slysið sé á ábyrgð X. Hefði verkstjórinn sinnt skyldum sínum hefði verið unnt að rannsaka orsakir slyssins. Af þeirri vanrækslu verði X að bera hallann af því að málsatvik séu ekki betur upplýst. Í öðru lagi komi fram í áðurgreindri yfirlýsingu vitnis að daginn eftir slysið hafi verkstjóri X skipað starfsmönnunum að yfirfara allt svæðið, fjarlægja allar festingar og girða af alla staði sem uppfylltu ekki kröfur um öryggi á vinnustað. M byggir á því að þetta bendi eindregið til þess að aðstæður á vinnustaðnum fyrir slys hafi ekki verið viðunandi eða í samræmi við ofangreindar reglur og lagaákvæði. Í þriðja lagi vísar M ásökunum um meinta áfengisneyslu á vinnustað á bug enda séu þær rangar og ósannaðar og tengist ekkert orsökum slyssins. Með hliðsjón af framangreindu telur M að X hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi og eigi hann skýran og ótvíræðan rétt úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Í athugasemdum V ítrekar V þær röksemdir sem koma fram í höfnunarbréfi. M hafi ekki látið X vita af slysinu. Hann hafi horfið frá vinnustaðnum og hafi ekki mætt til vinnu síðan. X hafi því ekki verið fært að tilkynna um atvikið til Vinnueftirlits né lögreglu né heldur að tryggja vettvang slyssins til rannsóknar á orsökum þess. M hafi verið á uppsagnarfresti hjá X á þeim tíma sem slysið átti sér stað, en uppsögnin hafi verið tilkomin vegna áfengisneyslu M við vinnu. M hafi ekki tekist að sýna fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á gagnvart honum, né heldur til saknæmra mistaka annarra starfsmanna X. Allar tilkynningar vegna slyssins sem fylgi málskoti séu undirritaðar af Y og lögmanni M en ekki af X. Lýsingar á atvikum slyss í umræddum tilkynningum séu með öllu ósannaðar. Þá veiti meintur vitnisburður sem lögmaður M hafi aflað löngu seinna enga sönnun um atvik slyss og aðstæður á slysstað að mati V. Að auki verði að draga verulega í efa trúverðugleika M um atvik slyssins. M hafi verið á uppsagnarfresti vegna áfengisneyslu við vinnu þegar slysið átti sér stað. Þessi staðreynd dragi verulega úr áreiðanleika framburðar hans um atvik slyssins og geti haft áhrif á mat á sönnunargildi hans. Í ljósi fyrri áfengisneyslu við vinnu er ekki hægt að útiloka að áfengisneysla hafi haft áhrif á getu M til að meta aðstæður eða muna atvik með réttum hætti. Þegar trúverðugleiki aðila er dreginn í efa með slíkum hætti, er mikilvægt að kröfur hans séu studdar óyggjandi sönnunum, sem ekki sé staðan í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að aðstæður á slysstað hafi verið öruggar og slysið sé fyrst og fremst rakið til hegðunar M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu beri að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi:

> „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys

> þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“

Í málinu liggur fyrir að X tilkynnti ekki um slysið til Vinnueftirlits ríkisins né var lögregla kölluð á vettvang og þar af leiðandi fór engin rannsókn fram á orsökum slyssins. Samkvæmt upplýsingum úr sjúkraskrá 23. júlí 2024 kemur fram að M hafi lent í vinnuslysi og þar segir orðrétt: „Var að labba, rekst í skrúfu á jörðinni og dettur fram fyrir sig og lendir á bakinu.“ Hvorki í tilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands né tilkynningu M til V frá 28. nóvember 2024 kemur fram að M hafi fallið af vinnupalli og ofan í umrædda holu. Slíkt kemur heldur ekki fram í ódagsettri yfirlýsingu vitnis. Atvikalýsingu í málskoti ber því hvorki saman við atvikalýsingu í sjúkraskrá né við atvikalýsingu í öðrum fyrirliggjandi gögnum málsins.

Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hann hafi tilkynnt X um slysið eða óvinnufærni sína í kjölfar slyssins, eingöngu Y. Nefndin telur því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sem á því hvíldi skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður X því ekki látið bera halla af skorti á sönnun um atvik máls heldur gilda um það almennar sönnunareglur skaðabótaréttar. Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að X hafa vanrækt þær skyldur sem á því hvíldu skv. lögum nr. 46/1980. Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að slys hans verið rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 65/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 4. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. febrúar 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 7. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 13. maí 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 27. júlí 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Samkvæmt málskoti voru atvik með þeim hætti að M stóð við slökkvistöð á flugvelli er þyrla sem kom til lendingar fór eftir tiltekinni flugbraut með þeim afleiðingum að M fékk stein af miklu afli í augað. Hafi M hlotið rifu á hornhimnu augans vegna þessa. Með bréfi, dags. 13. janúar 2026, hafi V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að um óhappatilvik hefði verið að ræða.

M fellir sig ekki við þau málalok og byggir á því að orsök slyss hans megi rekja til þess að X hafi ekki starfrækt flugvöllinn til samræmis við skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum. Hafi X því ekki gætt að öryggi þeirra sem þar störfuðu umrætt sinn. Í bréfi, dags. 25. mars 2024, hafi X viðurkennt að ekki hafi verið gert ráð fyrir umferð þyrla um þessa tilteknu flugbraut. Upphaflega hafi aðeins verið gert ráð fyrir sjúkraflugvélum á henni en láðst hafi að taka það fram í flugmálahandbók. Slík handbók skuli m.a. hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklagsreglur um flugvöllinn. Í henni hafi þó ekkert verið fjallað um þær takmarkanir sem eigi við um þessa tilteknu flugbraut. Teljist X því hafa brotið gegn skyldum sínum hvað það varðar. Umferð þyrla um þessa flugbraut hafi síðar verið bönnuð, m.a. vegna þessa slyss. Fyrir liggi þá að umrædd þyrla hafi verið með 10,7 metra vænghaf og megi því ætla að brautin, sem sé 10,5 metrar að breidd, sé of þröng fyrir akstur hennar. Þá hafi ekkert áhættumat verið gert til að meta aðra umferð um svæðið en samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli skuli rekstraraðilar flugvalla gera áhættumat eftir því sem við á. Þá hafi X vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið með þeim hætti sem áskilið sé í 79. gr. laga nr.46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Tilkynning um slysið hafi þannig ekki verið send Vinnueftirlitinu fyrr en 11. ágúst 2023 og af þeim sökum hafi slysið ekki verið rannsakað af hálfu þess. Verði X að bera hallann af því.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að slys M hafi verið óhapp sem verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar eða mistaka sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna. X hafi gætt allrar þeirrar aðgæslu sem ætlast megi til. M hafi ekki sýnt fram á að þyrlan hafi ekki mátt nýta umrædda flugbraut á slysdegi, eða að sá jarðvegur sem hann fékk í augað hafi fokið vegna umferðar hennar. Samkvæmt tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 4. september 2023, sem M hafi undirritað, hafi umræddur jarðvegur fokið vegna sviptivinda. Er því þá mótmælt sem ósönnuðu að brautin hafi aðeins verið ætluð til umferðar sjúkraflugs og að önnur umferð hafi verið óheimil eða skort á viðeigandi áhættumat. Ekkert í gildandi flugvallarreglum banni umferð þyrla á við þá sem hér um ræði á brautinni. Skortur á formlegu áhættumati fyrir hverja einstaka hreyfingu loftfars leiði þá ekki sjálfkrafa til bótaskyldu. Þá hafi M unnið vaktina á enda og mætt á næturvakt daginn eftir slysið sem bendi til þess að meiðsli hans hafi ekki verið alvarleg. Af þeim ástæðum hafi ekki verið tilefni til að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið innan sólarhrings. Þá telji V ósannað að líkamstjón M verði rakið til umræddsatviks enda bendi öll læknisfræðileg gögn til þess að hann hafi þjáðst af veirusýkingu. Samkvæmt framangreindu hafi M hvorki sýnt fram á orsakatengsl milli líkamstjóns síns og umferðar þyrlunnar né að umferð þyrlunnar verði rakin til einhvers þess sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til fyrirliggjandi tilkynningar til Sjúkratrygginga Íslands en fulltrúi X hafi staðfest hana með undirritun. Þar segi m.a.: „þegar þyrla kemur til lendingar og aðskotahlutur skýst í hægra auga út af sviptivindum. Fær 7mm rifu á hornhimnu á hægra auga ásamt að fá bakteríu og vírussýkingu í augað.“ Sé því ljóst að líkamstjón M verði rakið til ferðar þyrlunnar. Hvað varði tjónið sem slíkt er vísað til læknisfræðilegra gagna, en í matsgerð, dags. 14. desember 2025, segi m.a.: „fær

aðskotahlut í hægra auga, í kjölfarið fær hann svæsna vírussýkingu og bakteríusýkingu sem leiðir til þess að hornhimnan skemmist.“ Hafi sjónskerðing vegna örvefsmyndunar á hornhimnunni verið staðfest. Er þá vísað til þess að í bréfi X, dags. 25. mars 2024, sé fjallað um slys M og annað óhapp. Komi þar fram að ekki hafi verið gert ráð fyrir umferð þyrla á umræddri braut. Er þá áréttuð sú afstaða að X hafi vanrækt að uppfylla þær lögbundnu kröfur sem á því hvíldu um að tryggja öryggi á vinnustaðnum. Sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess þar af leiðandi fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að skýrt og ótvírætt bann hafi verið við lendingum þyrla á umræddri braut á slysdegi. Verði því ekki á því byggt að lending hennar hafi verið ólögmæt eða falið í sér brot á skýrum reglum. Þótt viðurkennt sé að aðskotahlutur hafi komist í auga M sé þá ósannað að líkamstjón hans, einkum veirusýking sem leitt hafi til sjónskerðingar, verði rakið til þessa atburðar. Læknisfræðileg gögn útiloki ekki möguleikann á því að undirliggjandi sjúkdómur eða veikleiki í auga M hafi haft veruleg áhrif á framvindu og umfang tjónsins. Ekki sé því hægt að fullyrða um orsakasamband milli atviksins og þess tjóns sem M varð fyrir.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur annars vegar að því hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M verði rakið til þess atviks sem varð 27. júlí 2023 og hins vegar hvort það atvik verði rakið til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu af hálfu X þannig að bótaábyrgð stofnist úr ábyrgðartryggingu þess.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Fyrir liggur að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slys M fyrr en 11. ágúst 2023, eða um tveimur vikum eftir að það átti sér stað. Hvað þetta atriði varðar byggir V á því að X hafi ekki strax verið kunnugt um alvarleika slyssins þar sem M hafi lokið vakt sinni og mætt til starfa daginn eftir.

Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum má ráða að M hafi haft símasamband við heilsugæslu hinn 29. júlí 2023 og einnig liggur fyrir læknisvottorð til vinnuveitanda, gefið úr af Læknavaktinni, dags. sama dag. Verður því að miða við að X hafi fyrst verið kunnugt um óvinnufærni M a.m.k. tveimur dögum eftir að umrætt slys átti sér stað. Verður X þar af leiðandi ekki metið til sakar að hafa ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um atvikið innan sólarhrings né verður vikið frá almennum sönnunarkröfum vegna þess.

Af gögnum málsins verður ráðið að M varð fyrir áverka á hægra auga við vinnu sína 27. júlí 2023 þegar aðskotahlutur komst í auga hans í tengslum við komu þyrlu til lendingar. Verður þá jafnframt lagt til grundvallar að M hafi hlotið rifu á hornhimnu við atvikið. Styðst sú niðurstaða meðal annars við tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands og þau læknisfræðilegu gögn sem fyrir liggja í málinu. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að sú bakteríu- og veirusýking sem síðar greindist í auganu hafi komið fram í kjölfar þessa áverka. Verður því að telja nægilega sýnt fram á orsakatengsl milli atviksins og þess líkamstjóns sem M varð fyrir.

Eftir stendur þá að taka afstöðu til þess hvort atvikið verði rakið til einhvers þess sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Af gögnum málsins verður ráðið að eftir slysið hafi X ákveðið að banna þyrluumferð á umræddri flugbraut. Slíkar ráðstafanir eða breytingar sem gerðar eru eftir atvik leiða þó ekki einar og sér til þeirrar niðurstöðu að skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn er sýni fram á að á slysdegi hafi gilt bann við umferð þyrla um umrædda flugbraut eða að slík umferð hafi verið andstæð gildandi reglum. Verður X því ekki metið það til sakar að umrædd þyrla hafi nýtt þessa tilteknu braut til lendingar.

Í bréfi X til Samgöngustofu, dags. 25. mars 2024, þar sem fjallað er um fyrirhugað bann við þyrluumferð á brautinni, kemur fram að upphaflega hafi aðeins verið gert ráð fyrir umferð sjúkraflugvéla á brautinni en að láðst hafi að taka það fram í flugmálahandbók. Sú staðreynd haggar því ekki að á slysdegi var ekki bann við þyrluumferð á svæðinu, né hefur verið sýnt fram á að það verði metið X til sakar að slík

umferð hafi verið heimil fram til ársins 2024, enda liggur ekki fyrir að hún hafi bersýnilega verið hættuleg eða í andstöðu við viðurkennda framkvæmd.

Hefur M samkvæmt framangreindu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 66/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Frávísunarkrafa. Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 17. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. mars 2026.

Málsatvik.

Hinn 8. febrúar 2023 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, en M var ökumaður hinnar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi borið alla sök á umræddum árekstri.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við atvikið og hafi hún samdægurs leitað á bráðamóttöku þar sem hún lýsti eymslum aftan á hálsi, í vinstra herðablaði og vinstri mjöðm auk þess sem hún fyndi fyrir svima. M hafi aftur leitað til læknis hinn 13. febrúar 2023 og þá kvartað vegna verkja í brjóstbaki, mjóbaki og niður í rófubein auk þess sem hún fyndi fyrir náladofa niður í fingur. Hún hafi áður orðið fyrir slysi en útskrifast úr sjúkraþjálfun vegna afleiðinga þess í febrúar 2022, þá með verki í vinstri öxl og vinstri mjöðm, en ekki þá bakverki sem rekja megi til þess slyss sem hér sé til umfjöllunar. M hafi sótt meðferð hjá sjúkraþjálfara eftir slysið í febrúar 2023 og fram til 28. febrúar 2024, en þá hafi hún orðið að stöðva komur sínar í sjúkraþjálfun, sem þá hafi verið orðnar um 70, af fjárhagslegum ástæðum. Nú sé hún þó á biðlista eftir frekari meðferð.

Jafnframt kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A á grundvelli þess að samkvæmt PC-crash skýrslu sem V hafi aflað og samkvæmt gögnum málsins væri ekkert sem benti til þess að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af atvikinu. M mótmælir þeirri afstöðu enda sé ekki hægt að fullyrða um líkamlegar afleiðingar út frá umfangi ákoma á bifreiðar eða útreikningi á hraða og höggþunga enda taki slík gögn ekkert tillit til persónubundinna þátta tjónþola. Auk þess sé sönnunargildi einhliða aflaðra gagna afar takmarkað. Það sé þá í höndum sérfróðra matsmanna að meta orsakatengsl milli áreksturs og afleiðinga hans. Er vísað til fordæma dómstóla og nefndarinnar framangreindu til stuðnings. Er þá áréttað að í tilviki M liggi fyrir ítarleg læknisfræðileg gögn um þau einkenni sem hún reki til árekstursins auk þess sem staðfest sé að um ný einkenni sé að ræða, þ.e. verkir frá brjóstbaki hafi ekki verið til staðar eftir fyrra slys M, og einnig hafi eldri einkenni ýfst upp. Fer M því fram á úrskurð nefndarinnar um fulla bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki ágreining um að slysið sem slíkt sé bótaskylt. Hins vegar sé ekki sýnt fram á orsaktengsl milli slyssins þeirra einkenna sem M reki til þess.

Á grundvelli þess krefst V í fyrsta lagi frávísunar málsins frá nefndinni. Það sé skilyrði fyrir málsmeðferð nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 4. gr. samþykkta hennar, að V hafi hafnað kröfu M eða ekki hafi tekist að leysa úr henni með einhverjum hætti. Hér séu þau atvik uppi að M hafi samþykkt bótaskyldu vegna slyssins sem slíks og samþykkt greiðslu bóta vegna tímabundins tjóns. Hafi M ekki gert kröfu á hendur V og hafi henni því ekki verið hafnað. Sé því ekki uppi ágreiningur sem geti orðið grundvöllur málskots fyrir nefndinni.

Þess utan byggir V á því að orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna M séu ósönnuð. Ekki liggi fyrir matgerð sem sýni fram á að slík tengsl séu til staðar og þá hafi M verið metin til miska og örorku vegna umferðarslyss sem hún varð fyrir í janúar 2019 og liggi m.a. fyrir að hún hafi sótt sjúkraþjálfun vegna þess slyss. Samkvæmt gögnum málsins sé verulegur vafi á því hvort það slys sem átti sér stað 8. febrúar 2023 hafi leitt til einhverra varanlegra afleiðinga og verði M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Er þá ítrekað að V hafi ekki hafnað bótaskyldu, heldur aðeins því að standa sameiginlega að gagnaöflun fyrr en fullnægjandi sönnun á orsakatengslum liggi fyrir. Er því krafa V um frávísun málsins frá nefndinni áréttuð.

Í viðbótarathugasemdum M er rökstuðningi V hafnað. Verði ekki annað ráðið en að með bréfi V til M hafi frekari bótaskyldu verið hafnað enda hafi því verið hafnað að M ætti við varanlegar afleiðingar að

stríða vegna slyssins. M hafi farið fram á endurskoðun þeirrar ákvörðunar en þeirri beiðni hafi einnig verið hafnað af hálfu V. Er þá áréttuð sú afstaða að M hafi með læknisfræðilegum gögnum sýnt fram á varanlegar afleiðingar árekstursins og vísað til dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í mái E-2340/2024 því til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum er tilgangur nefndarinnar sá að gefa þeim málskotsaðilum sem telja sig eiga rétt til bóta eða eiga annarra lögvarinna hagsmuna að gæta möguleika á ódýrri, faglegri og skilvirkri málsmeðferð vegna ágreinings við vátryggingafélög. Í 2. mgr. 4 gr. samþykktanna kemur fram að það sé skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að varnaraðili hafi hafnað kröfu málskotsaðila eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því málskotsaðili lagði málið og nauðsynleg gögn fyrir viðkomandi vátryggingafélag. V krefst frávísunar á grundvelli þess að skilyrði þess ákvæðis séu ekki uppfyllt.

Fyrirliggjandi er bréf V til lögmanns M, dags. 8. maí 2023. Þar kemur fram að V telji að varanlegt heilsutjón geti ekki hafa hlotist af atvikinu og muni V því hvorki hlutast til um sameiginlega gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Kemur þá fram að V geti án viðurkenningar á greiðsluskyldu komið að greiðslu kostnaðar vegna fyrstu lækniskomu og/eða annars kostnaðar vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga slyssins á fyrstu þremur mánuðunum eftir að það átti sér stað. Er einnig bent á að unnt sé að skjóta afstöðu félagsins til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Framangreint verður ekki túlkað með öðrum hætti en að V hafi hafnað því að á því hvíldi bótaskylda gagnvart M vegna líkamstjóns hennar. Jafnvel þó litið væri svo á að V hafi fallist á bótaskyldu vegna tímabundinna afleiðinga, en orðalag í fyrrgreindu bréfi ber það ekki endilega með sér, verður að líta til þess að greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, vegna kostnaðar við gagnaöflun og öflun matsgerðar um afleiðingar líkamstjóns M, hefur verið skýrlega hafnað. Hvort sem litið er svo á að ágreiningur aðila snúist um tiltekið umfang tjóns eða um það að bótaskyldu sé hafnað af hálfu V verður því ekki séð að efni séu til að vísa máli þessu frá nefndinni. Mundi það enda draga úr virkni nefndarinnar sem þess skilvirkra og hagkvæma úrræðis sem henni er ætlað að vera ef vátryggingafélög gætu fallist á að atvik sem slíkt sé bótaskylt og í kjölfarið krafist þess að öðrum þáttum ágreinings aðila væri vísað frá nefndinni á grundvelli þess að kröfu aðila hafi ekki verið hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvort orsakatengsl séu milli áreksturs sem varð hinn 8. febrúar 2023 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Við mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar þarf því að líta heildstætt til allra málsgagna, einkum læknisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 8. febrúar 2023 til 18. desember 2023. Þá kemur fram í matsgerð dags. 25. febrúar 2020, en hún var gerð í þeim tilgangi að meta líkamlegar afleiðingar slyss sem M varð fyrir 10. janúar 2019, að M finni fyrir óþægindum frá hálsi, vinstri öxl og mjóbaki. Hún fái daglega höfuðverki og verkurinn leiði einnig niður í herðar, vinstri öxl og vinstra herðablað. Í matsgerðinni kemur jafnframt fram að M hafi lent í bílslysi á árinu 2014 og þá hlotið tognun á hálsi og heilahristing. Á árinu 2015 hafi hún lent í öðru bílslysi og tognað á brjósthrygg. Utan umræddrar matsgerðar liggja ekki fyrir nefndinni nein gögn um fyrra heilsufar M. Þá er meðal gagna málsins yfirlit meðferða hjá sjúkraþjálfara vegna tímabilsins 20. febrúar 2023 til 28. febrúar 2024. Af tilgreindum dagsetningum í yfirlitinu má ráða að M hafi sótt sjúkraþjálfun 35 sinnum á umræddu tímabili. Engin skýrsla sjúkraþjálfara eða nánari upplýsingar um þá meðferð sem M hlaut í sjúkraþjálfun liggja þó fyrir nefndinni.

Af fyrirliggjandi sjúkraskrá má ráða að M hafi leitað á bráðamóttöku þegar á slysdegi og þá lýst versnandi verk í mjóbaki, verk aftan í höfði og verk ofarlega í hálshrygg. Í kjölfarið leitaði M nokkrum sinnum á heilsugæslu og lýsti þá m.a. verk í brjóstbaki, mjóbaki og niður í rófubein, auk höfuðverkja. Í sjúkraskrá kemur einnig fram að á segulómun hafi ekki sést neitt athugavert.

Það hvílir á M að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu milli umrædds áreksturs og varanlegra einkenna hennar. Í ljósi þess að þeim einkennum virðist að miklu leyti svipa til

fyrri einkenna og þess að læknisfræðileg gögn málsins, sér í lagi er varða fyrra heilsufar hennar, eru afar takmörkuð, verður að telja að sú sönnun hafi ekki tekist. Er þá jafnframt litið til þess að ekki er meðal gagna málsins læknisvottorð eða annað gagn er sýni með afdráttarlausum hætti fram á að um ný einkenni eða versnun fyrri einkenna sé að ræða.

Af öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
Frávísunarkröfu V er hafnað. M á ekki frekari rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 68/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lækna.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 31. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 6. maí 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins gekkst M undir brjóstaminnkunaraðgerð og fitusog á baki 5. apríl 2024 hjá Z, sem var vátryggður undir starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Í kjölfar aðgerðar hafi komið fram alvarlegir fylgikvillar, þ.m.t. sýking og umfangsmikið drep (nekrósa) í báðum brjóstum vegna alvarlegrar sýkingar sem M hafi hlotið í aðgerð sem megi rekja til ófullnægjandi læknismeðferðar Z. V hafnaði því að bótaskylda væri til staðar í málinu úr starfsábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 30. september 2025 með vísan til þess að ósannað væri að Z bæri skaðabótaábyrgð á þeim fylgikvillum sem M fékk eftir aðgerðina. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskot er á því byggt að Z hafi ekki brugðist við með viðeigandi hætti í kjölfar sýkingar M, þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir M um einkenni eins og hitatoppa strax í kjölfar aðgerðar og í lokin hafi hann ekki látið ná í sig. Z hafi ekki brugðist við augljósum einkennum um sýkingu og hafi ekki meðhöndlað hana með sýklalyfjum sem sé veruleg vanræksla á starfsskyldum, sérstaklega í ljósi þess að ómeðhöndluð sýking geti aukið á vefjaskemmdir og drep. M hafi ítrekað reynt að ná á Z án árangurs. Þann 6. maí 2024 hafi M sent Z skilaboð og lýst þar þeim einkennum sínum. Engin svör hafi borist fyrr en fjórum dögum síðar og þá hafi Z óskaði eftir að fá sendar myndir. Vísar M til 5. mgr. 13. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn þar sem komi fram að lækni beri skylda að vísa sjúklingi áfram ef hann telur sig ekki geta veitt viðeigandi þjónustu. Z hafi brotið fyrirmæli framangreinds ákvæðis. M hafi leitað á náðir annars sérfræðings sem hafi tekið yfir meðferðina. M hafi vegna þessa hlotið varanlega afmyndun á brjóstum og misst vinstri geirvörtuna og hafi þurft að undirgangast brjóstauppbyggingu á Landspítala vegna umræddra mistaka. Vísar M til annarra fyrirliggjandi gagna málsins hvað varðar nánari lýsingu á málavöxtum, þ.e. kröfum í starfsábyrgðartryggingu Z, dags. 5. október 2024 og 23. apríl 2025 og kvörtun til Embættis landlæknis. M hafnar því sem fram kemur í framlagðri greinargerð Z, þ.e. að um vel þekktan fylgikvilla hafi verið að ræða. Slíkt standist enga skoðun þar sem hægt hefði verið að komast hjá tjóni M hefði meðferð á einkennum hennar verið hagað með fullnægjandi hætti. Slík vanræksla leiði til skaðabótaábyrgðar. M hafnar því einnig að Z hafi upplýst M um áhættu á aðgerð þar sem ekki sé vísað til neinna gagna því til staðfestingar. M hafi með engu móti verið upplýst um áhættu fyrir aðgerðina þrátt fyrir skyldu læknisins í þeim efnum, sbr. 5. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Ekkert komi fram í sjúkraskrá M um að hún hafi verið upplýst um hættuna. Samkvæmt staðfastri framkvæmd úrskurðarnefndar vátryggingamála hvíli sönnunarbyrðin um fullnægjandi upplýsingagjöf á Z, sbr. úrskurður í máli nr. 157/2006. Jafnframt byggir M á því að Z hafi misst læknaleyfið tímabundið til sex mánaða og sé nú með takmarkað starfsleyfi samkvæmt starfsleyfisskrá heilbrigðisstarfsmanna sem hýst sé af Embætti landlæknis. Vísar M til 15. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. M vísar ennfremur til þess að skv. hennar upplýsingum hafi nokkrar aðrar konur fengið sömu útreið eftir aðgerð hjá Z á umræddu tímabili og mál þeirra séu einnig til meðferðar hjá Embætti landlæknis en embættið hafi talið nauðsynlegt að takmarka heimildir Z til starfa sem læknir. Það renni stoðum undir að háttsemi hans í máli M hafi ekki verið einangrað óhapp, heldur hluti af víðrækri og alvarlegri vanrækslu í starfi. M gerir kröfu um að nefndin beini þeim tilmælum til V að leggja fram upplýsingar um hvort það hafi borist fleiri tjónstilkynningar vegna starfa Z á umræddu tímabili. Slíkar upplýsingar séu nauðsynlegar til þess að meta umfang vanrækslunnar. Tjón M sé bein afleiðing af saknæmri vanrækslu Z sem starfi með takmarkað starfsleyfi. Sú staðreynd ein og sér eigi að nægja til að hnekkja afstöðu V, sem byggi einvörðungu á ótrúverðugum skýringum Z. Augljóst sé að meðferðin sem M hlaut hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur sem gera verður til

heilbrigðisstarfsmanns og að komast hefði mátt hjá tjóninu ef rétt hefði verið staðið að verki. M krefst þess að viðurkennt verið að bótaskylda sé til staðar úr starfsábyrgðartryggingu X.

Í athugasemdum V er byggt á að Z hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi sem valdið hafi tjóni M og af þeim sökum sé bótaskylda ekki til staðar úr starfsábyrgðartryggingu X. Aðgerð M hafi gengið vel og ekkert óvænt hafi komið upp á í henni. Ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að Z hafi ekki hagað þeirri aðgerð eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í sjúkraskrárfærslu frá 5. apríl 2024 komi fram að M hafi fengið allar upplýsingar og skrifað undir samþykki fyrir aðgerðinni. Við aðra endurkomu M til Z 30. apríl 2024 hafi sést grunn nekrosa (drep í vef) á húðinni á sumum stöðum á vörtubaugnum á vinstra brjósti. Þessi fylgikvilli sé þekktur eftir aðgerð sem þessa. Þennan dag (30. apríl 2024) hafi M ekki verið með einkenni sýkingar. Í sjúkraskrá komi ekki fram að M hafi verið með hitatoppa í kjölfar aðgerðarinnar. V telur það því ekki liggja fyrir. En jafnvel þó svo hefði verið, líkt og kemur fram í málskoti, þá sé slíkt ekki óvenjulegt eftir aðgerð eins og þá sem M gekkst undir þar sem það er svar líkamans við eðlilegri bólgu í gróanda eftir aðgerðina. Slíkt þýði því ekki að sýking sé til staðar. Ástæða þessa fylgikvilla var ónægt blóðflæði til vefsins. Sést þetta meðal annars í aðgerðarlýsingu V 28. maí 2024. Samkvæmt upplýsingum frá Z skuli alltaf bíða eins lengi og hægt er með sárahreinsun, hið minnsta tvær vikur. Það sé gert til að hægt sé að greina betur hvaða vefir muni lifa og hverjir ekki, en það komi ekki í ljós strax. Í komu 30. apríl 2024 hafi verið mælt með endurkomutíma eftir tvær vikur. Þegar ekki er um sýkingu að ræða þá eigi ekki að gefa sjúklingi sýklalyf, sbr. greinargerð Z. Það er gert vegna áhættu á að rækta fram ónæmar bakteríur. Samkvæmt upplýsingum frá Z sé þetta grunnatriði í læknisfræðilegri meðferð við þessum fylgikvilla. Sýklalyf séu þannig ekki gefin í fyrirbyggjandi tilgangi. Hins vegar eigi að vera vakandi fyrir sýkingareinkennum og gefa sýklalyf ef þau koma fram. V getur því ekki fallist á að rangt hafi verið að meðhöndla ekki M með sýklalyfjum á þessu stigi málsins. Þá telur V ljóst að ekki sé hægt að ætlast til að hægt sé að ná sambandi við sérfræðilækni samdægurs gegnum síma eða skilaboð. Sjúklingar verði þá að leita til þeirrar heilbrigðisþjónustu sem gefur sig út fyrir það, til dæmis bráðamóttöku. Í skilaboðum Z til M komi fram að Z hafi verið erlendis. Verður því að teljast eðlilegt að ekki hafi náðst í hann. M hafi leitaði til T 8. maí 2024 sem hafi sinnt meðferð M eftir það. Þá byggir V á að þegar Z framkvæmdi aðgerð á M hafi hann verið með fullt lækningaleyfi og sérfræðileyfi til að framkvæma skurðaðgerð eins og þá sem gerð var. Samkvæmt upplýsingum frá Z hafi hann lagt inn starfsleyfi sitt í september 2024, þ.e. fjórum mánuðum eftir aðgerðina, vegna veikindaleyfis sem hann var þá kominn í. Kveðið er á um heimild til þessa í 16. gr. laga nr. 41/2007. Z fékk starfsleyfið svo aftur eftir að veikindaleyfinu lauk þann 1. mars 2025 en sé enn í endurhæfingarferli og treysti sér ekki til að framkvæma skurðaðgerðir í svæfingu á meðan svo er. Lækningaleyfið sé þar af leiðandi takmarkað eins og eðlilegt er með skurðlækna. Þetta sé gert í góðri samvinnu við Embætti landlæknis og er eðlilegur gangur eftir veikindi og endurhæfingu sem þessa. Fullyrðingar lögmanns M um annað virðist byggðar á getgátum.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri kröfur ítrekaðar og sett fram andmæli við því sem fram kemur í athugasemdum V. Sérstaklega er byggt á að staðhæfingar V um að afleiðingar aðgerðarinnar hafi verið þekktur fylgikvilli, eftirfylgni Z hafi verið fullnægjandi og M hafi veitt upplýst samþykki, séu byggðar á röngum forsendum og standist ekki skoðun þegar litið sé til fyrirliggjandi gagna í málinu. M vísar m.a. til 5. mgr. 13. gr. laga nr. 34/2012 og 5. og 7. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri athugasemdir ítrekaðar og gerðar frekari athugasemdir. V ítrekar að engin merki hafi verið um sýkingu í síðustu komu M til Z þann 30. apríl 2024 og því liggi ekkert fyrir um að Z hafi ekki brugðist rétt við. V hafnar því að M hafi vísvitandi skráð rangar upplýsingar í sjúkraskrá. Engin gögn liggi fyrir sem sýni fram á það. Þá hafnar V því að Z hafi brotið gegn 5. mgr. 13. gr. laga nr. 34/2012 og ákvæðið leggi ekki þá skyldu á lækna að alltaf sé hægt að ná í þá. Ákveðnar sjúkrastofnanir gefi sig út fyrir að sjúklingar geti fengið heilbrigðisþjónustu án þess að eiga pantaðan tíma, t.d. bráðamóttaka. Þá bendir V á að skv. færslu í sjúkraskrá frá 5. apríl 2024 hafi M fengið allar upplýsingar og skrifað undir samþykki fyrir aðgerðinni.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. skilmála starfsábyrgðartryggingar lækna hjá V greiðir vátryggingin bætur vegna skaðabótaskyldu er fellur á vátryggingartaka sem sjálfstætt starfandi lækni, þegar þriðji maður verður fyrir líkamstjóni sem rakið verður til læknisverks vátryggingartaka sjálfs eða starfsmanna hans. Um sakarmat og sönnun gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Samkvæmt dómaframkvæmd gildir strangt sakarmat þegar metið er hvort læknir hafi sýnt af sér gáleysi við framkvæmd starfa sinna. Í málinu

liggur ekki fyrir hvort M hafi fengið greiddar bætur úr sjúklingatryggingu X samkvæmt þágildandi lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

Í málinu er deilt um hvort fylgikvilli sem M greindist með í kjölfar aðgerðar hjá Z 5. apríl 2024 verði rakinn til ófullnægjandi læknismeðferðar hjá Z í kjölfar aðgerðarinnar, þ.e. að hvort Z hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við meðferð M í umrætt sinn.

M gekkst undir brjóstaminnkunaraðgerð hjá Z 5. apríl 2024 og fékk skv. færslu Z í sjúkraskrá allar upplýsingar um aðgerðina og skrifaði undir samþykki. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá M hjá Z greindist drep í vef á húðinni á sumum stöðum á vörtubaugnum á vinstra brjósti við aðra endurkomu 30. apríl 2024. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist óumdeilt að um þekktan fylgikvilla hafi verið að ræða. Í sjúkraskrárfærslu Z þann dag segir orðrétt: „Klippi pínu af þessu svarta, frískur vefur undir en ekki epiteliseraður“. Í sjúkraskrárfærslu T frá 8. maí 2024 segir: „sýking í vi. brjósti. tap á næstum allri geirvörtunni, svört nekrosa.“

Með málskoti fylgdu sjúkraskrá M hjá Z frá 15. janúar 2024 til 30. apríl 2024, sjúkraskrá M hjá T frá 8. maí 2024 til 6. júní 2024 og sjúkraskrá M hjá bæklunarskurðdeild og lýtalæknadeild Landspítalans frá 5. apríl 2024 til 13. nóvember 2025. Framangreind gögn varpa ljósi á þá meðferð sem M hlaut hjá Z, T og Landspítalanum vegna fylgikvilla í kjölfar aðgerðarinnar, þ.e. dreps í vef og sýkingu. Nefndin fær hins vegar ekki séð og ekki er til þess vísaði í málskoti eða öðrum fylgigögnum, að í gögnum málsins liggi fyrir mat læknis á því að umræddir fylgikvillar sem M var greind með verði raktir til vanrækslu Z við framkvæmd starfa sinna í umrætt sinn. Þá liggur ekkert læknisvottorð meðferðarlæknis né sérfræðiálit læknis fyrir þar sem lagt er mat á hvort sú meðferð sem M hlaut hjá X hafi verið ófullnægjandi. Alkunna er að fylgikvillar geta komið upp í kjölfar aðgerða sem þessara án þess að þeir verði raktir til mistaka við framkvæmd aðgerðarinnar eða meðferðar í kjölfarið. Þá liggur fyrir í sjúkraskrárfærslu Z frá 5. apríl 2024 að M hafi fengið allar upplýsingar um aðgerðina og skrifað undir samþykki.

Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn um að tjón M megi rekja til þess að X hafi ekki framkvæmt aðgerðina og meðferð í kjölfar hennar í samræmi við gildandi lög eða viðteknar venjur og starfsreglur á sviði læknisfræðinnar. Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að tjón hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi Z. Því er bótaréttur ekki fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu sem X er með hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 70/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging. Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. febrúar 2026 [sic] ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og öðrum gögnum málsins kemur fram að M hafi þurft að yfirgefa heimili sitt í Grindavík vegna jarðhræringa. Hafi hann leigt íbúð í Keflavík og sótt um og fengið sértækan húsnæðisstuðning vegna þess. Með bréfum, dags. 11. september 2025, hafi Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tilkynnt M að hann hefði fengið ofgreiddan sértækan húsnæðisstuðning. M hafi kært þá ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála sem staðfesti hana. M felli sig ekki við þá niðurstöðu og hyggist leita réttar síns fyrir dómstólum og hafi hann krafist greiðslu bóta úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar til að fjármagna þá málshöfðun.

Í málskoti kemur þá fram að V hafi hafnað kröfu M á grundvelli þess að ágreininginn og mögulegan málskostnað vegna hans, megi rekja óbeint til náttúruhamfara. Í almennum skilmálum V komi fram að tjón sem orsakast beint eða óbeint af hvers kyns náttúruhamförum sé ekki bætt. M fellir sig ekki við þau málalok enda sé hin raunverulega og beina orsök lögfræðikostnaðar ágreiningurinn sjálfur, en ekki náttúruhamfarirnar sem séu fjarlæg og söguleg forsenda ágreiningsins. Skýrlega sé fjallað um þetta í skilmálum bæði fjölskyldu- og fasteignatryggingar sem M sé með í gildi hjá V, en í skilmálum þeirra komi fram að tjónið sem bætt er sé sá lögfræðikostnaður sem af ágreiningi hlýst. Orsök ágreiningsins breyti því ekki nema hún sé þá með skýrum hætti undanskilin í skilmálum. Svo sé ekki í þessu tilviki. Túlkun V á skilmálum þess sé beinlínis röng auk þess sem hún leiði af sér svo víðtækar og ósanngjarnar afleiðingar að gangi gegn tilgangi vátryggingaverndar. Yrði fallist á rök V sé í raun verið að svipta þau sem verða fyrir tjóni vegna náttúruhamfara allri vátryggingavernd sem felst í fjölskyldutryggingum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum bæði fjölskyldu- og fasteignatryggingar komi skýrt fram að almennir skilmálar V eigi við um þær. Sé undanþáguákvæði 31. gr. almennra skilmála skýrt varðandi það að tjón sem orsakast beint eða óbeint af hvers kyns náttúruhamförum sé ekki bætt. Verði orðalag þess ekki túlkað öðru vísi eða svo að það nái til allra afleiðinga sem rekja megi beint eða óbeint til slíkra náttúruhamfara. Ágreiningur um húsnæðisstuðning á grundvelli laga nr. 94/2023 um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ hefði aldrei komið til nema vegna náttúruhamfara. Því eigi hann sér orsök í náttúruhamförum og falli þar með undir skilgreiningu undanþáguákvæðisins um óbein orsakatengsl. Hvað varði fasteignatryggingu M hjá V sé það þá einnig svo að málið sé óviðkomandi eignarhaldi M á fasteign og því falli umræddur ágreiningur ekki innan gildissviðs þeirrar vátryggingar.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins skapaðist ágreiningur milli M og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í kjölfar þess að stofnunin taldi M hafa fengið ofgreiddan sértækan húsnæðisstuðning á grundvelli laga nr. 94/2023. Lög nr. 94/2023 mæla fyrir um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ og er það meðal skilyrða fyrir slíkum stuðningi að umsækjanda hafi verið gert að yfirgefa heimili sitt á grundvelli laga um almannavarnir. Af því leiðir að þær náttúruhamfarir sem leiddu til rýmingar Grindavíkur voru forsenda þess að M öðlaðist rétt til slíks stuðnings. Jafnframt er þó ljóst að sá ágreiningur sem M hyggst bera undir dómstóla snýst ekki um náttúruhamfarirnar sem slíkar heldur um lögmæti stjórnvaldsákvörðunar um endurkröfu vegna ofgreidds stuðnings vegna þeirra.

Samkvæmt 31. gr. almennra skilmála V, en óumdeilt er að þeir skilmálar eiga við um bæði fjölskyldutryggingu og fasteignatryggingu M hjá V, er tjón sem orsakast beint eða óbeint af hvers kyns náttúruhamförum ekki bætt. Orðalag ákvæðisins felur því í sér að það tekur ekki aðeins til tjóns sem er bein afleiðing náttúruhamfara heldur einnig til tjóns sem rekja má með óbeinum hætti til þeirra.

Þótt M byggi á því að hið eiginlega tjón samkvæmt réttaraðstoðarverndinni sé lögfræðikostnaður vegna ágreinings en ekki náttúruhamfaranna sem slíkra verður ekki litið fram hjá því að skilmálarnir undanskilja einnig tjón sem rekja má óbeint til náttúruhamfara. Lögfræðikostnaðurinn sem hér um ræðir er afleiðing ágreinings um framkvæmd úrræðis sem var sett á fót vegna náttúruhamfara. Þótt rétt sé að lögfræðikostnaður komi ekki til fyrr en ágreiningur rís verður ekki litið svo á að ágreiningurinn rjúfi orsakatengsl við náttúruhamfarirnar þegar hann lýtur beinlínis að framkvæmd laga sem sett voru vegna þeirra.

Verður af framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að telja að sá kostnaður sem M kann að verða fyrir vegna málshöfðunar verði að teljast tjón sem rekja megi með óbeinum hætti til náttúruhamfara í skilningi 31. gr. almennra skilmála V og sé því undanskilið gildissviði umræddra vátrygginga. Er þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans og ekki er þörf á að fjalla frekar um gildissvið réttaraðstoðartryggingar fasteignatryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fasteigna- eða fjölskyldutryggingar sinna hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 71/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 18. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 31. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að mikið vatnstjón hafi orðið 1.-4. ágúst 2025 í húsnæði M að [...]. Málsatvik eru nánar tiltekið þau að M og X gerðu með sér verksamning 2. júní 2025 um 1. áfanga við endurbætur á þaki húss M að [...]. Verktíminn var frá 1. maí 2025 og skyldi verkinu vera að fullu lokið 1. nóvember 2025. Verkið fólst í endurnýjun þaks þannig að fjarlægja skyldi eldri klæðningu og einangrunarlag og breyta uppbyggingu þaksins þannig að ofan á steypta plötu kæmi rakavarnarlag, þar næst sniðskorin einangrun og að lokum tvöfalt lag af eldsoðnum asfaltdúk. Í lok júlí var verkið komið nokkuð á veg, en vinna við lagningu nýs asfaltsdúks var þó ekki hálfnuð. Í vikunni fyrir mánaðamótin júlí/ágúst var spáð verulegri úrkomu á höfuðborgarsvæðinu um verslunarmannahelgina, þ.e. dagana 1.-4. ágúst. Veðrið gekk eftir og gerði verulega úrkomu, einkum 1. ágúst, með fyrrgreindum afleiðingum. M telur að X hafi sýnt af sér saknæmt aðgæsluleysi með því að viðhafa ekki nægilegar ráðstafanir til að hindra að leki kæmi að húsinu. X beri því skaðabótaábyrgð á tjóni M, sem eigi þar af leiðandi rétt á greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi, dags. 18. september 2025, hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar úr ábyrgðatryggingu X. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er í fyrsta lagi byggt á því að X hafi haft vitneskju um umrætt rigningarveður með góðum fyrirvara. Í öðru lagi að X hafi ekki gert ráðstafanir til varna leka. Í þriðja lagi að framkvæmdir verktaka hafi veikt lekavörn þaksins. Í fjórða lagi þá hafi eftirlitsaðili vakið athygli verktaka á lekahættu og nauðsyn lekavarna. Málsástæður M eru ítarlega rökstuddar í málskoti. M vísar kröfu sinni til stuðnings til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 418/2024 og telur atvik vera nær alveg sambærileg í máli þessu. Í báðum tilvikum hafi gjörðir verktaka á verkstað valdið tjóni á vatnsvörn þaks og ekki hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir á verkstað áður en rigningarveður skall á.

Í athugasemdum V er því hafnað að rekja megi umræddan leka til saknæmrar háttsemi X. Verkið hafi verið unnið eins vel og hægt var miðað við aðstæður. Af hálfu M hafi það verið staðfest að lekinn kom upp á gamla PVC dúknum, en ekki þeim dúk sem X var búið að endurnýja. Það sýni með skýrum hætti að vinna X var fullnægjandi og að nýi dúkurinn hafi staðist þær kröfur sem gerðar voru af hálfu X og eftirlitsaðilans. Þá er því hafnað sem ósönnuðu að gamli dúkurinn hafi lekið vegna vinnu X, enda hafi verið sýnt fram á það með gögnum að leyfi hafi verið fengið fyrir notkun vinnuvéla á þakinu ásamt því að X hafi verið búið að skipta út dúk á því svæði sem vinnuvélin keyrði á, fyrir verslunarmannahelgina. Það sé því ómögulegt að gamli dúkurinn hafi lekið vegna þess að X hafi veikt hann með óheimilu verklagi. Að lokum hafnar V þeirri málsástæðu að X hafi vanrækt skyldur sínar með því að gera ekki frekari ráðstafanir til að varna leka vegna umrædds rigningaveðurs. X hafi fylgst vel með hvort þakið væri að leka á meðan verkinu stóð og lagt sig fram við að skilja aldrei við það án þess að loka því svæði sem opnað var þann daginn.

Í viðbótarathugasemdum M er byggt á að X hafi mátt vita að vatnsverður var yfirvofandi um verslunarmannahelgina. Á X hafi hvílt skylda til að halda húsinu tjónlausu á framkvæmdatímanum. Gera verði mun ríkari kröfur til verktaka, þegar fyrirsjáanlegt er stórtjón eins og það sem hlaust af vatnsveðrinu í byrjun ágúst 2025. Það hafi verið á ábyrgð X að koma upp lekavörnum og takmarka tjónið. X hafi hins vegar ekki látið sjá sig alla verslunarmannahelgina þó hann hafi vitað af stöðunni. Þá er því hafnað að M og eftirlitsaðili hafi samþykkt notkun vinnuvéla á þakinu, einungis gefið það út að burðarþol þaksins myndi þola slíkt. Breyttar upplýsingar um uppbyggingu þaksins hafi enga

þýðingu. Þá liggi fyrir að búið var að keyra vél víða eftir þakinu, þ.e. ekki bara á þeim hluta þaksins þar sem skipt hafði verið um dúk, sbr. ljósmyndir af þaki.

Í viðbótarathugasemdum V er fyrri afstaða til málsins ítrekuð. Í fyrsta lagi er það ítrekað að X hafi passað upp á að opna aldrei meira af þakinu en hægt var að loka sama dag. Að mati V hafi X því viðhaft ráðstafanir sem hafi verið til þess fallnar að koma í veg fyrir leka á verktímanum en ekki hefur verið sýnt fram á aðrar raunhæfar ráðstafanir. X hafi því ekki vanrækt skyldur sínar hvað þetta varðar. Í öðru lagi ítrekar V að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé óumdeilt að lekinn hafi komið fram á því svæði þar sem gamli dúkurinn var enn til staðar. Vinna X hafi því ekki verið ófullnægjandi enda liggi ekkert fyrir um leka á þeim hluta þaksins sem búið var að endurnýja. Í athugasemdum M sé m.a. byggt á því að X hafi farið gegn ráðleggingum M um notkun á tækjum og valdið tjóni á gamla dúknum með þeirri notkun. Þessu mótmælir V sem röngu. Í tölvupósti Z, dags. 10. júní 2025 sem var fylgiskjal með fyrri athugasemdum V til nefndarinnar, komi fram að uppbygging þaksins sé þess eðlis að óhætt sé að keyra vélinni án þess að hafa mottu á akstursleiðum. Að lokum telur V ósannað að verklag X hafi valdið tjóni á gamla dúknum sem síðan hafi leitt til þess að þakið fór að leka, en jafnvel þó hægt væri að slá því föstu að notkun tækisins hafi sært dúkinn getur V ekki fallist á að notkun tækisins hafi falið í sér saknæma háttsemi af hálfu X. Eins og fyrirliggjandi gögn sýni þá hafi X fengið það staðfest frá eftirlitsaðila að ekki væri aðeins óhætt að nota umrætt tæki, heldur þyrfti ekki einu sinni að hafa mottur undir tækinu þar sem uppbygging þaksins gerði það að verkum að dúkurinn ætti að vera verndaður af neðri plötu einangrunarinnar og efri platan væri í raun eins og motta.

Álit.

Samkvæmt framangreindu snýst ágreiningur aðila í málinu um hvort M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna vatnstjóns sem varð 1.-4. ágúst 2025 í húsnæði M að [...]. Samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar hvílir á M að sanna að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi og að M hafi orðið fyrir tjóni sem verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á.

Í málinu er óumdeilt að X tók að sér að skipta um þak hússins og vatnstjón varð í húsnæði M að [...] þegar þak hússins lak í umrætt sinn. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum lak með samskeytum eldri og nýs vatnsvarnarlags og í gegnum skemmdir á eldri dúk. Jafnframt liggur fyrir að ekki var um fyrsta vatnstjónið að ræða vegna framkvæmdanna.

Í verkfundargerð frá 28. júlí 2025, fjórum dögum fyrir umrætt tjón, kemur fram að svokallaður neðri pappi hafi verið kominn á ríflega þriðjung þaksins. Búið hafi verið að fjarlægja möl af nánast öllu þakinu eða um 90% og einangrun hafi verið komin á um 50% þaksins. Þá hefur M lagt fram ljósmyndir því til sönnunar að búið hafi verið að fjarlægja nánast allt malarfarg af þakinu fyrir umrætt tjón. Í höfnunarbréfi V, dags. 18. september 2025, kemur fram að X hafi fjarlægt malarfargið með litlum vinnuvélum. Að mati nefndarinnar liggur því fyrir að vinnuvél hafði verið ekið um nánast allt þak hússins fyrir umrætt tjón, ekki einungis þann hluta þaksins sem svokallaður neðri pappi var kominn á líkt og V hefur haldið fram í málinu.

Í fyrrgreindu höfnunarbréfi V kemur fram að þegar þakið hafi byrjað að leka, þ.e. í upphafi framkvæmda, hafi komið í ljós að smásteinar hafi verið undir PVC dúknum hér og þar sem hafi gatað dúkinn þegar vinnuvélum var keyrt á honum. Líklega sé það orsök þess að lak inn í húsið en umræddur PVC dúkur var vatnsvörn þaksins. Í bréfinu kemur einnig fram að dúkurinn hafi rifnað á nokkrum stöðum eftir vinnuvélina. Slíkt hafi ekki komið í ljós fyrr en búið var að fjarlægja PVC dúkinn. Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að X hafi verið meðvitaður um þessa stöðu fyrir umrætt tjón, þ.e. að rof væri í vatnsvörn þaksins.

Í málinu liggur fyrir að með fjögurra daga fyrirvara var spáð miklu vatnsveðri á höfuðborgarsvæðinu og gefin var út gul veðurviðvörun vegna mikillar úrkomu með eins dags fyrirvara. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um að X hafi gripið til einhverra ráðstafana í aðdraganda vatnsveðursins til þess að draga úr hættu á vatnstjóni, þrátt fyrir að fyrir hafi legið að rof hafi verið í vatnsvörn þaksins. Að mati nefndarinnar hafði X fullt tilefni til þess í ljósi aðstæðna í málinu. Hvorki virðist hafa verið settur þungi í það að koma pappa á þakið dagana fyrir tjónið né gripið til bráðabirgðaráðstafana, svo sem að varna því að vatn læki um samskeyti milli eldri og yngri dúks og að leggja ábreiðu yfir PVC dúkinn. Það liggur hins vegar fyrir að eftir að tjón varð var sett mikið „púður“ í að rífa einangrun og PVC dúk og leggja neðri pappa að nýju, líkt og fram kemur í verkfundargerð frá 11. ágúst 2025. Á þeim tímapunkti var búið að leggja pappa á um 90% þaksins eða 6 dögum eftir umrætt tjón.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að umrætt tjón sé að rekja til saknæms athafnaleysis X og bótaskylda er af þeim sökum til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 72/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Heimilisvernd- farangurstrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 23. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, mótteknar 25. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti upplýsa M að 17. október 2025 hafi þau verið á leið á flugvöll á Spáni til að fara í kvöldflug til Íslands. Á leiðinni hafi þau stoppað í um það bil eina klukkustund við tiltekna verslunarmiðstöð. Hafi þau lagt og læst bílnum þar fyrir utan. Þegar þau hafi komið aftur að bílnum hafi engin ummerki verið um innbrot í bílinn en hins vegar verið gufa inni í bílnum og móða á innanverðum rúðum. Við öryggisleit á flugvellinum hafi svo komið í ljós að fartölvu vantaði í handfarangur. Á þeim tímapunkti hafi þau haldið að tölvan hafi gleymst í húsi M á Spáni. Þegar til Íslands kom hafi hins vegar komið í ljós að fleiri muni vantaði í handfarangurinn. Þá hafi þau áttað sig á því að um þjófnað var að ræða, sem líklega hafi átt sér stað á meðan þau stoppuðu við verslunarmiðstöðina. Hafi þau þá sett sig í samband við lögfræðing sinn á Spáni og fengið þaðan ráðleggingar um að þau skyldu tilkynna þjófnaðinn til spænsku lögreglunnar í næstu ferð þeirra út. Það hafi þau gert 21. janúar 2026. Hafa M lagt fram skýrslu á spænsku því til sönnunar. Þá upplýsa M að fljótlega eftir komuna til Íslands hafi þau haft samband við V. Þá fyrst hafi komið í ljós að þeim hafi borið að tilkynna atburðinn strax til lögreglu á Spáni, nokkuð sem hafi verið ómögulegt það sem tjónið hafi ekki komið að fullu í ljós fyrr en við komuna til Íslands. M telja sig því hafa brugðist eins hratt við eins og aðstæður leyfðu. Taka þau fram að þau hefðu farið á lögreglustöð á Íslandi strax daginn eftir heimkomuna ef þau hefðu vitað af þeirri reglu sem V byggi á, þ.e. að þeim hafi borið að tilkynna tjónið innan 24 klst. Telja M sig því eiga rétt á að fá tjón sitt bætt úr farangurslið heimilisverndartryggingarinnar hjá V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er bótarétti M hafnað. Bendir V m.a. á að höfnunin byggi á að M hafi ekki tilkynnt tjónið til lögreglu innan sólarhrings frá því að þjófnaðurinn eða innbrotið uppgötvaðist. Því til stuðnings vísar V í 81. gr. skilmála tryggingarinnar, en þar sé kveðið á um að bætur séu ekki greiddar vegna þjófnaðar eða innbrots sem tryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð. Bendir V á að vegna skorts á lögregluskýrslu hafi það ekki getað staðfest atvik málsins. Því sé óljóst hvernig umræddir munir glötuðust, hvort sem þeim var stolið úr húsi, bifreið eða á annan hátt. Vekur V sérstaka athygli á þessari skyldu í 88. gr. skilmála tryggingarinnar þar sem m.a. komi fram að vátryggður skuli gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Telur V að gögn málsins staðfesti ekki að umræddur farangur hafi tapast með hætti sem fellur undir bótasvið skilmála, sbr. a. og b. liði 80. gr. skilmálans sem afmarka tæmandi þau atvik sem tryggingin bætir. V telur því að M eigi ekki rétt til bóta úr farangurslið heimilisverndartryggingarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M, er m.a. tekið fram að það hafi verið ómögulegt fyrir þau að tilkynna eða gefa skýrslu hjá lögreglu á Spáni þar sem tjónið hafi ekki komið í ljós fyrr en þau voru komin til Íslands. Þau hafi látið lögfræðing sinn á Spáni vita strax af tjóninu en hann hafi sagt þeim að gefa skýrslu næst þegar þau kæmu til Spánar. Það hafi þau svo gert í janúar sl. Þá er tekið fram að þau hafi fyrst haldið að þjófnaðurinn hefði átt sér stað í húsinu þeirra en síðan hafi þau áttað sig á því að hann hafi átt sér stað á bílastæðinu við verslunarmiðstöðina.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort M eigi rétt á að fá tjón sitt bætt úr farangurslið heimilisverndartryggingar hjá V. Eins og fjallað hefur verið um að framan töldu M í fyrstu að þjófnaðurinn hafi átt sér stað úr íbúð þeirra á Spáni áður en þau lögðu af stað á flugvöllinn. Síðar töldu þau líklegustu skýringuna vera þá að umræddum verðmætum hafi verið stolið úr bíl þeirra fyrir utan

verslunarmiðstöð þar sem þau stoppuðu á leiðinni á flugvöllinn. Telja þau þetta líklegt þó ekki hafi verið mjög sýnileg merki um að brotist hafi verið inn í bílinn sem þau segja hafa verið læstan. Ekki liggja fyrir önnur gögn um framangreint en þau sem byggja á frásögn M.

Í skilmálum þeim sem giltu fyrir tryggginguna segir m.a. eftirfarandi í a. og b. liðum 80. gr. „Hvað bætir tryggingin? Tryggingin bætir: a. skemmdir á farangri af völdum bruna, ráns, flutningsslyss svo og ef farangur tryggðra týnist alveg í flutningi, þó með þeim takmörkunum sem koma fram í skilmála þessum. b. þjófnað á farangri vegna innbrots í híbýli, bifreiðar, húsvagna og báta“.

Eins og að framan greinir byggir V m.a. höfnun sína á að M verði að bera hallan af þeirri stöðu sem upp hafi komið vegna sönnunarskorts um atvik málsins. Telur V að gögn málsins staðfesti ekki að umrædd verðmæti hafi tapast með þeim hætti sem fellur undir bótasvið tryggingarinnar, sbr. a. og b. liði 80. gr. skilmálans sem afmarki með tæmandi hætti þau atvik sem tryggingin bætir.

Með vísan til þess sem að framan greinir, m.a. að engin önnur gögn liggja fyrir um atvikin en þau sem byggja á frásögn M, telur nefndin að M hafi ekki tekist að sýna fram á að þeim verðmætum sem um ræðir hafi verið stolið úr íbúð þeirra á Spáni eða úr bílnum fyrir utan verslunarmiðstöðina. Að þeirri niðurstöðu fenginni telur nefndin ósannað að um bótaskylt tjón sé að ræða sbr. a. og b. liðir 80. gr. framagreindra skilmála. Því er óhjákvæmilegt að hafna bótakröfu M úr farangurslið heimilisverndartryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt til bóta úr farangurslið heimilisverndartryggingarinnar hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 73/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Vátryggingartaki (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 5. febrúar 2024 í starfi sínu hjá X þegar hún var að þrífa baðkar. M hafi stutt sig við baðkar, hönd hennar hafi runnið undan henni og í framhaldinu hafi M fengið sáran verk í bakið og hægri öxl. Í kjölfarið hafi M beðið samstarfskonu og verkstjóra um að ná í hana á slysstað. Í framhaldinu hafi M leitað á bráðamóttöku Landspítala. Í sjúkraskrá komi fram að M hafi við komu verið með sáran verk í hægri öxl og hafi ekki getað hreyft öxlina vegna verkja. Röntgenrannsókn hafi ekki sýnt neitt óeðlilegt en M verið greind með „bicipital tendinitis“ og ávísað verkjalyfjum. M var óvinnufær tímabundið vegna slyssins. Slysið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands og V 4. febrúar 2025. V hafi hafnað því að slysið væri bótaskylt úr slysatryggingu launþega þar sem það taldi að ekki væri um að ræða slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar. Ekki hefði verið um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdið hafi meiðslum á líkama þess sem tryggður væri og gerðist án vilja hans. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

M telur að bótaskylda sé til staðar úr slysatryggingu launþega hjá V. Um sé að ræða slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar sem hafi bæði verið skyndilegt og utanaðkomandi. Til stuðnings afstöðu sinni vísar M til áralangrar dómaframkvæmdar varðandi túlkun hugtaksins slyss. M hafi beygt sig niður og stutt hönd sína við baðkarið, þegar hönd hennar hafi skyndilega runnið undan henni, með þeim afleiðingum að hún fékk verki í bak og hægri öxl. Það liggi því fyrir að líkamstjónið hafi ekki orðið vegna þess að hún hafi verið að þrífa baðkar, heldur af því að hendi hennar hafi runnið af karinu. Þá hafi slysið gerst án vilja M og valdið meiðslum á líkama hennar. M hafnar fullyrðingum V um að verki í baki og hægri öxl sé að rekja til innra ástands í líkama hennar. Gögn málsins sýni með nægjanlegri vissu að M hafi orðið fyrir meiðslum í vinnu og í kjölfarið verið óvinnufær. Í skráningu frá slysadeild frá slysdegi komi fram að M hafi verið í launaðri vinnu þegar slysið átti sér stað og um vinnuslys hafi verið að ræða. Þá liggi fyrir óvinnufærnivottorð frá sama degi. Samtímagögn staðfesti að M hafi slasast við vinnu sína. M sé erlend að uppruna og skilji hvorki né tali íslensku. M hafi í eitt skipti m.a. þurft á túlki að halda. Jafnframt bendir M á að X hafi ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins líkt og því bar skylda til skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og því hafi engin rannsókn farið fram á því. Af þessum sökum telur M að V verði að bera hallann af skorti á sönnun um atriði sem eru talin óljós. Í ljósi þeirrar skyldu sem hvíldi á X að grafast fyrir um orsakir slyssins verði V að bera hallann af því ef einhver atriði tengd umræddu slysi séu óljós. Í þessu sambandi verði einnig að líta til verulegs aðstöðumunar sem var á milli aðila, en M er starfsmaður af erlendu bergi brotin, sem ekki talar íslensku og varð óvinnufær vegna slyss í starfi sínu hjá X. X sé hins vegar atvinnurekandi og beri skyldur samkvæmt lögum nr. 46/1980. Loks beri að geta að lögmaður M hafi jafnframt farið fram á það við X að slysið yrði tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands en því hafi verið hafnað.

Í athugasemdum V er byggt á því að ósannað sé að meint atvik sem M kveðst hafa orðið fyrir við vinnu 5. febrúar 2024 hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Samkvæmt bráðasjúkraskrá Landspítala frá 5. febrúar 2024, sé atvikinu lýst með eftirfarandi hætti: „kemur út af verk í vi. öxl eftir ofáreynslu fyrir 3 dögum“, síðan er tekið fram: „Verkur í hæ öxl, ofáreynsla. Sár verkur í h.öxl án áverka sl. 3 daga. Gerst áður og var þá slæm lengi en ekki skoðað þá.“. Í tveimur vottorðum vegna fjarvista frá vinnu, dags. 5. febrúar 2024 og 13. febrúar 2024, er vottað um óvinnufærni M með öllu vegna sjúkdóms. V byggir á því að samkvæmt lýsingu á atvikinu í frumgögnum máls sé ekki um slys að ræða í skilningi

skilmála. M hafi ekki upplýst vinnuveitanda sinn um hið meinta vinnuslys heldur tilkynnt um veikindi sem samræmist lýsingum í frumgögnum. Í tilkynningum til Sjúkratrygginga Íslands og V komi fram að M hafi fengið hnykk á bak þegar hún studdi sig við baðkar og höndin rann undan henni. Hvergi í læknisfræðilegum gögnum sé að finna samsvarandi lýsingu. V telur að það sé með öllu ósannað að hið meinta vinnuslys hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Frumgögn máls bendi þvert á móti til þess að M hafi fengið verk í öxl vegna ofáreynslu og án áverka þann 2. febrúar 2024. Síðari tíma skýringar, sem fái ekki stoð í frumgögnum, séu að mati V ósannaðar. M hafi því orðið fyrir meiðslum á öxl vegna ofáreynslu án áverka.

Í viðbótarathugasemdum M er fyrri afstaða ítrekuðu og framangreindum röksemdum V hafnað. M byggir m.a. á því að færsla læknis í sjúkraskrá sé röng, þ.e. ekki hafi verið um ofáreynslu að ræða heldur slys. M kveðst hafa verið skýr við þann lækni er tók á móti henni að verkina mætti rekja til þess slyss sem hún varð fyrir. M geti ekki borið ábyrgð á því að umræddur læknir hafi ekki skráð í sjúkraskrá að hún hafi orðið fyrir slysi. Læknisheimsókn M á slysdegi hafi ekki tengst þeim verkjum sem hún fór til læknis vegna 2. febrúar 2024. Afar líklegt sé að tungumálaörðugleikar hafi gert það að verkum að skráning í sjúkraskrá hafi orðið með þessum hætti. Þá hafnar M því að X hafi ekki fengið tilkynningu um slysið. M hafi upplýst næsta yfirmann, Z, um slysið þegar Z náði í M á slysstaðinn. M telur því ljóst að V hafi verið upplýstur um slysið.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir í umrætt sinn teljist vera af völdum slyss í skilningi skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“

Í tjónstilkynningum M til V og Sjúkratrygginga Íslands, dags. 4. febrúar 2025, kemur fram að M hafi verið við þrif í heimahúsi á vegum X. Við þrif á baðkari hafi hún stutt sig við karið með þeim afleiðingum að höndin hafi runnið undan henni og við það hafi hún fengið mikinn hnykk á bakið og hafi sig ekki geta hreyft. Í sjúkraskrárfærslu Landspítala frá 5. febrúar 2024 segir „Verkur í hæ öxl, ofáreynsla. Sár verkur í h.öxl án áverka sl. 3 daga. Gerst áður og var þá slæm lengi en ekki skoðað þá.“ Í tveimur læknisvottorðum til atvinnurekanda v/fjarvista frá vinnu, dags. 5. febrúar 2024 og 13. febrúar 2024, kemur fram að óvinnufærni M sé vegna sjúkdóms, ekki vinnuslyss. Samkvæmt sjúkraskrárfærslu 2. apríl 2024 er útbúin sjúkradagpeningabeiðni og í henni segir: “hlaut biceps tendinitis við störf í vinnunni.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ósannað að M hafi orðið fyrir slysi 5. febrúar 2024 eins og það er skilgreint í skilmálum slysatryggingar launþega hjá V. Í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum er hvergi er minnst á að líkamleg einkenni M sem hún rekur til meints slyss sé að rekja til slyss. Ávallt er talað um sjúkdóm.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 74/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 6. mars 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. mars 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð hinn 30. júní 2025 árekstur milli bifreiðanna A og B en M var farþegi þeirrar síðarnefndu. Er atvikum lýst þannig í málskoti að bifreiðinni A hafi verið ekið aftur á bak utan í farþegahlið B, þeim megin þar sem M hafi setið. Ekki er ágreiningur í málinu um að ökumaður A ber alla sök á árekstrinum. Hafi M orðið fyrir meiðslum við áreksturinn og leitað til læknis vegna þess daginn eftir, þ.e. 1. júlí 2025. Hafi hún þá kvartað yfir verkjum í baki, hálsi og hægri hendi auk verkjaleiðni frá baki niður í báða fætur. Hafi M verið í meðferð hjá kírópraktor frá slysdegi. V hafi hafnað bótaskyldu í málinu. M unir ekki þeirri niðurstöðu enda sé ljóst að slysið megi rekja til notkunar A. M byggir á því að það hversu harður áreksturinn hafi verið skeri ekki úr um það hvort hún hafi orðið fyrir líkamstjóni eða ekki. Færir M frekari rök fyrir þessu í málskoti. Þá mótmælir M því að V geti hafnað bótaskyldu án þess að sérfræðimat liggi fyrir á því hvort og þá hve miklu líkamstjóni M kunni að hafa orðið fyrir við áreksturinn. Telur M að það mat eigi að ráðast af læknisfræðilegu mati byggðu á læknisfræðilegum gögnum.

Í athugasemdum V eru færð rök fyrir því að orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M vilji tengja við það, séu ósönnuð. Því til stuðnings bendir V á að í tjónstilkynningu, dags. 30. júní 2025, komi fram að bifreiðin A hafi bakkað á 1 km/klst. hraða úr bílastæði og á farþegahlið B, þar sem B hafi setið sem farþegi. Höggið á B hafi því verið afar vægt og ljóst af myndum að ákoman hafi verið lítil. Þá bendi myndir til þess að ekkert sjáanlegt tjón hafi orðið á A. V bendir einnig á að í fyrirliggjandi slysatilkynningu M til V séu eftirtalin einkenni rakin til árekstursins: „Verkir í efra baki, herðum og hálsi. Mjóbaksverkir og mjaðmir. Bílhræðsla.“ Þá eigi M skráða komu á heilsugæslu 1. júlí 2025. Einkenni þau sem þar séu skráð eru: „Tjáir verki í baki og hálsi sem leiðir niður í fætur. Lýsir doða í báðum fótum. Er einnig með höfuðverk núna sem hún telur tengjast verk í hálsi…Lenti einnig í aftanákeyrslu 2022 og 2023. Segir sig nýverið búin að ná bata eftir það. Fór til sjúkraþjálfara og kírópraktors í kjölfar þess.“ V vísar einnig til þess að fyrir liggi matsgerð, dags. 4. desember 2024, þar sem afleiðingar umferðarslysa 7. apríl 2022 og 19. febrúar 2023 séu metnar. Þar komi fram að eftir fyrra slysið upplifði M mikla verki í hálsi og herðum svo og mjóbaki og verið stíf í baki. Í umferðarslysinu 2023 hafi verkir versnað mikið svo og að verkir í brjóstbaki hafi orðið meira áberandi. Þá lýsi M því að verkir á milli herðablaða hafi verið nýir svo og að verkir á mótum brjóst- og lendhryggjar hafi versnað til muna. Í þessum tveimur slysum var M samtals metin til 14 stiga miska og 10% varanlegar örorku. Telur V að þegar litið sé til þess hve vægur áreksturinn 2025 hafi verið og fyrri einkenna M sem lýst sé í fyrrnefndri matsgerð, sé þörf á mun frekari læknisfræðilegum gögnum í málinu til þess að sýna fram á orsakatengsl á milli einkenna M í dag og árekstursins sem um er deilt í þessu máli. Þau gögn sem liggi fyrir sýni ekki fram á að einkenni M séu vegna þess áreksturs. Þá liggi ekki fyrir álits- eða matsgerð óvilhalls matsmanns um það hvort M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum, við áreksturinn. V vill því meina að fyrirliggjandi gögn í málinu dugi ekki til þess að hægt sé að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á mögulegum afleiðingum, hvort meiri eða minni líkur séu á að einkenni M tengist árekstrinum eða afleiðingum annarra atvika eða aðstæðna. Þessu til viðbótar bendir V á að meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verði M því að mati V að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan sé lýst og eigi því ekki rétt á bótum m.v. fyrirliggjandi gögn. Máli sínu til frekari stuðnings vísar V t.d. til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 202/2019, 173/2021 og 97/2022.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir ítrekaðar. Þá bendir M sérstaklega á myndir af tjóninu sem sönnun þess að ekki hafi verið um að ræða lítið tjón. Til viðbótar bendir M á að hraði bifreiða við

árekstur skeri ekki einn og sér úr um það hversu miklar afleiðingar geta orðið. Það sé matsmanna, ekki V, að meta þær afleiðingar. Ítrekar M að sýnt hafi verið fram á að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M vill tengja við hann.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort tiltekin líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 30. júní 2025. Þó fyrirliggjandi lýsingar og myndir á árekstrinum bendi til þess að hraði A og B hafi verið lítill og því um frekar vægan árekstur að ræða getur það eitt sér ekki svarað því hvort M kunni að hafa orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Við það mat, þ.e. hvort M hafi tekist að sýna fram á að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra heilsufarslegu einkenna sem hún vill tengja við hann, ber að líta heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákomur á bifreiðar ekki miklar.

Í málinu liggur fyrir sjúkraskrá M hjá heilsugæslu vegna tímabilsins 1. júlí 2025 til 18. ágúst sama ár. Þar er einungis minnst á slysið 30. júní 2025 í færslu vegna komu M daginn eftir, þ.e. 1. júlí. Þar er m.a. eftirfarandi skráð: „Tjáir verki í baki og hálsi sem leiðir niður í fætur. Lýsir doða í báðum fótum. Er einnig með höfuðverk núna sem hún telur tengjast verk í hálsi…Lenti einnig í aftanákeyrslu 2022 og 2023. Segir sig nýverið búin að ná bata eftir það. Fór til sjúkraþjálfara og kírópraktors í kjölfar þess.“ Það sem þarna er haft eftir M, þ.e. að hún nýverið búin að ná bata eftir slysin 2022 og 2023, stemmir þó ekki vel við það sem fram kemur í fyrirliggjandi matsgerð vegna þeirra slysa. Þar kemur m.a. fram að eftir fyrra slysið upplifði M mikla verki í hálsi og herðum svo og mjóbaki og verið stíf í baki. Í umferðarslysinu 2023 hafi verkir versnað mikið svo og að verkir í brjóstbaki hafi orðið meira áberandi. Þá lýsi M því að verkir á milli herðablaða hafi verið nýir svo og að verkir á mótum brjóst- og lendhryggjar hafi versnað til muna. Í þessum tveimur slysum var M samtals metin til 14 stiga miska og 10% varanlegar örorku. Þá rekur M eftirtalin einkenni til árekstursins 2025 í fyrirliggjandi slysatilkynningu til V: „Verkir í efra baki, herðum og hálsi. Mjóbaksverkir og mjaðmir. Bílhræðsla.“

Fyrirliggjandi heilsufarslegar upplýsingar um afleiðingar árekstursins 30. júní 2025 eru mjög takmarkaðar. Þannig liggur ekki fyrir heildstætt læknisvottorð, eða mat hæfra og óvilhallra matsmanna, varðandi orsakatengsl á milli árekstursins og þeirra einkenna sem M býr við í dag. Þá duga heldur ekki að mati nefndarinnar þær takmörkuðu upplýsingar í fyrirliggjandi sjúkraskrá til þess að svara orsakatengslaspurningunni. Á grundvelli framangreinds, og með vísan til þess að fyrirliggjandi matsgerð bendir til þess að M virðist að einhverju leyti hafa haft sambærileg einkenni fyrir slysið, verður ekki talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi orðið fyrir frekara líkamstjóni sem rakið verði til umrædds áreksturs. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar..

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 75/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. júní 2026.
4. Viðbótargögn frá M dags. 18. ágúst 2026.

Málsatvik.
Í málskoti og öðrum gögnum málsins kemur fram að M hafi á árinu 2020 leitað tilboða í þakviðgerðir á fasteign sinni og fengið byggingarfræðinginn X til að aðstoða við það og hafa eftirlit með verkinu. Fyrir milligöngu X hafi fengist tilboð frá Y og hafi að ósk þess verið gerður samningur við fyrirtækið Z, en forsendur þess samnings hafi verið þær að Y hefði yfirumsjón með verkinu. Y hafi þó að litlu leyti komið að verkinu. Þ húsasmíðameistari hafi tekið að sér að vera iðnmeistari vegna verksins. Samningur um verkið hafi verið gerður 9. júní 2020. Svo virðist sem M hafi fljótlega haft efasemdir um hvort rétt væri staðið að málum við framkvæmdirnar. Virðast hafa verið talsverð samskipti milli aðila um gæði verksins, en hinn 11. janúar 2021 fór úttekt á verkinu fram. Hafi X talið að verkinu væri lokið með fullnægjandi hætti. M hafi efast um það og látið kveða til matsmann. Matsgerð hans, dags. 19. nóvember 2021, hafi leitt í ljós ýmsa ágalla. Hafi M gefið verksölum kost á úrbótum en það hafi ekki gengið eftir og var leitað annarrar álitsgerðar, dags. í júní 2023. Í framhaldinu stefndi M þeim X, Z og Þ fyrir dóm og voru lyktir þess máls þær að réttarsáttir, dags. 24. september 2025, voru gerðar við X og Z.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. ágúst 2021 hafi V verið tilkynnt um ágreining aðila og með tölvupósti dags. 25. ágúst 2021 hafi V samþykkt bótarétt úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar M vegna þess ágreinings sem kominn var upp milli M og Z. Aðilar hafi svo gert tilraun til að ná sáttum utan dómstóla en ágreiningur hafi m.a. verið um málskostnað. Þess hafi verið freistað að fá bætur úr réttaraðstoðartryggingu án málshöfðunar en V hafi hafnað þeirri kröfu. Þar sem ekki hafi tekist að ganga frá því samkomulagi hafi verið nauðsynlegt að höfða mál og hafi stefna vegna þess verið þingfest hinn 17. október 2024. Hafi dómkröfur M verið umfram þann ávinning sem hefði fengist með fyrra samkomulagi aðila. Með réttarsáttunum dags. 24. september 2025, hafi verið komin endanleg úrlausn um ágreiningsefnið fyrir dómstólum og M því átt rétt á greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu sinni. Með tölvupósti, dags. 9. desember 2025, hafi V hins vegar hafnað þeirri kröfu á grundvelli þess að ekki hafi verið nauðsynlegt að bera ágreining aðila undir dómstóla. Auk þess hafi V bent á að ekki væru greiddar bætur gæfi vátryggður frá sér þann möguleika að heimta málskostnað frá mótaðila.

M byggir á því að mikill raunverulegur ágreiningur hafi verið til staðar, m.a. um málskostnað, en í sátt aðila hafi falist ákveðin málamiðlun. Ekki hafi tekist að sætta málið utan réttar en með réttarsáttinni hafi M verið mun betur sett en ef fyrri sáttaumleitan aðila hefði tekist. Þó einhver hluti réttarsáttarinnar kunni að líkjast fyrri drögum að sátt milli aðila hafi réttarsáttin náð fram verulega auknum ávinningi fyrir M. M hafi þá ekki gefið frá sér möguleika á að heimta bætur heldur náð fram mikilvægri réttarsátt um úrbætur og fjárhagslegan ávinning. Málskostnaður hefði orðið talsverður hefði komið til munnlegs málflutnings og hafi verið ákveðið að hann félli niður milli aðila. Þó úrskurðað hefði verið um málskostnað hefði tjónið þrátt fyrir það verið umfram vátryggingarfjárhæðina, og hefði því allt að einu komið til greiðslu úr vátryggingunni, en kostnaður samkvæmt vinnuskýrslu lögmanns nemi ríflega fjórum milljónum. V eigi ekki að hagnast á því að ekki hafi verið úrskurðað um málskostnað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að tjónstilkynning hafi upphaflega borist V með tölvupósti, dags. 24. ágúst 2021, en engin viðbótargögn hafi fylgt með þeirri tilkynningu. V hafi með tölvupósti, dags. 25. ágúst 2021, staðfest bótaskyldu með hefðbundnum fyrirvörum og tilvísunum í skilmála vátryggingarinnar. Viðbótargögn og nánari lýsing málsatvika hafi ekki borist fyrr en 28. júní 2024. Þá hafi komið fram að gagnaðili M gerði þá kröfu að M félli frá málskostnaðarkröfu í utanréttarsátt, og

meðfylgjandi hafi verið drög að samkomulagi þar sem fram kom að forsenda samkomulag væri sú að bætur fengjust greiddar úr réttaraðstoðartryggingu M. Þeirri beiðni hafi verið hafnað á grundvelli þess að tryggingin greiddi eingöngu kostnað við rekstur dómsmáls og tæki ekki til annars lögfræðikostnaðar, s.s. vegna samningagerðar. Þess utan hafi afrit af vinnuskýrslu lögmanns M borið með sér að vinna vegna umrædds ágreinings hefði hafist 20. ágúst 2020, eða rúmu ári áður en tjónstilkynning barst V. Hafi því eins árs tilkynningarfrestur skv. a-lið 1. mgr. 25. gr. almennra skilmála félagsins verið liðinn þegar upphafleg tjónstilkynning barst. Þegar af þeirri ástæðu sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Þess utan beri framlögð vinnuskýrsla með sér að hún taki til ýmissa verkþátta, s.s. samningaumleitana, sem vátryggingin taki ekki til.

Hinn 17. febrúar 2025 hafi V á ný borist bréf frá lögmanni M ásamt stefnu í málinu. Í bréfinu hafi komið fram að vilji væri til að sætta málið en sáttavilji gagnaðila væri háður því að ekki þyrfti að leggja út í kostnað við gerð greinargerðar. Hafi einnig borist drög að réttarsátt sem að mati V hafi að meginstefnu verið samhljóma fyrri drögum að samkomulagi milli aðila. Hafi V því hafnað kröfu M á grundvelli þess að ekki væri til staðar ágreiningur sem nauðsyn væri að leggja fyrir dómstóla, enda hafi samkomulag milli aðila í raun legið fyrir. Hafi virst sem stefna hafi verið lögð fram í þeim tilgangi einum að skapa bótarétt úr réttaraðstoðartryggingu M.

Síðar hafi afrit af undirritaðri réttarsátt borist V en þar komi fram að hvor aðili skuli bera sinn kostnað af málinu. Réttarsáttin sé að meginstefnu samhljóma fyrri drögum en misræmi þar á milli feli í sér hagkvæmari niðurstöðu fyrir M en samkvæmt fyrri drögum. Liggi því fyrir að M hafi náð fram sáttum með því að falla frá kröfum um málskostnað. Í skilmálum vátryggingarinnar sé sérstaklega tekið fram að félagið greiði ekki bætur gefi vátryggður frá sér möguleika á að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsóknar. Hafi M að lágmarki borið að leggja málskostnaðarkröfu sína í dóm enda megi ráða af endanlegri réttarsátt að góðar líkur séu á því fallist hefði verið á þá kröfu.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að þar sem V hafi hafnað því að greiða bætur úr réttaraðstoðartryggingu vegna upphaflega fyrirhugaðrar sáttar hafi grundvöllur hennar brostið enda hafi gagnaðilar ekki viljað greiða málskostnað. Í kjölfarið hafi málið verið höfðað en V þá enn hafnað bótakröfu M þar sem um óþarfa málshöfðun hefði verið að ræða. Hafi staðan því verið sú að V ætlaði ekki að greiða bætur þrátt fyrir meðferð málsins fyrir dómi. Málsóknin hafi þá skilað mun betri árangri fyrir M en fyrri sáttaumleitanir enda hafi réttarsáttin verið mun hagstæðari fyrir hana og mun hagstæðari en ef dómur hefði verið kveðinn upp í málinu. Með réttarsáttinni hafi stefndu þá talið að þeir hefðu í raun greitt upp í málskostnað og ekki tekið í mál að krafa um hann yrði lögð í dómsúrskurð. Hafi því verið úr vöndu að ráða því þau málalok sem fólust í réttarsáttinni hafi verið mjög hagkvæm M og umfram væntingar. Málskostnaður vegna ágreinings aðila hafi af ýmsum ástæðum farið úr böndunum og sé augljóst að aldrei hefði verið úrskurðað um hærri málskostnað en svo að ekki stæði eftir málskostnaður sem væri umfram vátryggingarfjárhæðina. V hafi því ekki haft neinu að tapa en ætli nú að auðgast með óréttmætum hætti með því að hafna bótakröfu M.

Álit.

Samkvæmt 25. gr. almennra skilmála V glatar vátryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Er sú grein til samræmis við 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Óumdeilt er að upphafleg tjónstilkynning M til V hafi verið send hinn 24. ágúst 2021. Samkvæmt fyrirliggjandi vinnuskýrslu lögmanns M hófst vinna við málið talsvert fyrr, en í lýsingu á tímaskráningu lögmannsins, dags. 20. ágúst 2020, segir „Vegna samskipta við verktaka. Vinna til þessa.“ Vinnu lögmannsins dagana 21. og 22. ágúst 2020 er lýst svo: „Vinna og samskipti, tölvupóstar o.fl.“. Má af þessu ráða að M hafi leitað aðstoðar lögmannsins í síðasta lagi 20. ágúst 2020 vegna ágreinings í tengslum við umræddar framkvæmdir.

V byggir m.a. á því að framangreint leiði til þess að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn er tjónstilkynning barst félaginu. Því hefur þá ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu M, né settar fram frekari röksemdir, skýringar eða gögn er varða stöðu málsins fyrir 24. ágúst 2020.

Verður því, eins og mál þetta horfir við nefndinni, að miða við að M hafi, í öllu falli eigi síðar en 20. ágúst 2020, mátt vera ljóst að ágreiningur væri til staðar og verður því að miða við að þá þegar á þeim tíma hafi M haft vitneskju um þau atvik sem krafa hennar byggir á. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu hennar og koma önnur atriði ágreinings aðila þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar sinna hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 76/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 26. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 11. mars 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 31. janúar 2026, varð deginum áður árekstur milli A og B, sem er í eigu M, á gatnamótum Hafnargötu og Pósthússtrætis í Reykjanesbæ. Samkvæmt framburði ökumanns A fyrir lögreglu ók hann norður eftir Hafnargötu á eftir B sem hafi verið ekið eftir miðjum veginum. Hafi hann því ákveðið að aka fram úr henni og hafi A verið við hægri hlið B þegar B var skyndilega beygt til hægri með þeim afleiðingum að ökumaður A ók á hægri framhlið B. Aðspurður sagðist ökumaður A hafa séð stefnuljós B um leið og henni var beygt til hægri. Akstursrhaði A hafi verið um 35 kílómetrar á klukkustund. Ökumaður B sagðist hafa ekið norður eftir Hafnargötu og þegar hann ætlaði að taka hægri beygju inn á Pósthússtræti hafi A verið ekið á B. Hann hafi gefið stefnuljós til hægri áður en hann beygði og akstursrhaði B hafi verið um 10 til 20 kílómetrar á klukkustund þegar atvikið varð.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skyldi skipt með þeim hætti að ökumaður A bæri helming sakar fyrir ógætilegan framúrakstur hægra megin og ökumaður B bæri helming sakar fyrir að taka hægri beygju með röngum hætti.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ökumann A bera alla sök á árekstrinum. Sú forsenda að B hafi verið ranglega staðsett á veginum í aðdraganda beygju til hægri sé ekki studd neinum gögnum og byggi aðeins á frásögn ökumanns A. Telur M þá að aðstæður á vettvangi bjóði ekki upp á að unnt sé að taka hægri beygju með röngum hætti, enda hafi B verið nýlega ekið fram hjá umferðareyju sem skilji akreinar að. Hafi B því verið ekið með eðlilegum hætti, eftir miðri akrein uns henni var beygt til hægri eftir að ökumaður hennar gaf stefnumerki til marks um það.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að öll sök skuli lögð á ökumann B en til vara að sök skuli skipt til helminga. Því til stuðnings vísar V til 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram komi að ökumaður sem hyggst beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þá sé mælt fyrir um það í 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga að við hægri beygju skuli aka sem næst hægri brún akbrautar og skuli beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Ökumaður B hafi ekki gætt að fyrrgreindum áskilnaði og sé auk þess ósannað að hann hafi gefið stefnumerki með nægum fyrirvara. Óumdeilt sé að á Hafnargötu til norðurs séu tvær akbrautir við gatnamót Hafnargötu og Pósthússtrætis. Hægri akbraut sé ætluð umferð sem fari áfram Hafnargötu og til hægri inn á Pósthússtræti. Vinstri akbraut sé aðeins ætluð umferð til vinstri inn á lóð við Hafnargötu 86. Sé ljóst að ökumaður B hafi ekið eftir þeirri akrein í aðdraganda hægri beygju inn á Pósthússtræti. Fyrirliggjandi ljósmyndir af vettvangi styðji jafnframt við þá atvikalýsingu að ökumaður B hafi tekið hægri beygju frá vinstri akrein í veg fyrir A. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga megi í undantekningartilvikum aka fram úr ökutæki hægra megin, þ.e. ef ökumaður þess beygir því til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Með hliðsjón af staðsetningu B í aðdraganda áreksturs hafi ökumanni A því verið rétt að líta svo á að ökumaður B hygði á vinstri beygju.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, er tekið undir röksemdir M og lýst þeirri afstöðu að ekkert bendi til þess að ökumaður B hafi sýnt af sér slíka háttsemi að leiði til þess að honum verði gert að bera hluta sakar á árekstri aðila. Hins vegar hafi ökumaður A gerst brotlegur við 23. gr. umferðarlaga

með því að aka hægra megin fram úr B, auk þess sem hann hafi ekki gætt að almennri aðgæslu- og tillitsskyldu í umferðinni en A og B hafi verið ekið eftir einbreiðri akrein í aðdraganda áreksturs.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum í lögregluskýrslu má ráða að umferðareyja skilji að akreinar Hafnargötu til suðurs og norðurs. Þegar umferðareyjunni sleppir, áður en komið er að gatnamótum Hafnargötu og Pósthússtrætis, skiptist Hafnargata hins vegar í þrjár akreinar. Ein þeirra er með aksturstefnu til suðurs og önnur til norðurs, en miðakreinin er ýmist ætluð fyrir aksturstefnu til suðurs eða norðurs og þá í þeim tilgangi að beygja ýmist til austurs eða vesturs. Á þeim kafla sem áreksturinn átti sér stað, þ.e. við fyrrgreind gatnamót, eru tvær akreinar til norðurs, en vinstri akreinin er aðeins ætluð til innaksturs inn á lóð við Hafnargötu.

Fyrir liggur að ökumaður B hugðist beygja til hægri inn á Pósthússtræti. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal við hægri beygju aka sem næst hægri brún umferðar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Af fyrirliggjandi ljósmyndum í lögregluskýrslu er sýna afstöðu A og B í kjölfar áreksturs verður að telja ljóst að B var ekki staðsett við hægri brún akbrautar, þó ekki verði fallist á að hún hafi verið staðsett á vinstri akrein. Verður því að telja að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að fyrrgreindum áskilnaði og að staðsetning B hafi átt þátt í því að til áreksturs kom. Verður því að telja að hann beri nokkra sök á árekstrinum.

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga er aðeins heimilt að aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Samkvæmt því sem að framan greinir um staðsetningu B verður ekki talið að skilyrði fyrir því að aka hægra megin fram úr B hafi verið til staðar. Með hliðsjón af því verður að telja að ökumaður A hafi sýnt af sér talsverða óaðgæslu og beri því meginsök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A, ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B, ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 77/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 24. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur málsins varði meint fjártjón sem M telja sig hafa orðið fyrir af völdum fasteignasala hjá X, vegna afleiðinga breytinga sem hann hafi gert á samningi um kaup M á tiltekinni fasteign. Telja M að með háttsemi sinni hafi fasteignasalinn vanrækt að gæta hagsmuna allra hlutaðeigandi sem og að tryggja vandaða skjalagerð og rétta upplýsingagjöf. Upphaflega var gerður samningur um kaup á umræddri fasteign 12. nóvember 2020 þar sem m.a. var samið um kaupverð. Þann 5. mars 2021 var dagsetningu upprunalega samningsins breytt og samningnum þannig þinglýst. Ágreiningur málsins tengist tiltekinni kvöð er varðar ákvörðun söluverðs íbúða við endursölu, sem sveitarfélagið A þinglýsti á fasteignina. Við endursölu árið 2024 fékkst ekki leyfi frá A til að miða söluverð við verðbreytingar frá 2020 og var íbúðin því seld á verði sem A leyfði, en það miðaðist við kaupdagsetningu á árinu 2021. Það uppreiknaða verð var 53.984.923 kr. Uppreiknað hámarksverð miðað við dagsetningu árið 2020 hefði verið 56.684.593 kr. M telja þetta hafa leitt til þess að þau hafi fengið um 2.700.000 kr. lægra verð fyrir fasteignina 2024 en þau hafi mátt reikna með. Telja þau að X beri ábyrgð á því tjóni. V hefur hafnað að bæta meint tjón M úr starfsábyrgðartryggingu X.

Í málskoti byggja M m.a. á því að þau hafi einungis fallist á að breyta dagsetningu samningsins í mars 2021 eftir að fasteignasalinn hafi sagt að engar neikvæðar afleiðingar yrðu af breytingunni. Sú yfirlýsing hafi hins vegar reynst röng. Þá telja M að þótt afstaða V sé sú að túlkun A á eigin kvöð sé ekki í samræmi við orðalag hennar þá breyti það því ekki að það hafi verið á ábyrgð fasteignasalans að upplýsa aðila um túlkunarágreining eða vafaatriði vegna kvaðarinnar áður en hann gerði þá breytingu á samningnum sem olli fjártjóninu

Af hálfu V er á því byggt að það hafi þurft að gera nýjan kaupsamning þegar fyrir lá hvernig lán M myndu taka. Í samskiptum milli M og X frá 21. desember 2020 komi fram að M hafi viljað bíða með það til að ná inn fleiri mánuðum í greiðslumat og hafi óskað eftir því að haldið yrði áfram með málið á nýju ári. Er það afstaða V að X hafi ekki haft ástæðu til þess að ætla að nýr kaupsamningur með nýrri dagsetningu myndi leiða til lægra endursöluverðs m.t.t. umræddrar kvaðar. Sannarlega hafi verið samið um upphaflegt og endanlegt kaupverð í nóvember 2020. Óumdeilt sé því að kaupverð hafi legið fyrir í nóvember 2020 og að sá kaupsamningur sem þá lá fyrir hafi verið skuldbindandi milli seljanda og kaupanda um kaupverðið og því aldrei verið endursamið um kaupverðið. Miðað við orðalag kvaðarinnar um að miða skuli við upphaflegt kaupverð hafði fasteignasalinn því enga ástæðu til þess að ætla að kvöðin myndi leiða til lægra endursöluverðs fasteignarinnar ef nýr kaupsamningur með nýrri dagsetningu yrði gerður og honum þinglýst. Í því samhengi bendir V á að nýr kaupsamningur hafi fyrst og fremst verið gerður til þess að koma í veg fyrir greiðslu á stimpilsekt óháð því hversu há hún hefði orðið. Með því hafi X og starfsmenn hans verið í góðri trú að gæta hagsmuna M með því að gera nýjan kaupsamning með nýrri dagsetningu kaupsamnings sem fyrir lá í samningi milli aðila að ekki væri hægt að þinglýsa fyrr en á árinu 2021. V telur því að tjón M verði ekki rakið til saknæmrar vanrækslu X eða starfsmanna hans enda hafi X ekki haft neina ástæðu til að ætla að A myndi túlka kvöðina með þeim hætti sem raunin varð. Þá liggi fyrir í málinu kaupsamningur um eignina frá 10. maí 2024. Þar komi fram að eigin hafi verið seld á kr. 53.984.923. Engin gögn liggi fyrir um að hærra verð hafi verið boðið í fasteignina við þá sölu. Bendir V jafnframt á að um kröfu M gildi almennar reglur skaðabótaréttar. Leiði af þeim að sönnunarbyrðin hvílir óskipt á þeim sem krefjast skaðabóta. Sönnunarbyrðin um ætlaða sök og ólögmæta háttsemi X eða starfsmanna hans hvíli því alfarið á M og að orsakatengsl séu milli

þeirrar ætluðu sakar og ólögmætu háttsemi og hins meinta tjóns. Sama gildi um sönnun á umfangi tjóns. Telur V að sú sönnun hafi ekki tekist.

Í viðbótarathugasemdum M er að finna ítarleg andsvör við athugasemdum V. Þá er m.a. áréttað að M telja kjarna málsins snúa að því að fasteignasalanum hafi borið að ganga úr skugga um réttmæti eigin túlkunar á framangreindum kvöðum áður en hann gerði óafturkræfa breytingu á kaupsamningnum, nokkuð sem hafi valdið M tjóni. Telja M að framangreint falli án nokkurs vafa innan sérfræðisviðs fasteignasala og sé hluti af lögbundnu hlutverki hans, sbr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 70/2015. Háttsemi hans sé því saknæm óháð því hvort túlkun kvaðanna teljist rétt eða ekki. Þá benda M einnig á varðandi þá fullyrðingu V að ekki hafi verið boðið hærra verð í fasteignina árið 2024, að það skýrist af því að fasteignasali M hafi gert væntanlegum kaupendum ljóst hvernig skyldi bjóða í eignina í samræmi við kvaðirnar.

Í viðbótarathugasemdum V eru gerðar athugasemdir við viðbótarathugasemdir M. Þá ítrekar V m.a. það sem fram kemur í fyrri athugasemdum og bendir á að kjarni málsins sé að X hafi verið að reyna að komast hjá stimpilsekt með því að breyta dagsetningu kaupsamningsins og að hann hafi enga ástæðu haft til að ætla að það hefði áhrif til lækkunar á endursöluverði og að umrædd kvöð yrði túlkuð með þeim hætti sem A gerði. X hafi ekki gefið sér tilteknar forsendur. Orðalag kvaðarinnar sé skýrt og samkvæmt orðanna hljóðan átti nýr kaupsamningur ekki að hafa áhrif til lækkunar á endursöluverði þar sem um upphaflegt kaupverð var samið í nóvember 2020 með skuldbindandi hætti. Þá bendir V á að engar útskýringar A á túlkun kvaðarinnar hafi verið lagðar fram og heldur ekki sýnt fram á að slík útskýring hafi legið fyrir á þeim tíma sem nýr kaupsamningur var gerður.

Álit.

Ágreiningur er um hvort X eða starfsmenn hans hafi með saknæmum hætti vanrækt skyldur sínar við kaup M á þeirri fasteign sem málið varðar og hvort þau mistök hafi orðið til þess að M urðu fyrir tjóni við sölu fasteignarinnar árið 2024. Um kröfu M gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Af því leiðir að sönnunarbyrðin um ætlaða sök og ólögmæta háttsemi X eða starfsmanna hans hvílir á M. Eins og komið hefur fram var upphaflega gerður samningur um kaup og kaupverð á umræddri fasteign 12. nóvember 2020. Þann 5. mars 2021 var dagsetningu upprunalega samningsins breytt til þess dags og við það færðist dagsetning kaupsamningsins á milli ára og ársfjórðunga. Að þeirri breytingu lokinni var samningnum þinglýst. Þó vissulega sé það eitthvað málum blandið hvers vegna fasteignasalinn greip til þess ráðs að breyta dagsetningu samningsins á árinu 2021 er það álit nefndarinnar að sú háttsemi að breyta dagsetningu samningsins með þeim hætti sem gögn málsins bera með sér uppfylli ekki þær kröfur sem gera má til vandaðra vinnubragða fasteignasala í samræmi við fyrirmæli laga nr. 70/2015. Telur nefndin að áður en framangreind breyting var gerð hafi X bæði borið að fullvissa sig um að M væri kunnugt um kvöðina og efnislegt innihald hennar og að setja sig í samband við A til að kanna með túlkun á kvöðinni og þannig reyna að tryggja að ekki væri ástæða til að ætla að breyting á dagsetningu á milli ársfjórðunga gæti haft einhver áhrif á réttarstöðu M. Þannig verður að ætla að það hefði skipt M verulegu máli við samningagerðina ef M hefði haft réttar upplýsingar um kvöðina. Verður þó engu slegið föstu um hvort M hefðu engu að síður samþykkt af breyta dagsetningu kaupsamningsins ef fullnægjandi upplýsingar hefðu legið fyrir. Hvað sem því líður verður ekki horft fram hjá því að í kvöð þeirri sem A þinglýsti á fasteignina segir að endursöluverð íbúðarinnar kunni að taka breytingum eftir söluverði íbúðarhúsnæðis eftir hverfum eftir ársfjórðungum. Því bar fasteignasalanum að gæta vandaðra vinnubragða þegar hann sinnti skyldum sína við söluna og mátti fasteignasalanum vera ljóst, sem sérfræðingi á sviði fasteignaviðskipta, að breyting á dagsetningu kaupsamningsins og flutningur á milli ársfjórðunga fylgdi áhætta fyrir M sem upplýsa bæri um, hvað sem líður endanlegri niðurstöðu um túlkun orðalags kvaðarinnar. Að því virtu og með hliðsjón af atvikum málsins hefur M leitt nægar líkur á því að umrædd vanræksla fasteignasalans hafi bakað M tjón sem hlaust af því að endanlegt söluverð var lægra en annars hefði verið. Er þá haft í huga að dómstólar hafa við ákveðnar aðstæður slakað á kröfum til sönnunar um orsakatengsl milli skaðabótaskyldrar háttsemi og tjóns þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð sérfræðinga, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 18/2025. Með því að upplýsa M ekki með beinum hætti um efni kvaðarinnar við breytingu á dagsetningu kaupsamningsins braut fasteignasalinn gegn skyldum sínum sem löggiltur fasteignasali. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M eigi rétt á að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Nánari umfjöllun um umfang tjóns M fellur hins vegar utan sakarefnis málsins.

Niðurstaða.
M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 78/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Tómlæti.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 2. maí 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 5. mars 2024, varð umferðarslys á Vogavegi við Reykjanesbraut 25. febrúar 2024. Er í skýrslunni haft eftir M að hann hafi ekið A á um 60 km/klst. hraða eftir Vogavegi þegar eitthvað hafi dottið á gólf bifreiðarinnar farþegamegin. Sagðist M hafa haldið það hafa verið farsíma sonar hans. Þá hafi akreinavari bifreiðarinnar tekið við og sagðist M þá hafa togað í stýrið á móti henni með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði utan vegar. Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við atvikið og í kjölfar þess að matsgerð lá fyrir hafi V verið sent kröfubréf 26. janúar 2026. Samdægurs hafi borist svar þess efnis að V hafi ákveðið skerða bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna slyssins um 50% með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og 2. mgr. 19. gr. almenns skilmála V.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur sig eiga rétt á fullum bótum. Því til stuðnings byggir M aðallega á því að V hafi glatað rétti til þess að bera fyrir sig skerðingu bóta vegna slyssins vegna tómlætis, enda hafi V ekki tilkynnt M um skerðinguna án ástæðulauss dráttar eftir að V vissi um þau atvik sem liggja til grundvallar ákvörðuninni, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Því hafi V glatað rétti til þess að bera fyrir sig skerðingu bóta, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Í þessu sambandi bendir M á að það liggi fyrir lögregluskýrsla þar sem m.a. sé að finna framburð M um tildrög slyssins. Í bréfi V, dags. 26. janúar 2026, komi fram að V hafi ákveðið að skerða bætur til M á grundvelli lýsingar hans á tildrögum slyssins í matsgerð. Í matsgerð, dags. 22. janúar 2026, sé eftirfarandi haft eftir M um tildrög slyssins: *„Samkvæmt frásögn tjónþola sem er í samræmi við gögn málsins var hann í umrætt sinn beltisbundinn ökumaður [A] á leið eftir Vogavegi við Reykjanesbraut. Sími sem lá í farþegasætinu við hlið ökumanns hóf að hringja og þegar hann ætlaði að grípa um símann hafi akreinavari ökutækisins tekið við en þá greip tjónþoli á móti í stýrið með þeim afleiðingum að bíllinn hafnaði utan vegar og nam staðar þegar framendinn skall á kletti fyrir utan veginn.“* Byggi V á því að af framangreindri lýsingu í matsgerðinni sé ljóst að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. Þessu til stuðnings vísi V til 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram komi að vegfaranda beri að sýna tillitssemi og varúð svo eigi leiði til hættu. Jafnframt sé vísað til 57. gr. sömu laga þar sem fram komi að stjórnanda ökutækis sé óheimilt að nota farsíma eða önnur raftæki sem truflað geta akstur án handfrjáls búnaðar. Samkvæmt V feli það að teygja sig eftir síma í farþegasæti bifreiðar á ferð, í sér að ökumaður taki augun af veginum og skerði við það stjórnunarhæfni sína verulega, nokkuð sem teljist alvarlegt frávik frá framangreindum reglum og teljist því stórkostlegt gáleysi. Vegna þessa bendir M á að V hafi haft lögregluskýrslu vegna slyssins undir höndum frá því í seinasta lagi 23. apríl 2024. Sú lýsing á tildrögum slyssins sem komi fram í matsgerð sé í samræmi við þá lýsingu sem höfð sé eftir M í lögregluskýrslunni. Samkvæmt lögregluskýrslunni sé því ljóst að slysið hafi orðið þegar M veitti athygli einhverju sem féll á gólf bifreiðarinnar farþegamegin, og sem M taldi vera farsíma sonar síns. Við það hafi akreinarvari bifreiðarinnar virkjast og M ekið út af veginum. Ekki verði séð að smávægilegt misræmi um hvort farsími hafi verið á gólfi farþegamegin eða í farþegasæti er slysið varð hafi áhrif á ákvörðun V um skerðingu bóta. Raunar verði ekki annað séð en að lýsing í lögregluskýrslu, um að farsími hafi verið á gólfi bifreiðarinnar farþegamegin, veiti frekar tilefni til skerðingar en sú lýsing á tildrögum slyss sem komi fram í matsgerð. Telur M því að þegar lögregluskýrslan hafi legið fyrir hafi V verið ljóst að slysið mætti rekja til þess að hann hafi veitt farsíma athygli við akstur. V hafi sent lögmanni M lögregluskýrsluna 23. apríl 2024. Því hafi V í síðasta lagi frá og með þeirri dagsetningu verið ljóst með hvaða hætti slys varð. Á því tímamarki hafi V þegar

farið yfir gögn málsins og staðfest að tjón M vegna slyssins væri bótaskylt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar. Þá hafi M ekki verið tilkynnt um það að V væri með það til athugunar að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð fyrr en 26. janúar 2026, þ.e. rúmum 23 mánuðum eftir slysdag og rúmlega 21 mánuði eftir að V mátti í seinasta lagi vera kunnugt um hver tildrög slyssins voru. Telur M því að með hliðsjón af vitneskju V um tildrög slyssins, eins og þeim er lýst í lögregluskýrslu, hafi V verið í lófa lagið að afla nánari upplýsinga frá M um þau atriði sem V lagði síðar til grundvallar skerðingu bóta. Þrátt fyrir að hafa haft vitneskju um þau atriði sem fram komu í lögregluskýrslu hafi V ekkert frekar aðhafst fyrr en umrædd atriði komu fram á ný í matsgerð. Bendir M á að samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga beri félagi sem hyggst bera fyrir sig skerðingu á bótaskyldu vegna slyss, að tilkynna tjónþola skriflega um afstöðu sína án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik er veita því heimild til þess að skerða bótaskyldu félagsins. M telur því ljóst að V hafi ekki tilkynnt um að takmörkun á ábyrgð væri til skoðunar innan þess skamma frests sem félaginu er veittur samkvæmt framangreindu ákvæði. Tilkynning þess efnis hafi því ekki verið send án ástæðulauss dráttar í samræmi við áskilnað. Þar sem V hafi vanrækt þessa lögbundnu skyldu telur M að það hafi glatað rétti til þess að skerða bætur úr tryggingunni, sbr. 2. mgr. 94. gr. framangreindra laga. Í málskoti færir M frekari rök þessu til stuðnings.

M færir einnig fyrir því rök að V hafi ekki sannað að háttsemi hans í aðdraganda slyss hafi verið með þeim hætti að V sé heimilt að skerða bætur til hans vegna slyssins á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Telur M ósannað að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis af hans hálfu. Ljóst sé af dómaframkvæmd að V beri sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni að M hafi sýnt af sér slíka háttsemi að heimilt sé skerða bætur á grundvelli ákvæðisins og að orsakasamhengi sé á milli þeirrar háttsemi og slyssins. Því til stuðnings vísar M til Hrd. í máli nr. 666/2008 og Hrd. í máli nr. 194/2011. Telur M að V hafi ekki staðið undir framangreindri sönnunarbyrði. Bendir M m.a. á að hann hafi í umrætt sinn verið á um 60 km/klst. þegar slysið varð en hámarkshraði á vettvangi sé 70 km/klst, líkt og fram komi í lögregluskýrslu. Þá komi hvergi fram í gögnum málsins að bifreið M hafi verið vanbúin. Til viðbótar bendir M á að verði ekki fallist á ofangreint telji M, með vísan til dómaframkvæmdar, að V sé ekki heimilt að skerða bótarétt um 50%.

Í athugasemdum V er því hafnað að upplýsingar um tildrög slyssins, sem skerðing bótaréttar byggi á, hafi legið fyrir í lögregluskýrslu, dags. 5. mars 2024. Þvert á móti sé verulegur efnislegur munur á þeirri lýsingu og því sem fram komi í matsgerð, dags. 22. janúar 2026. Í lögregluskýrslunni komi einungis fram að M hafi „veitt farsíma athygli“ í aðdraganda slyssins. Sú lýsing gefi ein og sér ekki tilefni til að ætla að M hafi framkvæmt þá líkamlegu athöfn sem matsgerðin lýsir, þ.e. að hafa ætlað að grípa um símann sem lá í farþegasætinu. Það sé einmitt sú athöfn, að beina athygli og líkamlegri hreyfingu frá akstri og að farsíma í farþegasæti á meðan ekið var, sem hafi leitt til þess að akreinavari bifreiðarinnar hafi virkjast, og í framhaldinu til þess að M stýrði á móti með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði utan vegar. Að „veita farsíma athygli“ geti átt við ýmiss konar háttsemi, allt frá því að líta snöggt á skjá símans yfir í að taka hann upp eða svara símtali. Hin tiltekna athöfn, að teygja sig eftir símanum, hafi fyrst komið fram í matsgerðinni. Sú athöfn feli í sér það frávik frá eðlilegri og varúðarverðri háttsemi við akstur sem skerðingin sé reist á. Slík háttsemi feli í sér að ökumaður sleppir í reynd stjórn á stýri bifreiðarinnar í þeim tilgangi að ná til hlutar í farþegasæti á meðan ekið er. V hafi því ekki haft tilefni, og raunar ekki forsendur, til að bera fyrir sig stórkostlegt gáleysi á grundvelli lögregluskýrslunnar. Það sé áskilið í 2. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 að V hafi haft í höndum upplýsingar sem gáfu því raunhæft tilefni til að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð. Almenn lýsing á því að ökumaður hafi „veitt farsíma athygli“ án nánari skýringa á eðli og umfangi þeirrar athygli, uppfylli ekki það skilyrði. Þá bendir V á að í matsgerðinni segi m.a.: *„Sími sem lá í farþegasætinu við hlið ökumanns hóf að hringja og þegar hann ætlaði að grípa um símann hafi akreinavari ökutækisins tekið við…*“. Telur V þetta sýna fram á að M hafi teygt sig í símann og þannig valdið slysinu. Hvað varði alvarleika háttsemi M bendir V á að kjarni málsins liggi í því að M hafi vikið athygli og stjórn frá akstrinum til að sinna farsíma. Sú háttsemi feli í sér verulegt frávik frá þeirri varúð sem ökumanni beri að sýna. Það að síminn hafi hringt skyndilega afsaki ekki að M hafi tekið ákvörðun um að grípa eftir honum á meðan ekið var á 60 km/klst. Eðlisleg viðbrögð við hringjandi síma í farþegasæti við akstur séu að hunsa hann eða stöðva ökutækið á öruggum stað áður en svarað sé. Að teygja sig eftir síma í farþegasæti, með þeim afleiðingum að ökumaður missir í reynd stjórn á stýri og kalli fram inngrip akreinavara, feli í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Hvað umfang skerðingar varði bendir V á, með vísan til alvarleika háttsemi M,

að það telji 50% skerðingu eðlilega, enda sé hún í samræmi við þá dóma- og úrskurðaframkvæmd sem þróast hafi á þessu sviði þegar farsímanotkun eða athygli að farsíma sé bein orsök umferðarslyss.

Álit

Ágreiningur málsins lýtur í grunninn að því hvort skilyrði séu til að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda á grundvelli þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur A 25. febrúar 2024. Í tengslum við framangreint er í fyrsta lagi tekist á um hvort tilkynning V um að það ætli sér að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð sé of seint fram komin. Það kemur fram í 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga að ef félag hyggst bera fyrir sig að það sé samkvæmt ákvæðum kaflans laust úr ábyrgð að öllu leyti eða að hluta skuli það tilkynna vátryggingartaka eða þeim sem rétt á til vátryggingarbóta skriflega um afstöðu sína. Enn fremur kemur fram að tilkynningin skuli send án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beiti rétti sínum samkvæmt ákvæðinu. Þá kemur fram í 2. mgr. sömu greinar að ef viðkomandi tryggingarfélag vanrækir að senda slíka tilkynningu glatar það rétti til þess að bera fyrir sig atvikin.

Það er ágreiningslaust í málinu að V var snemma kunnugt um að M hafi orðið fyrir umræddu slysi. Meðal annars sendi V lögmanni M lögregluskýrslu vegna slyssins 23. apríl 2024. Eins og að framan greinir byggir M á því að í þeirri skýrslu hafi verið að finna lýsingu M á aðdraganda slyssins sem hafi átt að gefa V ástæðu til þess að leita eftir frekari upplýsingum ef ætlunin var takmarka bótarétt M. V byggir hins vegar á því að þær upplýsingar um tildrög slyssins, sem skerðing bótaréttar byggi á, hafi fyrst legið fyrir í matsgerð, dags. 22. janúar 2026. Þá fyrst hafi V haft í höndum upplýsingar þess efnis að M hafi í reynd sleppt stjórn á stýri A í þeim tilgangi að ná til hlutar í farþegasæti á meðan á akstri stóð. Því hafi tilkynning V, dags. 26. janúar 2026, þess efnis að V hygðist skerða bætur til M uppfyllt skilyrði 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004. Eins og komið hefur fram er m.a. eftirfarandi haft eftir M í lögregluskýrslu, dags. 5. mars 2024: *„Aðspurður hvað hefði komið fyrir sagði [M] að hann hafi verið að aka á um 60 km/klst hraða eftir Vogavegi þegar að eitthvað datt á gólfið í bifreiðinni farþegamegin. [M] sagðist hafa haldið að það hafi verið farsími sonar síns. Þá hafi akreinavari bifreiðarinnar tekið við og sagðist [M] þá hafa togað í stýrið á móti henni með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði utan vegar.“* Í matsgerð er m.a. eftirfarandi lýsing höfð eftir M: „*Sími sem lá í farþegasætinu við hlið ökumanns hóf að hringja og þegar hann ætlaði að grípa um símann hafi akreinavari ökutækisins tekið við en þá greip tjónþoli á móti í stýrið með þeim afleiðingum að bíllinn hafnaði utan vegar og nam staðar þegar framendinn skall á kletti fyrir utan veginn.*“ Eins og komið hefur fram byggir V á því að það hafi verið upplýsingar í matsgerð um að M hafi tekið augun af veginum við aksturinn sem hafi verið kveikjan af þeirri ákvörðun að skerða bótarétt M. Þegar þetta er haft í huga fær nefndin ekki betur séð að sú lýsing á aðdraganda slyssins sem er að finna í lögregluskýrslu hafi gefið V ástæðu til að ætla að sú kunni að hafa verið raunin, þ.e. að M kunni að hafa tekið augun af veginum þegar hlutur sem hann taldi vera farsíma sonarins hafi fallið í gólfið farþegamegin. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að ganga beri út frá því að frá og með þeim tíma sem V fékk lögregluskýrsluna í hendur teljist V hafa vitað um þau atvik sem gætu veitt rétt til að takmarka ábyrgð, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004. Því bar V án ástæðulauss dráttar í kjölfarið að tilkynna M um þá ætlun sína, nokkuð sem ekki var raunin. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu, með vísan í 2. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004, að V hafi ekki verið heimilt að skerða bótarétt M með þeim hætti sem gert var. M telst því eiga fullan bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Að fenginni þessari niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málsástæður aðila, enda eru þær ekki til þess fallnar að breyta framangreindri niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V, Verði tryggingum hf.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 79/2026.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 24. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 30. mars 2026.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi komið í skoðun til X 17. nóvember 2023, eftir að hafa fengið tilvísun frá heimilislækni 11. ágúst 2023. Við þá skoðun hafi komið fram M var með slit á fremra krossbandi á hné og slitbreytingar í miðlægum liðþófa. Í framhaldinu, þ.e. 22. janúar 2024, fór M í aðgerð út af framangreindu. Sáu tveir bæklunarlæknar um aðgerðina, þ.e. X og Y. Þegar M kom heim eftir aðgerðina var hún orðin slæm af verkjum og fór á bráðamóttöku SAK, þar sem hún var lögð inn þann sama dag. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 1. febr. 2024, segir m.a um sé að ræða ótilgreindar aukaverkanir vegna aðgerðar og sýking í kjölfar læknisaðgerðar. Í málskoti kemur fram að M telur sig eiga bótarétt úr sjúklingatryggingu sem X er með hjá V. Færir M, sem byggir kröfu sína á 1. og 4. tl. 2. gr. þágildandi sjúklingatryggingalaga nr. 111/2000, ítarleg rök máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V segir að við skoðun hjá X 17. nóvember 2023 hafi X m.a. rætt um að krossbandsaðgerðir fælu í sér stórt inngrip þar sem ekki megi lofa jafn góðum árangri og vonast væri til. Hafi X nefnt í þessu sambandi möguleika á fylgikvillum vegna aðgerðarinnar, eins og sýkingum, blóðtöppum o.fl. M hafi talið rétt að reyna aðgerð, þar sem íhaldssöm nálgun hefði ekki gengið vel og hún væri með einkenni sem trufluðu starfsgetu og tómstundir. Samkvæmt skráningum þótti aðgerðin ganga mjög vel. Fram kom að krossbandið væri slitið og að til staðar hafi verið „bucket handle“ áverki á aftari hluta miðlæga liðþófa. Þá hafi liðþófinn verið ansi tættur. Ákveðið hafi verið að taka aftari hluta af liðþófanum vegna þessa en valið að láta fremri hluta hans vera. Samkvæmt mati X er ekki talið gott að taka of mikið af liðþófa, með hliðsjón af því að markmið með krossbandsaðgerð sé að reyna að byggja upp stöðugleika í hnélið. Ef allur miðlægi liðþófinn sé tekinn væri verið að skaða mjög þann megintilgang með aðgerðinni. Meiðslin fremst í liðþófa þóttu ekki vera það slæm að rétt væri að fjarlægja liðþófann algjörlega. V upplýsir að X hafi haft samband við M 1. febrúar 2024 til að fylgja henni eftir. Þá hafi komið í ljós að M hafði verið lögð inn á sjúkrahús vegna sýkingar í hné. V bendir á að samkvæmt íslenskum lögum um sjúklingatryggingu hvíli sönnunarbyrðin á tjónþola að sýna fram á að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Þótt slakað sé á almennum kröfum um sönnun orsakatengsla í skaðabótarétti í lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, sé þar engu að síður sett það skilyrði fyrir bótaskyldu samkvæmt 1. mgr. 2. gr. a að tjónið megi „að öllum líkindum“ rekja til atvika sem falla undir lögin. Þetta feli í sér að tjónþola beri að sýna fram á að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum, sbr. athugasemdir við 2. gr. í frumvarpi til laga nr. 111/2000. Ef ekki er hægt að slá neinu föstu um orsök tjóns, eða ef líklegt er að tjón hafi orðið óháð meðferðinni, sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Þessi líkindaregla hafi verið staðfest í dómaframkvæmd, m.a. í dómi Hæstaréttar í máli nr. 388/2012, þar sem áréttað hafi verið að sönnunarbyrðin sé á tjónþola. Þá hafi úrskurðarnefnd velferðarmála sömuleiðis tekið fram í úrskurðum sínum að það sé tjónþola að sýna fram á að tjónið megi að öllum líkindum rekja til atvika sem falla undir lögin, sbr. mál Úrskurðarnefndar velferðarmála nr. 532/2019, 615/2023 og 214/2023. Að mati V sé ekkert í málinu sem bendi til þess að M hafi orðið fyrir tjóni vegna mistaka við framkvæmd aðgerðarinnar. Þvert á móti hafi framkvæmd aðgerðarinnar verið í fullu samræmi við það sem best gerist og í fullu samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Því sé ekki að mati V hægt að byggja á því að M eigi rétt til bóta á grundvelli 1. töluliðar 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000. Þá sé heldur ekki hægt að telja að komast hefði mátt hjá tjóni með annarri meðferðaraðferð eða tækni sem völ var á, skv. 3. tölulið sömu greinar, enda séu slíkar aðgerðir ekki framkvæmdar með öðrum hætti og konservatív meðferð hafi verið fullreynd. Hvað varði 4. tölulið 2.

gr. laga nr. 111/2000, þá telur V að hér sé ekki um sjaldgæfan fylgikvilla að ræða, enda teljist sýkingar í kjölfar slíkra aðgerða ekki til sjaldgæfra fylgikvilla. M hafi verið upplýstur um að ákveðnar líkur væru á sýkingu í kjölfar aðgerðarinnar. V telur því að M hafi ekki staðið undir þeirri sönnunarbyrði sem á hana sé lögð um að sanna að mistök hafi verið gerð í aðgerðinni eða um óvenjulega sjaldgæfan fylgikvilla sé að ræða, þ.a. hún geti átt rétt til bóta á grundvelli 2. gr. laga nr. 111/2000.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð og gerðar eftirtaldar athugasemdir við framangreindan málatilbúnað V. Í fyrsta lagi mótmælir M þeirri fullyrðingu V að sýkingin í kjölfar aðgerðarinnar sé í takt við venjubundna fylgikvillatíðni upp á 1–2%. Þetta telur M vera villandi. Bendir M á að sýkingin hafi komið fram innan sólarhrings frá aðgerð, ekki dögum eða vikum síðar. Telur M að ofurbráð blóðsýkingarliðagigt sem komi fram innan 24–48 klukkustunda eftir aðgerð sé einstaklega sjaldgæf (um það bil 0,1% eða færri tilvik) og bendi til smitunar meðan á aðgerð stendur. Almenna talan 1–2% sem V nefni í bréfi, dags. 18. ágúst 2025, taki til allra sýkinga á öllu tímabilinu eftir aðgerð (30 dagar, 90 dagar, eitt ár). Þá er vísað til þess að M þjáist enn af miklum verkjum og bólgu í hné og hafi þurft að leita á bráðamóttöku í mars 2026, sérstaklega vegna bráðra verkja og hita í hné. Þetta sýni fram á viðvarandi, óleystar, afleiðingar. Þá byggir M á því að lýsing V á fyrstu aðgerðinni sé ekki rétt. Þannig sé það rangt að skurðlæknirinn hafi meðhöndlað liðþófann með réttum hætti með því að fjarlægja aðeins aftari hlut hans. Telur M sig hafa sýnt fram á að mistök hafi verið gerð við framkvæmd aðgerðarinnar, þ.e. eftir sem áður hafi verið til staðar rifa á liðþófanum. Hún eigi því bótarétt á grundvelli 1. töluliðar 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000. Þá mótmælir M því að sýkingin hafi ekki valdið varanlegum skaða. Telur M að fyrirliggjandi gögn sýni fram á annað. Færir M rök til stuðnings þeirri fullyrðingu. M byggir einnig á því að hún eigi bótarétt á grundvelli 4. töluliðar 2. gr. framangreindra laga. Í því sambandi bendir M á að um afar sjaldgæfa sýkingu hafi verið að ræða sem valdið hafi varanlegri liðagigt, langvinnum verkjum og örorku. Þá hafi M þurft að fara í þrjár aðgerðir á tveimur árum.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að samkvæmt gögnum málsins hafi M fengið sýkingu í hné, en sýkingarhætta fylgi öllum aðgerðum og teljist sýking ekki til sjaldgæfra fylgikvilla hnjáaðgerða. Hvers eðlis sýkingin er eða hvaða bakteríu sé þar um að ræða geti ekki ráðið niðurstöðunni um hvort um sjaldgæfan fylgikvilla sé að ræða. V ítrekar enn fremur að staðhæfing M um að X hafi „gleymt" að fjarlægja hluta liðþófa sé í engu samræmi við gögn málsins og beinlínis röng. Þá verði sömuleiðis að benda á að ekki hafi verið færð fram nein sönnun þess að þau einkenni sem M lýsi, þ.e. liðagigt í hné og ótilgreindir verkir, verði með einhverjum hætti talin í orsakatengslum við aðgerðina sem hér sé til umfjöllunar.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá m.a. heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver beri skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum. Af gögnum málsins má ráða að krafa M verði helst reist á 1. og 4. tl. 1,. mgr. 2. gr. sem eru svohljóðandi: „1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. … 4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni."

Í málinu skortir nokkuð á að fyrir hendi séu læknisfræðileg gögn, sérfræðigögn, sem stutt geta framangreinda röksemdafærslu M fyrir bótarétti hennar úr sjúklingatryggingu. Telur nefndin að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna mistaka við framkvæmd aðgerðarinnar. Þvert á móti bendi gögnin ekki til annars en að aðgerðin hafi farið fram í samræmi við það sem best gerist og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þá telur nefndin sömuleiðis að M hafi ekki tekist að sýna fram á að flokka beri umrædda sýkingu í kjölfar aðgerðarinnar sem svo sjaldgæfan fylgikvilla að ósanngjarnt sé að M þoli það bótalaust. Í því sambandi bendir nefndin á að ekki liggur annað fyrir í málinu en að X hafi rætt við M fyrir umrædda aðgerð um að krossbandsaðgerðir væru stórt inngrip og hafi einnig nefnt að möguleiki væri á fylgikvillum vegna aðgerðarinnar, eins og sýkingum,

blóðtöppum o.fl. Verður því ekki fullyrt af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum að tjón M sé meira en svo að sanngjarnt sé að hún þoli það bótalaust, sbr. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. svo þau viðmið sem sett eru fram í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

Þó að sönnunarkröfur til tjónþola séu vægari en ella þegar kemur að sjúklingatryggingu er það samt sem áður M sem ber sönnunarbyrði þess að tjón sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. eða 4. tl 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af framansögðu er það mat nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á það með fullnægjandi gögnum að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 81/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 27. maí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 1. júní 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að leki og vatnstjón hafi komið fram í fasteign M og honum sé ekki ljóst nema að hluta hvað gerðist. Í byrjun desember hafi tengirör þar sem uppþvottavél tengdist við frárennsli gefið sig. Eitthvað vatn hafi lekið niður og M talið að hann hefði náð að þurrka það að mestu upp. Eitthvað hafi þó lekið í og undir eldhússkáp og í gólfefni. Í framhaldinu hafi M orðið var við lykt og þá tekið í sundur eldhússkápinn. Við það hafi komið ljós skemmdir sem hafi leitt til þess að taka hafi þurft allan eldhússkápinn niður. Í skápnum (einkum neðst) og við gólf, í parketi og dúki undir parketi hafi verið einhverjar skemmdir og eitthvað svart sem var vel þornað. Það hafði því greinilega eitthvað gerst fyrir umræddan leka en M hafi ekki verið ljóst hvað það var. M tilkynnti tjónið til V í byrjun febrúar 2026. Í framhaldi af þeirri tilkynningu hafi skoðunarmaður V komið á staðinn og skoðað aðstæður. Hann hafi komist að þeirri niðurstöðu að skemmdir á fasteigninni yrðu ekki raktar til skyndilegs eða óvænts leka þar sem vatn streymdi úr lögnum hússins, heldur væri um að ræða afleiðingar af langvarandi leka á tengingum í eldhúsvaskaskápnum. V hafnaði því að bótaskylda væri til staðar í málinu. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er í fyrsta lagi byggt á að tjónið eigi rót sína að rekja til skyndilegs leka. Óumdeilt sé að tengirör hafi gefið sig í desember 2025. Slík bilun teljist skyndileg og óvænt samkvæmt almennri túlkun tryggingaskilmála. Afleiðingar lekans hafi komið fljótlega fram í formi: nýrrar lyktar, bólgnunar í parketi og skemmda í innréttingu sem einkum hafi sést við niðurrif eldhússkáps. Þessi einkenni séu dæmigerð fyrir snögga vatnsflæðisskemmd en ekki langvarandi rakasöfnun. Í öðru lagi útiloki eldri rakamerki ekki bótaskyldu. Þótt eldri rakamerki hafi fundist undir skáp þá hafi þau ekki verið sýnileg né þekkt áður og hafi því hvorki valdið tjóni sem kallaði á viðgerð né orðið til þess að M yrði var við skemmdir fyrr en eftir atburðinn í desember. Samkvæmt meginreglum vátryggingaréttar falli bótaskylda ekki niður þótt eldri veikleikar séu fyrir hendi, ef skyndilegur atburður veldur nýju eða auknu tjóni. Í þriðja lagi sé tjónið aðskiljanlegt frá hugsanlegum eldri raka. Skemmdir sem hafi komið fram í parketi, eldhússkáp og borðplötu tengist beint lekanum í desember. Þær séu staðbundnar og samræmist tímasetningu atburðarins. Í fjórða lagi byggi synjun V fyrst og fremst á mati skoðunarmanns V án þess að fram hafi verið lögð tæknileg greining sem sýni að tjónið sé alfarið að rekja til langvarandi raka. Því beri að leggja til grundvallar að í það minnsta hluti tjónsins verði rakinn til hins skyndilega leka. M telur með hliðsjón af framangreindu ljóst að skyndilegur leki hafi orðið í desember 2025, tjónið hafi komið fram í beinu framhaldi og því séu skilyrði bótaskyldu samkvæmt skilmálum uppfyllt. M krefst þess að synjun M verði felld úr gildi og bótaskylda viðurkennd, a.m.k. vegna þess tjóns sem rekja megi til hins skyndilega leka.

Í athugasemdum V er byggt á því að samkvæmt skilmálum húseigendatryggingar sem og almennum reglum vátryggingaréttar, sé það forsenda bótaskyldu að tjón hljótist af skyndilegum, óvæntum og ófyrirsjáanlegum leka úr vatnsleiðslum eða tengdum búnaði. Í skilmálunum sé sérstaklega tekið fram að tjón sem hlýst af langvarandi raka, leka eða rakaástandi sé undanskilið bótaskyldu vátryggingarinnar. Með hliðsjón af framlögðum gögnum verði að telja ljóst að jafnvel þótt upphaflegt atvik hafi átt sér stað í byrjun desember 2025, þá hafi afleiðingar þess og skemmdirnar sem krafist er bóta vegna, svo sem bólgnun parkets og morknun innréttingar, ekki komið fram eða uppgötvast fyrr en í febrúar 2026. Tjón sem komi fram með þessum hætti yfir lengra tímabil, uppfylli ekki það skilyrð að teljast skyndilegt eða óvænt í skilningi vátryggingaskilmála. Fastmótuð framkvæmd úrskurðarnefndar í vátryggingamálum styðji þessa niðurstöðu, en þar hafi því verið slegið föstu að skemmdir sem verða vegna hægfara

rakaástands yfir alllangt skeið teljist ekki hafa orðið skyndilega. Þessu til stuðnings nefnir V til dæmis mál nr. 166/2020 og 229/2016. Telur V því ekki útilokað að aðrar og eldri ástæður liggi að baki skemmdunum, enda hafi M sjálfur greint frá því að eldri, svart og vel þornað raka- og myglumerki hafi fundist undir eldhússkápnum við niðurrif hans. Slík ummerki beri með sér langvarandi raka og leka sem hafi ekki byrjað fyrst í desember 2025 og falli með öllu utan bótasviðs húseigendatryggingar, sbr. einnig mál nefndarinnar nr. 207/2018. Það sé því afstaða V að atvik málsins sýni að skemmdirnar á fasteigninni séu afleiðing af hægfara, langvarandi leka og rakaástandi en ekki skyndilegum og óvæntum tjónsatburði.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að lekinn í desember hafi verið skyndilegur og skemmt parketið. Jafnframt hafi hann alveg farið með eldhússkápinn sem hafi ekki verið í góðu ástandi fyrir. Þá hafi fyrir lekann í desember engin lykt eða annað verið að angra M og einnig hafi borðplatan gefið sig við niðurrif á skápnum. Að öðru leyti er fyrri rökstuðningur ítrekaður.

Í viðbótarathugasemdum V er fyrri afstaða ítrekuð. Samkvæmt skilmálum húseigendatryggingar bæti vatnstjónstrygging skemmdir sem rekja megi til óvænts og skyndilegs leka, en tryggingin bæti ekki tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka né tjón vegna myglu eða sveppagróðurs. Fyrirliggjandi upplýsingar um eldri rakamerki, svart efni undir innréttingu og ástand eldhússkáps áður en umrætt atvik varð styðji fremur þá niðurstöðu að um hafi verið að ræða langvarandi rakaástand sem fellur utan gildissviðs tryggingarinnar. V telur jafnframt að athugasemdir M breyti ekki því að ósannað sé að þær skemmdir sem krafist er bóta fyrir, þar á meðal skemmdir á parketi og innréttingu, séu afleiðing bótaskylds skyndilegs tjónsatburðar fremur en afleiðing þess rakaástands sem þegar var til staðar á svæðinu.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í vátryggingarétti hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks.

Samkvæmt a-lið gr. 23.1 skilmála vátryggingarinnar bætir hún skemmdir á vátryggðri húseign af völdum vatns eða annars vökva, sem stafar eingöngu af óvæntum og skyndilegum leka enda streymi úr leiðslum og hitakerfum hússins og lekinn eigi sér stað innan veggja þess. Samkvæmt gr. 23.2 greiðist einnig kostnaður við uppbrot og rask, sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka skv. gr. 23.1 svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjón. Í d-lið gr. 24.1 er kveðið á um að vátryggingin bæti ekki tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi.

Í gögnum málsins kemur fram að í byrjun desember 2025 hafi tengirör þar sem uppþvottavél tengdist við frárennsli í fasteign M gefið sig og vatn flætt. M hafi talið sig hafa náð að þurrka vatnið upp en annað hafi hins vegar komið í ljós í byrjun febrúar 2026, þ.e. þá hafi M orðið var við bæði lykt og bólgið parket. M hafi í framhaldinu tilkynnt tjónið til V sem hafi sent skoðunarmann á staðinn. Hann hafi komist að þeirri niðurstöðu að skemmdir á fasteigninni væru ekki að rekja til óvænts eða skyndilegs leka þar sem vatn hafi streymt úr lögnum hússins heldur til langvarandi leka á tengingu í eldhúsvaskaskáp. V hefur ekki hlutast til um að leggja fyrir nefndin skýrslu skoðunarmanns né önnur gögn máli sínu til stuðnings.

Að mati nefndarinnar, þegar höfð er hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, er bótaskylda til staðar úr vatnstjónslið húseigendatryggingar vegna þess tjóns sem varð þegar tengirör við uppþvottarvél gaf sig. Í málinu liggur jafnframt fyrir að það tjón sem uppgötvaðist þegar M reif eldhúsvaskaskápinn í burtu verði að hluta til rakið til óbótaskyldra atburða fyrir umrætt rof á tengirörinu og hefur m.a. M sjálfur byggt á því.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V til samræmis við það tjón sem unnt er að sanna.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 83/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis(A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 6. september 2024, varð, að kvöldi hins 5. september 2024, umferðarslys á Miklubraut í Reykjavík. Er í skýrslunni haft eftir M að hann hafi ekið A á vinstri akrein Miklubrautar með akstursstefnu til vesturs. Í kjölfar gírskiptingar hafi hann skyndilega fundið afturenda A skrika til og hafi hann misst stjórn á henni með þeim afleiðingum að hún hafnaði á ljósastaur norðan við akbrautina. Aðspurður taldi M sig hafa ekið á um 80 kílómetra hraða á klukkustund í aðdraganda atviksins. Í skýrslu Aðstoðar & Öryggis vegna atviksins segir m.a. að M hafi ekið vestur Miklubraut í beygjuna við aðrein sem liggur upp að Snorrabraut. Hann hafi misst stjórn á A í beygjunni með þeim afleiðingum að A fór aðeins utan í vegrið vinstra megin og kastaðist svo á ljósastaur hægra megin.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við atvikið og hafi á grundvelli þess krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Með bréfi, dags. 25. september 2025, hafi V tilkynnt um að það hygðist skerða rétt hans til bóta um helming á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M fellir sig ekki við þá afstöðu V og byggir í málskoti á því að ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að ræða. Aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar sökum myrkurs og bleytu og M, sem var 18 ára á slysdegi, hafi verið reynslulítill ökumaður. Hann hafi haft fulla athygli við aksturinn og hvorki verið undir áhrifum áfengis né fíkniefna. Þó M hafi sjálfur talið sig hafa ekið á um 80 kílómetra hraða á klukkustund, en á vettvangi sé 60 kílómetra hámarkshraði, sé þar aðeins um ágiskun hans sjálfs að ræða en ökuhraði A í aðdraganda slyssins hafi ekki verið rannsakaður með neinum hætti. Þá hafi slysið ekki orsakast af hraða A heldur aðstæðum á vettvangi. Sönnunarbyrði þess að gáleysi M hafi verið stórkostlegt og að orsakatengsl séu milli þess og slyssins hvíli á V. Slík sönnun hafi ekki tekist.

Verði niðurstaða nefndarinnar allt að einu sú að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og að það skuli, að framkvæmdu heildstæðu mati á atvikum öllum, leiða til skerðingar á bótarétti M, sé helmings skerðing í öllu falli úr hófi fram og ekki til samræmis við dómaframkvæmd. Séu engar forsendur til að skerðing bóta nemi meira en ¼ hluta.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að framburður M hafi fullt sönnunargildi um aðstæður á vettvangi og ökuhraða A. Þá háttsemi M að aka A á hraða sem var 33% umfram hámarkshraða við bestu mögulegu aðstæður verði að meta honum til stórkostlegs gáleysis. Ljósmyndir í lögregluskýrslu staðfesti þá atvikalýsingu sem höfð hafi verið eftir M og bendi til þess að ökuhraði A hafi verið verulega yfir lögmæltum hámarkshraða og að líkindum meiri en M hafi sagt hann vera. Verði ekki fallist á kröfu M um skerðingu að helmingshluta er til vara gerð krafa um að skerðing bóta sé heimil að 1/3 hluta.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir ítrekaðar og vísað til þess að í þeim tilvikum þar sem fallist hafi verið á skerðingu bótaréttar á grundvelli ökuhraða hafi verið til staðar rannsóknir sem staðfesti ökuhraðann. Engu slíku sé til að dreifa hér og þá hafi lögreglan lokað málinu án sektargerðar eða frekari rannsóknar. Vísar M þá til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 155/2025 og 342/2025 því til stuðnings að skerðing bóta sé ekki heimil.

Álit

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort skilyrði séu til að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda á grundvelli þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur hinn 5. september 2024.

Samkvæmt 90. gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hafi vátryggður valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort gáleysi teljist stórkostlegt verður að líta til þess hvort háttsemi teljist verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem almennt er krafist af varkárum ökumanni við sambærilegar aðstæður. Við úrlausn á þessum atriðum skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Sönnunarbyrði þess að skilyrði skerðingar séu uppfyllt hvílir á vátryggjanda, þ.e. V, en ljóst er að heildstætt mat atvika þarf að fara fram í hverju máli fyrir sig.

Af gögnum málsins verður ráðið að M missti stjórn á A við akstur vestur Miklubraut í beygju með þeim afleiðingum að bifreiðin fór fyrst utan í vegrið og hafnaði síðan á ljósastaur utan akbrautar. Þá tjáði M lögreglu að hann hefði ekið á um það bil 80 kílómetra hraða á klukkustund þar sem leyfður hámarkshraði var 60 kílómetrar á klukkustund. Hins vegar liggja engin frekari gögn, s.s. hraðaútreikningar eða framburðir vitna, fyrir um raunverulegan ökuhraða né verður séð að sérstök rannsókn á tildrögum slyssins hafi farið fram. Jafnframt segir í tölvupósti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 17. febrúar 2026, að M hafi ekki verið gert að greiða sekt né sæta öðrum viðurlögum vegna hraðaksturs umrætt sinn.

Að mati nefndarinnar verður að telja sannað að M hafi ekið A yfir leyfilegum hámarkshraða, þó ekki liggi fyrir hver hann hafi verið. Það eitt að aka um 20 kílómetrum yfir leyfilegum hámarkshraða, við þær aðstæður sem hér voru uppi, þ.e. bleytu á vegi og myrkur, verður vissulega talið fela í sér nokkurt gáleysi en þó ekki að því marki að það teljist stórkostlegt í skilningi 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Við mat á háttsemi M verður jafnframt litið til þess að hann var ungur og reynslulítill ökumaður og að ekkert liggur fyrir um að hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna eða sýnt af sér aðra sérlega vítaverða háttsemi. Að virtu heildarmati atvika telur nefndin því að V hafi ekki sýnt fram á að skilyrði séu til skerðingar bótaréttar M á grundvelli 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 84/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. febrúar 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V2, dags. 24. febrúar 2026.
3. Athugasemdir V1, dags. 27. febrúar 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð árekstur á milli A, en eigandi hennar er M, og B, 30. janúar 2026. Áreksturinn náðist á myndbandsupptöku úr A og af henni má sjá að B er með stefnumerki til hægri en breytir því síðan til vinstri stuttu áður en ökumaður B beygir henni skyndilega til vinstri og þá í veg fyrir A. M hóf framúrakstur þegar hann sá að ökumaður B hugðist beygja til hægri. Málið var lagt fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt þannig að ökumaður A var látinn bera 1/3 hluta sakar vegna ógætilegs framúraksturs á hálfbrotinni línu og ökumaður B 2/3 fyrir að gæta ekki að annarri umferð áður en hann tók vinstri beygju og fyrir ranga stefnumerkjagjöf. M fellir sig ekki við niðurstöðuna.

Í málskoti kemur fram að M telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Ökumaður B hafi skyndilega hætt við að beygja til hægri og beygt í veg fyrir M án þess að gæta að annarri umferð sem á eftir honum var. M hafi gert þetta svo hratt og óvænt að M hafi ekki verið unnt að bregðast við þessari óvæntu atburðarrás.

Í athugasemdum V2 er óskað eftir því að nefndin taki afstöðu til sakarskiptingar á grundvelli framlagðra gagna.

Í athugasemdum V1 er byggt á að leggja beri alla sök á árekstrinum á ökumann B sem hafi gefið villandi stefnumerki og ekki gætt að annarri umferð fyrir aftan áður en hann beygði til vinstri. V1 vísar til 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ljóst sé af myndbandsupptökunni að ökumaður B hafi gefið villandi stefnumerki í aðdraganda árekstursins og hafi ekki gætt að umferð fyrir aftan áður en hann tók vinstri beygju. Jafnframt er vísað til 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga en þar er kveðið á um að ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega m.a. að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri. Með vísan til þess telur V1 að M hafi gætt fyllstu varúðar í samræmi við fyrrgreint lagaákvæði. M hafi hafið framúrakstur þegar honum varð ljóst að ökumaður B hygðist beygja til hægri og hafi hann ekki haft neinn tíma til að bregðast við skyndilegri breytingu á akstursstefnu ökumanns B.

Álit.
Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli ökumanna A og B vegna áreksturs 30. janúar 2026. M byggir á því að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. V1 byggir á því að ökumaður A hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu í aðdraganda árekstursins þegar hann beygði skyndilega til vinstri og því beri B alla sök á árekstrinum.

Í 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Jafnframt kemur fram að ökumaður skuli gæta að umferð sem eftir kemur og gefa stefnumerki í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu.

Í 2. mgr. 23. gr. sömu laga segir að ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstakalega m.a. að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri.

Af gögnum málsins er ljóst að báðum ökutækjum var ekið í sömu átt í aðdraganda árekstursins. A var ekið á eftir B þegar ökumaður gaf fyrst stefnuljós til hægri en síðan til vinstri. Það er mat nefndarinnar að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér við aksturinn í umrætt sinn. A hafi ekki dregið nægilega úr hraðanum í aðdraganda framúrakstursins og því ekki geta brugðist við vinstri beygju A. B hafi gefið stefnumerki til vinstri með mjög skömmum fyrirvara og ekki gætt að umferð sem á eftir kom.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að sök verði skipt þannig að A beri 1/3 hluta sakar og B 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B, 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 85/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Bótafjárhæð. Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. febrúar 2026.

Málsatvik.

Af málskoti og gögnum málsins má ráða að bifreiðin A, sem er í eigu M, hafi orðið fyrir tjóni sem bótaskylt er úr ábyrgðartryggingu annarrar bifreiðar hjá V. Engin gögn liggja þó fyrir nefndinni um umrætt tjónsatvik en svo virðist sem ágreiningur aðila einskorðist við það hver fjárhæð bóta vegna tjóns á A eigi að vera.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað beiðni M þess efnis að það annaðist um viðgerð á bifreiðinni og greiddi bætur vegna afnotamissis hennar. V hafi ekki talið viðgerð svara kostnaði og hafi boðið M samkomulagsbætur að fjárhæð 1.050.000 kr. sem miðist við gangverð bifreiðarinnar án tillits til ástands hennar fyrir tjónið. M hafi hafnað því boði enda hafi hann ráðist í talsverðar endurbætur á A sem hafi haft áhrif á ástand og verðmæti hennar. Hafi M aflað verðmats sem hafi hljóðað upp á 1.500.000 kr. en V hafi hafnað því þar sem það mat hafi ekki samrýmst verðmati samstarfsaðila þess. M telur að boð V um bætur leiði ekki til þess að tjón hans sé að fullu bætt. Hann hafi, í janúar 2025, fest kaup á A fyrir 1.000.000 kr. Hafi hann í kjölfarið ráðist í verulegar endurbætur og viðhald en fyrirliggjandi reikningar sýni fram á kostnað vegna þess. Telur M því að tilboð V um bætur endurspegli á engan hátt markaðsverð sambærilegrar bifreiðar í því ástandi sem A var í fyrir tjónið. Máli sínu til stuðnings leggur M m.a. fram verðmat og auglýsingar um sambærilegar bifreiðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi upphaflega boðið M 900.000 kr. fyrir A. Að fengnum frekari upplýsingum frá aðilum á markaði hafi V hækkað það boð í 1.050.000 kr., eða 800.000 kr. vildi M halda bifreiðinni. Við vinnslu málsins hafi V óskað mats frá tveimur starfandi bifreiðasölum en við matið var þeim gefið upp skráningarnúmer A og akstur hennar. Annar þeirra hafi talið söluverðmæti A í því ástandi sem hún var fyrir tjónið vera á bilinu 500.000 til 700.000 kr. Hinn hafi talið söluverðmæti hennar, miðað við staðgreiðsluverð, nema 1.200.000 kr. Meðaltal þessara mata sé því 900.000 kr. V telji að verðmæti A, í skemmdu ástandi, nemi ekki minna en 250.000 kr. og eigi að miða við að sú fjárhæð komi til frádráttar kjósi M að halda henni. Telji V ekki sýnt fram á að tjón M sé meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur þegar boðist til að greiða. Gerir V þá athugasemdir við það verðmat sem M hefur lagt fram enda liggi ekki fyrir hvaða gögn hafi legið fyrir við það mat.

Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum M er annað verðmat, þar sem einnig er komist að þeirri niðurstöðu að söluverð A í því ástandi sem hún var fyrir tjónið sé 1.500.000 kr. Telur M þau tvö möt sem hann hefur lagt fram styðja við þá afstöðu að markaðsvirði ráðist af raunverulegu ástandi, en ekki aðeins af aldri, gerð og akstri. Verðmöt þau sem V hafi lagt fram byggi hins vegar ekki á upplýsingum um raunverulegt ástand A heldur aðeins á gerð hennar, aldri og kílómetrastöðu. Tvær sambærilegar bifreiðar hafi þá verið seldar nýlega en ásett verð beggja hafi verið 1.500.000 kr. Sé af framangreindu ljóst að M verði ekki eins settur fjárhagslega og fyrir tjónið verði fallist á bótatilboð V.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. vísað til þess að þau möt sem M hafi lagt fram snúi að ásettu verði en ekki væntu söluverði.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að aðila greini á um það eitt hversu hátt verð V skuli inna af hendi fyrir að leysa A til sín, eða eftir atvikum ef A verður áfram í eigu M. Verður ekki annað séð en að eingöngu sé um fjárhæðarágreining að ræða, en ekki ágreining um t.a.m. umfang þess tjóns sem varð á A við umrætt bótaskylt tjónsatvik.

Í 3. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum segir: *Nefndin fjallar um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna vátryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki 5.000.000 kr.*

Af þeim afar takmörkuðu upplýsingum sem fyrir nefndinni liggja um það atvik er leiddi til tjóns á A verður helst ráðið að tjón M sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu annars aðila, þ.e. að M sé ekki neytandi gagnvart V í skilningi ákvæðisins. Með því að taka þátt í meðferð málsins fyrir nefndinni án þess að minnast á þetta atriði eða gera kröfu um frávísun verður þó að líta svo á að V hafi samþykkt að nefndin taki ágreining aðila til meðferðar.

Fyrirliggjandi eru tvö verðmöt sem V hefur aflað og tvö verðmöt sem M hefur aflað. Ekki verður ráðið að neinn þeirra bifreiðasala sem veitti álit í málinu hafi tekið A til skoðunar, en svo virðist sem M hafi veitt þeim tveimur bifreiðasölum sem hann leitaði til frekari upplýsingar en V, þ.e. um þær endurbætur sem gerðar höfðu verið á A fyrir tjónið. Hvað sem því líður verður þó ekki litið svo á að eitthvert þessara verðmata hafi meira vægi en önnur, en í engu tilviki er um að ræða yfirmat eða mat samkvæmt dómkvaðningu. Eins og áður segir hljóðar eitt þessara verðmata upp á 500 til 700.000 kr. og sker það sig því verulega frá hinum sem hljóða upp á 1.200.000 kr. og 1.500.000 kr. Hæstu verðmötin miða við ásett verð en hin lægri við staðgreiðsluverð. Meðaltal þessara fjögurra verðmata er 1.200.000 kr. og er það til samræmis við annað þeirra verðmata sem V hefur lagt fram. Á þá eftir að taka tillit til þess að rétt er að miða við vænt staðgreiðsluverð, en ekki ásett verð, þegar kemur að bótafjárhæðum. Í ljósi þess að lægsta matið, sem virðist óeðlilega lágt miðað við hin, er tekið með í meðaltalsútreikning og þess að tvö fyrirliggjandi verðmata eru miðuð við staðgreiðsluverð telur nefndin þó ekki rétt að draga nema 50.000 kr. frá meðaltalsfjárhæðinni. Samkvæmt því skal V greiða M 1.150.000 kr. leysi það A til sín, en 900.000 kr. semjist svo um að A verði áfram í eigu M, en ekki virðist um það deilt að verðmæti hennar eftir tjónið nemi 250.000 kr.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta að fjárhæð 100.000 kr. umfram það sem V hefur þegar fallist á að greiða.

Reykjavík, 24. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 86/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs. Fasteignatrygging.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. febrúar 2026.
2. Bréf V1 dags. 20. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 24. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. mars 2025 hafi rafmagn slegið út í hverfi M í um 15 til 20 mínútur. Þegar rafmagn hafi komið á aftur hafi komið högg á kerfið sem valdið hafi straumhlaupi í lyftu í húsi M og hafi hraðall lyftunnar skemmst við það. Viðgerð hafi tekið tvo daga. V1, þar sem X sé með ábyrgðartryggingu, hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að X eða starfsfólk þess hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. V2, þar sem M sé með fasteignatryggingu, hafi einnig hafnað bótaskyldu. Í málskoti kemur fram að enginn frá V1 eða V2 hafi komið á vettvang og skoðað aðstæður. Þá hafi verið fallist á bótaskyldu í öðrum tilvikum þar sem rafmagnsleysi hafi leitt til tjóns. Er þá tekið fram að lyftan hafi verið í fullkomnu lagi fyrir rafmagnsleysið. X beri að tryggja stöðugt rafmagn til heimila og lágmarka skaða komi högg á rafkerfið.

Í bréfi V1 kemur fram að bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hafi verið hafnað þar sem ekki væri sýnt fram á að tjón á fasteign M yrði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi X, starfsfólks þess eða annarra atvika sem X bæri ábyrgð vegna. Sönnunarbyrði þess að svo hafi verið hvíli á M en X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem upp kunni að koma. Við vinnslu málsins hafi V1 leitað eftir upplýsingum frá X sem hafi lýst atvikum svo að upp hafi komið ófyrirséð háspennubilun í háspennustreng. Hefðbundnu verklagi hafi verið fylgt við áhleypingu rafmagns að nýju og hafi engin mistök átt sér stað við spennusetningu eftir útsláttinn. Ekkert bendi til þess að áhleyping hafi valdið spennufalli sem leitt hafi til þess að högg kom á kerfið. Samkvæmt X sé það þá þekkt vandamál að stýringar í lyftum þoli ekki spennuflökt. Búnaður notenda eigi að þola straumrof en þoli hann það ekki sé það á ábyrgð notenda að gera ráðstafanir varðandi varaafl. Vísar V1 þá til reglugerðar nr. 297/2006 máli sínu til frekari stuðnings.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að M sé vissulega með fasteignatryggingu hjá V2. Sú vátrygging sé nokkuð víðtæk en taki þó ekki til tjónsatvika eins og hér um ræði. Þess utan hafi ekki verið gerð eiginleg krafa í fasteignatrygginguna vegna tjónsins. Fer V2 fram á úrskurð nefndarinnar um að það beri ekki bótaskyldu í málinu.

Álit.

Óumdeilt er í málinu að rafmagnslaust varð í hverfi M hinn 1. mars 2025 vegna bilunar í dreifikerfi X og að tjón varð á hraðals lyftu í fasteign M þegar rafmagni var hleypt á að nýju. Ágreiningur málsins lýtur annars vegar að því hvort skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 séu uppfyllt og hins vegar hvort tjónið falli undir fasteignatryggingu M hjá V2.

Hvað varðar mögulega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þá leiðir það af almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar að það er M að sanna að umrætt tjón verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á .. Þó að lyftan hafi verið í lagi fyrir umrætt atvik og að hraðall hennar hafi skemmst í tengslum við rafmagnstruflunina, nægir það eitt og sér ekki til að fella bótaskyldu á X samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Af gögnum málsins verður ráðið að orsök rafmagnsleysisins hafi verið ófyrirséð bilun í háspennustreng og að við spennusetningu eftir útslátt hafi verið fylgt hefðbundnu verklagi. Engin gögn hafa verið lögð fram sem benda til þess að mistök hafi átt sér stað við meðferð eða spennusetningu kerfisins eða að X hafi að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu við rekstur dreifikerfisins. Þá liggur ekki fyrir sérfræðilegt mat

eða önnur gögn sem sýna fram á að það spennuflökt sem varð hafi verið umfram það sem almennt má búast við þegar rafmagn fer af og á dreifikerfi. Verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Að því er varðar kröfu M á hendur V2 liggur fyrir að M var með fasteignatryggingu hjá félaginu á tjónsdegi. Samkvæmt gögnum málsins hefur þó ekki verið sýnt fram á að umrætt tjón falli undir skilmála þeirrar vátryggingar. Að virtum málatilbúnaði aðila og fyrirliggjandi upplýsingum verður því heldur ekki fallist á að bótaskylda V2 sé fyrir hendi.

Samkvæmt framangreindu verða hvorki V1 né V2 talin bera bótaskyldu vegna hins umþrætta tjóns.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.
M á ekki rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 87/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 18. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 1. apríl 2026.
5. Bréf V1 dags. 31. mars 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 28. október 2025, varð árekstur milli A, en M var ökumaður hennar, og B á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Álftanesvegar hinn 27. október 2025. Umferðarljós á vettvangi voru óvirk og blikkaði því gult ljós á þeim. Í aðdraganda áreksturs ók M austur Hafnarfjarðarveg með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri að Álftanesvegi en B var ekið vestur Hafnarfjarðarveg. Þegar A var ekið inn á Hafnarfjarðarveg í vinstri beygju varð árekstur milli bifreiðanna. Aðspurður sagðist M hafa ekið á um 15 kílómetra hraða á klukkustund en ökumaður B sagðist hafa ekið á um 60 kílómetra hraða. Samkvæmt ökumanni C, sem varð vitni að árekstrinum, fannst honum eins og ökumaður B „hefði gefið í á ljósunum“. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum þar sem hann hefði ekið í veg fyrir umferð sem kom úr gagnstæðri átt.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ökumann B bera alla sök á árekstrinum. Er í málskoti vísað til þess að ökumaður B hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda áreksturs, en hann hafi ekið á um 100 kílómetra hraða rétt áður en komið var að gatnamótunum. Er sérstaklega vísað til myndbands úr mælaborðsmyndavél bifreiðarinnar C. Megi af því ráða að B hafi verið ekið á hraða sem var meira en 50% meiri en hámarkshraði á vettvangi og án aðgæslu eða tillits til öryggis annarra vegfarenda. Þá hafi hemlaljós hennar ekki kviknað fyrr en tæpum tveimur sekúndum fyrir áreksturinn. M hafi hins vegar sýnt af sér fulla aðgæslu, hann hafi numið staðar áður en hann hóf akstur til vinstri, metið aðstæður og ekki hafið innakstur fyrr en engin sýnileg umferð var á vettvangi. Hafi hann því í öllu farið að áskilnaði umferðarlaga.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, er tekið undir niðurstöðu tjónanefndar. Engin samtímagögn liggi fyrir um sannanlegan akstursshraða B né sé sýnt fram á nokkra aðra þá háttsemi sem leiði til þess að ökumanni B verði gert að bera hluta sakar. Engin gögn liggi fyrir er hnekki þeim framburði ökumanns B að hann hafi ekið á um 60 kílómetra hraða á klukkustund.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð. Gögn málsins, þ.á.m. umrædd myndbandsupptaka, sýni skýrlega að akstursshraði B hafi verið vítaverður, sér í lagi við þær aðstæður sem voru á vettvangi, þ.e. bleytu, myrkur og óvirk umferðarljós. Ökumaður B hafi þá átt að veita A athygli fyrr enda hafi hún verið komin langt inn á gatnamótin þegar árekstur varð. Sýn ökumanns sem komi frá Hafnarfjarðarvegi og hyggist beygja inn á Álftanesveg sé hins vegar nokkuð skert vegna þeirra bifreiða sem stefni inn á Fjarðahraun frá gatnamótunum. Vísar M þá til þess að ákomur á bifreiðarnar og höggið við áreksturinn styðji það að B hafi verið ekið á vítaverðum hraða.

Í viðbótarathugasemdum V2 er þess enn krafist að öll sök á árekstrinum verði lögð á M en til vara að hann verði látinn bera meginhluta sakar. Er sérstaklega vísað til þess að af umræddu myndandi verði ekki fullyrt um akstursshraða B. Henni hafi ekki verið ekið fram úr C heldur á akrein við hlið hennar. Fjarlægð milli B og C hafi svo aukist sem helgist af því að hægt hafi verið á akstri C. Engir útreikningar á akstursshraða B liggi fyrir og sé ósannað að hann hafi verið vítaverður.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er tekið undir með M varðandi það að ökumaður B hafi ekið yfir löglegum hámarkshraða og ekki hagað akstri sínum til samræmis við 36. og 37. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Hafi hann því sýnt af sér verulega óaðgæslu við aksturinn. M hafi hins vegar

hægt á sér, metið aðstæður og hafið akstur á litlum hraða þegar ekkert benti til þess að hættu stafaði af annarri umferð innan eðlilegs athyglissviðs. Telur V2 því rétt að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri en fer til vara fram á að sök verði skipt til helminga.

Álit.

Óumdeilt er að árekstur varð þegar A var ekið í vinstri beygju af Hafnarfjarðarvegi inn á Álftanesveg og B var ekið úr gagnstæðri átt vestur Hafnarfjarðarveg. Þá liggur fyrir að umferðarljós á vettvangi voru óvirk og blikkaði því gult ljós á þeim, þannig að ökumönnum bar að sýna sérstaka varúð og fara eftir almennum forgangsreglum umferðarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga ber ökumanni sem hyggst beygja á vegamótum að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. M bar því að tryggja áður en hann hóf vinstri beygju að unnt væri að ljúka henni án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Af gögnum málsins verður ráðið að þegar M hóf akstur inn á gatnamótin var B á leið vestur Hafnarfjarðarveg og varð árekstur milli bifreiðanna áður en A hafði lokið beygjunni. Verður því lagt til grundvallar að M hafi ekið í veg fyrir B.

Ágreiningur málsins lýtur einkum að því hvort ökumaður B hafi ekið á svo miklum hraða eða sýnt af sér slíka óaðgæslu að hann beri að hluta eða öllu leyti sök á árekstrinum. Nefndin hefur farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram, þar á meðal myndbandsupptöku úr mælaborðsmyndavél bifreiðarinnar C. Þótt upptakan gefi vísbendingar um að B hafi verið ekið nokkuð greiðlega verður ekki af henni einni, né öðrum gögnum málsins, dregin nægilega örugg ályktun um hver hraði hennar hafi verið. Engir hraðaútreikningar eða önnur hlutlæg gögn liggja þá fyrir sem staðfesta ökuhraða B.

Hins vegar verður að líta til þess að aðstæður á vettvangi voru óhagstæðar, enda myrkur, bleyta og óvirk umferðarljós. Við slíkar aðstæður bar ökumönnum að gæta sérstakrar varúðar og haga hraða eftir aðstæðum, sbr. 36. gr. umferðarlaga. Af myndbandsupptökunni verður ráðið að ökumaður B hafi ekki dregið úr hraða sínum að neinu marki fyrr en rétt fyrir áreksturinn, þrátt fyrir að ekið væri að stórum gatnamótum þar sem umferðarljós voru óvirk. Að mati nefndarinnar verður því talið að ökumaður B hafi ekki sýnt þá aðgæslu sem aðstæður kröfðust.

Þrátt fyrir það verður ekki fram hjá því litið að meginorsök árekstursins var sú að M hóf vinstri beygju yfir akstursstefnu B án þess að tryggt væri að hún gæti farið fram með öruggum hætti. Að virtu heildarmati á atvikum og gögnum málsins telur nefndin því rétt að leggja meginhluta sakar á M, en jafnframt að háttsemi ökumanns B við aðstæður á vettvangi réttlæti að hann beri hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 88/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Sönnun tjónsatburðar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. mars 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 26. maí 2025 hafi M hlotið líkamstjón við heimilisstörf. Hafi hún verið á heimili sínu að ganga frá og staðið uppi á stól við það verk. Hafi hún fallið niður af stólnum með þeim afleiðingum að hún lenti illa á hægri öxl. Þar sem M hafi átt bókað flug næsta dag hafi hún ekki leitað til læknis fyrr en 3. júní 2025, en þá leitaði hún á Læknavaktina. Við þá komu hafi ekkert verið skráð um umræddan atburð, en hinn 7. júlí, er M leitaði á ný til læknis, hafi verið skráð að M hafi fallið af stól og lent á hægri öxl. V hafi, með bréfi dags. 6. janúar 2026, hafnað bótaskyldu úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar M á grundvelli þess að M væri með sögu um langvarandi gigt. V liti þá svo á að þar sem ekki væri minnst á fallið í sjúkragögnum fyrr en mánuði síðar væri ósannað að einkenni M yrðu rakin til þess, enda lægju ekki fyrir samtímagögn sem staðfestu atvikið.

Í málskoti er byggt á því að það að slysið hafi ekki verið skráð í sjúkraskrá við fyrstu komu jafngildi því ekki að slys M hafi ekki átt sér stað. Skortur á slíkri skráningu geti átt sér eðlilegar skýringar, s.s. þær að læknir hafi ekki spurt sérstaklega um atvik, að misskilningur hafi orðið í samskiptum læknis og sjúklings eða að einkenni hafi verið væg í upphafi og sjúklingur geri sér ekki grein fyrir alvarleika þeirra. Verði þá að líta til þess að M leitaði aftur til læknis innan sex vikna frá atvikinu og hafi þá gefið nákvæma lýsingu á slysinu og komi sú lýsing fram í sjúkraskrá. M hafi síðar þurft að gangast undir aðgerð vegna áverka sinna og hafi bæklunarskurðlæknirinn X staðfest að lýsing M á atvikum komi heim og saman við áverka hennar. Sé því sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M reki til þess. Er á grundvelli framangreinds farið fram á úrskurð nefndarinnar um bótaskyldu úr frítímaslysatryggingu M hjá V.

Í bréfi V kemur fram að M hafi, við fyrstu komu til læknis, ekkert minnst á umrætt fall eða áverka á öxl. Það hafi fyrst verið 26. júní 2025, rúmum mánuði eftir meint atvik, sem M hafi borið því við hjá lækni að einkenni frá öxl hennar verði rakin til falls af stól. Læknisfræðileg gögn bendi ekki til þess að rifa í sin á öxl verði rakin til skyndilegs áverka. Hinn 9. júlí 2025 sé skráð í sjúkraskrá að líklega sé um „intratendinous rifu í supraspinatus“ að ræða, sem bendi til þess að rof á sininni hafi komið til vegna innri veikleika en ekki utanaðkomandi áverka. Þá segi í færslu í sjúkraskrá, dags. 1. ágúst 2025, að „supraspinatus“ vöðvinn sé tekinn að rýrna sem sé vísbending um að rifan sé margra mánaða gömul. Svo réttur úr slysatryggingu stofnist þurfi að vera um að ræða slys í skilningi vátryggingaréttar, þ.e. um þurfi að vera að ræða skyndilegan, óvæntan atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Sönnunarbyrði þess að slíkt slys hafi átt sér stað og að orsakasamband sé milli þess og áverka M hvíli á henni. Þá sönnunarbyrði hafi hún ekki axlað enda sé það ekki fyrr en um mánuði eftir umrætt atvik sem M hafi nefnt það við lækna og tengt einkenni sín við það. Læknisfræðileg gögn bendi þá til innri veikleika og langvarandi ástands fremur en skyndilegs áverka af völdum falls.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún hafi vissulega getið um umrætt atvik við fyrstu komu til læknis en þeim lækni hafi hins vegar láðst að skrá nokkuð um það í sjúkraskrá. Ekkert styðji þá við þá ályktun V að um margra mánaða gamla rifu á sin hafi verið að ræða þegar vöðvarýrnun kom til, enda geti vöðvarýrnun átt sér stað á skömmum tíma vegna verkja og skertrar hreyfigetu eftir slys og sé ekki vísbending um að skemmdin hafi verið til staðar fyrir slys M. Þá líti V fram hjá yfirlýsingum X um að áverkar M samræmdust frásögn hennar um slysið. Hljóti X að vera mun betur í stakk búinn til þess að leggja mat á þau tengsl en V.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að í sjúkraskrá M sé færsla frá 1. ágúst 2025, þar sem fram komi að skoðun sýni rýran vöðva sem bendi til þess að rifan sé líklega eldri en þriggja mánaða. Er því þá hafnað að tölvupóstsamskipti lögmanns M og X hafi nokkurt sönnunargildi. X hafi ekki staðfest það sem þar komi fram fyrir dómi og hafi lögmaður M þráspurt um þau atriði sem hún hafi viljað staðfestingu á. X hafi því að lokum veitt þær upplýsingar sem lögmaðurinn vildi fá fram.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M eigi rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V, þ.e. hvort sýnt sé fram á að hún hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi í skilningi vátryggingaréttar og að orsakatengsl séu milli þess atviks og líkamstjóns hennar. Sönnunarbyrði fyrir því að slíkt slys hafi átt sér stað og að orsakatengsl séu milli slyss og tjóns hvílir á vátryggðum, í þessu tilviki M.

Af gögnum málsins má ráða að M leitaði fyrst til læknis hinn 3. júní 2025, um viku eftir hið ætlaða slys. Í samskiptaseðli vegna þeirrar komu er hins vegar ekki getið um fall af stól eða áverka vegna slíks atviks, heldur kemur þar fram að M sé með gigt og um það bil tíu daga sögu um verk í hægri handlegg. Í samskiptaseðli vegna komu M á heilsugæslu hinn 26. júní 2025 kemur fram að M hafi fallið af stól og lent á hægri öxl. Verður að líta svo á að skortur á samtímaskráningu veiki sönnunargildi frásagnar M um atvik þess, þótt ekki verði fallist á að það eitt og sér útiloki að slysið hafi átt sér stað.

Þá liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem benda til þess að umræddur áverki á öxl M, þ.m.t. rifa í supraspinatus sin, kunni að vera tilkominn vegna innri veikleika eða langvinnra breytinga fremur en skyndilegs utanaðkomandi áverka. Í því sambandi verður sérstaklega að líta til rannsóknarniðurstöðu, dags. 1. ágúst 2025, en þar kemur fram að vöðvarýrnun bendi eindregið til þess að rifa í supraspinatus sin sé einhverra mánaða, líklega eldri en þriggja mánaða. Þegar M gekkst undir rannsóknina voru aðeins tveir mánuðir frá hinu umþrætta atviki. Framangreint dregur því úr líkum á því að orsakatengsl séu til staðar milli þess og þeirra einkenna sem M rekur til þess.

Samkvæmt sjúkraskrá hitti M bæklunarskurðlækninn X hinn 8. september 2025. Hann ráðlagði aðgerð og af málskoti má ráða að sú aðgerð hafi farið fram en engin frekari læknisfræðileg gögn liggja fyrir um hana. Meðal gagna málsins eru tölvupóstsamskipti lögmanns M við X. Í tölvupósti X, dags. 20. janúar 2026, kemur fram að frásögn M „passar alveg við áverkann sem var slitin sin... . Ég get hins vegar ekki staðfest það enda var ég ekki viðstaddur þetta óhapp.“ Í síðari tölvupósti X til lögmanns M segir „Svona sin getur trosnað í sundur hægt og rólega með tímanum en mjög oft gerist það við einhvern slink eða byltu. Mér finnst í þessu tilviki allt passa við að það hafi gerst við þessa tilteknu byltu.“ Verður ekki talið að í framangreindum samskiptum felist staðfesting þess að umræddur áverki á supraspinatus sin hljóti að hafa átt sér stað við byltu. Er við mat á því einnig litið til þess að engin gögn eða upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M, annað en það að hún þjáðist af gigt. Þá liggja engin frekari gögn fyrir um þá aðgerð sem X framkvæmdi né heildstætt vottorð hans um þá meðferð sem M fékk hjá honum. Verða framangreind samskipti því ekki talin þess eðlis að þau sýni nægilega fram á orsakatengsl.

Af framangreindu er það mat nefndarinnar að M hafi ekki sýnt nægilega fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið verði til slyss. Verður hún að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 89/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 18. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. júlí 2026.

Málsatvik.
Þann 15. febrúar 2025, um kl. 19:44, varð umferðarslys á Miðnesheiðarvegi í Reykjanesbæ, austan við gatnamót Sandgerðisvegar. M sem ók leigubifreiðinni A, með farþega, missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum og skemmdist mikið. Aksturskilyrði voru góð; myrkur en þurrt veður, heiðskírt, lítil umferð og þurrt, malbikað og fast yfirborð vegar. Engin lýsing var á vettvangi. M var flutt með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) og síðar á bráðamóttöku Landspítalans. . Þar var hún greind með brot í hryggjarlið og rifbeinum. Blóðsýni sem tekin voru úr M að kveldi slysdags sýndu m.a. að styrkur Zolpidem í blóði hennar var 460 ng/ml. V hefur hafnað því að M eigi bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A með þeim rökum að hún hafi verið algjörlega óhæf til að aka bifreið er slysið varð. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að M eigi fullan bótrétt. Því til stuðnings er bent á að það liggi fyrir að M hafi tekið lyfið Zolpidem um hádegi á slysdegi. Það hafi hún gert til þess að ná að sofa og hvílast þar sem óskað hafði verið eftir því að hún tæki kvöld og næturvakt þann sama dag. Því hafi verið eðlilegt að lyfið mældist í blóði M eftir slysið. M telur það hins vegar rangt sem fram komi í fyrirliggjandi matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði að lyfið eða virka efnið í því sé óheimilt á íslensku forráðasvæði og því hafi M verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið hafi verið tekið. Í þessu sambandi bendir M á að það liggi fyrir læknisvottorð þar sem fram komi að efnið Zolpidem sé á sérlyfjaskrá Lyfjastofnunar og að læknum sé heimilt að ávísa því sem lyfi og að sjúklingum sé heimilt að taka lyfið inn í samræmi við fyrirmæli læknis. M hafi verið ávísað lyfinu af lækni. Þá hafi M í það minnsta tvisvar verið gefið Morfin í verkjastillandi skömmtum eftir slysið. Í matsgerð Rannsóknarstofunnar komi fram að lyfin tvö, þ.e. Zolpidem og Morfin, séu að fullu samverkandi og auki því á slævandi áhrif hvors annars. Það sé því rétt sem fram komi í matsgerðinni að ökumaður sem sé með þessi tvö lyf í blóðinu geti ekki stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M ítrekar hins vegar að hún hafi fengið Morfínið eftir slysið og hafi því aðeins verið með Zolpidem í blóðinu þegar slysið varð. Hin fyrrnefnda, þ.e. samverkandi og aukin slævandi verkun lyfjanna, hafi því ekki verið til staðar á slysstundu. Þá bendir M á að áður en hún fékk Morfinið hafi hún verið vakandi og vel áttuð. Sú hafi bæði verið raunin þegar sjúkraflutningamenn komu á slysstað, sbr. minnisblað þeirra, og við komu á HSS. Þá liggi fyrir það mat lögreglu að á slysstað hafi fátt bent til þess að M hafi verið undir áhrifum. Það hafi því ekki verið fyrr en eftir að hún fékk Morfinið, þ.e. á bráðamóttöku Landspítalans, sem minnst sé á að M hafi ekki verið bráðveik en virkað fremur somnolent eða syfjuð. Fram að því tímamarki hafi M verið vel áttuð og vakandi. M telur framangreint benda til þess að hún hafi verið fullfær um að aka A í aðdraganda slyssins. Það hafi því ekki verið fyrr en eftir að M var gefið Morfin eftir slysið sem breyting hafi orðið þar á. Telur M að framangreind fullyrðing fái stoð í fyrirliggjandi læknisvottorði. Þá er einnig tekið fram að þéttni Zolpidem í blóði M eftir slysið hafi verið nokkuð há. Samkvæmt riti Schulz og félaga sé meðferðaleg þéttni allt að 200ng/m, og þéttni yfir 500 ng/m geti valdið sljóleika eða skertri meðvitund. Blóðþéttni hjá M hafi verið undir þeim mörkum þó vissulega hafi hún verið nálægt þeim. Telur M því ekki liggja fyrir að hún hafi verið ófær til að stjórna A, enda hafi þéttni lyfsins mælst undir þeim mörkum sem valdi sljóleika eða skertri meðvitund. Þá er einnig bent á að M hafi upplýst að á þeim stað þar sem A hafi farið út af veginum hafi jaðar vegarins verið slitinn og varasamur. Þegar bifreiðinni hafi verið ekið yfir

þann vegarkafla hafi M misst stjórn á A með fyrrgreindum afleiðingum. Með vísan í framangreint krefst M þess að viðurkenndur verði fullur bótaréttur hennar úr tryggingunni.

Í athugasemdum kemur fram að V telur að M hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar sem leitt hafi til slyssins. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, megi lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við mat á stórkostlegu gáleysi skuli líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt, og atvika að öðru leyti. V telur liggja fyrir að M hafi ekið bifreið á Miðnesheiðarvegi og að þrátt fyrir að akstursskilyrði hafi verið góð, þ.e. þurrt veður, heiðskírt og þurrt malbik, hafi hún misst stjórn á bifreiðinni sem hafi farið út af veginum. Hafi bifreiðin sem hafi eyðilagst endað 108,2 metra frá þeim stað þar sem hún fór út af veginum. Vélin hafi rifnað úr henni. Telur V að sérstaklega beri að líta til þess að M hafi verið undir miklum áhrifum svefnlyfsins Zolpidem þegar slysið varð, en blóðsýni hafi sýnt styrk sem var fjórum til sex sinnum hærri en lækningalegur styrkur. Byggir V á því að slíkur styrkur Zolpidem í blóði geri ökumann algjörlega óhæfan til aksturs og teljist því til stórkostlegs gáleysis og brots á varúðarreglum. Samkvæmt a. lið 13. gr. skilmála ökutækjatryggingar hjá V skuli ökumaður „vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja“. Háttsemi M hafi því falið í sér brot á umræddri varúðarreglu. Þá telur V að dómaframkvæmd Landsréttar styðji framangreinda túlkun. Í máli nr. 183/2019 hafi bótaskyldu verið hafnað á grundvelli stórkostlegs gáleysis vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna, en þar hafi ólögleg fíkniefni mælst í þvagi ökumanns. Í máli nr. 349/2020 hafi bótaskyldu verið hafnað á grundvelli stórkostlegs gáleysis vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna og áfengis. Hafi niðurstöður blóðsýna í máli M sýnt fram á að hún hafi verið undir áhrifum svefnlyfja langt umfram lækningalegan styrk. Þetta, ásamt sljóleika hennar á vettvangi og þeirri staðreynd að hún hafi misst stjórn á bifreiðinni án annarra augljósra ástæðna, sé ótvíræð sönnun fyrir stórkostlegu gáleysi. Fullyrðingar í málskoti um að eitthvað hafi verið að veginum þar sem M ók út af séu algjörlega ósannaðar. Þá sé matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 10. mars 2025, afdráttarlaus um að M hafi á slysstundu verið óhæf til að stjórna ökutæki örugglega þegar blóðsýni var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt öllu framangreindu telur V ljóst að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn sem hafi leitt til slyssins. Því beri að staðfesta höfnun V á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M er sú skoðun ítrekuð að M hafi verið fullfær um að stjórna A í umrætt sinn og að matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands breyti því ekki, enda sé hún ómarktæk um ástand og ökuhæfi M, eins nánar hafi verið gerð grein fyrir í málskoti. Þá hafi M tekið lyfið Zolpidem að læknisráði og í ráðlögðum skömmtum. M hafi tekið lyfið um nokkurt skeið og ávallt samkvæmt fyrirmælum læknis. Hún hafi því byggt upp þol gegn lyfinu auk þess sem líklegt sé að lyfið hafi ekki brotnað að fullu niður í líkama hennar vegna fyrri inntöku þess, án þess að það hafi haft áhrif á hæfi hennar til að stjórna ökutæki örugglega. Lyfið Zolpidem sem mældist í blóði M hafi því ekki gert hana óhæfa til aksturs, um 8 klst. eftir að hún hafði tekið lyfið inn og sofið í um 6-7 klst. áður en hún síðan hóf akstur, þá útsofin og úthvíld. Þá taki ályktanir í matsgerðum Rannsóknarstofu HÍ um óhæfi M til aksturs í engu mið af þeirri staðreynd að eftir slysið hafi M a.m.k. í tvígang verið gefið Morfín en þá hafi áhrifa Zolpidem fyrir löngu verið hætt að gæta hjá henni. Í 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé vísað til 1. mgr. 50. gr. sbr. 6. mgr. 48. gr. um vanhæfismörk lyfja sem greinast í blóði ökumanns og teljist hann þá óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Ekki sé í reglugerð, sem ráðherra er heimilt að setja skv. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 77/2019, getið um vanhæfismörk lyfsins Zolpidem, og reyndar ekki heldur lyfsins Morfíns. Niðurstöður matsgerða Rannsóknarstofu HÍ séu því byggðar á skoðun eða mati án fullnægjandi gagna og hafi enga laga- eða reglugerðarstoð. Þá hafi lögreglumenn á slysstað talið að fátt benti til þess að M hafi verið undir áhrifum lyfja, sbr. lögregluskýrslu dags. 16. febrúar 2025. Sjúkraflutningamenn sögðu hana vakandi og vel áttaða eftir háorku bílveltu, sbr. sjúkraflutningablað dags. 15. febrúar 2025. Við komu á Heilbrigðsstofnun Suðurnesja var M sögð vakandi og vel áttuð, sbr. samskiptaseðill dags. 15. febrúar 2025. M hafi síðar verið gefnir tveir skammtar af Morfíni, annar eftir komu á HSS og hinn í sjúkrabíl á leið á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Þegar M hafi komið á bráðamóttöku Landspítalans segi í sjúkraskrá: *„Ekki bráðveik en virkar fremur somnolent.“* Með vísan í framangreint hafnar M því að hún hafi verið óhæf til að stjórna ökutæki örugglega í umrætt sinn. Þá hafi engin skýrsla verið tekin af M hjá lögreglu vegna slyssins og hún hafi haldið ökuréttindum sínum óskertum þrátt fyrir slysið. M hafi því ekki áður fengið tækifæri til þess að

lýsa aðstæðum á slysstað, hvernig A lenti í lausamöl og skorningi í malarkanti við veginn og endaði síðan utan vegar. Til viðbótar vísar M í dóm Landsréttar í máli nr. 785/2025, þar sem m.a. sé staðfest að matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands dugi ekki ein og sér gegn neitun ökumanns um að hann teljist óhæfur til aksturs vegna áhrifa slævandi lyfja. Telur M að í hennar máli séu gild rök fyrir því að matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja og eiturefnafræði Háskóla Íslands byggi á röngum forsendum, þar sem M hafi verið gefið Morfín eftir að akstri lauk, nokkuð sem hafi haft slævandi áhrif. Þá séu hvorki Zolpidem né Morfín ávana- eða fíkniefni, eins og haldið sé fram í matsgerðinni, heldur lyfseðilsskyld lyf sem leyfð séu á íslensku forráðasvæði. M hafi tekið lyfin skv. læknisráði og þau séu að fullu samverkandi og auki þannig á slævandi áhrif hvors annars skv. matsgerðinni. Eins og áður hafi komi fram liggi einnig fyrir mat lögreglu, sjúkraflutningamanna og lækna á HSS um að M hafi verið vakandi og vel áttuð eftir slysið, þrátt fyrir háorkuáverka og hvergi sé minnst á syfju fyrr enn M var komin á bráðadeild Landspítalans.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar V fyrri afstöðu sína um að hafna beri bótaskyldu úr tryggingu A vegna slyssins. Í ljósi málatilbúnaðar M vilji V þó taka eftirfarandi fram varðandi þær sönnunarkröfur sem eigi við og um sönnunargildi þeirra gagna sem liggi fyrir í málinu. Þannig byggi M stóran hluta málatilbúnaðar síns á tilvísun til dóms Landsréttar í máli nr. 785/2025 og haldi því fram að þar sé „staðfest“ að matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands dugi ekki ein og sér gegn neitun ökumanns. Telur V að hér líti M fram hjá þeim grundvallarmun sem sé á sönnunarkröfum sakamálaréttarfars annars vegar og einkamálaréttarfars, þar á meðal ágreiningsmálum fyrir úrskurðarnefndum um bótarétt úr vátryggingum, hins vegar. Í hinum tilvitnaða dómi Landsréttar hafi beinlínis verið byggt á 1. og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en samkvæmt þeirri grein verður ákærði því aðeins sakfelldur að sönnun um sekt hans teljist hafin yfir skynsamlegan vafa. Þetta sé ein strangasta sönnunarregla sem íslenskur réttur þekki og eigi rætur að rekja til þeirra ríku hagsmuna sem einstaklingur hefur af því að sæta ekki refsingu, þar á meðal frelsissviptingu, nema fyllsta sönnun liggi fyrir um sekt hans. Sönnunarkröfur í einkamálaréttarfari, þar á meðal í málum um bótarétt úr vátryggingum, séu annars eðlis. Þar gildi almennt frjálst sönnunarmat og mat á því hvort leiddar hafi verið meiri líkur en minni að tilteknum málsatvikum. Sama sjónarmið eigi við um úrlausn ágreiningsmála fyrir úrskurðarnefndum á borð við úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Af þessu leiði að niðurstaða Landsréttar í framangreindu sakamáli, sem hafi verið reist á hinni ströngu sönnunarreglu sakamálaréttarfars, hafi takmarkað vægi við úrlausn máls M og verði því ekki lögð að jöfnu við það sönnunarmat sem hér beri að framkvæma. Þá byggi V á því, óháð framangreindu, að matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands sé sterkt og hlutlægt sönnunargagn um að M hafi verið undir slævandi áhrifum Zolpidems í því mæli að hún hafi ekki verið hæf til að stjórna ökutæki örugglega í umrætt sinn. Samkvæmt matsgerðinni hafi magn Zolpidems í blóði M mælst um fjórfalt það magn sem almennt mælist eftir töku lyfsins í ráðlögðum lækningaskömmtum. Zolpidem sé hraðvirkt svefnlyf sem verki slævandi á miðtaugakerfi og geti haft áhrif á árvekni, viðbragðstíma og samhæfingu hreyfinga, sem allt séu þættir sem skipti máli við mat á akstursháfi. Þá telur V að aðstæður í máli M séu jafnframt verulega frábrugðnar þeim sem hafi legið til grundvallar framangreindum dómi Landsréttar. Þar hafi verið fjallað um annað lyf og aðra lyfjanotkun og fyrir hafi legið klínískt hæfnispróf læknis sem hafi haft þýðingu fyrir sönnunarmatið í því máli. Í máli M liggi ekkert sambærilegt fyrir. Ekkert klínískt hæfnismat hafi verið framkvæmt sem hnekkt gæti niðurstöðu matsgerðarinnar og staðhæfingar M um þol gagnvart lyfinu séu ekki studdar læknisfræðilegum gögnum eða öðrum hlutlægum gögnum. Þá mótmælir V því sérstaklega að mat lögreglu og sjúkraflutningamanna um að M hafi verið vakandi og vel áttuð hafi sambærilegt sönnunargildi og hlutlæg mæling á styrk lyfsins í blóði. Slíkt mat lögreglu lúti einkum að almennu meðvitundarástandi en ekki að sértækri athugun á þeim þáttum sem varða hæfni til aksturs, svo sem viðbragðstíma, dómgreind og samhæfingu hreyfinga. Þá sé þess að geta að í sjúkraskrá Landspítala sé M sögð virka fremur somnolent, sem samrýmist niðurstöðu matsgerðarinnar um verulega hækkað magn slævandi lyfs í blóði hennar. Þá haldi M því fram að hún hafi byggt upp þol gegn lyfinu vegna langvarandi notkunar og að lyfið kunni að hafa verið ófullkomlega brotið niður frá fyrri inntöku. Engin læknisfræðileg gögn hafi hins vegar verið lögð fram sem staðfesti þessar staðhæfingar eða sýni fram á að M hafi, þrátt fyrir mælt magn Zolpidems í blóði, verið hæf til aksturs þegar slysið varð. Þá beri að líta til þess að Zolpidem sé ætlað til skammtímanotkunar fyrir svefn og að verkun þess og hættueiginleikar séu af öðrum toga en þeirra lyfja sem tekin eru að staðaldri vegna langvinnra verkja. Dómaframkvæmd um síðarnefndan lyfjaflokk verði því ekki heimfærð gagnrýnislaust yfir á Zolpidem, enda liggi hvorki fyrir í máli þessu sambærileg lyfjasaga né klínískt mat sem styðji fullyrðingar M um óskert akstursháfi.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Í 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis eða neyslu deyfandi lyfja, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Sambærilegt ákvæði er að finna í varúðarreglu í skilmálum tryggingar A, þ.e. að ökumaður skuli „*vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja*

Í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að vátryggingafélag geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Í 2. mgr. 27. gr. sömu laga kemur m.a. fram að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Í málinu liggur fyrir matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði þar sem m.a. kemur fram að magn Zolpidem í blóði M hafi mælst 460 ng/ml sem sé hærra en búast megi við eftir töku á hæstu lækningarlegum skömmtum við svefnleysi. Þá segir þar einnig að það lyf hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og geti skert hæfni til aksturs í nokkra klukkustundir eftir töku ráðlagðra svefnskammta. Þegar það er haft í huga að gögn málsins benda til þess að M hafi fengið Morfin frá heilbrigðisstarfsmönnum eftir slysið, getur nefndin tekið undir það með M að það dragi nokkuð úr sönnunargildi framangreindar matsgerðar. Þessu veldur að í matsgerðinni virðist niðurstaðan m.a. studd þeim rökum að Zolpidem og Morfin séu að fullu samverkandi og auki því á slævandi áhrif hvors annars. Því sé fullvíst að M hafi ekki getað stjórnað A örugglega. Þrátt fyrir framangreint telur nefndin að matsgerðin beri það með sér að niðurstaðan verði sú sama þó einungis sé horft til þess magns Zolpidem sem mældist í blóði M, sem var að hennar sögn meira en 8 klst. eftir inntöku þess. Hér bendir nefndin sérstaklega á það sem að framan greinir um að framangreint magn sé hærra en búast megi við eftir töku á hæstu lækningarlegum skömmtum við svefnleysi og að lyfið hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og geti skert hæfni til aksturs í nokkra klukkustundir eftir töku ráðlagðra svefnskammta

Verður af framansögðu að telja nægilega sannað að M hafi ekki verið fær um örugga stjórn A umrætt sinn vegna áhrifa af svefnlyfi nokkuð sem hafi leitt til umtalsverðrar hættu á tjóni. Er það því mat nefndarinnar að sýnt sé fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og eigi því ekki fullan bótarétt úr tryggingunni hjá V. Hins vegar telur nefndin að þegar horft er til þess að í málinu liggur m.a. fyrir mat lögreglu og sjúkraflutningamanna um að M hafi verið vakandi og vel áttuð eftir slysið, séu ekki forsendur til þess að svipta M bótarétti að fullu. Með hliðsjón af háttsemi M, hvernig slysið bar að og atvikum að öðru leyti, er það því mat nefndarinnar að hæfileg skerðing bóta sé 50%.

Niðurstaða.

Heimilt er að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V um 50%.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 90/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 28. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum slasaðist M 9. nóvember 2024 þegar hún datt um kant í bílastæðahúsi X, lenti illa og margbrotnaði á ökkla. Með bréfi, dags. 25. febrúar 2025, gerði M kröfu um að tjón hennar yrði bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi, dags. 17. febrúar 2025, hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar. Slysið yrði ekki rakið til vanbúnaðar eða augljósrar slysahættu heldur til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis M. Við þessa niðurstöðu fellir M sig ekki.

Í málskoti er byggt á því að slysið megi rekja til hættulegra og óforsvaranlegra aðstæðna á bifreiðarstæði X. Í fyrsta lagi hafi aðstæður á bílastæði X verið hættulegar þeim sem áttu þar leið um. Samkvæmt fyrirliggjandi myndum sýni aðstæður á slysstað að um hafi verið að ræða 14 cm hæðarmismun kantsins og yfirborðs annarra bifreiðastæða. Þá sé umræddur kantur staðsettur á eðlilegri gönguleið viðskiptavina um bílastæðahúsið þegar komið er niður tröppurnar frá inngangi byggingarinnar. Eftir slysið hafi verið fyllt upp í kantinn svo bílastæðið sé í samfellu við hliðstætt bílastæði. Úrbætur hafi því verið gerðar eftir slys M. Auk þess vísar M til þess að engar viðvaranir eða merkingar hafi verið við kantinn á slysdegi. M vísar til 1. mgr. 12.10.1 gr. og 2. gr. og 3. mgr. gr. 6.2.2 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 199.2 og 199.3 gr. eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Ekki sé þó hægt að gera þá kröfu til X að hann lagi húsnæði sitt að nýjum kröfum í byggingarreglugerð á hverjum tíma en líta verði til skyldu X til að tryggja örugga aðkomu og forða slysahættu í fasteignum þar sem veitt er þjónusta, en í umræddu húsnæðis X sé rekin gríðarstór þjónustustarfsemi. Þá bendir M á að slysið hafi átt sér stað við bílastæði fyrir hreyfihamlaða en um frágang þeirra gildi 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Þar segi m.a. að hindrunarlaus leið skuli vera frá bílastæðum hreyfihamlaða að aðalinngangi bygginga. Mælst sé til þess að bílastæði séu upphækkuð í gangstéttarhæð og tengd gönguleiðum þar sem því verður við komið. Kanturinn skuli ekki vera hærri en 25 mm til þess að auðvelda aðgengi. Samkvæmt fyrirliggjandi myndum sem teknar hafi verið á slysstað hafi kanturinn verið umtalsvert hærri á slysdag. X hafi því brotið gegn ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Þá bendir M á að auknar skyldur séu lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna, þar sem rekin sé starfsemi sem laðar að neytendur eða veitir þjónustu, um að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. M vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 419/2007 og 635/2006 og dóms Landsréttar í máli nr. 11/2019. Auðvelt hefði verið fyrir X að vara við eða bæta úr aðstæðum á slysstað til að tryggja öryggi almennings, líkt og gert var í kjölfar slyss M með því að fylla upp í hæðarmismuninn. Með hliðsjón af framangreindu telur M slys vera bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X.

Í athugasemdum V var vísað til þess sem fram kemur í höfnunarbréf V. Í því er byggt á að slys M verið alfarið rakið til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis M og bótaskylda sé af þeim sökum ekki til staðar úr ábyrgðartryggingu X. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu X og að orsakasamband sé á milli háttseminnar og tjónsins. Af hálfu X sé því hafnað að aðstæður á umræddu bílastæði hafi ekki uppfyllt kröfur samkvæmt þágildandi og núgildandi byggingarreglugerðum. Að mati V hafi ekki verið sýnt fram á að aðstæður á vettvangi hafi verið í andstöðu við þær reglur sem vísað hefur verið til. Ekki sé að sjá að nein slysahætta hafi verið til staðar á slysdegi og því hafnað að þær úrbætur sem hafi verið gripið til í kjölfar slyssins feli í sér viðurkenningu á bótaskyldu atviki. Þá hafnar V þeirri fullyrðingu sem fram komi í beiðni um afstöðu að skv. gr. 6.2.4 í byggingarreglugerð hafi umræddur kantur ekki mátt vera hærri heldur en 25 mm. Bent er á að í ákvæðinu, eins það var í gildi á slysdegi segi að þar sem því verður við komið skuli stæðum fyrir hreyfihamlaða komið fyrir á svæðum sem eru upphækkuð í gangstéttarhæð og tengd gangstéttum, líkt

og raun ber vitni á slysdegi. V fellst ekki á að um vanbúnað eða augljósa slysahættu hafi verið að ræða né heldur að tilvitnuð ákvæði byggingarreglugerðar eða dómar um ríka ábyrgð fasteignareigenda í verslunarhúsnæði hafi þýðingu í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á bílastæði við húsnæði X hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á að ósannað sé að eitthvað athugavert hafi verið við aðstæður á slysstað. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Þær bótareglur byggja m.a. á því að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki ágreiningur milli aðila um það hvernig slys M bar að, þ.e. að M hafi gengið fram af kanti í bílastæðahúsi X, lent illa og margbrotnað á ökkla. Hins vegar er í gögnum málsins ekki að finna neina frekari lýsingu á atvikum máls og þá varpa þær myndir sem lagðar hafa verið fram í málinu ekki frekara ljósi á málsatvik. Myndirnar eru óskýrar og þá er ekki útskýrt í málskoti hvað myndirnar eiga að upplýsa, t.d. liggur ekki fyrir hvar nákvæmlega slysið varð né á hvaða leið M var þegar hún datt, hvort hún hafi verið á leið í bílinn sem lagt var í stæði fyrir hreyfihamlaða.

Með hliðsjón af framangreindu hefur M að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar. V hefur í málinu byggt á því að aðstæður á umræddu bílastæði uppfylli þær kröfur sem bæði eru gerðar í þágildandi og núgildandi byggingarreglugerð. M hefur ekki tekist að sýna fram á hið gagnstæða í málinu.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að slys hennar verið rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Því telst bótaskylda ekki vera til staðar úr ábyrgðatryggingu X hjá V vegna slyss sem M varð fyrir þann 9. nóvember 2024.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 91/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið vátryggingar. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 12. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. mars 2026.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 25. október 2025 hafi bifreið A sem er í eigu M, verið ekið á höggdeyfi á Vesturlandsvegi. Í málskoti er tekið fram að ágreiningur málsins lúti að umfangi tjóns af völdum þess atburðar. Bendir M á að eftir atburðinn hafi A verið flutt til viðgerðar á verkstæði X á vegum V. Við afhendingu eftir viðgerð hafi A ekki verið í ökuhæfu ástandi, þar sem hún hafi ekki náð eðlilegum akstursshraða og reynst óökufær að fullu. V hafi hafnað að greiða frekari viðgerðarkostnað með þeim rökum að bilunin væri ekki rakin til framangreinds atviks. Segist M hafa mótmælt þeirri niðurstöðu og farið fram á að sú ákvörðun yrði endurskoðuð, enda sé það krafa sín að A verði sett í það ástand sem hún hafi verið í fyrir tjónið 25. október 2025. Til viðbótar bendir M á að A hafi verið á verkstæði í nær fjóra mánuði án þess að M hafi haft afnot af henni. Telji hann hina umdeildu bilun beina afleiðingu umrædds tjóns og því bótaskylda úr kaskótryggingu A hjá V.

Í athugasemdum V kemur fram að M hafi 9. febrúar 2026 haft samband vegna þess að A var erfið í akstri eftir áaksturinn. Hafi hún hökt og ekki keyrt hraðar en 40 km/klst. Hafi M talið þá bilun vera hluta af upphaflega tjóninu. Í kjölfarið hafi V óskaði eftir því að M færi með A í bilanagreiningu hjá X. Hafi V fengið þá niðurstöðu þaðan 16. febrúar 2026 að skipta þyrfti um olíudælu á vélinni. Jafnframt kom fram að X sá ekki ummerki um tjón í kringum dæluna og taldi ekkert benda til þess að tjónið 25. október 2025 hefði valdið biluninni. Síðan bendir V á að í gildandi skilmála fyrir kaskótryggingu ökutækis segi í 2. gr. að „Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika með þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálum þessum.“ Í a.lið 3. gr. sé að finna undanþágu en þar kemur fram að vátryggingin bætir ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess, hvort sem hana er að rekja til vélfræðilegra eða rafmagnsfræðilegra orsaka eða efnahvarfa. Þá segi að vátryggingin taki þó til bilana, sem sannanlega verða raktar til m.a. áaksturs, enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá þeim atburði. Telur V ljóst af bilanagreiningunni að tjónið á olíudælunni sé ekki hluti af tjóninu heldur sé um að ræða bilun sem falli ekki undir gildissvið kaskótryggingarinnar. Því telur V að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu A.

Í viðbótarathugasemdum M er á því byggt að V hafi ekki sýnt fram á það með nægjanlega skýrum hætti að bilun í olíudælunni sé ótengd tjónsatburðinum 25. október 2025. Það sé V að sýna fram á framangreint. Þá bendir M m.a. á að í skoðunarskýrslu X komi fram að ekki hafi sést sýnileg ummerki um tjón í kringum olíudæluna. Slík athugasemd útiloki að mati M ekki að innri vélræn bilun geti orðið vegna höggs eða álags sem myndast við árekstur. Skortur á sýnilegum ytri ummerkjum jafngildi ekki sönnun þess að orsakatengsl séu ekki til staðar.

Álit.

Það hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns og að það megi rekja til bótaskylds tjónsatburðar. Eins og mál þetta liggur fyrir telur nefndin nægjanlega sýnt fram á að tjón það á olíudælunni sem um er deilt í málinu verði ekki rakið til þess að A var ekið á höggdeyfi 25. október 2025, heldur sé þar um að ræða bilun sem fellur utan gildissviðs kaskótryggingarinnar hjá V. Í þessu sambandi bendir nefndin einnig á að nokkur tími leið frá atvikinu það til hið umdeilda tjón kom fram. M hefur því ekki tekist að sýna fram á að umfang bótaskylds tjóns sé meira en það sem V hefur þegar fallist á að bæta. Eins og málum er hér háttað verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki frekari rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V en V hefur þegar fallist á að greiða.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 93/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 19. október 2024, verið stödd á árshátíð Y þegar hún hafi verið kölluð upp á svið í veislusalnum. X hafði séð um að setja upp sviðið og tröppur upp að því en þær voru staðsettar á hlið sviðsins. Þegar M var á leið niður af sviðinu skrikaði henni fótur og hún datt fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón. Í tjónstilkynningu M til V2, þangað sem hún sótti bætur úr frítímaslysatryggingu, er atvikum nánar lýst þannig að er hún var á leiðinni niður stigann baksviðs hafi buxurnar hennar flækst undir skónum með þeim afleiðingum að hún datt fram fyrir sig. Þar sem ekkert handrið hafi verið á tröppunum hafi hún ekki haft neitt til að grípa í.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar þar sem orsök þess sé að rekja til vanbúnaðar á sviðinu en nánar tiltekið hafi ekkert handrið verið við umræddar tröppur til að tryggja öryggi gesta og verja þá gegn falli. Því til stuðnings er vísað til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 ásamt síðari breytingum en þar komi fram að handrið skuli vera á öllum stigum, tröppum, pöllum, skábrautum og annars staðar þar sem hætta sé á falli. Af ljósmyndum af umræddum tröppum megi glögglega sjá að sitt hvorum megin við þær séu hólkar sem ætlaðir séu til þess að koma handriði fyrir. Hefði handrið verið til staðar hefði M getað gripið í það og með því komið í veg fyrir fallið. Hafi starfsfólk X sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að setja sviðið og tröppur þess upp með fyrrgreindum hætti og hafi aðgæsluskylda þess verið sérlega rík með hliðsjón af því að um stóra árshátíð, með tilheyrandi notkun á sviðinu, var að ræða.

Með bréfi dags. 4. desember 2025, hafi V hafnað því að bótaskylda væri til staðar. Hafi V m.a. byggt höfnun sína á því að það sé almenn venja að hafa ekki handrið á tröppum séu þær lægri en 90 sentimetrar. V hafi engar sönnur fært fyrir tilvist slíkrar venju og jafnvel þó venja standi til einhvers komi það ekki í veg fyrir að skaðabótaskylda skapist á grundvelli brots á skráðum hátternisreglum. V hafi einnig byggt á því að tröppurnar væru af tiltekinni gerð sem ekki væri hægt að festa handrið við væru þær í þeirri hæð sem raunin var umrætt kvöld, þ.e. ekki væri hægt að setja handrið á tröppur sem væru undir 60 sentimetrum. Af þeim ljósmyndum sem M leggi fram megi hins vegar sjá að hæð sviðsins var 60,5 sentimetrar og í leiðbeiningum komi skýrt fram að unnt sé að setja handrið við svið sem sé á bilinu 60 til 100 sentimetrar að hæð. Hafi því verið um vanbúnað að ræða, auk þess sem val X á tröppum eigi ekki að leiða til þess að M eigi ekki rétt til bóta, enda hafi það að setja ekki upp handrið falið í sér saknæma vanrækslu. Telji M því skýrt að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að tjón M megi rekja til óhappatilviks eða aðgæsluleysis hennar sjálfrar, en af gögnum sé ljóst að hún hafi verið undir áfengisáhrifum, en ekki atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi hallinn á stiganum ekki verið mikill, eða um 27,5° og hæð hans hafi heldur ekki verið mikil. Samkvæmt X sé það þá almenn venja að setja ekki handrið á slíka stiga sé sviðið sem þeir liggja að lægra en 90 sentimetrar á hæð. Sviðið sem um ræddi á slysdegi hafi verið 60 sentimetra hátt og samkvæmt framleiðanda trappanna sé ekki hægt að setja handrið við tröppur þegar hæð sviðs er undir 60 sentimetrum. Það hvíli á M að sýna fram á að slys hennar megi rekja til skaðabótaskyldra athafna eða athafnaleysis af hálfu X og að mati V hafi slík sönnun ekki tekist.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Í 6.5. kafla byggingarreglugerðar, þar sem fjallað er um handrið og handlista segir að handrið skuli vera á öllum svölum bygginga, stigum, tröppum, pöllum, skábrautum og annars staðar þar sem hætta er á falli. Kemur þá skýrt fram í 3. mgr. gr. 6.5.1 að að meginstefnu til skuli handrið vera báðum megin á öllum stigum/tröppum og skábrautum. Hins vegar verður að taka til skoðunar hvort umræddur útbúnaður, þ.e. færanlegt svið með færanlegum tröppum falli undir gildissvið reglugerðarinnar. Í gildissviðsákvæði 1.1.2. gr. hennar kemur fram að byggingarreglugerðin gildi um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan. Þá kemur fram að hún gildi um alla þætti mannvirkja. Hins vegar þarf að taka til skoðunar hvort umræddur útbúnaður sem tímabundið var settur upp í veislusal geti talist vera mannvirki eða þáttur mannvirkis í skilningi reglugerðarinnar. Í lögum um mannvirki nr. 160/2010 er, í 13. tl. 3. gr., hugtakið mannvirki skilgreint svo*: Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.* Verður af framangreindu að telja ósannað að svið sem tímabundið er sett upp vegna skemmtunar og tröppur sem að því liggja falli undir byggingarreglugerð með þeim hætti að fyrrgreindur áskilnaður hennar um handrið við tröppur eigi við.

Verður þá að taka til skoðunar hvort önnur rök leiði til þess að umræddur útbúnaður hafi verið óforsvaranlegur eða haft í för með sér augljósa slysahættu.

Fyrir nefndinni liggur myndband af títtnefndum tröppum og manni að ganga niður þær. Af því má greina að fjögur þrep eru í tröppunum og ekki verður annað séð en að halli á tröppunum sé lítill, enda má ráða af gögnum málsins að þær hafi verið 60 sentimetrar á hæð. Verður þá ekki ráðið af myndbandinu eða málsgögnum að þrepin hafi verið hál eða með óeðlilega lítið viðnám.

Er það af framansögðu mat nefndarinnar að ekki hafi verið um augljósa slysahættu að ræða eða að tröppurnar hafi verið óforsvaranlegar að gerð þannig að sérstök hætta hafi verið á falli. Er að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til annars en óhappatilviks. Eru því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 94/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 12. maí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. júní 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M flutti vátryggingar sínar frá X til V á árinu 2022. Vill M meina að því hafi m.a. verið lofað í tengslum við þann flutning að M myndi halda öllum sömu réttindum til bóta úr líf- og sjúkdómatryggingu og hún hafi áður haft hjá X, en M hafi verið óvinnufær að hluta frá 1. september 2021. Þegar svo M hafi orðið óvinnufær með öllu árið 2025 hafi hún sótt um bætur og iðgjaldafrelsi úr líf- og sjúkdómatryggingunni hjá V sem hafi hafnað umsókninni. Þetta getur M ekki sætt sig við. Rök M eru þau að í fyrsta lagi hafi hún verið sannfærð um að færa viðskiptin frá X til V á röngum forsendum og með blekkingum. Í öðru lagi þá hafi M verið óvinnufær að hluta fyrir tilfærslu tryggginganna til V vegna annarra veikinda en þeirra sem nú sé um að ræða. M telur því sannað að hún hafi ekki verið með þau veikindi sem málið snúist um fyrir gildistöku tryggingarinnar hjá V og því hafi ekki verið óhjákvæmilegt af hálfu V að hafna bótaskyldu eða iðgjaldafrelsi. Færir M ítarleg rök framangreindu til stuðnings.

Í athugasemdum V er því hafnað að M eigi bótarétt úr umræddri tryggingu. Tekur V fram að M hafi sent inn tilkynningu 14. apríl 2025 vegna veikinda, þar sem hafi komið fram að M væri með ME taugasjúkdóm (Myalgic Encephalomyelitis), Menorrhagiu sem leiddi til aðgerðar og POTS (Postural Orthostatic Tachycardia Syndrome) en hún hafði greinst með framangreint á árinu 2024 og 2025 og gengist undir aðgerðina 2024. Með bréfi, dags. 19. nóvember 2025, hafi V hafnað bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu vegna umræddra veikinda. Þá hafi skilyrði iðgjaldafrelsis í umræddri tryggingu ekki verið talin uppfyllt. Bendir V á að M hafi verið með sjúkdómatryggingu í gildi hjá V frá 30. júní 2022. Hafi M fært tryggingar sínar frá tryggingafélaginu X yfir til V í júní 2022, þar á meðal líf- og sjúkdómatryggingu. V hafnar þeim ásökunum M sem komi fram í málskoti að hún hafi verið sannfærð um að færa viðskiptin yfir til V á röngum forsendum og með blekkingum. Telur V að M hafi ekki sýnt fram á að ráðgjöf frá starfsmanni V hafi verið óvönduð eða villandi. Það hafi verið ákvörðun M að taka tryggingu hjá V og skrifa undir uppsögn á tryggingum til X. Í skilmálum sjúkdómatryggingarinnar segi í 2. gr. að tryggingin greiði bætur, ef vátryggður greinist á gildistíma tryggingarinnar með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða verður fyrir einhverju því tilfelli, sem vátryggingin tekur til og tilgreind eru í skilmálunum. Bætur greiðast því ekki úr vátryggingunni vegna annarra sjúkdóma, aðgerða eða tilvika en tilgreind séu í 3. - 7. gr. skilmálanna. Niðurstaða V, eftir að hafa farið yfir umrædda skilmála sjúkdómatryggingar, hafi orðið sú að þær greiningar og aðgerð sem M gekkst undir skv. tilkynningu hennar, dags. 14. apríl 2025, séu ekki bótaskyldar samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, þar sem þau tilvik séu ekki tilgreind í skilmálunum. Þá hafi V einnig komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði fyrir iðgjaldafrelsi væru ekki uppfyllt þar sem M hafi ekki verið starfandi frá árinu 2021. Í 20. gr. skilmála umræddrar sjúkdómatryggingar, sé fjallað um iðgjaldafrelsi en þar segi m.a. að missi vátryggður að minnsta kosti helming starfsorku sinnar á gildistíma vátryggingarinnar, vegna slyss eða sjúkdóms, öðlist hann rétt til lækkunar iðgjalda. Samkvæmt þessari grein sé það því skilyrði að starfsorkumissir verði á gildistíma tryggingarinnar. Í 21. gr. sömu skilmála sé síðan kveðið á um undanþágur frá iðgjaldafrelsi en þar segi eftirfarandi: *„Vátryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan skerðist beint eða óbeint af völdum sjúkdóms sem var fyrir hendi eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku vátryggingarinnar né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku vátryggingarinnar.“* Í gögnum málsins komi fram að M hafi orðið óvinnufær seinni part árs 2021 vegna þunglyndis, kvíða og stoðkerfiseinkenna og hafi vegna þessa farið í endurhæfingu hjá VIRK. M hafi því verið óvinnufær þegar hún tók umrædda sjúkdómatryggingu hjá V í júní 2022. M

hafi síðan greinst með framangreinda sjúkdóma, þ.e. ME taugasjúkdóm (Myalgic Encephalomyelitis), Menorrhagiu sem leiddi til aðgerðar og POTS (Postural Orthostatic Tachycardia Syndrome) á árunum 2024 og 2025 og hafi í kjölfarið tilkynnt V um þá. Í málskoti sé byggt á því að M hafi verið óvinnufær, fyrir vátryggingartökuna, vegna annarra veikinda en þeirra sem hún greindist með á árunum 2024 og 2025 og krafist sé bóta- og iðgjaldafrelsis vegna. Afstöðu V sé því mótmælt og talið ósannað að M hafi verið með þessi veikindi, þ.e. veikindin sem hún greindist með á árunum 2024 og 2025, fyrir gildistíma tryggingarinnar og að starfsorkumissirinn sé vegna þeirra. Þá hafi V ekki lagt fram nein gögn sem sýna að M hafi verið með skerta starfsorku, beint eða óbeint, af völdum þeirra sjúkdóma sem um ræði núna eða hafi sýnt einkenni þeirra fyrir gildistöku tryggingarinnar. Vegna þessa bendir V á að samkvæmt skilmála umræddrar sjúkdómatryggingar sé ekki skilyrði að sú óvinnufærni sem fyrir var við töku tryggingar og sú óvinnufærni sem síðar kemur til, séu raktar til sama sjúkdóms eða sama heilsufarsvanda. Af 21. grein skilmála umræddrar sjúkdómatryggingar leiði, að þar sem M var óvinnufær fyrir gildistöku vátryggingarinnar þá eigi hún ekki rétt til iðgjaldafrelsis, þrátt fyrir að ekki sé um sömu sjúkdóma að ræða fyrir og eftir töku tryggingarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M er bent á að samkvæmt skilmálum V sé það skilyrði iðgjaldafrelsis að starfsorkumissir verði á gildistíma tryggingarinnar. Þannig segi í 21. gr. skilmálanna að „vátryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan skerðist beint eða óbeint af völdum sjúkdóms sem var fyrir hendi eða sýnt hafi einkenni fyrir gildistöku vátryggingarinnar…“ Telur M að ekki sé hægt að lesa úr þessum skilmálum að þarna sé átt við sjúkdóma/veikindi sem voru fyrir hendi áður en tryggingin tók gildi. M bendir einnig á að hún hafi átt við ákveðna heilsubresti að stríða er tryggingarnar voru færðar frá X til V. Þar hafi hins vegar ekki verið um að ræða nema hlutfallslega óvinnufærni sem að auki hafi ekki verið varanleg. Þá hafi M einnig verið í námi á þessum tíma sem skýri líka skert starfshlutfall hennar árið 2021. M hafi því vissulega haft starfsgetu til að missa þegar nýju sjúkdómarnir hafi gert vart við sig um tveimur árum síðar. Þá er því mótmælt að túlka beri 21. gr. skilmálanna þannig að ekki sé skilyrði að sú óvinnufærni sem fyrir var við töku tryggingarinnar og sú óvinnufærni sem síðar kom til, séu raktar til sama sjúkdóms. Bendir M á í þessu sambandi að í skilmálunum segi berum orðum að um þurfi að vera að ræða sjúkdóm sem var fyrir hendi eða sýnt hafi einkenni fyrir gildistöku vátryggingarinnar. Telur M erfitt að skilja þetta skilmálaákvæði öðru vísi en svo að þarna sé verið að vísa í sjúkdóm sem var fyrir hendi, þ.e. sjúkdóm sem var til staðar áður en tryggingin er tekin. M vísar einnig til þess að túlka beri skilmála samkvæmt orðanna hljóðan og undanþáguákvæði sem takmarki rétt vátryggðs eigi að jafnaði að skýra þröngt.

Í viðbótarathugasemdum V, er bent á að í 20. gr. skilmála umræddrar sjúkdómatryggingar sé fjallað um iðgjaldafrelsi en þar segi m.a. að missi vátryggður að minnsta kosti helming starfsorku sinnar á gildistíma vátryggingarinnar, vegna slyss eða sjúkdóms, öðlist hann rétt til lækkunar iðgjalda. Samkvæmt þessari grein sé það því skilyrði að starfsorkumissir verði á gildistíma tryggingarinnar. Þá sé í 21. gr. sömu skilmála kveðið á um undanþágur frá iðgjaldafrelsi en þar segi eftirfarandi: *„Vátryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan skerðist beint eða óbeint af völdum sjúkdóms sem var fyrir hendi eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku vátryggingarinnar né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku vátryggingarinnar.“* Í málinu liggi fyrir að M hafi verið óvinnufær fyrir töku vátryggingarinnar og einnig á vátryggingartímanum. Í því sambandi bendi V á að það sé ekki hægt að horfa eingöngu á undanþáguákvæði 21. greinar, því skilyrði fyrir rétti til iðgjaldafrelsis hafi aldrei verið til staðar á vátryggingartímabilinu sbr. 20. gr. skilmálanna.

Álit.

Gildissvið sjúkdómatryggingar þeirra sem M var með hjá V er skilgreint í 2. - 7. gr. skilmálanna. Í 2. gr. segir að tryggingin greiði bætur, ef vátryggður greinist á gildistíma tryggingarinnar með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða verður fyrir einhverju því tilfelli, sem vátryggingin tekur til og tilgreind eru í skilmálunum. Bætur greiðast hins vegar ekki úr vátryggingunni vegna annarra sjúkdóma, aðgerða eða tilvika en þeirra sem tilgreindir eru í 3. - 7. gr. Nefndin fær ekki séð að þeir sjúkdómar sem M krefst bóta vegna falli undir framangreind ákvæði. Þeir falla því utan gildissviðs tryggingarinnar. Hvað varðar þann hluta kröfugerðar M sem snýr að iðgjaldsfrelsi sbr. 20. og 21. gr. skilmálanna, þá hefur V byggt á því að skilyrði fyrir iðgjaldafrelsi væru ekki uppfyllt þar sem M hafi ekki verið starfandi frá árinu 2021. Óumdeilt er í málinu að M var óvinnufær, í það minnsta að hluta, þegar tryggingarnar voru færðar frá X til V. Jafnframt fellst nefndin á þau rök V að þegar svo háttar til, þ.e að M var óvinnufær fyrir gildistöku vátryggingarinnar, þá eigi hún ekki rétt til

iðgjaldafrelsis, jafnvel þó ekki væri um sömu sjúkdóma að ræða fyrir og eftir töku tryggingarinnar. Hvað varðar þær málsástæður M sem lúta að því að hún hafi verið blekkt til að færa tryggingar sínar til V frá X þá hafa engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Nefndin telur því ekki forsendur til þess að sá málatilbúnaður geti leitt til breytinga framangreindum niðurstöðum.

Niðurstaða.
M á ekki bótarétt úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 95/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Vátryggingartaki (X)

Hugtakið slys í vátryggingarétti. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 23. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína 13. febrúar 2025 þegar hann og Z voru að fjarlægja þunga dælu úr vörubíl. Þegar þeir lögðu vélina niður hafi Z misst takið á dælunni þannig að allur þungi hennar lenti á M og við það hafi hann fengið þungt högg á bakið.

V hafnaði 14. nóvember 2025 að bótaskylda væri til staðar í málinu úr slysatryggingu launþega með vísan til þess að atvikið félli ekki undir skilgreiningu á slysi í skilmálum vátryggingarinnar. Með vísan til fyrirliggjandi tjónstilkynningar M yrði ekki séð að um neinn utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á því að umrætt atvik falli undir skilgreiningu slysahugtaksins skv. skilmálum vátryggingarinnar. X hafi ekki farið rétt með málsatvik í tilkynningu um slysið. Eftir að frásögn vitnis kom fram hafi X staðfest að M hafi unnið verkið fyrir tilstilli annars starfsmanns sem styrki frásögn M á atvikum máls. Jafnframt sé ljóst að skráning um málsatvik í læknagögnum sé ekki heldur rétt og skuli því rétt atburðarrás lögð til grundvallar. Hin rétta atvikalýsing sé að M hafi verið að lyfta dælu ásamt Z þegar Z missti takið á dælunni með þeim afleiðingum að M fékk allan þunga dælunnar skyndilega á sig og hafi við það fengið slink á bakið. M vísar til þess að slysahugtakið hafi verið nánast óbreytt um áratuga skeið og hafi verið skýrt margoft, bæði í fræðiritum og dómum. Í ritum fræðimanna og dómaframkvæmd hafi almennt verið viðurkennt að með utanaðkomandi atburði sé átt við að eitthvað verði að hafa gerst utan við líkama tjónþola sem valdi slysi og að orsök slyssins sé atvik sem eigi uppruna sinn að rekja til hluta, atvika, áhrifa, ákomu eða atburða sem standi utan við líkama tjónþola sjálfs. M vísar til dóms Landsréttar í máli nr. 414/2020 og telur ljóst að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem leiddi til þess að ófyrirséð og veruleg byrði féll á M. Samstarfsmaður M hafi misst tak á dælunni með þeim afleiðingum að þungi hennar færðist alfarið á M með fyrrgreindum afleiðingum. Um hafi verið að ræða utanaðkomandi högg.

Í athugasemdum V er byggt á því að bótaskylda sé ekki til staðar úr slysatryggingu launþega hjá félaginu vegna atviksins. Í málinu liggi fyrir nokkrar frásagnir af atvikinu. Sönnunarbyrðin um að slys hafi átt sér stað í skilningi vátryggingarskilmála hvíli á M. Samræmi í frásögnum sé afar mikilvægt í sönnunarmati. V bendir á að fyrstu frásagnir M og X, sem og læknagögn frá bráðamóttöku, lýsi atvikum með öðrum hætti en síðari frásagnir og vitnisburður frá starfsmanni sem skrifaður var eftir upphaflega höfnun félagsins. Það sé því afstaða V að M hafi ekki sýnt fram á að atvik það er hann varð fyrir 13. febrúar 2025 teljist „slys“ í skilningi vátryggingarskilmála vátryggingarinnar.

Álit.
Ágreiningur í málinu snýr að því hvort atvik það sem M varð fyrir 13. febrúar 2025 falli undir að vera slys í skilningi skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti: „Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“

Í málinu liggja fyrir nokkrar frásagnir af atvikinu. Í sjúkraskrárfærslu bráðamóttöku Landspítala frá 13. febrúar 2025 segir: „36 ára kk kemur á bmt vegna bakverkja. Fékk slink á bakið í vinnu í dag þegar hann var að lyfta þungum hlut. [...] Var að lyfta þungu við vinnu sína. Fékk skyndilegt tak í bakið. [...] Bakgrunnur, heilsufar, áhættuþættir: Alm hraustur. Hefur áður fengið tak í bakið. [...] Orsakir áverka: Bráð ofáreynsla við að draga, toga ýta.“ Í tilkynningu X til Vinnueftirlits, dags. 5. mars 2025, segir:

„Starfsmaður var að fjarlægja dælu úr vörubíl og er að leggja hana frá sér á gólfið þegar bakið gefur sig.“ Í tilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 2. september 2025, segir: „Slasaði og samstarfsmaður voru að fjarlægja þunga dælu úr vörubíl og þegar þeir voru að fara að leggja hana frá sér á gólfið þá missti samstarfsmaðurinn takið á dælunni þannig að allur þungi hennar lenti á slasaða sem fékk við það þungt högg á bakið.“ Sambærilega lýsingu er að finna í umboði lögmanns dagsettu sama dag. Í tilkynningu M til V, dags. 10. október 2025, segir: „Slasaði og samstarfsmaður voru að fjarlægja þunga dælu úr vörubíl. Þeir héldu saman og þegar þeir voru að leggja hana frá sér á gólfinu þá missti samstarfsmaðurinn takið þannig að slasaði fékk allan þungan á sig og fékk við það þungt högg á bakið.“ Í tilkynningu X til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 14. október 2025, segir: „Starfsmaður var að fjarlægja dælu úr vörubíl, notar ekki viðeigandi hjálpartæki eins og tjakk þó svo að hann sé til staðar. Er að leggja hana frá sér á gólfið þegar hann fær ill í bakið. Var frá í 2 daga.“ Í frásögn vitnis, samstarfsmanns M og Z, dags. 17. nóvember 2025 kemur fram að Z hafi misst stjórn á dælunni, við það hafi hún fallið á M af fullum þunga og M fallið í gólfið ásamt dælunni. Í athugasemdum V kemur fram að V hafi óskað eftir frekari skýringum frá X á atvikinu og hafi þá fengið eftirfarandi lýsingu: „[M] var í verkinu er að taka dælu úr bíl, svo fær hann [Z] til að hjálpa sér að lyfta henni niður i stað þess að nota bara búkkatjakk til að taka þungann, enn svo virðist sem að meirihluti þungans hafi farið á hann og ekki ráðið við það. Búkkatjakkurinn var á staðnum rétt hjá þeim. Þetta er í raun hugsunarleysi hjá honum sem veldur því að þetta gerist.“

Nefndin telur að eins og málið liggur fyrir sé rétt að leggja síðast nefndu frásögnina til grundvallar. Að því sögðu telur nefndin einnig að þegar meiri hluti þungans lenti á M hafi það falið í sér frávik frá þeirri atburðarás sem M hafi almennt mátt reikna með þegar horft er til þess verks sem M og Z voru að vinna, þ.e. lyfta dælu úr bifreið. Þetta leiðir aftur til þess að nefndin telur að það skilyrði að meiðslin á líkama M verði rakin til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sé uppfyllt

Það er því mat nefndarinnar að M hafi tekist sönnun um að umræddur áverki á baki M sé tilkominn vegna slyss eins og það er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 96/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 29. apríl 2026.

Málsatvik.
Í málskoti er á því byggt að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína á sjó hjá X þann 23. janúar 2025. Hafi slysið atvikast með þeim hætti að M hafi fengið slink á vinstri úlnlið þegar verið var að hífa. Færir M rök fyrir því að hann hafi í umrætt sinn orðið fyrir slysi í skilningi slysatryggingar sjómanna sem X var með hjá V og eigi því rétt á að fá tjón sitt bætt úr þeirri tryggingu. Telur M liggja fyrir að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, þ.e. þungt högg sem hafi komið á keðju sem M var að vinna við í umrætt sinn nokkuð sem hafi leitt til þess að hann hafi fengið slink á vinstri úlnliðinn. Er tekið fram að í gögnum málsins komi fram að veðrið í umrætt sinn hafi verið slæmt auk þess sem keðjan virðist hafa losnað með miklu höggi. Því hafi hvorki innra ástand eða sjúkdómur valdið líkamstjóninu heldur skyndilegur utanaðkomandi atburður. Vísar M jafnframt í dóm Landsréttar í máli nr. 210/2021 og Hrd. í málum nr. 412/2011, 472/2011 og 23/2019 máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er bent á að samkvæmt 3. gr. skilmála fyrir slysatryggingu sjómanna komi fram að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á tjón sitt og bótaskyldu, þ.m.t. hvort skilyrði skilmála um slys teljist uppfyllt. Það sé því M að sanna að meiðsl hans séu tilkomin vegna slyss en ekki vegna ástæðna sem teljist ekki skyndilegar eða utanaðkomandi. Bendir V í því sambandi á dóma Landsréttar í málum nr. 403/2023 og 752/20222. Telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem valdið hafi meiðslum M. Þvert á móti beri gögn málsins með sér að ekkert skyndilegt eða utanaðkomandi hafi átt sér stað í aðdraganda slyssins. Því sé skilyrðum slysahugtaksins ekki fullnægt og falli atvikið því utan bótasviðs vátryggingarinnar. Í þessu sambandi bendir V á að frumgagn um atvikalýsingu sé að finna í skipsdagbók sem hafi verið færð á þeim degi sem atvikið hafi átt sér stað. Þar komi fram að M hafi fengið slink á úlnlið. Þá lýsingu sé einnig að finna í öðrum gögnum málsins, þ.e. ódagsettum tjónstilkynningum. Næstu atvikalýsingu sé að finna í áverkavottorði, dags. 28. ágúst 2025. Þar komi fram að M hafi fengið slink á höndina. Hann hafi verið með keðju í vinstri hendi og annar spotti með krók sem var fastur í keðjunni. Hafi M verið að lyfta þessu upp og fengið slink á vinstri úlnlið. Þar sé engu skyndilegu eða utanaðkomandi atviki lýst. Næsta atvikalýsing í málinu stafi frá M sjálfum og hafi verið send til lögmanni hans 18. desember 2025. Þar sé því lýst að vinna hafi verið í gangi við að taka trollin inn. Húkkað hafi verið í keðju og híft til að fá slaka á hana svo hægt væri að losa trollið frá hlerum og tengja við grandaraspilin til þess að taka trollið inn. Áfram sé ferlinu lýst þannig að þegar búið hafi verið að tengja keðjuna við vír sem tengist við grandaraspilið hafi þurft að halda fast við keðju til að losa krókinn úr. Lýsi M atvikinu sjálfu þannig að hann hafi haldið með vinstri hendinni í keðjuna og þegar hann hafi verið að losa krókinn úr hafi hann fengið svaka verk í vinstri höndina. Segir hann keðjuna vera misþunga eftir því hvort hún sé flækt í sjónum og líka út af veðri og að hann minni að það hafi verið leiðinlegt veður og veltingur. Hér sé engu skyndilegu eða utanaðkomandi atviki lýst. Lýsingar af atvikinu beri því með sér að ekkert hafi farið úrskeiðis við verkið, ekkert óvænt eða skyndilegt eða utanaðkomandi hafi gerst sem almennt gerist ekki við framkvæmd þess verks sem framkvæmt var. Þvert á móti beri lýsing af atvikinu með sér að meiðsl M verði aðeins rakin til þyngdar á þeirri byrði sem hann hélt á. Þá bendir V á að lögmaður M hafi bæði í málskoti og afstöðubeiðni til V lýst atvikinu með hætti sem eigi sér enga stoð í gögnum málsins. Lögmaðurinn segi að gögn styðji það að slysið hafi orðið er verið var að hífa keðju í vondu veðri þegar

keðjan virðist hafa losnað með miklu höggi þegar krókur var leystur frá. V hafnar þessari atvikalýsingu alfarið enda eigi hún sér enga stoð í gögnum málsins. Í þessu sambandi bendir V m.a. á að þó keðjan sé vissulega þung hafi ekkert óvænt, skyndilegt eða utanaðkomandi átti sér stað í atvikinu m.v. lýsingu atviksins í gögnum málsins. Að keðjan hafi verið þung er ekki eitthvað sem er óvænt eða skyndilegt fyrir sjómenn. Heldur ekki að einhver hreyfing sé á skipinu. Bendir V á að í skipsdagbók komi fram að hægur sjór hafi verið. Þá sé mikilvægt að hafa í huga að M hafi aldrei lýst því í nokkrum gögnum málsins að hreyfing skipsins hafi orsakað slinkinn. Telur V að leggja verði til grundvallar að meiðsl M verði eingöngu rakið til þunga keðjunnar sem hann hélt á. Máli sínu til frekari stuðnings bendir V á dóm Hæstaréttar Íslands frá 2. júní 2025 í máli nr. 37/2005 en í því máli hafi verið byggt á því að um slys hafi verið að ræða vegna þess að skip hafi verið á hreyfingu auk þess sem það hafi fallið í öldu í sama mund og stefnandi varð fyrir meiðslum á baki við að lyfta keðju. Í málinu lá fyrir að það hafi verið kaldi, 5-6 vindstig sem samsvari 9-12 m á sekúndu. Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur hafi staðfest sé því hafnað að um slys hafi verið að ræða með vísan til þess að ekkert hafi komið fram um óvænt, skyndilegt utanaðkomandi atvik. Telur V að atvik í þessum dómsmáli séu í öllum meginatriðum eins og í máli M. Einnig bendir V á dóm Landsréttar frá 15. október 2021 í máli nr. 414/2020 en þar segi eftirfarandi orðrétt um slys er verða við að lyfta þungum hlutum: *„Af dómaframkvæmd er ljóst að meiðsl sem verða vegna þess að þungum hlut er lyft falla ekki undir slysahugtak vátryggingaréttar enda er þau ekki að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar nema meira komi til. Staðan breytist á hinn bóginn þegar eitthvað fer úrskeiðis við verkið sem leiðir til dæmis til þess að meiri byrði lendir á þeim sem lyftir eða átakið verður skyndilega annað en hann var búinn undir, enda geti meiðsl sem af slíku leiða þá talist verða vegna utanaðkomandi atvika.“* Telur V að í Landsréttarmálinu hafi verið sýnt fram á að tunna hafi fallið óvænt og því hafi verið um að ræða frávik frá atburðarrás sem búast mátti við. Með vísan til þess var fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu launþega. Jafnframt bendir V á álit Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 81/2024 máli sínu til frekari stuðnings. V telur því að framangreint eigi að leiða til þess að M eigi ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum rökum V mótmælt og m.a. bent á eftirfarandi. Ítrekað er að M byggi mál sitt ekki á því að slysið hafi orðið þegar keðjan hafi losnað frá þegar hann var að losa krókinn heldur sé byggt á því að það hafi orðið þegar högg kom frá keðjunni. Jafnframt er tekið fram að M hafi ávallt byggt mál sitt á því að þungt högg hafi komið á keðjuna sem hann var að vinna með. Það hafi orsakast af vondu veðri þegar hann losaði krókinn en keðja geti verið misþung eftir verði og hvort hún sé flækt í sjónum, Höggið frá keðjunni verði að telja sem skyndilegan utanaðkomandi atburð. Þá vísar M einnig í dóms Landsréttar í máli nr. 210/2021 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað það sem fram kom í fyrri athugasemdum. Auk þess bendir V m.a. á að málsatvikalýsing í málskoti eigi sér ekki stoð í gögnum málsins. Ítrekar V að það telji ósannað að högg eða þungt högg hafi komið frá keðjunni, enda eigi sú lýsing sér ekki stoð í gögnum málsins né passi hún við verklag. Þunginn á veiðafærinu sé aldrei á höndum skipverja, hann sé annað hvort á spili með króki sem hífir slaka eða á vírum frá tromlu. Skipverjar geti ekki híft/tekið í sundur keðjuhlekki með eigin handafli með þungan á veiðafærinu í sjó. Þá hafnar V því að dómur Landsréttar í máli nr. 210/2021 hafi fordæmigildi um þann ágreining sem er til umfjöllunar í máli þessu. Atvik séu þar með allt öðrum hætti.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmála, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama M og gerðist án vilja hans. Almennar sönnunarreglur í vátryggingarétti leiða til þess að það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að svo sé.

Eins og rakið er að framan eru aðilar ekki sammála um atvikalýsingu, og er atvikalýsing sú sem M byggir málatilbúnað sinn á í málskoti nokkuð frábrugðin þeirri lýsingu sem fram kemur í frumgögnum málsins. Í skipsdagbók kemur þannig fram að M hafi fengið slink á úlnlið. Hafi verið autan 14 m/sek og hægur sjór. Þá komi fram að í áverkavottorði, dags. 28. ágúst 2025 M hafi fengið slink á höndina. Hann hafi verið með keðju í vinstri hendi og annar spotti með krók sem var fastur í keðjunni. Hafi M verið að lyfta þessu upp og fengið slink á vinstri úlnlið. Þá liggur fyrir atvikalýsing M sem hann sendi lögmanni sínum 18. desember 2025. Þar segir eftirfarandi: *„Það sem gerðist var að við vorum að taka trollið inn, við vorum með tvö troll úti. Þegar hlerarnir og lóðið kom upp notum við upphalaraspotta með krók til að húkka í keðuna og hífum smá til að fá slaka svo við getum losað frá hlerum og lóðinu*

og tengja við grandaraspilið til að taka trollið inn. Þegar það er búið að tengja keðjuna við vír sem tengist við grandaraspilið þurfum við að halda fast við keðjuna til að losa krókinn úr. Það sem gerðist við mig var að ég hélt með vinstri hendinni í keðjuna og þegar ég er að losa krókinn úr fæ ég svaka verk í vinstri hendina. Keðjan er stundum mismundi þung sem tengist hvort hún sé flækt í sjónum og líka út af verðri. Það var minnir mig leiðinlegt veður og veltingur þegar við tókum trollið.“ Af framangreindum lýsingum verður ekki séð að líkamstjón M verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, enda virðist ekkert skyndilegt eða óvenjulegt hafa komið upp sem almennt mátti ekki reikna með að gæti gerst við umrædd störf. Því telur nefndin að gögn málsins bendi ekki til annars en að líkamstjón M verði rakið til vinnutengds álags en ekki til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi slysahugtaks vátryggingarinnar.

Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar, eins og mál þetta liggur fyrir henni, að ekki sé sýnt fram á að meiðsl M megi rekja til atviks sem teljist slys í skilningi vátryggingaréttar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna sem X var með hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 97/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Samsömun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 1. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 9. desember 2025, var A, en eigandi hennar er M, ekið af Z, utan í steinvegg við Álafosskvos á leið austur Ásaveg að kvöldi 3. desember 2025. Z hélt akstri áfram þangað til A stöðvaðist á Ásavegi við Hjarðarland. Mikið tjón varð á hægri framhluta A. Þegar lögreglu bar að garði var Z farin af vettvangi. Lögreglan ræddi við vitni sem greindi frá því að megn áfengislykt hafi verið af Z og að Z hafi hlaupið í burtu frá A. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að mikinn áfengisþef hafi lagt frá A. Lögreglan hafði uppi á M sem hafði ekki vitneskju um umferðarslysið. Í fyrstu hafi M ekkert vitað hver hefði ekið A, en hafi svo sagt að Z, kona hans, væri á bifreiðinni en hún hefði líklega lánað vinum þeirra A. Í lögregluskýrslu kemur fram að Z væri sambýliskona og barnsmóðir M. Þann 9. desember 2025 sendi M inn tjónstilkynningu til V og gerði kröfu um að fá tjónið á A bætt úr kaskótryggingu A Með bréfi 9. janúar 2026 hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar úr kaskótryggingu A með vísan til þess að tjóninu hefði verið valdið af stórkostulegu gáleysi, sbr. 23. gr. almennra skilmála félagsins, brota á varúðarreglu, sbr. 6. gr. skilmála vátryggingar, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.) og 24. gr. almennra skilmála V um heimild til samsömunar.

Í málskoti er í fyrsta lagi byggt á því að V hafi ekki heimild til þess samkvæmt lögum að beita samsömun M og Z, sbr. a-lið 2. mgr. 29. gr. vsl., athugasemdir í frumvarpi með ákvæðinu og 24. gr. almennra skilmála félagsins. V beri sönnunarbyrðina fyrir að skilyrði samsömunar séu uppfyllt og slík sönnun hafi ekki tekist. Samsömun M og Z standist ekki lög þar sem það sé alveg skýrt að M eigi ökutækið og annast um það og reki það á sinn reikning. Í öðru lagi er byggt á því að V hafi ekki sent tilkynningu um takmörkun ábyrgðar til M, skv. 31. gr. vsl., innan þess frests sem ákvæðið mælir fyrir um. Tilkynning V hafi komið fram rúmlega mánuði eftir að atburðurinn átti sér stað. M hafi ekki verið gert viðvart um að til skoðunar væri að hafna bótaskyldu. Í þriðja lagi er byggt á því að ósannað sé að Z hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn þar sem ósannað sé að Z hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur A. Engin samtímagögn styðji slíkt. Lögregla hafi ekki reynt að hafa uppi á Z, þá hafi hún ekki verið boðuð í skýrslutöku hjá lögreglu í kjölfar atviksins, í málinu liggi fyrir lögregluskýrsla, dags. 8. september 2019, um að Z hafi áður hlaupið af vettvangi í kjölfar umferðarslyss og að lokum liggi fyrir skrifleg yfirlýsing Z, dags. 9. febrúar 2026, þar sem ávirðingum um að hún hafi verið undir áhrifum áfengis er hafnað. Z hafi ekki brotið varúðarreglu í 6. gr. almennra skilmála, sbr. 26. gr. vsl. M vísar til úrskurðar nefndarinnar nr. 4/2025.

Í athugasemdum V er byggt á að bótaréttur sé ekki til staðar úr kaskótryggingu A vegna atviksins. Til vara er gerð krafa um að fallist nefndin ekki á að skilyrði séu til niðurfellingu bótaréttar að þá séu bætur skertar. V vísar til 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ökumaður skuli vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Í 2. mgr. sama ákvæðis sé kveðið á um að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna neyslu áfengis er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Einnig er vísað til 1. mgr. 49. gr. sömu laga um að enginn megi stjórna eða reyna stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis, sbr. varúðarreglu í 3. mgr. 6. gr. skilmála vátryggingarinnar. Í ljósi þess að vitni hafi lýst áfengisþef af ökumanni, sambýliskonu M, eftir atvikið og hún hafi borið augljós merki ölvunar, vitni lýsi því er hún hafi yfirgefið vettvang, lýsingu lögreglu á vettvangi og áfengisþef sem þar var og þeirrar staðreyndar að Z hafi ekki viljað tjá sig beint við V um atburðinn þá sé það niðurstaða V að sönnunarbyrði hvíli á

henni að sýna fram á að hún hafi ekki verið undir áhrifum áfengis þegar umferðaróhappið varð. Það verði að túlka henni í óhag að hafa farið af vettvangi og gert það þar með að verkum að ekki hafi verið hægt að rannsaka tildrög slyssins sem þýðingu geti haft, sbr. sjónarmið í 2. mgr. 92. gr. vsl. og 24. gr. almennra skilmála. Þegar mið sé tekið af framangreindu verði ekki annað ráðið en að Z hafi verið ölvuð við akstur A. Vísar V sérstaklega til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 225/2007. Af framansögðu telur V að akstursháfni ökumanns bifreiðar M hafi verið skert og telur Z hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og brotið gegn framangreindum ákvæðum laganna og varúðarreglu í skilmála kaskótryggingar er hún ók bifreiðinni umrætt sinn. V vísar til 20. gr. almennra skilmála félagsins, sbr. 12-lið 1. mgr. 2. gr. og 26. gr., 27. gr. vsl. og 4. mgr. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, sbr. 2. mgr. 23. gr. í almennum skilmála. V byggir jafnframt á að aðstæður á vettvangi virðist, skv. ljósmyndum í lögregluskýrslu, hafa verið góðar. Götulýsing hafi verið góð, umferð lítil, heiðskírt, malbikað yfirborð og beinn vegur framundan þar sem atvikið varð. Þá virðist Z skömmu áður hafa ekið yfir hraðahindrun og þá sé enga krappa beygja að sjá. Engin rökrétt skýringu sé á umferðaróhappinu annað en ástand ökumanns. Þá vísar V til 1. mgr. 29 gr. vsl. og 24. gr. almennra skilmála um samsömun. Z sé sambýliskona og barnsmóðir M og megi því gera ráð fyrir því að hún hafi verið ábyrg fyrir A með samþykki M enda komi fram í framburði M í lögregluskýrslu að kona hans hafi verið á A en hún hafi líklega lánað vinum þeirra A. Með þessum framburði gefi M það í skyn að sambýliskona hans hafi veruleg og varanleg umráð með A. Þess megi einnig geta að barnabílstólar hafi verið í bifreiðinni sem ýtir enn frekar undir að um sameiginlegan fjölskyldubíl sé að ræða. Engin kæra hafi verið lögð fram hjá lögreglu um að bifreiðin hafi verið tekin í heimildarleysi. V telur því skilyrði samsömunar uppfyllt og telur heimilt að fella niður bótarétt úr vátryggingunni með vísan til stórkostlegs gáleysis Z og brota á varúðarreglum. Þá vísar V til 14. gr. og 32. gr. umferðarlaga og 28. gr. vsl. Að lokum vísar V til 1. mgr. 31. gr. vsl. Mánuður hafi liðið frá því að V barst tjónstilkynningin frá M og fram til þess að M var tilkynnt um höfnun bótaskyldu. Á þessum mánuði hafi V ítrekað reynt að fá framburð frá Z. Þegar ekkert svar hafi borist hafi verið tekin ákvörðun um að afla annarra upplýsinga um atvikið, s.s. vitnaframburða. Tveimur dögum eftir að nánari vitnisframburður var fenginn hafi niðurstaðan verið send á M. V telur tilkynninguna til M um höfnun á bótaskyldu því innan hæfilegs tíma þar sem V beið eftir upplýsingum til að geta tekið afstöðu í málinu. Þá sé það einnig mat V að 31. gr. vsl. verði ekki beitt gegn V þegar aðilar máls láta ekki ná í sig þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og V berast þ.a.l. ekki nauðsynlegar upplýsingar.

Í viðbótarathugasemdum M er til viðbótar fyrri rökstuðningi bent á í fyrsta lagi að M hafi staðið straum af öllum kostnaði við rekstur A, þ.m.t. greiðslu vátrygginga og bílaláns ásamt því að sinna hefðbundnu viðhaldi. V hafi ekki fært sönnur á að skilyrði a-liðar 2. mgr. 29. gr. vsl séu uppfyllt. Ályktanir V um að Z hafi veruleg og varanleg umráð yfir bifreiðinni geta ekki talist sönnun þess að skilyrði a-liðar 2. mgr. 29. gr. vsl séu uppfyllt. Í öðru lagi er því hafnað að Z hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn og færður fram ítarlegur rökstuðningur. Sönnunarbyrðin hvíli á V, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4233/2019 og úrskurði nefndarinnar nr. 438/2021. Jafnframt er vísað til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 195/2020.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort V sé heimilt að fella niður bætur til M úr kaskótryggingu A á grundvelli meintra brota Z, ökumanns A. V byggir á að Z hafi valdið vátryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi í umrætt sinn og brotið gegn varúðarreglum í almennum skilmálum og ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019 og háttsemi Z verði samsömuð M. Í málskoti er því hafnað að Z hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn og brotið gegn varúðarreglum og þá verði meint háttsemi Z ekki samsömuð M. Í málinu er óumdeilt að akstur Z í umrætt sinn leiddi til tjóns á A. Kemur þá til skoðunar, hvort V sé heimilt að fella niður bótarétt M á grundvelli mögulegra brota Z ákvæðum vsl., umferðarlaga, varúðarreglu skilmála kaskótryggingarinnar og ákvæða almennra skilmála. Ber V sönnunarbyrðina fyrir því í fyrsta lagi að háttsemi M í umrætt sinn falli undir stórkostlegt gáleysi og að brotið hafi verið gegn varúðarreglu skilmálans og í öðru lagi að V sé heimilt að beita samsömun M við háttsemi sambýliskonu sinnar.

Í 1. mgr. 29. gr. vsl. er mælt fyrir um að í vátryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, sé óheimilt að semja með þeim hætti að vátryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans,

aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl. Samkvæmt a. lið 2. mgr. sömu greinar má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., semja svo um að við vátryggingu ökutækja megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Í athugasemdum um 29. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 segir um heimild a-liðar 2. mgr. til að semja um samsömun sé látin ná til manns sem með samþykki vátryggðs sé ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Hér þurfi að koma til að vátryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins vátryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið vátryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að M eigi ökutækið, annist um það og reki það fyrir eigin reikning, þ.e. hafi staðið straum af greiðslu iðgjalda vegna vátrygginga og afborgana af bílalánum samkvæmt framlögðum gögnum ásamt kostnað við hefðbundið viðhald. M hafi ekki afhent Z umráð og vörslur A með varanlegum hætti. Af hálfu M er fullyrðingum V um að Z hafi haft varanleg umráð A hafnað.

Með hliðsjón af framangreindu er það afstaða nefndarinnar að V hafi ekki tekist sönnun um að M hafi afhent Z, sambýliskonu sinni, umráð og vörslur A með varanlegum hætti. Þannig er ekki sýnt fram á heimild til samsömunar milli M og ökumannsins sé fyrir hendi en V ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði a-liðar 2. mgr. 29. gr. vsl. séu uppfyllt. Sú sönnun hefur ekki tekist og er V því ekki heimilt að fella niður bótarétt úr kaskótryggingu A með vísan til meintrar háttsemi Z.

Að fenginni þessari niðurstöðu telur nefndin ekki tilefni til þess að fjalla um það hvort Z hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða brotið varúðarreglur í almennum skilmálum félagsins.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 98/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. mars 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. apríl 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og eiginkona hans hafi verið stödd á Kanaríeyjum þegar hann fékk m.a. hjartsláttartruflanir. Vegna veikindanna hafi hann verið lagður inn á sjúkrahús 4. nóvember 2025 þar til hann var sendur heimleiðis 27. nóvember 2025. Hinn 11. nóvember 2025 hafi borist staðfesting um að M væri með gilda ferðatryggingu hjá V. Fjórum dögum síðar hafi V hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að bótaréttur væri ekki fyrir hendi og að sjúkrakostnaður sem félli til eftir þann dag, þ.e. 15. nóvember 2025, yrði ekki greiddur. Hafi V byggt afstöðu sína á því að M hefði farið til læknis vegna sama kvilla á síðustu sex mánuðunum fyrir upphaf ferðarinnar. Það sé rangt. Hinn 21. nóvember hafi borist skilaboð frá V um að félagið byðist til að skipuleggja og greiða heimferð fyrir M og fylgdarlækni. Að endingu hafi M farið í almennt flug með lækni. Vegna allra þessara tafa hafi eiginkona M einnig þurft að framlengja dvöl sína og hafi V upphaflega samþykkt að greiða bætur vegna þess. Sú greiðsla hafi þó ekki borist. V hafi þó greitt vegna heimfarar M og sjúkrakostnað fram til 15. nóvember en M sitji sjálfur uppi með kostnað upp á nokkrar milljónir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi, í samskiptum við SOS International, hinn 7. nóvember 2025, neitað því að hafa glímt við sambærileg einkenni á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Í sömu færslu SOS komi fram að enginn grunur sé um að veikindi M tengist fyrra heilsufari hans. Í ljósi þess og allra aðstæðna hafi því verið veitt staðfesting á greiðslu, þó ekki hefði tekist að afla læknisfræðilegra gagna til að staðfesta frásögn M. Af samskiptum við heimilislækni M hafi mátt ráða að M hafi ekki leitað til hans vegna hjartatengdra vandamála frá marsmánuði og fram til september, en þá hafi staðfestingargjald vegna ferðarinnar verið greitt. Hinn 12. nóvember 2025 hafi hins vegar borist vottorð frá heimilislækni þar sem fram komi að M hafi verið til eftirlits á Landspítala 19. mars 2025 og aftur 27. júlí 2025. Á grundvelli þessara nýju upplýsinga hafi á ný verið haft samband við M. Í samskiptum SOS við M, dags. 15. nóvember 2025, hafi M borið fyrir sig minnisleysi en hann hafi þó talið að koman í mars hafi tengst gangráði sem hann sé með vegna fyrri hjartavandamála. Hafi M fram að þessu ekki upplýst SOS um að hann væri með gangráð. Í ljósi þessa hafi V hafnað frekari bótaskyldu enda ljóst að mati þess að veikindi M tengdust fyrra heilsufari hans. Er þá vísað til þess að í skilmálum umræddrar greiðslukortatryggingar komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem vátryggður hafi þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð sé átt við hvers konar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði og óhefðbundnar lækningameðferðir.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að svo virðist sem SOS hafi haft samband við heilsugæsluna en ekki hjartalækninn X sem M hafi vísað á. Þá sé það rökleysa að miða upphaf sex mánaða tímabils við greiðslu staðfestingargjalds en ekki upphaf ferðar, enda geti greiðsla ferðar átt sér stað mörgum mánuðum fyrir brottför. Er þá ítrekað að greiðsla vegna framlengingar ferðar eiginkonu M, sem V hafi fallist á að greiða, hafi ekki borist. Eru jafnframt gerðar athugasemdir við samskipti við SOS sem hafi ekki svarað símtölum frá sjúkrahúsinu ytra. Þá vísar M til meðfylgjandi vottorðs frá X en þar komi fram að á síðustu sex mánuðunum fyrir brottför hafi M aðeins sætt eftirliti og ekkert hafi staðið í vegi fyrir því að hann ferðaðist.

Álit.

Óumdeilt er að M var með gilda ferðatryggingu hjá V þegar hann veiktist á Kanaríeyjum í nóvember 2025 og að hann var lagður inn á sjúkrahús. Þá liggur fyrir að V samþykkti upphaflega bótaskyldu og staðfesti hinn 11. nóvember 2025 að kostnaður vegna veikindanna félli undir vátrygginguna.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort V hafi síðar verið heimilt að hafna frekari bótaskyldu með vísan til undanþáguákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar um fyrra heilsufar.

Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar bætir hún ekki tjón vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem vátryggður hafi þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Kemur þá fram að með meðferð sé átt við hvers konar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði og óhefðbundnar lækningameðferðir. Í fyrirliggjandi vottorði X, dags. 13. febrúar 2026, kemur fram að M hafi veikst af bráðri kransæðastíflu 5. apríl 2021. Hafi hann farið í þræðingu og fengið þrjú net. Það hafi gengið nokkuð vel en M veikst að nýju við snjómokstur hinn 17. desember 2022. Hafi þá verið ákveðið að setja bjargráð með CRT. Nokkuð vel hafi gengið fram til 10. desember 2023 en þá hafi M fengið svima og dottið af hjóli. Hafi M náð sér vel á strik að nýju og ekki sýnt mikil einkenni um hjartabilun eða takttruflanir fram til febrúar 2025 en hann hafi veikst nokkuð skyndilega 22. febrúar 2025. Hafi M verið unninn upp að nýju með kransæðamyndatökum, hjartaómun og settur á taktstillandi meðferð. Í kjölfarið hafi M farið í endurkomu til hjartalæknis 19. mars 2025, í júlí 2025 og 1. október 2025. Við þau tækifæri hafi M verið skoðaður og farið yfir bjargráð. M hafi verið nokkuð vel stabíll og ekkert sem hindraði hann við ferðalög. Hann hafi veikst nokkuð skyndilega 3. nóvember 2025 en þá hafi meira en sex mánuður, þ.e. næstum því átta mánuðir verið síðan M var síðast með einkenni hjartsláttartruflana.

Í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum er stafa frá sjúkrahúsinu á Gran Canaria kemur fram að M hafi verið lagður inn vegna viðvarandi sleglahraðtakts með blóðrásaráhrifum og nýrnabilunar. Kemur þar fram að M sé með blóðþurrðarhjartasjúkdóm eftir hjartadrep og má ráða af gögnunum að veikindi M ytra tengist fyrra heilsufari hans, þ.e. langvinnum blóðþurrðarhjartasjúkdómi.

Samkvæmt skilmálum V er slík tenging þó ekki nægileg svo að áðurgreint undanþáguákvæði eigi við, heldur þarf vátryggður, á síðustu sex mánuðunum fyrir greiðslu staðfestingargjalds, að hafa notið læknishjálpar og/eða meðferðar við þeim veikindum sem leiða til tjóns. Jafnframt kemur fram í umræddu skilmálaákvæði að lyfjanotkun teljist „meðferð“ í skilningi þess , þ.e. hafi vátryggður notið lyfjameðferðar vegna tiltekins sjúkdóms á síðustu sex mánuðunum fyrir greiðslu staðfestingargjalds, bætist ekki tjón sem rekja megi til þess sjúkdóms. Af fyrirliggjandi sjúkragögnum má ráða að M hafi verið á lyfjum vegna ástands síns, og ráða má af samskiptum hans við SOS International dags. 15. nóvember 2025, að koma hans til læknis hinn 19. mars 2025 hafi mögulega verið í þeim tilgangi að gera breytingar á lyfjagjöf. Verður því að telja að M hafi, á síðustu sex mánuðunum fyrir greiðslu staðfestingargjalds, verið til lyfjameðferðar vegna þess sjúkdóms sem leiddi til sjúkrahúsdvalar hans í nóvember 2025. Verður því, með hliðsjón af öllum gögnum málsins, því að M var til eftirlits og að því er virðist í lyfjameðferð vegna hjartakvilla á umræddu tímabili, að telja að umþrætt undanþáguákvæði eigi við. Á M því ekki rétt til frekari bóta.

Hvað varðar hins vegar kröfu eiginkonu hans, vegna framlengingar á dvöl hennar, þá verður ekki séð að afstaða V til þeirrar kröfu liggi fyrir né verður skýrlega ráðið af málskoti að þeirri kröfu sé haldið uppi fyrir nefndinni. Eru því ekki efni til að fjalla um hana að svo stöddu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 99/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. mars 2026, ásamt fylgiskjali.
2. Athugasemdir frá V, dags. 24. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. mars 2026.

Málsatvik.

Ágreiningur er uppi um það hvort tjón hafi orðið á bifreiðinni A 22. september 2025 vegna áreksturs við bifreiðina B og ef svo er hvernig skipta beri sök milli ökumanna bifreiðanna. Ekki virðist þó vera um það deilt að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. M sem er eigandi A byggir hins vegar á því í málskoti að fyrirliggjandi gögn sýni ekki fram á að tjón hafi orðið á B af völdum A. Því geti ekki komið til þess að gamalt tjón sem hafi verið hægra megin á aftur stuðara B verði rakið til þessa atburðar. Bæði A og B voru vátryggðar hjá V. Telur M að ökumaður B, hafi staðfest á vettvangi að ekkert tjón hafi orðið á B af völdum A. Vegna framangreinds ágreinings óskaði V eftir því að Aðstoð og Öryggi (A&Ö) gerði samanburð á bifreiðunum. Í skýrslu A&Ö kemur m.a. fram að skýrsluritari hafi rætt við eigendur bifreiðanna þegar þær voru skoðaðar og hæðarmældar. Hafi eigandi B, sem ekki var ökumaður í umrætt sinn, sagt að þegar A hafi verið bakkað hafi dráttarkrókur þeirrar bifreiðar lent á hægra afturhorni B. M hafi hins vegar sagt að vinstra afturhorn A og einhver hluti af B hafi rétt snerts en að dráttarkrókur A hafi ekki lent á B. Skýrsluritari sá að töluvert var af litlum rispum á vinstra afturhorni A en enginn þeirra hafi passað við hæð tjóns á B. Skýrsluritari hafi einnig skoðað hæð dráttarkróks A og hafi sú hæð passað ágætlega við dældina á hægra afturhorni B. Eina mælanlega ákoman í dældinni á B hafi verið tvær láréttar línur með 1 cm milli bili. Eina lárétta línulega form dráttarkróksins sé þar sem kúla dráttarkróksins leggst ofan í festingu hans. Brúnir festinganna hafi því verið þær einu sem komu til greina. Hins vegar sé tveggja cm bil á milli efri og neðri brúnar festingarinnar. Þá hafi einnig skeikað um 4-5 cm á hæð á brún dráttarkróksins og láréttu línanna í dældinni á B. Skýrsluritari taldi sig því ekki geta sagt með vissu að tjón á hægra afturhorni B og dráttarkrókur A passi saman þar sem hæð og lögun passaði ekki alveg saman. Þá passi vinstra afturhorn A ekki við tjón á hægra afturhorni B þar sem vinstra afturhornið sé hærra en tjónið á B.

Í athugasemdum V kemur m.a. fram að í framhaldi af rannsókn A&Ö hafi V talið að bótaréttur B væri ekki til staðar. Hafi eigendur bifreiðanna verið látnir vita af þeirri niðurstöðu. Þann 3. október 2025 hafi hins vegar tveir starfsmenn V farið til fyrirtækisins X og fengið að sjá myndbandsupptöku af atvikinu. Í athugasemd frá öðrum þessara starfsmanna segi eftirfarandi: „Við […] förum í heimsókn til [X] og fáum að sjá myndskeið af atvikinu. Á myndskeiðinu sést að [A] bakkar á [B], sem hafði verið kyrrstæð í 3-4 sekúndur. Tjónið er ekki sýnilegt fyrr en eftir áreksturinn. Af þessu teljum við tjónið bótaskylt úr ábyrgðartryggingu [A]…“ Upplýsir V að í kjölfar þessa hafi verið sendur póstur á M og hann látinn vita um þessa breyttu niðurstöðu.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann er ósammála því sem fram kemur í athugasemdum V.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að ágreiningur er uppi um það hvort tjón hafi orðið á B við árekstur við A hinn 22. september 2025 og ef svo er hvernig skuli skipta sök milli ökumanna. Eins og að framan greinir taldi V í upphafi, með vísan í niðurstöðu í skýrslu A&Ö, að ósannað væri að tjón á B væri vegna árekstursins við A. V skipti síðan um skoðun með vísan í upplýsingar sem fram komi í myndbandi fyrirtækisins X af atvikinu sem tveir starfsmenn V hafi skoðað. V hefur hins vegar ekki lagt umrætt myndband fyrir nefndina né fengið óháðan aðila, eins og t.d. A&Ö, til að staðreyna að það sem starfmennirnir tveir segja að þar komi fram sé rétt og satt. Nefndin telur því ekki forsendur til þess að leggja það til grundvallar í málin hvað þessir tveir starfsmenn segjast hafa séð á umræddu myndbandi. Það sem eftir stendur í málinu er því álit A&Ö þar sem m.a. kemur fram að skýrsluhöfundur treysti sér

ekki til að fullyrða með vissu að tjónið á B verði rakið til árekstursins við A. Eins og málið liggur fyrir telur nefndin ósannað að tjónið á B verði rakið til árekstursins við A. Af fenginni þeirri niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um sakarskiptingu milli ökumanna A og B. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að tjónið á B verði ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
Tjón á hægra afturhorni B verður ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 100/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 11. maí 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 31. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að tilkynning hafi borist þann 27. september 2024 um að M hafi slasast við vinnu sína hjá X. Er lögreglan kom á staðinn voru sjúkraflutningamenn að færa M á sjúkrabörur. Aðspurður kvaðst M hafa verið að fara út með rusl í hrávinnslusal þegar hann hafi runnið í bleytu og lent harkalega á vinstri hliðinni svo hann hafi strax fundið mikið til í mjöðminni og ekki getað hreyft sig.

Í málskoti er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Er bent á að M telji að fyrirkomulag á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegt og ekki í samræmi við 1. mgr. 13. gr., 14. gr., 21. gr., 23. gr., 37. gr. , 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og nánar tilgreind ákvæði í reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Telur M að X hafi ekki tryggt fyllsta öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustaðnum. Gólfið hafi verið hált vegna annars starfsmanns sem hafi gengið um vinnslusalinn og smúlað hann með vatni og sápu meðan aðrir starfsmenn hafi unnið við færibönd og gengið á milli starfsstöðva á þröngu svæði. Hafi viðkomandi starfsmanni mátt vera það ljóst að þessu fylgdi slysahætta fyrir samstarfsmenn hans. Telur M þetta óumdeilt samanber það sem fram komi í tilkynningu vinnuveitanda til Vinnueftirlitsins, dags. 7. október 2024. Þá byggir M á því að X hafi láðst að gera starfsmönnum sínum ljósa þá slysahættu sem bundin var starfi þeirra og að sjá til þess að þeir fengju nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hætta af. Háttsemi starfsmannsins sem dró vatnsslönguna eftir gólfi vinnslunnar beri með sér að hann hafi ekki verið þjálfaður í að framkvæma störf sín á öruggan hátt eða þá að hann hafi farið gegn þeirri þjálfun sem hann fékk. Hvort tveggja feli í sér saknæma og ólögmæta háttsemi. M telur einnig að verkstjórn hafi verið verulega ábótavant þar sem verkstjórinn hafi leyft þessum starfsháttum að viðgangast án þess að grípa til viðeigandi öryggisráðstafana til að draga úr slysahættu. Hafi honum láðst að sjá til þess að allur búnaður, í þessu tilviki vatnsslanga, væri góður og öruggt skipulag væri ríkjandi á vinnustaðnum. Að lokum er á því byggt að umferðarleiðir á vinnustaðnum hafi ekki verið nægilega greiðar og afmarkaðar. Margir starfsmenn hafi unnið á litlu og þröngu svæði sem hafi verið hált og vatnsslanga sem var á hreyfingu hafi þverað vinnslusalinn og umferðarleiðir og athafnasvæði hans. Ekki hafi verið dregið úr hálku á gólfinu heldur bætt við hana með því að smúla vinnslusalinn með vatni og sápu meðan fjöldinn allur af starfsmönnum vann hörðum höndum og á háu tempói. M telur að koma hefði mátt í veg fyrir slysið ef farið hefði verið eftir framangreindum reglum.

V hafnar því í athugasemdum sínum að slysið verði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Þrif á vinnslusalnum í umrætt sinn hafi farið fram samkvæmt gildandi verklagi, sem aftur hafi verið í samræmi við kröfur laga nr. 46/1980 og reglum nr. 581/1995 settum á grundvelli þeirra. Vegna hreinlætis og öryggis á vinnustaðnum var að mati X óhjákvæmilegt að þrífa vinnslusalinn með þeim hætti sem gert var. Þá bendir X á að M hafi umrætt sinn haft nægt athafnarými til að sinna störfum sínum með eðlilegum hætti og því sé því hafnað að umferðarleiðir hafi ekki verið nægilega greiðar eða afmarkaðar. Jafnframt sé því hafnað að sápa hafi verið á gólfi. X leggi áherslu á öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustaðnum og að starfsmenn hljóti nauðsynlega þjálfun þar sem þeim sé meðal annars gerð grein fyrir mögulegri slysahættu. Þjálfunin byggi á fastmótuðu verklagi sem sé í samræmi við kröfur laga og reglugerða á þessu sviði. Þá bendir V á að það liggi fyrir

lögregluskýrsla, dags. 27. september 2024, þar sem m.a. sé haft eftir M að hann hafi verið að fara út með rusl í hrávinnslusal þegar hann rann í bleytu og lenti harkalega á vinstri hliðinni. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 7. október 2024, segir að einn starfsmaður hafi verið að draga vatnsslöngu eftir gólfinu og að M hafi stigið á slönguna og við það dottið á gólfið. Orsök slyssins er þar sögð snerting við harða hluti eða hluti með gróft yfirborð. V áréttar að hvorki í lögregluskýrslu né tilkynningu til Vinnueftirlitsins sé getið um að sápa hafi verið á gólfi vinnslusalarins og er því þeirri staðhæfingu sérstaklega mótmælt af hálfu X. Þá verði heldur ekki séð á myndbandsupptöku af slysinu að sápa hafi verið á gólfi. V vísar til þess að í tilkynningu um vinnuslys sem útfyllt hafi verið af lögmanni M og í tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands, komi fram að M hafi hafið störf hjá X þann 29. mars 2023. M hafði því unnið hjá X í um 18 mánuði fyrir slysið og búið yfir talsverðri reynslu af vinnu í því umhverfi sem slysið varð í. Af myndbandsupptöku af slysinu verði ekki séð að M hafi snúið sér við og þá stigið á vatnsslönguna. Þvert á móti sjáist að hann gengur fyrst samhliða starfsmanni sem dregur slöngu eftir gólfinu, stígur yfir slönguna, fer að kari og tekur þar upp eitthvað í fötu, gengur síðan af stað á ný, virðist staldra við og horfa niður fyrir sig, stígur þá niður, líklega á slönguna og rennur við það til. Jafnframt sést að fjöldi starfsfólks er í vinnslusalnum. Af upptökunni sé því ljóst að M mátti vera kunnugt um að verið væri að draga slöngu eftir gólfinu, enda hafði hann sjálfur stigið yfir hana skömmu áður en hann rann til. Með hliðsjón af þessu sé því hafnað að öðrum starfsmönnum X verði kennt um slysið. Þá hafa engin gögn verið lögð fram sem styðji þá málsástæðu að starfsmenn hafi ekki fengið nauðsynlega kennslu og þjálfun eða að verkstjórn hafi verið ábótavant. Jafnframt sé því alfarið hafnað að M hafi ekki haft nægt rými til athafna í vinnu sinni. Þá sé því einnig hafnað að sýnt hafi verið fram á að aðstæður á vinnustaðnum, þegar M slasaðist, hafi verið óvenjulegar eða þannig að af þeim stafaði sérstök hætta sem X hefði getað komið í veg fyrir. Að framangreindu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins, einkum myndbandsupptöku, telur V að slysið verði fyrst og fremst rakið til þess að M hafi ekki gætt nægjanlega að sér þegar hann gekk um gólf vinnslusalarins á meðan starfsfólk vann við frágang og þrif. Að mati V verði ekki séð að slysið verði rakið til saknæms vanbúnaðar, saknæms athafnaleysis eða annarra atvika eða aðstæðna sem X geti borið ábyrgð á, né heldur til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna X, heldur til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis M þegar hann gekk af stað með rusl og steig á slöngu á gólfinu.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M fyrri afstöðu sína og bendir á eftirfarandi varðandi athugasemdir V. Í fyrsta lagi að M hafi ekki raunhæfan möguleika á því að færa sönnur á að vatn hafi verið á gólfi vinnslusals X þegar slysið átti sér stað. Til þess hefði hann þurft að afla margvíslegra sönnunargagna, svo sem ljósmynda, sem hann hafi ekki haft hugann við er slysið varð. Aftur á móti standi það V mun nær að sýna fram á þann hátt sem hafður var á hreinsun umrætt sinn, enda vinni margir hjá X sem geti vitnað um ágreiningsefnið. Í öðru lagi telur M að bersýnilegt sé á fyrirliggjandi myndbandi að mikið vatn var um allt gólf í vinnslusal X þegar slysið átti sér stað. Í þessu ljósi skipti ekki höfuðmáli hvort að sápa hafi verið á gólfinu þar sem hálka var bersýnilega mikil vegna bleytunnar. Í þriðja lagi sjáist ekki í myndbandinu hvort að M rann á slöngu þeirri sem þar sést dregin. Jafn líklegt sé að M hafi skrikað fótur við að spyrna sér yfir slönguna og fram hjá fólki sem var í gangvegi hans. Þá virðist slangan hafa verið dregin eftir gólfinu samhliða göngu M yfir hana, hefur slangan því að líkindum verið á nokkurri hreyfingu og erfitt að gæta sín á henni. M byggir þó á því að í raun skipti litlu máli við úrlausn málsins hvar nákvæmlega fótur hans kom niður áður en hann féll. Aðalatriðin séu; annars vegar að samstarfsmaður M hafi skapað slysahættu með því að bleyta gólfið í vinnslusalnum og draga þar slöngu inn í þvögu fólks, og hins vegar að X greip ekki til þeirra varúðar- og öryggisráðstafana sem honum er skylt að gera að lögum, með þeim afleiðingum að slysahætta í vinnslusalnum varð mun meiri en nauðsynlegt var. Í fjórða lagi hafnar M eindregið þeirri staðhæfingu V að óhjákvæmilegt hafi verið að standa að þrifum með þeim hætti sem gert var í aðdraganda slyssins. V hafi engin rök eða gögn fært fram til stuðnings þeirri málsástæðu. M telur að víða þekkist í matvælaiðnaði á Íslandi að vinnslusalir séu þvegnir að kvöldlagi eftir lok vinnu, m.a. í því skyni að tryggja öruggar vinnuaðstæður. Ekkert sé komið fram í málinu sem bendi til annars en að X hafi staðið slíkt verklag til boða. Í fimmta lagi er sérstaklega áréttað að engu máli skipti hvort vinna á staðnum hafi farið fram í samræmi við verklagsreglur sem V kveður að X hafi sett, að eigin sögn í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Í þeirri staðhæfingu felast engin efnisleg rök fyrir samræmi þeirra meintu verklagsreglna við gildandi rétt. Þá er á það bent að V hafi af einhverjum ástæðum ekki séð sér fært að leggja fram umræddar verklagsreglur þrátt fyrir að hann byggi á þeim í ríkum mæli. Í sjötta lagi er ítrekuð sú málsástæða að vinnuaðstæður í vinnslusalnum hafi verið óhóflega þröngar og að of margt fólk hafi unnið á litlu svæði, sem hafi aukið slysahættu. Því er hafnað að athafnarými hafi verið nægilegt, enda telur M að þvert á

móti sjáist greinilega á myndbandinu að nokkur mannmergð hafi verið búin að myndast á þeim stað í vinnslusalnum sem slysið varð.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar V að almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti geri ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Að mati V hefur M ekki lagt fram gögn sem styðja málsástæður og kröfu hans um að viðurkennd verði skaðabótaskylda vegna slyssins, þ.e. að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í gögnum málsins kemur fram að M byggir á því slysið megi rekja til gáleysis samstarfmanns M og verkstjóra. Að framan, undir málsatvik, er að finna nánari umfjöllun um rök M fyrir framangreindu. Ekki er hins vegar á því byggt af hálfu M að X hafi ekki staðið eðlilega að því að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Það liggur því fyrir að það hvílir á M að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu þess hjá V. Að mati nefndarinnar verður ekki annað séð af fyrirliggjandi myndbandi en að M hafi mátt vera kunnugt um vatnsslöngu þá sem var á vinnusvæðinu og að gólfið væri blautt. Jafnframt telur nefndin að M hafi ekki lagt fram gögn sem gætu sýnt fram á að þær aðstæður sem uppi voru á vinnustaðnum í umrætt sinn hafi falið í sér brot á þeim reglum sem M vísar til máli sínu til stuðnings. Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að slysið verði rakið til saknæmra athafa eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 101/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 2. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. mars 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. apríl 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 25. júlí 2024, barst daginn áður tilkynning um vinnuslys í húsnæði X. M, sem var starfsmaður X, hafði fengið skurð á hægri rist. Lýsti hann atvikum svo fyrir lögreglu að hann hafi ætlað að færa stand að roðrífuvél sem hann var að vinna við. Í standinum hafi verið roðrífuhnífur sem hafi dottið úr standinum við tilfærsluna og lent á fæti M. Engin vitni hafi orðið að umræddu atviki. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að lögregla hafi haft samband við starfsmann Vinnueftirlitsins „sem vissi af atvikinu og sagði það vera í úrvinnslu."

Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við slysið enda megi rekja tjón hans til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi sem X beri ábyrgð á. Hafi fyrirkomulag á vinnustaðnum verið óforsvaranlegt og ekki til samræmis við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir settar með stoð í þeim. Það að standurinn og/eða hnífurinn hafi ekki verið þannig úr garði gerður að unnt væri að færa hann til án slysahættu fyrir starfsfólk, það að starfsfólk hafi þurft að vinna með útbúnaðinn í þessu ástandi og það að ekki hafi verið varað við slysahættu vegna þess feli í sér brot á nánar tilgreindum reglum laga nr. 46/1980. Er sérstaklega vísað til 1. mgr. 13. gr. sbr. 37. gr., 42. gr., 14. gr., 21. gr., 1. mgr. 23. gr. og 46.gr. laganna sem leggi m.a. þær skyldur á atvinnurekanda að tryggja að fyllsta öryggis og aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt og að starfsfólki sé gerð ljós sú slysahætta sem kunni að fylgja störfum þess. Þá skuli vélar, vélarhlutar, tæki og annar búnaður vera þannig úr garði gerð að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Þessa hafi ekki verið gætt, heldur þvert á móti þar sem hinn þungi hnífur sem um ræði hafi fallið við litla tilfærslu. Eftir slys M hafi hins vegar verið ráðist í endurbætur með því að festa hnífinn betur.

Þá hafi X vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið með þeim hætti sem áskilið sé í 79. gr. laga nr. 46/1980. Tilkynning um slysið hafi þannig ekki verið send Vinnueftirlitinu fyrr en 27. ágúst 2024, eða um fimm vikum síðar og af þeim sökum hafi slysið ekki verið rannsakað af hálfu þess. Verði X að bera hallann af því og er vísað til fordæma Hæstaréttar því til stuðnings.

V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 2. desember 2025. Byggði V á því að M hefði fengið þjálfun til starfans og almenna öryggisfræðslu. Hann hafi hins vegar ekki fylgt viðurkenndu verklagi umrætt sinn. Þá benti ekkert til þess að umræddur standur hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar séu til slíks búnaðar, og hafi Vinnueftirlitið ekki gert athugasemdir við ástand hans. Síðari endurbætur sem gerðar hafi verið á standinum staðfesti ekki að ástand hans hafi verið óforsvaranlegt fyrir. Hvað varði vitnisburð samstarfskonu M, dags. 13. mars 2025, um ástand standsins, þá hafi sú yfirlýsing ekki vægi í málinu, enda liggi fyrir að ekkert vitni hafi orðið að slysinu. Þá hafi viðkomandi verið samstarfsmaður M, en ekki óvilhallur aðili, auk þess sem yfirlýsing hennar sé dagsett tæpu ári eftir slysið. Þá verði X ekki látið bera hallann af sönnunarskorti þar sem lögreglan hafi hringt í Vinnueftirlitið á slysdegi. V telji því að ekkert í málinu bendi til þess að óforsvaranlegar aðstæður hafi orsakað slys M.

Í málskoti er þessum röksemdum V alfarið hafnað. Enga frekari lýsingu eða gögn sé að finna um það verklag sem V byggi á að hafi verið viðurkennt, og sé því tilvist þess og innihald ósönnuð. Verði þá að skilja staðhæfingar V hvað þetta varðar þannig að V telji að um eigin sök M hafi verið að ræða. Sönnunarbyrði þess hvíli á V og sé ekkert fram komið sem bendi til þess að M hafi athafnað sig með ógætilegum hætti eða brotið gegn gildandi verklagsreglum. V leggi heldur engin gögn fram til stuðnings þeirri staðhæfingu að umræddur standur hafi verið í samræmi við þær kröfur sem gerðar verði til slíks búnaðar. Ótækt sé að líta svo á að standur með hnífum teljist öruggur ef þungir hnífar geta fallið úr honum án fyrirvara. Sá hlífðarbúnaður sem hafi verið komið fyrir við síðari endurbætur, hafi þá að

öllum líkindum fylgt standinum þegar hann kom frá framleiðanda. Hafi X því staðið til boða að varna slysum með nýtingu þessa búnaðar frá upphafi. Í því að Vinnueftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við búnaðinn felist ekki að það hafi lagt blessun sína yfir hann. Er því þá hafnað að fyrirliggjandi vitnisburður samstarfskonu M hafi ekki vægi enda hafi dómstólar margsinnis byggt á slíkum vitnisburði í skaðabótamálum. Er þá áréttað að X hafi borið að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið og ekki verði byggt á því að í óformlegu samtali lögreglu við starfsmann þess hafi falist slík tilkynning. Af framangreindu bendi allt til þess að óforsvaranlegur frágangur á títtnefndum standi hafi orsakað slys M og hafi V ekki lagt fram nein gögn eða skýringar er bendi til annars.

Í bréfi V til nefndarinnar eru fyrri röksemdir þess ítrekaðar og sérstaklega tekið fram að umræddur standur eða rekki sé sérstaklega útbúinn til að geyma íhluti fyrir roðrífuvél, þ.á.m. hnífa. Hnífurinn sem féll á M sé því partur af rekkanum og annað hvort geymdur í honum eða roðrífunni sjálfri. Rekkinn sé á hjólum og sé rétt gengið frá hlutum í hann eigi að vera að auðvelt að færa hann til án þess að íhlutir færist til. Hafi M fengið almenna öryggisfræðslu og leiðbeiningar um notkun roðrífunnar. Er þá áréttað að X hafi verið í góðri trú um að Vinnueftirlitinu hefði verið tilkynnt um slysið. Af lögregluskýrslu verði jafnframt ráðið að Vinnueftirlitið hafi haft vitneskju um slysið en metið það sem svo að ekki væri þörf á vettvangsrannsókn. Enda sé það svo að Vinnueftirlitið komi ekki alltaf á vettvang og rannsaki þau slys sem því sé tilkynnt um. Sé því ekki tilefni til að snúa sönnunarbyrði við á grundvelli þess að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slysið. Telji V ekkert komið fram sem bendi til þess að óforsvaranlegar aðstæður hafi orsakað slysið heldur megi rekja það til eigin aðgerða eða mistaka M.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis af hálfu X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á þannig að bótaábyrgð stofnist úr ábyrgðartryggingu þess.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum ber að leggja til grundvallar.

M byggir á því að X hafi ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið innan lögbundins frests. Þótt fyrir liggi að formleg tilkynning hafi ekki verið send Vinnueftirlitinu fyrr en síðar verður af lögregluskýrslu ráðið að Vinnueftirlitið hafi þegar haft vitneskju um slysið og talið málið vera í úrvinnslu. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum gerði Vinnueftirlitið takmarkaða úttekt vegna slyss á starfsmanni 13. ágúst 2024, eða tveimur vikum áður en formleg tilkynning X um slysið barst. Verður því að miða við að Vinnueftirlitið hafi fengið vitneskju um slysið þegar á slysdegi þó rannsókn hafi ekki farið fram þá. Verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að framangreindur skortur á formlegri tilkynningu skuli leiða til fráviks frá almennum reglum um sönnunarbyrði.

Fyrir liggur að M hlaut skurð á hægri rist þegar hnífur féll úr standi sem hann var að færa til við störf sín. Engin vitni urðu að atvikinu og ekki liggja fyrir gögn sem varpa frekara ljósi á hvernig hnífurinn losnaði úr standinum eða hvort frágangi hans hafi verið ábótavant í aðdraganda slyssins. Fyrirliggjandi er yfirlýsing annars starfsmanns X, dags. 13. mars 2025, þar sem fram kemur að hnífnum hafi ekki verið tryggilega komið fyrir standinum og hafi það leitt til slyssins. Þessa yfirlýsingu verður að skoða í því ljósi að hún kom ekki fram fyrr en átta mánuðum eftir slys M. Þar sem umræddur aðili var ekki vitni að slysinu felur hún þá ekki í sér sönnun þess að frágangur standsins hafi verið óforsvaranlegur eða í andstöðu við lög eða reglur í aðdraganda slyssins.

M hefur vísað til þess að eftir slysið hafi verið gerðar breytingar á standinum og hnífurinn festur betur. Slíkar úrbætur eða breytingar sem gerðar eru eftir slys geta sem slíkar ekki talist sönnun þess að búnaður hafi fyrir slysið verið ófullnægjandi eða óforsvaranlegur. Þá verður ekki ráðið af fyrirliggjandi eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 14. ágúst 2024, að standurinn hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru til hans eða að vinnuaðstæður hafi verið í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglur settar samkvæmt þeim. Hefur M þá ekki lagt fram önnur gögn er sýni fram á það.

Hefur M samkvæmt framangreindu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 102/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Hringtorg. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. mars 2025, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V1, dags. 20. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. mars 2026.
4. Athugasemdir V2, dags. 9. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
5. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. apríl 2026 og 12. apríl 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur 5. febrúar 2026 á milli A, en eigandi hennar er M, og B á hringtorgi við Skógarlind í Kópavogi. Í aðdraganda árekstursins var báðum bifreiðum ekið eftir Dalvegi til austurs og inn í hringtorgið við Skógarlind. A var á hægri akrein en B á vinstri akrein. Þegar A og B var ekið inn í hringtorgið héldu þær sömu staðsetningu, þ.e. A var ekið inn í ytri hring og B var ekið inn í innri hring. Stuttu eftir að ökumaður B ók inn í hringtorgið beygði hann til hægri, ók inn í hlið A og varð tjón á báðum bifreiðum. Ökumaður A ætlaði út á öðrum gatnamótum hringtorgsins eftir innakstur en B á fyrstu gatnamótum. Í skýrslu Aðstoðar og Öryggis, dags. 5. febrúar 2026, kemur fram að ökumaður A hafi sagst hafa ekið rólega inn á hringtorgið og litið vel til vinstri áður en hún ók fram hjá Skógarlind. Hún hafi ekki ekið fram hjá fyrstu gatnamótum fyrr en hún hafi verið fullviss um að engin önnur bifreið væri í hringtorginu og taldi því að B hefði verið ekið ansi hratt. Það hafi komið ökumanni A mjög á óvart þegar hún sá hvaðan B hafði verið ekið því hún hefði aldrei séð B við hliðina á sér eða fyrir aftan sig á Dalvegi. V1 skipti sök til helminga á milli A og B. Tjónanefnd vátryggingafélaganna komst að sömu niðurstöðu og vísaði í rökstuðningi til þess að B hafi ekið af innri akrein hringtorgs út á fyrstu gatnamótum þess og A hafi ekki veitt umferð um innri akrein forgang við akstur út úr hringtorginu. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Ökumaður B hafi brotið gegn ákvæði 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður B hafi viðurkennt að hafa ekið inn á innri akrein og beygt út á fyrstu gatnamótum og hafi þar með brotið gegn framangreindu lagaákvæði. Ákomumynd bifreiða sýni að B hafi verið ekið inn í vinstri hlið A, á ökumannshurð og frambretti. Sú staðsetning tjóns staðfesti að A hafi verið komin verulega fram yfir miðju akreinar sinnar og hafi ekki haft raunhæfa möguleika á að forðast árekstur. Ef tjón hefði verið á framhorni A bæri ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Hins vegar sé tjónið á miðri hlið A sem sýni að B hafi ekið inn í hlið A. Með hliðsjón af skýru broti B á umferðarlögum, viðurkenningu B á akstursmáta sínum og ákomumynd tjóns telur M ótvírætt að B beri fulla ábyrgð á árekstrinum.

Í athugasemdum V1 er vísað til 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga um skilgreiningu á hringtorgi. Jafnframt til 2. málslið 6. mgr. 19. gr. sömu laga um að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri akrein, ætli hann sér að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Þá sé jafnframt kveðið á um í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr hringtorginu. Ljóst sé af gögnum málsins að áreksturinn hafi orðið við fyrstu gatnamót hringtorgsins miða við akstursleið ökumannanna. Óumdeilt sé að ökumaður B hafi ekið inn á innri akrein með fyrirhugaðan akstur út á fyrstu gatnamótum hringtorgsins þegar ökumaður A ók inn á hringtorgið á ytri akrein með fyrirhugaðan akstur fram hjá fyrstu gatnamótum, en þá hafi árekstur milli bifreiðana orðið. Með hliðsjón af framangreindu telur V1 sök réttilega skipt til helminga á milli A og B. Ökumaður A beri helming sakar fyrir að veita ekki umferð af innri hring hringtorgsins forgang skv. 3. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Ökumaður B beri helming sakar fyrir að hafa ekið út á fyrstu gatnamótum hringtorgsins af innri hring, enda beri ökumanni að velja ytri hring ef fyrirhugaður akstur er út á fyrstu gatnamótum skv. 2. málslið 6. mgr. 19. gr. sömu laga. Því til stuðnings vísar V1 til úrskurðar nefndar í máli nr. 290/2021.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 29. mars 2026, er það áréttað að A hafi verið ekið vel á undan B og ökumaður A hafi aldrei átt möguleika á að sjá B þar sem hún hafi komið inn í blinda punktinn. Ökumaður B hafi haft allt í hendi sér til þess að forða árekstri. Hann hafi ekið rakleitt inn í hlið A.

Í athugasemdum V2 er vakin athygli á að umferðarlagabrot eins ökumanns firri hinn ökumanninn ekki ábyrgð sem á honum hvíli samkvæmt umferðarlögum. Ljóst sé að með háttsemi sinni hafi M gerst brotlegur við 3. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Aukinheldur hafi huglæg afstaða ökumanna til tjónsatviks á vettvangi ekki verið talin hafa áhrif við sakarskiptingu í málum sem þessu. V2 er sammála niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna. V2 telur hvorugan ökumann hafa gætt nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs og því sé ekki tilefni til að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn. Þessu til stuðnings vísar V2 til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 290/2021.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 9. apríl 2026, er byggt á að þó svo ökumanni A hafi verið skylt að veita B forgang, eigi það ekki við í máli þessu þar sem B hafi verið ekið inn í hringtorgið og rakleiðis út aftur og inn í vinstri hlið A. Ökumaður A hafi aldrei átt möguleika á því að forða tjóni enda viðurkenni ökumaður B að hafa valdið árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 12. apríl 2026, er því hafnað að úrskurður nefndarinnar í máli nr. 290/2021 sé fordæmisgefandi þar sem hringtorgið í því máli sem hér um ræðir sé ekki sambærilegt.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli A og B vegna áreksturs 5. febrúar 2026. Í málinu er ekki ágreiningur um málsatvik.

Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum ætlaði ökumaður B út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið og bar honum því að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þess gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málsl. sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði í umrætt sinn. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök til helminga á milli ökumanna á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 9. júní 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 103/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 24. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 26. september 2025 hafi M lent í umferðarslysi, A hafi verið ekið aftan á B, bifreið sem M ók og hafi hann við það orðið fyrir meiðslum. Sama dag hafi M leitað á Læknavaktina og síðan aftur 23. nóvember 2025 vegna viðvarandi verkja. Hafi hann farið í MRI að beiðni sjúkraþjálfara. M hafi verið í sjúkraþjálfunarmeðferð frá október 2025. Þá hafi M einnig farið til háls, nef og eyrnalæknis sem staðfesti að suð í hægra eyra væri að rekja til heilahristings sem M hafi hlotið í árekstrinum. V hafnaði því að bótaskylda væri til staðar vegna slyssins úr ábyrgðartryggingu A með bréfi tölvupósti dags. 8. janúar 2026. Í rökstuðningi var vísað til þess að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða og að myndgreining benti til þess að afleiðingar væru af eldri toga. Auk þess að jafnvel þótt að um tímabundin og væg tognunareinkenni væri að ræða, gætu þau ekki verið þess eðlis að vera langvarandi eða varanleg. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er því mótmælt að V geti eingöngu með vísan til PC-crash skýrslu hafnað bótaskyldu í málinu. M byggir á að í málinu sé deilt um atriði sem ekki séu á færi forrits að skera úr um. Það sé almennt viðurkennt að sjáanlegt tjón á bifreiðum og umferðarhraði sé mjög ónákvæmur mælikvarði á því hverjar séu varanlegar líkamlegar afleiðingar umferðarslyss fyrir tjónþola. Líkamlegt atgervi manna sé mismunandi og því ómögulegt að alhæfa hvort og þá hvaða varanlegar afleiðingar umferðarslys hafi í för með sér hverju sinni út frá myndum og vangaveltum einum og sér. Þættir eins og tegund bifreiðar, ástand hennar og þyngd, kyn tjónþola, aldur, fyrra heilsufar, líkamsstelling og vitneskja um yfirvofandi árekstur hafi allir áhrif á líkamleg einkenni tjónþola eftir slys. Það þurfi því ekki mikið til svo að aðili finni til verkja eftir árekstur, eins og M geri. Það sé því eðli málsins skv. undir matsmönnum komið að meta orsakatengsl milli árekstrar og afleiðinga, en ekki sérfræðinga V. Til stuðnings þeirri afstöðu vísar M til 37. málsgreinar í dómi Landsréttar í máli nr. 907/2024 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 457/2025. M telur að leggja beri framangreindan dóm og úrskurð til grundvallar í málinu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu V, enda hafi styrkur höggsins eða sjáanleg ákoma engin áhrif. Mestu máli skipti að matsmenn meti tjón M. Niðurstaða um það hvort og hve miklu líkamlegu tjóni M hafi orðið fyrir í umferðarslysinu eigi að byggjast á læknisfræðilegu mati sem síðan byggi á læknisfræðilegum gögnum. PC-crash skýrslan nægi ekki til þess að slá því föstu hvort M hafi hlotið líkamstjón eða ekki. Aðstoð og öryggi hafi augljóslega mikla hagsmuni af því að útbúa niðurstöður sem séu m.a. V að skapi. M byggir á að framkvæmd rannsóknarinnar sé haldin annmörkum og ekki sé á þeim byggjandi. M hafnar því að útreikningar í skýrslunni hafi eitthvert sönnunargildi um orsakatengsl í málinu. Skýrslunnar hafi verið aflað einhliða af hálfu V. M vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 107/2009. Þá vísar M til viðgerðarreiknings frá Z þar sem fram komi að viðgerðarkostnaður hafi numið 493.977 kr. Það sé því ljóst að tjónið hafi ekki verið smávægilegt. Þótt tjónið hafi ekki verið sjáanlegt á stuðaranum sé ekki útilokað að tjón sé aftan á stuðaranum að innan verðu. Jafnvel þó tjónið myndi verða flokkað sem „smávægilegt“ útiloki það ekki að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni með vísan til alls sem áður hefur verið rakið. M telur ljóst að það sé undir matsmönnum komið að meta orsakatengsl milli umferðarslyssins og einkenna hans og gerir kröfu um að nefndin úrskurði um fulla bótaskyldu V í málinu.

Í athugasemdum V er byggt á að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð en M beri sönnunarbyrði um það atriði. Við mat á orsakatengslum sé einkum horft til fjögurra þátta sem eigi sér meðal annars rót í norsku réttarfari. Til að staðfest sé að einkenni M sé að rekja til slyss þurfi eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt: 1. Að orka við slysaatburð sé nægjanleg til að valda líkamstjóni, 2. Að áverkar séu staðfestir með læknisskoðun sem fyrst eftir slysaatburðinn, 3. Að

fyrir liggi gögn um samfellu einkenna. 4. Að þróun einkenna hafi verið eins og vænta má, að aðrar ástæður séu ekki líklegri til að valda einkennum kæranda. Hvað fyrsta atriðið varðar þá liggi fyrir PC skýrsla sem staðfesti að höggið af árekstrinum hafi verið vægt, eða 0,99 g sem sé aðeins meiri hröðun á höfuð en að setjast. Þá sjáist einnig á myndum af A og B í skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 26.9.2025, að engar sjáanlegar ákomur hafi verið á bifreiðunum. Jafnframt hafi M sagt það sjálfur að ekkert hafi sést á bíl hans eftir atvikið. Hvað önnur atriði varðar þá leitaði M á Læknavaktina á slysdegi og kemur fram í samskiptaseðli um áverka að M hafi fundið „immediate pain in left shoulder, then developed pain in the neck and upper back. Some pain in left side of jaw. Mild dizziness developed over the day, as well as fatigue“. Næsta koma M til læknis var á Læknavaktina 23. nóvember 2025 eða um tveimur mánuðum síðar og var þá gerð beiðni í myndgreiningu af vinstri öxl þar sem M var enn að glíma við verki eftir aftanákeyrslu. Þá kom einnig fram í samskiptaseðli að M væri versnandi af tinnitus. Frekari læknisfræðileg gögn þar sem minnst er á slysið sé ekki að finna. V bendir sérstaklega á, hvað yfirlit um komur til sjúkraþjálfara varðar, að ekki sé að finna beiðni til sjúkraþjálfara í gögnum málsins og því óvíst af hverju M hafi leitað sér aðstoðar sjúkraþjálfara en ekkert staðfesti að það hafi verið í tengslum við umrætt slysið. Þegar sjúkraskrá M sé skoðuð í heild, þá sérstaklega fyrir umrætt slys, megi sjá að hann hafi verið að glíma við alskyns vanda fyrir slys sem líkist þeim umkvörtunum sem hann telur í dag að rekja megi til slyssins. Með hliðsjón af gögnum málsins, þá sérstaklega læknisfræðilegum gögnum og PC skýrslu, telur V ljóst að orsakatengsl milli umrædds umferðarslyss og þeirra einkenna sem hann rekur til þess séu ósönnuð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi áreksturinn verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum. Þá sé ekki hægt að segja að samfella hafi verið í sjúkrasögu M en hann hafi aðeins leitað tvisvar sinnum til læknis vegna atviksins. Þá sé það mat félagsins að upplýsingar um fyrra heilsufar gefi ríka ástæðu til að ætla að umkvartanir M í dag hafi einnig verið til staðar fyrir slysið og því aðrar ástæður líklegri til að vera orsakavaldur af hans einkennum í dag en umrætt slys.

Í viðbótarathugasemdum M er fyrri afstaða til málsins ítrekuð sem og lögð fram frekari gögn um sjúkraþjálfun.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M í dag megi að einhverju leyti rekja til áreksturs 26. september 2025.

V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Byggir V á að sú skýrsla sýni að um afar vægan árekstur hafi verið að ræða. Nefndin bendir á að ekki verða dregnar víðtækar almennar ályktanir af þeirri skýrslu án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Mat á orsakatengslum verði því að vera heildstætt og byggt bæði á atvikum slyss, læknisfræðilegum gögnum og þróun einkenna.

Fyrirliggjandi er samskiptaseðill frá Læknavaktinni vegna komu M þangað á slysdegi og þar segir: „Ekkert höfuðhögg. Engin meðvitundarmissir. Strax verkur í vinstri öxl, síðan þróaðist verkur í hálsi og efri hluta baks. Einhver verkur í vinstri hlið kjálka. Vægt sundl þróaðist yfir daginn, sem og þreyta. Væg takmörkun á hliðarbeygju - hálshryggur. Eðlileg hreyfifærni vinstri öxl. Engin eymsli í miðlínu hryggs eða vinstri öxl. Tognun á hálshrygg og öxl. Vægur heilahristingur. Almenn ráð.“ Í beiðni M til heimilislæknis um sjúkraþjálfun frá 30. september 2025 segir: „Ég lenti í aftanákeyrslu sl. föstudag. Ég hélt að ég myndi ná að hrista það af mér, en er enn með töluverð óþægindi víðsvegar í skrokknum. Er möguleiki að fá beiðni í sjúkraþjálfun.“ M var leiðbeint um að hann þyrfti ekki beiðni í sjúkraþjálfun fyrir sex fyrstu skiptin. Þann 23. nóvember 2025 leitar M á Læknavaktina á ný og fær þá beiðni í myndgreiningu vegna verkja í vinstri öxl. M hafði verið til meðhöndlunar hjá sjúkraþjálfara sem taldi möguleika á „Labrum rifu“. Jafnframt kvartaði M undan versnandi eyrnasuði. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá heilsugæslu frá 25. nóvember 2025 greindist við myndgreiningu slit í AC lið og „Tendinosa og partial rifa í fremra umfangi supraspinatus sinar og vægur bursit.“ Þann 3. desember 2025 fékk M beiðni í sjúkraþjálfun. Einnig er meðal gagna málsins yfirlit meðferða hjá sjúkraþjálfara vegna tímabilsins 2. október 2025 til 27. febrúar 2026. Af tilgreindum dagsetningum í yfirlitinu má ráða að M hafi sótt sjúkraþjálfun 15 sinnum á umræddu tímabili. Engin skýrsla sjúkraþjálfara eða nánari upplýsingar um þá meðferð sem M hlaut í sjúkraþjálfun liggja þó fyrir nefndinni. Jafnframt liggur fyrir

nefndinni sjúkraskrá frá heimilislækni frá 20. október 2022 til 2. desember 2025 þar sem fram koma upplýsingar um fyrra heilsufar M. Ljóst er að M var að glíma við ýmiskonar vandamál fyrir slys m.a. sem líkist þeim umkvörtunum sem M telur í dag að rekja megi til slyssins. Í færslu frá 21. nóvember 2022 kemur fram að M hafi árið 2010 verið greindur með brjósklos í hálsi og 2017 verið greindur með útbungun í C5-C6. Í færslu frá 21. apríl 2023 kemur fram að M hafi verið greindur með liðagigt og byrjandi Sjögren. Hafi kvartað um mikinn svima stuttu fyrir komu, hafði verið að detta og höfuðverkur. Svimi einnig í hvíld. Einkenni mest vinstra megin. Jafnvægisleysi sem kæmi og færi. Stundum erfitt með að lyfta hlutum og þá helst vinstri höndin og einnig finnst honum sem vinstri fótur ekki hlýði sér alltaf. Þá kemur fram í sjúkraskrárfærslu frá 7. júní 2023 að M hafi sögu um eyrnasuð.

Það hvílir á M að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu milli umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem hann rekur til slyssins. Í ljósi þess að þeim einkennum M virðist að miklu leyti svipa til fyrri einkenna og þess að læknisfræðileg gögn málsins eru afar takmörkuð, verður að telja að sú sönnun hafi ekki tekist, m.a. liggur ekki fyrir meðferðarvottorð sérfræðilæknis né skýrsla sjúkraþjálfara. Er þá jafnframt litið til þess að ekki er meðal gagna málsins læknisvottorð eða annað gagn er sýni með afdráttarlausum hætti fram á að um ný einkenni eða versnun fyrri einkenna sé að ræða.

Af öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 105/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sumarhúsatrygging.

Bótaskilyrði. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 31. mars 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum tilkynnti M til V þann 5. janúar 2026 að vatnstjón hefði komið í ljós í sumarhúsi hennar að [...] 4. janúar 2026. Í tjónstilkynningunni sé það tiltekið að rafmagni hafi slegið út og þegar því var slegið inn aftur hafi vatn flætt úr frostsprungnum lögnum. Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að lekaliði hafi slegið út í sumarhúsinu með fyrrgreindum afleiðingum. Ekki liggja þó fyrir orsakir þess. M vísar til þess að veiturafmagn sé ótryggt á svæðinu og þegar rafmagn kemst á eftir rafmagnsleysi geti það valdið því að lekaliði slái út. Samkvæmt upplýsingum frá Rarik var rafmagnsleysi skráð á svæðinu þann 20. nóvember 2025 í um 13 mínútur.

V samþykkti að bótaskylda væri til staðar vegna vatnstjóns þegar vatn flæddi úr sprungnum rörum með vísan til gr. 27.2 í skilmála sumarhúsatryggingarinnar. Jafnframt samþykkti V að bótaskylda væri til staðar vegna tjóns á lagnakerfi sem frostsprakk í heitum potti við sumarhúsið, samanber d-lið gr. 27.3 í sama skilmála, þar sem hann var tryggður sérstaklega og ekki er gerður áskilnaður um að orsaka sé að leita í óvæntri og skyndilegri bilun í hitakerfi hússins. Með tölvupósti 19. febrúar 2025 hafnaði V því hins vegar að bótaskylda væri til staðar vegna tjóns á frostsprungnu vatnsleiðslukerfi hússins þar sem ósannað væri að hitakerfi hússins hefði bilað óvænt og skyndilega. M fellir sig ekki við þá afstöðu.

Í málskoti er gerð krafa um að viðurkennt verði að bótaskylda sé til staðar vegna varahluta að fjárhæð kr. 23.709 sem er óumdeilt að voru nauðsynlegir til að stöðva leka og koma í veg fyrir frekara tjón á sumarhúsi M. Byggt er á því að V hafi þegar viðurkennt bótaskyldu vegna tjónsins að verulegu leyti, m.a. með greiðslu vegna vinnu pípulagningamanns og viðurkenningu á bótaskyldu vegna afleiddra vatnsskemmda. Óumdeilt sé að lekinn var raunverulegur og að tafarlausra aðgerða var þörf. Óumdeilt sé jafnframt að án umræddra varahluta hefði ekki verið unnt að stöðva lekann. Varahlutirnir voru því ekki endurbætur eða endurnýjun umfram tjón, heldur óhjákvæmilegur hluti þeirrar tjónavarnaaðgerðar sem M var beinlínis hvattur til að grípa til af hálfu V, samanber leiðbeiningar V við móttöku tjónstilkynningar. Með hliðsjón af framangreindu verði að telja að kostnaðurinn falli undir bótaskyldar aðgerðir til að stöðva leka og takmarka tjón. Synjun V á greiðslu umræddra varahluta fái hvorki stoð í orðalagi skilmála né í málsatvikum eins og þau liggja fyrir, enda sé um beinan og nauðsynlegan hluta lekastöðvunar að ræða.

Í athugasemdum V er byggt á að ósannað sé í málinu að vatnsleiðslukerfi sumarhúss M hafi frostsprungið vegna þess að hitakerfi hússins hafi bilað óvænt og skyndilega. M hafi sönnunarbyrði fyrir því að bótaskilyrðum sé fullnægt þannig að réttur til bóta stofnist úr vátryggingunni og honum hafi ekki tekist slík sönnun. Ljóst sé að lekaliði sló út í sumarhúsinu sem olli rafmagnsleysi en orsakir þess að það gerðist liggi ekki fyrir. V bendir á að tryggingin bæti ekki tjón sem rekja megi til bilunar hjá vatns- og rafmagnsveitu sbr. g-lið gr. 27.3 í skilmála. Að mati V sé ósannað að hitakerfi hússins hafi bilað óvænt og skyndilega og því ljóst að réttur til bóta hafi ekki stofnast samkvæmt gr. 27.3 í skilmálum vátryggingarinnar vegna umræddra tjóns á vatnsleiðslukerfi hússins. Þá áréttar V að tryggingin bæti ekki tjón á þeim hlut eða hlutum sem tjóninu ollu, svo sem sjálfum rörunum eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra sbr. h-lið í gr. 27.2 skilmála.

Í viðbótarathugasemdum M er það sérstaklega áréttað að krafa hans taki ekki til endurnýjunar eða viðgerðar á sjálfu vatnsleiðslukerfinu sem orsakaði tjónið. Krafa hans lúti eingöngu að kostnaði vegna nauðsynlegra aðgerða sem gripið var til tafarlaust til að stöðva vatnsleka, þ.m.t. kaup á varahlutum og

fittings, og þannig takmarka frekara tjón á gólfum, innréttingum og öðrum hlutum hins tryggða. M telur þann kostnað falla undir gr. 27.2. í skilmálum vátryggingarinnar. Þá vísar M til að það sé grundvallarregla í vátryggingarétti að tryggðum beri að grípa til eðlilegra ráðstafana til að takmarka tjón, og að vátryggjandi beri kostnað af slíkum nauðsynlegum aðgerðum. Að öðrum kosti væri tryggður settur í þá ómögulegu stöðu að þurfa annað hvort að láta tjón þróast frekar eða bera sjálfur kostnað af því að uppfylla skyldu sína um tjónstakmörkun.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að kostnaður M sé ekki vegna uppbrots eða rasks til þess að stöðva leka heldur séu þetta íhlutir í lagnakerfi sumarhússins. Lagnakerfið sé ekki tryggt samkvæmt ákvæðum skilmála nema þegar það frostspringur vegna þess að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega, samanber gr. 27.3 í skilmálum. Ósannað sé að það hafi gerst með þeim hætti eins og rakið er í fyrri athugasemdum félagsins.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort bótaskylda sé til staðar úr sumarhúsatryggingu M hjá V vegna varahluta að fjárhæð kr. 23.709 sem óumdeilt er að voru nauðsynlegir til að stöðva leka og koma í veg fyrir frekara tjón á sumarhúsi M.

Í 3. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar frá 17. desember 2021 segir: *Nefndin fjallar um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna vátryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000*. Í tölvupósti V frá 26. febrúar 2026 er það afstaða V að ágreiningur í málinu snúist ekki um fjárhæðir heldur bótaskyldu. Með hliðsjón af framangreindu tekur nefndin umræddan ágreining til efnislegrar meðferðar.

Það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að tjón hennar sé að rekja til atviks sem fellur undir bótasvið vátryggingarinnar.

Í a.-lið 27.2 gr. skilmála sumarhúsatryggingarinnar bætir vátryggingin tjón vegna vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarhússins og á upptök innan veggja þess. Trygging greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmlegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að sumarhúsið sé í sama og eigi verra ástandi en það var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni fellur umræddur varahlutakostnaður ekki undir að vera kostnaður vegna uppbrots og rasks til að stöðva leka. Þá kemur fram í h. lið gr. 27.2 að tryggingin bæti ekki tjón á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu, svo sem sjálfu rörinu eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra.

Í a.lið gr. 27.3 í skilmálum sumarhúsatryggingar segir um bótasvið vátryggingarinnar að hún bæti tjón vegna frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi tryggðs húss, sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ósannað að hitakerfi hússins hafi bilað óvænt og skyndilega.

Með vísan til framangreinds hefur M, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að tjón hennar sé að rekja til atviks sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Verður hún að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr sumarhúsatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 106/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Upplýsingaskylda vátryggðs.

Gögn.

7. Málskot móttekið 5. mars 2026 ásamt fylgiskjali.
1. Bréf V dags. 27. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. júlí 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sótti M um sjúkdómatryggingu hjá V hinn 11. mars 2019. Meðal fyrirliggjandi gagna er „Health Questionnaire“ á ensku sem ber það með sér að hafa verið fylltur út samhliða umsókn hennar. Öllum spurningum um hvort M þjáist af heilsukvillum er þar svarað neitandi, m.a. spurningu um hvort M hafi á undangengnum fimm árum haft einkenni um eða verið til meðferðar vegna: „Nervous system and mental disorders (e.g. common headache, migraine, vertigo, seizure disorders, epilepsy, multiple sclerosis, paralysis, Parkinson´s, Alzheimer´s, psychiatric disorders, anxiety, depression, psychosis, eating disorders, etc).“ Samkvæmt fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum var M greind með essential tremor á árinu 2017 en þá hafði hún fundið fyrir skjálfta og stoðkerfiseinkennum í einhvern tíma. Má þá ráða af fyrirliggjandi gögnum að hún hafi fengið lyfjameðferð vegna þessa.

Hinn 14. september 2022 var M greind með Parkinson´s og í kjölfar þess krafðist hún bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V. Með bréfi dags. 30. júní 2025, hafnaði V kröfu hennar á grundvelli þess að hún hefði ekki gefið réttar heilsufarsupplýsingar við töku vátryggingarinnar.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún hafi svarað öllum spurningum samkvæmt sinni sannfæringu og sölumenn tryggingarinnar, sem hafi spurt hana spurninga og merkt við á eyðublaðinu hafi sagt þetta vera „í góðu lagi“. Þá hafi þeir fengið leyfi hjá henni til að kanna nánar sjúkraskrár ef á þyrfti að halda. Umræddir sölumenn hafi haft samband við M að fyrra bragði og óskað þess að gera við hana samning. Hún hafi sagt þeim frá því að hún hefði greinst með ættgengan skjálfta en ekki Parkinson´s sjúkdóm. Þeir hafi ekkert gert við þessar upplýsingar en hafi haft fulla heimild til að skoða sjúkraskrá hennar. M telji sig ekki hafa haft önnur einkenni á umræddum tíma enda hefði hún verið með fulla starfsorku. Byggir M á því að fullur bótaréttur sé til staðar enda hafi hún greinst með Parkinson´s eftir töku vátryggingarinnar.

Í bréfi V er byggt á því að samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafi M haft sterk en óútskýrð einkenni frá taugakerfi í nokkur ár áður en hún gerði samning um líftryggingarvöruna „Wealth insurance“ sem veiti vátryggingavernd vegna sjúkdóma. Hafi hún verið greind með essential tremor á árinu 2017 en þá hafi hún haft mikil taugafræðileg sjúkdómseinkenni og ekki verið við góða heilsu vegna þeirra. Yfir þetta tímabil hafi M fengið ávísað ýmsum lyfjum og ljóst sé að veruleg einkenni hafi hrjáð hana um allnokkurt skeið áður en umræddur vátryggingarsamningur var gerður. Þrátt fyrir það hafi hún svarað öllum spurningum um hvort hún hefði fengið tiltekna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni neitandi, þ.á.m. spurningu um einkenni frá taugakerfi. Telji V ofangreint vera verulegan brest á réttri upplýsingagjöf við vátryggingartöku, sbr. 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, enda hefði umsókn hennar ekki verið samþykkt hefðu réttar upplýsingar legið fyrir. Samkvæmt því og með vísan til 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga, sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Í 82. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að vátryggingafélagi sé heimilt að óska eftir upplýsingum sem hafa þýðingu við mat þess á áhættu áður en vátrygging tekur gildi. Félaginu er heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma beint hjá vátryggingartaka og skal hann veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Þar kemur einnig fram að vátryggingartaki skuli að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Í 2. mgr. 83. gr. sömu laga kemur fram að hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Í 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, til þess hve sök vátryggingartaka var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti.

Óumdeilt er að í umsókn M um sjúkdómatryggingu, dags. 11. mars 2019 sem er undirrituð af henni, hafi m.a. spurningu um hvort hún hefði á síðustu fimm árum notið læknisaðstoðar vegna eða haft einkenni sjúkdóma, frá m.a. taugakerfi, verið svarað neitandi. Tveimur árum áður var M greind með essential tremor, þ.e. ótilgreindan skjálfta sem hún virðist hafa haft nokkur einkenni vegna. Þá bera læknisfræðileg gögn með sér að hún hafi tekið lyf vegna þessa. Verður því að telja að við töku vátryggingarinnar hafi M mátt vera ljóst að hún hefði á undangengnum fimm árum verið með einkenni frá taugakerfi sem hún hefði hlotið meðferð vegna.

Verður því að telja að M hafi ekki virt þá skyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem að henni var beint í vátryggingarumsókninni í þeim mæli að ekki teljist óverulegt.

M byggir m.a. á því að sölumenn vátryggingarinnar hafi sjálfir annast útfyllingu spurningalistans og að hún hafi veitt þeim allar upplýsingar um heilsufar sitt, en þeir hafi hins vegar vanrækt að bregðast við þeim upplýsingum. Engin gögn liggja fyrir nefndinni til stuðnings þeim staðhæfingum og verður M að bera hallann af því, enda liggur jafnframt fyrir að hún staðfesti umrædd svör með undirritun sinni. Er þá ekki sýnt fram á að V eða þeir sem komu fram fyrir þess hönd við samningsgerðina hafi að öðru leyti brotið gegn þágildandi ákvæðum laga um vátryggingarsamninga að því er varðar upplýsingagjöf eða annað.

Af framangreindu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, leiðir að V er heimilt að fella niður ábyrgð sína á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 108/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 12. maí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. júní 2026.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að það komi fram í lögregluskýrslu að M hafi í vinnu sinni hjá X 25. júní 2022 verið að þrífa í kringum niðurfall og þegar hún hafi losað rist af því, til að geta þrifið í kringum niðurfallið, hafi hakkavél oltið yfir hana. Komi fram í fyrirliggjandi myndbandi að M hafi beygt sig niður við ristina og þegar hún hafi reist sig við virðist sem eitt hjólanna á vélinni renni ofan í ristina með þeim afleiðingum að hún hafi oltið yfir M. Þá komi fram í skýrslu M hjá lögreglu að hún hafi verið að vinna við þrifin í fyrsta skipti. Hafi kollegi M leiðbeint henni á meðan þrifin fóru fram. Hafi hann sagt M að safna saman grindum úr niðurföllum beggja vinnusala til þess að þrífa betur. Kveðst M ekki vita hvers vegna vélin valt enda hafi hún ekki snert hana og einungis beygt sig niður til þess að sækja grindina. Byggir M á því að slysið verði rakið til hættulegra aðstæðna á vinnustað, aðgerðaleysis samstarfsmanna og ófullnægjandi verkstjórnar. Þessu til stuðnings bendir M m.a. á 13. gr., 2. málsl. 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá bendir M á að ef í verklagsreglum X var gert ráð fyrir að setja ætti læsingu á hjólin á vélinni felist í því viðurkenning X á saknæmri háttsemi þess starfsmanns, annars en M , sem vann við vélina á undan henni.

Í athugasemdum V er málatilbúnaði M hafnað. Máli sínu til stuðnings bendir V m.a. á að það liggi fyrir myndbandsupptaka af slysinu sem V telur styðja við þá afstöðu sína að slysið megi rekja til aðgæsluleysis M eða óhappatilviljunar. Í myndbandinu sjáist hvar M labbi að stórum formara (vél), og virðist losa um bremsu með fætinum, a.m.k. sé hægri fæti hennar ýtt niður við horn formarans. Þá beygi M sig niður við horn formarans og taki að öllum líkindum upp rist, þó erfitt sé að sjá nákvæmlega af sjónarhorni myndbandsins hvað gerðist. Af myndbandinu að dæma hafi formarinn ekki runnið á stað á hjólunum heldur virðist strax falla til hliðar. Afstaða V og X sé því sú að M hljóti að hafa losað bremsu á hjóli formarans og í kjölfarið rist við eða undir hjóli vélarinnar með þeim afleiðingum að vélin féll yfir hana. Ekki verði séð af myndbandinu að vélin hafi fyrst runnið til. Fremur virðist mega greina að M hafi togað rist undan vélinni enda virðist vélin hreyfast aðeins til þegar M sé stödd við hana. Þá sé ljóst af myndum í lögregluskýrslu eftir slysið að ristin hafði verið fjarlægð og að hjól vélarinnar sé greinilega við eða á niðurfalli því sem ristin var á, án þess að af myndbandinu verði séð að vélin hafi runnið til. Þvert á móti virðist M hafa smáskakað eða juggað vélinni til rétt áður en hún fellur yfir hana, líklega til að fjarlægja ristina sem leiddi til þess að vélin fellur svo yfir M. V ítrekar því að orsök slyssins sé sú M hafi losað bremsu á hjóli og fjarlægt gólfrist við horn vélarinnar þar sem hjólið var og við það hafi vélin fallið yfir hana. Hafi háttsemi M verið með öllu í ósamræmi við verklag og falið í sér verulegt gáleysi. Þá bendir V á að vélin sé CE merkt og hafi komið á þeim hjólum sem voru undir henni. Þá hafi X upplýst að starfsfólk eigi bara að taka til í lok dags, fjarlægja rusl og kjötrestar af gólfum ef slíkt er til staðar. Það sé ekki í þeirra verkahring að færa til vélar og/eða opna niðurföll. Afstaða V byggi því einnig á að það að fjarlægja ristina af niðurfallinu hafi ekki verið í samræmi við verklag, enda hafi engin þörf verið á því. Það hafi M því gert í andstöðu við verklag. Þá sé rangt að úrgangur hafi safnast þar fyrir eða að samstarfsmaður hafi fyrirskipað M að þrífa ristina. V bendir einnig á að samkvæmt verklagi hafi borið að læsa hjólunum og sýna sérstaka aðgát þegar niðurföll voru opnuð. M hafi byrjað að vinna hjá X í apríl 2014 og því verið fullkunnugt um verklagið á vinnustaðnum. V hafnar því alfarið að slysið verði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi sem X eða starfsmenn hans beri eða geti borið skaðabótaábyrgð á. Enginn annar starfsmaður hafi átt við vélina eða losað bremsu af hjóli hennar. Þá sé því hafnað að aðstæður á vinnustaðnum, þjálfun starfsmanna eða verkstjórn, hafi verið ábótavant eða verið í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980. Einnig sé því hafnað sem fram kemur í málskoti að vélin

hafi runnið til á gólfi og ofan í niðurfall. Þvert á móti sé ljóst af myndbandsupptökunni að M hafi losað bremsuna af hjólinu og vaggað vélinni að því er virðist til að geta losað ristina undan vélinni með þeim afleiðingum að hún fellur á hliðina.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að það komi fram á myndbandinu að M hafi losað bremsuna með fæti sínum, enda sé myndbandið ekki nægjanlega skýrt. Það virðist frekar sýna að M hafi ýtt hjólinu aðeins til hliðar með fætinum svo hægt væri að komast að ristinni. Til þess hafi ekki þurft að losa um bremsuna. Þá telur M ósannað að hún hafi togað ristina undan hjólum vélarinnar, enda sé um þunga vél að ræða og því ómögulegt fyrir hana að toga ristina undan vélinni. Þá ítrekar M að hún hafi verið að fylgja fyrirmælum frá yfirmanni á slysdegi með því að þrífa ristarnar. Þá hafi V ekki lagt fram nein gögn til staðfestingar á ákveðnu verklagi, eða að yfirmaður M á slysdegi hafi ekki gefið fyrirmæli um að þrífa þarna. V hafi heldur ekki rengt þá frásögn að M hafi verið óvön umræddu verki. Beri að taka mið af því við ákvörðun á niðurstöðu málsins.

Í viðbótarathugasemdum V er tekið fram að X hafi upplýst að umrædd rist sé fyrst og fremst til þess að vernda niðurföll fyrir lífrænum úrgangi og ekki sé ætlast til þess að niðurföllin séu tekin upp við þrif.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 14. júní 2024. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Nokkur ágreiningur er milli aðila um það hvernig slys M atvikaðist og hvaða verklagsreglur giltu varðandi það starf sem M vann í umrætt sinn og hver reynsla hennar var. Þannig byggir V m.a. á að slysið verði rakið til þess að M hafi losað bremsu á hjóli vélarinnar þar sem hún hafi staðið á brún umrædds niðurfalls auk þess sem það komi fram í verklagsreglum að ekki beri að fjarlægja ristar við þrif. Nefndin telur að M hafi ekki lagt fram nein þau gögn sem hreki framangreint. Í raun byggir M málatilbúnað sinn að mestu á eigin frásögn af því sem gerðist. Þannig liggja t.d. ekki fyrir neinar skýrslur frá vitnum sem varpað gætu frekara ljósi á tildrög slyssins eða verklag á vinnustaðnum né önnur þau gögn sem stutt gætu framburð M. Það er því niðurstaða nefndarinnar að eins og málið liggur fyrir og með vísan í framangreindar sönnunareglur í skaðabótarétti, hafi M ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 109/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging.

Bótaskylt tjón. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 18. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. september 2026, ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi selt fasteign sína með kaupsamningi, dags. 8. júlí 2025 og afhending hennar hafi farið fram 17. ágúst 2025. Kaupendur hafi strax hafið framkvæmdir á eigninni og orðið varir við rakaþenslu neðst í veggplötum á austurútvegg. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að miðstöðvarlögn hafi verið illa tærð og mikill raki hafi verið í einangrun á lögn og skemmdir í plötuklæðningum, grind á útvegg í stofu og tveimur herbergjum. M var með húseigendatryggingu hjá V til 31. júlí 2025 og tilkynnti því tjónið á eigninni upphaflega til V2, en hún var vátryggð hjá því félagi frá 1. ágúst 2025, og kom skoðunarmaður á staðinn sem skilaði matsskýrslu. Í tölvupósti V2 frá 1. október 2025 kom fram að við skoðun matsmanns hafi komið í ljós að lekið hafi um lengri tíma og að kaupandinn hefði séð rakaskemmdirnar við skoðun á eigninni. V2 taldi því ljóst af myndum og lýsingu að dæma að lekinn hafi ekki byrjað eftir að M tók tryggingu hjá V2. M tilkynnti V um tjónið en það hafnaði því að bótaskylda væri til staðar úr húseigendatryggingu með tölvupósti, dags. 17. október 2025. V telur ósannað að tjónið hafi átt sér stað á meðan M var tryggð hjá V. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á að ljóst sé, miðað við skoðunarskýrslu frá V2 að ástand lagnanna og það að upplýsingar um rakaskemmdirnar hafi komi fram í söluyfirliti eignarinnar staðfesti að rakinn hafi verið til staðar á meðan M hafi verið tryggður hjá V. M gerir kröfu um að tjónið verið bætt úr húseigendatryggingu hennar hjá V.

Í athugasemdum V er byggt á að ekkert annað liggi fyrir en að leki umræddrar lagnar hafi fyrst orðið tryggðum ljós þegar veggir og gólfefni fasteignarinnar hafi verið fjarlægð af nýjum eigendum, það sé einhverjum dögum eftir að fasteignin var afhent. Það sé a.m.k. 17 dögum eftir að trygging M hjá V rann út. Gögn málsins bendi að mati V ekki til þess að leki hafi komið upp fyrir það tímamark en hvorki liggi fyrir að kaupendur eignarinnar hafi gert athugasemd við kaup fasteignarinnar eða að V2 hafi gert athugasemd við ástand eignarinnar þegar gefin var út ný trygging á eignina. Að mati V sé þannig með öllu ósannað að skemmdir fasteignarinnar hafi komið til þegar fasteignin var tryggð hjá V. Þá telur V rétt að benda á að í málinu liggur ekki fyrir hvert tjón M sem fyrri eiganda eignarinnar er í málinu. Þannig liggur ekki fyrir að M hafi orðið að greiða bætur til nýrra eigenda fasteignarinnar vegna meintra skemmda á eigninni eða að M hafi einhverra hluta vegna fengið lægra verð fyrir eignina. Þannig liggur að mati V, miðað við fyrirliggjandi gögn, ekki fyrir að krafa M verði metin til fjár eða að tjón hafi orðið. Sönnunarbyrði þess að tiltekið tjón falli undir tryggingu hvíli almennt á M. Í máli þessu liggur ekki fyrir sönnun þess að tjónið hafi komið upp á ábyrgðartíma tryggingarinnar hjá félaginu. M beri hallann af þeim sönnunarskorti. V telur að M eigi ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi orðið fyrir tjóni að fjárhæð kr. 1.515.264, sbr. meðfylgjandi skoðunarskýrslu frá 5. september 2025.

Álit.

Í málinu er deilt um hvort leki í fasteign sem M var eigandi að hafi komið fram á meðan M var vátryggð hjá V. Af hálfu V er því haldið fram að lekinn hafi komið fram eftir að M flutti sig yfir til annars vátryggingafélags.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í vátryggingarétti hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks.

Samkvæmt a-lið 1. gr. skilmála vátryggingarinnar bætir hún skemmdir á tryggðri húseign af völdum vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Tryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilega fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama en ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Í f. lið 2. gr. er kveðið á um að vátryggingin bæti ekki tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi.

Í málinu liggur fyrir að hitalagnir í fasteign M, sem seld var með kaupsamningi, dags. 8. júlí 2026, láku fyrir afhendingu eignarinnar. Jafnframt verður að telja sannað þegar höfð er hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum að lekinn hafi verið kominn fram áður en M flutti sig yfir til annars tryggingafélags 1. ágúst 2025. Að mati nefndarinnar tærast lagnir, líkt og um ræðir í máli þessu, ekki á 17 dögum. Þá hefur M lagt fram skoðunarskýrslu frá 5. september 2025 um að hafa orðið fyrir tjóni vegna umrædds leka.

Að mati nefndarinnar, þegar höfð er hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, er bótaskylda til staðar úr vatnstjónslið húseigendatryggingar vegna umrædds tjóns. Af hálfu V hefur ekki verið byggt á því að tjónið falli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 111/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni 21. maí 2025. Er atvikum þannig lýst að M hafi setið við inngang vinnustaðar síns á meðan starfsmaður X hafi verið að slá með sláttuorfi þar fyrir utan. Hafi steinar frá sláttuorfinu bæði hafnað í klæðningu nærliggjandi húss og í andliti M, nánar tiltekið hafi M fengið stein í vinstra augað. Glími M enn við talsverð einkenni og sjónskerðingu vegna slyssins. Með bréfi, dags. 20. janúar 2026, hafi V hafnað því að X bæri skaðabótaábyrgð á tjóni M. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu. Byggir M á því að verklag umrædds starfsmanns X hafi verið óforsvaranlegt og beinlínis hættulegt honum sjálfum og öðrum. Telur M að verklag starfsmannsins brjóti í bága við almennt verklag við garðslátt. Almennt beri að steinhreinsa grasbletti og garða áður en þeir séu slegnir, nokkuð sem starfsmaðurinn hafi ekki gert. Telur M því að starfsmaðurinn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem hafi valdið slysinu. Þá telur M að þjálfun viðkomandi starfsmanns af hálfu X hafi verið ófullnægjandi. Auk framangreindra röksemda byggir M á því að X hafi með tölvupósti til M, dags. 6. júní 2025, viðurkennt sök sína í málinu og þar með bótaskyldu. Hafi M í þeim pósti m.a. beðist afsökunar á slysinu og boðist til að greiða áfallinn lækniskostnað M. Þá hafi X í póstinum kvaðst ætla að tilkynna slysið til V.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Telur V að M hafi ekki sýnt fram á að tjón hans megi rekja til saknæmrar háttsemi X. Almennar sönnunarreglur geri ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði um að skilyrði bótaréttar séu uppfyllt. Þá sé það mat V að ekkert í málinu gefi tilefni til að snúa sönnunarbyrði við. M byggi á því að verklag starfsmanns X hafi verið óforsvaranlegt. Virðist M byggja á því að hið óforsvaranlega verklag hafa falist í því að starfsmaðurinn hafi ekki steinhreinsað grasblettinn áður en hann hóf að slá. Þessu mótmælir V og bendir á að samkvæmt upplýsingum frá X hafi umræddur starfsmaður farið eftir hefðbundnu verklagi þennan dag. Jafnframt liggi ekkert fyrir í málinu sem staðfesti að umræddur starfsmaður hafi farið gegn verklagi. Þá verði einnig að hafa í huga að steinar geti leynst í grasi þrátt fyrir að það hafi verið steinhreinsað. M byggir jafnframt á því að klæðning á nærliggjandi húsi hafi skemmst vegna steinkasts frá sláttuorfi starfsmannsins, nokkuð sem sé til marks um litla aðgæslu og þjálfun starfsmannsins. Telji M það fela í sér saknæma háttsemi af hálfu X. V hafnar framangreindu og bendir á að samkvæmt upplýsingum frá X hafi orðið skemmd á klæðningu nærliggjandi húss vegna þess að sláttuvél hafi verið ekið utan í klæðninguna. Þá sé einnig ósannað að um sama starfsmann hafi verið að ræða. Telur V því ljóst að um tvö aðskilin tilvik sé að ræða og að tjónið á húsinu hafi enga þýðingu fyrir úrlausn bótamáls M. Þá telur V að í tölvupósti frá X til M felist ekki viðurkenning á skaðabótaábyrgð. V telur því að ekkert í gögnum málsins renni stoðum undir það að slys M sé að rekja til saknæmrar vanrækslu af hálfu X, eða óforsvaranlegs verklags eða annarra atvika sem X geti borið ábyrgð á. Það er því mat V að slysið verði rakið til óhappatilviljunar sem engum verði um kennt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. M virðist byggja kröfu sína á hinni almennu sakarreglu og bótareglunni um vinnuveitandaábyrgð. Þessar reglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Nefndin telur að M hafi ekki lagt fram nein þau gögn máli sínu til stuðnings sem hægt sé að byggja skaðabótaábyrgð X á. Því telst hvorki sannað að verklag viðkomandi starfsmanns hafi verið óforsvaranlegt eða að það hafi ekki verið í samræmi við það sem hefðbundið var. Einnig telur nefndin ósannað að þjálfun viðkomandi starfsmanns af hálfu X hafi verið ófullnægjandi. Í þessu sambandi telur

nefndin einnig að ekki séu forsendur til að ætla að það sem fram kemur í tölvupósti X til M feli í sér viðurkenningu að skaðabótaábyrgð X í málinu, auk þess sem slík yfirlýsing ein og sér myndi ekki leiða til þess að M ætti bótarétt úr ábyrgðtryggingu þeirri sem X er með hjá V. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sýna fram á að bótaskilyrði sakarreglu eða vinnuveitandaábyrgðarreglu séu uppfyllt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 113/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. mars 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 10. september 2025, varð að kvöldi hins 22. júlí 2025 umferðarslys á Bíldudalsvegi, skammt frá Höfðadal. Voru atvik þau að A, en M var ökumaður hennar, hafði hafnað utan vegar. Samkvæmt framburði M ók hann A á um 70 til 75 kílómetra hraða á klukkustund og reyndi að hægja á sér áður en hann fór inn í beygjuna við Þorsteinshjalla. Hafi hann ekki náð að hægja ferðina nægilega áður en hann fór inn í beygjuna. Hann hafi tekið ákvörðun um að fara í gegnum beygjuna frekar en að aka beint út af en við það hafi A endað á hliðinni, hafnað utan vegar og tekið niður vegrið. Í skýrslu lögreglu kemur fram að mikil þoka hafi verið á vettvangi. Þá kemur fram að völuflutningabifreiðinni A, sem sé frá árinu 1997, hafi verið ekið niður bratta brekku með um 12% halla. Á vettvangi, áður en komið er að brekkunni, sé viðvörunarskilti sem vari við hættulegum beygjum framundan. Vegurinn hafi þá verið í slæmu ásigkomulagi. Hvað orsakir slyssins varðar er niðurstaða lögreglu sú að M hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Mikil þoka hafi verið á vettvangi, vegir í slæmu ástandi, farmur A þungur, A 28 ára gömul og mikill halli á umræddri brekku. Hafi 70 til 75 kílómetra akstursraði því verið of mikill miðað við aðstæður.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við slysið. Með bréfi, dags. 30. september 2025, hafi V tilkynnt um að það hygðist skerða rétt M til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda um 1/3 hluta á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

M fellir sig ekki við þá afstöðu V og byggir í málskoti á því að ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að ræða. Gáleysi þurfi að vera á mjög háu stigi til að teljast stórkostlegt og sönnunarbyrði þess að svo hafi verið og að orsakatengsl séu milli þess og slyssins hvíli á V. Við mat á réttarstöðu M þurfi að líta til sakar hans, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna og atvika að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Umfram það sem komi fram í lögregluskýrslu hafi V ekki aflað frekari gagna og þrátt fyrir ummæli í lögregluskýrslu um að M hafi ekið of hratt í ljósi aðstæðna feli slík háttsemi ekki sjálfkrafa í sér stórkostlegt gáleysi sem réttlætt geti skerðingu. Vísar M til þess að hann hafi verið 20 kílómetrum undir lögmæltum hámarkshraða, allsgáður og með fulla athygli við aksturinn. Megi fyrst og fremst rekja slysið til þess að hann misreiknaði hemlunarvegalengd A fyrir beygjuna vegna mikils halla á vettvangi. Það geti ekki talist stórkostlegt gáleysi. Jafnvel þó um stórkostlegt gáleysi væri að ræða séu skilyrði til skerðingar ekki uppfyllt sé litið til allra atvika eins og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga kveði á um. Vísar M þá til nánar tilgreindra fordæma dómstóla máli sínu til stuðnings. Á grundvelli framangreinds krefst M þá óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að á vettvangi, áður en farið var niður brekkuna, hafi verið viðvörunarskilti sem varaði við hættulegum beygjum framundan og mælti með hámarkshraðanum 50 kílómetrum á klukkustund. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi bremsuför A náð um 77,6 metra frá þeim stað sem A hafnaði á hliðinni og niðurstaða lögreglu hefði verið sú að M hefði ekið of hratt miðað við aðstæður. M sé atvinnubílstjóri og megi gera ríkar kröfur til hans sem slíks. Að hans sögn hafi hann ekið á 70 til 75 kílómetra hraða á klukkustund á vegi þar sem mælst var til mun minni akstursraða. Mikil þoka hafi þá verið á vettvangi og vegurinn slæmur, auk þess sem A hafi verið hlaðin þungum farmi og mikill halli hafi verið í umræddri brekku. Þegar litið sé til allra þessara atriða telji V sýnt fram á stórkostlegt gáleysi M og því sé rétt að skerða bætur til hans um 1/3 hluta.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort skilyrði séu til að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda á grundvelli þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur 22. júlí 2025.

Við mat á því hvort gáleysi teljist stórkostlegt verður að líta til þess hvort háttsemi teljist verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem almennt er krafist af varkárum ökumanni við sambærilegar aðstæður. Þá ber jafnframt að líta til atvika málsins í heild, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Af gögnum málsins verður ráðið að aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar. Mikil þoka var á svæðinu, vegur í slæmu ásigkomulagi og um var að ræða bratta brekku með um 12% halla. Þá var A hlaðin þungum farmi og áður en ekið var niður brekkuna var varað við hættulegum beygjum framundan og mælt með 50 kílómetra hámarkshraða. Samkvæmt framburði M ók hann A á um 70 til 75 kílómetra hraða á klukkustund og náði ekki að hægja nægilega á ferð hennar áður en hann ók inn í beygjuna með þeim afleiðingum að A fór út af veginum.

Nefndin telur að M hafi ekki hagað akstri sínum eftir aðstæðum og þannig sýnt af sér gáleysi. Hins vegar verður að líta til þess að A var ekið undir lögmæltum hámarkshraða, M var allsgáður og ekkert bendir til þess að athygli hans hafi verið skert. Þá verður ráðið af framburði hans að hann hafi reynt að hægja á sér áður en hann ók inn í beygjuna, en misreiknað hemlunarvegalengd við þær aðstæður sem voru á vettvangi.

Við mat á sakarstigi verður ekki fram hjá því litið að aðstæður á vettvangi voru óvenju krefjandi, m.a. vegna þoku, halla í brekkunni og ástands vegar. Þótt þessar aðstæður hafi kallað á aukna aðgæslu verða þær jafnframt taldar þess eðlis að rangt mat á aðstæðum geti fremur átt sér stað án þess að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða. Þá verður ekki talið að það að M hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og hraðar en mælt var með á viðvörunarskilti, leiði sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að háttsemi M hafi ekki falið í sér svo verulegt frávik frá því ætlast mátti til af honum að hann teljist hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Verður því ekki fallist á að skilyrði séu til að skerða bótarétt hans.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 114/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 17. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. maí 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðin B, sem M var eigandi að, hafi verið stopp við [...] vegna rafmagnsleysis. M hafi fengið X til að flytja bílinn á Z, 20. janúar 2025, til viðgerðar. Bíllinn hafi verið fluttur skv. leiðbeiningum framleiðenda, þ.e.a.s. afturhjólum lyft og framhjól sett á dollý kerru. Þann 25. janúar 2025 hafi bíllinn verið skoðaður á Z. Í ljós hafi komið að ekki hafi verið til tækjabúnaður hjá þeim til að annast rafmagnsvandamálið. Það hafi því verið ákveðið að flytja bílinn á C til viðgerðar. X var fengið til þess að flytja bifreiðina að nýju og notaði A til að flytja B. Flutningurinn fór þannig fram að einungis framenda B var lyft en bílinn dreginn á afturhjólunum. M telur að þetta hafi valdið því tjóni sem um er deilt í málinu, þ.e. tjóni á sjálfskiptingu og drifbúnaði B. Samkvæmt yfirlýsingu frá Z hafi ekkert verið athugavert við virkni gírkassa á meðan B var hjá þeim. M gerði kröfu um að tjónið á B yrði bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V en V hafnaði bótaskyldu í málinu, sbr. bréf dags. 29. apríl 2025. Höfnun V byggði á því að M hafi sjálfur beðið um þann flutningsmáta sem olli tjóninu og sé því meðvaldur að tjóninu og þá hafi B verið biluð áður en til flutnings hjá X kom. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að bíllinn hafi verið fluttur með röngum flutningsmáta. Aðferðin sé í algjörri andstöðu við leiðbeiningar framleiðenda og sé almennt þekkt meðal fagmanna að hún valdi alvarlegu tjóni á drifbúnaði og skiptingu slíkra bifreiða. Flutningsmátinn hafi orðið til þess að B hafi orðið fyrir miklu tjóni sem felist m.a. í skemmdum íhlut í skiptingu og skemmdum startkransi. Bein orsakatengsl séu á milli tjónsins og rangs flutningsmáta. Starfsmaður X sé þjónustuveitandi sem búi yfir sérþekkingu á flutningi ökutækja og starfi eftir lögum um þjónustukaup nr. 42/2000. Umráðamaður B, sá sem fór fram á að bílinn yrði fluttur, hafi ekki verið fagaðili þegar kemur að flutningi bíla né búi hann yfir sérþekkingu á bifreiðum. Umráðamaður bílsins hafi átt að geta treyst á fagþekkingu starfsmanns X. Umráðamaður B hafni því að gefin hafi verið fyrirmæli um rangan flutningsmáta. Jafnvel þó slík fyrirmæli hefðu verið gefin þá breyti það ekki þeirri ríku skyldu fagmannsins til að vara við þessum alvarlegum afleiðingum og í raun að hafna þessu verklagi. Þó viðskiptavinur óski eftir vinnubrögðum sem vitað sé að geti valdið tjóni, beri hinum faglega aðila að leiðbeina honum um rétta aðferð eða alfarið hafna verkinu frekar en að framkvæma það með röngum og skaðlegum hætti, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 42/2000. Sönnunarbyrðin fyrir því að fullnægjandi viðvörun hafi verið gefin og að veitt hafi verið samþykki fyrir því að B yrði flutt með þeim flutningsmáta sem mun hafa valdið tjóni á B hvíli á X og V. Slík sönnun hafi ekki verið lögð fram enda hafi ekkert neitt slíkt samþykki verið veitt. Fullyrðing V um að B hafi verið biluð fyrir flutning standist þá heldur ekki skoðun. B hafi verið ógangfær vegna rafmagnsleysis. Í kjölfarið hafi B verið flutt á bifreiðarverkstæðið Z. Samkvæmt yfirlýsingu Z hafi ekkert verið að gírkassanum þegar bílinn var til skoðunar hjá þeim. Þar sem þeir hafi ekki verið með búnað til þess að gangsetja B eða til að bilanagreina bílinn hafi verið ákveðið að flytja hann á C. Þegar þangað hafi verið komið hafi verið framkvæmdur bilanalestur. Í fyrri bilanalestri hafi aðeins komið fram villumeldingar vegna rafmagnsleysis B. Þegar leyst hafi verið úr því og B gangsett hafi þurft að drepa á vélinni vegna mikilla óhljóða. Í kjölfarið hafi verið ákveðið að gera annan bilanalestur. Í þeirri greiningu hafi komið fram upplýsingar um aðrar skemmdir sem höfðu átt sér stað á B, bilun í sjálfskiptingu, startkransi og sveifarásskynjara. Tjónið hafi því orðið í flutningi X til C. Tjónið hafi orðið vegna vanrækslu og rangra vinnubragða starfsmanns X. Bótaskylda sé því til staðar úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar dráttarbifreiðarinnar með vísan til 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar.

Í athugasemdum V er því hafnað að tjón á skiptingu á B sé bótaskylt úr hlutlægri ábyrgðartryggingu A þar sem B hafi þegar verið biluð áður en til flutnings kom. Bifreiðin hafi verið rafmagnslaus og flutt á Z í lok janúar 2025 þar sem B hafi verið skoðuð. Þar hafi komið í ljós að bilun væri á rafmagni og skiptingu B, sem þegar hafi verið staðfest af starfsmanni Z. B hafi svo verið flutt frá Z til C með A í febrúar 2025 og því sé haldið fram að ekki hafi verið rétt staðið að þeim flutningi. Gögn málsins séu hins vegar óumdeilanleg um þann þátt að þrátt fyrir að sannað væri að ranglega hafi verið staðið flutningi B með A liggi ekki fyrir nein samtímagögn í málinu sem sýna fram á orsakatengsl á milli hins meinta ranga flutnings og tjóns á skiptingu B.

Í viðbótarathugasemdum M er því í fyrsta lagi hafnað að B hafi verið bilaður þegar hann kom á Z. Þegar rafmagnsgeymir sé ónýtur eða hafi takmarkaða spennu þá nái bíll ekki að lesa skynjaranna með fullnægjandi hætti. Sé því algengt að það komi viðvörunarljós sem eigi sér ekki stoð þar sem að bílinn nái ekki að tengjast við þá skynjara. Kvikni því á viðvörunarljósunum því að þau ná ekki tengingu við skynjaranna en ekki því að skynjarinn sé að tilkynna um bilun. Í þessum aðstæðum séu upplýst viðvörunarljós óáreiðanleg og röng. Það að ónefndur starfsmaður Z hafi séð viðvörunarljós um skiptinguna þýðir ekki að skiptingin hafi orðið fyrir tjóni áður en bílinn kom til þeirra. Í framburði starfsmanns Z, segi að ekki hafi verið hægt að skipta um gír. Í hybrid bíl, eins B, sé gírskiptingin rafrænt stýrð, þ.e. gírskiptingin sé ekki beintengd með vír eða stöng eins og í eldri bílum. Þegar rafmagnsgeymir hybrid bíls sé ónýtur og gefi ekki frá sér streymi, eða takmarkað streymi, þá sé ekki hægt að skipta um gír. Stjórntölvur bílsins þurfi að „leyfa“ gírskiptingu en slíkt takist ekki nema að rafmagn sé á bílnum. Sú staðreynd að ekki hafi verið hægt að skipta um gír sé því bein afleiðing rafmagnsleysis, en ekki merki um galla í skiptingunni sjálfri. Þessi tæknilegu atriði hreki þá ályktun V að B hafi verið með bilaða skiptingu hjá C. Í öðru lagi gildi meginreglan um frjálst sönnunarmat og meti úrskurðarnefndin vægi sönnunargagna. M telur fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis að engu hafandi í málinu, m.a. séu villur og ónákvæmi í skýrslunni sem rýri trúverðugleika hennar verulega og beri að líta fram hjá henni sem sönnunargagni. Jafnframt er vísað til tölvupósts frá C þar sem staðfest sé að einungis hafi eitthvað verið athugavert við rafmagnið. M ítrekar fyrri kröfur.

Álit.

Í máli þessu snýr ágreiningur aðila að því hvort tjón á skiptingu og drifbúnaði B verði rakið til þess þegar bifreiðin var ranglega flutt af hálfu X með bifreiðinni A.

Í 2. gr. skilmála vátryggingarinnar er kveðið á um að tryggingin nái til sérhverrar skaðabótakröfu sem eigandi tryggða ökutækisins sé skylt að tryggja gegn, samkvæmt gildandi lögum um ökutækjatryggingar, vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækisins. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis sem notað er til dráttar sé skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki.

Samkvæmt fyrirliggjandi ódags. staðfestingu starfsmanns X var bifreiðin B færð frá [...] á Z til viðgerðar, með dráttarbifreið af hálfu X, 20. janúar 2025, en X annast m.a. bifreiðaflutninga í atvinnuskyni. Í tölvupósti Z, dags. 27. apríl 2026, kemur fram, að því er virðist í skjáskoti úr kerfum Z frá 25. janúar 2025 vegna viðgerðar á B, að: „Car need to go to BL. Something is wrong with electricity (battery).“ Í símaframburði starfsmanns Z í skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 11. apríl 2025, segir m.a.: „*Þessi bíll [...] kom til okkar á verkstæðið í lok janúar. Ég man að ég talaði við eigandann eða allavega þann sem kom með bílinn. Hann sagði að bíllinn væri óökuhæfur. Hann lét dráttarbíl koma með bílinn en ég man ekki hvaða fyrirtæki það var. Ég man að við þurftum að ýta bílnum inn á verkstæðið. Þegar við skoðuðum hann sáum við að það var eitthvað að rafmagninu og sjálfskiptingunni. Ég er ekki viss hvað en hann skipti ekki um gír. Því þetta er hybrid bíll þá getum við ekki unnið í honum því við erum ekki með réttu tækin í það. Við sögðum honum það. Bíllinn var pottþétt bilaður áður en hann kom til okkar í lok janúar. Það komu viðvörunarljós um rafmagnið og skiptinguna þegar við reyndum að starta bílnum.*“

Þá var B flutt 11. febrúar 2025 af hálfu X frá Z til C, til viðgerðar með bifreiðinni A. Það var gert með þeim hætti að „dolly“ var ekki sett undir B. Í símaframburði starfsmanns X hjá Aðstoð og öryggi kl. 09:48 kemur fram að B hafi ekki verið flutt í samræmi við verklagsreglur, þ.e. alltaf eigi að nota „dolly“ undir fjórhjóladrifna bíla og rafmagnsbíla sem læsi hjólum. Það sama kemur fram í símtali við framkvæmdastjóra X kl. 15:20. Jafnframt er eftirfarandi haft eftir tveimur starfsmönnum X í skýrslu Aðstoðar og öryggis varðandi breytingu á verklagsreglum: „*Hann ætlaði að fara setja dollýinu undir*

en þá bannaði eigandi [...] honum að gera það og sagði að þetta væri svo stuttur akstur að hann ætti bara drífa sig með hann.“ og „*Starfsmaður okkar sagði að þegar hann kom ætlaði hann að setja Dollýu undir bílinn en þá hafi eigandi bílsins sagt að hann þyrfti að drífa sig og ætti bara sleppa dollýunni. Starfsmaðurinn útskýrði að þeir noti alltaf dollýu undir fjórhjóladrifna bíla. Hjólabúnaðurinn á þessum bílum læsist annars að aftan og oft er handbremsan líka á. Hann vildi ekki hlusta á það og sagði að það skipti engu máli með þennan bíl og bað hann um að sleppa henni.*“

Í málinu liggja engin gögn fyrir um ástand B frá verkstæðinu C. Í málskoti er vitnað til þess að fylgiskjal 9 með málskoti stafi frá C, hins vegar er það gagn óundirritað og því óljóst frá hverjum það stafar. Í tjónstilkynningu M, dags. 9. apríl 2025, er einnig vísað til að texta sem C á að hafa sent M undir liðnum „*Útskýrðu ítarlega hvað gerðist*“. Þar undir komi fram að B hafi við komu til C verið með ónýtan aukarafgeymi, innri bilun í sjálfskiptingu og startkransi.

Með hliðsjón af öllu framangreindu hafa að mati nefndarinnar ekki verið lögð fram gögn í málinu sem sýna fram á að tjón á sjálfskiptingu og drifbúnaði B verði rakið til notkunar A, þ.e. hins ranga flutningsmáta. Í málinu hafa þvert á móti verið lögð fram gögn sem benda til þess að bilunin hafi verið til staðar fyrir flutning til Z 20. janúar 2025. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans. Bótaskylda er af þeim sökum ekki til staðar úr ábyrgðatryggingu ökutækisins A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 115/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. apríl 2026.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknarskýrslu lögreglu, dags. 24. febrúar 2026, var, hinn 17. febrúar 2026, tilkynnt um eld í bifreiðinni A sem var í eigu M. Þegar lögregla kom á vettvang var mikill eldur í bifreiðinni og hafi hann jafnframt læst sig í sólpall. Var A gerónýt eftir brunann. Í skýrslunni kemur fram að M hafi lýst atvikum svo að erfitt hefði verið að gangsetja A. Rafgeymir og glóðarkerti hennar hafi verið orðin léleg. Hafi M verið að hlaða rafgeyminn með hleðslutæki en einnig hafi hann náð í hitabyssu, sem hann setti í samband á lágri stillingu og beindi að vél A og glóðarkertum hennar. Hitabyssan hafi verið staðsett á vatnskassahlífinni og vélarhlíf A verið lítillega opin til loftunar. Hafi hann því næst farið inn í húsið að sinna öðru en stuttu síðar orðið var við eld frá bifreiðinni. Niðurstaða rannsóknar lögreglu var sú að mestar líkur væru á því að hitabyssan hafi orðsakað eldsvoðann. Mestar líkur séu á að plastefni hafi hitnað og það leitt til eldsins en einnig sé mögulegt að kviknað hafi í byssunni sjálfri. Ekki sé hægt að útiloka aðra möguleika.

Með bréfi, dags. 20. febrúar 2026, tilkynnti V um að það hygðist fella niður bótarétt úr kaskótryggingu A á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Í málskoti er þeirri afstöðu V mótmælt og tekið fram að hún virðist byggja á huglægu mati, en ekki faglegu, ekki síst með hliðsjón af því að lögregluskýrsla hafi ekki legið fyrir þegar V tilkynnti M um afstöðu sína. Það hljóti að vera lágmarkskrafa að fagleg úttekt á meintu gáleysi liggi fyrir. M telji sig hafa beint hitabyssunni eingöngu á toppstykki vélar A og þá hafi hann gengið þannig frá henni að framhluti hennar kæmi hvorki við brennanlega hluti né væri nálægt slöngum eða lögnum. Byssan hafi verið staðsett á vatnskassa í vélarrúmi A og ekki nálægt neinu eldfimu. Með þessum hætti hefði M talið sig hafa gert þær ráðstafanir sem þörf var á áður en hann brá sér burt. Hitinn frá hitabyssu á lægstu stillingu sé þá ekki jafnmikill og sá hiti sem skapist í vélarrými bifreiðar við hefðbundna notkun. Heitur blástur einn og sér skapi því ekki stórhættu heldur skipti þar máli staðsetning og umhverfi hitabyssunnar, sem í þessu tilviki hafi verið skorðuð af með hætti sem M taldi öruggan. Sé M því sannfærður um að eitthvað hafi komið fyrir byssuna eða snúruna frá henni sem hafi orsakað það að hún brann yfir og olli tjóni. Komi jafnframt fram í skýrslu lögreglu að ekki sé hægt að útiloka aðrar tjónsorsakir. Er þá ítrekað að hitabyssan hafi aldrei verið lögð ofan á vélina.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að atvikalýsing M í tjónstilkynningu hafi verið afar skýr. Þar komi fram að eldur hafi kviknað eftir að M skildi hitabyssu eftir í gangi í vélarrými A með rafgeymi hennar tengdan í 230V hleðslu án eftirlits. Komi skýrt fram að hitabyssan hafi verið lögð ofan á vélina og sé sú lýsing því höfð beint eftir M sjálfum. Af fyrirliggjandi gögnum hafi því á þeim tíma verið ljóst og óumdeilt hver líklegasta orsök brunans var. Á grundvelli þess hafi V tilkynnt M um að bótaréttur hans úr kaskótryggingu A yrði felldur niður. Fyrirliggjandi rannsóknarskýrsla lögreglu breyti engu í því samhengi og komi þar fram að mestar líkur séu á því að hitabyssan hafi orsakað tjónið. Sé það til samræmis við atvikalýsingu M sjálfs. Að mati V hafi það ekki áhrif í málinu að ekki sé hægt að útiloka aðra þætti sem orsakavalda enda sé slíkur fyrirvari gjarnan fyrir hendi í rannsóknum af þessu tagi. Er vísað til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5919/2024 því til stuðnings. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og 19. gr. í almennum skilmálum V geti félagið losnað undan bótaábyrgð í heild eða að hluta hafi vátryggður valdið vátryggingaratburði með háttsemi

sem telja verði stórkostlegt gáleysi. Hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að skilja hitabyssu, sem sé tæki sem framleiði hita og mögulega neista, eftir í gangi ofan á vél A án eftirlits. Ekki liggi fyrir hvort um hafi verið að ræða hitabyssu af tegundinni Bosch eða Black & Decker en það skipti ekki öllu máli enda séu hitabyssur í eðli sínu sambærilegar hvað varði hættueiginleika og leggur V fram notendahandbækur því til stuðnings. Þar megi finna ýmis öryggis- og varnaðarorð sem beri að fylgja við notkun slíkra tækja. Komi þar m.a. fram að þau framkalli mikinn hita og jafnvel neista sem auki hættu á eldi og sprengingu og að hafa þurfi sérstaka aðgát sé unnið nálægt eldfimum efnum. Slík eldfim efni sé að finna í vélarrýmum bifreiða. Þá skuli aldrei skilja slík tæki eftir án eftirlits. Sú háttsemi M að skilja byssuna eftir með þeim hætti sem gert var hafi gengið þvert gegn öllum öryggisleiðbeiningum og verið bersýnilega stórhættuleg. Sú staðreynd að M sé menntaður rafiðnfræðingur og rafvirkjameistari leggi þá enn ríkari skyldur á herðar honum og þurfi að hafa hliðsjón af því við gáleysismat. Að mati V sé því ljóst að bein orsakatengsl séu milli háttsemi M og tjónsins. Með hliðsjón af því hve fljótt eldur kviknaði verði þá að telja að háttsemi M hafi falið í sér svo verulegt frávik að réttlæti niðurfellingu bóta að öllu leyti.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hitabyssan hafi verið skorðuð af ofan á vatnskassa í vélarrúmi A og látin blása á lægsta styrk í átt að glóðarkertum. Hún hafi ekki verið lögð á vél bifreiðarinnar. Hlíf sem tekin var ofan af vélinni hafi verið úr plasti og hafi ekkert með það að gera að hætta skapaðist. Hitabyssa á lægstu stillingu framkalli enga neista og sé sá hitastyrkur einnig notaður við að losa kítti af viðargluggum eða hita filmur við álímingu. Hafi enga hættu stafað af staðsetningu byssunnar og talsverð fjarlægð hafi verið frá stút hennar og að næsta hlut, sem í þessu tilviki hafi verið úr áli. Þá hafi góð loftun verið um vélarrúmið. Í dómi héraðsdóms sem V vísi til hafi aðstæður verið allt aðrar og hafi hann ekki fordæmisgildi í málinu. Ekki sé ólíklegt að byssan hafi bilað, því hún hafi ekki blásið að neinu sem eldhætta hafi verið af. Hægt sé að meta M það til almenns gáleysis að hafa ekki staðið við A allan tímann en því sé harðlega mótmælt að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að leiðbeiningar með hitabyssum séu afar skýrar hvað eldhættu varði og eigi við óháð því hvaða hitastilling sé notuð. Með því að leggja byssuna á vélina eða í vélarrýmið hafi M mátt vera ljóst að mikil hætta hafi verið á eldsvoða. Í leiðbeiningum segi skýrlega að líkur á brunatjóni aukist sé unnið í kringum eldfim efni, ef tækinu er beint að sama stað án hreyfinga og ef unnið er í kringum plast og sambærileg efni.

Álit

Óumdeilt er í málinu að eldur kviknaði í bifreiðinni A hinn 17. febrúar 2026 með þeim afleiðingum að hún varð gerónýt. Þá liggur fyrir samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglu að líklegasta orsök brunans hafi verið hitabyssa sem M hafði komið fyrir í vélarrými A í því skyni að auðvelda gangsetningu hennar. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort háttsemi M hafi verið svo vítaverð að V sé heimilt að fella niður bótarétt hans úr kaskótryggingu A á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga og skilmála vátryggingarinnar vegna stórkostlegs gáleysis.

Samkvæmt framangreindu ákvæði er ekki nægilegt til niðurfellingar bóta að vátryggður hafi sýnt af sér almennt gáleysi heldur þarf háttsemi hans að fela í sér verulegt frávik frá eðlilegri og ábyrgri háttsemi þannig að hún verði metin stórkostlega gáleysisleg. Við mat á því verður að líta til allra atvika málsins en sönnunarbyrði þess að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða hvílir á V.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi gripið til þess ráðs að nota hitabyssu á lægstu stillingu til að hita glóðarkerti A þar sem erfitt hafði reynst að gangsetja hana. Samkvæmt frásögn hans var hitabyssan skorðuð á vatnskassahlíf og henni beint að málmhlutum í vélarrýminu. Þá hafi hann talið að nægileg loftun væri fyrir hendi þar sem vélarhlíf A hafi verið skilin eftir lítillega opin. Ekki liggur fyrir nefndinni neitt sérfræðilegt mat á því hvort almennt tíðkist að nota hitabyssur með þessum hætti eða hvort það sé augljóslega óforsvaranlegt. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að M hafi beinlínis komið hitabyssunni fyrir með þeim hætti að eldsvoði væri bersýnilega fyrirsjáanlegur.

Í rannsóknarskýrslu lögreglu kemur fram að mestar líkur séu á að hitabyssan hafi orsakað brunann, annaðhvort vegna hita sem frá henni stafaði eða vegna þess að kviknaði í henni sjálfri. Jafnframt er þó tekið fram að ekki sé hægt að útiloka aðrar orsakir eldsins. Verður því ekki talið að orsök brunans hafi verið upplýst með afgerandi hætti þó vissulega séu líkur til þess að byssan hafi valdið honum með einum eða öðrum hætti, þ.e. annað hvort vegna þess að kviknaði í henni sjálfri eða þess að hún olli íkveikju í aðlægum hlutum bifreiðarinnar. Þá liggur eins og áður segir ekkert sérfræðilegt mat fyrir um að

staðsetning hitabyssunnar eða notkun hennar við þær aðstæður sem hér voru uppi hafi verið bersýnilega hættuleg.

Háttsemi M, sér í lagi þegar hann skildi hitabyssuna eftir án eftirlits við fyrrgreindar aðstæður var að mati nefndarinnar ekki skynsamleg og verður metin honum til gáleysis. Sönnun þess að hún hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem átti að gera hvílir á V þar sem um er að ræða reglu um takmörkun á ábyrgð vátryggingafélags. Þau gögn sem lögð hafa verið fram af hálfu V sýna ekki með óyggjandi hætti fram á að háttsemi M hafi verið slík að hún hafi falið í sér svo verulegt frávik frá þeirri hegðun sem ætla mátti að það verði metið honum til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga. Er þá einnig litið til þess að því hefur ekki verið hnekkt að hitabyssan hafi verið stillt á lægsta hita og að M taldi sig hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að draga úr eldhættu. Hallann af framangreindum sönnunarskorti verður V að bera og er réttur til bóta úr kaskótryggingu A því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 116/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Barnatrygging.

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 26. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. apríl 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað því að greiða bætur úr barnatryggingu vegna sonar M, sem hafi greinst með sykursýki. M vill ekki una þeirri niðurstöðu. Í málskoti bendir M á að um sé að ræða sjúkdóm til lífstíðar og engin von um lækningu sé í sjónmáli. Hafi M engar ábendingar fengið um mögulegar bætur vegna veikinda sonarins, hvorki frá heilbrigðisstarfsfólki né V. Tímafrestinn sem V byggi neitun á sé að finna í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í sömu lögum komi þó fram í c-lið 12. gr. að vátryggingafélag skuli afhenda viðskiptavinum skírteini til staðfestingar á samningi og vísa til skilmála hans, auk þess að afhenda skilmálana sjálfa. Í skírteininu skuli koma fram áréttíng um að viðskiptavinur kynni sér ákvæði um fresti til að tilkynna um vátryggingaratburð. Þetta leggi skýra upplýsingaskyldu á V um að vekja athygli á slíkum frestum. Ekki verði séð af skilmálum fyrir trygginguna að þar sé með nokkrum hætti vikið að tímafrestum í þessu sambandi né að vátryggingartaki sé með neinu móti hvattur til að kynna sér tímafresti. Það sé því ekki útilokað að V hafi vanrækt skýra upplýsingaskyldu sína sem sé jafnframt lögbundin skv. ofangreindu lagaákvæði.

Í athugasemdum V kemur fram að M hafi tilkynnt V um veikindi sonar síns 5. janúar 2026. Um sé að ræða veikindi sem hafi komið upp í byrjun febrúar 2023. Í kjölfarið hafi verið kallað eftir gögnum frá Landspítala (LSH). Hafi þau gögn borist V 17. febrúar sl. Í kjölfarið hafi málið verið tekið til skoðunar og afstaða tekin til bótaskyldu úr barnatryggingu þeirri sem í gildi hafi verið við upphaf veikinda sonar M. Bendir V á að gögnin frá LSH staðfesti að 2. febrúar 2023 hafi sonur M átt þar komu vegna aukins þorsta og þvagútskilnaðar sl. 3 vikur auk þyngdartaps. Blóðsykur mælist 23,4. Farið hafi verið yfir niðurstöður og staðfest að um nýgreinda sykursýki 1 sé að ræða. V bendir einnig á að í 124. gr. vátryggingasamningalaga nr. 30 /2004 segi: *„Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa-, sjúkra- eða heilsutryggingum og til lögfræðilegra aðgerða. Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim réţti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.*“ Telur V að á grundvelli fyrirliggjandi gagna sé ljóst að afleiðingar þessara veikinda hafi legið fyrir í febrúar 2023 en málið hafi ekki verið tilkynnt V fyrr en í ársbyrjun 2026. Með hliðsjón af því telur V að málið sé of seint tilkynnt og bótaréttur því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M eru færð frekari rök fyrir kröfu til bóta úr tryggingunni hjá V.

Álit.

Í 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga segir eftirfarandi: „*Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.“* Framangreint ákvæði leiðir til þess að umræddur frestur byrji að líða þegar með sanngirni megi ætlast til að tjónþoli geri, eða megi gera, sér grein fyrir því að um sé að ræða sjúkdóm sem getur eftir atvikum haft í för með sér bótarétt. Það er því háð ákveðnu mati í hverju tilviki við hvaða tímamark skuli miða í þessum efnum og kemur þá ýmislegt til skoðunar, s.s. eðli einkenna og batahorfur, hvernig samfellu í einkennasögu og læknisþjónustu er háttað og hvort og hvenær tjónþoli fær til dæmis upplýsingar um viðkomandi sjúkdóm. Af gögnum málsins verður ráðið að sonur M hafi verið greindur með sykursýki í febrúar 2023. Þar sem tilkynning um sjúkdóminn barst V ekki fyrr en 5. janúar 2026 verður því að telja að hún hafi ekki borist innan þess eins árs frests sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þá telur nefndin að M hafi ekki lagt fram nein þau gögn sem bent gætu til þess

að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart vátryggingartaka með þeim hætti að áhrif ætti að hafa á framangreinda niðurstöðu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr barnatryggingu hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 117/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra. .
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. 30. ágúst 2022, kemur fram að M hafi hinn 25. ágúst 2022 dottið af rafmagnshlaupahjóli á göngustíg í Mosfellsbæ. Vitni sögðu M hafa hjólað á „kubb“ og að hún hefði „eitthvað verið að líta til hliðar“. Rætt var við foreldra M á bráðadeild Landspítalans sem höfðu eftir henni að hún hefði verið á leið niður brekku á rafmagnshlaupahjólinu og klesst á stein með þeim afleiðingum að hún féll, rak höfuðið í stein og tók kollhnís yfir steina og hafnaði á bakinu. Var hún með hjálm. Kveðst hún ekki hafa séð steininn. Af ljósmyndum lögreglu af vettvangi má sjá öryggisgirðingu sem fest er með steypuklumpum liggja samhliða göngustígnum. Nokkrir lausir steypuklumpar voru staðsettir fyrir utan göngustíginn en ein ljósmynd sýnir að einn klumpurinn hafi líklega legið örlítið inn á göngustígnum fyrir slysið. Mál þetta hefur áður komið til kasta nefndarinnar vegna meintrar ábyrgðar tiltekins undirverktaka, sbr. úrskurð nr. 279/2025. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra X sem sá um byggingarframkvæmdir á svæðinu. Af hálfu V hefur bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingunni verið hafnað.

Í málskoti vísar M til þess að V sé óheimilt að takmarka bótasvið lögboðinnar starfsábyrgðartryggingar með þeim hætti að undanskilja líkamstjón, enda komi sú nálgun hvorki fram í skilmálum V né lögum. Þá sé sú túlkun í andstöðu við reglugerð nr. 271/2014 um starfsábyrgðartryggingu hönnuða og byggingarstjóra. Í þessu sambandi er bent á að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar skuli byggingarstjóri hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans. Þá sé í 6. og 8. gr. reglugerðarinnar að finna heimild til að takmarka ábyrgðartrygginguna með þeim hætti að áskilja hámarksvátryggingarfjárhæð og sjálfsáhættu. Þar sé hins vegar ekki að finna heimild til annars konar takmarkana. Í ljósi þess að um lögboðna ábyrgðartryggingu sé að ræða sé V því óheimilt, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga, að takmarka bótasvið vátryggingarinnar í vátryggingarskilmálum við almennt fjártjón, en undanskilja líkamstjón. Telur M að framangreint sé staðfest í Hrd. í máli nr. 123/2011. Hvað varði ábyrgð X á skyldum verkkaupa skv. verksamningi bendir M á að samkvæmt grein 8.8 í verksamningi eiganda og uppsteypuverktaka komi fram að: *„verkkaupi sér um að girða vinnusvæði af og viðhalda á verktíma.“* Þá segi eftirfarandi í grein 3.5: *„Byggingarstjóri eða staðarstjóri skal hafa eftirlit með verkinu fyrir hönd verkkaupa. Skulu þeir hafa fullt aðgengi að vinnusvæði verktaka og skal verktaki verða við eðlilegum beiðnum þeirra um upplýsingar og gögn.“* Hafi eigandi skuldbundið sig með verksamningi að girða og viðhalda girðingunni. X hafi tekið yfir þá skyldu samkvæmt sama samningi. Telur M að X hafi vanrækt lögbundið og samningsbundið eftirlit og beri því skaðabótaábyrgð. Í því sambandi bendir M á að í 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki sé tilgreint að verði eigandi eða annar þriðji maður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi sé hann skaðabótaskyldur gagnvart tjónþola. Byggingarstjóri beri því eftir atvikum ábyrgð á líkamstjóni tjónþola á grundvelli sakarreglunnar. Hvað meinta saknæma háttsemi varði bendir M á að X hafi borið ábyrgð á aðbúnaði og öryggi á umræddum vinnustað og nærumhverfi þess ef hlutir af vinnusvæðinu voru geymdir utan þess. X hafi því borið sérstök skylda til þess að tryggja öryggi þar og sjá til þess að börnin kæmust ekki inn á vinnusvæðið og ennfremur tryggja að vinnubúnaður sem varðveittur var utan svæðis ylli ekki slysahættu. Telur M að gögn málsins staðfesti að X hafi ekki uppfyllt þessa skyldu sína. Þá bendir M á að samkvæmt grein 4.11.3 í byggingareglugerð nr. 112/2012 beri byggingarstjóri ábyrgð á aðstæðum, aðbúnaði og öryggi á og við byggingalóðina. Telur M að X hafi brotið gegn ofangreindu ákvæði. Síðan færir M í málskoti frekari rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Í athugasemdum V kemur fram að á slysdegi var X með í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V vegna tiltekinnar nýbyggingar. X hafi hins ekki verið með í gildi hefðbundna ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V, hafi reyndar afþakkað slíka tryggingu. Þá tekur V fram að bótarétti M úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sé alfarið hafnað með vísan til þess að gildissvið hennar skv. skilmála takmarkist við almennt fjártjón, sem hlýst af gáleysi vátryggðs við framkvæmd starfa hans sem byggingarstjóra, sbr. 29. gr. laga um mannvirki. Í skilmála vátryggingarinnar komi einnig skýrt fram að hún taki ekki til líkamstjóns eða skemmda á munum. Afmörkun gildissviðs tryggingarinnar sé sú sama og gildir í samkvæmt skilmálum fyrir aðrar lögboðnar starfsábyrgðartryggingar sem allar séu undir opinberu eftirliti og hafi ekki sætt sérstökum andmælum. Í 29. gr. mannvirkjalaga, sbr. einnig grein 4.7.7 í byggingarreglugerð, sé nánar tilgreint á hvaða þáttum framkvæmdar, byggingarstjóri beri ábyrgð. Ábyrgð vegna öryggis á verkstað sé ekki þar á meðal. Í lokamálsgrein framangreindar lagagreinar komi fram að byggingarstjóri skuli hafa „fullnægjandi ábyrgðartryggingu“ en í reglugerðinni segi að hann skuli hafa í gildi „tryggingu vegna fjárhagstjóns, sem leitt geti af gáleysi í starfi hans“. Nánari afmörkun sé ekki að finna í reglugerð nr. 271/2014 um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra. Með dómi Hæstaréttar nr. 536/2012 hafi verið leyst úr sambærilegu álitamáli um það hvort líkamstjón gæti fallið undir lögboðna starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Þar komi fram að tryggingin sé bundin við það að bæta þá skaðabótaábyrgð sem falli á byggingarstjóra á grundvelli þágildandi skipulags- og byggingarlaga (nú lög um mannvirki). Af ákvæðum þessara laga yrði ekki leidd bein skylda byggingarstjóra til þess að tryggja öryggi á byggingarstað og áréttar dómurinn að fara beri varlega í að draga af þeim ályktanir um ábyrgð byggingarstjóra að þessu leyti, sbr. einnig Hrd. 409/2012. Skipti því engu þótt í byggingarreglum (56. gr. eldri byggingarreglugerðar en gr. 4.11.3 í núgildandi reglugerð) væri að finna almennt ákvæði sem lúti að öryggi á byggingarstað og tilvísun til vinnuverndarlaga. Þar sem bótaábyrgð byggingarstjórans varð ekki beinlínis reist á því að hann hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum taldi Hæstiréttur að ekki gæti komið til greiðsluskyldu úr starfsábyrgðar-tryggingunni, jafnvel þótt hann kynni að bera bótaábyrgð á grundvelli annarra reglna. Hvað skaðabótaábyrgð X að öðru leyti varði þá segi V í athugasemdum sínum ekki hafa til þessa tekið formlega afstöðu til hennar heldur hafa eingöngu vísað til þess að vátryggingin taki ekki til tjóns af þessu tagi. Hvað hugsanlega skaðabótaábyrgð X varði bendir V síðan á eftirfarandi. Að mati V verði ekki ráðið af ákvæðum laga nr. 160/2010 um mannvirki að byggingarstjóra sé sérstaklega ætlað að bera ábyrgð á öryggisráðstöfunum á verkstað, heldur sé það einkum á ábyrgð aðalverktaka, húsasmíðameistara og eftir atvikum verkeiganda sjálfs. Verði ábyrgð X ekki reist á mannvirkjalögum, heldur eftir atvikum á grundvelli verksamnings húsbyggjanda við undirverktakann eða laga og reglugerða um vinnuvernd, eins og vísað sé til í málskoti, komi starfsábyrgðartryggingin þegar af þeirri ástæðu ekki til álita sbr. ofangreindan dóm Hæstaréttar. Telur V að í því tilviki beri nefndinni að vísa málinu frá þar sem ekki sé lengur um að ræða kröfu á hendur vátryggingafélagi heldur aðeins kröfu á byggingarstjórann sjálfan. Í 4. mgr. 36. gr. laga nr. 46/1980 segi að þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eru að störfum samtímis við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, skuli verkkaupi eða fulltrúi hans skipuleggja og samræma aðgerðir sem tryggja að við hönnun, undirbúning og framkvæmd verks verði gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Skuli hann skipa einn eða fleiri samræmingaraðila öryggis og heilbrigðismála til að gegna þessum skyldum. Í þessu máli liggur ekkert fyrir um að byggingarstjóra hafi sérstaklega verið falið þetta verkefni og verður ekki annað séð en að ábyrgð vegna öryggismála við framkvæmdina og frágang girðingarinnar hafi hvílt á verkeiganda og aðalverktaka sjálfum. Jafnvel þótt hann bæri ábyrgð skv. þessu ákvæði félli hún utan gildissviðs starfsábyrgðartryggingarinnar. Grein 4.11.3 í byggingarreglugerð feli í sér að setja skuli upp girðingar til þess að takmarka hættu fyrir vegfarendur og einnig að bæði byggingarstjóra og iðnmeisturum sé skylt að sjá um að sem minnst hætta, óþrifnaður eða óþægindi stafi af framkvæmdunum og viðhafðar séu fyllstu öryggisráðstafanir, eftir því sem aðstæður leyfa. Samsvarandi ákvæði hafi verið að finna í 56. gr. eldri byggingarreglugerðar sem skv. fyrrgreindum dómum Hæstaréttar var ekki talið fela í sér slíkar skyldur byggingarstjóra að unnt væri að gera hann ábyrgan á þeim grundvelli og fella þá ábyrgð undir starfsábyrgðartrygginguna. Telur V engu að síður að þessar skyldur hafi verið uppfylltar með uppsetningu girðingarinnar en ekki verði leitt af ákvæðinu að byggingarstjóri beri sjálfkrafa ábyrgð á hvers kyns slysum á og við framkvæmdasvæði. Engu skipti í þessu tilliti þótt formlegrar framkvæmdaheimildar hafi ekki verið aflað vegna öryggisgirðingarinnar. Að öðru leyti vísar V til röksemda sinna, sem fram hafi komið í tölvupósti til lögmanns M, dags. 10. mars 2025, greinargerð félagsins til úrskurðarnefndar í máli nr. 279/2025 og viðbótarathugasemda í tölvupósti 3. október 2025. Samandregið telur V sem fyrr að slysið sé alfarið að

rekja til óhappatilviks eða aðgæsluleysis M þrátt fyrir ungan aldur. Ósannað sé með öllu að steypuklumpurinn hafi skagað inn á göngustíginn eða staðsetning hans hafi verið saknæm eða falið í sér hættu fyrir vegfarendur. Hafi hann skagað inn á stíginn gæti það vart hafa verið meira en 2-3 cm og þá einnig ósannað af hvers völdum það hafi verið eða að verktaki eða byggingarstjóri hafi haft vitneskju um það. Miðað við staðsetningu steinanna á myndum sé líklegt að M hafi hjólað út fyrir brún gangstígsins, en hann hafi verið 310 cm á breidd og því engin raunverleg hætta sem stafaði af þeim fyrir vegfarendur. Þá hafi verið bjart úti og steinarnir vel sýnilegir. Að síðustu ítrekar V andmæli við sönnunargildi vitnayfirlýsingar í málinu, sem undirrituð sé af vinkonum M löngu eftir slysið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X, þannig að bótaskylda stofnist úr starfsábyrgðartyggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að bótaréttur sé til staðar. V byggir aðallega á því að M eigi ekki rétt á að fá hið umþrætta tjón sitt bætt úr tryggingunni þegar af þeirri ástæðu að líkamstjón falli utan gildissvið hennar. Þannig takmarkist gildissvið tryggingarinnar við almennt fjártjón, sem hljótist af gáleysi X við framkvæmd starfa hans sem byggingarstjóra sbr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Þannig segir m.a. eftirfarandi í 2. gr. skilmála fyrir starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra: *„Vátryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaskyldu er fellur á vátryggðan byggingarstjóra þegar eigandi mannvirkis eða annar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til gáleysis byggingarstjóra í starfi sínu sbr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.“* Þá kemur einnig fram í b-lið 3. gr. skilmálanna að tryggingin taki ekki til líkamstjóns eða skemmda á munum. Bendir V á að framangreind takmörkun sé sambærileg við það sem gildi samkvæmt skilmálum fyrir aðrar lögboðnar starfsábyrgðartryggingar sem allar lúti opinberu eftirliti. Hafi sú tilhögun ekki sætt sérstökum andmælum af hálfu eftirlitsaðila.

Í 29. gr. mannvirkjalaga , samanber einnig grein 4.7.7 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, er fjallað um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Af því ákvæði fær nefndin ekki séð að ábyrgð vegna öryggis á verkstað sé þar á meðal. Í 7. og 8. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga segir eftirfarandi: *„Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Byggingarstjóri skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda. Nánari ákvæði um ábyrgðartryggingu byggingarstjóra skulu koma fram í reglugerð.*“ Í 10. mgr. greinar 4.7.7 í byggingareglugerð segir: *„Byggingarstjóri skal hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans, sbr. ákvæði laga um mannvirki og reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra.“* Í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 271/2014 um starfsábyrgðartryggingu hönnuða og byggingarstjóra segir eftirfarandi um starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra: *„Byggingarstjóra er skylt að hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans, sbr. ákvæði laga um mannvirki og byggingarreglugerðar.“*

Nefndin telur með vísan til framangreindrar umfjöllunar og niðurstöðu í Hrd. í máli nr. 536/2012, að sú takmörkun á gildissviði skilmála V um starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sem fjallað hefur verið um, sé í fullu samræmi við þá ábyrgð sem X kann að bera á grundvelli mannvirkjalaga. Þegar þetta er haft í huga og með vísan til þess að í skilmálunum fyrir starfsábyrgðartrygginguna er sérstaklega tekið fram að hún taki ekki til líkamstjóns, telur nefndin að M geti ekki átt rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V. Að fenginni þessari niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málsástæður M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 118/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. mars 2026.
2. Bréf V dags. 25. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V dags. 25. febrúar 2026 fékk M syni sína til að aðstoða sig við að tengja þvottavél. Gleymst hafi að taka „stoppskrúfurnar“ úr vélinni og þegar hún var gangsett hafi hún endað á gólfinu, tekið þurrkarann með sér og skemmt hillur og skúffur þar fyrir neðan.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótakröfu M úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingar hans með vísan til þess að samkvæmt skilmálum bæti vátryggingin ekki tjón sem rekja megi til galla, rangrar samsetningar og innri bilana. Hafi V jafnframt vísað til þess að samkvæmt varúðarreglum í skilmálum vátryggingarinnar bæri að fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varði meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins tryggða.

M byggir á því að hann hafi keypt trygginguna í góðri trú um umfang hennar enda hafi heiti hennar og framsetning við sölu á henni gefið til kynna að um víðtæka kaskótryggingu væri að ræða. M geri sér grein fyrir því að tjónið megi rekja til þess að ekki hafi verið farið að leiðbeiningum framleiðanda. Það hafi hins vegar ekki gerst af ásetningi heldur hafi verið um að ræða yfirsjón sem leiddi til skyndilegs tjónsatburðar. Eigi gildissvið vátryggingarinnar aðeins að ná til atvika sem ekki megi rekja til mannlegra mistaka sé það æði takmarkað, og t.a.m. ekki í neinu samræmi við gildissvið kaskótrygginga ökutækja. Er M því þeirrar skoðunar að túlkun V á skilmálum sínum sé of þröng og gangi gegn eðlilegum væntingum um inntak vátryggingarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar er sú afstaða þess að umrætt tjón falli utan gildissviðs vátryggingarinnar ítrekuð. M hafi ekki getað dulist að ef skrúfurnar sem héldu tromlu þvottavélarinnar við flutning væru ekki fjarlægðar fyrir notkun mundi það valda verulegum skemmdum á vélinni. Hafi tjónið því heldur ekki verið ófyrirsjáanlegt í skilningi skilmála vátryggingarinnar.

Álit.
Samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V tekur innbúskaskótrygging til tjóns sem á rætur að rekja til skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika sem ekki eru bótaskyld samkvæmt innbústryggingu. Þó er tekið fram að tryggingin bæti ekki tjón vegna nokkurra nánar tilgreindra orsaka, s.s. tjón „sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana.“

Óumdeilt er að tjónið varð eftir að þvottavélin var tengd og tekin í notkun án þess að festingar sem halda tromlu hennar fastri við flutning, hefðu verið fjarlægðar. Af gögnum málsins verður því ráðið að tjónið hafi orðið vegna þess að ekki var farið að fyrirmælum framleiðanda um uppsetningu og undirbúning vélarinnar fyrir notkun. Verður að líta svo á að um ranga samsetningu í skilningi fyrrgreinds skilmálaákvæðis hafi verið að ræða.

Þar sem skýrlega er tiltekið í skilmálum að vátryggingin taki ekki til slíks tjóns er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 119/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 12. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 29. maí 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í tilkynningu sem X sendi til Vinnueftirlitsins 24. september 2024 kemur fram að M varð fyrir vinnuslysi hjá X þann 5. september sama ár. Er tildrögum slyssins þannig lýst að M hafi verið að ferja hjólastól milli svæða í gegn um hurð. Mikill gegnumtrekkur hafi verið þar sem opið hafi verið út. M hafi komið hjólastólnum í gegn um hurðina en þegar hún hafi ætlað að loka hurðinni á eftir sér hafi hún skollið aftur með þeim afleiðingum að öryggisgler hennar brotnaði. Hafi glerið og handfang hurðarinnar skollið á hnakka M sem hafi slasast.

Í málskoti er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Máli sínu til stuðnings færir M fyrir því rök að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið hættulegar og hurðin vanbúin. Telur M að umrædd glerhurð hafi skort viðeigandi hurðaloku (pumpu). Verði slys M rakið til þessa vanbúnaðar. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að í fyrirliggjandi skýrslu frá X, dags. 2. mars 2025, komi fram að á umrædda hurð hafi vantað viðeigandi pumpu. Orðrétt segi þar um orsakir slyssins *„Cause of the accident: Main cause of the incident: Skortur á tæki/búnaði. Other factors that haad an impact: Vindhraði/vindur.“* Þá sé í lið 7 í umræddi skýrslu fjallað um úrbætur til að fyrirbyggja samskonar slys. Þar segi: *„Be sure to install a pump on all glass doors that could be potentionally exposed to drafts.“*

Þessu til viðbótar bendir M á að í fyrirliggjandi samantekt sem hafi verið kynnt fyrir starfsfólki X komi fram að framkvæmdir hafi verið í gangi á umræddu svæði og því hafi verið notast við aðra hurð en vanalega. M telur að af framangreindu sé ljóst að glerhurðin hafi verið vanbúin og að á því beri X ábyrgð. Vísar M jafnframt til 13., 37., 42. og 1. mgr. 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og aðstæður á vinnustöðum og tiltekin ákvæði í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Auk framangreinds bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 24. september 2024 eða 20 dögum eftir slysdag. Af þeim sökum hafi slysið ekki verið rannsakað af Vinnueftirlitinu, svo sem borið hafi að gera samkvæmt. 79. sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980. Telur M að X hafi borið að senda tilkynningu til Vinnueftirlitsins strax í kjölfar slyssins. Bendir M á að af dómaframkvæmd megi ráða að strangar kröfur séu gerðar til þess að vinnuveitendur hlutist til um að framkvæmd sé viðunandi rannsókn á slysum og því verði X að bera hallan af því að slík rannsókn hafi ekki farið fram. Bendir M jafnframt á að í málinu sé uppi ágreiningur um hvort hurðin hafi verið vanbúin og því ljóst að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði haft töluverða þýðingu við úrlausn málsins. M telur sig því hafa fært fyrir því rök að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins.

Í athugasemdum V er tekið fram að samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar beri sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt. Það hvíli því á M að sanna bæði tjón sitt og að það verði rakið til bótaskylds atburðar, þar á meðal saknæmrar háttsemi eða vanrækslu af hálfu X. Krafa M byggi á því að slysið megi rekja til ófullnægjandi vinnuaðstæðna, einkum þess að viðkomandi glerhurð hafi skort viðeigandi hurðalokara sem stýri hreyfingu hennar. Byggt sé á því að skortur á slíkum búnaði hafi leitt til þess að hurðin hafi skollið harkalega á M og valdið tjóni. Í málskoti sé vísað til 9.4.7. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og jafnframt til 12.3.1. gr. sömu reglugerðar. Afstaða V sé sú að umrædd hurð og búnaður hennar hafi uppfyllt viðeigandi lög, reglur og öryggiskröfur og að hurðin hafi ekki verið haldin þeim annmörkum sem haldið sé fram. Á hurðinni hafi verið og sé enn í dag sérstakur búnaður sem gegni sambærilegu hlutverki og hefðbundinn hurðalokari. Óumdeilt sé að verulegt hvassviðri var á vettvangi umrætt sinn. Að mati V hafi M ekki sýnt fram á að annar búnaður á hurðinni hefði getað komið í veg fyrir slysið við

þær aðstæður sem uppi voru. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi umrædd hurð verið hluti af flóttaleið og einkum notuð af starfsfólki til ferða milli svæða. Á slíkum hurðum sé ekki hefðbundin hurðarpumpa ofan á hurðarblaði, heldur ljúfloki í gólfi sem hurðin sé fest við. Sá búnaður sé stillanlegur og hafi sambærilegt notagildi og hurðalokari. V vísar í því sambandi til leiðbeininga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar við 9.4.7. gr. byggingarreglugerðar þar sem fram komi að hurðalokarar geti verið með fleiri en einni tæknilegri útfærslu, þar á meðal felldir niður í gólf. Þá tekur V fram að M hafi bent á að í atvikaskráningu X hafi komið fram að orsök slyssins hafi m.a. verið skortur á viðeigandi tæki/búnaði, einnig sé tilgreint að vindhraði/vindhviður hafi verið orsök slyssins, og að tilgreind hafi verið fyrirmæli um úrbætur vegna slyssins, þ.e. : *„Be sure to install a pump on all glass doors that could be potentially exposed to drafts.“* Í þessu sambandi bendir V á að af hálfu X hafi komið fram að framangreind tilgreining á orsök slyssins og tillögur til úrbóta hafi verið byggð á misskilningi. Bendi X á að misræmið á milli skýrslu og atvikaskráningar skýrist að mestu af misskilningi um hlutverk hurðarpumpu. Í atvikaskráningu sé bent á að skortur á hurðarpumpu hafi verið meginorsök atviksins, en sú ályktun byggi á þeirri forsendu að hurðarpumpa komi í veg fyrir að hurð skellist. Það sé þó ekki fyllilega rétt túlkun. Hugmyndin um að bæta við hurðarpumpu hafi komið fram sem tillaga frá næsta yfirmanni hins slasaða, en sú tillaga virðist ekki hafa byggst á nægjanlegri þekkingu á uppbyggingu og virkni viðkomandi hurða. Þar af leiðandi hafi sú skýring ratað inn í atvikaskráninguna án þess að endurspegla raunverulega orsakaþætti atviksins með fullnægjandi hætti. Þá bendir V á að í málskoti sé vísað til gr. 12.3.1. í byggingarreglugerð en í því sambandi bendir V á að umrædd hurð hafi einmitt verið með stýringu sem hæfði viðkomandi hurð og að öðru leyti í samræmi við ákvæðið. Að mati V sé ljóst af framangreindu að sá búnaður sem var á umræddri hurð, og sé enn, fullnægi að öllu leyti kröfu gr. 9.4.7 í byggingarreglugerð og feli í raun í sér aukið öryggi umfram hurðarpumpu þar sem hann henti betur þar sem börn eða aldraðir ganga um eða þar sem tryggja þarf aðgengi fatlaðra t.d. að öruggum svæðum vegna flóttaleiða, eins og fram kemur í leiðbeiningum HMS. Liggi því fyrir að mati V að fullnægjandi búnaður, sambærilegur hurðarpumpu, var á umræddri hurð er slysið varð og allar öryggiskröfur uppfylltar. Engin gögn hafi verið lögð fram um annað. Með vísan til framangreinds og gagna málsins sé að mati V ljóst að fullnægjandi og viðeigandi öryggisbúnaður hafi verið á umræddri hurð og að slys M verði fyrst og fremst rakið til veðuraðstæðna og óhappatilviks sem X hafi ekki getað komið í veg fyrir. Þá sé því hafnað að það hafi nokkra þýðingu í þessu máli að slysið hafi verið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 24. september 2024, enda hafi lögregla verið kölluð til á slysdegi. Fullnægjandi upplýsingar og gögn liggi því fyrir um atvik málsins og skýrsla Vinnueftirlits hefði þar engu breytt. Tímapunktur tilkynningar til Vinnueftirlitsins breyti engu um þá sönnunarbyrði sem M þurfi að axla í málinu og verði sök hvorki reist á því að tilkynning til Vinnueftirlitsins hafi átt sér stað 20 dögum eftir slysið eða á almennri skírskotun til vinnuverndarreglna. Slys M verði að mati V samkvæmt ofangreindu ekki rakið til saknæms vanbúnaðar umræddrar hurðar eða annarra atriða eða atvika sem X beri ábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum M er því alfarið hafnað að um óhappatilvik vegna veðurs hafi verið að ræða. Það hafi verið á ábyrgð X að tryggja starfsfólki sínu öruggar vinnuaðstæður. Þá hafi því ítrekað verið slegið föstu í dómframkvæmd að ríkar skyldur hvíli á umráðamönnum fasteigna þar sem almenningur og starfsfólk á leið um til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra. Líkt og bent hafi verið á í málskoti séu veðuraðstæður nokkuð sem vinnuveitandi verði að gera ráð fyrir í skipulagi daglegs starfs. Það liggi fyrir að umræddan dag hafi verið mjög hvasst. Því hafi verið enn ríkari ástæða fyrir X að fela ekki M að nota bráðabirgðahurð sem hafi ekki verið með fullnægjandi öryggisbúnaði. V hafi byggt á því að um sé að ræða hurð sem sé notuð sem flóttahurð og því séu gerðar minni kröfur til útbúnaðar hennar, m.t.t. til hurðalokana. Á slysdegi hafi hurðin ekki verið í notkun sem flóttaleið heldur sem bráðabirgðainngangur vegna framkvæmda. Í því ljósi hafi X borið að hafa hurðina útbúna með virkri hurðarpumpu sem veiti viðnám gegn vindhviðum ellegar taka hurðina úr notkun í ljósi hættu á gegnumtrekki og hvassviðri. Í öllu falli hefði X getað falið fleiri starfsmönnum að ferja farþega t.a.m. svo annar gæti stutt við hurðina meðan hinn ók farþega eða hjálpartæki í gegn í því skyni að draga úr slysahættu. M hafnar því alfarið að útbúnaðurinn á hurðinni feli í raun í sér aukið öryggi fram yfir hurðarpumpu. Hér telur M gæta nokkurs misskilnings um hlutverk hurðarpumpu en tilgangurinn með henni sé ekki eingöngu að koma í veg fyrir að hurð skellist aftur heldur verði hurð með pumpu stífari þegar henni er lokið upp sem skipti sköpum til að koma í veg fyrir að hurð fjúki upp með vindhviðum. Að varna því að hurð fjúki stjórnlaust upp eða aftur í hvassviðri sé beinlínis einn af öryggiseiginleikum slíks búnaðar. Veður og vindur á flugvelli eða í anddyri eru fyrirsjáanlegar aðstæður sem eiganda eða

vinnuveitanda ber að gera ráðstafanir gegn. Það að hurðin var notuð sem flóttaleið til bráðabirgða firri X ekki ábyrgð á því að tryggja að notkun hennar sé örugg þegar hún er notuð af starfsfólki. Þá vísar M til þess að í grein 12.3.1. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé áskilið að almennt skuli þannig gengið frá hurðum að ekki skapist hætta við notkun þeirra. Öryggisbúnaður skuli vera á öllum vélknúnum hurðum sem virkar bæði gagnvart opnun þeirra og lokun. Pumpur skulu ávallt hæfa viðkomandi hurðum og skal búnaður vera þeirrar gerðar að ekki verði slysahætta og aðgengi allra sé tryggt. Í þessu sambandi vísar M einnig í dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-536/2020. M telur því ljóst að hurðarlokan sem var á hurðinni sem skall á M hafi ekki hæft viðkomandi hurð og að á X hafi hvílt ríkar skyldur að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að hurðin fyki upp. Það liggi fyrir að ekki hafi verið pumpa á hurðinni sem hafi verið notuð sem umferðarleið í umrætt sinn, auk þess sem X hafi ekki sýnt fram á að hurðarlokan sem var til staðar sé búin þeim eiginleikum að varna eða draga úr því að hurð fjúki upp við vindhviðu. Þvert á móti hafi það verið mat X sjálfs að slysið mætti rekja til skorts á viðeigandi búnaði og mikils vinds, sbr. skýrslu X, dags. 2. mars 2025. Hafi verið lagðar til úrbætur af hálfu X. M telur eftiráskýringar X þess efnis að um sé að ræða misskilning þess starfsmanns sem ritaði skýrsluna um hlutverk hurðarpumpu, ótrúverðugar. Auk framangreinds áréttar M að X hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins í samræmi við 79. gr. laga nr. 46/1980. Bendir M á að í lögregluskýrslu séu tildrög slyssins ekki rannsökuð né lagt mat á orsakir slyssins. Í málinu sé ágreiningur um hvort hurðin hafi verið vanbúin. Þá hafi X í upphafi lagt fram skýrslu um orsakir slyssins en hafi síðar reynt að bera því við að niðurstaða skýrslunnar byggi á misskilningi skýrsluhöfundar. Ljóst sé að rannsókn Vinnueftirlitsins á öryggisbúnaðinum og mat þeirra á orsök slyssins og mögulegum úrbótum hefði haft verulega þýðingu í málinu. Verði X að bera hallan af því, samanber áralanga dómaframkvæmd, að hafa ekki hlutast til um að rannsókn á vettvangi færi fram.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir V á að M hafi ekki lagt fram gögn eða upplýsingar sem styðji við þá staðhæfingu að umrædd hurð hafi ekki uppfyllt allar öryggiskröfur og staðla samkvæmt byggingarreglugerð og leiðbeiningum frá HMS. Sú staðhæfing að hurðarpumpa feli í sér aukið öryggi umfram ljúfloku sé ekki í samræmi við þau ákvæði byggingarreglugerðar og leiðbeininga frá HMS sem vísað hafi verið til í afstöðu V. Með engu móti sé fallist á að X hafi átt að grípa til ráðstafana vegna veðurs umræddan dag, enda hafi slysið orðið vegna aðstæðna sem ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir en ekki vegna ótryggra aðstæðna á ábyrgð X. Það fordæmi sem M vísi til eigi ekki við um mál þetta enda hafi verið sýnt fram á í umræddum dómi að þar hafði hurðarpumpa verið aftengd.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. almennt að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hver ber sönnunarbyrðina ef uppi er ágreiningur um atvik máls og aðstæður á vinnustað.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Það liggur fyrir að X uppfyllti ekki framangreinda tilkynningarskyldu og að engin rannsókn fór fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Nefndin telur að óvinnufærni M í kjölfar slyssins, framangreint brot á tilkynningaskyldu, og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki slysið, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik og aðstæður á slysstað yrði nánar upplýst. Það gerði X ekki. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og aðstæður á vinnustað snýr að atriðum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn, verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann. Þegar svo háttar til sem að framan greinir getur vanrækslan leitt til þess að ef vafi leikur á um hvort tiltekið ágreiningsefni telst sannað eða ekki beri X sönnunarbyrðina, en ekki M eins og almennt gildir í skaðabótarétti.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar er ágreiningur uppi um það milli aðila hvort slysið verði rakið til þess að umrædd hurð hafi verið vanbúin eða ekki. Þá byggir V m.a. á því að M hafi ekki lagt fram gögn eða upplýsingar sem styðji við þá staðhæfingu að umrædd hurð hafi ekki uppfyllt allar öryggiskröfur

og staðla samkvæmt byggingarreglugerð og leiðbeiningar frá HMS. Þá sé sú staðhæfing að hurðarpumpa feli í sér aukið öryggi umfram ljúfloku ekki í samræmi við þau ákvæði byggingarreglugerðar og leiðbeiningar frá HMS sem vísað hefur verið til í afstöðu V. Nefndin telur með vísan til þess sem að framan greinir um afleiðingar þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins með réttum hætti, að það sé V, en ekki M, að sýna fram á framangreint. Telur nefndin jafnframt að X hafi ekki tekist sú sönnun, enda dugar þar ekki að vísa fyrst og fremst til þess sem X telur vera rétt án þess að nánari rannsókn framkvæmd af hlutlausum fagaðila hafi farið fram, sem styðji við röksemdir X. Í þessu sambandi bendir nefndin einnig á að í málinu liggur fyrir skýrsla frá verkstjóra/stjórnenda hjá X vegna slyss M, dags. 2. mars 2025. Þar kemur fram það mat að meginorsök slyssins hafi verið skortur á tæki/búnaði. Þá hafi vindur einnig haft þar áhrif. Í skýrslunni er síðan lagt til að settar verði pumpur á allar þær hurðir sem geta verið útsettar fyrir gegnumtrekki. Þegar það er haft í huga að þessi skýrsla virðist stafa frá þar til bærum starfsmanni X telur nefndin að tölvupóstur X, dags. 20. apríl 2026, þar sem því er haldið fram að framangreind niðurstaða starfsmannsins sé byggð á misskilningi, hafi takmarkað sönnunargildi. Sömu sögu er að segja um önnur þau gögn sem X hefur lagt fram máli sínu til stuðnings, enda breyta þau ekki þeirri staðreynd að X hlutaðist ekki til um að fram færi ítarlega rannsókn á orsökum slyssins, sem ástæða er til að ætla að hefði m.a. getað skorið úr um það hvort hurðin var vanbúin eða ekki. Eins og áður hefur komið fram verður X að bera hallan af þessum sönnunarskorti. Með vísan í framangreint hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að forsendur séu til að leggja til grundvallar að slys M megi rekja vanbúnaðar hurðarinnar og að X beri ábyrgð á þeim vanbúnaði. Því séu uppfyllt skilyrði þess að X beri skaðabótaábyrgð á sönnuðum afleiðingum líkamstjóns M. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðatryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V, í því mæli sem henni tekst að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni af völdum slyssins 5. september 2024.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 120/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Samsömun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. mars 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Sjúkraskrá frá LHS.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 19. febrúar 2026, var lögreglan send með forgangi á Suðurlandsveg rétt vestan við Hafravatnsveg þar sem bifreið A hafði verið ekið á ljósastaur við vegöxl. . Síðan segir í lögregluskýrslunni: *„Myrkur var úti og mikill kuldi, en yfirborð vegarins var þurrt og malbikað. Við sjáum hjólför leggja frá bifreiðinni rakleiðis frá veginum á vegöxl, en hjólförin stefndu nokkuð beina stefnu á ljósastaurinn. Sjáanleg ákoma var á bifreiðinni að framan á framhöggvara og vélarhlíf, sem hafði gengið inn lítillega. Ökumaður reyndir vera [Y], og framvísaði gildu ökuskírteini. Samskipti okkar fóru fram á ensku máli, en ég átti í talsverðum erfiðleikum með að skilja hana sökum tungumálaerfiðleika. [Y] kvaðst telja að hún hafi sofnað undir stýri við aksturinn, en hún sagðist hafa unnið í allan dag og hafi verið mjög þreytt þegar hún þurfti að aka manni sínum. [Y] kvaðst hafa verið spennt í öryggisbelti við akstur. Kvaðst finna til verkja i hægri öxl og viðbeini, og aftan í hálsi. Aðspurð kvaðst hún hafi ekið bifreiðinn á um 60-70 km/klst. hraða þegar slysið átt sér stað. Miðað við ákomu á bifreiðinni og ljósastaur taldi lögregla það afar ólíklegt, auk þess sem líknabelgir innan í bifreiðinni sprungu ekki út við höggið.“* Með tölvupósti, dags. 20. febrúar 2026, var M upplýstur um að V hygðist skerða bótaréttinn úr kaskótryggingu A um 1/3 með þeim rökum að tjónið yrði rakið til stórkostlegs gáleysis ökumanns, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 9. gr. skilmála sem giltu um kaskótryggingu A.

Í málskoti er á því byggt að bótaréttur M úr kaskótryggingu A hjá V verði ekki skertur nema V sýni fram á að ökumaður A hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi. Telur M að sú sönnun hafi ekki tekist. Færir M ítarlega rök því til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að V telur sannað samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, frumgagni í málinu, að ökumaður A hafi sofnað við akstur en í málinu liggi fyrir að hjólför bifreiðarinnar hafi legið rakleiðis frá veginum á vegöxl og í nokkuð beina stefnu á ljósastaurinn auk þess sem ökumaður taldi að hún hefði sofnað við akstur. Þá sé sannað að ökumaður hafi verið mjög þreytt þegar hún þurfti að aka manni sínumum kl. 01:00 en slysið hafi orðið kl. 02:31 aðfararnótt fimmtudags. Ökumaður A hafi því verið við stjórn bifreiðarinnar „mjög þreytt“ frá um kl. 01:00 til 02:31 þegar hún hafnaði á ljósastaur eftir að hún sofnaði. Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu verði jafnframt ráðið að aksturskilyrði hafi verið góð og yfirborð vegar þurrt og malbikað. Ekkert í málinu bendi því til að aðrar orsakir en þreyta ökumanns og sú staðreynd að hún sofnaði við aksturinn, hafi valdið því að bifreiðin hafnaði á staurnum í umrætt skipti. V telur því liggja fyrir að ökumaður A hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi. Framangreind háttsemi sé brot á 1. og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í háttseminni hafi einnig falist brot á varúðarreglu í gr. 6.2 í kaskótryggingaskilmálum hjá V, þ.e. að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega. Í þessu samhengi bendir V á að 26. gr. laga nr. 30/2004 áskilur aðeins saknæma háttsemi sem ekki er óveruleg sem er lægra stig saknæmis en stórkostlegt gáleysi. Að öðru leyti er vísað til fyrri umfjöllunar um sönnun og stórkostlegt gáleysi. Um heimild V til að bera fyrir sig háttsemi ökumanns er vísað til 9. gr. skilmálanna en M sé skráður eigandi bifreiðarinnar. V byggir á því að miðað við það sem fram sé komið og sannað samkvæmt frumgögnum máls þurfi M að færa sönnur á að aðrar orsakir en þreyta og svefn ökumanns hafi orsakað tjónið. Framangreind sjónarmið eigi einnig við þegar sýnt sé fram á brot á varúðarreglu sbr. Hrd. í máli nr. 321/2004. Telur

V að sú sönnun hafi ekki tekist. Bendir V þar á að M hafi kosið að leggja ekki fram frekari samtímagögn eins og t.d. bráðamóttökuskrá Landspítalans en upplýst sé að ökumaður var flutt þangað með sjúkrabíl. Í ljósi þessa telur V að eftir á skýringar M um að ökumaður hafi verið úthvíld í akstri kl. 02:31 á virkum degi hafi enga þýðingu enda í andstöðu við frumgögn máls þar sem hún viðurkennir að hafa verið mjög þreytt þegar hún þurfti að aka manni sínum, en samkvæmt málskoti hafi það verið um kl. 01:00. V telur að það sama eigi við um þær fullyrðingar í málskoti að framburður ökumanns hafi ekkert vægi vegna tungumálaörðugleika. Framburður ökumanns um þreytu og að hafa sofnað undir stýri sé skýr, auk þess sem hann sé í fullu samræmi við önnur atvik máls. V telur lögregluskýrsluna því hafa fullt sönnunargildi í málinu og að M hafi ekki fært sönnur á að upplýsingar sem hafðar eru eftir ökumanni séu rangar eða að tungumálaörðugleikar hafi haft áhrif á framburðinn. Með hliðsjón af sök ökumanns, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti er það afstaða V að skerða beri bætur um 1/3 úr kaskó ökutækjatryggingu A. Afstaða V varðandi skerðingarhlutfall sé jafnframt í samræmi við úrskurði Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í málum nr. 115/2009, 37/2013, 351/2014, 8/2021, 284/2022 og 380/2025 þar sem bótaréttur var skertur um 1/3 vegna þreytu og þess að ökumaður sofnaði undir stýri. Sá munur sé á fyrirliggjandi máli og máli nefndarinnar nr. 71/2025, sem vitnað sé til í málskoti, að hér liggi fyrir að ökumaður viðurkennir að hafa verið mjög þreytt þegar hún þurfti að aka manni sínum. Með vísan til framangreindra atriða og í ljósi allra atvika málsins telur V heimilt að skerða bótarétt málskotsaðila um 1/3 úr kaskó ökutækjatryggingu A vegna háttsemi ökumanns sbr. 26. gr., 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004, gr. 6.2 og gr. 9. í skilmálum fyrir kaskótrygginguna. Krefst V þess að úrskurðarnefnd staðfesti þá ákvörðun.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum V um kaskótryggingu kemur fram í grein 1.1 að eigandi ökutækis sé vátryggður. Í 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er kveðið á um að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í þessu máli er ljóst að skráður eigandi A var ekki ökumaður þegar tjón varð á ökutækinu. Til þess að V geti borið fyrir sig háttsemi einhvers annars en vátryggðs verður að líta til þess að í grein 9.1 í kaskótryggingaskilmálunum, kemur fram að háttsemi þess aðila, sem með samþykki eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir vátryggða ökutækinu, geti verið lögð að jöfnu við háttsemi vátryggðs. Þarna er um að ræða heimild til samsömunar sem einnig er að finna í a-lið 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga. Ákvæðið byggir á því að ekki dugar að bifreið sé t.a.m. lánuð eða til afnota fyrir aðila heldur þarf viðkomandi raunverulega að bera ábyrgð á rekstri hennar. V ber sönnunarbyrði um að Y hafi með samþykki vátryggðs, þ.e. M, verið ábyrg fyrir bifreiðinni A, þegar henni var ekið á ljósastaurinn. Þrátt fyrir að V telji sig, með vísan í 9. gr. skilmálanna, hafa heimild til að bera fyrir sig háttsemi ökumanns, hefur V ekki lagt fram frekari gögn því til stuðnings. Telst heimild til samsömunar því ekki sönnuð og þegar af þeirri ástæðu er ekki heimilt að takmarka ábyrgð V vegna tjóns á bifreiðinni A.

Niðurstaða.

Ekki eru skilyrði til takmörkunar ábyrgðar úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 121/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Nafn vinnuveitanda (X)
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Bótaréttur. Notkun ökutækis.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 26. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir málsaðila, dags. 26. mars 2026.
4. Athugasemdir V, dags. 27. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. september 2025 hafi M ekið ökutækinu A, sem er strætisvagn, við gatnamót Snorrabrautar og Hverfisgötu. Kveðst M hafa verið að beygja bifreiðinni þegar stýrimaskína A bilaði skyndilega með þeim afleiðingum að stýrið varð þungt og stífnaði til með þeim afleiðingum að M fékk mikið högg á vinstri öxl.

M telur að greiða eigi bætur úr slysatryggingu A á grundvelli 4. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019. Þar sé að finna hlutlæga ábyrgðatryggingu sem skapi víðtækari bótarétt fyrir tjónþola heldur en almennt tíðkast, eina skilyrðið sé að tjón sem skapist verði að vera rakið til notkunar ökutækis. Í þeim tilfellum þar sem aðilar verða fyrir líkamstjóni þá geti hinn sami reist rétt sinn á 9. gr. laganna, sbr. 4. gr. og þar með öðlast bótarétt gagnvart vátryggjanda. Vísar M bæði til atvikaskráningar A og vaktskýrslu starfsmanna A um að slysið hafi orðið vegna þess að búnaðurinn í bifreiðinni hafi bilað. Þá vísar M til þess að A hafi verið óökufært og þarfnaðist aðkomu annarra starfsmanna X til þess að sækja A. Telur M að tjón sitt megi rekja til notkunar A í skilningi laganna. A hafi verið á hreyfingu og í miðri beygju þegar stýrið stífnaði með þeim afleiðingum að M fékk högg á vinstri öxl.

Í athugasemdum V er í meginatriðum byggt á því að gögn málsins bendi til þess að slysið megi ekki rekja til notkunar A í skilningi 4. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatryggingar. Þannig er því mótmælt sem ósönnuðu að það hafi komið högg á stýrið við það að stýrisbúnaður A hafi bilað og vísað til þess að ekki sé samræmi í lýsingu á málsatvikum í málskoti og í samtímagögnum. Byggir V þannig á því að skilyrði 1. mgr. 4. gr. laganna séu ekki uppfyllt þar sem M hafi ekki sýnt fram á orsakasamband á milli notkunar A og atviksins. Telur V að frásögn M sé lykilatriði, það er að slysið hafi orðið þar sem stýrið varð þungt þegar stýrisbúnaður bilaði. Þannig hafi ökutækið ekki lent utan vegar eða í árekstri. Þannig megi rekja meiðslin, sem M rekur í málskoti, til bilunar í stýrisbúnaði og áreynslu M en ekki hættueiginlega A, sem strætisvagns, s.s. hraða, þyngdar eða vélarafls í hefðbundinni umferð. Þannig hafi A ekki verið hættulegra en hver annar hlutur og því verði atvikið ekki rekið til hættueiginleika A og því hafi hlutlæg skaðabótaábyrgð ekki stofnast skv. fyrrgreindri 4. gr. laga nr. 30/2019.

Í athugasemdum M er áréttuð sú afstaða M að slysið hafi orðið vegna bilunar á stýrisbúnaði sem olli því að stýrið varð þungt (og stífnaði) í miðri beygju með þeim afleiðingum að M fékk högg á vinstri öxl. Þá vísar M til fyrri gagna um orsakatengsl og áréttar að slysið varð þegar A var á ferð og í beygju þegar stýrið bilaði.

Í viðbótarathugasemdum V er lögð áhersla á að miðað við allar lýsingar sé um að ræða áreynsluáverka sem hefðu getað gerst í hvaða atburði sem er og eru ekki tengdir hættueiginleikum A sem ökutækis og falli þar með utan fyrrgreinds notkunarhugtaks.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 skal eigandi eða umráðamaður ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt það verði ekki rakið til bilunar eða galla á því eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 30/2019 skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis, sbr. 4. gr. laganna. Ágreiningur málsins snýr

fyrst og fremst að því hvort nægilegt orsakasamband sé á milli notkunar A og þess líkamstjóns sem M kveðst hafa orðið fyrir. Meginskilyrði bótaskyldu er að slíkt orsakasamband sé fyrir hendi og hvílir sönnunarbyrðin þar um að meginreglu á tjónþola.

Samkvæmt dómaframkvæmd tekur notkunarhugtakið ekki til hvers kyns tengsla við ökutæki heldur þeirrar aðstöðu að sérstaða og hættueiginleikar ökutækis, einkum hraði, þyngd og vélarafl, hafi orsakað tjón. Þegar ökutæki er á hreyfingu fyrir eigin vélarafli eru hættueiginleikar þess að jafnaði virkir, sbr. m.a. Hrd. 41/2024 og Lrd. 202/2025Á hinn bóginn hafa dómstólar og úrskurðarnefndin hafnað bótaskyldu þegar ökutæki var kyrrstætt eða tjónið stafaði að ytri orsök eða atvikum sem ekki tengdust hættueiginleikum þess sem ökutækis. Úrlausnarnefnið er því hvort hin skyndilega stífnun stýris við akstur A og í beygju sé nægilega nátengd hreyfingu, þyngd og vélarafli A til að teljast sennileg afleiðing af notkun þess.

Við mat á orsakasambandi verður að leggja heildstætt mat á samtímagögn, frásögn M og læknisfræðileg gögn. Gögn um það hvað gerðist 15. september 2025 liggja fyrir í formi atvikaskráningar og vaktskýrslu starfsmanna X. Þar kemur fram að stýrisbúnaður A hafi bilað og að aðstoð starfsmanna X hafi þurft til að sækja ökutækið. Þá liggur fyrir að M kvartaði strax yfir verk í vinstri öxl og leitaði samdægurs á Læknavaktina, var sendur í ómun og kom aftur á heilsugæslu tíu dögum síðar. Þótt samtímagögn lýsi ekki með tæmandi hætti nákvæmri atburðarás styðja þau bæði að bilun hafi orðið í akstri og að kvartanir M hafi komið fram án tafar.

M var við stjórn A þegar ökutækið var á ferð og í beygju. Samtímagögn styðja að stýrisbúnaður hafi þá bilað skyndilega og ekkert í gögnum málsins bendir fremur til annarrar skýringar á því að M fann strax fyrir verk í vinstri öxl. Bilunin varð þannig í þeim búnaði sem gerir ökumanni kleift að stjórna stefnu ökutækis í akstri og þegar slíkur búnaður bilar skyndilega á ferð og í beygju verður sú líkamlega mótstaða eða það högg sem ökumaður verður fyrir ekki talin svo fjarlæg eða óvenjuleg afleiðing af notkun ökutækisins að orsakatengsl rofni. Því verður að leggja til grundvallar að nægilega sé í ljós leitt að tjón M megi rekja til hættueiginleika ökutækisins A og þar með notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019. Af því leiðir að M á rétt á bótum hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón, en ekki liggja fyrir upplýsingar um umfang tjónsins eða hvort um varanlegar afleiðingar sé að ræða.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X. hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 122/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot, dags. 12. mars 2026, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V1, dags. 27. mars 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Athugasemdir V2, dags. 31. mars 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2026.

Málsatvik.

Fram kemur í fyrirliggjandi skýrslu frá Aðstoð og öryggi (AÖ) að 20. febrúar 2026 hafi bifreiðinni A verið ekið eftir Geirsgötu til austurs að gatnamótum Tryggvagötu og hafi ætlun ökumanns, þ.e. M, verið sú að beygja til vinstri á gatnamótunum inn á miðbakka til norðurs. Bifreiðinni B hafi verið ekið eftir Geirsgötu til vesturs að sömu gatnamótum og hafi ökumaður hennar ætlað að aka beint áfram yfir gatnamótin. Bæði A og B hafi verið ekið inn á gatnamótin á sama tíma og hafi A verið beygt til vinstri fyrir B. Ökumaður A sagist hafi beygt gegn gulu ljósi og að B hafi verið ekið inn á gatnamótin seinna gengt rauðu ljósi. Ökumaður B segist hafa ekið inn á gatnamótin gegn gulu ljósi og að A hafi einnig verið beygt inn á gatnamótin gegn gulu ljósi. Báðir ökumenn töldu sig vera í rétti.

Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri alla sök á ökumann A sem hafi ekki gætt nægjanlega að umferð úr gagnstæðari átt er hann beygði til vinstri. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt m.a. á að M hafi farið inn á gatnamótin á seinustu sekúndu sem gult ljós hafi logað og ætlað að beygja til vinstri. Hafi hún næstum því verið komin yfir gatnamótin þegar B hafi komið inn á gatnamótin og keyrt á A. M byggir því á að ökumaður B hafi keyrt inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi, auk þess sem hann hafi ekið yfir löglegum hraða. Í málskoti færir M frekari rök framangreindu til stuðnings.

Í bréfi V1, dags. 27. mars 2026, er staðfest að A sé tryggð lögboðinni ábyrgðatryggingu hjá V1 en að V1 skili ekki frekari athugasemdum í málinu.

Í athugasemdum V2 er vísað til þess að í skýrslu AÖ komi fram að báðir ökumenn segist hafi ekið yfir gatnamótin á gulu ljósi. Í 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 komi fram að þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum ber honum að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur. Þá segi í 19. gr. sömu laga að ökumaður ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þá skuli hann sérstaklega gefa gaum að umferð sem á móti kemur. Að þessu sögðu telur V2 að M hafi borið að veita B forgang um veginn. Því telur V2 að öll sök skuli lögð á ökumann A, þ.e. M, sem hafi ekki gætt nægjanlega að umferð úr gagnstæðri átt er hann beygði til vinstri

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M það sem fram kemur í málskoti um það hvar hún hafi verið stödd þegar ljósið hafi orðið gult, og hvar árekstur hafi orðið. Þá bendir M aftur á að hún hafi séð að ljósin voru orðin rauð áður en áreksturinn varð.

Álit.

Ágreiningur snýr fyrst og fremst að því hver skuli bera ábyrgð á árekstrinum 20. febrúar 2026 þar með talið hvort skipta skuli sök milli ökumanna A og B. Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Fyrir liggur að M hugðist beygja til vinstri á umræddum gatnamótum en ökumaður B ætlaði beint yfir gatnamótin. Þá telur nefndin að eins og málið liggi fyrir verði að leggja til grundvallar að bæði A og B hafi verið ekið inn á gatnamótin á gulu ljósi og á löglegum hraða. Þá

liggur jafnframt fyrir að A var beygt til vinstri í veg fyrir B með þeim afleiðingum að árekstur varð. Í 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum ber honum að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur. Þá segir í 19. gr. sömu laga að ökumaður ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þá skuli hann sérstaklega gefa gaum að umferð sem á móti kemur. Ljóst er að með háttsemi sinni braut ökumaður A, þ.e. M, gegn framangreindum ákvæðum umferðarlaga með saknæmum hætti. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ekki dregin sú ályktun að ökumaður B hafi brotið gegn umferðarlögum. Nefndin telur því rétt að ökumaður A, þ.e. M, beri alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
M ber alla sök á árekstri A og B þann 20. febrúar 2026.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 125/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 27. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. maí 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. júní 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðfararnótt laugardagsins 29. nóvember 2025 hafi stofnlögn við inntaksloka að tilteknum sveitarbæ losnað með þeim afleiðingum að altjón varð á fasteigninni. Í athugasemdum V er atvikum þannig lýst að klukkan 02:00 aðfaranótt 29. nóvember 2025 hafi vakthafandi starfsmaður X fengið boð um leka á heitu vatni í kerfinu og farið rakleiðis í leit að lekanum. Klukkan 07:49 hafi lekinn fundist í húseign M. Þar sé ekki föst búseta nokkuð sem hafi gert leitina torveldari þar sem enginn dvaldi í húseigninni þegar atvikið hafi átt sér stað. Hafi lekinn komið upp í inntaksgrind þar sem stofnlögn hafði dregist út úr tengi við inntaksloka með þeim afleiðingum að heitt vatn flæddi inn í húseignina. Í rýminu sé niðurfall og hafi vatnið að mestu leyti farið niður niðurfallið en gufa farið um húseignina og að sögn M hafi gufan skemmt allt sem ekki þolir gufu eða raka. Þegar tjónið átti sér stað hafi verið mikil notkun á kerfinu þar sem mikill kuldi var úti. Þegar starfsmenn X fóru á vettvang hafi þeir strax gert við bilunina, þ.e. sett upp nýjan inntaksloka til að koma vatni aftur á aðrar húseignir sem eru á veitunni til að koma í veg fyrir frekara tjón þar sem mikið frost var þegar atvikið átti sér stað.

Í málskoti er tekið fram að sá hluti lagnarinnar sem gaf sig hafi verið settur inn í húsið fyrir 20 árum af X. Sé lögnin í eigu og umsjá X. Eigendum fasteignarinnar sé ekki heimilt að eiga við hana á nokkurn hátt. M hefur gert kröfu í ábyrgðatryggingu X hjá V vegna afleiðinga tjónsins. Bendir M á að það sé óumdeilt að tjónið hafi orðið vegna búnaðar sem X eigi og beri ábyrgð á enda hafi X nefnt það sjálf í tjónstilkynningu til V. M telur augljóst að þessi atburður geti ekki hafa orðið til nema fyrir handvömm og vanrækslu starfsmanna X. Öllum eigi að vera það ljóst að X stjórni því umhverfi sem búnaðurinn er í. Þannig stjórni X þrýstingi kerfisins og þeim vatnshita sem hleypt sé inn á kerfið. Þá sé það X sem velji og gangi frá búnaði sem hafi gefið sig. Eigendur hafi aldrei átt við þennan búnað á nokkurn hátt. V hafi aldrei útskýrt hvers eðlis möguleg „bilunin“ er sem leiddi til þess að lögnin hafi losnað frá inntaki enda sé það ekki hægt án þess að horfa til þeirra staðreyndar að X bera ábyrgð á öllum mögulegum orsakaþáttum. Hér þurfi að horfa til þess hvernig rekstrarumhverfið er almennt, ekki bara á þeim tíma sem búnaður gaf sig, því það að lögn fari af festingum sínum er nokkuð sem getur verið að gerast yfir tíma. X hafi því leyft sér að vera með búnað í þessari fasteign sem hentaði ekki þeim hita og þrýstingi sem þeir settu á kerfið og hafi gert þetta mjög meðvitað. Því sé gerð sú krafa að V bæti tjónið að fullu úr ábyrgðartryggingu X. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að X og V hafi enga tilraun gert til að útskýra fyrir eigendum að það væri á þeirra ábyrgð að sanna saknæma og ólögmæta háttsemi X. Með því hafi þau nýtt yfirburðastöðu sína til að draga úr möguleikum M til að sýna fram á sök. Þá er bent á að þegar starfsmönnum X hafi verið hleypt inn í húsið án þess að eigendur væru viðstaddir og orsök tjónsins ekki ljós eigendum, þá hafi starfsmennirnir strax séð að orsök tjónsins tengdist búnaði í umsjá og eigu X. Því hafi X verið fyllilega ljóst að tjónið væri umtalsvert. Þrátt fyrir þetta hafi þeir farið strax í að laga lögnina og þar með fjarlægja öll bein vegsummerki um orsök tjónsins, í stað þess að láta óháðan matsmann og/eða lögreglu rannsaka vettvang. Með þessu séu starfsmenn X í raun að viðurkenna sína sök í þessu máli og taka burtu sönnunarábyrgð eigenda fasteignarinnar. M byggir einnig á því að starfsmenn X hafi vitað að frágangur á lögninni við inntakið hafi ekki verið öruggur. Til að meta hvort um öruggan frágang sé að ræða þurfi að horfa til eftirfarandi þátta: Starfsmenn X séu mjög vel meðvitaðir um að þrýstingur inn í þetta hús er mjög mikill, þ.e. við efstu mörk sem samsetning á plasti (pex) við inntaksloka þolir. X sé einnig mjög vel meðvitaðir um að hiti á því vatni sem fer um lagnirnar er mjög mikill. Fyrirliggjandi mynd sýni að hiti á vatni úr krana á tjónsstað sé 79°C. Það þýði að hitinn sé að lágmarki það í lögnunum, líklega hærri. Einnig verði hitinn hærri við mikla notkun á kerfinu. Þetta

hitastig sé einnig í efstu mörkum þess sem plastið í lögnunum (pex) þoli til lengri tíma. X séu einnig mjög vel meðvitaðir um að högg komi á vatnskerfi sem reyni á allar samsetningar líkt og þá sem gaf sig. Það geti þurft að loka fyrir rennsli og við að setja það á aftur komi högg eða rafmagnsleysi. Það slokkni á dælum og þegar rafmagnið komi inn aftur þá komi högg á kerfið. Það þurfi því að vera borð fyrir báru í kerfunum til að eiga við slík högg og því algjörlega fjarstæðukennt að setja kerfið upp þannig að venjubundið álag sé á mörkum þess sem það þoli bæði gagnvart þrýstingi og hita. Telur M öruggt að starfsmenn X hafi verið meðvitaðir um þessar aðstæður og að sú tenging sem gaf sig væri ekki fullnægjandi. Þetta megi rökstyðja með þeirri einföldu staðreynd að í næsta húsi hafi verið gengið frá inntaki fyrir um 3 árum síðan. Þar sem það hús standi ofar í landinu þá sé þrýstingur þar minni, en samt hafi stálrör verið tengt við inntakið. Plastið sé síðan tengt við þetta stálrör fyrir utan húsið og ofan í jörðu til að koma í veg fyrir tjón ef rof verður eins og átt hafi sér stað í húsnæði M. Til viðbótar byggir M á að X hafi ekki fylgt þeim reglugerðum sem hafa verið settar varðandi hitaveitukerfi. Eru færð frekari rök því til stuðnings. Að lokum er eftirfarandi áréttað í málskoti. Að óumdeilt sé að búnaðurinn sem gaf sig hafi verið í eigu og á ábyrgð X sem hafi borið að sjá til þess að búnaðurinn þyldi rekstrarumhverfið. Þá hafi þýstingurinn við inntak á tjónsstað verið vel yfir þeim mörkum sem ætlast er til að þessi búnaður þoli til lengdar og hiti á vatninu sé einnig við efstu mörk. Þetta lagt saman skapi mjög krefjandi rekstrarumhverfi fyrir þann búnað sem sé notaður og hafi reynst algjörlega ófullnægjandi á tjónsstað. X stjórni því hversu mikill þrýstingur sé á kerfinu og geti einnig haft stjórn á því hversu heitt vatn sé sett inn á kerfið. X hafi því verið fullljóst að þessi búnaður væri til staðar á tjónsstað og að hann væri ófullnægjandi. Að lokum bendir M á að X og V hafi ekki bent á neinn þann orsakaþátt fyrir þessu tjóni sem ekki sé í umsjón og ábyrgð X.

Í athugasemdum V er tekið fram að ágreiningur aðila lúti að því hvort að skaðabótaskylda sé fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar sem X hafði hjá V á tjónsdegi. Í málinu sé óumdeilt að búnaðurinn sem bilaði sé í eigu X. Vekur V athygli á því að til þess að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar þurfi M að sanna að saknæm og ólögmæt háttsemi starfsmanna X hafi leitt til tjónsins. Sönnunarbyrðin um meinta sök, orsakatengsl og önnur skilyrði sakarreglunnar hvíli alfarið á M. X beri því ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni vegna bilunar búnaðar í hans eigu ef ekki er sýnt fram á að tjónið sé tilkomið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna hans. Jafnframt komi fram í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 að X undanþiggi sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimili, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til rekstrarstöðvana, frosts, bilana, þrýstingsbreytinga, takmarkana á afhendingu heits vatns eða annarra óviðráðanlegra atvika. Ábyrgðartakmörkun samkvæmt greininni sé bundin því að beint tjón viðskiptavinar eða eiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna eða vanrækslu X. Telur V ljóst þegar litið sé til gagna málsins og atvika að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið sem um ræðir verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Í því sambandi bendir V á að ósannað sé hvað olli því að lögnin dróst út úr tenginu við inntaksloka í húseign M. Enginn gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að bilununina megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Þá hafi X ekki vitneskju um hvað olli þessari bilun en hafi bent á að orsökin gæti verið þrýstisveiflur í rafmagni þar sem rafmagnið á svæðinu eigi það til að fara af og koma aftur á. X sjái þó ekki um dreifingu á rafmagni. M haldi því m.a. fram að bilunina sé að rekja til þess að ekki hafi verið nægilega vel gengið frá búnaðinum þegar honum var komið fyrir árið 2005 eða 20 árum áður en tjónið átti sér stað. V bendir á að enginn gögn liggja fyrir sem sýna fram á að frágangi hafi verið ábótavant þegar búnaðurinn var settur upp og þar af leiðandi sé ósannað að tjónið sé að rekja til þess. V bendir einnig á að ef lekann væri að rekja til þess að sá starfsmaður sem setti búnaðinn upp hafi ekki hert búnaðinn nægilega hefði lekinn átt að vera löngu búinn að koma fram. V hafnar því alfarið að ljósmynd af PEX bútnum sem M hafi lagt fram sýni fram á að rörið hafi ekki verið fært nægilega vel upp á festinguna áður en hert var eða að ekki hafi verið nægilega vel hert á búnaðinum. M haldi því fram að fleiri rákir ættu að vera í PEX bútnum. Á ljósmyndinni af PEX bútnum megi sjá að eitt far sé á honum eftir herslu. Telji M að ekki hafi verið notaður fittings sem henti eða að plaströrið hafi ekki verið fært nægjanlega vel upp á festinguna áður en hert var. V hafnar því alfarið að rörið hafi ekki verið nægjanlega vel inn í tenginu miðað við hvar farið eftir griphringinn sé á rörbútnum. Að sögn X sýni farið að rörið hafi verið nægilega vel inni í tenginu. Þá bendir V á að samkvæmt X hafi rétta fittings verið notað, þ.e. það fittings sem söluaðili röranna selji og sé viðurkennt. Séu þessi tengi því viðurkennd til tenginga á þessum rörum. V vekur einnig athygli á því, þó ósannað sé, að ef tjónið væri tilkomið vegna þeirrar vinnu sem fram fór af hálfu starfsmanna X þegar hitaveitan var lögð árið 2005 sé krafa um bætur vegna tjóns sem af því verki leiðir fyrnd. Þar sem um sé að ræða framkvæmd sem átti sér stað árið 2005 eigi eldri fyrningalögin nr. 14/1905

við. Samkvæmt 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda var fyrningarfrestur skaðabótakrafna utan samninga tíu ár. Þar sem krafan stofnaðist við lok framkvæmdarinnar árið 2005 hafi krafan fyrnst árið 2015. V bendir einnig á að M setji fram efasemdir í athugasemdum sínum um búnaðinn sem bilaði og fullyrði að starfsmenn X hafi verið meðvitaðir um að tengið sem gaf sig hafi ekki verið fullnægjandi. Þessu hafni X alfarið. Ekki verði séð að búnaðurinn sem bilaði hafi verið ábótavant eða þyldi ekki þær aðstæður sem uppi voru. Líftími búnaðarins sem um ræðir sé að sögn X í kringum 30-50 ár og hann hafi því ekki verið komin á tíma þegar tjónið átti sér stað. Hitaveitan hafi verið lögð árið 2005. Tjónið hafi því orðið 20 árum eftir að búnaðinum var komið fyrir. Að sögn X sé sá búnaður sem notaður var viðurkenndur og hafi verið í notkun án þess að bila í fjölmörgum húseignum hjá X síðan 1998. X staðhæfi að búnaðurinn sé gerður til að standast þær aðstæður sem þarna voru, þ.e. eigi að þola þann þrýsting og hita sem fer inn á kerfið í húseigninni. M haldi því fram að X hefði átt að nota stálinntak. Vegna þessa bendir X á að það hafi ekki verið fyrr en árið 2020 sem X hóf að nota stálinntök sem hafi reynst vel. Það breyti því þó ekki að sá búnaður sem notaður var í húsnæði M sé viðurkenndur og hafi reynst vel fram til þessa. Þá telur V ósannað að tjónið sé að rekja til þess að þrýstingur á kerfinu hafi verið of mikill eða til of hás hitastigs heita vatnsins. Í því sambandi áréttar V að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli þrýstings í kerfinu eða of hás hitastigs heita vatnsins og þeirrar bilunar sem átti sér stað. M hafi lagt fram ljósmynd sem sýni fram á að hitastigs heita vatnsins úr krana í húseigninni sé 79°C og bendi á að hitinn sé að lágmarki það í lögnunum, líklega hærri. Einnig byggi M á því að við mikla notkun á kerfinu hækki hitinn. Fullyrði M að hitastigið sé í efstu mörkum þess sem plastið í lögnunum (pex) þolir til lengri tíma og að samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sé hámarks stöðugt hitastig 80°C. V hafnar því að búnaðurinn hafi ekki átt að þola hitastig vatnsins. Líkt og fram kemur í upplýsingum frá framleiðanda búnaðarins þoli LR-Pex 95°C fyrir drykkjarvatn í stuttan tíma en endingartími við samfelldan rekstrarhita vatnsins sé að lágmarki 30 ár við 85°C. Þá bendi X á að ef húseigendur vilja ekki hafa hitastig heita vatnsins þetta hátt sé það á ábyrgð þeirra að koma fyrir varmaskipti sem kæli vatnið niður. M byggi á því að þrýstingur inn í húseignina hafi verið mikill. Fullyrði M að þrýstingur inn í hans húseign sé líklega a.m.k. 9 bör að jafnaði. Þessu hafnar V og bendir á að árið 2019 hafi verið settur þrýstiminnkari á inntakið að húseign M. Að sögn X hafi þrýstingurinn inn á húskerfið eftir inntaksloka verið 7,5 bör áður en þrýstiminnkarinn var settur upp. Eftir að þrýstiminnkarinn var settur upp hafi þrýstingurinn orðið 4 bör. Hins vegar hafi þrýstingurinn verið í kringum 6,5 bör þegar tjónið átti sér stað, vegna þess að notkun var mikil á kerfinu vegna kuldans sem var þann dag. Samkvæmt þessu var þrýstingur inn í húseign M lægri en rekstrarviðmið hitaveitu í framrásarþrýstingi við inntak er samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tæknilegra tengiskilmála hitaveitna sem er mestur 8 bör. Fram komi í 2. mgr. sömu greinar að gera megi ráð fyrir breytilegum framrásarþrýstingi í tengigrind eftir álagi í veitukerfinu. Að sögn X fylgjast starfsmenn með þrýstingi í dælustöðvum sem stýrast af þrýstiskynjara og ekkert athugavert hafi verið við þrýsting áður en tjónið átti sér stað. Veitan hafi svo orðið fyrir þrýstifalli þegar tjónið átti sér stað en þá hafi komið boð í vatktsíma frá dælustöð til vakthafandi starfsmanns X. Brugðist hafi verið við með leit og útilokunaraðferð þar til bilunin fannst. X bendir á að mælt er með tengiskáp utanhúss í frístundahúsum þar sem ekki er dagleg viðvera. Er slíkur tengiskápur settur upp á kostnað eiganda og er eign hans. Bent er á að í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 komi fram að aðstæður í veitukerfum geti verið mjög mismunandi varðandi þrýsting og hita. Þéttleiki og hæðarlega byggðar er mismunandi og þar af leiðandi sé þrýstingur og vatnshiti misjafn frá einum stað til annars. Í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar fyrri X komi fram að óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi eða magni á heitu vatni eru án ábyrgðar X. Sama gildir um hitastig heita vatnsins. Um breytingar, er stafa af öðrum ástæðum, skal X tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara sé þess nokkur kostur. Þá komi fram í 2. mgr. sömu greinar að þar sem svo hagar til að þrýstingsmunur sé umtalsverður á kerfum hita- og vatnsveitu kunni að vera nauðsynlegt að setja þrýstiminnkara á húskerfi til að jafna þrýsting. Húseiganda beri að setja slíkan búnað upp á sinn kostnað telji pípulagningameistari hússins, byggingarfulltrúi eða X það nauðsynlegt. Líkt og áður hafi komið fram hafi þrýstiminnkari verið settur upp hjá M árið 2019. M haldi því fram að álag eða hnjask hafi getað komið á tenginguna sem gaf sig þegar þrýstiminnkarinn var settur upp. Félagið bendir á að sú fullyrðing er ekki studd neinum gögnum og því sé ósannað að það hafi átt sér stað. X veit ekki til þess að hnjask eða álag hafi komið á tenginguna þegar þrýstiminnkarinn var settur upp og telur það mjög ólíklegt. Bendir X á að uppsetning þrýstiminnkara eigi ekki að hafa nein áhrif á þrýstiumhverfi tengisins sem gaf sig. X bendir einnig á að reglulega er farið og skoðað á tengistöðum hvort allt sé í lagi og athugað með síur og annan búnað sem X á. Starfsmenn X sáu ekkert athugavert við inntakið í skoðunum sínum eða þegar þrýstiminnkarinn

var settur upp. Ef þeir hefðu séð eitthvað athugavert hefðu þeir brugðist við því. Þegar starfsmenn X fóru á vettvang eftir að tjónið átti sér stað voru engar útfellingar sem hefðu átt að vera ef búnaðurinn hefði verið búin að leka í einhvern tíma. Inntakið virtist því ekkert hafa lekið fyrr en aðfaranótt 29. nóvember 2025 þegar búnaðurinn dróst í sundur. Þá haldi M því fram að vegna þess að starfsmenn X réðust strax í viðgerð á búnaðinum sem gaf sig hafi þeir viðurkennt sök í málinu og tekið í burtu sönnunarábyrgð hans. Hefðu þeir átt að láta óháðan matsmann eða lögreglu rannsaka vettvang. V hafnar þessu og bendir á að þegar starfsmenn X komu á vettvang var ráðist strax í viðgerð, þ.e. að setja upp nýjan inntaksloka til að koma vatni aftur á aðrar húseignir sem á veitunni eru þar sem mikið frost var þegar atvikið átti sér stað og lá því á að koma vatni aftur á til að koma í veg fyrir frekara tjón. Að lokum vekur V athygli á því að M fékk upplýsingar um og var veittur kostur á að senda V greinargerð og gögn til að sýna fram á sök X sem hann gerði þegar hann sendi V minnisblaðið, dags. 30. desember 2025, sem sé meðal fylgigagna M. Af þeim sökum hafnar V þeirri fullyrðingu M að það hafi ekki gert tilraun til að útskýra fyrir honum að það væri á hans ábyrgð að sýna fram á sök X. V telur með vísan í framangreint að ósannað sé hver sé orsök þess að stofnlögnin dróst út úr tengi við inntaksloka í húseign M. Þar af leiðandi sé ósannað að tjónið sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Áréttað sé að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem rekja má til bilunnar í búnaði í eigu veitunnar heldur þurfi M að sýna fram á að tjónið sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Það hafi M ekki tekist. Af þeim sökum er það afstaða V að atvikið falli ekki undir bótasvið 4. gr. skilmála frjálsrar ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar og því ljóst að bótaréttur sé ekki til staðar úr tryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum V er að finna mótrök gagnvart framangreindum athugsemdum V og ítarlega rök fyrir málatilbúnaði M.

Í viðbótarathugasemdum M er að finna frekari rök gegn málatilbúnaði M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni í húsnæði M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. M byggir kröfu sína á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Færir M ítarleg rök máli sínu til stuðnings. Hins vegar hefur M ekki lagt fram önnur gögn kröfu sinni til stuðnings en eigin frásögn/rökstuðning af því sem hann telur að hafi farið úrskeiðis. Því liggja ekki fyrir nein þau sérfræðigögn í málinu sem nefndin telur að hægt sé að byggja þá niðurstöðu á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem leiði til skaðabótaábyrgðar X. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til sakar X eða starfsmanna X. M hefur ekki tekist sú sönnun og á því ekki rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X eru með hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 126/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Tjónsatburður. Sönnun. Upplýsingaskylda vátryggðs. Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 21. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er á því byggt að hinn 26. apríl 2023 hafi M lent í umferðarslysi. Hafi hann misst stjórn á bifreiðinni A sem ekið var niður gatnamót Brekkuhvamms og Smárabarðs í Hafnarfirði í mikilli hálku, með þeim afleiðingum að hún hafi hafnað á vegriði. Telur M að gögn málsins styðji framangreinda lýsingu. Þá er á því byggt að gögn málsins sýni einnig fram á að M hafi verið greindur með tognun á hálsi og lendhrygg við fyrstu komu eftir slys. Einnig er vísað til þess að V hafi einhliða aflað PC-Crash skýrslu. Í því sambandi áréttar M að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 542/2012 hafi því verið slegið föstu að ekki sé hægt að leggja að jöfnu tjón á bifreið og varanlegt líkamstjón einstaklingum í bifreiðinni. M telur sig því eiga bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V vegna afleiðinga umferðarslyssins 26. apríl 2023.

Í athugasemdum V eru þau sjónarmið sem fram komu í höfnunarbréfi V, dags. 11. apríl 2025, ítrekuð. Þá er jafnframt bent á að afstaða V til bótaskyldu grundvallist fyrst og fremst á 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 en V telur það sannað að málsatvikum hafi ekki verið háttað á þann veg sem lýst sé í tilkynningu M til V. Í umræddri tilkynningu segi M að hann hafi verið að keyra niður Brekkuhvamm en ekki náð beygjunni og hafi bifeiðin skollið í vegrið neðst á gatnamótunum. Ekkert sé talað um hálku í tilkynningu M eins og gert sé í málskoti. Telur V frásögn M ótrúverðuga og bendir á að hámarkshraði á vettvangi sé 30 km/klst., auk þess sem M hafi verið nýkominn yfir hraðahindrun er hann kom í umrædda beygju. Þá hafi ekkert tjón verið á umræddu vegriði þrátt fyrir að M byggi á því að A hafi skollið á því. Þá hafi heldur ekki verið teknar ljósmyndir af vegriðinu sem hefðu getað sýnt fram á tjónið. Auk framangreinds bendir V á að í fyrirliggjandi PC-Crash skýrslu séu ljósmyndir af A. Beri þær með sér, ásamt niðurstöðum skýrslunnar, að um afar vægt högg hafi verið að ræða sem hafi leitt til tjóns á bifreiðinni. Auk þess sé í greinargerð sjúkraþjálfara haft eftir M að hann hafi skollið með höfuðið í stýrið og svo aftur í höfuðpúða sætisins og því til viðbótar fengið slink á hrygginn fram og til baka. V telur umrædda lýsingu M ýkja það sem hafi átt sér stað. Þessu til viðbótar bendir V á að í eftiráskýringum M sé á því byggt að tjónið verði rakið til mikillar hálku á slysstað. Þær upplýsingar hafi hins vegar ekki komið fram fyrr en löngu eftir að hið meinta tjón hafi átt að eiga sér stað. Auk framangreinds tekur V fram að viðgerðarreikningur hafi verið greiddur fyrir mistök, þ.e. þrátt fyrir að V hafði aldrei samþykkt bótaskyldu í málinu. Hafnar V því alfarið að umrædd mistök feli í sér viðurkenningu á slysatburði eða bótaskyldu. V telur því ljóst að M hafi veitt félaginu af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar með það að markmiði að fá greiddar bætur sem hann átti ekki rétt til og því eigi að fella bótarétt hans niður skv. 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Þá byggir V á því að jafnvel þótt færðar yrðu sönnur á það nákvæmlega hvenær meint atvik eigi að hafa átt sér stað þá sé það afstaða V að orsakatengsl milli meintra ósértækra einkenna M, sem hafi tekið miklum breytingum, og meints atviks teljist ósönnuð. Í ljósi þess að sönnun á orsakatengslum sé undantekningarlaust skilyrði fyrir bótarétti tjónþola hafnar V því bótaskyldu vegna tilkynningar M um líkamstjón sitt enda telji V ósannað að líkamstjón M verði rakið til bótaskylds atburðar.

Álit.

Í fyrsta lagi byggir V á því að M hafi af ásetningi veitt V rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um hið meinta tjónstilvik með það að markmiði að fá greiddar bætur sem hann hafi ekki átt rétt á. Telur V að þetta eigi að leiða til þess að bótaréttur M falli niður skv. 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Nefndin telur að V hafi ekki tekist að sanna að M hafi gerst brotlegur með framangreindum hætti og því geti ekki komið til þess að bótaréttur M falli niður af þeim sökum. Í öðru lagi greinir aðila

á um það hvort M hafi tekist að sýna fram á orsakatengsl milli hins umþrætta tjónsatviks og líkamstjóns sem hann vill tengja við það. Auk þess ríkir nokkur óvissa um það hvort hið atvikið hafi orðið 26. eða 27. apríl 2023. Nefndin telur hins vegar að þrátt fyrir framangreinda óvissu varðandi dagsetningu tjónsins, sýni gögn málsins fram á það með nægjanlegri vissu að hinn umþrætti tjónsatburður hafi átt sér stað. Ágreiningsefnið sem hér er til úrlausnar snýr því að því hvort M hafi tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn og eigi af þeim sökum rétt á að fá sannað tjón sitt bætt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Við mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar þarf því að líta heildstætt til allra málsgagna, einkum læknisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er beiðni um sjúkraþjálfun fyrir M frá heimilislækni, dags. 5. maí 2023. Þar kemur m.a. fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysi 10 dögum fyrr (26. apríl 2023). Er atvikum þannig lýst að M hafi ekið A niður brekku. Hafi M misst stjórn á bifreiðinni í mikilli hálku með þeim afleiðingum að A hafi lent á vegriði. Er tekið fram að M hafi strax fundið til í hálsi og mjóbaki og versnað fyrstu dagana. Komi hann nú til skoðunar þar sem hann finni enn fyrir verkjum og hafi þurft að vera frá vinnu. Bendi M þvert yfir mjóbakið sem versta verkjasvæðið og aftan í hálshrygg aðallega hægra megin niður sjalvöðvann. Þá hafi hægra hné marist en sé batnandi. Í fyrirliggjandi skýrslu sjúkraþjálfara kemur fram að við komu M þangað hafi niðurstaða skoðunar verið eftirfarandi: tognun á mjóhrygg, whiplash áverki á hálshrygg og aukin stífni og vöðvaspenna í brjósthrygg. Þá liggur fyrir niðurstaða myndgreiningar vegna M frá Röntgen Domus, dags. 9. apríl 2024. Þar kemur m.a. fram að niðurstaðan hafi verið sú að um væri að ræða vægar slitbreytingar á hálshrygg og endaplötubreytingar neðst í brjósthrygg. Auk framangreinds liggur fyrir læknisvottorð frá heilsugæslulækni, dags. 19. nóvember 2024, þar sem fram kemur að M hafi hlotið áverka á háls, bak og axlir í umferðarslysinu 2023. Slysið hafi bæði skert vinnufærni og lífsgæði M. Þá kemur einnig fram í vottorðinu að læknirinn hafi yfirfarið sjúkraskrá M hjá heilsugæslunni og öðrum heilbrigðisstofnunum eins langt aftur og þær ná, þ.e. til ársins 1999. Þar komi fram að M hafi aldrei leitað til heilsugæslunnar vegna bakverkja eða stoðkerfisverkja eða annarra slysa. Telur læknirinn því að M hafi verið fríska og full vinnufær fyrir hið umþrætta slys og ekkert í fyrra heilsufari sem geti haft áhrif á mat á afleiðingum áverkanna sem M hafi hlotið í slysinu 26. apríl 2023.

Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður því að telja að M hafi sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við hið umþrætta umferðarslys. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækis hjá V, í því mæli sem hann getur sýnt fram á umfang þess tjóns.

Niðurstaða.
M á bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins A hjá V vegna afleiðinga umferðarslyss 26. apríl 2023.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 127/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 12. maí 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 27. janúar 2026 varð, aðfaranótt 26. janúar sama ár, umferðarslys á Gufunesvegi við Strandveg í Reykjavík. Í lögregluskýrslu kemur fram að myrkur hafi verið og hálka og snjóþekja á vettvangi. Atvik voru þau að M ók A út af veginum og á auglýsingaskilti. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi ekið A á um 50 kílómetra hraða á klukkustund þegar sími hans hafi fallið á gólfið og hann hafi verið að teygja sig eftir honum er hann ók A út af veginum.

Í málskoti kemur fram að V hafi, með tölvupósti dags. 4. júní 2026, tilkynnt M að til stæði að skerða bótarétt hans um 1/3 hluta, samkvæmt heimild í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

Í málskoti er því hafnað að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða enda megi ráða af dómaframkvæmd að mikið þurfi að koma til svo gáleysi teljist stórkostlegt. Þannig þurfi að vera um að ræða verulegt og augljóst frávik frá þeirri háttsemi sem ætlast verði til af ökumanni svo skerðing geti komið til álita. Það að teygja sig í augnablik eftir hlut sem hafi fallið á gólfið í bifreiðinni verði ekki jafnað til stórkostlegs gáleysis, enda verði slíkri háttsemi ekki jafnað til t.d. stórfellds hraðaksturs eða ölvunaraksturs. Séu skilyrði fyrir skerðingu bóta því ekki fyrir hendi. Er þess því krafist að úrskurðað verði um fullan bótarétt M úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, sem kveði á um að hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Á ökumönnum hvíli almenn aðgæsluskylda, sbr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sú háttsemi M að beygja sig niður á gólf í A og líta með því af veginum hafi falið í sér augljósa hættu og verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem M bar að viðhafa. Verði því að telja að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og sé þar af leiðandi heimilt að skerða bótarétt hans um 1/3 hluta.

Álit.
Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Samkvæmt gögnum málsins virðist óumdeilt að M teygði sig niður á gólf A til að ná í farsíma sinn og er sú atvikalýsing höfð eftir M í lögregluskýrslu.

Sú háttsemi að teygja sig niður á gólf bifreiðar við akstur hennar í stað þess að stöðva bifreiðina hefur óhjákvæmilega í för með sér að litið er af veginum og felur í sér augljósa slysahættu. Er slík háttsemi ámælisverð, ekki síst þegar litið er til aðstæðna á vettvangi, þ.e. hálku og snjóþekju og felur í sér verulegt frávik frá þeirri aðgæsluskyldu sem hvíldi á M við aksturinn, sbr. meðal annars 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga. Verður þessi háttsemi því virt M til stórkostlegs gáleysis og er V heimilt að skerða bætur til hans um 1/3 hluta á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Heimilt er að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V um 1/3 hluta.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 129/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging fasteignatryggingar.
Vátryggingartaki: (X)

Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð húseiganda. Eigin áhætta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1 dags. 9. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum uppgötvaðist sumarið 2025 raki í lofti íbúðar í fjöleignarhúsinu Y. Eigendur íbúðarinnar, A, tilkynntu tjónið til V þann 18. september 2025 og var það skráð í tryggingu húsfélagsins X, sem er sameiginleg húseigendatrygging fyrir allar íbúðir í fjöleignarhúsinu. Sendi V í kjölfarið skoðunaraðila til að kanna umfang og orsakir tjónsins. Við skoðun á íbúð A vaknaði grunur um að leki kynni að koma frá íbúð M, sem er beint fyrir ofan íbúð A. Fór skoðunarmaður V því í báðar íbúðirnar, tók myndir, rakamældi og gerði skoðunarskýrslu um hvora fyrir sig. Í skýrslu fyrir íbúð A er skráð að rakaummerki séu á lofti og sjáanlegar skemmdir á veggjum og listum. Grunur sé um að vatnsvarnarlag á íbúðinni fyrir ofan sé óþétt og leki, en gólf geti einnig verið orsakavaldur í íbúðinni fyrir ofan. Í skýrslu fyrir íbúð M er að finna myndir af baðherbergi, með athugasemdum um að kítti sé rofið við klósettkassa og frágangur þess „ekki fallegur“ í sturtubotni. Þá er mynd af blöndunartækjum í sturtu, sem búið er að merkja inn á og skrifa athugasemdina „rof í rakavarnarlagi“. Loks eru myndir af fúgum milli flísa á baðherberginu og athugasemdir um að „smá raki“ hafi mælst á nokkrum stöðum, m.a. í fúgu á a.m.k. einum stað. Á grundvelli þessara skýrslna var það mat V að vatnstjón í íbúð A hefði orsakast af notendaleka frá baðherbergi íbúðar M, þar sem vatnsvarnarlag og fúgur væru óþéttar. M þyrfti því að ráðast í nauðsynlegar úrbætur til að uppræta orsök lekans.

Fljótlega eftir þetta fékk M múrara til að skoða baðherbergið og mun sá aðili hafa lýst efasemdum um að leki kæmi í raun frá baðherbergi M. Engu að síður var ákveðið að lagfæra kítti og þétta fúgur, en nokkur dráttur varð á þeirri framkvæmd. Í desember 2025 höfðu A aftur samband við X og óskuðu eftir því að útilokað yrði að leki kæmi frá lögnum eða að utan, enda hefði M greint þeim frá því að hann teldi lekann ekki koma frá sinni íbúð. Í janúar 2026 hafði X samband við V vegna þessa, en V taldi ekki tilefni til að fara í frekari lekaleit, enda hefðu engar vísbendingar komið fram um lagnaleka. Í lok janúar kom múrari til M og kíttaði meðfram niðurfalli og lagfærði fúgur milli flísa og í febrúar munu aðilar á vegum V hafa komið og lagfært það rakatjón sem orðið hafði á íbúð A.

Í málskoti kemur fram að V hafi, eftir að tjón á íbúð A var bætt, sent M reikning vegna sjálfsábyrgðar úr ábyrgðartryggingu húseiganda. Reikningurinn hafi numið 10% af tjónakostnaði vegna tjóns á íbúð A, sem orsakast hafi af leka frá íbúð M. Samkvæmt málskotinu telur M sér ekki skylt að greiða umrædda sjálfsábyrgð. Byggir M þá afstöðu sína í fyrsta lagi á því að hann sé ekki aðili að umræddri húseigendatryggingu. Þá byggir M á því að ósannað sé að tjón á íbúð A hafi orsakast vegna leka frá hans íbúð. Loks gerir M athugasemd við að hafa engar upplýsingar fengið um sundurliðun þess tjónakostnaðar sem sjálfsábyrgðin miðist við, eða afrit reikninga fyrir þeim kostnaði.

Í athugasemdum V kemur fram að félagið hafi samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar vegna tjóns á íbúð A. Telur V að skoðunarskýrslur vegna tjónsins veiti nægilega sönnun fyrir því að ófullnægjandi frágangur í sturtu og rof í rakavarnarlagi baðherbergis í íbúð M hafi orsakað tjón á íbúð A. Þessu til frekari stuðnings bendir V á að eftir þær úrbætur sem gerðar voru í lok janúar 2026 hafi ekki verið tilkynnt um frekari leka í íbúð A. M beri sem eigandi íbúðarinnar ábyrgð á tjóni sem orsakist af vanrækslu á viðhaldi séreignar, búnaði hennar eða lögnum, mistökum við meðferð og viðhald séreignar, eða bilun á búnaði séreignar og lögnum, sbr. 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Á þeim grundvelli sé M ábyrgur fyrir því tjóni sem varð á íbúð A og beri að greiða sjálfsábyrgð vegna tjónsins. Þá kemur fram að tryggingin sem um ræðir sé sameiginleg húseigendatrygging fyrir fjöleignarhús og tryggingataki sé húsfélagið X. M sé meðlimur í því húsfélagi, enda sé hann eigandi íbúðar í fjöleignarhúsinu, og sé því tryggður með hinni sameiginlegu tryggingu. Byggir V kröfu sína á vátryggingarskírteini húseigendatryggingarinnar og almennum skilmálum

félagsins, þar sem tilgreint sé að vátryggður (tjónvaldur) skuli bera 10% eigin áhættu vegna tjóns sem falli undir ábyrgðartryggingu.

Álit.

Ágreiningur málsins varðar það hvort M sé skylt að bera eigin áhættu vegna tjóns á íbúð A, sem V hefur bætt úr ábyrgðartryggingu húseiganda. Af málskoti verður ráðið að annars vegar sé deilt um það hvort M sé aðili að umræddri tryggingu, en hins vegar um það hvort sannað sé að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu sé fyrir hendi.

Óumdeilt er í málinu að M sé eigandi tiltekinnar íbúðar í fjöleignarhúsi. V hefur lagt fram vátryggingarskírteini sem staðfestir að íbúð M sé ein margra sem tryggð sé í sameiginlegri húseigendatryggingu, sem X hefur tekið fyrir fjöleignarhúsið. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús eru allir eigendur eignarhluta í fjöleignarhúsi félagsmenn í viðkomandi húsfélagi. Þá er áréttað í 1. tl. 13. gr. laganna að eiganda sé skylt að vera í húsfélagi, fara eftir ákvörðunum þess og virða þær. Það liggur fyrir að húsfélagið X hefur tekið húseigendatryggingu, sem tryggi félagsmenn húsfélagsins og eignir þeirra. Fasteign M fellur undir þá tryggingu, og sem félagsmaður í húsfélaginu er hann aðili að tryggingunni, þó ekki sé hann sjálfur tryggingataki.

Af fyrirliggjandi skýrslum, sem unnar voru í kjölfar skoðunar á íbúðum A og M, verður ráðið að mestar líkur séu taldar á því að vatn hafi lekið frá baðherbergi í íbúð M og valdið rakatjóni á lofti og veggjum í íbúð A. Þó múrari sem skoðaði baðherbergi M hafi, að sögn M, efast um þá niðurstöðu, hefur ekki verið bent á annan líklegan orsakavald fyrir tjóni A. Þá verður að leggja til grundvallar, eins og málið liggur fyrir, að ekki hafi orðið vart frekari leka eftir þær úrbætur sem unnar voru á baðherbergi M í janúar 2026. Að mati nefndarinnar er því nægilega sannað að vatn hafi lekið gegnum fúgur og óþétt rakavarnarlag á baðherbergi M og valdið raka í íbúð A. Á þessu ber M skaðabótaábyrgð, í samræmi við 1. mgr. 51. gr. laga um fjöleignarhús, og bótaskylda úr ábyrgðartryggingu húseigenda hjá V er því fyrir hendi.

Á grundvelli framangreinds fellst nefndin á það að V sé heimilt að krefja M um eigin áhættu sem nemi 10% tjónakostnaðar, í samræmi við almenna skilmála félagsins nr. YY10 og áritun þess efnis á vátryggingarskírteini húseigendatryggingarinnar.

Niðurstaða.

M skal bera eigin áhættu sem nemi 10% tjónsfjárhæðar vegna tjóns á íbúð A, sem bætt hefur verið úr húseigendatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 130/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Miskabætur. Stórfellt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot dags. 16. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. apríl 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. september 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Fram kemur í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að hinn 28. mars 2025 hafi orðið árekstur milli bifreiðanna A og B. Í lögregluskýrslunni er m.a. eftirfarandi haft eftir D, sem var ökumaður bifreiðarinnar C, um aðdraganda árekstursins: „[D] sagðist hafa verið kyrrstæður á umferðarljósum á gatnamótum Stórhöfða og Gullinbrú með aksturssstefnu í austur. [D] sagðist hafa séð grænt ljós koma og þá hafi hann ekið hægt af stað og ætlað að fara yfir gatnamótin. Næst segist [D] hafa séð hvítu vörubifreiðina [A] koma yfir á rauðu ljósi frá Gullinbrú og stefna suður yfir gatnamótin og sagðist [D] hafa stöðvað bifreið sína um leið. [D] sagði þetta allt hafa gerst mjög hratt en næst hafi hann séð Kiu bifreiðina [B] koma á miklum hraða yfir gatnamótin úr austri og stefna í vestur þegar bifreiðin [A] ekur á [B] og við það hafi [B] farið inn í hliðina á [C]…“

Í málskoti er þess krafist að viðurkenndur verði réttur M til miskabóta úr ábyrgðartryggingu A á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, enda verði líkamstjón M, sem var ökumaður B, rakið til stórfellds gáleysis ökumanns A sem hafi ekið yfir gatnamót gegn rauðu ljósi. Vísar M til dóma máli sínu til frekari stuðnings.

Í athugasemdum V kemur fram að V hafi hafnað að greiða bætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem það telji ósannað að tjónið sé að rekja til stórfellds gáleysis tjónvalds. Það skilyrði sé sett fyrir greiðslu miskabóta samkvæmt ákvæðinu að líkamstjón verði að vera rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis tjónvalds. Óumdeilt sé að umrætt slys hafi orðið á gatnamótum við Stórhöfða/Gullinbrú og að það megi rekja það til þess að ökumaður bifreiðarinnar A (tjónvaldur) ók gegn rauðlogandi ljósi. Af dómaframkvæmd og niðurstöðu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, sbr. úrskurð nr. 30/2022, megi ráða að það að aka gegn rauðu ljósi telst ekki sjálfkrafa stórfellt gáleysi. Meta þurfi hvert mál fyrir sig heildstætt og meðal annars getur huglæg afstaða tjónvalds skipt máli. Ef við bætist of hraður akstur eða önnur hættuleg hegðum og/eða slæmar aðstæður, eru líkur á að háttsemin verði metin sem stórfelld gáleysi en ef um einangrað tilvik er að ræða án viðbótarþátta þá er litið svo á að um almennt gáleysi er að ræða. Telur V að það verði ráðið af gögnum málsins, þá helst lögregluskýrslu, að ekkert annað hafi komið til í aðdraganda slyssins sem rekja megi til sakar tjónvalds. Ekki sé haft eftir vitnum eða M að tjónvaldur hafi ekið of hratt eða viðhaft aðra saknæma háttsemi. Ljóst sé að umferðaróhöpp verða þegar fólk gerir mistök í umferðinni og leggur ekki rétt mat á aðstæður, m.ö.o. sýnir af sér gáleysi. Það er hins vegar ljóst að gáleysi þurfi að vera á háu stigi og fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt er til þess að teljast stórkostlegt. Með hliðsjón af gögnum málsins er það mat V að ekkert liggi fyrir í málinu sem staðfesti að tjónvaldur hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og ekkert komið fram um einhverskonar ámælisverða háttsemi, aðra en þá að tjónvaldur ók yfir á rauðu ljósi. Af öllu virtu og með vísan til framangreinds sé bótum á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga hafnað. Að öðru leyti vísar V til gagna málsins og höfnunarbréfs síns.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að M telji engan vafa leika á um að A, sem sé stór vörubifreið, hafi í umrætt sinn verið ekið á miklum hraða gegn rauðu ljós yfir gatnamót og inn í hlið bifreiðar M, þ.e. B. Telur M þá háttsemi hafa falið í sér stórfellt gáleysi, sbr. Hrd. í máli nr. 170/2008.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að láta þann sem af stórfelldu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða miskabætur. Til þess að krafa M verði tekin til greina verður háttsemi ökumanns A því að fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt má telja. Við mat á því hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða ber að líta heildstætt á aðstæður og háttsemi ökumanns A í aðdraganda slyssins.

Fyrir liggur að ökumaður A ók yfir gatnamótin gegn rauðu ljósi. Hins vegar liggur ekki fyrir að hann hafi ekið yfir löglegum hámarkshraða í umrætt sinn. Þá liggur heldur ekki fyrir að ökumaður A hafi verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Auk þessa er haft eftir vitni að M hafi í aðdraganda árekstursins ekið B mjög hratt inn á gatnamótin gegn grænu ljósi. Þegar framangreint er haft í huga verður að telja að sú háttsemi ökumanns A að aka gegn rauðu ljósi hafi falið í sér gáleysi. Ljóst er einnig að umferðaróhöpp verða þegar ökumenn sýna af sér gáleysi, hvort heldur með því að leggja rangt mat á aðstæður eða brjóta gegn þeim skyldum sem lög mæla fyrir um í umferðinni. Af dómafordæmum má ráða að mikið þarf til svo slík háttsemi ökumanna teljist til stórfellds gáleysis. Verður með hliðsjón af framangreindu ekki talið að ökumaður A hafi vikið svo verulega frá gildandi hátternisreglum sem honum bar að hlíta í aðdraganda árekstursins, að það feli í sér stórfellt gáleysi.

Þessu til viðbótar bendir nefndin á að eina gagnið sem liggur fyrir í málinu um afleiðingar hins meinta líkamstjóns M sem ágreiningurinn lýtur að, er læknisvottorð dags. 15. október 2025. Þar kemur m.a. fram að vottorðið er skrifað að beiðni lögmanns M. Hins vegar kemur ekki fram í vottorðinu að umræddur læknir hafi komið að læknisfræðilegri meðferð M vegna hins meinta líkamstjóns, né á hvaða læknisfræðilegum gögnum hann byggir umfjöllun sína og ályktanir í vottorðinu. Nefndin telur því framangreint vottorð ekki sanna að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins 28. mars 2025. Með vísan í framangreint hefur M ekki tekist að sýna fram á að hann eigi rétt til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 131/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Vátryggingartaki (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Afturköllun bótaskyldu.
Gögn.

1. Málskot móttekið 17. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. apríl 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 1. október 2025, er hann var að störfum hjá X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að hann hafi dottið í tröppum á lager X þegar hann var að bera vörur. Þegar M leitaði til lögmanns í desember 2025 hafi V verið búið að samþykkja bótaskyldu úr slysatryggingu launþega. Á þeim tíma hafi legið fyrir sjúkragögn frá Landspítala auk annarra gagna. Hinn 15. janúar 2026 hafi sjúkraskrá frá heilsugæslu borist og hafi hún verið send V samdægurs. Engar athugasemdir hafi borist frá V og hafi M m.a. fengið greidda dagpeninga vegna slyssins. Hinn 6. mars 2026, þegar V var innt eftir afstöðu til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, hafi það tilkynnt um að samþykki fyrir bótaskyldu úr slysatryggingu launþega væri dregið til baka. Hafi sú afstaða byggt á því að V taldi ekki um slys í skilningi vátryggingaréttar að ræða heldur mætt rekja tjón M til innra ástands hans.

Í málskoti er tekið fram að í sjúkragögnum komu skýrt fram að M hafi dottið og fótbrotnað við fallið. Afturköllun V virðist byggð á því sem fram komi í gögnum frá heilsugæslu en þar segi að M hafi verið slappur en farið til vinnu, hann hafi svimað, dottið og beyglað fót undir sér. Þessi atvikalýsing komi fram í gögnum heilsugæslu en ekki í öðrum sjúkragögnum. Er því alfarið hafnað af hálfu M að fall hans verið rakið til svima og telji hann að sú atvikalýsing sé ranglega höfð eftir honum. Kunni hann ekki skýringu á þeim misskilningi sem hafi leitt til þessa en það kunni að eiga hlut að máli að hann sé ekki mæltur á íslensku og enskukunnátta hans sé takmörkuð. Allar fyrirliggjandi tilkynningar séu þá á þá leið að M hafi fallið þegar hann var að ganga niður stiga með vörur í fanginu. Er áréttað að sú lýsing atvika að M hafi fallið vegna svima sé ekki frá honum sjálfum komin heldur hafi hann dottið þegar hann flæktist í nagla. Er vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 96/2024 framangreindu til stuðnings. Þá hafi V jafnframt verið óheimilt að afturkalla viðurkenningu á bótaskyldu, enda sé það í andstöðu við meginregluna um skuldbindingargildi samninga. Yfirlýsing um bótaskyldu verði ekki afturkölluð nema að uppfylltum ströngum skilyrðum og lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 veiti enga heimild til slíkrar afturköllunar með þeim hætti sem hér um ræði. Hafi M enda veitt V allar umbeðnar upplýsingar og hafi upphafleg ákvörðun V m.a. byggt á sjúkragögnum frá Landspítala þar sem atvikalýsing sé til samræmis við lýsingar M sjálfs. Afturköllun V byggi hins vegar á stakri færslu í sjúkraskrá sem, sé hún skoðuð í samhengi við önnur gögn málsins, leiði með engum hætti til þess að hún sé réttlætanleg. Hafi V því ekki sýnt fram á að M hafi leynt gögnum með sviksamlegum hætti eða að ákvörðun um bótaskyldu hafi verið tekin á grundvelli rangra gagna eða upplýsinga sem V hafi ekki haft tök á að afla með öðrum hætti.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að á slysdegi hafi M leitað á heilsugæslu og lýst atvikum svo að hann hafi svimað, misstigið sig og fallið í stiganum. Í vátryggingarétti sé slys skilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Skilyrðið um utanaðkomandi atburð feli það í sér að orsök tjónsins verði að koma að utan líkama hins tryggða og megi ekki eiga rætur sínar í innri atburðum, eins og líkamsástandi eða sjúkdómum. Sé fall að rekja til sjúkdóms, svima eða annarra líkamlegra veikinda sé almennt ekki um bótaskylt slys að ræða. Samkvæmt samtímagögnum hafi M verið veikur í þrjá daga, með hita, kvef og hálsbólgu. Hann hafi pínt sig í vinnuna, svimað, misstigið sig og fallið í stiganum. Svo nákvæm lýsing geti ekki stafað af misskilningi vegna tungumálaörðugleika. Í síðari sjúkraskráningum hafi þá verið óþarft að lýsa atvikinu í smáatriðum heldur hafi verið nægilegt að segja þar að M hafi fallið og fótbrotnað, sem sé í óumdeilt. Í tjónstilkynningu M til V, dags. 25. nóvember 2025, hafi M jafnframt lýst atvikum svo að hann hafi misst meðvitund vegna höfuðhöggs en í sjúkragögnum sé höfuðáverka hvergi getið. Sé það þó rétt að

M hafi misst meðvitund verði það einungis rakið til yfirliðs. Yfirlið, eins og svimi, sé dæmi um innri orsakavalda sem ekki falli undir slysahugtak vátryggingaréttar.

Álit.

Aðila greinir í fyrsta lagi á um hvort sýnt sé að líkamstjón M megi rekja til atviks sem falli undir slysahugtak vátryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Almennar sönnunarreglur í vátryggingarétti leiða til þess að það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að svo sé. Af dómum Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. í málum nr. 412/2011 og 128/2013, má þó ráða að fall, sem ekki sé sýnt fram á að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, og verður án vilja vátryggðs sé slys í skilningi vátryggingarskilmála.

Óumdeilt er að M féll umrætt sinn. Ágreiningur aðila lýtur hins vegar að því hvort fallið hafi átt rætur að rekja til utanaðkomandi atburðar eða innra ástands M sjálfs en fyrirliggjandi atvikalýsingar eru töluvert frábrugðnar hver annarri hvað varðar aðdraganda falls hans.

Í samskiptaseðli heilsugæslu, en þangað leitaði M á slysdegi, segir m.a. „2ja daga saga um hita og slappleika, einhver hálsbólga, hósti og slappur, fór á BMT í morgun, þar lífsmörk fín og ráðlagt að sjá til svimi svo í dag og datt og missteig sig illa.“ Í samskiptaseðli hjúkrunar dags. 1. október 2025 segir einnig: „Er búinn að vera veikur í 3 daga með hita, kvef og hálsbólgu. Píndi sig til að fara í vinnuna í dag, svimaði og datt og beyglaði vi. fótinn undir sér.“ Í rannsóknarniðurstöðum dags. 1. október 2025 segir um sjúkrasögu M: „Svimi og missteig sig og datt“.

Í tjónstilkynningu M til V, dags. 25. nóvember 2025, er atvikum hins vegar lýst með talsvert öðrum hætti en þar segir að fótur M hafi skyndilega fests í nagla í stiganum. Það hafi valdið því að hann missti jafnvægið og datt fram fyrir sig niður allan stigann með þeim afleiðingum að hann hafi lent á höfðinu á gólfinu og misst meðvitund telji hann sig hafa verið meðvitundarlausan í um tíu mínútur. Samstarfsfélagi hans hafi komið að M eftir fallið og borið hann upp stigann. Ekki er minnst á misstig eða að fóturinn hafi beyglast undir honum. Umrædd tilkynning er aðeins undirrituð af M en ekki vinnuveitanda.

Í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins dags. 20. nóvember 2025 segir að M hafi misstigið sig á neðsta eða næstneðsta þrepinu í stiganum og hafi í kjölfarið fallið á gólfið. Þar segir jafnframt að samstarfsmaður M hafi orðið vitni að atvikinu en ekki verður séð að yfirlýsing hans sé meðal gagna málsins.

Í fyrirliggjandi sjúkradagpeningavottorðum kemur aðeins fram að M hafi dottið og fótbrotnað, en í áverkavottorði, dags. 8. janúar 2026, segir að M hafi rekið tána í.

Í bráðamóttökuskrá Landspítala, dags. 1. október 2025, kemur fram að M hafi „tripped“ eða misstigið sig og snúið á sér ökklann.

Þegar framangreind gögn eru virt í heild sinni verður að telja að þau samtímagögnin frá slysdegi sem fela í sér lýsingar á tildrögum falls M hafi verulegt sönnunargildi. Þau bera með sér að M hafi verið veikur og fundið fyrir svima sem leitt hafi til þess að hann missteig sig og féll. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir sjálfstæð gögn sem styðja þá síðari skýringu að fallið hafi stafað af því að fótur hans hafi fests í nagla eða að annar sambærilegur utanaðkomandi atburður hafi orðið orsök fallsins.

Að virtu heildarmati á fyrirliggjandi gögnum verður því að telja nægilega sýnt fram á að fall M megi rekja til innra ástands hans fremur en utanaðkomandi atburðar. Verða skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar því ekki talin uppfyllt.

Í öðru lagi greinir aðila á um hvort V hafi verið heimilt að falla frá fyrri afstöðu sinni um bótaskyldu. Fyrir liggur að V hafði samþykkt bótaskyldu og greitt M dagpeninga vegna óvinnufærni. Þá liggur fyrir að sjúkraskrá frá heilsugæslu, sem innihélt framangreindar upplýsingar um veikindi og svima M fyrir fallið, barst V hinn 15. janúar 2026. Hinn 6. mars sama ár tilkynnti V að félagið teldi atvikið ekki falla undir slysahugtak vátryggingaréttar og félli það því frá fyrri afstöðu sinni um bótaskyldu.

Við mat á því hvort V hafi verið heimilt að breyta fyrri afstöðu sinni verður að líta til þess að afstaðan laut að grundvallarforsendu bótaskyldu, þ.e. hvort um slys væri yfirhöfuð að ræða. Verður ekki séð að upphafleg ákvörðun félagsins hafi byggst á þeim upplýsingum sem síðar komu fram í sjúkraskrá heilsugæslunnar. Verður því að leggja til grundvallar að ákvörðun um bótaskyldu hafi verið tekin án þess að fyrir lægju öll þau gögn sem síðar komu fram um orsakir fallsins.

Þá verður ekki talið að sá tími sem leið frá því að umrædd gögn bárust V og þar til félagið tilkynnti breytta afstöðu sína hafi verið slíkur að félagið hafi glatað rétti til að bera fyrir sig upplýsingar úr þeim. Við það mat verður meðal annars litið til þess að Hæstiréttur hefur talið vátryggingafélagi heimilt að falla frá fyrri viðurkenningu á bótaskyldu þegar síðar koma fram upplýsingar sem gefa tilefni til endurmats, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 860/2015.

Samkvæmt framangreindu verður ekki talið að V hafi verið bundið af fyrri afstöðu sinni um bótaskyldu þegar fram komu upplýsingar sem að mati nefndarinnar vörpuðu nýju ljósi á grundvallaratriði málsins. Verður því ekki fallist á að afturköllun bótaskyldu hafi verið óheimil.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 133/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Brot á varúðarreglu.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V, dags. 15. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi 20. febrúar 2026 lent í umferðarslysi á bifreiðarstæði [...]. Faðir M hafi ætlað að leyfa M að æfa sig í að keyra stuttlega á bifreiðastæðinu, enda hafi hún verið komin á æfingaakstursaldur. M kvaðst hafa ætlað að aka A aftur á bak og þegar hún hafi ætlað að ýta á bremsuna hafi hún ruglast og ýtt óvart á inngjöfina í staðinn með þeim afleiðingum að A hóf akstur aftur á bak. Við þetta hafi M brugðið mjög mikið og hafi þá ætlað að ýta enn fastar á bremsuna með þeim afleiðingum að hún jók hraðann og keyrði A á steyptan vegg, ruslatunnur og aðra bifreið. M varð fyrir meiðslum. V skerti bótarétt M um 50% úr slysatryggingu ökumanns á grundvelli þess að M hafi verið valdur að vátryggingaratburði með stórkostlegu gáleysi skv. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 26. gr. almennra skilmála V. Jafnframt væri bótaskyldan skert með vísan til brots á varúðarreglu í gr. 4.1. í skilmálum ökutækjatryggingar og skv. 28. gr. almennra skilmála, sbr. 26. gr. sömu skilmála. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskot er á því byggt að M eigi rétt til fullra bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A vegna slyssins. Bótaréttur verði ekki skertur nema V sýni fram á að hún hafi af stórkostlegu gáleysi valdið slysinu. Sönnunarbyrði um að gáleysi hafi verið stórkostlegt og að orsakatengsl séu á milli gáleysis og slyss hvíli á V. Þá hafi verið talið að til þess að gáleysi teljist stórkostlegt þurfi það að vera á mjög háu stigi. Í því samhengi vísar M til þess að stórkostlegt gáleysi leiði ekki til fyrirvaralausrar skerðingar á bótarétti, heldur verði að líta til allra þeirra atriða sem fram komi í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 þegar verið sé að meta hvort vátryggingafélaginu sé heimilt að takmarka ábyrgð sína. Líta þurfi til sakar hins vátryggða, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður hafi verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna, sem hann sjálfviljugur hafi neytt og atvika að öðru leyti. Óheimilt sé að líta til eins atriðis við ákvarðanatökuna. M telur ákvörðun V um að skerða bótarétt hennar úr slysatryggingunni verulega úr hófi og ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd. M vísar til dóms Landsréttar í máli nr. 228/2020 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 689/2011. Framangreindir dómar fjalli vissulega um skerðingu bótaréttar vegna stórkostlegs gáleysis vegna aksturs yfir hámarkshraða fyrst og fremst, en séu gott dæmi um það að þrátt fyrir að akstur langt umfram hámarkshraða hafi skerðing ekki verið heimiluð umfram 1/3. V get því ómögulega rökstutt 50% skerðingu úr slysatryggingunni í máli þessu, jafnvel þrátt fyrir meint brot á varúðarreglu. Háttsemi M verði í mesta lagi rakin til einfalds gáleysis og vísar M til dóms Héraðsdóms Norðurlands Eystra í máli nr. E-22/2010. Í máli þessu séu skilyrð 90. gr. laga nr. 30/2004 ekki uppfyllt. Telji nefndin engu að síður skilyrði til staðar fyrir skerðingu á bótarétti bendi M á að hún hafi verið 16 ára á slysdegi og skv. 90. gr. laga nr. 30/2004 geti V ekki borið fyrir sig reglur 1. mgr. ef hinn vátryggði gat ekki vegna aldurs eða andlegs ástands síns gert sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1620/2018 því til stuðnings. M telur 3. mgr. 90. gr. hafa veigamikla þýðingu við mat á hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða af hennar hálfu, enda hafi hún einungis verið 16 ára á slysdegi og hafði í raun ekki hafið akstur þar sem hún var í stöðureit á bifreiðastæðinu og hafi ruglast á inngjöf og bremsu. Ef litið sé heildstætt til atvika máls, aðstæðna á vettvangi, aldurs og sakar M þá telur hún að ekki sé réttlætanlegt að skerða rétt hennar til bóta á grundvelli 90. gr. laga nr. 30/2004. Hins vegar liggur fyrir að V skerti bótarétt M einnig á grundvelli þess að hún hafi brotið varúðarreglu í gr. 4.1. í skilmálum vátryggingarinnar, sbr. 28. gr. almennra skilmála og 26. gr. laga nr. 30/2004. M telur að 50% skerðing V á bótarétti M úr slysatryggingu fyrir brot á varúðarreglu eitt og sér verði að telja með öllu úr hófi og vísast til framangreindrar umfjöllunar. Brotið teljist mjög smávægilegt þar sem M hafi aldrei ætlað sér að aka A

á akbraut, heldur hafi aðeins verið um stutta kennslu á bifreiðastæðinu að ræða sem í mesta lagi falli undir að vera einfalt gáleysi. Af 2. málsl. 26. gr. laga nr. 30/2004 sjáist greinilega að V geti ekki borið fyrir sig skerðingu vegna brots á varúðarreglu ef háttsemin er það óveruleg. Enda þurfi skv. 3. málsl. ákvæðisins að leggja heildarmat á hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig atburðinn bar að og atvika að öðru leyti. Um sé að ræða svipaða nálgun og við mat á því hvort skerðing sé talin standast vegna stórfellds gáleysis. Til stuðnings vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 202/2015. Tilvísun til dómsins sýni enn frekar að ekki eigi að skerða bótarétt M þar sem hún hafi raunverulega ekki ekið A að öðru leyti en að aka óvart aftur á bak nokkra metra.

Í athugasemdum V er byggt á því að M hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi með því að aka A án þess að hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til að aka henni. Í 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga sé tekið fram að enginn megi stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini en óumdeilt sé að M hafði ekki ökuskírteini sem heimilaði henni að aka bifreið enda var hún ekki komin með aldur til að öðlast slík réttindi, sbr. 2. mgr. 58. gr. sömu laga. Mikil hætta hafi stafað af háttseminni sem hafi einnig falið í sér brot á varúðarreglu í gr. 4.1 í skilmála vátryggingarinnar þar sem áskilið er að ökumaður skuli hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til að stjórna ökutækinu. V byggir á því að gera megi þá kröfu til M sem var 16 ára á slysdegi að hún hafi haft aldur og þroska til að gera sér grein fyrir að henni væri aksturinn óheimill vegna skorts á ökuréttindum, sbr. 3. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 202/2015 þar sem slíka kröfu mátti gera til 14 ára barns. Ljóst sé af atvikum máls að bein orsakatengsl séu á milli slyssins og kunnáttuleysis M til aksturs bifreiðarinnar. Þannig liggi fyrir að M hafi ekki þekkt muninn á bremsu og bensíngjöf sem hafi leitt til þess að hún hafi bakkað aftur á bak og aukið hraðan án þess að gæta nægjanlega að umhverfi sínu með þeim afleiðingum að hún hafnaði á annarri bifreið. V telur einnig ljóst að með háttseminni hafi M brotið gegn 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga með því að bakka án þess að ganga úr skugga um að það væri hægt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra, auk þess sem hún miðaði ekki ökuhraða við aðstæður og hafi ekki fullt vald á ökutækinu. Þá telur V engu máli skipta varðandi háttsemi M að akstur hafi farið fram á bifreiðastæði. Í ljósi alls framangreinds sé það afstaða V að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 megi lækka eða fella niður ábyrgð V hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð. Hið sama eigi við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skuli meðal annars líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Með hliðsjón af sök M, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti er það afstaða V að skerða beri bætur um 50% úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004, gr. 4.1 í skilmálum vátryggingarinnar, 26. og 28. gr í almennum skilmála. V krefst þess að sú ákvörðun verði staðfest. Skerðingarhlutfall V sé í samræmi við skerðingu bóta í áðurnefndum dómi Hæstaréttar í málum nr. 202/2015 og 671/2016. En í báðum málum voru bætur skertar um 50% vegna réttindaleysis aðila. Sama niðurstaða var einnig í dómi héraðsdóms í máli nr. E-4070/2023 og úrskurðum úrskurðarnefndar í málum nr. 85/2018, 146/2020 og 332/2023.

Í viðbótarathugasemdum M er það ítrekað að hún hafi ekki verið að aka A eins og í fordæmum sem vísað er til. Við úrlausn málsins skuli taka mið af því.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu snýst um hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og brotið gegn varúðarreglu í skilmálum vátryggingarinnar þegar hún ók A aftur á bak á bifreiðarstæði án þess að hafa öðlast ökuréttindi eins og nánar er rakið í málsatvikum.

Í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 er kveðið á um að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Sambærilegt ákvæði er í 26. gr. almennra skilmála V.

Í 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn megi stjórna bifreið nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjóri gefur út. Jafnframt segir í gr. 4.1 í skilmálum vátryggingarinnar að ökumaður hins tryggða ökutækis skuli hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka

því. Í 28. gr. almennra skilmála V er kveðið á um að skylt sé að fara eftir þeim varúðarreglum sem fram koma í skilmálum félagsins og sé varúðarreglum ekki fylgt geti ábyrgð V falli niður í heild eða að hluta.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 21. febrúar 2026, segir:
„kvaðst [M] hafa viljað æfa sig að keyra og hafi faðir hennar samþykkt það og verið með henni í bifreiðinni. [M] kvaðst hafa verið að bakka og ætlað að ýta á bremsu en ýtt óvart á inngjöf í staðinn svo að bifreiðin fór að bakka, [M] kvaðst hafa örvæntað og ætlað að ýta fastar á bremsuna en ýtti bara áfram á inngjöf, bifreiðin hélt áfram að bakka og jók hraðan, fór niður steyptan steinvegg á ruslatunnur og áfram á bifreiðin [...].“

Af fyrirliggjandi gögnum fæst ekki séð, þrátt fyrir að M hafi verið komin á æfingaakstursaldur, að hún hafi hlotið nauðsynlegan undirbúning til að mega æfa akstur bifreiðar, sbr. 68. gr. umferðarlaga. Hún hafði ekki hlotið kennslu á bifreið hjá þar til bærum aðila, sbr. 67. gr. umferðarlaga. Þar af leiðandi hafði hún hvorki fengið fræðslu um muninn á bremsu og inngjöf né þjálfun í viðbrögðum við óvæntum atvikum sem upp geta komið við akstur bifreiðar. Þegar litið er til atvika í þessu máli og réttindaleysis M er það mat nefndarinnar að hún hafi ekki fengið þá þjálfun sem nauðsynleg er til að stjórna ökutæki með öruggum hætti. Að mati nefndarinnar leiddi það til þess að hún hafði ekki stjórn á bifreiðinni við þær aðstæður sem sköpuðust í umrætt sinn. Sú háttsemi M að aka í umrætt sinn án tilskilinna ökuréttinda eða leyfis til æfingaaksturs verði, ásamt fyrrgreindum atriðum, metin henni til stórkostlegs gáleysis og hefur í för með sér skerðingu bóta. Það verður þó ekki fram hjá því litið að M naut leiðsagnar föður sín við akstur í umrætt sinn og er ekkert annað fram komið í málinu en að hann uppfylli skilyrði til þess að vera leiðbeinandi við æfingaakstur, sbr. 68. gr. umferðarlaga. Með vísan til atvika allra þykir rétt að bætur verði skertar um ¼.

Niðurstaða.
M á rétt til ¾ bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 134/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda og kaskótrygging.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Brot á varúðarreglu.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V, dags. 15. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur M, dags. 15. apríl 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lenti í umferðarslysi 20. febrúar 2026 á bifreiðarstæði [...] þegar hann var farþegi í A, sem var í hans eigu. Dóttir hans, sem var 16 ára, bakkaði A m.a. á vegg og varð M fyrir meiðslum. Dóttir M hafi ruglast á bremsu og inngjöf með fyrrgreindum afleiðingum. V skerti bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A um 50% með vísan til þess að tjónið yrði rakið til stórkostlegs gáleysis hans, sbr. 90. gr. laga nr. 30/2004. M hefði leyft 16 ára dóttur sinni að keyra A án ökuréttinda og verið með henni í bifreiðinni sem farþegi. Þá tók V ákvörðun um að skerða bótarétt M úr kaskótryggingu A um 50% þar sem tjónið yrði rakið til stórkostlegs gáleysis og brots á varúðarreglu, í gr. 6.1. í skilmálum vátryggingarinnar, sbr. 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að M eigi rétt til fullra bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A vegna slyssins. Bótaréttur verði ekki skertur nema V sýni fram á að hann hafi af stórkostlegu gáleysi valdið slysinu. Sönnunarbyrði um að gáleysi hafi verið stórkostlegt og að orsakatengsl séu á milli gáleysis og slyss hvíli á V. Þá hafi verið talið að til þess að gáleysi teljist stórkostlegt þurfi það að vera á mjög háu stigi. Við mat á réttarstöðu M þurfi skv. orðalagi 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 að líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður hafi verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna, sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. M telur gáleysismat V bersýnilega rangt og ósanngjarnt í hans garð. V hafi vísað til þess að háttsemi M hafi verið talin til stórkostlegs gáleysis þar sem hann leyfði dóttur sinni að aka bifreiðinni í umrætt sinn. M tekur fram að dóttir hans hafi einungis ætlað að æfa sig stuttlega á bifreiðarstæði og ekki hafi staðið til að leyfa henni að aka bifreiðinni á akbraut, enda hafi atburðurinn gerst á bifreiðarstæði. Um einfaldan misskilning hafi verið að ræða þar sem dóttir M hafi ruglast á bremsu og inngjöf og hefði slíkt geta hent hvaða ökumann sem var. Aukinheldur er ekkert við háttsemi M í aðdraganda slyssins sem telja megi til vítaverðrar háttsemi. Það eina sem V setji út á er að hann hafi leyft aðila án réttinda að stjórna ökutæki, það eitt og sér uppfylli ekki skilyrði til skerðingar, skv. 27. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004. Það sé beinlínis óheimilt að líta til eins atriðis við ákvarðanatökuna. Að skerða bætur um 50% sé verulega úr hófi og vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 228/2020, dóms Hæstaréttar í máli nr. 689/2010 og í máli nr. 129/2001. Þá vísar M til dóms Héraðsdóms Norðurlands eystra nr. E-22/2010. Í þeim dómi komi fram að skilgreining á stórkostlegu gáleysi sé mun þrengri í vátryggingarétti en í skaðabótarétti. Telji nefndin þrátt fyrir allt ofangreint að stórkostlegt gáleysi sé til staðar, bendir M á að það að þó ekki séu uppfyllt skilyrð til skerðingar ef tekið sé mið af öllum atvikum eins og 27. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004 kveða á um. Engin áhættutaka hafi verið til staðar af hálfu M í því tilfelli sem hér um ræðir þar sem aldrei stóð til að aka bifreiðinni á akbraut. Þá telur M 50% skerðingu félagsins á bótarétti vegna brots á varúðarreglu einni og sér, úr hófi. Brotið verið að teljast mjög smávægilegt þar sem ökumaðurinn hafi aldrei ætlað sér að aka A á akbraut, heldur hafi einungis verið um stutta kennslu á bifreiðarstæði að ræða sem í mesta lagi falli undir einfalt gáleysi. Ekki sé heimilt að skerða vegna brots á varúðarreglu ef háttsemin er það óveruleg. Samkvæmt 3. máls. 26. gr. laga nr. 30/2004 þurfi að leggja heildarmat á hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig atburðinn bar að og atvika að öðru leyti. M vísar til dóms Hæstaréttar nr. 202/2015 og telur atvik í því máli engan vegin sambærileg málsatvikum í því máli sem hér um ræðir.

Í athugasemdum V er byggt á því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með þeirri háttsemi að fela 16 ára dóttur sinni akstur bifreiðarinnar og taka sér far með henni. M hafi verið fullmeðvitaður um að dóttir hans hafi ekki búið yfir nauðsynlegri kunnáttu til að aka bifreiðinni ásamt því að henni var aksturinn óheimill samkvæmt 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga. Einnig hafi hann verið í andstöðu við varúðarreglur í skilmálum beggja trygginga þ.e. gr. 6.1. í skilmála kaskótryggingar og gr. 4.1. í skilmála slysatryggingar sem kveða á um það að ökumaður hins tryggða ökutækis skuli hafa þau ökuréttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka því. V telur ljóst af atvikum máls að bein orsakatengsl séu á milli slyssins og kunnáttuleysis ökumanns til aksturs A. Þannig liggi fyrir að ökumaður þekkti ekki muninn á bremsu og bensíngjöf sem leiddi til þess að hún bakkaði aftur á bak og jók hraðann án þess að gæta nægjanlega að umhverfi sínu með þeim afleiðingum að hún hafnaði á annarri bifreið. Mikil hætta hafi stafaði af þeirri háttsemi M að fela 16 ára dóttur sinni akstur bifreiðarinnar og taka sér far með henni eins og raunin varð. Að mati V sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi með því að fela réttindalausri dóttur sinni stjórn bifreiðarinnar og taka sér far með henni sem leiðir til þess að V losni úr ábyrgð í heild eða hluta sbr. 26. gr., 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Í þessu tilviki sé það mat V að það losni úr ábyrgð að hluta, þ.e. 50% úr báðum tryggingum, með hliðsjón af sök M, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Þess er krafist fyrir nefndinni að sú ákvörðun verði staðfest. Skerðing félagsins sé jafnframt í samræmi við úrskurð nefndarinnar í máli nr. 308/2018.

Í viðbótarathugasemdum M er það ítrekað að dóttirin hafi ekki verið að aka A eins og í fordæmum sem vísað er til. Við úrlausn málsins skuli taka mið af því.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu snýst um hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og brotið gegn varúðarreglu í skilmálum vátryggingar þegar hann sem farþegi í A fól 16 ára dóttur sinni að akstur A á bifreiðastæði án þess að hún hefði til þess tilskilin réttindi eins og nánar er rakið í málsatvikum.

Í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 er kveðið á um að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 og 26. gr. almennra skilmála V.

Í 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn megi stjórna bifreið nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjóri gefur út. Jafnframt segir í gr. 4.1 í skilmálum vátryggingarinnar að ökumaður hins tryggða ökutækis skuli hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka því. Í 28. gr. almennra skilmála V er kveðið á um að skylt sé að fara eftir þeim varúðarreglum sem fram koma í skilmálum félagsins og sé varúðarreglum ekki fylgt geti ábyrgð V falli niður í heild eða að hluta.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 21. febrúar 2026, segir: *„kvaðst [M] hafa viljað æfa sig að keyra og hafi faðir hennar samþykkt það og verið með henni í bifreiðinni. [M] kvaðst hafa verið að bakka og ætlað að ýta á bremsu en ýtt óvart á inngjöf í staðinn svo að bifreiðin fór að bakka, [M] kvaðst hafa örvæntað og ætlað að ýta fastar á bremsuna en ýtti bara áfram á inngjöf, bifreiðin hélt áfram að bakka og jók hraðan, fór niður steyptan steinvegg á ruslatunnur og áfram á bifreiðin [...].“*

Þegar höfð er hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum liggur fyrir að M fól 16 ára dóttur sinni að aka A á bifreiðastæði við heimili þeirra. Jafnframt liggur fyrir að M var fullmeðvitaður um að dóttir hans hafði ekki heimild til þess að aka bifreiðinni. Hún hafði hvorki hafið ökunám né öðlast ökuréttindi samkvæmt umferðarlögum. Þar af leiðandi hafði hún hvorki fengið fræðslu um muninn á bremsu og inngjöf né þjálfun í viðbrögðum við óvæntum atvikum sem upp geta komið við akstur bifreiðar. M hafði því vitneskju um að dóttir hans hafði ekki fengið þá þjálfun sem nauðsynleg er til að stjórna ökutæki með öruggum hætti. Þá mátti M vera ljóst að ef eitthvað færi úrskeiðis við aksturinn væri hættan á því að valda tjóni töluverð þar sem aksturinn fór fram á bifreiðastæði við fjölbýlishús þar sem mörgum bifreiðum var lagt og bæði mátti eiga von á akandi og gangandi vegfarendum. Þegar höfð er hliðsjón af framangreindu þá er það mat nefndarinnar að sú ákvörðun M, sem farþegi í bifreiðinni, að fela dóttur sinni, sem hafði ekki hlotið nauðsynleg undirbúning til aksturs bifreiðar að aka A í umrætt sinn hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi og orsakatengsl séu milli þeirrar ákvörðunar og tjónsins. Að mati nefndarinnar þykir rétt að bætur séu skertar um helming þá bæði hvað varðar bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og kaskótryggingu.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og kaskótryggingu A hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um helming.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 135/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. mars 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V2, dags. 31. mars 2026, ásamt fylgigagni.
3. Athugasemdir V1, dags. 28. apríl 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð árekstur á milli A, en eigandi hennar er M og B, 10. mars 2026 á Suðurgötu í Keflavík. B var ekið eftir Suðurgötu og A ekið af bifreiðarstæði við leikskóla inn á Suðurgötu þegar árekstur varð. Málið var lagt fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var öll sök lögð á M með vísan til þess að henni hafi borið að veita allri umferð um Suðurgötu forgang við akstur út frá bifreiðarstæði. M fellir sig ekki við niðurstöðuna.

Í málskoti er á því byggt að B hafi ekki verið á réttri akrein, hafi ekið of hratt og hafi ekki sýnt nægilega varúð með hliðsjón af aðstæðum. Bílum hafi verið lagt báðum megin götunnar og því hafi gatan verið þröng, þ.e. ekki hafi verið hægt að mætast. M vísar til fyrirliggjandi gagna, þ.m.t. mynda af vettvangi.

Í athugasemdum V2 er byggt á að leggja beri alla sök á M þar sem honum hafi borið að veita allri umferð um Suðurgötu forgang við akstur út frá bifreiðarstæði, sbr. 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í athugasemdum V1 er byggt á að leggja beri alla sök á ökumann B vegna ógætilegs aksturs. Ökumaður B hafi sýnt af sér verulega óaðgæslu við aðstæður sem kölluðu á aukna varúð. Bein orsakatengsl séu á milli aksturslags B og árekstursins. Til vara er farið fram á að sök verði skipt til helminga milli ökumanna.

Álit.
Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt á milli ökumanna A og B vegna áreksturs 10. mars 2026.

Í 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga segir að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg m.a. af bifreiðarstæði. Þegar höfð er hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að hvorugur aðili hafi gætt nægjanlega að sér í aðdraganda árekstursins. Samkvæmt fyrirliggjandi myndum af vettvangi ók B að hluta til á rangri akrein og bar því að gæta sérstakrar varúðar m.a. þar sem vænta mátti umferðar frá umræddu bifreiðarstæði við leikskólann.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að sök verði skipt þannig að A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og B bera 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 136/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X

Skaðabótaábyrgð. Sönnun

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. mars 2026, ásamt fylgiskjali.
2. Athugasemdir V, dags. 27. mars 2026, ásamt fylgiskjölum
3. Viðbótarathugasemd M, dags. 22. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 21. júlí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti er tekið fram að ágreiningurinn varði tjón eftir ryð á pípum við ofn, eftir leka á ofni í barnaherbergi í fasteign M. Ofninn sé ónýtur. Húsið hafi verið byggt 2017 og því sé um að ræða ofn sem ekki sé orðinn 9 ára gamall. M byggja á því að lekinn hafi komi upp eftir að pípulagningamaður á vegum X hafi átt við ofninn þann 4. nóvember 2025. Tveimur mánuðum síðar, nánar tiltekið 2. janúar 2026, hafi uppgötvast raki undir ofninum, en M telja að frá því að pípulagningamaðurinn hafi komið hafi drippað hægt og rólega niður á parket og undir það. Taka M fram að þegar lekinn hafi uppgötvast hafi þau hringt í X og hafi þá sami pípulagningamaður komið til að skoða tjónið. Hafi hann fest pípuna eða skrúfuna betur, en hún hafi verið töluvert laus. Við þetta hafi hætt að leka. Pípulagningamaðurinn hafi haft á orði að drippið frá ófestu festingunni hefði líklegast framkallað lekann, auk þess sem nú væri ryð á festingunni og ofninn að öllum líkindum ónýtur. Í málskotinu kemur fram að þrátt fyrir þetta hafi X og V ekki viljað fallast á að fyrir hendi væri bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þar sem M hafi fengið tjón sitt að mestu leyti bætt úr húseigendatryggingu sinni hjá V2 snúi krafan á hendur X einungis að því að fá ofninn bættan þar sem hann hafi ekki fengist bættur úr húseigendatryggingunni. Hvað varði rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni færa M fyrir því rök að tjónið á ofninum megi augljóslega rekja til mistaka eða vanrækslu starfsmanns X. Telja M liggja fyrir að orsök tjónsins sé sú að umræddur starfsmaður hafi skilið festinguna á ofninum eftir lausa þann 4. nóvember 2025 en við það hafi byrjað að drippa frá ofninum. Þetta geti ekki talist fagleg vinnubrögð. Tjónið verði því rakið til mistaka starfsmanns við vinnu, sem falli undir ábyrgðartryggingu X hjá V. Því beri að bæta það úr þeirri tryggingu óháð því hvort slit kunni að hafa einnig verið til staðar, nokkuð sem M telja þó ólíklegt miðað við aldur byggingarinnar og ofnsins.

Í athugasemdum V kemur fram að í málinu liggi fyrir tjónstilkynning, dags. 2. janúar 2026, vegna leka frá ofni. Komi þar einnig fram að tjónið hafi uppgötvast 1. janúar en að M telji þetta hafa varað lengur. Þá liggi einnig fyrir skoðunarskýrsla frá V2. Að auki hafi M sent tjónstilkynningu til V þann 18. mars 2026. Þar komi fram að um sé að ræða ryð i pípum við ofn eftir leka frá ofninum í barnaherbergi. Sé því haldið fram að lekinn hafi uppgötvast er pípulagningamaður frá X hafi komið að festa pípur betur og að pípan hafi verið töluvert laus. V greinir einnig frá því að X hafi upplýst að starfsmaðurinn hafi unnið við umræddan ofn 4. nóvember 2025. Þá hafi ofninn verið lofttæmdur auk þess að í ljós hafi komið að ofninn var illa farinn í kringum gengjur og loftsskrúfur. Ryð og úrfellingar hafi bent til langvarandi slits og tæringar. Sé það mat X að lekann sé ekki að rekja til lofttæmingar þeirra á ofninum heldur til slits og tæringar. V telur því bótaskyldu ekki vera til staðar úr ábyrgðartryggingu X, enda hafi M ekki verið sýnt fram á að X eða starfsmenn hans hafi valdið tjóninu eða eigi sök á því, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi X né á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Um atvikið gildi almennar reglur skaðabótaréttar og því hvíli sönnunarbyrðin um ætlaða sök og ólögmæta háttsemi X eða starfsmanna hans og orsakatengsl alfarið á M. Telur V að sú sönnun hafi ekki tekist þar sem engin gögn hafi verið lögð fram í málinu sem sýni fram á að orsök lekans verði að einhverju leyti rakin til mistaka stafsmanna X við lofttæmingu ofnsins. Engin gögn styðji þá fullyrðingu. Þvert á móti telur V að það liggi fyrir að mikið ryð, slit, úrfellingar og tæring sé í ofninum, sem allar líkur séu á að sé orsök tjónsins. Þar að auki hafi ekki orðið vart við lekann fyrr en um tveimur mánuðum eftir að sú vinna sem um sé deilt fór fram. Telur V þetta eindregið benda til þess að lekinn sé í engum orsakatengslum við þá vinnu. Í því sambandi bendir V á að M hafi upplýst að ofninn sé á áberandi stað og því hefði leka átt að verða vart um leið og hann kom fram. Þá sé með öllu ósannað og mjög ólíklegt að svona ryð og skemmdir komi fram á tveimur mánuðum. Í öllu falli liggi ekki fyrir gögn sem sýni

fram á að það geti gerst eða hafi gerst. Þá ítrekar V þá skoðun að ekki hafi verið sýnt fram á að nokkuð hafi verið athugavert við framkvæmd verksins þann 4. nóvember 2025.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. á það bent að enginn leki hafi verið frá ofninum áður en pípulagningamaður frá X kom þann 4. nóvember 2025, en eins og áður hafi komið fram telja M að eftir þá komu hafi verið hægur leki, dripp, frá ofninum allt til þess tíma er pípulagningamaðurinn kom aftur í byrjun árs 2026. Ítreka M sín fyrri rök fyrir því að um skaðabótaskylt tjón sé að ræða og færa gagnrök gegn athugasemdum V. Máli sínu til frekari stuðnings vísa M einnig til framlagðrar álitsgerðar frá pípulagningameistara sem M fengu til að meta tjónið, 21. apríl 2026. Benda M m.a. á að hann hafi talið yfirgnæfandi líkur á að ofninn hafi lekið eftir að pípulagningamaðurinn frá X hafði átt við hann. M telja sig því hafa sýnt fram á yfirgnæfandi líkur séu á því að lekinn, og þar með tjónið, sé bein afleiðing þess að festing hafi verið skilin eftir laus við vinnu pípulagningamannsins.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri rök ítrekuð og gerðar eftirtaldar athugasemdir við viðbótarathugasemdir M. V bendir á að í málskoti M sé á því byggt að ofninn sé ónýtur og gerð krafa um bætur við kostnað við að skipta honum út. Í viðbótarathugasemdum sé því hins vegar haldið fram að ofninn sé í lagi og að ekki sé þörf á því að skipta honum út til þess að reyna að sýna fram á að tjónið sé ekki að rekja til slits og tæringar heldur til meintra mistaka starfsmanns X við lofttæmingu. V telur ljóst að ofninn sé illa farinn og að allar líkur séu á að lekann sé að rekja til slits og tæringar. V telur jafnframt ljóst að gáleysislegt sé að nota ofninn áfram í því ástandi sem hann er. Þá telur V að tölvupóstur frá tilteknum pípulagningameistara hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Hann hafi mætt á staðinn mörgum mánuðum eftir að lekinn uppgötvaðist og geti því með engu móti fullyrt að lekann sé að reka til þess að loftskrúfa hafi ekki verið hert nægjanlega mörgum mánuðum fyrr. Þá sé álit hans einhliða aflað og ekki rökstutt eða byggt á gögnum. Þvert á móti telur V að það liggi fyrir að tæring og slit sé í ofninum sem allar líkur séu á að hafi orsakað lekann. Mögulega hafi verið fyllt upp í þá lekaleið með því að herða frekar á skrúfunni en það breyti því ekki að lekann sé að öllum líkindum að rekja til slits og tæringar sem óumdeilanlega hafi verið til staðar. Þá sé ekkert í gögnum málsins að um að umrædd loftsskrúfa hafi ekki verið hert nægjanlega um tveimur mánuðum áður en lekans varð vart.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni í húsnæði M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að þau hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. M byggja kröfu sína á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Færa M ítarleg rök máli sínu til stuðnings. Hins vegar byggja M kröfu sína að mestu á eigin frásögn/rökstuðningi af því sem þau telja að hafi farið úrskeiðis. Því liggja ekki fyrir nein þau sérfræðigögn í málinu sem nefndin telur að hægt sé að byggja þá niðurstöðu á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem leiði til skaðabótaábyrgðar X. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til sakar X eða starfsmanna X. Telur nefndin að sú sönnun hafi ekki tekist. Í þessu sambandi tekur nefndin fram að með viðbótarathugasemdum M fylgdi álit pípulagningameistara á orsökum lekans. Þar kemur hins vegar fram að hann kom ekki á vettvang tjónsins fyrr en nokkrum mánuðum eftir að það uppgötvaðist auk þess sem niðurstaða hans er ekki afdráttarlaus. Nefndin telur því að álit hans sé ekki til þess fallið að breyta framangreindri niðurstöðu.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X eru með hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 137/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Meðábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. apríl 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 27. nóvember 2024 hafi M runnið í hálku, dottið og slasast, fyrir utan sláturhús X. V hafi með bréfi, dags. 12. febrúar 2026, hafnað því að X bæri skaðabótaábyrgð á slysi M. Rökin hafi verið þau að það hafi ekki verið á ábyrgð X að salta eða sanda öll bílaplön í kringum húsnæðið. M fellir sig ekki við framangreinda afstöðu enda telur hann að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna á slysstað. Færir M þau rök máli sínu til stuðnings að X hafi ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til það að koma í veg fyrir hálku við sláturhúsið og tryggja þannig öryggi viðskiptavina. Telur M að X beri því skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Bendir M sérstaklega á að hann telji orsaka slyssins sé að leita í þeim hættulegu aðstæðum sem hafi verið á slysstað, enda hafi hálkuvarnir af hálfu X verið vanræktar. Ekki hafi verið saltað fyrir utan sláturhúsið að morgni slysdags, þ.e. þegar opnað var þann dag, en slysið hafi orðið um kl. 10:00 að morgni. Hins vegar hafi verið ráðist í hálkuvarnir eftir slysið, en þá hafi starfsmaður X saltað fyrir utan sláturhúsið. Framangreindu til stuðnings vísar M til fyrirliggjandi yfirlýsingar starfsmanns X. Telur M að X hafi átt að sjá til þess að saltað væri fyrir utan sláturhúsið strax að morgni slysdags og tryggja þannig að aðstæður væru öruggar fyrir viðskiptavini. M bendir jafnframt á að auknar kröfur séu gerðar til þeirra sem reka starfsemi sem laði að viðskiptavini, að tryggja öryggi þeirra sem þangað koma. Vísar M í tiltekna dóma Hæstaréttar þessu til frekari stuðnings. Telur M að framangreint eigi jafnvel við um húsnæði X eins og annað það húsnæði þar sem viðskiptavinir sæki þjónustu, enda tíðkist það að bændur á svæðinu og aðrir sæki kjöt í sláturhúsið. Því telur M ljóst að X veiti þar þjónustu og beri því ríka skyldu þegar kemur að því að tryggja öryggi viðskiptvina sinna. Auk framangreinds telur M að X hafi brotið gegn 1. mgr. 12.10.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Að lokum mótmælir M þeim rökum V að vegna veðurs á slysdegi hafi takmarkaður árangur náðst af því að sanda og salta. Telur M þvert á móti að veðrið á slysdegi hafi gefið X enn frekari ástæðu til þess að láta salta og sanda með fullnægjandi hætti. Telur M að auðvelt hefði verið fyrir X að koma í veg fyrir slysið ef það hefi verið gert.

Í athugasemd V kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X, sé M fyrrum starfsmaður sláturhúss X sem hafi verið að sækja þangað kjöt fyrir samstarfsfélaga sinn, er slysið varð. Sláturhúsið afgreiði ekki kjötvörur beint til almennings og því eigi almenningur ekki erindi inn á umráðasvæði X. Tekur V jafnframt fram að slys M hafi orðið á bílastæði starfsmanna, fyrir utan vöruafgreiðslu flutningabíla. Þá telur V að það beri að skoða eðli starfsemi sláturhússins við mat á meintri sök X. Um sé að ræða iðnaðarrekstur en ekki starfsemi sem dragi almennt að sér viðskiptavini á sama hátt og gildir t.d. um verslanir eða opinberar stofnanir. Þótt einstaka bændur eða aðrir komi til að sækja vörur, líkt og M bendi á, breyti það ekki þeirri meginreglu að aðkoma og umferð gangandi vegfarenda sé ekki sambærileg við það sem gerist hjá verslunum eða opinberum aðilum. Því telur V að ekki sé hægt að leggja jafn ríkar skyldur á X varðandi hálkuvarnir á öllu bílaplaninu og myndi gilda um framangreinda aðila. V ítrekar að tilvísanir M í dómafordæmi Hæstaréttar, s.s. mál nr. 251/2005 og dóm frá árinu 1996 (bls. 1002 (419/1994)), sem varði skóla og verslanir, eigi ekki við um iðnaðarrekstur eins og um ræði í tilviki slyss M. Þá hafi M sem fyrrum starfsmaður X verið kunnugur aðstæðum og eðli aðkomunnar að húsinu, nokkuð sem V telur að ætti sömuleiðis að hafa áhrif á mat á gáleysi hans og sakarmat almennt. Auk þess telur V að sú staðreynd að gengið hafi yfir rigning eftir talsverðan frostakafla þýði að árangur af söltun eða söndun hefði verið takmarkaður. Þótt M haldi því fram að slæmt veður auki kröfur um hálkuvarnir, verði að líta til raunhæfs árangurs slíkra ráðstafana við erfiðar aðstæður. Ekki sé hægt að leggja þá ábyrgð á vinnuveitendur að þeir geti alfarið komið í veg fyrir slys gangandi vegfarenda á öllum bílaplönum, sérstaklega við slíkar aðstæður. V telur því að í tilfelli M sé um að ræða óhappatilvik sem frekar verði rakið til óaðgæslu M en saknæmrar háttsemi X. Bendir V á að aðstæður á staðnum hafi

verið öllum ljósar sem gengu um svæðið, en eðli máls samkvæmt verði að gera þá kröfu til fótgangandi vegfarenda að þeir fari varlega þegar þörf er á. V vísar einnig til þess að aflað hafi verið upplýsinga frá X sem staðfesti að starfsmenn hafa séð um að salta fyrir utan aðalinngang vinnustaðarins eftir því sem þörf var á. Bílastæðið sé hins vegar ekki saltað nema sérstaklega sé þörf á því, enda sé ekki gert ráð fyrir mikilli umferð gangandi vegfarenda þar. V tekur einnig fram að þó að það liggi fyrir að ráðist hafi verið í að hálkuverja planið eftir slysið, þá verði sök ekki byggð á slíkum aðgerðum, sem miði að því að forða frekari slysum. Eins og fram hafi komið sé bílastæðið saltað eftir þörfum. Miðað við aðstæður á slysdegi og með hliðsjón af því að ekki var búist við sérstakri umferð um bílastæðið, hafi ekki verið talin þörf á söltun þess fyrr en eftir slysið. Í þessu sambandi vísar V m.a. til röksemda Landsréttar í málum nr. 641/2020 og 365/2023. Er bent á að í seinni dóminum hafi sérstaklega verið byggt á því að starfsmaður hafi verið kunnugur aðstæðum og vitað af hálku. Þá hafi sömuleiðis verið litið til þess að lítill umgangur hafi verið um svæðið þar sem slysið varð. V nefnir einnig að M vísi til 1. mgr. 12.10.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Tekur V fram að þótt þessar reglugerðir kveði á um almennar kröfur til öryggis og hollustuhátta húsnæðis, verði að meta þær í samhengi við eðli starfseminnar og raunhæfar ráðstafanir sem hægt sé að krefjast. V telur að X hafi ekki brotið gegn þessum ákvæðum með þeim hætti að það varði bótaskyldu, sérstaklega í ljósi eðlis rekstrarins og veðuraðstæðna. Auk framangreinds vísar V til þegar fram kominna röksemda í afstöðubréfi sínu. Að mati V sé ekkert í málinu sem færi sönnur á að slys M sé skaðabótaskylt, heldur sé um óhappatilvik að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi X eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á skv. reglum skaðabótaréttar. V tekur svo fram að ef af einhverjum ástæðum nefndin fallist á að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu, sé gerð krafa um að bótaréttur M verði skertur vegna eigin sakar þar sem hann hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu við göngu i um bílaplanið. Þar sem M sé ekki starfsmaður X sé ekki nauðsynlegt að sýna fram á stórkostlegt gáleysi til að skerða bætur, heldur nægi einfalt gáleysi. Að mati V voru aðstæður á staðnum augljósar og hverjum sem gekk um svæðið ljóst að gæta þyrfti fyllstu varúðar. M hafi ekki gætt að sér og beri því sök á slysinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni virðist þó ljóst að þó vissulega komi það fyrir að tilteknir aðilar sæki þjónustu í umrætt húsnæði X, er það ekki svo að um sé að ræða almenna verslun eða þjónustufyrirtæki þar sem almenningur leggur leið sína. Þessi munur hefur áhrif þegar kemur að mati á því hvaða kröfur ber að gera til þess að X sjái til þess að aðkoman að sláturhúsinu sé söltuð eða sönduð til að tryggja öryggi. Þá byggir V á því í málinu að slys M hafi orðið á bílastæðinu fyrir utan sláturhúsið en ekki fyrir utan aðalinngang húsnæðisins. Ekkert liggur fyrir í málinu sem hnekkir þeirri fullyrðingu. Nefndin leggur því til grundvallar að slysið hafi orðið á bílastæðinu. Þegar þetta er haft í huga telur nefndin að M hafi ekki sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að X hafi vanrækt að salta eða sanda bílastæðið enda óeðlilegt að gerðar séu sömu kröfur til þess eins og um væri að ræða slys fyrir utan aðalinngang sláturhússins. Í þessu sambandi bendir nefndin einnig á að það virðist óumdeilt í málinu að hált var á vettvangi nokkuð sem hefði væntanlega átt að vera öllum þeim ljóst sem leið áttu um svæðið. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 138/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 12. ágúst 2026 ásamt fylgiskjali.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M telji sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna vanrækslu lögmannsins X og krefjist því bóta úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V. Forsaga málsins sé sú að fasteignasali hafi sett sig í samband við M í þeim tilgangi að kanna hvort þær hefðu áhuga á að selja fasteign sína og mögulega einnig þann rekstur sem var starfræktur í henni. Hafi M í kjölfarið haft samband við X og óskað eftir því að hann gætti hagsmuna þeirra vegna fyrirhugaðrar sölu. Hinn 3. október 2024 hafi M borist tilboð í fasteignina og reksturinn og hafi þar verið sérstaklega tiltekið að „tilgreindar“ skuldir drægjust frá kaupverði, þ.e. yrðu yfirteknar af kaupanda. Ekki hafi náðst samningar milli aðila á þessu stigi. Hinn 15. október 2024 hafi M borist annað kauptilboð og þar hafi einnig komið fram að „tilgreindar“ skuldir tilheyrðu rekstrinum og drægjust frá kaupverði. Í kjölfarið hafi M átt fund með X þar sem þetta atriði hafi m.a. verið rætt. Sérstaklega hafi verið um það rætt að eðlilegar skuldir við skattayfirvöld, s.s. tryggingargjald, staðgreiðsla, lífeyrissjóðsgreiðslur og skuldir rekstrarlegs eðlis kæmu ekki til frádráttar. Hinn 31. október 2024 hafi M falið X að útbúa kaupsamning um einkahlutafélag í eigu M. Samningsdrög hafi svo gengið á milli X og fulltrúa kaupenda um kaup á hlutafélagi M. Hinn 1. nóvember hafi X upplýst M um að eina breytingin sem eigi að gera sé varðandi vexti og samningurinn sé klár til undirritunar. X hafi hins vegar ekki látið M vita af því að í samningnum væri nú kveðið á um að „allar“ skuldir en ekki aðeins „tilgreindar“ skuldir skyldu dragast frá kaupverði. Af gögnum málsins virðist sem X hafi samþykkt þá breytingu einhliða og þar með fallist á lækkun kaupverðsins, án samráðs við M, með því að fallast einfaldlega á tillagðar breytingar á drögum samningsins. Hafi M skrifað undir samninginn í þessari mynd.

Kemur þá fram í málskoti og fylgigögnum þess að framangreind háttsemi hafi valdið M tjóni að fjárhæð 17.977.467 kr., en kaupendur hafi við greiðslu kaupverðs dregið frá 4.100.203 kr. vegna ógreiddra launa, 3.241.969 kr. vegna ógreiddrar staðgreiðslu, 8.847.763 kr. vegna uppgjörs virðisaukaskatts og 1.787.532 kr. vegna ógreidds tryggingargjalds.

Í bréfi V kemur m.a. fram að framsetning M á málavöxtum sé í miklu ósamræmi við frásögn X. Hafi hlutverk hans verið takmarkað við skjalagerð og almenna ráðgjöf en ekki falið í sér víðtæka umboðsmennsku eða þátttöku í ákvörðun kaupverðs. X haldi því jafnframt fram að hann hafi sent M „lokadrög“ samningsins með skýrt merktum breytingum og hvatt þær til vandlegrar yfirferðar auk þess sem hann hafi boðist til að fara yfir samninginn lið fyrir lið. Því boði hafi verið hafnað af hálfu M. Þrátt fyrir ráðleggingar X um að lesa samninginn vel hafi M undirritað samninginn rafrænt aðeins nokkrum mínútum eftir móttöku hans. Telur V ekki sýnt fram á sök X, enda sé það grundvallarregla samningaréttar að ábyrgð á yfirlestri, skilningi og samþykki kaupskilmála hvíli á samningsaðilum sjálfum. Verði M að bera ábyrgð á því að hafa ekki kynnt sér samninginn fyrir undirritun og breyti meint mistök X engu þar um.

Jafnframt byggir V á því að M hafi ekki sýnt fram á meint tjón sitt, enda hafi umrædd orðalagsbreyting á samningnum ekki skert fjárhagsstöðu þeirra eða bakað þeim tjón. Þær skuldir sem um ræði samanstandi af vörslufé í eigu hins opinbera og hefðbundnum rekstrarskuldbindingum á borð við ógreidd laun og tryggingagjald. Sé um að ræða venjubundnar og fyrirsjáanlegar skuldir í hefðbundnum rekstri. Í viðskiptum með fyrirtæki tíðkist almennt ekki að kaupandi yfirtaki slíkar skuldbindingar nema

þær dragist frá kaupverði. Jafnvel þó upphaflegu orðalagi samningsins hefði ekki verið breytt hefðu umræddar skuldir því verið dregnar frá kaupverðinu, enda sé um að ræða eðlilegan og óhjákvæmilegan þátt í verðmati fyrirtækja. Hafi M því ekki orðið af neinum þeim fjármunum sem þær hafi átt lögmætt tilkall til. Sé auk þess ósannað að kaupendur hefðu verið reiðubúnir til samninga hefði aðeins verið gert ráð fyrir því að „tilgreindar“ skuldir drægjust frá kaupverði. Er þá vísað til þess að M hafi átt þess kost að láta viðskiptin ganga til baka en þær hafi kosið að nýta sér ekki það úrræði.

Þá kemur fram að V veiti ekki samþykki sitt fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í málinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Í viðbótarathugasemdum M er því fyrsta lagi mótmælt að aðkoma X hafi takmarkast við skjalagerð og almenna ráðgjöf, enda stangist sú staðhæfing á við gögn málsins sem sýni fram á að X hafi verið falin almenn hagsmunagæsla eins og venjan sé í viðskiptum af þessu tagi. Er þá tekið fram að M hafi upplýst X um þá skilmála sem þær vildu ná fram og hafi X borið að gæta þeirra hagsmuna sem og þess að M yrðu ekki blekktar með lögfræðilegum texta eða samningsskilmálum. Liggi sök X ljós fyrir þar sem honum hafi yfirsést umrædd orðalagsbreyting í samningnum. Hafi X þess utan blekkt M með þeirri fullyrðingu að ekki væri um að ræða breytingar á samningnum.

Er þá mótmælt þeirri fullyrðingu að M hafi ekki sýnt fram á tjón. Umrædd orðalagsbreyting hafi haft í för með sér gríðarlega fjárhagslega þýðingu fyrir M og stórfelld áhrif á kaupverð samkvæmt samningnum. Röksemdir V í þá átt að um vörslufé eða rekstrarskuldbindingar hafi verið að ræða falli þá um sjálfar sig enda gildi samningsfrelsi og í samningsviðræðum hafi umsamdir skilmálar verið þeir að aðeins tilgreindar skuldir skyldu dragast frá kaupverði en aðrar skuldir, þ.e. hefðbundnar rekstrarskuldbindingar, skyldu kaupendur yfirtaka. Kaupsamningurinn sé það sem gildi milli aðila og í slíkum viðskiptum sé ekkert sem „almennt tíðkist“ né verði byggt á því að umræddar skuldir hefðu alltaf komið til frádráttar kaupverði óháð orðalagi samningsins. Þá liggi fyrir að á fyrri stigum hafi kaupendur verið samþykkir því að aðeins tilgreindar skuldir kæmu til frádráttar. Þessu hafi ekki verið breytt fyrr en rétt fyrir undirritun og hafi X yfirsést þessi veigamikla breyting. Er þá vísað til kröfubréfs sem útbúið hafi verið af X, dags. 5. maí 2025, þar sem fram komi að X hafi orðið á mistök. Er því þá mótmælt að M hefði boðist að láta kaupin ganga til baka. M hafi fyrst fengið vitneskju um mistök X þegar komið var að lokagreiðslu og allar skuldir höfðu verið dregnar frá. Sé ekkert komið fram um að riftun hafi staðið til boða þó M hafi rætt þann möguleika í samskiptum við X.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að X hafi aðeins tekið að sér skjalagerð. Það sé þá ljóst að M hafi vanrækt að lesa samninginn fyrir undirritun hans. Er þá áréttuð sú afstaða að meint tjón M sé ósannað auk þess sem svo virðist að M hafi gagngert aukið á skuldir félagsins eftir undirritun samningsins en fyrir afhendingardag. Skorar V þá á M að leggja fram gögn sem varpað geti ljósi á þær skuldir sem um ræði. Gögn af því tagi væru m.a. til þess fallin að varpa ljósi á það hvort M voru í góðri trú eða hafi vísvitandi aukið á skuldir félagsins og meint tjón sitt gegn trúnaðarskyldu gagnvart kaupendum.

Í síðari viðbótarathugasemdum M er því enn mótmælt að X hafi aðeins tekið að sér skjalagerð. Eru jafnframt ítrekuð mótmæli við þeirri staðhæfingu V að ekki hafi verið sýnt fram á tjón í málinu. Er því þá sérstaklega hafnað sem röngu og órökstuddu að M hafi aukið á skuldir félagsins fram að afhendingardegi.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn ber lögmaður ábyrgð á tjóni sem hann veldur umbjóðanda sínum með saknæmum hætti við störf sín. Til þess að bótaskylda verði felld á lögmann þarf að sýna fram á saknæma háttsemi, tjón og orsakatengsl þar á milli.

Ágreiningur málsins lýtur í fyrsta lagi að því hvort X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi og í öðru lagi hvort sú háttsemi hafi valdið M bótaskyldu tjóni.

Af gögnum málsins, m.a. tölvupósti X til M dags. 26. júlí 2024, má ráða að hann hafi tekið að sér að aðstoða og ráðleggja M í tengslum við umræddа samningsgerð. Í tölvupósti X til M dags. 22. október 2024 segir m.a.: *„Þið haldið þá óbreyttum rekstri fram að áramótum, ekki satt? ... Væntanlega er staða áhvílandi veðskuldar gagnvart Arion banka og kaupleigan hjá Lykli á hreinu en hversu áreiðanleg er staða annarra skulda skv. lánardrottnalista? Mér finnst líka þurfa að vera á tæru að föst útgjöld tengd rekstri komi ekki til frádráttar eða að fjárhæð þeirra sé ákveðin, t.d. staðgreiðsla, tryggingargjald, lífeyrissjóður, vsk., rafmagn/hiti, fasteignagjöld o.fl. Annars gæti það skipt máli hvenær mánaðarins miðað er við skuldastöðu.“*

Fyrir nefndinni liggja nokkrar útgáfur draga að kaupsamningi milli aðila. Af þeim má ráða að hann hafi tekið töluverðum breytingum á meðan samningaviðræðum aðila stóð, ekki síst hvað varðar ákvæði um skuldir félagsins og áhrif þeirra á kaupverð. Af framangreindum gögnum má ráða að í upphaflegum drögum hafi aðeins verið um tilteknar nánar tilgreindar skuldir að ræða, þ.e. samkvæmt þremur veðskuldabréfum, kaupleigusamningi og útistandandi skuldir skv. lánardrottnalista, en sá listi virðist ekki lagður fram í málinu.

Í endanlegum kaupsamningi sem aðilar undirrituðu hinn 3. nóvember 2024 segir hins vegar að kaupverð skuli lækka „sem nemur öllum skuldum félagsins við afhendingu“ þ.m.t. framangreindum skuldum.

Í tölvupósti X til M og kaupenda dags. 3. nóvember 2024 segir m.a. að þær breytingar sem kaupandi lagði til, sbr. síðustu útgáfu dags. 1. nóvember 2024 hafi verið samþykktar. Þá hafi verið sett inn ákvæði um vexti en að öðru leyti sé skjalið óbreytt frá þeirri útgáfu.

Verður ekki betur séð en að það sé rétt, svo langt sem það nær, en gögn málsins bera með sér að tillögur um breytingu á tilvísun til skulda sem koma skuli til frádráttar kaupverði hafi komið fram í fyrri útgáfu samningsins og að fallist hafi verið á þær breytingar.

Með hliðsjón af því að um efnislega breytingu var að ræða sem fyrirséð var að gæti haft áhrif á útborgun kaupverðs, þeim samskiptum sem M og X höfðu átt í aðdraganda kaupsamningsgerðar, þeim væntingum sem ætla má að M hafi haft varðandi það hvaða skuldir kæmu til frádráttar, sbr. t.a.m. tölvupóst X til þeirra dags. 22. október 2024, er það þó mat nefndarinnar að X hafi borið að vekja sérstaka athygli M á umræddri breytingu og áhrifum hennar.

Verður því samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af því stranga sakarmati sem á við um störf lögmanna á grundvelli sérfræðiábyrgðar þeirra að telja að M hafi sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi sbr. 1. mgr. 25. gr. laga um lögmenn.

Stendur þá eftir að meta hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirrar háttsemi. Við mat á því verður að bera saman þá fjárhagsstöðu sem þær hefðu verið í ef samningurinn hefði ekki verið gerður með þeim hætti sem raun varð á og fjárhagsstöðu þeirra í kjölfar viðskiptanna. Í því sambandi skiptir máli hvort sýnt er að kaupverðið hefði í raun orðið hærra ef upphaflegt orðalag í samningsdrögum hefði staðið óbreytt. Þótt fyrir liggi að í fyrri drögum að samningi aðila hafi verið gert ráð fyrir að einungis tilteknar skuldir drægjust frá kaupverði verður ekki af því einu ráðið að kaupendur hefðu gengið að því skilyrði við endanlega samningsgerð.

Af málskoti og fylgigögnum þess má ráða að byggt sé á því að 17.977.467 kr. hafi verið dregnar frá umsömdu kaupverði vegna ógreiddra launa, staðgreiðslu skatta, virðisaukaskatts og tryggingagjalds. Verður að fallast á það með V að upplýsingar um meint tjón M vegna þessa eru nokkuð óljósar og þrátt fyrir umfangsmikla framlagningu gagna og áskorun V um frekari skýringar er nokkuð óljóst hvert eðli og inntak umræddra skulda er. Auk þess, eins og áður er rakið, verður ekki séð að tilgreindur lánardrottnalisti liggi fyrir í málinu og er því jafnframt örðugt að greina hvaða skuldir M ætluðu frá upphafi að kæmu til frádráttar kaupverði.

Við mat á meintu tjóni verður því miðað við þær upplýsingar sem fylgdu málskoti, svo langt sem þær ná. Koma ógreidd laun að fjárhæð 4.100.203 kr. þá fyrst til skoðunar. Ekki verður séð að nánari sundurliðun vegna þeirra sé meðal gagna málsins, en gera verður ráð fyrir að um sé að ræða vangoldin laun vegna vinnu sem innt var af hendi fyrir afhendingu félagsins en eftir undirritun kaupsamnings. Samkvæmt kaupsamningi aðila skyldi afhending hins selda fara fram 2. janúar 2025 og virðist hafa verið samið um að M héldu rekstrinum áfram fram til þess tíma. Í samningnum kemur m.a. fram að hið selda sé allar kröfur seljenda og tengdra/nákominna aðila á hendur félaginu ef frá eru talin samningsbundin mánaðarlaun fyrir nóvember og desember 2024 og uppsafnað orlof vegna ársins 2024 en uppgjör á þeim kröfum skuli hafa átt sér stað fyrir afhendingu. Þó umræddur kröfuliður sé nokkuð vanreifaður af hálfu M verður að draga þá ályktun að hér sé um að ræða laun vegna þessa tímabils, þ.e. kröfu sem ekki stóð til að kaupandi yfirtæki, heldur hafi M borið að gera hana upp fyrir afhendingu. Verður því ekki séð að yfirtaka kaupanda á henni, með samsvarandi frádrætti frá kaupverði, hafi leitt til lakari stöðu M en ella.

Í samningi aðila kemur einnig fram að M skuldbindi sig til að ráðstafa ekki viðskiptakröfum eða birgðum félagsins til lækkunar á skuldum, umfram það sem leiði af hefðbundnum rekstri fram að afhendingu, nema með samþykki kaupanda. Með hefðbundnum rekstri sé m.a. átt við uppgjör launa og

launatengdra gjalda, greiðslu afborgana og kaup aðfanga. Einnig segir í samningnum að M lýsi því yfir að engum öðrum skuldbindingum eða skuldum sé til að dreifa en þeim sem fram komi í reikningum félagsins. M skuldbindi sig þá til þess að halda kaupendum skaðlausum að þeim kröfum sem hugsanlega verði gerðar á félagið sem stafi frá þeim tíma sem seljendur voru eigendur þess. Sé kaupanda heimilt að skuldajafna slíkum kröfum gagnvart greiðslu endanlegs kaupverðs.

Samkvæmt framangreindu verður að líta svo á að samið hafi verið um að M bæru ábyrgð á rekstri félagsins, þ.á.m. er varðar greiðslu vörsluskatta og opinberra gjalda, fram að afhendingu þess, auk þess sem slíka skyldu leiðir af lögum. Þótt samningsaðilar hefðu getað samið um að kaupandi tæki slíkar skuldir yfir án þess að þær kæmu til frádráttar kaupverði verður ekki talið sýnt fram á að sú niðurstaða hefði orðið raunin ef hin umdeilda breyting á samningnum hefði ekki komið til.

Hafa M samkvæmt framangreindu ekki sýnt fram á að samið hefði verið um að þær kröfur sem leiddi af rekstrinum fram til 2. janúar 2025, og ekki verður annað séð en þær hafi borið ábyrgð á, skyldu yfirteknar af hálfu kaupenda án þess að lækkun kaupverðs kæmi á móti. Verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að frádráttur þeirra fjárhæða sem um ræðir hafi leitt til þess að þær urðu verr settar fjárhagslega en þær hefðu ella orðið.

Að öllu þessu virtu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að þær hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna vanrækslu X. Þótt háttsemi X teljist saknæm verður bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu því ekki talin hafa stofnast þar sem skilyrði um sannað tjón og orsakatengsl milli vanrækslu X og tjóns eru ekki uppfyllt. Bera M hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu þeirra.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X hjá V.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 139/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Frávísun. Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. maí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 22. maí 2025 hafi M lent í umferðarslysi á hringtorgi við Nýbýlaveg. Hafi M verið ökumaður bifreiðarinnar B er hún lenti í árekstri við A. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Kemur þá fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn. Hinn 5. nóvember 2025 hafi V tilkynnt M um þá afstöðu sína að varanlegt líkamstjón gæti ekki hafa hlotist af atvikinu og mundi V því ekki hlutast til um frekari gagnaöflun, þ.m.t. öflun matsgerðar, né greiða fyrir hana. V hafi hins vegar samþykkt að greiða kostnað vegna tímabundinna afleiðinga fyrstu þrjá mánuðina eftir slysið og þjáningarbætur gegn framvísun óvinnufærnivottorða.

M hafi leitað á bráðamóttöku um klukkustund eftir slysið þar sem hún hafi lýst mjög slæmum verk í hálsi sem leiddi niður í axlir. Við skoðun hafi M „haldið höfðinu stíft“ og hliðarhreyfingar höfuðs hafi verið sársaukafullar. Hafi hún verið greind með tognun á hálsi og brjóstbaki vegna sveifluáverka, fengið ávísað verkjalyfjum og ráðleggingar um að leita til heilsugæslu væri verkurinn enn til staðar eftir viku. Hinn 26. maí 2025 hafi M leitað á heilsugæslu og lýst versnandi verkjum í öxlum, sem leiddu niður í báða handleggi og fingur. Hafi M þá verið ráðlagt að fara í sjúkraþjálfun. Hinn 23. september 2025 hafi M enn leitað á heilsugæslu og í sjúkraskrá komi fram að hún hafi þá verið mjög verkjuð og aum í öxl og með skerta hreyfigetu í „abduction“ auk þess sem nokkur máttminnkun væri í „innrotation“ um öxlina. Auk ofangreinds liggi fyrir ítarlegt læknisvottorð dags. 11. mars 2026. Þar komi m.a. fram að heildarmynd einkenna M samrýmist einkennum eftir hnykkáverka í umferðarslysi. M hafi frá slysi verið í markvissri endurhæfingu með sjúkraþjálfun, æfingum og verkjameðferð. Þrátt fyrir það séu einkenni áfram til staðar og teljist nú langvinn.

Með framangreindum gögnum hafi M sýnt fram á að hún hafi hlotið tognun og aðra áverka á hálsi og brjóstbaki við áreksturinn og glími enn við langvinn einkenni vegna þess. Hafi M því sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til slyssins. Í slíkum tilvikum beri V að greiða kostnað vegna frekari gagnaöflunar um umfang tjónsins og er vísað til úrskurða nefndarinnar í málum 41/2024 og 93/2024 því til stuðnings.

Jafnvel þegar árekstur sé vægur sé mat á afleiðingum hans einstaklingsbundið og ráðist af ýmsum þáttum. Þá liggi fyrir að V hafi keypt B af eiganda hennar þar sem ekki þótti svara kostnaði að gera við hana, og hljóti það að benda til þess að áreksturinn hafi ekki verið óverulegur.

Í bréfi V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar kemur fram að V hafi ekki hafnað bótaskyldu. Þvert á móti hafi V samþykkt að greiða bætur vegna tímabundins tjóns M. Ekki sé því fyrir hendi ágreiningur um bótaskyldu sem slíka heldur aðeins um greiðsluskyldu V vegna gagnaöflunar. Það hvíli á M að sýna fram á orsakatengsl slyssins og þeirra afleiðinga sem hún rekur til þess, og eina leiðin til þess sé að afla og leggja fram matsgerð tveggja óvilhallra og sjálfstæðra matsmanna eða álitsgerðar Örorkunefndar. Það hafi ekki verið gert og hafi M því ekki staðið undir þeirri sönnunarbyrði sem á henni hvíli. Samkvæmt framangreindu sé afstaða V sú að ekki hafi verið gerð krafa á hendur V, og slíkri kröfu hafi þar af leiðandi ekki verið hafnað af hálfu þess. Séu því ekki forsendur fyrir afgreiðslu nefndarinnar og beri að vísa málinu frá á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykkta hennar. Þó kostnaður vegna öflunar matsgerða falli undir sjúkrakostnað samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hvíli engin lagaskylda á vátryggingafélögum að standa að slíkri gagnaöflun með tjónþola, enda hvíli sem áður segir á tjónþola að sýna fram á tjón sitt.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að nefndin hafi ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að vátryggingafélögum sé skylt að greiða kostnað vegna gagnaöflunar og matsgerðar séu meiri líkur en

minni á því að líkamstjón hafi hlotist af tjónsatviki. Þá væri óeðlilegt að láta þann sem orðið hefur fyrir líkamstjóni af völdum annarrar bifreiðar bera kostnaðinn og áhættuna af öflun matsgerðar enda sé slíkt gríðarlega kostnaðarsamt. Slíkt fyrirkomulag mundi þá grafa undan skaðabótaréttinum og því markmiði sem stefnt sé að með skyldutryggingum ökutækja.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur hafnað því að standa að mati á varanlegum líkamlegum afleiðingum umrædds áreksturs á M, og er sú höfnun áréttuð í samskiptum V við nefndina. Verður því að telja að skilyrði 2. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum séu uppfyllt, þ.e. að V hafi hafnað kröfu M um greiðslu sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun um varanlegar afleiðingar líkamstjóns hennar. Verður þá ekki séð að önnur ákvæði samþykktanna leiði til þess að vísa beri máli þessu frá nefndinni. Verður ágreiningur aðila því tekinn til efnislegrar úrlausnar.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins 22. maí 2025 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. Svo bótaskylda vegna varanlegs líkamstjóns, þ.m.t. vegna sjúkrakostnaðar, komi til álita hvílir það á M að sýna fram að meiri líkur en minni séu til þess að svo sé. Að mati nefndarinnar þarf ekki að koma til matsgerð tveggja óvilhallra matsmanna, svo sem V heldur fram, svo sú sönnunarbyrði sé uppfyllt, enda er unnt að leggja mat á það með heildstæðri skoðun fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna, s.s. læknisvottorða, myndrannsókna, skýrsla sjúkraþjálfara, skoðunar sérfræðilækna o.s.frv. Um framangreint hefur margsinnis verið fjallað í úrskurðum nefndarinnar.

Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum má ráða að M leitaði á bráðamóttöku strax á slysdegi og var þá greind með tognun á hálsi og brjóstbaki vegna sveifluáverka. Fékk hún einnig útgefið vottorð vegna óvinnufærni í viku frá slysdegi. Rétt er að árétta að ekki er deilt um tímabundnar afleiðingar og hefur V fallist á bótaskyldu vegna þeirra.

Af sjúkraskrá heilsugæslu sem tekur til tímabilsins frá 26. maí 2025 til 22. janúar 2026, má ráða að M hafi fengið útgefið vottorð um óvinnufærni til 9. nóvember 2025. Af sjúkraskrá má ráða að M hafi lýst verkjum og eymslum frá öxl og doða fram í fingur. Kemur einnig fram að hún sé aum í vöðvum við háls, niður herðar og við herðablað. Segir þá að við segulómun hafi ekki greinst brjósklos eða aðrar greinilegar breytingar. Í nótu vegna komu M á heilsugæslu hinn 21. nóvember 2025 kemur einnig fram að hún sé með vöðvabólgu og mögulega marða taug undir þrýstingi frá vöðvabólgu. Einnig kemur fram að hinn 26. maí 2025 hafi M fengið ávísað beiðni um sjúkraþjálfun.

Þá liggur fyrir nefndinni læknisvottorð heilsugæslulæknis dags. 11. mars 2026. Kemur þar m.a. fram að heildarmynd einkenna samrýmist langvinnum verkjum í hálsi, öxl og herðasvæði hægra megin eftir hnykkáverka í umferðarslysi. Hafi M verið í markvissri endurhæfingu með sjúkraþjálfun, æfingum og verkjameðferð. Þrátt fyrir það séu einkenni enn til staðar og teljist nú langvinn. Enn fremur kemur fram í vottorðinu að „fyrra heilsufar samkvæmt fyrirliggjandi sjúkrasögu hefur ekki þýðingu við mat á afleiðingum umferðarslyssins.“ Af vottorðinu má ráða að það sé samantekt úr sjúkraskrá M.

Þá er fyrirliggjandi yfirlit yfir meðferð sjúkraþjálfara, auk tölvupósts hans, dags. 11. mars 2026. Þar kemur m.a. fram að M hafi verið til meðferðar vegna afleiðinga slyssins 22. maí 2025. Yfirlit meðferða ber hins vegar með sér að M hafi fyrst leitað til viðkomandi sjúkraþjálfara 3. febrúar 2025, þ.e. um þremur og hálfum mánuði fyrir slysið og að hún hafi frá þeim degi og til slysdags leitað alls 13 sinnum til sjúkraþjálfara. Engar upplýsingar liggja fyrir nefndinni um þá meðferð sem hún hlaut á þeim tíma.

Utan þess sem fram kemur í vottorði dags. 11. mars 2026 liggja engin gögn um fyrra heilsufar M fyrir nefndinni. Í tölvupósti lögmanns M til V dags. 16. febrúar 2026, segir að lögmaður M hafi fengið upplýsingar um að M hefði verið skráð á annarri heilsugæslu þar til skömmu fyrir slysið. Hann hafi óskað eftir afriti af sjúkraskrá M þaðan og muni senda hana þegar hún berist. Ekki verður séð að sú sjúkraskrá sé meðal gagna málsins fyrir nefndinni.

Verður því, m.a. með hliðsjón af því að óupplýst er um fyrra heilsufar M og því að fyrirliggjandi læknisvottorð byggir að meginstefnu á sjúkraskrá en ekkert liggur fyrir að M hafi leitað til sérfræðilæknis vegna einkenna sinna, ekki talið að nægilega sé sýnt fram á að einkenni hennar verði rakin til slyssins.

Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður því að telja að M hafi ekki sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hún hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við umferðarslysið 22. maí 2025. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til greiðslu bóta vegna öflunar matsgerðar úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 2. júlí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 140/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Frávísun. Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. maí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 22. maí 2025 hafi M lent í umferðarslysi á hringtorgi við Nýbýlaveg. Hafi M verið farþegi í bifreiðinni B, sem lenti í árekstri við A. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Kemur þá fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn. Hinn 5. nóvember 2025 hafi V tilkynnt M um þá afstöðu sína að varanlegt líkamstjón gæti ekki hafa hlotist af atvikinu og mundi V því ekki hlutast til um frekari gagnaöflun, þ.m.t. öflun matsgerðar, né greiða fyrir hana. V hafi hins vegar samþykkt að greiða kostnað vegna tímabundinna afleiðinga fyrstu þrjá mánuðina eftir slysið og þjáningarbætur gegn framvísun óvinnufærnivottorða.

M hafi haft samband við heilsugæslu hinn 26. maí 2025 og kvartað undan höfuðverk og ógleði, auk óþæginda frá kjálka og suði í eyrum. Hafi M verið tekinn til skoðunar daginn eftir og í nótu vegna þeirrar komu sé einnig minnst á vaxandi verk í mjóbaki og stífleika á morgnana. Þá komi fram að M telji sig hafa rekið farsíma í andlit sitt við áreksturinn. Hafi M m.a. verið greindur með tognun og ofreynslu á aðra ótilgreinda hluta lendhryggs. Hinn 9. júlí 2025 hafi M aftur leitað á heilsugæslu. Við þá skoðun hafi komið í ljós að kjálkaliðurinn hljóp til vinstra megin þegar M opnaði munninn, auk þess sem eymsli hafi verið við þreifingu yfir spjaldbeini og SI liðum og verkur við spjaldbeinið við flexion á mjöðm við mótstöðu. Fékk M þá ávísað beiðni um sjúkraþjálfun. Samkvæmt nótu læknis dags. 18. desember 2025 voru þá enn smellir í kjálkanum vinstra megin og M ráðlagt að leita til kjálkaskurðlæknis.

Með framangreindum gögnum hafi M sýnt fram á að hann hafi hlotið tognun og ofreynslu á aðra og ótilgreinda hluta lendhryggs við áreksturinn. Þá liggi fyrir að hann hafi enn verið að glíma við óþægindi frá kjálka sjö mánuðum eftir slysið. Megi því leiða líkur að því að M hafi orðið fyrir einhverju varanlegu líkamstjóni sem rekja megi til slyssins þó nauðsynlegt sé að afla matsgerðar til að leggja mat á umfang þess. Í slíkum tilvikum beri V að greiða kostnað vegna frekari gagnaöflunar um umfang tjónsins og er vísað til úrskurða nefndarinnar í málum 41/2024 og 93/2024 því til stuðnings.

Jafnvel þegar árekstur sé vægur sé mat á afleiðingum hans einstaklingsbundið og ráðist af ýmsum þáttum. Þá liggi fyrir að V hafi keypt B af M þar sem ekki þótti svara kostnaði að gera við hana, og hljóti það að benda til þess að áreksturinn hafi ekki verið óverulegur.

Í bréfi V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar kemur fram að V hafi ekki hafnað bótaskyldu. Þvert á móti hafi V samþykkt að greiða bætur vegna tímabundins tjóns M. Ekki sé því fyrir hendi ágreiningur um bótaskyldu sem slíka heldur aðeins um greiðsluskyldu V vegna gagnaöflunar. Það hvíli á M að sýna fram á orsakatengsl slyssins og þeirra afleiðinga sem hann rekur til þess, og eina leiðin til þess sé að afla og leggja fram matsgerð tveggja óvilhallra og sjálfstæðra matsmanna eða álitsgerðar Örorkunefndar. Það hafi ekki verið gert og hafi M því ekki staðið undir þeirri sönnunarbyrði sem á honum hvíli. Samkvæmt framangreindu sé afstaða V sú að ekki hafi verið gerð krafa á hendur V, og slíkri kröfu hafi þar af leiðandi ekki verið hafnað af hálfu V. Séu því ekki forsendur fyrir afgreiðslu nefndarinnar og beri að vísa málinu frá á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykkta hennar. Þó kostnaður vegna öflunar matsgerða falli undir sjúkrakostnað samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hvíli engin lagaskylda á vátryggingafélögum að standa að slíkri gagnaöflun með tjónþola, enda hvíli sem áður segir á tjónþola að sýna fram á tjón sitt.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að nefndin hafi ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að vátryggingafélögum sé skylt að greiða kostnað vegna gagnaöflunar og matsgerðar séu meiri líkur en minni á því að líkamstjón hafi hlotist af tjónsatviki. Þá væri óeðlilegt að láta þann sem orðið hefur fyrir

líkamstjóni af völdum annarrar bifreiðar bera kostnaðinn og áhættuna af öflun matsgerðar enda sé slíkt gríðarlega kostnaðarsamt. Slíkt fyrirkomulag mundi þá grafa undan skaðabótaréttinum og því markmiði sem stefnt sé að með skyldutryggingum ökutækja.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur hafnað því að standa að mati á varanlegum líkamlegum afleiðingum umrædds áreksturs á M, og er sú höfnun áréttuð í samskiptum V við nefndina. Verður því að telja að skilyrði 2. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum séu uppfyllt, þ.e. að V hafi hafnað kröfu M um greiðslu sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun um varanlegar afleiðingar líkamstjóns hans. Verður þá ekki séð að önnur ákvæði samþykktanna leiði til þess að vísa beri máli þessu frá nefndinni. Verður ágreiningur aðila því tekinn til efnislegrar úrlausnar.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins 22. maí 2025 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. Svo bótaskylda vegna varanlegs líkamstjóns, þ.m.t. vegna sjúkrakostnaðar, komi til álita hvílir það á M að sýna fram að meiri líkur en minni séu til þess að svo sé. Að mati nefndarinnar þarf ekki að koma til matsgerð tveggja óvilhallra matsmanna, svo sem V heldur fram, svo sú sönnunarbyrði sé uppfyllt, enda er unnt að leggja mat á það með heildstæðri skoðun fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna, s.s. læknisvottorða, myndrannsókna, skýrsla sjúkraþjálfara, skoðunar sérfræðilækna o.s.frv. Um framangreint hefur margsinnis verið fjallað í úrskurðum nefndarinnar.

Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum má ráða að M leitaði á heilsugæslu hinn 27. maí 2025 og kvartaði þá undan stirðleika í kjálka og mjóbaki auk verkja í mjóbaki og höfuðverk. Var M greindur með tognun og ofreynslu á aðra og ótilgreinda hluta lendhryggs og mjaðmagrindar auk mars og yfirborðsáverka á andliti en hann var með mar neðan við vinstra auga og smáskrámu á húðinni þar. Rétt er að árétta að ekki er deilt um tímabundnar afleiðingar og hefur V fallist á bótaskyldu vegna þeirra.

Í fyrrgreindum gögnum kemur einnig fram að M hafi verið óvinnufær með öllu frá því í nóvember 2024 vegna einkenna frá hægri öxl og að hann hafi gengist undir aðgerðir vegna þess. Hinn 9. júlí 2025 leitaði M aftur til læknis og lýsti þá verkjum frá mjóbaki, öxl og kjálka. Taldi viðkomandi læknir að lýsing á bakverkjum gæti samrýmst hryggikt og fékk M ávísað beiðni um sjúkraþjálfun vegna einkenna frá kjálka og baki. Fyrirliggjandi er yfirlit yfir meðferð sjúkraþjálfara, en M var einnig til meðferðar sjúkraþjálfara vegna einkenna frá hægri öxl fyrir slysið. Ekki liggur fyrir nein skýrsla eða yfirlýsing sjúkraþjálfara varðandi þau einkenni sem rekja megi til slyssins eða um meðferð vegna þeirra.

Af sjúkraskrá verður ekki ráðið að M hafi aftur leitað til læknis vegna einkenna frá mjóbaki en samkvæmt samskiptaseðli heilsugæslu leitaði M þangað vegna TMJ vandamála hinn 18. desember 2025. Við skoðun var smellur vinstra megin í kjálkaliðnum þegar M opnaði munninn. Segir þá í samskiptaseðli: „Pantar tíma hjá kjálkaskurðlækni.“ Engin frekari gögn liggja fyrir í málinu um að M hafi leitað til kjálkaskurðlæknis.

Þá liggur fyrir nefndinni læknisvottorð heilsugæslulæknis dags. 9. mars 2026. Af vottorðinu má ráða að það sé samantekt úr sjúkraskrá M en helstu atriði hennar hvað þau einkenni sem M rekur til slyssins hafa verið reifuð hér að framan.

Af framangreindu verður ekki annað ráðið að þau einkenni sem M býr enn við og rekur til slyssins séu frá kjálka, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum lýsir hann smellum, verkjum og eyrnasuði. Ekki verður séð að M hafi leitað til sérfræðilæknis vegna þessara einkenna né að fyrir liggi gögn er varpað geti frekara ljósi á orsakatengsl þeirra við umræddan árekstur, eða tengsl við þann áverka sem M hlaut neðan við vinstra augað. Við þessar aðstæður verður ekki talið að þau gögn sem fyrir liggja séu nægjanleg til að sýna fram á að viðvarandi einkenni M verði rakin til slyssins.

Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður því að telja að M hafi ekki sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við umferðarslysið 22. maí 2025. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til greiðslu bóta vegna öflunar matsgerðar úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 2. júlí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 141/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 23. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. maí 2026 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. júní 2026.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. ágúst 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 10. desember 2024 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 2. janúar 2025, er atvikinu lýst með þeim hætti að M hafi verið að taka brotinn öxul af færibandi þegar samanbrjótanlegur hluti færibandsins hafi farið á M með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón. Til að ná öxlinum úr færibandinu hafi þurft að brjóta það saman til að ná slaka á það. Það sé gert með tveimur stjórntækjum, annars vegar þrýstihnappi og stjórntækjum, en halda þurfi þrýstihnappnum inni við notkun stjórntækjanna. Staðið hafi til að færa hluta færibandsins upp í 90° þar sem það hafi átt að stöðvast. Það hafi hins vegar ekki stöðvast heldur lokast mjög snögglega með fyrrgreindum afleiðingum.

M byggir í málskoti á því að orsök slyss hans megi rekja til þess að stjórntæki færibandsins hafi verið vanbúin og brotið í bága við áskilnað ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 13. og 37. gr., svo og reglugerðar nr. 367/2006. Vinnuveitanda beri að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota ógni ekki öryggi þeirra eða heilsu og með öllum tækjum skuli fylgja stjórnbúnaður til að stöðva þau að fullu og tryggilega. Ljóst sé að stjórnbúnaður færibandsins hafi ekki virkað sem skyldi auk þess neyðarhnappur til að rjúfa orkuflutning til tækisins virðist ekki hafa verið til staðar. Sé því ljóst að tjón M verði rakið til vanrækslu X og bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess því fyrir hendi.

Þá hafi X vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið með þeim hætti áskilið sé í 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Tilkynning um slysið hafi þannig ekki verið send Vinnueftirlitinu fyrr en 2. janúar 2025 og af þeim sökum hafi vettvangur slyssins,umræddur búnaður og verklag við fyrri viðgerð á tækinu ekki verið rannsakað af hálfu þess. Verði X að bera hallann af því. Vísar M jafnframt til fordæma Hæstaréttar hvað það varðar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafi verið unnið til samræmis við viðurkennt verklag sem hafi áður verið viðhaft án þess að slys eða hætta hafi hlotist af. Innri bilum í glussatjökkum hafi hins vegar orðið til þess að þeir tóku ekki við þunga færibandsins svo armur þess stöðvaðist ekki þegar hann var kominn í rétta stöðu. X hafi ekki haft vitneskju um þá bilun né hafi verið ástæða til að ætla að nokkuð væri að umræddum glussatjökkum. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi viðhald með tækinu verið gott og eðlilegt. Neyðarrofi sé á tækinu en það hefði ekki breytt neinu um atvik þó ýtt hefði verið á hann. Umrætt tæki sé CE merkt, af viðurkenndri gerð og skoðað árlega af Vinnueftirlitinu. Hinn 23. nóvember 2023 hafi verið gerð athugasemd um að lagfæra þyrfti neyðarstopp hægra megin, en skömmu fyrir slys M, eða 19. nóvember 2024, hafi tækið fengið fulla og athugasemdalausa skoðun. Við skoðun á tækinu hinn 10. nóvember 2025 hafi heldur ekki verið gerðar athugasemdir. Hafi tækið því verið í góðu ásigkomulagi. Sönnunarbyrði um ætlaða sök X hvíli alfarið á M og hafi slík sönnun ekki tekist. Er því þá sérstaklega mótmælt að sönnunarbyrði verði snúið við, enda sé enginn ágreiningur um það hvernig slysið atvikaðist. Hvergi komi hins vegar fram að það verði rakið til vanbúnaðar á umræddu tæki. Eina bilunin sem hafi verið til staðar hafi verið brotinn öxull og sé sú bilun ekki í neinum orsakatengslum við slys M enda hafi það orsakast af óvæntri og skyndilegri bilun í glussatjökkum. Í framhaldinu hafi verið gert við þá, en ekkert annað hafi verið að tækinu. Er því jafnframt hafnað að X hafi brotið gegn tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 46/1980 enda sé það alls ósannað. Slys M verði því aðeins rakið til skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram sú afstaða að ljóst sé að umrætt tæki hafi verið vanbúið enda hafi það ekki virkað sem skyldi. Er lögð áhersla á að slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins og verði X að bera hallann af því. Liggi ekki fyrir hvað olli slysinu, þ.e. hvort glussatjakkar eða stjórntæki hafi bilað. Þá liggi fyrir að verklaginu sem viðgekkst hafi verið ábótavant og í raun hættulegt. Virðist þá sem umhirðu og viðhaldi tækisins hafi verið ábótavant og það leitt til slyssins en samkvæmt samstarfsmanni M hafi tækið verið tekið til viðgerðar stuttu fyrir slysið og virðist þá hafa gleymst að lofttæma umrædda glussatjakka. Er í þessum efnum vísað til tölvupóstar samstarfsmannsins, Y, dags. 22. maí 2026. Þar kemur fram að Y hafi verið fríi á slysdegi og því ekki orðið vitni að atvikinu. Hann telji þó atvik benda til þess að það hafi verið loft inni á tjökkunum eftir viðgerðina. Hann hafi sjálfur ekki lofttæmt tjakkana og viti ekki til þess að aðrir starfsmenn hafi gert það. Byggir M á því að X beri, á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar, ábyrgð á þeim mistökum sem virðist hafa átt sér stað.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að óskað hafi verið eftir viðbrögðum X við framangreindu. Meðfylgjandi athugasemdum V eru tveir tölvupóstar frá Y til X, dags. 4. júní 2026 og 18. júní 2026, auk tölvupóstar frá öðrum starfsmanni X, Z, til X dags. 3. júní 2026. Starfsmenn X hafi þá mætt á fund hjá V þar sem þeir hafi upplýst um að ekkert viðhald á glussatjökkunum hafi átt sér stað í aðdraganda slyssins annað en að lagnir við þá voru tímabundið aftengdar vegna annars viðhalds. Í tölvupósti dags. 22. maí 2026 hafi Y þá aðeins verið að geta sér til um mögulegar ástæður bilunar í þeim en hann vissi ekki með vissu hvort mistök hefðu átt sér stað. Er vísað til tölvupóstar Y dags. 4. júní 2026 hvað þetta varðar. Þar kemur m.a. fram að Y hafi ekki verið að vinna við færibandið á verkstæðinu á sínum tíma og enginn hafi getað séð slysið fyrir. Einnig kemur fram að Y hafi svarað lögmanni M samviskusamlega án þess að vita að lögmaðurinn mætti ekki hafa samband við hann. Þá hafi honum verið tjáð að hann „gæti verið sakhæfur“ og hafi málið tekið gríðarlega mikið á hann andlega. Hann telji sig, og aðra starfsmenn X, ekki hafa gert neitt rangt í aðdraganda slyssins. Hann telji fjarstæðukennt að hann geti verið ábyrgur sem almennur starfsmaður og vilji vita hver rökin hjá lögfræðingi V séu. Þá hafi Y brugðið nokkrum vikum fyrr þegar öryggisstjóri hafi haft samband og sagst vera „að byrja að vinna í þessu máli“. Finnist Y óboðlegt að draga þetta mál svo lengi.

Vísar V þá til þess að í seinni tölvupósti Y, dags. 18. júní 2026, komi skýrt fram að Y viti ekki hvað gerðist og það hafi aðeins verið getgátur að loft væri á tjökkunum. Þar komi einnig fram að spurningar lögmanns M hafi verið leiðandi þar sem Y hafi beinlínis verið beðinn að útskýra „að tjakkar í færibandi hafi ekki verið lofttæmdir.“

V vísar jafnframt til tölvupóstar Z, dags. 3. júní 2026. Þar komi fram að ekki sé vitað hvort ástæða slyssins hafi verið sú að loft hafi verið inni á tjökkunum. Loft geti þá hafa komið inn á tjakkana af öðrum orsökum en þeim að mistök hafi orðið við viðgerð á tækinu. Þá eigi tjakkarnir að lofttæma sig sjálfkrafa við fyrstu hífingu. Er bent á að tækið hafði verið í notkun í sex mánuði frá umræddri viðgerð. Í öllu falli hafi enginn verið meðvitaður um meint loft inni á tjökkunum og enginn geti vitað hvort loft var á þeim og hver ástæða þess hafi þá verið. Í fyrirliggjandi tölvupósti kemur m.a. fram að Z hafi skilist á Y að lögfræðingur V hafi verið að „hóta því að klína ábyrgð á óhappinu“ á Y, enda hafi það verið á ábyrgð Y að koma í veg fyrir að loft væri á tjökkunum. Kemur jafnframt fram að tjakkarnir lofttæmist „sjálfkrafa í fyrstu hífingu án nokkurrar áhættu á að neitt geti farið úrskeiðis“. Kemur þá einnig fram að við umrætt slys hafi fólk fyrst áttað sig á því að það hlyti að hafa leynst loft inni á tjökkunum, en það geti líka gerst ef vökvastaða á glussa verður það lág að dælur nái inn á sig loftblönduðum glussa.

V leggur þá sérstaka áherslu á að tjakkarnir eigi að lofttæma sig sjálfkrafa. Þó sýnt yrði fram á að þeir hafi ekki verið lofttæmdir við umrædda viðgerð skorti því á orsakatengsl þess við slysið. Hafi loft á tjökkunum leitt til slyssins sé það að rekja til bilunar í sjálfvirkri lofttæmingu. Enginn hafi vitað af henni eða mátt sjá hana fyrir.

Þar sem ný gögn fylgdu viðbótarathugasemdum V var M gefið færi á að tjá sig um þær. Í síðari viðbótarathugasemdum M er áréttað að það eitt að X hafi látið undir höfuð leggjast að tilkynna Vinnueftirlitinu réttilega um alvarlegt slys vegi þungt í málinu. Beri því að leggja frásögn M um orsök slyssins til grundvallar. Er þá áréttuð sú afstaða að verklag og aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi enda hafi færibandið ekki stöðvast sem skyldi. Lögmaður M hafi þá haft samband við Y í þeim tilgangi að varpa ljósi á aðstæður og mögulega orsök slyssins en hún hafi ekki spurt Y leiðandi spurninga enda hafi hún ekki haft hugmynd um hvað „tæming lofttjakka“ væri og hvaða afleiðingar það hefði í för með sér væri henni ekki sinnt. Eru þá gerðar athugasemdir við þær aðferðir X eða V sem virðist hafa verið viðhafðar, þ.e. að stilla málum svo upp að Y gæti verið ábyrgur fyrir slysinu á grundvelli einfaldrar

yfirlýsingar. Slíkt væri enda í mótsögn við skýr ákvæði skaðabótalaga og tilgang þeirra og sé það vinnuveitandi, en ekki starfsmaður, sem ber endanlega ábyrgð á tjóni sem starfsmaður veldur í starfi af gáleysi. Svo virðist því sem X hafi reynt að hindra upplýsingagjöf um aðdraganda slyssins. Bendi allt framangreint að mati M til þess að vanbúnaður hafi verið til staðar.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt, þ.e. í þessu tilvik að líkamstjón M verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum og aðstæðum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Fyrir liggur að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slys M fyrr en 2. janúar 2025 eða um þremur vikum eftir að það átti sér stað. Ekki er sérstaklega fjallað um það í svörum V til nefndarinnar af hverju tilkynning barst svo seint sem raun ber vitni né eru tilteknar sérstakar skýringar á því. Verður því að miða við að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt framangreindu ákvæði.

Ekki er í sjálfu sér ágreiningur um það hvernig slysið atvikaðist, þ.e. að færibandið hafi fallið saman eða lokast mjög snögglega og lent á M og samstarfsmanni hans. Það að bilun hafi orðið í tækinu leiðir ekki eitt og sér til þeirrar ályktunar að um vanbúnað hafi verið að ræða enda geta bilanir komið upp án fyrirvara og án þess að neinum verði beinlínis um það kennt.

Lítið er upplýst um ástæður þess að færibandið féll saman og eru gögn málsins hvað það varðar talsvert rýr, enda fór engin rannsókn fram af hálfu Vinnueftirlitsins né var lögregla kölluð á vettvang. Þá liggur engin skýrsla eða atvikaskráning frá X fyrir nefndinni, önnur en fyrrgreind tilkynning til Vinnueftirlitsins. Einu gögnin sem fyrir liggja um umrætt færiband eru þá skoðunarskýrslur Vinnueftirlitsins, dags. 23. nóvember 2023, 19. nóvember 2024 og 10. nóvember 2025, sem V vísar til í svörum sínum. Hvorki liggja fyrir t.a.m. notendahandbók né aðrar upplýsingar frá framleiðanda, er styðji við þá staðhæfingu að umræddir glussatjakkar lofttæmi sig með sjálfvirkum hætti. Þá liggja engin gögn, s.s. verklýsing eða vinnuskýrsla, fyrir um þá viðgerð sem mun hafa farið fram á færibandinu sex mánuðum fyrir slysið eða þá viðgerð sem fram fór í kjölfar þess. Samkvæmt gögnum málsins virðist atvikið til skoðunar af hálfu öryggisstjóra X en engin gögn, skýrsla eða annað liggja fyrir um þá rannsókn. Engin sjálfstæð frásögn X liggur heldur fyrir nefndinni utan framburða tveggja starfsmanna þess sem var aflað undir rekstri málsins fyrir nefndinni og nánar verður vikið að síðar.

Allt framangreint eru dæmi um gögn sem X stæði nær að afla í því skyni að upplýsa nánar um orsakir slyssins. Í ljósi þess, og vanrækslu X á að tilkynna réttilega um slysið, telur nefndin, eins og hér stendur sérstaklega á, rétt að víkja frá almennum sönnunarreglum í máli þessu.

Eins og áður segir eru gögn afar takmörkuð og síðari framburði Y og framburð Z verður að einhverju leyti að meta í því ljósi að þeir virðast, hvað sem hefur valdið því, hafa verið í þeirri trú að þeir eða aðrir starfsmenn X gætu hugsanlega borið fjárhagslega ábyrgð á afleiðingum gáleysis í starfi, þ.e. bótaábyrgð vegna slyss M. Í fyrsta tölvupósti Y, sem sendur var lögmanni M dags. 22. maí 2026, segir að það að tjakkarnir hafi ekki stöðvast heldur fallið niður bendi „til þess að það hafi verið loft inn á tjökkunum eftir viðgerð.“ Í svörum V er m.a. staðhæft að spurningar lögmanns M hafi verið leiðandi hvað þetta varðar. Í tölvupósti Y til X, dags. 4. júní 2026, segir að hann hafi svarað lögmanninum sem hafi beðið hann að lýsa „aðdraganda og viðgerðum sem voru gerðar á þessu tæki.“ Í síðara bréfi sínu til X, dags. 18. júní 2026, kemur fram að getgátur hafi verið uppi um að loft gæti hafa verið inni á tjökkunum þegar slysið atvikaðist og hafi lögmaðurinn beðið Y að útskýra að tjakkar hefðu ekki verið lofttæmdir.

Hvað sem orðalagi spurninga lögmanns M líður, en engin gögn hafa verið lögð fram um frekari samskipti M og Y, verður þó að ályktа af þessu að möguleg orsök bilunarinnar hafi verið sú að loft var á tjökkunum. Af framangreindu virðist þá sem ein möguleg orsök þess sé sú að láðst hafi að lofttæma tjakkana við viðgerð. Z bendir einnig á það sem hugsanlega skýringu þess að loft komist inn á tjakka að vökvastaða á glussa sé það lág að dælur nái inn á sig glussa blönduðum lofti. Hvorki liggja fyrir nefndinni áhættumat varðandi vinnu við færibandið, viðhaldshandbók eða annað er skýri nánar verklag við áfyllingu glussa og hvernig henni var hagað í aðdraganda slyssins. Af fyrrgreindum

skoðunarskýrslum Vinnueftirlitsins verður þá ekki ráðið hvort skoðun þess 19. nóvember 2024 hafi tekið til þess hvort loft var á tjökkunum, en engin frekari gögn hafa verið lögð fram um það til hvers sú skoðun tók.

Eins og að framan greinir verður að ráða, af þeim takmörkuðu gögnum sem þó liggja fyrir, að mögulegt sé að loft inni á tjökkunum hafi valdið því að þeir héldu ekki við færibandið og það féll saman. Jafnframt verður að telja að líkur hafi verið færðar fyrir því að það kunni að hafa gerst vegna mistaka, þ.e. að gleymst hafi að lofttæma tjakkanna eða að gleymst hafi að bæta á glussa, þ.e. atvika sem X bæri skaðabótaábyrgð vegna á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Ekki hafa, af hálfu X eða V, verið lögð fram nein þau gögn er hnekki framangreindu, og verður X því, eins og hér háttar til að bera hallann af þeirri óvissu sem uppi er hvað þetta varðar.

Eins og hér háttar til, og þá sérstaklega í því ljósi að X tilkynnti ekki réttilega um slysið og þar sem fyrir nefndinni liggja ekki fyrir nein gögn um að það hafi með viðhlítandi hætti hlutast til um að varpa frekara ljósi á tildrög þess, þrátt fyrir að ýmsar leiðir hefðu verið færar að því marki, verður X að bera hallann af þeirri óvissu sem ríkir um nánari orsök bilunarinnar. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 142/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 23. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. maí 2026 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. júní 2026.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. ágúst 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 10. desember 2024 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 24. janúar 2025, er atvikinu lýst með þeim hætti að M hafi verið að taka brotinn öxul af færibandi þegar samanbrjótanlegur hluti færibandsins hafi farið á M með þeim afleiðingum að hann hlaut brot á mjaðmagrind. Til að ná öxlinum úr færibandinu hafi þurft að brjóta það saman til að ná slaka á það. Það sé gert með tveimur stjórntækjum, annars vegar þrýstihnappi og stjórntækjum, en halda þurfi þrýstihnappnum inni við notkun stjórntækjanna. Staðið hafi til að færa hluta færibandsins upp í 90° þar sem það hafi átt að stöðvast. Það hafi hins vegar ekki stöðvast heldur lokast mjög snögglega með fyrrgreindum afleiðingum.

M byggir í málskoti á því að orsök slyss hans megi rekja til þess að stjórntæki færibandsins hafi verið vanbúin og brotið í bága við áskilnað ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 13. og 37. gr., svo og reglugerðar nr. 367/2006. Vinnuveitanda beri að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota ógni ekki öryggi þeirra eða heilsu og með öllum tækjum skuli fylgja stjórnbúnaður til að stöðva þau að fullu og tryggilega. Ljóst sé að stjórnbúnaður færibandsins hafi ekki virkað sem skyldi auk þess neyðarhnappur til að rjúfa orkuflutning til tækisins virðist ekki hafa verið til staðar. Sé því ljóst að tjón M verði rakið til vanrækslu X og bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess því fyrir hendi.

Þá hafi X vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið með þeim hætti áskilið sé í 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Tilkynning um slysið hafi þannig ekki verið send Vinnueftirlitinu fyrr en 24. janúar 2025 og af þeim sökum hafi vettvangur slyssins,umræddur búnaður og verklag við fyrri viðgerð á tækinu ekki verið rannsakað af hálfu þess. Verði X að bera hallann af því. Vísar M jafnframt til fordæma Hæstaréttar hvað það varðar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafi verið unnið til samræmis við viðurkennt verklag sem hafi áður verið viðhaft án þess að slys eða hætta hafi hlotist af. Innri bilum í glussatjökkum hafi hins vegar orðið til þess að þeir tóku ekki við þunga færibandsins svo armur þess stöðvaðist ekki þegar hann var kominn í rétta stöðu. X hafi ekki haft vitneskju um þá bilun né hafi verið ástæða til að ætla að nokkuð væri að umræddum glussatjökkum. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi viðhald með tækinu verið gott og eðlilegt. Neyðarrofi sé á tækinu en það hefði ekki breytt neinu um atvik þó ýtt hefði verið á hann. Umrætt tæki sé CE merkt, af viðurkenndri gerð og skoðað árlega af Vinnueftirlitinu. Hinn 23. nóvember 2023 hafi verið gerð athugasemd um að lagfæra þyrfti neyðarstopp hægra megin, en skömmu fyrir slys M, eða 19. nóvember 2024, hafi tækið fengið fulla og athugasemdalausa skoðun. Við skoðun á tækinu hinn 10. nóvember 2025 hafi heldur ekki verið gerðar athugasemdir. Hafi tækið því verið í góðu ásigkomulagi. Sönnunarbyrði um ætlaða sök X hvíli alfarið á M og hafi slík sönnun ekki tekist. Er því þá sérstaklega mótmælt að sönnunarbyrði verði snúið við, enda sé enginn ágreiningur um það hvernig slysið atvikaðist. Hvergi komi hins vegar fram að það verði rakið til vanbúnaðar á umræddu tæki. Eina bilunin sem hafi verið til staðar hafi verið brotinn öxull og sé sú bilun ekki í neinum orsakatengslum við slys M enda hafi það orsakast af óvæntri og skyndilegri bilun í glussatjökkum. Í framhaldinu hafi verið gert við þá, en ekkert annað hafi verið að tækinu. Er því jafnframt hafnað að X hafi brotið gegn tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 46/1980 enda sé það alls ósannað. Slys M verði því aðeins rakið til skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram sú afstaða að ljóst sé að umrætt tæki hafi verið vanbúið enda hafi það ekki virkað sem skyldi. Er lögð áhersla á að slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins og verði X að bera hallann af því. Liggi ekki fyrir hvað olli slysinu, þ.e. hvort glussatjakkar eða stjórntæki hafi bilað. Þá liggi fyrir að verklaginu sem viðgekkst hafi verið ábótavant og í raun hættulegt. Virðist þá sem umhirðu og viðhaldi tækisins hafi verið ábótavant og það leitt til slyssins en samkvæmt samstarfsmanni M hafi tækið verið tekið til viðgerðar stuttu fyrir slysið og virðist þá hafa gleymst að lofttæma umrædda glussatjakka. Er í þessum efnum vísað til tölvupóstar samstarfsmannsins, Y, dags. 22. maí 2026. Þar kemur fram að Y hafi verið fríi á slysdegi og því ekki orðið vitni að atvikinu. Hann telji þó atvik benda til þess að það hafi verið loft inni á tjökkunum eftir viðgerðina. Hann hafi sjálfur ekki lofttæmt tjakkana og viti ekki til þess að aðrir starfsmenn hafi gert það. Byggir M á því að X beri, á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar, ábyrgð á þeim mistökum sem virðist hafa átt sér stað.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að óskað hafi verið eftir viðbrögðum X við framangreindu. Meðfylgjandi athugasemdum V eru tveir tölvupóstar frá Y til X, dags. 4. júní 2026 og 18. júní 2026, auk tölvupóstar frá öðrum starfsmanni X, Z, til X dags. 3. júní 2026. Starfsmenn X hafi þá mætt á fund hjá V þar sem þeir hafi upplýst um að ekkert viðhald á glussatjökkunum hafi átt sér stað í aðdraganda slyssins annað en að lagnir við þá voru tímabundið aftengdar vegna annars viðhalds. Í tölvupósti dags. 22. maí 2026 hafi Y þá aðeins verið að geta sér til um mögulegar ástæður bilunar í þeim en hann vissi ekki með vissu hvort mistök hefðu átt sér stað. Er vísað til tölvupóstar Y dags. 4. júní 2026 hvað þetta varðar. Þar kemur m.a. fram að Y hafi ekki verið að vinna við færibandið á verkstæðinu á sínum tíma og enginn hafi getað séð slysið fyrir. Einnig kemur fram að Y hafi svarað lögmanni M samviskusamlega án þess að vita að lögmaðurinn mætti ekki hafa samband við hann. Þá hafi honum verið tjáð að hann „gæti verið sakhæfur“ og hafi málið tekið gríðarlega mikið á hann andlega. Hann telji sig, og aðra starfsmenn X, ekki hafa gert neitt rangt í aðdraganda slyssins. Hann telji fjarstæðukennt að hann geti verið ábyrgur sem almennur starfsmaður og vilji vita hver rökin hjá lögfræðingi V séu. Þá hafi Y brugðið nokkrum vikum fyrr þegar öryggisstjóri hafi haft samband og sagst vera „að byrja að vinna í þessu máli“. Finnist Y óboðlegt að draga þetta mál svo lengi.

Vísar V þá til þess að í seinni tölvupósti Y, dags. 18. júní 2026, komi skýrt fram að Y viti ekki hvað gerðist og það hafi aðeins verið getgátur að loft væri á tjökkunum. Þar komi einnig fram að spurningar lögmanns M hafi verið leiðandi þar sem Y hafi beinlínis verið beðinn að útskýra „að tjakkar í færibandi hafi ekki verið lofttæmdir.“

V vísar jafnframt til tölvupóstar Z, dags. 3. júní 2026. Þar komi fram að ekki sé vitað hvort ástæða slyssins hafi verið sú að loft hafi verið inni á tjökkunum. Loft geti þá hafa komið inn á tjakkana af öðrum orsökum en þeim að mistök hafi orðið við viðgerð á tækinu. Þá eigi tjakkarnir að lofttæma sig sjálfkrafa við fyrstu hífingu. Er bent á að tækið hafði verið í notkun í sex mánuði frá umræddri viðgerð. Í öllu falli hafi enginn verið meðvitaður um meint loft inni á tjökkunum og enginn geti vitað hvort loft var á þeim og hver ástæða þess hafi þá verið. Í fyrirliggjandi tölvupósti kemur m.a. fram að Z hafi skilist á Y að lögfræðingur V hafi verið að „hóta því að klína ábyrgð á óhappinu“ á Y, enda hafi það verið á ábyrgð Y að koma í veg fyrir að loft væri á tjökkunum. Kemur jafnframt fram að tjakkarnir lofttæmist „sjálfkrafa í fyrstu hífingu án nokkurrar áhættu á að neitt geti farið úrskeiðis“. Kemur þá einnig fram að við umrætt slys hafi fólk fyrst áttað sig á því að það hlyti að hafa leynst loft inni á tjökkunum, en það geti líka gerst ef vökvastaða á glussa verður það lág að dælur nái inn á sig loftblönduðum glussa.

V leggur þá sérstaka áherslu á að tjakkarnir eigi að lofttæma sig sjálfkrafa. Þó sýnt yrði fram á að þeir hafi ekki verið lofttæmdir við umrædda viðgerð skorti því á orsakatengsl þess við slysið. Hafi loft á tjökkunum leitt til slyssins sé það að rekja til bilunar í sjálfvirkri lofttæmingu. Enginn hafi vitað af henni eða mátt sjá hana fyrir.

Þar sem ný gögn fylgdu viðbótarathugasemdum V var M gefið færi á að tjá sig um þær. Í síðari viðbótarathugasemdum M er áréttað að það eitt að X hafi látið undir höfuð leggjast að tilkynna Vinnueftirlitinu réttilega um alvarlegt slys vegi þungt í málinu. Beri því að leggja frásögn M um orsök slyssins til grundvallar. Er þá áréttuð sú afstaða að verklag og aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi enda hafi færibandið ekki stöðvast sem skyldi. Lögmaður M hafi þá haft samband við Y í þeim tilgangi að varpa ljósi á aðstæður og mögulega orsök slyssins en hún hafi ekki spurt Y leiðandi spurninga enda hafi hún ekki haft hugmynd um hvað „tæming lofttjakka“ væri og hvaða afleiðingar það hefði í för með sér væri henni ekki sinnt. Eru þá gerðar athugasemdir við þær aðferðir X eða V sem virðist hafa verið viðhafðar, þ.e. að stilla málum svo upp að Y gæti verið ábyrgur fyrir slysinu á grundvelli einfaldrar

yfirlýsingar. Slíkt væri enda í mótsögn við skýr ákvæði skaðabótalaga og tilgang þeirra og sé það vinnuveitandi, en ekki starfsmaður, sem ber endanlega ábyrgð á tjóni sem starfsmaður veldur í starfi af gáleysi. Svo virðist því sem X hafi reynt að hindra upplýsingagjöf um aðdraganda slyssins. Bendi allt framangreint að mati M til þess að vanbúnaður hafi verið til staðar.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt, þ.e. í þessu tilvik að líkamstjón M verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum og aðstæðum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Fyrir liggur að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slys M fyrr en 24. janúar 2025 eða einum og hálfum mánuði eftir að það átti sér stað. Ekki er sérstaklega fjallað um það í svörum V til nefndarinnar af hverju tilkynning barst svo seint sem raun ber vitni né eru tilteknar sérstakar skýringar á því. Verður því að miða við að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt framangreindu ákvæði.

Ekki er í sjálfu sér ágreiningur um það hvernig slysið atvikaðist, þ.e. að færibandið hafi fallið saman eða lokast mjög snögglega og lent á M og samstarfsmanni hans. Það að bilun hafi orðið í tækinu leiðir ekki eitt og sér til þeirrar ályktunar að um vanbúnað hafi verið að ræða enda geta bilanir komið upp án fyrirvara og án þess að neinum verði beinlínis um það kennt.

Lítið er upplýst um ástæður þess að færibandið féll saman og eru gögn málsins hvað það varðar talsvert rýr, enda fór engin rannsókn fram af hálfu Vinnueftirlitsins né var lögregla kölluð á vettvang. Þá liggur engin skýrsla eða atvikaskráning frá X fyrir nefndinni, önnur en fyrrgreind tilkynning til Vinnueftirlitsins. Einu gögnin sem fyrir liggja um umrætt færiband eru þá skoðunarskýrslur Vinnueftirlitsins, dags. 23. nóvember 2023, 19. nóvember 2024 og 10. nóvember 2025, sem V vísar til í svörum sínum. Hvorki liggja fyrir t.a.m. notendahandbók né aðrar upplýsingar frá framleiðanda, er styðji við þá staðhæfingu að umræddir glussatjakkar lofttæmi sig með sjálfvirkum hætti. Þá liggja engin gögn, s.s. verklýsing eða vinnuskýrsla, fyrir um þá viðgerð sem mun hafa farið fram á færibandinu sex mánuðum fyrir slysið eða þá viðgerð sem fram fór í kjölfar þess. Samkvæmt gögnum málsins virðist atvikið til skoðunar af hálfu öryggisstjóra X en engin gögn, skýrsla eða annað liggja fyrir um þá rannsókn. Engin sjálfstæð frásögn X liggur heldur fyrir nefndinni utan framburða tveggja starfsmanna þess sem var aflað undir rekstri málsins fyrir nefndinni og nánar verður vikið að síðar.

Allt framangreint eru dæmi um gögn sem X stæði nær að afla í því skyni að upplýsa nánar um orsakir slyssins. Í ljósi þess, og vanrækslu X á að tilkynna réttilega um slysið, telur nefndin, eins og hér stendur sérstaklega á, rétt að víkja frá almennum sönnunarreglum í máli þessu.

Eins og áður segir eru gögn afar takmörkuð og síðari framburði Y og framburð Z verður að einhverju leyti að meta í því ljósi að þeir virðast, hvað sem hefur valdið því, hafa verið í þeirri trú að þeir eða aðrir starfsmenn X gætu hugsanlega borið fjárhagslega ábyrgð á afleiðingum gáleysis í starfi, þ.e. bótaábyrgð vegna slyss M. Í fyrsta tölvupósti Y, sem sendur var lögmanni M dags. 22. maí 2026, segir að það að tjakkarnir hafi ekki stöðvast heldur fallið niður bendi „til þess að það hafi verið loft inn á tjökkunum eftir viðgerð.“ Í svörum V er m.a. staðhæft að spurningar lögmanns M hafi verið leiðandi hvað þetta varðar. Í tölvupósti Y til X, dags. 4. júní 2026, segir að hann hafi svarað lögmanninum sem hafi beðið hann að lýsa „aðdraganda og viðgerðum sem voru gerðar á þessu tæki.“ Í síðara bréfi sínu til X, dags. 18. júní 2026, kemur fram að getgátur hafi verið uppi um að loft gæti hafa verið inni á tjökkunum þegar slysið atvikaðist og hafi lögmaðurinn beðið Y að útskýra að tjakkar hefðu ekki verið lofttæmdir.

Hvað sem orðalagi spurninga lögmanns M líður, en engin gögn hafa verið lögð fram um frekari samskipti M og Y, verður þó að ályktа af þessu að möguleg orsök bilunarinnar hafi verið sú að loft var á tjökkunum. Af framangreindu virðist þá sem ein möguleg orsök þess sé sú að láðst hafi að lofttæma tjakkana við viðgerð. Z bendir einnig á það sem hugsanlega skýringu þess að loft komist inn á tjakka að vökvastaða á glussa sé það lág að dælur nái inn á sig glussa blönduðum lofti. Hvorki liggja fyrir nefndinni áhættumat varðandi vinnu við færibandið, viðhaldshandbók eða annað er skýri nánar verklag við áfyllingu glussa og hvernig henni var hagað í aðdraganda slyssins. Af fyrrgreindum

skoðunarskýrslum Vinnueftirlitsins verður þá ekki ráðið hvort skoðun þess 19. nóvember 2024 hafi tekið til þess hvort loft var á tjökkunum, en engin frekari gögn hafa verið lögð fram um það til hvers sú skoðun tók.

Eins og að framan greinir verður að ráða, af þeim takmörkuðu gögnum sem þó liggja fyrir, að mögulegt sé að loft inni á tjökkunum hafi valdið því að þeir héldu ekki við færibandið og það féll saman. Jafnframt verður að telja að líkur hafi verið færðar fyrir því að það kunni að hafa gerst vegna mistaka, þ.e. að gleymst hafi að lofttæma tjakkanna eða að gleymst hafi að bæta á glussa, þ.e. atvika sem X bæri skaðabótaábyrgð vegna á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Ekki hafa, af hálfu X eða V, verið lögð fram nein þau gögn er hnekki framangreindu, og verður X því, eins og hér háttar til að bera hallann af þeirri óvissu sem uppi er hvað þetta varðar.

Eins og hér háttar til, og þá sérstaklega í því ljósi að X tilkynnti ekki réttilega um slysið og þar sem fyrir nefndinni liggja ekki fyrir nein gögn um að það hafi með viðhlítandi hætti hlutast til um að varpa frekara ljósi á tildrög þess, þrátt fyrir að ýmsar leiðir hefðu verið færar að því marki, verður X að bera hallann af þeirri óvissu sem ríkir um nánari orsök bilunarinnar. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 144/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, þ.á.m. lögregluskýrslu dags. 10. janúar 2024, missti M stjórn á bifreiði sinni A, er hann ók henni eftir Hafnarfjarðarvegi við Fífuna daginn áður. Í málskoti kemur fram að miklar skemmdir hafi orðið á A auk þess sem skemmdir hafi orðið á vegriði og hafi M fengið á sig tvö högg við atvikið. Hafi M þjáðst af ýmsum líkamlegum einkennum eftir slysið og sé það staðfest með fyrirliggjandi sjúkragögnum og skýrslu sjúkraþjálfara.

Í málskoti kemur einnig fram að V hafi, með tölvupósti dags. 25. mars 2025, hafnað því að eiga aðild að sameiginlegri matsgerð á grundvelli þess að M hafi ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hann reki til þess, enda væri ekki samfella í einkennalýsingu hans.

Er þeirri afstöðu mótmælt af hálfu M enda megi sjá af ljósmyndum af vettvangi að um verulega harðan árekstur hafi verið að ræða. Aðspurður um meiðsli og áverka á slysstað hafi M sagst finna fyrir einkennum frá baki. Hann hafi þá leitað samdægurs á bráðamóttöku þar sem hann hafi lýst einkennum við hryggjartindi Th7 og Th8, auk þess sem hann hafi lýst einkennum við hliðina á hryggnum og á hægri hluta brjóstkassa. Í tjónstilkynningu til V, dags. 19. janúar 2024, komi þá fram að M sé með einkenni frá baki, brjóstkassa, hálsi og öxlum. Hafi einkenni frá hálsi og öxlum því ekki komið fram strax á tjónsdegi, en slíkt sé þekkt, þ.e. að áverki á brjóstbaki geti farið upp í öxl og háls viku eftir tjónsatburð. M hafi ekki náð sér af fyrrgreindum einkennum og hafi hann því leitað aftur til læknis í júlí 2024. Hafi hann þá lýst einkennum frá mjóbaki og vinstri öxl og fengið ávísað beiðni um sjúkraþjálfun. Samkvæmt þeirri beiðni hafi M verið greindur með tognun á lendhrygg og öxl. Fyrsta koma M til sjúkraþjálfara hafi verið í september 2024. Samkvæmt skýrslu sjúkraþjálfarans hafi M þá verið með „mikil einkenni í mjóbaki, aukna sjáanlega vöðvaspennu í brjóstbaki vinstra megin, eymsli post/ant þrýsting á spinosa, auk svæði í vinstri öxl og aukin vöðvaspenna hægra megin.“ Hafi M sinnt sjúkraþjálfun og heimaæfingum af samviskusemi en sé enn með einkenni vegna slyssins. Sýni samtímagögn fram á að einkenni M hafi dreift sér en einnig sé að hluta til um að ræða sömu einkenni og M lýsti strax á slysdegi. Það eitt leiði til þess að V beri að standa að sameiginlegri matsgerð. Fyrir slysið hafi M aldrei leitað læknishjálpar vegna einkenna frá stoðkerfi og hafi hann lagt fram fullnægjandi gögn er sýni fram á orsakatengsl milli umferðarslyssins og einkenna sinna.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að ekki liggi fyrir heildstætt læknisvottorð eða mat hæfra og óvilhallra matsmanna sem staðfesti orsakatengsl. Að mati V hafi M ekki sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að umdeild einkenni hans verði rakin til slyssins. Í bráðamóttökuskrá, dags. 9. janúar 2024, hafi M lýst verkjum í brjóstkassa og baki, þreifieymslum yfir hryggjartindum og eymslum paravertebralt og vægum eymslum við palpatatio á hægri hluta brjóstkassa. Við skoðun á hálsi hafi ekki greinst eymsli eða aflögun. Hafi M verið ráðlögð endurkoma færu einkenni hans versnandi. M hafi næst leitað til læknis tæpum sjö mánuðum síðar, eða 30. júlí 2024. Við þá komu hafi fyrst verið skráð einkenni frá lendhrygg og hægri öxl og þá án nánari skýringa. Að mati V skorti því verulega á samfellu í skráningu einkenna og við fyrstu komu M til læknis hafi aðeins verið staðfest þreyfieymsli yfir hryggjartindum og væg eymsli í baki og brjóstkassa. Önnur einkenni hafi ekki verið staðfest með skráningu læknа eða annarra meðferðaraðila eða verið skráð löngu eftir slysið. Yfirlýsingar M í tjónstilkynningu eða skýrsla byggð á skoðun sjúkraþjálfara rúmum átta mánuðum eftir slysið, verði ekki lagðar að jöfnu við samtímagögn þegar komi að staðfestingu einkenna og orsakatengsla þeirra við umrætt slys.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M varð fyrir umferðarslysi 9. janúar 2024 þegar hann missti stjórn á bifreið sinni og hafnaði utan vegar. Ágreiningur aðila lýtur hins vegar að því hvort M hafi sýnt fram á að meiri líkur en minni séu fyrir því að þau einkenni sem hann lýsir nú séu afleiðing slyssins. Sönnunarbyrði þess að svo sé hvílir á M.

Eins og að framan er rakið hefur M aðeins leitað tvisvar til læknis vegna þeirra einkenna sem hann rekur til umrædds slyss og eru læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni því af nokkuð skornum skammti. Við komu á bráðamóttöku 9. janúar 2024 lýsti M verkjum í baki (við Th8 og Th9) og brjóstkassa. Við komu til læknis 30. júlí 2024 lýsti M eymslum og stirðleika í mjóbaki og hægri öxl. Var hann þá greindur með tognun í lendhrygg og öxl. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir um meðferð eða skoðanir á tímabilinu þar á milli. Í fyrirliggjandi skýrslu sjúkraþjálfara, dags. 18. september 2025, kemur m.a. fram að M sé með verki frá mjóbaki, auk þess sem aukin vöðvaspenna sé í brjóstbaki vinstra megin við bogaliði, mikil spenna sé í lærvöðvum, og svæði í vinstri axlargrind sé aumt og aukin vöðvaspenna þar. Í fyrirliggjandi skýrslu er því einnig lýst að M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins en engin frekari gögn, s.s. óvinnufærnivottorð, liggja fyrir því til stuðnings. Samkvæmt fyrirliggjandi matsbeiðni sem er undirrituð af lögmanni M er M með einkenni frá baki, hálsi og öxl.

Má af þessu ráða að einkenni M hafi breyst nokkuð frá þeirri einkennalýsingu sem fram kemur í bráðamóttökuskrá. Þótt ekki verði útilokað að einkenni hafi þróast með þeim hætti sem M lýsir liggur ekki fyrir neitt læknisfræðilegt mat, s.s. heildstætt læknisvottorð, um þá þróun. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að töluvert skorti á samfellu í læknisfræðilegri skráningu þeirra einkenna sem M rekur til slyssins.

Af heildstæðu mati á fyrirliggjandi gögnum er því óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn sem sýni fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu milli slyssins og þeirra einkenna sem hann rekur til þess.

Niðurstaða.

V er ekki skylt að standa að matsgerð vegna líkamstjóns M vegna umferðarslyss 9. janúar 2024.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 145/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. maí 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 26. júlí 2025, varð, hinn 25. júlí 2025, umferðarslys á Suðurlandsvegi vestan við Hellu þegar bifreið M, A, hafnaði utan vegar. Er í skýrslunni haft eftir M að hann muni ekki eftir slysinu eða aðdraganda þess. Hann muni síðast eftir því að hafa ekið A til austurs frá Landvegamótum. Hann eigi sögu um flogaveiki og hafi fengið flog við aksturinn. Svaraði M spurningu lögreglu um hvort hann væri viss um að um flog hefði verið að ræða játandi.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við atvikið og hafi á grundvelli þess krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Með bréfi, dags. 9. febrúar 2026, hafi V tilkynnt M um að það hygðist skerða rétt hans til bóta um þriðjung á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Vísaði V til þess að samkvæmt því sem fram komi í tjónstilkynningu sé M á örorkubótum vegna flogaveiki. Í læknisvottorði vegna endurmats á örorku, dags. 9. nóvember 2020, segi m.a.: „Það hefur verið erfitt að eiga við flogin. Hann fær áfram nokkur flog í mánuði. Flogin hafa verið honum mjög hamlandi og er það mitt mat að hann sé áfram óvinnufær.“ Flogaveiki M sé samkvæmt þessu mjög hamlandi og geri það að verkum að hann teljist ekki öruggur við akstur bifreiðar. Teljist hann því hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka A.

M fellir sig ekki við þá afstöðu V og byggir í málskoti á því að ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að ræða. Í sjúkragögnum komi fram að í kjölfar slyssins hafi M lýst því yfir að hann teldi sig ekki hafa fengið flog á slysstundu, þar sem hann glími yfirleitt við minnisleysi í nokkrar klukkustundir í kjölfar flogakasta. Við skoðun læknis hafi heldur ekki verið talin „teikn um flog“ þó ráðgefandi taugalæknir hafi ekki talið hægt að „líta fram hjá flogaveikinni.“ M hafi haft gild ökuréttindi á slysdegi og að honum hafi ekki verið óheimilt að aka bifreið. Þá hafi hann ekki fengið flog í langan tíma fyrir slysið og hafi farið eftir fyrirmælum lækna varðandi meðferð og lyfjanotkun. Vottorðið sem V virðist grundvalla afstöðu sína á hafi verið fimm ára gamalt á slysdegi. Hafi M þá ekki verið sviptur ökuréttindum í kjölfar slyssins. Fyrirliggjandi læknisvottorð, dags. 11. nóvember 2025, bendi þá til þess fæðubótarefni sem M hafi tekið á þessum tíma gæti hafa haft áhrif á flogaveikilyf M eða stuðlað að yfirliði. M hafi ekki haft vitneskju um að efnið gæti valdið slíkum áhrifum enda ekkert í aðgengilegum upplýsingum um efnið sem gefi slíkt til kynna. M telur ósannað að meðvitundarmissirinn sem leiddi til slyssins hafi stafað af flogi og vísar samkvæmt framangreindu til þess að aðrar skýringar geti komið til greina. Verði því ekki talið að hann hafi vitað eða mátt vita að hann væri óhæfur til aksturs eða að veruleg hætta væri á að hann missti meðvitund við akstur. M telur því að háttsemi hans verði hvorki talin stórfellt gáleysi né fullnægi hún skilyrðum fyrir skerðingu bóta.

Í bréfi V til nefndarinnar eru fyrri röksemdir þess fyrir höfnun ítrekaðar. Þrátt fyrir að vera með gild ökuréttindi sé það á ábyrgð hvers og eins að meta hvort hann treysti sér í umferðinni. Telji V því að M hafi valdið umræddu slysi af stórfelldu gáleysi og sé því rétt að skerða bætur til hans um þriðjung.

Álit

Samkvæmt 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2024 má lækka eða fella niður bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hafi vátryggður valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort gáleysi teljist stórkostlegt verður að líta til þess hvort háttsemi teljist verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem almennt er krafist af varkárum ökumanni við sambærilegar aðstæður. Við úrlausn á þessum atriðum skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru

leyti. Sönnunarbyrði þess að skilyrði skerðingar séu uppfyllt hvílir á vátryggjanda, þ.e. V, en ljóst er að heildstætt mat atvika þarf að fara fram í hverju máli fyrir sig.

Óumdeilt er að M missti meðvitund við akstur hinn 25. júlí 2025 með þeim afleiðingum að bifreið hans hafnaði utan vegar. Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi um árabil glímt við flogaveiki. Jafnframt liggur fyrir að hann hafði gild ökuréttindi á slysdegi og ekkert hefur komið fram um að honum hefði verið bannað að aka bifreið eða að hann hefði verið sviptur ökuréttindum fyrir slysið.

V hefur vísað til læknisvottorðs vegna umsóknar um örorkubætur lífeyristrygginga eða endurmats örorku, dags. 9. nóvember 2020. Þar kemur fram að M fái „áfram nokkur flog í mánuði“ og sé að mati læknis óvinnufær. Ekki verður þó horft fram hjá því að umrætt vottorð var nær fimm ára gamalt á slysdegi, og gera má ráð fyrir að sjúkdómur á borð við flogaveiki geti þróast með tímanum meðal annars. m.t.t. lyfjagjafar. Telst því ekki sýnt fram á að á þeim tíma sem slysið varð hafi M enn fengið nokkur flog í mánuði. Þá má einnig ráða af framlögðum gögnum að M hafi verið í hlutastarfi veturinn 2024-2025.

Þá kemur fram í vottorði taugalæknis, dags. 11. nóvember 2025, að læknirinn geti ekki fullyrt hvað hafi átt sér stað en að hann telji þó líklegt að fæðubótarefni sem M tók á þessum tíma hafi átt hlut að máli. Það hafi þannig getað lækkað krampaþröskuld, haft áhrif á virkni flogaveikislyfs eða aukið líkur á yfirliðum. Ekkert hafi gerst eftir að M hætti neyslu á umræddu efni.

Þótt fram komi í lögregluskýrslu að M hafi í fyrstu talið að hann hefði fengið flog við aksturinn verður því ekki litið fram hjá því að fyrirliggjandi sjúkragögn gefa ekki ótvíræða mynd af orsök meðvitundarmissisins. Þeirri staðhæfingu M, að hann hafi ekki fengið flog í um ár fyrir slysið, hefur þá ekki verið hnekkt. Verður því ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til flogs. Jafnvel þótt talið yrði líklegra en ekki að M hefði fengið flog við aksturinn leiðir það eitt ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi en eins og mál þetta liggur fyrir þykir ekki sýnt að M hafi vitað eða mátt vita að hann væri óhæfur til aksturs þegar hann lagði af stað í umrætt sinn.

Að framangreindu virtu telur nefndin ekki sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þannig að leitt geti til skerðingar bótaréttar hans.

Niðurstaða.
M á rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 146/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 16. júlí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. júlí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M telji sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna vanrækslu fasteignasölunnar X og krefjist því bóta úr starfsábyrgðartryggingu hennar hjá V. Atvik málsins séu þau að X hafi í febrúar 2019 auglýst til sölu sumarhús, sem væru forsmíðuð einingahús hönnuð af Y ehf. og framleidd af pólsku smíðafyrirtæki. M óskaði eftir að kaupa slíkt hús og setja upp á sumarhúsalóð sinni. Takmarkað kemur fram í málskoti eða öðrum gögnum um aðdraganda þeirra kaupa, en í júní 2019 lágu fyrir teikningar að húsi sem aðlagað hafði verið að sumarhúsalóð M og hans hugmyndum um hönnunina. Á tímabilinu 24.-28. júní skiptust X og Y á tölvupóstum, þar sem drög að skilalýsingu og kaupsamningi voru send á milli og rædd, en M fékk afrit (cc) af hluta þeirra tölvupósta. Þann 17. júlí 2019 undirrituðu M og Y kaupsamning um einingahús, sem smíðað skyldi í Póllandi en flutt inn og sett saman af Y, sem einnig skyldi sjá um að afla samþykkts aðaluppdráttar og um byggingu sökkuls undir húsið. Kaupverð hússins var 29.570.000 kr. og skv. kaupsamningi skyldi greiða 13.000.000 kr. við undirritun samnings, 3.000.000 kr. mánuði áður en húsið yrði flutt til Íslands, en eftirstöðvarnar á síðari tímapunktum allt fram að útgáfu afsals. Skyldi húsið afhent eigi síðar en sex mánuðum eftir undirritun kaupsamnings. Í kaupsamningnum kemur fram að eitt eintak hans skuli afhent X, en óumdeilt er að enginn fulltrúi X var viðstaddur undirritunina.

M greiddi 13.000.000 kr. til Y á kaupsamningsdegi og 3.000.000 kr., þann 23. janúar 2020. Umtalsverður dráttur varð á afhendingu hússins, sem tengdist m.a. töfum á útgáfu byggingarleyfis fyrir lóð M, en einnig vandkvæðum hins erlenda byggingaraðila við öflun nauðsynlegra byggingarefna meðan á heimsfaraldri Covid-19 stóð. M og Y áttu í samskiptum um byggingu hússins og afhendingu allt árið 2020 og fram á mitt ár 2021, en þá reiddi M fram bankatryggingu sem nam þriðju og fjórðu greiðslu skv. kaupsamningi, gegn því að húsið yrði afhent eigi síðar en 28. september 2021. Það gekk ekki eftir og var bankatryggingin afturkölluð í janúar 2022. Í kjölfar þessa var rift bæði kaupsamningi M við Y og samningum Y við hið erlenda fyrirtæki. Fór svo að ekkert hús var afhent M, en bæði Y og hið erlenda fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskipta á árinu 2023.

Byggir M á því X hafi með skaðabótaskyldri háttsemi valdið honum tjóni, sem nemi hinum töpuðu kaupsamningsgreiðslum að fjárhæð alls 16.000.000 kr. Starfsmenn X hafi tekið virkan þátt í viðskiptum M og Y, stillt upp kaupsamningsdrögum og skilalýsingu og komið upplýsingum á milli aðila. Þessi aðkoma feli í sér að X hafi tekið að sér verkefni sem falli undir gildissvið laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa og beri því skyldur samkvæmt þeim lögum. Við milligöngu um viðskipti M og Y hafi X borið að gæta hagsmuna beggja aðila, en þar telur M að X hafi brugðist. Bendir M á að samkvæmt kaupsamningnum frá 17. júlí 2019, sem starfsmenn X hafi séð um að semja eða yfirfara, hafi M átt að greiða 80% kaupverðsins áður en húsið var afhent, án nokkurra trygginga fyrir efndum af hálfu Y. Telur M að X hafi borið að vara málskotsaðila við þessari áhættu og krefjast þess að greiðslur færu inn á vörslufjárreikning þar til afhending færi fram. Þegar til kom hafi M tapað þeim 16.000.000 kr. sem hann greiddi til Y, þar sem engin trygging var sett fyrir endurgreiðslu, kæmi til vanefnda. M telur X bera skaðabótaábyrgð á þessu tjóni, á grundvelli 27. gr. laga nr. 70/2015, og gerir því kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í athugasemdum V kemur fram að X hafni því að hafa átt milligöngu um viðskipti M og Y. X hafi til skamms tíma auglýst eignir fyrir Y, en aldrei hafi verið undirritað söluumboð eða sölupöntun vegna tiltekinnar eignar. Samskipti X og Y í júní 2019 hafi verið á frumstigi, þar sem X veitti aðstoð við að

skoða drög að skilalýsingu og kaupsamningi, en þegar til kom hafi X ekki átt aðkomu að endanlegum kaupsamningi sem Y og M undirrituðu 17. júlí 2019 og ekki fengið greidd sölulaun vegna viðskiptanna. Ekkert samningssamband hafi því verið milli X og Y, né milli X og M. Að þessu virtu telur V ekki að X hafi haft milligöngu um viðskipti Y og M í skilningi laga nr. 70/2015, þannig að skyldur samkvæmt 15. og 16. gr. laganna eigi við. X hafi engar ákvarðanir tekið um greiðslutilhögun samkvæmt kaupsamningnum og ekki átt neina aðkomu að þeirri ákvörðun að M skyldi greiða háar fjárhæðir til Y án tryggingа. Tekur V fram að sönnunarbyrði fyrir því að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi hvíli á M, en að mati V liggi engin slík sönnun fyrir. Þá telur V ósannað að orsakatengsl séu milli meintrar saknæmrar háttsemi X og tjóns M, enda hafi tjónið fyrst og fremst orðið vegna gjaldþrots hins erlenda byggingaraðila.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M þá afstöðu sína að X hafi haft milligöngu um viðskiptin og borið lögboðnar skyldur samkvæmt því. Bendir M á að X sé tilgreind sem söluaðili í skilalýsingu eignarinnar, sem fylgdi kaupsamningi. Þá komi fram í kaupsamningi að eitt eintak hans skuli afhent fasteignasölunni. Þetta, auk tölvupóstsamskipta þar sem X kom samningsdrögum og upplýsingum á framfæri milli samningsaðila, staðfesti að X hafi komið fram sem fasteignasala við viðskiptin. Af því leiði að X hafi borið skyldur samkvæmt lögum nr. 70/2015 og borið að gæta hagsmuna M við viðskipti og samningsgerð. Vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 36/2020 þessu til stuðnings.

Þá mótmælir M því að X hafi ekki hagað sér með saknæmum hætti þar sem starfsmenn X hafi ekki tekið ákvörðun um þá greiðslutilhögun sem var ákveðin skv. kaupsamningi. Bendir M á skyldu fasteignasala til að gæta þess að aðilum séu ekki settir ósanngjarnir kostir eða þeir látnir bera óhæfilega áhættu við samningsgerð. Telur M að ákvæði kaupsamningsins um háar greiðslur fyrir afhendingu án tryggingа hafi stórlega raskað jafnvægi milli samningsaðila. Hafi X borið skylda til að gera M skýra grein fyrir þeirri áhættu sem í þessu fólst og ráða honum frá viðskiptunum, nema viðhlítandi trygging væri sett. Vísar M um þessa viðvörunarskyldu til dóma Hæstaréttar í málum nr. 302/2013 og nr. 333/2002.

Loks hafnar M þeirri röksemd að orsakatengsl milli saknæmrar háttsemi X og tjóns M hafi rofnað vegna gjaldþrots Y og hins erlenda byggingaraðila. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 75/2012 um það að gjaldþrot og greiðsluþrot viðsemjanda útiloki ekki bótaskyldu fasteignasala, og fullyrðir að viðhlítandi aðgæsla X við samningsgerðina hefði afstýrt tjóni M. Gjaldþrot viðsemjanda sé einmitt slík áhætta sem fasteignasala beri að verja samningsaðila fyrir við frágang kaupsamnings.

Álit.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa ber fasteignasali ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Til þess að bótaskylda verði felld á fasteignasala þarf að sýna fram á saknæma háttsemi, tjón og orsakatengsl þar á milli.

Ágreiningur málsins lýtur í fyrsta lagi að því hvort X hafi komið fram sem fasteignasali í viðskiptum M og Y, í öðru lagi hvort X hafi þá í störfum sínum sýnt af sér saknæma háttsemi og í þriðja lagi hvort orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og tjóns M.

Af gögnum málsins, m.a. auglýsingum, skilalýsingu og tölvupóstsamskiptum X og Y á tímabilinu 24.-28. júní 2019, verður ráðið að X hafi tekið að sér að hafa milligöngu um sölu á einingahúsum tiltekinnar gerðar fyrir Y. Í því hafi falist að auglýsa húsin, eiga samskipti við væntanlega kaupendur og aðstoða við skjalagerð. X fullyrðir að þegar til kom hafi engin hús verið seld fyrir milligöngu þeirra og aldrei hafi verið gert formlegt söluumboð eða sölupöntun vegna tiltekinnar eignar.

Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um aðdraganda þess að Y hannaði hús sem sérsniðið var að byggingarlóð og óskum M, né hvort einhver samskipti hafi átt sér stað milli M og X í aðdraganda kaupsamningsgerðar. Hins vegar sést af tölvupóstum, sem fóru milli X og Y í júní 2019, að X átti aðkomu að því að stilla upp í það minnsta fyrstu drögum að kaupsamningi og skilalýsingu fyrir hús M. Þannig segir t.a.m. í tölvupósti starfsmanns X til Y frá 25. júní: *„Sjá meðfylgjandi drög sem mér skilst að [A] eða [B] hafi verið búnir að senda á ykkur fyrir einhverju síðan. Viltu að ég stilli þessu upp í samræmi við þetta?“*; í öðrum pósti frá 27. júní: *„Þetta er í vinnslu hjá okkur. Ég er að láta lesa yfir og klára lokafrágang. Þetta lítur svona út í augnablikinu, sjá viðhengi.“*; og loks í pósti frá 28. júní: *„Hann [B] skoðar tilboðið fyrir lokafrágang seinni partinn í dag.“* Með hliðsjón af þessum samskiptum telur nefndin mega slá því föstu að X hafi komið fram sem fasteignasala og átt aðkomu að viðskipum Y og M að minnsta kosti fram að þeim tíma sem þessi skilaboð voru rituð. Hefur ekki þýðingu í því

samhengi hvort gengið hafi verið frá formlegu söluumboði eða samningi um þjónustu skv. 9. gr. laga nr. 70/2015, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 36/2020. Bar X því að gæta hagsmuna bæði Y og M við þá samnings- og skjalagerð sem fasteignasalan kom að.

Í framangreindum tölvupóstsamskiptum er að finna póst frá 24. júní sem inniheldur drög að skilalýsingu fyrir hús M, ásamt upplýsingum um seljanda, kaupanda, fasteignanúmer og landnúmer, auk kaupverðs sem tilgreint er „m. aðaluppdrætti og verkfræðiteikningu af sökkli og uppsetningu á lóð.“ Þá kemur þar fram að um sé að ræða kauptilboð með fyrirvara um fjármögnun. Að öðru leyti eru engar upplýsingar í tölvupóstunum um efni fyrirhugaðs kaupsamnings eða fylgiskala hans. Ráða má af samskiptunum að viðhengi hafi fylgt með tölvupóstunum, en engin þeirra eru meðal gagna sem lögð voru fyrir nefndina. Frekari upplýsingar um innihald þeirra kaupsamningsdraga sem þarna virðast hafa verið í vinnslu liggja því ekki fyrir. Í pósti frá Y, dags. 26. júní 2019, kemur fram að tillaga að verði og greiðsluskilmálum hafi þá verið sett inn í samningsdrög, en sem áður segir hefur nefndin engar upplýsingar um hvernig sú tillaga hljóðaði. Þá bera tölvupóstarnir með sér að hluti viðræðna milli X og Y um samningsdrögin hafi farið fram á fundum og/eða í símtölum.

Ekkert liggur fyrir um samskipti X og Y eftir 28. júní 2019, hversu langt drög að kaupsamningi milli Y og M voru þá komin, hvert efni samningsdraganna var á þeim tímapunkti eða hvort og þá hvaða breytingar voru gerðar frá því skjali og þar til kaupsamningur var undirritaður tæpum þremur vikum síðar. Óumdeilt er að Y og M undirrituðu kaupsamninginn 17. júlí 2019 án þess að fulltrúi X væri þar viðstaddur. Í kaupsamningnum er þess ekki getið hver hafi samið hann, svo sem fasteignasala ber að gera samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 70/2015, hafi hann milligöngu um söluna. Þá er kaupsamningurinn ekki staðfestur af fasteignasala, sbr. 2. mgr. 16. gr. og sem áður segir var enginn á vegum X viðstaddur undirritun, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna. Í svarbréfi X vegna kröfu M kemur fram að X hafi verið ókunnugt um að kaupsamningur hafi að lokum komist á milli Y og M og að afrit samningsins hafi aldrei borist X, þrátt fyrir að þess sé getið í samningnum að eitt eintak hans sé ætlað fasteignasölunni.

M ber sönnunarbyrði fyrir því að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 70/2015 og þannig sýnt af sér saknæma háttsemi. Með hliðsjón af því sem að framan er rakið telur nefndin ekki liggja fyrir nægа sönnun þess að X hafi, eftir 28. júní 2019, áfram haft milligöngu um viðskipti M og Y, né að endanlegur kaupsamningur hafi þá þegar verið tilbúinn. Á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður ekki því slegið föstu, gegn neitun X, að endanlegur kaupsamningur hafi komist á fyrir milligöngu X, eða að starfsmenn X hafi haft vitneskju um endanlega greiðsluskilmála kaupsamningsins eins og hann var undirritaður 17. júlí 2019. Telur nefndin því ekki hægt að fullyrða að X hafi haft tilefni og tækifæri til að vekja athygli M á þeirri áhættu sem kynni að felast í því að inna af hendi stóran hluta greiðslna án tryggingar.

Að þessu virtu er það afstaða nefndarinnar að ekki sé fram komin sönnun þess að fasteignasalan X eða starfsmenn hennar hafi viðhaft saknæma háttsemi og þannig valdið tjóni M, sem samsvarar töpuðum greiðslum til Y samkvæmt kaupsamningi. Er af þeim sökum óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um viðurkenningu bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 148/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 15. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti setur M fram kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr húseigendatryggingu fasteignar X sem húsfélag eignarinnar hafði hjá V á tjónsdegi. Í tjónstilkynningu frá M til V er tekið fram að 20. mars 2026 hafi þak fasteignar M orðið fyrir skemmdum af völdum storms. Vindur og snjór hafi borist inn á háaloftið. Einnig sé vatn á viðarbjálkunum og á gólfi háaloftsins. Þá sé svarti tjörupappírinn greinilega skemmdur. V hafnaði því að um bótaskylt tjón væri að ræða. Í málskoti kemur fram að M telur þá höfnun byggja á ófullkominni skoðun og óstaðfestum ágiskunum þeirra sem skoðuðu fyrir V. Þakið á háloftinu hafi aðeins verið skoðað innan frá og hafi komið í ljós að göt voru á þakpappanum á einum stað. Hins vegar hafi ekki verið hægt að ákvarða orsök tjónsins eftir storminn. Þakið hafi einnig verið skoðað að utan, frá jarðhæð, og skoðunarmennirnir hafi tekið fram að þeir hefðu ekki tíma til ítarlegri skoðunar þar sem vinnutími þeirra var að renna út og þeir gátu ekki farið upp á þakið. Telur M að þessi skoðun útiloki ekki að orsök lekans hafi verið hvassviðri. Lekinn í gegnum þakið hafi verið staðbundinn og átt sér stað á þeim degi sem stormurinn gekk yfir, sem M telur að bendi til þess að orsök skemmdanna hafi verið veðurskilyrðin 20. mars 2026. Telur M að ef pappinn hefði rifnað fyrr, hefði leki komið upp áður, sem ekki hafi verið raunin. Telur M sig því eiga rétt á að fá tjónið bætt úr tryggingunni hjá V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að þann 20. mars 2026 hafi M tekið eftir því að snjór og slydda hafi skafið undir kjöl við lágbáru á lofti fasteignarinnar X þar sem M eigi íbúð. Þann dag hafi verið óveður, mikill vindur og mikil slydda. Málsaðilar séu ósammála um orsök þess að það skóf snjó og slyddu inn í húseignina. M haldi því fram að í óveðrinu hafi þakið rifnað upp við hrygg sem hafi valdið því að þakpappi hafi rifnað og þaðan hafi snjór lekið inn í fasteignina. Eftir skoðun á húseigninni telur V ljóst að þakið hafi ekki rifnað upp, þar sem það er alveg heilt að utan. Einungis þakpappinn hafi verið rifinn undir kilinum og telur V líklegt að hann hafi rifnað við uppsetningu, en þakjárnið er nýlegt og þakpappinn því nýlega lagður. Telur V að þegar slagviðrið átti sér stað hafi snjór og slydda komist undir kjölinn (efst á húsþakinu, milli kjalar og báru) og þaðan lekið inn í fasteignina af þeirri ástæðu að þakpappinn var rifinn undir kilinum. Bendir V á að ágreiningurinn lúti að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr húseigendatryggingu húsfélags X vegna rakatjóns á húseigninni. M haldi því fram að þakið hafi rofnað í óveðrinu með þeim afleiðingum að það hafi lekið inn í fasteignina og að tjónið sé bótaskylt á grundvelli greinar 4.8 í skilmála húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis. Í þeirri grein komi fram að tryggingin bæti tjón vegna óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu tryggða vegna úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseignar. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað. Þessu mótmælir V alfarið og bendir á að tjónstilkynning barst frá M um að þakið hafi rofnað í óveðrinu var verktaki sendur með hraði á vettvang til að skoða aðstæður. Eftir skoðun á húseigninni var það mat verktakans að þakið hafi ekki rofnað líkt og M heldur fram þar sem þakið var algerlega heilt að utan, þ.e. engar skemmdir á þakinu. Það sjáist greinilega á myndum af þakinu að utan í skoðunarskýrslu verktakans að þakið var heilt og að kjölurinn hafði ekki rifnað upp. Þar sem það sést vel á ljósmyndum að þakið var heilt taldi verktakinn ekki ástæðu til að fara upp á þakið, í því veðri sem þá var, til að skoða það frekar. Verktakinn komst að þeirri niðurstöðu eftir skoðun á fasteigninni að þakpappinn væri rifinn við mæni. Telur hann það ekki hafa getað gerst í óveðrinu þar sem þakpappinn er undir kilinum og kjölurinn hafði ekki rifnað upp. Því hafi vindur ekki getað komist að þakpappanum. Telur V líklegt að þakpappinn hafi rifnað við

uppsetningu, svo sem áður greinir. Slíkt tjónsatvik fellur utan verndar húseigendatryggingarinnar og er því bótaréttur ekki til staðar úr tryggingunni. Þá hafnar V því að afstaða til bótaskyldu hafi verið tekin á grundvelli ófullkominnar skoðunar og/eða ágiskana þeirra sem framkvæmdu skoðun á þakinu. Bent er á að það er meginregla í íslenskum rétti að sá sem gerir kröfu um bætur ber sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að þakið hafi rofnað líkt og hún heldur fram. Enginn gögn í málinu bendi til þess að það hafi gerst.r Þvert á móti sýni þau gögn sem liggja fyrir að þakið hafi ekki rifnað upp, heldur sé einungis rifa í þakpappa undir kili. V telur því með öllu ósannað að tjónið á fasteigninni X sé bótaskylt á grundvelli 4.8 gr. í skilmála húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis líkt og M haldi fram. Er það afstaða V að tjónið falli utan verndar skilmálans. Krefst V þess að sú niðurstaða verði staðfest og kröfu M hafnað.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í vátryggingarétti hvílir það á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og það að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks. Í skilmála viðkomandi vátryggingar kemur fram hvaða tjónsorsakir falla undir gildissvið hennar, þ.e. hvers kyns tjón leiði til bótaskyldu. Kemur fram í grein 4.8 að tryggingin bæti tjón vegna óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu tryggða vegna úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseignar. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi tekist að sýna fram á að framangreind bótaskilyrði séu uppfyllt, þ.e. að þakið hafi rofnað í óveðrinu líkt og hún byggir á. Þvert á móti virðist sem þakið á X hafi verið óskemmt og gögnin bendi ekki til þess að það verði rakið til óveðursins sem gekk yfir í aðdraganda tjónsins að þakpappinn hafi reynst rifinn. Samkvæmt framangreindu hefur M því ekki tekist að sýna fram á að tjón hennar verði rakið til tjónsatvika sem falla undir gildissvið umræddrar vátryggingar. Af því verður hún að bera hallann og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis X hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 149/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 17. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. apríl 2026.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að 11. desember 2025 barst V tilkynning frá M þess efnis að lekið hefði frá ofni inni í svefnherbergi í fasteign hans. Gólfið stæði á grind sem sé einangruð og að vatn hafi farið þar niður. Þá kom fram að gólfið væri farið að verpast og mikið brak væri í því öllu. Í kjölfarið fékk V tiltekin húsasmið í það að meta tjónið. Skilaði hann af sér skýrslu í kjölfar skoðunarinnar, þar sem kom fram að hann teldi umfang tjónsins heldur óljóst eftir fyrstu skoðun og að M hafi nefnt að lykt væri farin að angra sig. Þá hafi verið ákveðið að opna gólf í herberginu þar sem lekinn varð. V bauð svo bætur í samræmi við tjónamat sem byggði á skýrslu húsasmiðsins. M felldi sig ekki við það tjónamat þar sem hann taldi það ekki endurspegla raunverulegt tjón. V greiddi M bætur skv. tjónamatinu í lok febrúar 2026. Ágreiningur aðila varðar eingöngu umfang tjónsins, en ekki er deilt um bótaskyldu úr fasteignatryggingu þeirri sem M er með hjá V.

Í málskoti bendir M á að V afmarki tjónið við um 13 m², en M telur tjónið, með vísan í fyrirliggjandi sérfræðimat, ná yfir 86 m² sem sé ein samfelld byggingareining. V telji hins vegar tjónið vera staðbundið við barnaherbergi. Telur M að niðurstaða V byggi á takmörkuðum mælingum og taki ekki mið af því að um samfellt gólfkerfi sé að ræða þar sem raki geti dreifst milli rýma. Ekki liggi fyrir heildstæð greining á gólfkerfinu og því sé ekki unnt að útiloka rakadreifingu. Bendir M á að gólfkerfið sé ein byggingareining og að því geti raki borist innan þess án þess að yfirborðseinkenni sjáist alls staðar. Gliðnun og marr í parketi benda til rakaálags og styðji að tjónið sé víðtækara en lagt sé til grundvallar í tjónamati sem V byggi á. Telur M, með vísan í fyrirliggjandi sérfræðimat að umfang tjónsins sé umtalsvert meira en sem nemur þeim kr. 580.000 sem mat V hafi miðað við. Ítrekar M það álit sitt í málskoti að málið snúist ekki um afmörkun rýma heldur um raunverulegt umfang rakaskemmda í samfelldri byggingareiningu. Þannig sé gólfið ein samfelld byggingareining, þ.e. parket, timburgrind, einangrun, steypt plata. Rakaskemmdir fylgi því burðargrind og holrýmum en ekki herbergjaskipan. Það að afmarka tjónið við rúmlega 13 m² herbergi það sem lekinn varð, endurspegli því ekki raunverulegt umfang rakaskemmdanna. M byggir málatilbúnað sinn að verulegu leyti á framlögðu sérfræðiáliti tiltekins matsmanns fasteigna, dags. 28. febrúar 2026. Þar kemst matsmaðurinn m.a. að þeirri niðurstöðu að umfang tjónsins miðist við 86 m² en ekki 13,5 m² eins og V vilji leggja til grundvallar.

Í athugasemdum V er farið fram á að nefndin staðfesti að M eigi ekki rétt á frekari bótum vegna tjónsins en V hefur boðið og greitt út. Tekur V fram að í framangreindri skýrslu húsasmiðsins sé talið að tjónið einskorðist við 13,5 m² barnaherbergi. Í skýrslunni komi jafnframt fram að í því herbergi séu tveir gluggar, annar við tjónsstað þar sem raki mælist tæp 21% og hinn þar sem raki mælist tæp 9%. Við þann glugga sé einnig að sjá verulegar skemmdir á parketi og líti út fyrir að þar sé um gamlar lekaskemmdir að ræða, mögulega með eldri glugga. Í hjónaherbergi og fataherbergi þar inn af hafi áður verið átt við gólfið og líti það út skv. skýrslunni að lagfært hafi verið um 40 cm frá útvegg endilangt. Samkvæmt frásögn eiganda sé ekki fullnaðar frágangur að utan. Þá er bent á að á mynd sem tekin var af eigninni að utan megi t.d. sjá sprungu undir glugga í hjónaherbergi. Þá sé parket víða farið að slíta sig í sundur og hafi matsmaður á vegum V talið langsótt að tengja það umræddum leka. Parketið sé vissulega bólgið neðan við tjónsstað og þar mælist afgerandi raki miðað við aðrar rakamælingar sem matsmaður tók víðsvegar um eignina. V er líka ósammála því mati M að gliðnun og marr í parketi bendi til rakaálags nokkuð sem aftur bendi til þess að tjónið sé víðtækara en V hafi lagt til grundvallar. Í þessu

sambandi bendir V á að timbur þenjist út við bleytu en gliðni ekki. Þá byggi M málatilbúnað sinn að verulegu leyti á fyrirliggjandi skýrslu tiltekins matsmanns fasteigna, sem hann hafi aflað einhliða. Að mati V hafi skýrslan því ekkert sönnunargildi í málinu. Tekur V jafnframt fram að skýrslan renni ekki stoðum undir fullyrðingar M um meint umfang tjónsins. Til að mynda segi í 3. kafla hennar að rakamælingar hafi verið framkvæmdar í steyptri gólfplötu undir stafaparketi, en hvergi sé tekið fram hvar þessar mælingar hafi verið gerðar. Í þessu sambandi telur V mikilvægt að benda aftur á að ummerki séu um eldri ótengd rakavandamál eða vatnstjón sem séu óskyld því tjóni sem hér sé fjallað um. Í 4. kafla skýrslunnar sé fjallað um afmörkun tjónssvæðis. Þó svo að byggingartæknileg greining, sem sé raunar hvergi nánar útlistuð í skýrslunni, leiði til þess að allt gólf eignarinnar sé samfelld byggingareining þá hafi tjónið einungis orðið í afmörkuðu rými. Þegar vatnstjón verði í einu rými þýði það ekki að raki komi til með að dreifa sér um allt gólf eignarinnar og valda þar frekara tjóni, enda hafi að mati V ekki verið sýnt fram á að svo sé. Í 2. mgr. 31. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar komi fram að komi til tjóns á gólfefnum séu aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður, sem í þessu tilfelli sé rúmlega 13 m² barnaherbergi. Nefndin hafi áður staðfest beitingu þessa ákvæðis og megi þar sem dæmi nefna úrskurð í máli nr. 190/2024. V telur því vera ljóst að rakaskemmdir vegna ofnalekans séu staðbundnar við barnaherbergið og að þau gögn sem liggi fyrir staðfesti ekki orsakatengsl við önnur svæði. Þessu til viðbótar bendir V á að þar sem í skýrslu þeirri sem M lagði fram sé á því byggt að hún taki eingöngu til tjóns sem rekja má til leka frá miðstöðvarofni og nái ekki til mats á m.a. myglu, þá sé tjón vegna myglu eða sveppagróðurs sérstaklega undanskilið úr tryggingunni, sbr. c. lið 2. gr. skilmála hennar. Þá segi í 1. kafla skýrslunnar að ekki sé útilokað að smádreypi hafi átt sér stað um nokkurt skeið. Telur V líklegt að þessu sé haldið fram til þess að renna stoðum undir að meintur raki undir öllu gólfi fasteignarinnar geti verið rakinn til vatnsleka úr miðstöðvarofninum. Vegna þessa bendir V á að tjón sem rakið verður til langvarandi leka er sérstaklega undanskilinn skv. c-lið 2. gr. skilmála tryggingarinnar. V telur að framangreind rök eigi að leið til þess að nefndin staðfesti að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr tryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum M, sem í raun samanstendur af viðbótargreinargerð frá þeim matsmanni fasteigna sem áður hefur verið vísað til, eru m.a. færð rök gegn þeim málatilbúnaði V sem að framan greinir. Í niðurstöðu matsmannsins kemur m.a. fram að hann telur að heildstætt mat á gögnum málsins bendi til eftirfarandi: Að tjón sé verulega víðtækara en sú afmörkun sem V leggi til grundvallar. Að mælingar staðfesti rakadreifingu í samfelldu gólfkerfi. Að mat V byggi á ófullnægjandi rannsókn og takmörkuðum forsendum. Telur matsmaðurinn því forsendur til þess að meta tjónið út frá umfangi rakaskemmda á samfelldum 86 m² gólffleti í stað þess að miða einungis við að tjónið taki til eins herbergis.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekuð sú skoðun að rétt afmörkun tjónsins sé 13,5 m² barnaherbergi en ekki 86 m² eins og M vilji miða við. Ítrekar V sín fyrri rök gegn málatilbúnaði M og mótmælir því sérstaklega að mat V byggi á einföldum tölvupósti verktaka og takmörkuðum mælingum við tjónsstað. Þá bendir V á að óumdeilt sé að umrætt tjón sé tilkomið vegna leka frá miðstöðvarofni. Hins vegar telji V ósannað það tjón hafi leitt til þess að skipta þurfi um 86 m² af gólfefnum enda sé lekinn staðbundinn við 13,5 m² barnaherbergi. Framangreindum rökum sínum til frekari stuðnings tekur V fram að það liggi fyrir að fyrir hendi hafi verið ýmsar eldri skemmdir og vísbendingar um eldri tjón, sem verði ekki rakið til þessa leka frá miðstöðvarofninum.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M á rétt á bótum úr fasteigngatryggingu vegna tjóns af völdum leka frá ofni í barnaherbergi. Ágreiningur er hins vegar varðandi umfang tjónsins. Á meðan M krefst þess að miðað sé við að tjónið taki til 86 m² þar sem um sé að ræða samfellt gólfkerfi, telur V að umfang tjónsins sé einungis bundið við 13,5 m² barnaherbegi þar sem vatnstjónið varð. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Er því almennt gert ráð fyrir því, þegar um bótaskylt tjón á fasteign er að ræða, að eignin sé ekki í verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Þá vísar V til þess að sérstaklega komi fram í skilmálum vátryggingarinnar að komi til tjóns á gólfefnum séu aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Liggur því fyrir nefndinni að meta hvort tjónið sé bundið við barnaherbergið eða hvort M hafi tekist að sýna fram á að tjónið sé ekki eingöngu bundið við það rými. Máli sínu til stuðnings hefur M m.a. lagt fram sérfræðiálit tiltekins matsmanns fasteigna. Þó svo að M

hafi vissulega aflað álitsins einhliða, þ.e. án samráðs við V, telur nefndin það eitt og sér ekki eiga að leiða til að hún geti ekki haft sönnunargildi í málinu. Bendir nefndin í því sambandi m.a. á að ekki virðist hafa verið haft samráð við M áður en V fékk tiltekinn húsasmið til að meta umfang tjónsins í upphafi. Í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu er m.a. tekið fram að matið taki eingöngu til þess tjóns sem rekja má til lekans frá miðstöðvarofninum. Komst matsmaðurinn að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun V að afmarka tjónið við 13,5 m² barnaherbergi taki ekki tillit til samfelldrar uppbyggingar gólfakerfisins, rakadreifingu meðfram burðargrind, aðgengiskrafna vegna milliveggja né framkvæmdartæknilegra takmakana við hlutaviðgerð. Telur matsmaðurinn því rétt að miða við að umfang tjónsins miðist við 86 m² gólfflöt. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, með vísan í framangreinda sérfræðiskýrslu, að M hafi tekist að sýna fram á að umfang tjónsins af völdum lekans frá ofninum í barnaherberginu sé víðtækara en V hefur viljað miða við og greiddar bætur tóku mið af. Þessi niðurstaða þýðir þó ekki að nefndin telji að M eigi rétt á að fá greiddar bætur sem nemi kostnaði við að skipta um gólfefni á öllum 86 m² sem um ræðir. Ástæða þessa er sú að nefndin telur liggja fyrir í málinu að fyrir hendi hafi verið ýmsar eldri skemmdir og vísbendingar um eldri tjón, sem ekki verði rakið til hins umþrætta leka. Í raun er nefndin með framangreindri niðurstöðu því eingöngu að segja að M hafi tekist að sanna að umfang tjónsins sé meira en V hefur viljað miða við og eigi því rétt á frekari bótum en greiddar hafa verið, en ekki að það liggi fyrir fullnægjandi sönnum um heildarumfang tjónsins af völdum lekans frá ofninum.

Niðurstaða.
M á rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V til samræmis við það tjón sem unnt er að sanna.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 150/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags 21. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og fylgigögnum þess ók M bifreiðinni B frá Reykjavík til Keflavíkur hinn 25. febrúar 2026. Á leiðinni mætti hann snjóruðningstækinu A sem hafi verið ekið á of miklum hraða og kastað snjódrullu, klaka og steinum yfir vegmiðjuna og á B. Hafi orðið tjón á B við þetta atvik. M hafi tilkynnt atvikið til lögreglu og haft samband við Vegagerðina sem hafi tjáð honum að fyrirtækið X sinnti vetrarþjónustu á þessu svæði. Hafi M í framhaldinu haft samband við vátryggjanda X, V. Hafi V, með tölvupósti dags. 25. mars 2026, synjað bótakröfu hans á grundvelli þess að ökumaður A kannaðist ekki við að hafa valdið tjóninu. Þegar M hafi haft samband við X hafi fyrirsvarsmenn þess þó alls ekki hafnað ábyrgð heldur aðeins tjáð honum að ökumaður A hefði ekki orðið var við að hann hefði valdið tjóni á B.

Ljóst sé að A hafi verið á vettvangi á þeim tíma sem tjón varð á B og V viðurkenni raunar að „hugsanlegt“ sé að notkun þess hafi valdið tjóninu. Ljóst sé að stórt snjóruðningstæki á borð við A sem er við snjómokstur á vetrardegi geti auðveldlega valdið tjóni á bifreiðum sem koma úr gagnstæðri átt án þess að ökumaður þess veiti því athygli. Séu það því ekki gild rök fyrir höfnun bótaskyldu að ökumaður A hafi ekki orðið atviksins var.

Í bréfi V segir m.a. að samkvæmt gögnum frá X hafi A verið ekið á 40 til 50 kílómetra hraða á klukkustund og kannist ökumaður þess ekki við að hafa ekið hratt eða með þeim hætti að snjór og drulla hafi kastast yfir á vegarhelming umferðar sem kom úr gagnstæðri átt. B sé níu ára gömul og hafi við skoðun í september 2025 verið ekin 161.784 kílómetra. Telji V ósannað að snjór og drulla hafi kastast frá A og að tjón á B verði rakið til notkunar A. Sönnunarbyrði þess að svo sé hvíli á M og hafi sú sönnun ekki tekist. Sé það enda ekki nægilegt til sönnunar að A hafi verið á vettvangi á þeim tíma sem M haldi því fram að umrætt atvik hafi átt sér stað. Vísar V þá til nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar framangreindu til stuðnings.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Óumdeilt virðist að A hafi verið ekið eftir Reykjanesbraut á sama tíma og B. Hins vegar liggja ekki fyrir nefndinni frekari gögn, s.s. framburðir vitna, myndbandsupptökur eða sérfræðimat á orsökum skemmda á B, er styðji það að tjónið hafi atvikast með þeim hætti sem M byggir á. Er það því samkvæmt framangreindu mat nefndarinnar að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A. Það eitt að A hafi verið ekið á sama vegarkafla og B á þeim tíma sem M kveðst hafa orðið fyrir tjóni nægir ekki til að sýna fram á slík orsakatengsl. Þar sem M ber hallann af sönnunarskorti hvað það varðar er því, á grundvelli framangreinds, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 151/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. mars 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1 dags. 24. apríl 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Athugasemdir V2 dags. 21. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 10. mars 2026, varð þann 28. febrúar sama ár árekstur milli A og B, sem er í eigu M, á Miklubraut við Rauðarárstíg. Samkvæmt framburði ökumanns A fyrir lögreglu ók hann vestur eftir Miklubraut á hægri akrein, þegar hann ók á snjóskafl á veginum og rann til. Kvaðst A hafa farið upp á kant og runnið á hlið, en þá hafi B verið ekið inn í hliðina á A. M, sem var ökumaður B, sagðist hafa ekið vestur Miklubraut þegar A var ekið upp á vegkant með þeim afleiðingum að B ók inn í hægri hlið A. M gat ekki sagt til um akturshraða en kvaðst þó hafa ekið hægt.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök skyldi lögð á ökumann B, sem ekki hefði gætt nægjanlega að umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ökumann A bera sök á árekstrinum. Í málskoti er á því byggt að A hafi verið ekið ógætilega og hafi í aðdraganda árekstursins rekist utan í vegrið hægra megin, með þeim afleiðingum að bifreiðin snerist skyndilega og þveraði aksturssstefnu B. Við þær aðstæður hafi M engan raunhæfan möguleika haft til að forðast árekstur. Enginn snjóskafl hafi verið á veginum sjálfum, heldur hafi snjór einungis legið utan vegar upp við vegriðið. Áreksturinn hafi þannig orsakast af því að A ók of nálægt vegriði og hindrunum í vegkanti og missti við það stjórn á bifreiðinni.

Í athugasemdum V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að öll sök skuli lögð á ökumann B. Því til stuðnings vísar V til 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram komi að ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Þá skuli ökumaður skv. 1. mgr. 36. gr. laganna hafa fullt vald á ökutækinu og geta stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir, áður en komið er að hindrun. Ökumaður B hafi ekki gætt að þessu í aðdraganda árekstursins. Það hafi orðið til þess að hann ók inn í hægri hlið A, eftir að þeirri bifreið var ekið í snjóskafl á veginum með þeim afleiðingum að hún fór upp á kant og rann á hlið. Þá vísar V1 til viðmiðunarreglu E-6 um sök og sakarskiptingu, en þar komi fram að ef bifreið rennur til eða snýst á akrein og bifreið sem ekið er aftan við á sömu akrein lendir á þeirri bifreið, skuli öll sök lögð á ökumann aftari bifreiðarinnar nema sannað sé að sú fremri hafi verið vanbúin til aksturs. A hafi hvorki verið vanbúin né hafi verið sýnt fram á að henni hafi verið ekið ógætilega eða of hratt miðað við aðstæður. Loks vísar V1 til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 34/2015 og 63/2019, þar sem niðurstaða hafi ráðist af framangreindri viðmiðunarreglu E-6 við sambærilegar aðstæður.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, er tekið undir röksemdir M en engar frekari athugasemdir gerðar.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að enginn snjór hafi verið á veginum, heldur hafi ökumaður A misst stjórn á bifreiðinni þegar hann ók á snjó við jaðar vegarins. Þá telur M að ljósmyndir í lögregluskýrslu sýni skemmdir á A sem aðeins geti hafa orðið við það að A var ekið á vegrið, við upphaf atviksins. M telur viðmiðunarreglu E-6 um sakarskiptingu ekki vera fortakslausa, heldur verði að skipta sök með öðrum hætti þegar atvik eða háttsemi fremri bifreiðar hefur haft afgerandi áhrif á tildrög slyss. M vísar til sakarskiptingarreglu 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, en samkvæmt henni skuli skipta tjóni við árekstur í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og

með hliðsjón af atvikum öllum. Ekki verði horft fram hjá orsakatengslum milli háttsemi A og tjónsins, þegar sök er metin.

Álit.

Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því, að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur fram að ökuhraða skuli jafnan miða við aðstæður, með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skuli þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn megi aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sjái yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera megi ráð fyrir.

M ók ökutæki B á eftir ökutæki A og bar því skv. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga að gæta að því að vera svo langt frá því að eigi væri hætta á árekstri, þótt ökutæki A stöðvaðist. Þá átti M að miða hraða ökutækisins við aðstæður skv. 1. mgr. 36. gr. laganna. Af gögnum málsins má ráða að M hafi ekki sýnt þá varúð sem nauðsynleg var, þar sem hún náði ekki að stöðva ökutæki B í tæka tíð, eftir að ökumaður A missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún rann til og þveraði veg. Hefur ekki sérstaka þýðingu í því samhengi hvort snjóskafl sá sem A var ekið gegnum hafi verið á veginum eða í jaðri hans, eða hvort A hafi rekist utan í vegrið áður en til áreksturs kom.

Fyrirliggjandi ljósmyndir af afstöðu bifreiðanna eftir áreksturinn sýna umtalsvert tjón á hægra framhorni A, auk tjóns aftan til á hægri hlið, þar sem B ók á A. Þessar ákomur renna stoð undir þá lýsingu M að A hafi rekist utan í vegrið og að það kunni að hafa gerst áður en árekstur varð með A og B. Þetta hefur samkvæmt framansögðu ekki áhrif á sakarskiptingu vegna árekstursins, en kann að hafa þýðingu er varðar sönnun á umfangi þess tjóns sem varð við áreksturinn.

Að þessu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að M beri alla sök á árekstri bifreiðanna A og B. Ber því að bæta það tjón, sem sannanlega varð á A við áreksturinn, úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 152/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 24. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt fasteignina [...], fyrir milligöngu Z sem starfaði sem löggiltur fasteignasali hjá X, með kaupsamningi, dags. 19. mars 2024. Um leið og M hafi fengið fasteignina afhenta hafi honum orðið ljóst að ástand hennar væri langt frá því sem telja mætti ásættanlegt og Z hafi ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum í söluferli fasteignarinnar. Í fyrsta lagi hafi verið augljóst að talsverður leki var í fasteigninni. Í fyrsta votviðri skömmu eftir afhendingu hafi lekið inn í fasteignina á alls níu stöðum. M hafi einnig orðið ljóst að fyrir hendi voru rakaskemmdir og sprungur í útveggjum sem þróast höfðu yfir langan tíma og að nýlegum framkvæmdum á gluggum og múrverki hafi verið ætlað að laga þær rakaskemmdir. Það hafði þó ekki tekist og því hafi þurft að ráðast í viðgerð á ytra byrði hússins tafarlaust. Seljandi hafi verið meðvitaður um það að umræddar framkvæmdir hafi verið ófullnægjandi. Lekið hafði inn í fasteignina á fyrri hluta ársins 2024. Seljandi hafi því verið meðvitaður um að vatnsheldni fasteignarinnar hafi ekki verið í lagi. Í öðru lagi hafi komið í ljós að fyrir hendi var skuld við eiganda efri hæðar vegna fyrrgreindra framkvæmda á gluggum og múrverki fasteignarinnar en samkvæmt samkomulagi seljenda og eiganda efri hæðar hafi seljandi skuldbundið sig til að standa straum af kostnaði af fyrirhuguðum frekari framkvæmdum á eigninni. Þá hafi Z aldrei sett sig í samband við eiganda efri hæðarinnar til þess að afla undirritunar hans á meinta húsfélagsyfirlýsingu eða til þess að fá upplýsingar um ástand sameignar að öðru leyti. Seljandi hafi skrifað undir umsókn um framkvæmdaleyfi hjá byggingarfulltrúa þar sem m.a. var getið framangreindra gluggaskipta og því hafi ekki verið nokkrum vafa undirorpið að hann hafi verið meðvitaður um framkvæmdirnar. Þá megi benda á að seljandi, sem rak pílustað í fasteigninni fram að því að hún var seld, hafi ekki getað dulist að í gangi væru framkvæmdir á gluggum fasteignarinnar, enda tóku þær framkvæmdir töluverðan tíma með tilheyrandi raski fyrir starfsemi í fasteigninni. Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna séu verulegir gallar á fasteigninni og kostnaður við að koma henni í ásættanlegt horf nemi kr. 30.102.600. Jafnframt staðfesti matsgerðin að M hafi ekki verið fært að hefja rekstur í fasteigninni fyrr en rúmum tveimur mánuðum síðar en ráð var fyrir gert og nemi tjón M vegna þessa kr. 3.300.000. Þá liggi fyrir að M mun verða fyrir tekjutapi vegna viðgerðar á húsnæðinu og nemi tjón hans vegna þess kr. 8.000.000 og þá sé ótalin annar kostnaður við að meta umfang gallans og lögmannskostnaður. M hafi gert kröfu um að fá tjónið bætt úr lögboðinni starfsábyrgðartryggingu X hjá V en bótaskyldu hafi verið hafnað með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi í málinu. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á að einsýnt sé að Z hafi sem löggiltur fasteignasali bakað M tjón með saknæmri vanrækslu á skyldum sínum við milligöngu í viðskiptum með fasteignina. Það hafi hann gert með því að vanrækja skoðunarskyldu, upplýsingarskyldu og skyldu til að gæta hagsmuna beggja aðila. Sú vanræksla hafi orðið til þess að M hafi hvorki fengið upplýsingar um þá galla sem voru á fasteigninni né um fyrirliggjandi ágreining hvað varðar skuldastöðu við eiganda efri hæðar og ábyrgð á ófullnægjandi framkvæmdum. Ljóst sé að slíkar upplýsingar hefðu haft veruleg áhrif á gerð og efni kaupsamningsins. Við mat á saknæmri háttsemi Z verði að beita ströngu sakarmati sérfræðiábyrgðar. Í málskoti eru málsástæður M rökstuddar með ítarlegum hætti. M vísar til 10. - 12. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. En í þeim ákvæðum er gerð ítarleg grein fyrir skyldu fasteignasala til að

gera söluyfirlit, og hvað þurfi að koma fram í söluyfirliti, m.a. skuli söluyfirlit hafa að geyma réttar upplýsingar og skal það uppfært þegar það er orðið eldra en 3 mánaða, nema engar breytingar hafi orðið er lúta að efni þess, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2015. Liðið hafi 16 mánuðir frá því að Z útbjó söluyfirlit þar til kaupsamningur var gerður. Á því tímabili hafi til að mynda átt sér stað hin ófullnægjandi og umdeilda viðgerð á gluggum og múrverki og fullt tilefni hafi verið til þess að uppfæra söluyfirlitið í ljósi þess. Enn fremur verði að telja hæpið að lýsa ástandi glugga og glerja sem „í lagi“ þegar nokkrum mánuðum síðar hafi verið lagt í að skipta þeim út vegna viðvarandi leka. Verulegur raki hafi verið í fasteigninni. Leki frá gluggum og sprungum í útveggjum séu meðal atriða sem ekki hafi komið fram í söluyfirliti. Það að láta hjá líða í 16 mánuði að skoða fasteignina samrýmist ekki skyldum fasteignasala skv. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2015. Seljanda hafa jafnframt verið kunnugt um bæði framkvæmdirnar og lekann. Z hafi því vanrækt lögboðna skoðunarskyldu sína sem leiddi til þess að upplýsingar í söluyfirliti sem M hafi mátt treysta að væru réttar gáfu ekki rétta mynd af ástandi fasteignarinnar. Jafnframt sé um vítaverða vanrækslu á upplýsingaskyldu Z að ræða. Þá er vísað til þess að á löggiltum fasteignasala hvíli skylda til þess að sjá til þess að öll gögn sem upp eru talin í 25. gr. fjöleignahúsalaga nr. 26/1994 liggi fyrir og séu rækilega kynnt kaupanda áður en kaupsamningur er gerður og undirritaður, sbr. 5. mgr. 25. gr. fjöleignahúsalaga. Vanræksla á slíku hefur verið metin fasteignasala til gáleysis, sbr. dómi Hæstaréttar í máli nr. 333/2002. Í framhaldi af gerð kauptilboðs hafi Z afhent M skjal þar sem fullyrt var að engar framkvæmdir væru fyrirhugaðar í húsinu og að eignarhlutinn væri skuldlaus við húsfélagið. Skjalið var einungis undirritað af seljanda en ekki öðrum eigendum hússins. Z hefði verið í lófa lagið að fá allar upplýsingar hefði hann sinnt skoðunarskyldum sínum og borið sig eftir undirskrift eiganda efri hæðar á yfirlýsinguna. Einnig vísar M til 14. og 15. gr. laga nr. 70/2015 vegna hlutlægni löggiltra fasteignasala. M hafi orðið þess var í kjölfar viðskiptanna að persónuleg tengsl voru með Z og fyrirsvarsmanni seljanda. Fyrirsvarsmaður hafi verið giftur frænku Z, og það hafi verið hún sem annaðist rekstur pílustaðarins í fasteigninni. Myndbirtingar á samfélagsmiðlum gefi til kynna að vinskapur hafi verið með fyrirsvarsmanni seljanda og Z, auk þess sem auglýsingar vátryggingartaka á keppnistreyju fyrirsvarsmanns seljanda gæfi til kynna að X hafi stutt fjárhagslega við píluiðkun fyrirsvarsmanns seljanda. Um þessi tengsl hafi ekki verið upplýst við sölumeðferð. Í ljós tengslanna verði í öllu falli að gera sérstaklega ríkar kröfur til vátryggðs sem löggilts fasteignasala, þegar kemur að því að gæta hagsmuna beggja aðila og kynna sér fasteignina og gögn henni tengdri af eigin raun, ekki aðeins að byggja á einhliða lýsingum seljanda. M telur ljóst að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi Z og þar með eigi hann rétt til skaðabóta vegna þess tjóns úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Í athugasemdum V er því hafnað að bótaskylda sé til staðar úr starfsábyrgðartryggingu X. Í fyrsta lagi geti V ekki fallist á að söluyfirlit eignarinnar hafi haft að geyma rangar upplýsingar. Þegar Z hafi skoðaði eignina hafi ekki verið raki og engin sjáanleg ummerki um leka, engar fyrirhugaðar framkvæmdir né önnur atriði sem gátu gefið vísbendingar um að eignin væri haldin einhvers konar ágalla. Að mati V verði ekki talið að um galla eða skemmd hafi verið að ræða sem Z hefði átt að sjá við hefðbundna sjónskoðun, eða að nokkuð hafi gefið tilefni til að framkvæma ítarlegri skoðun eða rannsókn á eigninni við gerð söluyfirlits. Eins og fram hefur komið skoðaði M eignina í nokkur skipti, án þess að gera athugasemdir. Að mati V gefi það sterka vísbendingu um að ef lekinn hafði þegar átt sér stað á þessum tímapunkti, hafi hann verið leyndur. Því sé óraunhæft að gera þær kröfur til Z að hann hefði átt að sjá lekann frekar en M. Staðhæfingar um ástand glugga í söluyfirliti byggði á sýnilegu ástandi þeirra og þeim upplýsingum sem Z hafði á þeim tímapunkti. Því er jafnframt mótmælt að sölumeðferð hafi ekki samrýmst skyldum fasteignasala skv. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2015, enda hafi Z ekki haft upplýsingar um breytingar sem hefðu kallað á uppfært söluyfirlit. Í öðru lagi mótmælir V því að X beri skaðabótaábyrgð á að hafa ekki upplýst um þær framkvæmdir sem eigandi efri hæðar fór í á sölutímabilinu. Eins og áður hefur komið fram hafi þær framkvæmdir verið gerðar án samráðs við seljanda. Ljóst sé að Z hafi ekki fengið neinar upplýsingar um þessar framkvæmdir, hvorki frá seljanda né eiganda efri hæðarinnar. Upplýsingaskylda fasteignasala ná til þeirra upplýsinga sem honum eru kunnar eða hefði átt að vera kunnar miðað við eðlilega skoðun og vinnubrögð sem almennt eru viðurkennd. Þær upplýsingar sem eigandi efri hæðar hélt leyndum verði að mati V ekki metnar Z til sakar. Í þriðja lagi virðist M gera athugasemdir við upplýsingagjöf seljanda, en að mati V getur X ekki

borið ábyrgð á slíku. Z hafi ekki verið kunnugt um fyrri leka, enda hafi hann ekki fengið upplýsingar um neitt slíkt frá seljanda. Þegar eignin hafi verið skoðuð af fasteignasala, sem og kaupanda, hafi engin ummerki verið eftir leka. Eðli málsins samkvæmt geti fasteignasali ekki upplýst um atriði sem hann veit ekki og fær ekki upplýsingar um, en ljóst sé að engar vísbendingar voru um leka fyrir afhendingu eignarinnar. Með hliðsjón af framangreindu sé það mat V að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi X við sölumeðferð eignarinnar. Ljóst sé að Z hafi sinnt upplýsingaöflun eins vel og hægt sé að ætlast til, en gögn málsins sýni bersýnilega að um leyndan leka hafi verið að ræða sem ekki sé hægt að gera kröfu um að Z hefði átt að sjá eða upplýsa um.

Í viðbótarathugasemdum M er það ítrekað sem fram kemur í málskoti um málsatvik og málsástæður. Þá telur M að vegna athugasemda V sé tilefni til að árétta eftirfarandi atriði. Í fyrsta lagi að Z hafi borið að uppfæra söluyfirlit. Í öðru lagi er staðhæfingu V um að eigandi efri hæðar hafi farið í framkvæmdir án samráðs mótmælt sem rangri. M geri þá lágmarkskröfu til Z að hann hafi hagað skoðun sinni og vinnubrögðum í samræmi við ákvæði laga, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 333/2002. Fasteignasala beri að kynna sér upplýsingar af eigin raun og gæta hagsmuna beggja aðila við sölu fasteignar.

Álit.

Ágreiningur er um hvort Z hafi með saknæmum hætti vanrækt skyldur sínar við sölu [...] og hvort M eigi af þeim sökum rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Samkvæmt ákvæðinu ber fasteignasali ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Samkvæmt dómaframkvæmd gildir strangt sakarmat þegar metið er hvort fasteignasali hafi sýnt af sér gáleysi. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. sömu laga ber fasteignasala að gæta þess vandlega að í söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand fasteignar sem, ásamt skoðun kaupanda, geti verið grundvöllur ákvörðunar um kaup og kaupverð. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega kveðið á um að fram skuli koma upplýsingar um ástand eignar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. skal fasteignasali afla þeirra upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, meðal annars úr opinberum skrám og skýrslum ef unnt er, en einnig kynna sér af eigin raun ástand, gerð og búnað eignarinnar. Í 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé þar um að kenna gáleysi hans eða starfsmanna hans.

Í málinu liggur fyrir að Z útbjó söluyfirlit fasteignarinnar [...] 11. nóvember 2022 og í því kemur m.a. fram að ástand glugga væri „í lagi“ og að húsnæðið hefði „allt verið tekið í gegn að innan undanfarin tvö ár.“ Í gögnum málsins kemur fram að þegar eignin var skoðuð af hálfu M hafi Z bent sérstaklega á að gluggarnir hefðu verið endurnýjaðir sumarið áður, þ.e. sumarið 2023, og að múrverkið væri nýtt. Samkvæmt fyrirliggjandi yfirlýsingu húsfélags, dags. 8. febrúar 2024, en fasteignin var hluti fjöleignarhúss, er hvorki getið um yfirstandandi framkvæmdir né væntanlegar framkvæmdir á fasteigninni. Þá er yfirlýsingin einungis undirrituð af seljanda fasteignarinnar. Framangreind gögn lágu til grundvallar þegar kaupsamningur fór fram um eignina 19. mars 2024. Eftir afhendingu eignarinnar, 1. maí 2024, komu í ljós að gallar voru á fasteigninni sem staðreyndir hafa verið með matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 27. ágúst 2025 og jafnframt að frekari framkvæmdir voru fyrirhugaðar á fasteigninni.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali uppfæra söluyfirlit sem er eldra en þriggja mánaða nema engar breytingar hafi orðið sem lúta að efni þessi. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum í málinu, m.a. þeirri vitneskju að framkvæmdir höfðu átt sér stað á fasteigninni frá gerð söluyfirlits, er það mat nefndarinnar að Z hafi borið að uppfæra fyrirliggjandi söluyfirlit. Hvað varðar yfirlýsingu húsfélags þá liggur fyrir að samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús skal löggiltur fasteignasali sem annast sölu eignar í fjöleignarhúsi sjá um að gefa fullnægjandi og tæmandi upplýsingar um yfirstandandi eða fyrirhugaðar framkvæmdir, viðgerðir eða endurbætur. Af fyrirliggjandi gögnum liggur fyrir að Z uppfyllti ekki þá skyldu sína. Umrædd yfirlýsing uppfyllt ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum til slíkra yfirlýsinga.

Fasteignasali ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni, sbr. Hrd. í máli nr. 223/2002. Að mati nefndarinnar hefur X ekki tekist slík sönnun. Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að Z hafi við sölu umræddrar fasteignar veitt af gáleysi rangar eða ófullnægjandi

upplýsingar í söluyfirliti og yfirlýsingu húsfélags sem hann ber ábyrgð á gagnvart M, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015.

Með vísan til framangreinds er fallist á kröfu M um að bótaskylda sé til staðar úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V, sbr. 27. gr. laga nr. 70/2015.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 153/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15.apríl 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu M til V, dags. 3. október 2024, varð hinn 26. júlí 2024 tjón á fartölvu hans, en samkvæmt fyrirliggjandi bilanagreiningu fékk tölvan yfir sig vökva og skemmdist það mikið að viðgerð borgar sig ekki. Um atvik segir nánari að hann hafi verið á ferðalagi í Króatíu þegar kona sem hann var gestkomandi hjá hrifsaði af honum bakpoka með tölvunni í og lokaði sig af inni í herbergi með hann. Hafi konan neitað að koma út og láta eigur M af hendi. Hafi M kallað til lögreglu sem hafi komið tölvunni í hendur M. Hafi eignarspjöllin verið kærð samdægurs til lögreglu. Einnig kemur fram að erfiðlega hafi gengið að fá umbeðin gögn, þ.e. lögregluskýrslu, afhent hjá lögreglunni.

Í fyrirliggjandi staðfestingu lögreglunnar í Rijeka í Króatíu, dags. 21. mars 2025, kemur fram að henni hafi borist tilkynning frá M þess efnis að hann hefði slitið sambandi við kærustu sína fyrr um daginn og að hún vildi ekki skila fartölvunni hans. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi M lýst atvikum nánar svo hann hefði verið að pakka niður í þeim tilgangi að flytja út en að konan hefði þá tekið fartölvuna og lokað sig inni með hana. Áður en lögregla kom á vettvang hafi hún skilað fartölvunni en hún hafi verið blaut. Einnig kemur fram að lögreglan hafi bent M á að höfða einkamál vegna tjónsins. Kemur þá fram að lögregla hafi ekki fundið ummerki um refsivert athæfi.

Með bréfi, dags. 4. mars 2025, hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að vatnstjón á tölvu erlendis væri ekki bótaskylt úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar M hjá V. M mótmælti þeirri afstöðu enda væri um skemmdarverk en ekki hefðbundnar rakaskemmdir að ræða. Með tölvupósti, dags. 18. mars 2025, áréttaði V höfnun sína á grundvelli þess að vátryggðum bæri að leggja fram þau gögn sem V kynni að krefjast til sönnunar kröfu hans. Þegar um skemmdarverk erlendis væri að ræða væri það helst lögregluskýrsla sem gæti sýnt fram á að um bótaskylt tjón væri að ræða. Í kjölfarið sendi M fyrrgreinda staðfestingu frá lögreglunni í Rijeka til V. Með tölvupósti, dags. 3. apríl 2025, áréttaði V enn höfnun sína á grundvelli þess að framlögð lögregluskýrsla virtist aðeins innihalda einhliða frásögn M sjálfs af atvikum. Þá hafi M borið því við að lögregla hefði þurft að ná tölvunni af konunni en ekkert í fyrirliggjandi lögregluskýrslu staðfesti það heldur komi þvert á móti fram að M hafi haft tölvuna í fórum sínum þegar lögreglu bar að garði.

Í málskoti kemur fram að M telji afstöðu V ekki studda neinum haldbærum rökum né hafi verið vísað til tiltekinna ákvæða skilmála vátryggingarinnar henni til stuðnings. M hafi þá sýnt fram á tjón sitt til samræmis við áskilnað skilmálanna. Í skilmálum sé ekki gerð krafa um að tjón eigi sér stað með ákveðnum hætti eða að óyggjandi sönnur séu færðar á tildrög þess enda væri slíkt fráleit krafa. Hvað varði misræmi í atvikalýsingu M og lögreglu telji hann þá að þar geti verið um að ræða handvömm lögreglu sem hafi ekki verið samstarfsfús og svarað málaumleitan hans seint og illa þegar hann óskaði eftir gögnum málsins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur m.a. fram að málsatvik teljist ósönnuð enda innihaldi fyrirliggjandi lögregluskýrsla aðeins einhliða frásögn M, enga lýsingu sé þar að finna á því um hvers kyns fartölvu hafi verið að ræða né á ástandi hennar. Þá liggi ekki fyrir framburður meints tjónvalds né staðfesting á því að hún hafi viðurkennt að málsatvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsi. Það breyti þá engu í þessu samhengi að fyrir liggi bilanagreiningar frá tveimur verslunum, þ.e. í Frankfurt í Þýskalandi, dags. 31. júlí 2024, og á Íslandi, dags. 2. september 2024, enda komi eins og áður segir ekki fram í lögregluskýrslu hvers konar fartölva varð fyrir skemmdum.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að V geri óeðlilegar og ósanngjarnar kröfur um sönnun og reyni að draga trúverðugleika hans í efa með vísan til atriða sem ekki skipti máli fyrir úrlausn málsins.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að ekki sé unnt að byggja á einhliða lýsingu V þar sem um þáverandi sambúðarfólk/samferðafólk hafi verið að ræða og frásögn meints tjónvalds liggi ekki fyrir. Þá liggi ekki fyrir nein staðfesting á ástandi tölvunnar við komu lögreglu á vettvang og frásögn M um að lögregla hafi þurft að beita valdi til að fá tölvuna afhenta sé ekki í neinu samræmi við fyrirliggjandi lögregluskýrslu.

Álit.

Óumdeilt virðist að greiðslukortatrygging M hjá V hafi verið í gildi 26. júlí 2024, þ.e. að skilyrði þau sem fram koma í gildisákvæðiskafla skilmála hennar hafi verið uppfyllt á þeim tíma. Samkvæmt skilmálum farangurs- og innkaupatryggingarliðar tryggingarinnar eru greiddar bætur úr vátryggingunni vegna tjóns sem verður á einkamunum af völdum m.a. skemmdarverka. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á vátryggðum, þ.e. M, að sýna fram á tjón sitt svo að það verði rakið til bótaskylds atburðar.

Hvað varðar tjónið M sem slíkt liggur fyrir að hann fór með fartölvu af gerðinni MacBook Air í bilanagreiningu, fyrst í Frankfurt hinn 31. júlí 2024 og síðar hér á landi 2. september sama ár. Leiddu umræddar skoðanir í ljós að tölvan hafði orðið fyrir vökvaskemmdum. Verður af því að telja nægilega sannað að tölva í eigu M hafi skemmst af völdum þess að hún komst í snertingu við vökva. Verður þá jafnframt að draga af framangreindu þá ályktun að allar líkur séu á því að sú tölva sem M lét framkvæma bilanagreiningu á 31. júlí 2024 hafi verið sú sama og hann segir að unnin hafi verið skemmdarverk á fimm dögum fyrr.

Hvað varðar sönnun á tjónsatvikinu sem slíku, þ.e. að um skemmdarverk hafi verið að ræða, þá er í umræddum skilmálum ekki gerð krafa um framlagningu lögregluskýrslu en hins vegar segir í 32. gr. þeirra að vátryggðum beri að leggja fram öll þau gögn sem félagið kunni að krefjast til sönnunar kröfu og er lögregluskýrsla þar nefnd í dæmaskyni. Ætla má að það sé einna helst með lögregluskýrslu sem sönnur verða færðar á að skemmdarverk hafi átt sér stað.

Fyrir liggur að M hafði samband við lögregluna í Rijeka í Króatíu og að lögregla kom á vettvang vegna málsins. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu er að finna lýsingu M á atvikum, þ.e. að konan hafi haft fartölvuna í sínum fórum eftir að sambandi aðila lauk og að fartölvan hafi verið blaut þegar henni var skilað til M. Þar kemur einnig fram að M hafi verið ráðlagt að höfða einkamál vegna tjónsins.

Má af framangreindu fallast á að ekki liggi fyrir ítarleg rannsóknargögn frá lögreglu eða framburður konunnar sjálfrar. Hins vegar verður að líta til þess að M hafði samband við lögreglu, sem kom á vettvang og ekki verður ráðið af fyrirliggjandi skýrslu að lögreglan hafi beinlínis dregið frásögn hans um að tjón hafi orðið og að um skemmdarverk hafi verið að ræða í efa. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að tilefni sé til að efast um að M hafi leitað aðstoðar lögreglu vegna raunverulegs ágreinings um fartölvuna. Verður því að telja að ágreiningur hafi átt sér stað, og að konan hafi neitað að skila tölvunni og að endingu skilað henni blautri. Með hliðsjón af þeim aðstæðum verður jafnframt að telja allar líkur til þess að umrætt tjón hafi stafað af vísvitandi háttsemi hennar.

Verður M ekki látinn bera hallann af því að rannsókn lögreglu á umræddu atviki virðist hafa verið fremur viðalítil en t.a.m. liggur ekkert fyrir um að reynt hafi verið að ná tali af umræddri konu. Verður ekki séð að M hafi haft neina stjórn á aðgerðum lögreglu né verið unnt að sýna fram á tjónið með öðrum hætti en þeim að kalla til lögreglu sem hann og gerði.

Í ljósi þess telur nefndin að M hafi fært nægilegar sönnur á að fartölva hans hafi orðið fyrir því tjóni sem hann krefst bóta vegna og að það tjón megi rekja til skemmdarverks. Verður þá ekki talið að það misræmi sem er á atvikalýsingu M í tjónstilkynningu og því sem haft er eftir honum í skýrslu lögreglu haggi framangreindu, en báðar lýsingar eru á þann veg að um skemmdarverk hafi verið að ræða.

Ekki liggur þá fyrir að samband M og umræddrar konu hafi verið með þeim hætti að samsömun á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. og ákvæði 38. og 40. gr. skilmála vátryggingarinnar, komi til álita.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 154/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 12. maí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. maí 2026.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að starfsmaður á vegum X var að vinna við að skipta um mæli á heimlögn heitavatns hjá M. Við það verk hafi heimtaugin gefið sig með þeim afleiðingum að fasteign M varð fyrir vatnstjóni. Í málskoti krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V með þeim rökum að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Tekur M m.a. fram að það hefði verið eðlilegt af hálfu X að skrúfa fyrir heimlögnina áður en hafist var handa við verkið, nokkuð sem hafi ekki verið gert. Þá byggir M einnig á að starfsmenn X hafi áður unnið á staðnum án þess að gera neinar athugasemdir við ástand lagnanna sem þeir hefðu átt að gera teldu þeir ástand þeirra jafn slæmt og V virðist byggja á.

Í athugasemdum V er á það bent að til þess að bótaskylda geti stofnast úr ábyrgðartryggingu X þurfi M að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi sem X geti borið ábyrgð á. Þá bendir V á að það komi fram í gögnum málsins að starfsmenn X hafi skipt um mæli á heimtaug heitavatns í fasteign M. Heimtaugin sem um ræði sé í eigu húseiganda og á hans ábyrgð. Af því leiði að ábyrgð á viðhaldi og eftirliti lagnarinnar hvíli á eiganda fasteignarinnar. Við verkið hafi verið nauðsynlegt að loka fyrir aðalloka heitavatns í tengigrind en við það hafi lögnin í fasteigninni brostið með þeim afleiðingum að heitt vatn hafi byrjað að leka. Starfsmaður X hafi brugðist eins fljótt við og kostur var og lokað fyrir vatnstreymið inn í fasteignina með því að skrúfa fyrir aðalkrana úti í götu. Ekki sé ágreiningur um þessa atburðarás, sbr. eftirfarandi sem komi fram í málskoti: *„During the intervention, while a Selfossveitur employee was shutting off the hot water valve inside the property, a pipe carrying hot water suddenly burst.“* Telur V að fyrirliggjandi myndir sýni að orsök þess að vatnslögnin brast sé sú að lögnin hafi verið orðin verulega tærð og komin vel yfir líftíma sinn. X beri enga ábyrgð á viðhaldi lagnarinnar eða rörum innan fasteignarinnar og eigi því enga sök á því að lögnin gaf sig. Þá beri X enga ábyrgð á eftirliti eða könnun á ástandi lagna í fasteign M, enda sé það ekki hlutverk X að framkvæma sjálfstæðar úttektir á innri lögnum fasteigna. Að mati V verði því með engum hætti hægt að rekja orsök vatnstjónsins til háttsemi starfsmanns X, enda hafi hann sinnt starfi sínu með eðlilegum hætti. Í raun megi segja að skjót viðbrögð hans hafi komið í veg fyrir frekara tjón, þar sem hann gat skrúfað fyrir vatnið strax eftir að lekinn kom fram. V telur því ósannað að X eða starfsmenn X hafi valdið tjóni M með einhverjum hætti, eða beri einhverja sök skv. almennum reglum skaðabótaréttar á tjóninu sem hér um ræðir.

Í viðbótarathugasemdum M, er að finna rök gegn framangreindum athugasemdum V. Bendir M m.a. á að málið snúist ekki um það hver beri ábyrgð á lögninni heldur snúi athugasemdirnar að vinnulagi og óvandvirkni starfsmanna X ekki síst þegar ástand lagnanna sé haft í huga. Telur M að í því liggi sökin. Vísar M m.a. til 4 . og 5. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup í þessu sambandi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni í húsnæði M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

M byggir kröfu sína á því að tjónið verði rakið til ófaglegra vinnubragða af hálfu starfsmanna X. Hins vegar hefur M ekki lagt fram önnur gögn kröfu sinni til stuðnings en eigin frásögn af því sem hann telur að hafi farið úrskeiðis. Því liggja ekki fyrir nein þau sérfræðigögn í málinu sem nefndin telur að hægt sé að byggja þá niðurstöðu á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem leiði til skaðabótaábyrgðar X. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til sakar X eða starfsmanna X. M hefur ekki tekist sú sönnun og á því ekki rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 155/2026
Nafn málskotsaðila (M), f.h. ólögráða sonar (Y)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartryggingarliður fjölskyldutryggingar.
Nafn vátryggingartaka (X), f.h. ólögráða sonar (Z)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að Y, sonur M, hafi slasast í kennslustund í 7. bekk í grunnskóla. Er atvikum lýst þannig að Y hafi fengið leyfi kennara til að fara á salernið en þegar Y gekk út úr skólastofunni þá hafi hann séð hvar aðrir krakkar úr bekknum voru fyrir. Hafi krakkarnir látið ófriðlega og gert háreysti. Á meðal þeirra var tjónvaldur Z. Segir ennfremur að Y hafi sagt krökkunum að fara inn í kennslustofuna og vera til friðs, en þeim tilmælum hafi krakkarnir ekki sinnt. Þá hafi kennari gengið að krakkahópnum og skipað þeim að fara inn í stofu, sem og þau gerðu. Segir í málskoti að úr hafi orðið mikill hamagangur þar sem hópurinn hafi hlaupið að hurðinni. Þá hafi Y lent í miðri þvögunni sem hljóp meðfram honum. Segir loks í málskoti að þegar Y taldi að allt væri að verða um garð gengið þá hafi Z skellt hurð stofunnar, án þess að gæta nokkuð að því að Y stæði þar enn, með þeim afleiðingu að hendi Y klemmdist alvarlega. Segir að Y hafi tekist að forða frekara tjóni, en þó brotnaði einn fingur. M byggir á því að X, f.h. Z, beri skaðabótaábyrgð á vegna framangreinds tjóns gagnvart Y. Í málskoti segir ennfremur að fyrir liggi að einn nemenda olli slysinu, að Y sá að það var Z en að frekari upplýsingar um það hafi ekki fengist frá öðrum aðilum. Telur M það fullnægjandi sönnun á ábyrgð Z. Vísar M til almennu sakarreglunnar, aldurs tjónvalds og fylgiskjala með málskoti. Vísar M þar sérstaklega til slysaskráningar skólans þar sem segir að *„[n]emandi í [] kemur í hurð og nemendur fara þangað. Svo lokar einn í stofunni hurðinni og litli fingur“* Y lendir á milli. Í tjónstilkynningu til vátryggingafélags M segir svo að einn krakkanna hafi skellt á eftir sér hurðinni með þeim afleiðingum að fingur Y klemmdist.

Í athugasemdum V er því hafnað að Z beri skaðabótaábyrgð á slysi Y. Bendir V í því sambandi m.a. á að engin sönnunargögn liggi fyrir í málinu sem bendi til þess að Z, sonur X, hafi verið sá sem bar ábyrgð á því að hurðinni var skellt. Þvert á móti hafi fleiri börn verið í hópnum sem hlupu inn í kennslustofuna á sama tíma og hurðinni var skellt. Þannig séu engin gögn í málinu sem styðji þá fullyrðingu Y að Z hafi einn eða af ásetningi skellt hurðinni með þeim afleiðingum að Y slasaðist. Því sé ekki komin fram fullnægjandi sönnun fyrir því að Z, sonur X, hafi verið ábyrgur í skilningi skaðabótaréttar. Ennfremur vísar V til þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða en ekki saknæma háttsemi af hálfu sonar X og að Y hafi sýnt af sé gáleysi með því að setja fingur í fals hurðarinnar sem sé óvarlegt og eykur hættu á slysi.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr ábyrgðarlið heimilistryggingar X hjá V vegna þess tjóns sem M telur að sonur X hafi valdið syni M. Ábyrgðartryggingarliður vátryggingarinnar tekur til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðann sem einstakling. Það hvílir svo á M að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. M viðurkennir í málskoti að engar upplýsingar hafi fengist frá öðrum aðilum um hvort Z hafi verið sá sem skellti hurðinni og sjálfstæð lýsing Z á atvikum liggur ekki fyrir í málinu. Þá nafngreina samtímagögn, þ.e. slysaskráning, og tjónstilkynning ekki tjónvald. Gegn neitun V hefur því ekki verið sýnt fram á að Z beri skaðabótaábyrgð á slysi Y. Hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón Y megi rekja til saknæmrar háttsemi Z. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M, fyrir hönd Y, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingalið fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 156/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 5. maí 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M lenti í umferðarslysi 12. ágúst 2023. Um hafi verið að ræða aftanákeyrslu á ökutæki M þar sem hann hafi hlotið talsvert högg á axlir, bak og háls. Bótaskylda hefur verið viðurkennd vegna þess umferðarslyss hjá hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Þann 12. apríl 2024 hafi M lent aftur í aftanákeyrslu þar sem hann var kyrrstæður á rauðu ljósi sem ökumaður í bifreið A á gatnamótum Stórhöfða og Gullinbrúar í Reykjavík. Hafi árekstur inn orðið á grænu ljósi. Þegar M hafi ætlað að taka af stað hafi B skyndilega verið ekið aftan á A af talsverðum þunga. Ágreiningur sé um það hvort orsakatengsl teljist sönnuð milli seinna slyssins og tiltekinna einkenna sem M vill tengja við það. Hvað þann ágreining varðar er í málskoti bent á að samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar eigi tjónþolar sem eru sérstaklega viðkvæmir ekki að sæta skerðingu bótaréttar síns sökum þess. Gildi það hvort sem viðkvæmni tjónþola er vegna fyrra slyss, undirliggjandi sjúkdóms eða af öðrum ástæðum. Algengt þrætuepli fyrir úrskurðarnefndinni sé hvort tjónþolar hafi orðið fyrir tjóni eins og hér sé um að ræða. Í úrskurðarframkvæmd hafi verið horft til gagna og málsatvika heildstætt og metið hvort meiri líkur en minni væru fyrir því að málskotsaðili hafi orðið fyrir líkamstjóni hvert sinn, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 121/2023. Í dómsmáli sem höfðað var vegna sama máls fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-2340/2024 segir þá einnig orðrétt í dómnum*: „Hvernig svo sem áreksturinn kann að vera metinn út frá þeim kröftum sem leystust úr læðingi við hann er ljóst að tjónvaldur og þar með tryggingafélag hans, verður að taka tjónþola eins og hann er. Þannig er ekki víst að sá sem ber ytri ummerki líkamlegrar hreysti hafi þannig viðnámsþrótt sem ætla mætti þegar hann verður fyrir höggi eða öðru hnjaski sem lítill kraftur virðist í.“* Í tilviki árekstursins 2024 liggi fyrir að M hafi strax leitað á heilsugæslu og kvartað undan verkjum eftir áreksturinn. Þá hafi M verið í virkri sjúkraþjálfun. Í skýrslu sjúkraþjálfarans, dags. 4. janúar 2026, komi fram að: *„[M] kemur fyrst í meðferð 30/10/2023 og hefur komið alls 26 sinnum í meðferð síðan þá. Meðferðin hjá [M] hefur frá upphafi almennt gengið vel og hann verið á réttri leið allan tímann. [...] Hann lendir síðan í að verða aftur fyrir áverka í bílslysi sem átti sér stað 12/4/2024 og við þann áverka versnuðu einkenni hans nokkuð aftur og varð afturför á hans bata. Verkirnir niður hendina jukust aftur töluvert eftir það.“* Eins og lýst sé í skýrslu sjúkraþjálfarans hafi M versnað við síðara umferðarslysið og hafi það valdið afturför á bata hans og aukið verki t.d. niður hendina. Þrátt fyrir að vera viðkvæmur fyrir sé því ljóst að áverkar M hafa versnað við síðari áreksturinn. Slík versnun geti því ekki verið afleiðing fyrra slyssins. Gögn málsins styðji að þessu leyti skýrlega varanlegar afleiðingar eftir síðara umferðarslysið, en að lágmarki séu meiri líkur en minni á að svo sé, sem er sú lína sem úrskurðarnefndin hafi miðað við. Þá hafni M PC-Crash útreikningum V, enda taki þeir ekkert tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna M, né sé þar litið til heilsufarsgagna að nokkru leyti. Dómaframkvæmd og úrskurðarframkvæmd úrskurðarnefndarinnar hafi þegar markað þau skýru mörk varðandi slíka útreikninga að læknisfræðileg gögn um ástand tjónþola gildi framar hraðaútreikningum.

Í athugasendum V er í upphafi vísað í höfnunarbréf, dags. 2. júlí 2025, og ítrekuð þau sjónarmið sem þar komi fram. Til viðbótar bendir V á að M eigi sögu um fyrra umferðarslys 12. ágúst 2023. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkragögnum hafi M kallað eftir sjúkragögnum þann 21. ágúst 2023 en eigi svo fyrstu komu til læknis þann 7. september 2023. Þá hafi hann kvartað undan einkennum í hálsi og öxlum. Þann 12. apríl 2024 hafi síðara slysið orðið og hafi M mætt samdægurs í viðtal hjá hjúkrunarfræðingi sem hafi veitt honum almenna fræðslu án þess að nokkur læknisfræðileg greining á einkennum hafi átt sér stað. Þann 19. mars 2025 hafi M í fyrsta skipti eftir seinna slysið farið til læknis, þ.e. um 11 mánuðum eftir áreksturinn. Hafi í það sinn einvörðungu verið rakið að M sé að glíma við einkenni í hálsi og hafi hann fengið greiningu um whiplash áverka, þ.e. sömu greiningu og eftir fyrra slysið. Ekki verði séð að

nein versnun hafi átt sér stað, enda eigi M nær engar komur til læknis eftir seinni áreksturinn nema löngu síðar. Telur V að í ljósi þess hve vægur áreksturinn 2024 var, sé eðlilegt að gerðar séu ríkar kröfur um sönnun á orsakatengslum enda afar órökrétt ályktun að áætla sem svo að einstaklingur yrði fyrir líkamstjóni við atburð af þessu tagi. V vísar einnig í athugasemdir málskotsaðila um PC-Crash skýrslu málsins og A&Ö. Bendir V á að það sé alfarið rangt að Aðstoð og öryggi vinni fyrir tryggingarfélögin. Aðstoð og öryggi sé með starfsfólk sem vinni við að upplýsa um umferðaróhöpp og slys, hvort sem þau eru tryggingarfélaginu í hag eða óhag. Varðandi PC-Carsh skýrslu málsins og sönnunargildi hennar bendir V á að meginatriðið sem skýrslan sanni sé að áreksturinn milli bifreiðanna hafi verið afar vægur. Í málskoti sé því haldið fram að bifreið B hafi verið á að minnsta kosti 20 – 30 km/klst. við áreksturinn. Þar sé um að ræða augljósar ýkjur sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Í fyrirliggjandi skýrslu A&Ö greini ökumaður B frá því að hún hafi verið stopp við umferðarljós og því nýtekin af stað er hún keyrði aftan á A. V telur ljóst að PC-Crash skýrslan og sjúkragögn málsins beri það með sér að það sé með öllu ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Komi það heim og saman við það að svo vægt högg, en ómögulegt sé að greina sjáanlegt tjón á hlutaðeigandi bifreið, sé ekki til þess fallið að valda líkamstjóni. Að lokum sér V ástæðu til að gera athugasemdir við fullyrðingar í skýrslu sjúkraþjálfara um meinta versnun á líkamlegum einkennum eftir áreksturinn. Umrædd skýrsla lýsi einkennum sem séu verulega frábrugðin því sem komi fram í sjúkragögnum málsins sem dragi enn fremur úr trúverðugleika á þeim meintu líkamlegu einkennum sem M vill rekja til árekstursins. Jafnframt verði sjúkraþjálfunarmeðferð ekki lögð að jöfnu við læknisfræðilega greiningu á einkennum sem ýti frekar stoðum undir þá afstöðu V að orsakatengsl milli meintra einkenna og árekstursins séu ósönnuð.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri athugasemdir varðandi PC-Crash skýrslu ítrekaðar. Þá er bent á að í athugasemdum sínum beri V því við að skýrsla sjúkraþjálfara feli í sér lýsingar á einkennum sem séu verulega frábrugðin þeim einkennum sem fram koma í sjúkragögnum, sem dragi enn fremur úr trúverðugleika á líkamlegum einkennum M sem hann rekur til seinni árekstursins. Þá telji V að sjúkraþjálfunarmeðferð verði ekki lögð að jöfnu við læknisfræðilega greiningu á einkennum, sem ýti frekar stoðum undir þá afstöðu V að ekki séu orsakatengsl milli einkenna M og árekstursins. Telur M rétt að taka fram að það að leita sér aðstoðar hjá sjúkraþjálfara sé talinn vera hluti af tjónstakmörkunarskyldu tjónþola í slysum líkt og hér um ræðir. Það að M hafi ekki leitað sér reglulegrar læknisfræðilegrar aðstoðar afsanni hvorki né dragi úr þeim áverkum eða versnun þeirra sem hann hafi glímt við í kjölfar umrædds umferðarslyss. Líkt og fram komi í skýrslunni hafi einkenni M versnað og hafi hann í raun verið kominn á byrjunarreit í kjölfar seinna umferðarslyssins. Ekki fáist ráðið á hverju V byggi þegar það ber því við að umrædd skýrsla sjúkraþjálfara lýsi einkennum sem séu verulega frábrugðin því sem fram komi í sjúkragögnum og það dragi úr trúverðugleika á meintum líkamlegum einkennum M sem rekja megi til árekstursins. Við seinna slysið var M þegar í meðferð hjá þeim sjúkraþjálfara sem ritaði umrædda skýrslu vegna fyrra umferðarslyss. Hann meti áverka M sem svo að versnun hafi átt sér stað við seinna slysið. M hafnar alfarið tilraunum V til að rengja læknisfræðileg gögn málsins. Engin haldbær gögn eða rök hafi verið lögð fram sem gefi tilefni til að draga í efa fræðilegt álit þess heilbrigðissérfræðings sem skýrsluna vann. Að ofangreindu virtu ítrekar M kröfur sínar um að viðurkenndur verður fullur og óskertur bótaréttur hans úr ábyrgðartryggingu ökutækis B.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins 12. apríl 2024 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. Svo bótaskylda vegna líkamstjóns komi til álita hvílir það á M að sýna fram á tjón sinn og að meiri líkur en minni séu til þess að orsakatengsl séu til staðar. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Við mat á því hvort orsakatengsl séu til staðar þarf því að líta heildstætt til allra málsgagna, einkum læknisfræðilegra.

Í málinu er frekar takmarkaðar upplýsingar að finna um læknisfræðilega meðferð M í kjölfar slyssins 2024. Fyrirliggjandi er samskiptaseðill vegna komu M til hjúkrunarfræðings á slysdegi. Kemur þar fram að M hafi fengið hnykk á bakið sem hafi leitt niður mjóbak. Hann hafi þó ekki kennt sér frekari meins þann dag og sé ekki stífur. Í sjúkraskrá HSU, dags. 3. ágúst 2017 - 14. maí 2025, kemur m.a. eftirfarandi

fram í beiðni um sjúkraþjálfun 19. mars 2025: *„Aftanákeyrsla 12. ágúst 2023, með einkenni frá hálsi uppfrá því, verkir og stirðleiki í hálsi, sérstaklega vi. megin í hálsi, við skoðun ekki merki með vissu um dofa eða skyntruflun í höndum eða efri útlimum. Síðan aftur aftaná-ákeyrsla 2024 og enn með einkenni frá hálsi/herðum.“* Í skýrslu sjúkraþjálfara kemur m.a. fram að við fyrra slysið hafi M fengið hnykk á brjóstbak, mjóbak og háls. Þá segir þar einnig að eftir seinna slysið hafi fyrri einkenni versnað nokkuð og hafi orðið afturför á bata M. Verkir niður í hendi hafi einnig aukist töluvert við seinna slysið.

Af þeim upplýsingum sem liggja fyrir í málinu virðist mega draga þær ályktanir að heilsufarslegar afleiðingar slysanna tveggja hafi verið sambærilegar. Afleiðingar seinna slyssins hafi því í raun verið þær sömu og af völdum fyrra slyssins og ekki liggi fyrir að seinna slysið hafi valdið varanlegri verslun á fyrri einkennum. Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður því að telja að M hafi ekki sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við umferðarslysið 12. apríl 2024. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 157/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 28. apríl 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V2 dags. 19. júní 2026.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. júní 2026.
5. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 2. júlí 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 16. október 2025, verið farþegi í bifreiðinni A. A hafi verið kyrrstæð í bifreiðastæði þegar B hafi skyndilega verið bakkað á hana. Um leið og M opnaði dyrnar á A hafi B verið ekið í burtu en M hafi þó náð að taka ljósmynd af afturhluta hennar. Á ljósmyndinni sjáist skemmdir á B.

Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla, dags. 29. október 2025, þar sem fram kemur að eigandi A hafi, hinn 17. október 2025, tilkynnt um árekstur og afstungu í gegnum heimasíðu lögreglu. Í skýrslunni kemur m.a. fram að hringt hafi verið í umráðamann B, sem hafi gengist við því að hafa ekið B á umræddum stað og tíma. Hann „vildi ekki neita fyrir að það gæti hafa gerst“ en hann hafi þá ekki tekið eftir því. Aðspurður um sjáanlegt tjón á afturstuðara B sagði hann að um gamalt tjón væri að ræða, en B væri með sjáanlegar rispur og beyglur allan hringinn.

Í málskoti er vísað til þess að M hafi leitað til læknis daginn eftir umrætt atvik, en hann hafi fengið hnykk við höggið. Sé hann enn með líkamleg einkenni vegna þessa. Telji M fullsannað að ökumaður B hafi valdið tjóni og sé því fyrir hendi bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, kemur fram að V2 hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að snerting hefði orðið með bifreiðunum. V1 hafi óskað eftir því að Aðstoð og öryggi framkvæmdi samanburðarrannsókn á bifreiðunum, en ökumaður B hafi ekki svarað símtölum fyrirtækisins og ekki hringt til baka. Hafi rannsóknin því ekki getað farið fram og verði að meta umráðamanni B það til sakar. Telji V1, með hliðsjón af gögnum málsins, sannað að B hafi verið ekið á A í umrætt sinn.

Í bréfi V2 kemur fram að M beri sönnunarbyrði um þau atvik sem hann reisir bótakröfu sína á og hafi verið margstaðfest í dómaframkvæmd og úrskurðum nefndarinnar að ef ósannað sé að tjón megi rekja til notkunar ökutækis, eða ef ekki er sýnt fram á orsakatengsl milli slíkrar notkunar og tjóns, beri tjónþoli hallann af þeim sönnunarskorti. Gegn neitun ökumanns B og án frekari gagna sem upplýsi um atvik málsins eða tjón M sé umrætt atvik ósannað og kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M er fallist á að sönnunarbyrði um tjón, orsakir þess og umfang, hvíli á tjónþola. Í þessu tilviki hafi M þó uppfyllt þær kröfur sem gerðar séu til slíkrar sönnunar. Er áréttað að ökumaður B hafi farið af vettvangi er hann varð var við M. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu sé þá merkt við að B hafi ekki verið vátryggð auk þess sem ökuskírteini ökumanns hafi verið útrunnið. Renni það frekari stoðum undir það að ökumaður B hafi stungið af vettvangi. Þá hafi ökumaður B ekki neitað fyrir að atvikið hafi átt sér stað. Frásögn hans um eldra tjón á B sé þá ótrúverðug. Er jafnframt gerð sérstök athugasemd við það að V2 hafi hafnað bótaskyldu án þess að hafa samband við umráðamann B, þ.e. vátryggingartaka, og án þess að framvísa nokkrum gögnum eða framburði vitna. Er þá áréttað að M hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að uppfylla þær sönnunarkröfur sem til hans verði gerðar.

Álit.
Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á tjónþoli að sýna fram á tjónsatvik hafi átt sér stað. Við mat á því hvort slík sönnun hafi tekist verður að byggja á almennum reglum einkamálaréttarfars um frjálst sönnunarmat og verður heildstætt mat lagt á þau gögn sem fyrir liggja.

Af gögnum málsins verður ráðið að lögreglu var tilkynnt um atvikið daginn eftir að það átti sér stað. Þá liggur fyrir ljósmynd sem M tók af bifreið B á vettvangi. Lögregla hafði þá samband við umráðamann B og samkvæmt lögregluskýrslu gekkst hann við því að hafa ekið bifreiðinni á umræddum stað og tíma og útilokaði ekki að umrætt atvik hefði átt sér stað, þótt hann hafi ekki orðið þess var. Þá verður ekki fram hjá því litið að ökumaður B varð ekki við beiðni um að færa bifreiðina til samanburðarrannsóknar, þrátt fyrir að slíkt hefði getað varpað frekara ljósi á málið.

Þótt ekki liggi fyrir samanburðarrannsókn á bifreiðunum verður að líta til þess ekki liggur annað fyrir en að frásögn M hafi verið stöðug frá upphafi, og hún nýtur jafnframt stuðnings af þeirri staðreynd að umráðamaður B viðurkenndi að hafa verið á vettvangi á umræddum tíma. Engin gögn liggja fyrir er hnekkja frásögn M af atvikum.

Að virtu framangreindu verður talið nægilega sannað að bifreið B hafi verið ekið á A hinn 16. október 2025 og að umrætt tjónsatvik verði rakið til notkunar B. Er því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 fyrir hendi.

Það hvílir þó einnig á M að sýna fram á orsakatengsl milli umrædds atviks og þess tjóns sem hann rekur til þess svo og umfang þess tjóns. Hvað munatjón varðar þá kemur fram í tjónstilkynningu eiganda A til V1, dags. 17. október 2025, að ekki sé sýnilegt tjón á A, en gera megi ráð fyrir að árekstrarvörnin í stuðaranum sé brotin og jafnvel ónýt. Engin frekari gögn liggja fyrir um það, s.s. mat verkstæðis, og verður því að telja ósannað hvert umfang tjónsins er. Hvað varðar líkamstjón M þá liggur fyrir að hann leitaði til læknis daginn eftir atvikið og var verkjaður í hrygg og stirður í hálsi. Var hann þá greindur með ótilgreindan bakverk og fékk ávísað verkjalyfjum. Hinn 22. október 2025 leitaði M aftur til heilsugæslu og óskaði eftir beiðni í sjúkraþjálfun. Ekkert liggur fyrir hvort M hafi sótt slíka meðferð. Þá leitaði M á heilsugæslu í nokkur skipti í nóvember 2025 og fékk m.a. ávísað öðrum verkjalyfjum. Í samskiptaseðli heilsugæslu dags. 19. nóvember 2025 kemur fram að M „kveðst mikill baksjúklingur eftir áverka 2014“ en ekki virðast hafa fundist færslur um umkvartanir vegna bakverkja á heilsugæslunni. Engin frekari gögn liggja þá fyrir um umræddan áverka frá árinu 2014 né afleiðingar hans. Í ljósi þess að einkenni M virðast nokkuð almenns eðlis, svo og þess að engar upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar hans, né liggur fyrir heildstætt læknisvottorð eða matsgerð óvilhallra matsmanna um líkamlegar afleiðingar árekstursins á M, verður, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, því ekki lagt mat á orsakatengsl eða umfang ætlaðs líkamstjóns hans.

Af öllu framangreindu leiðir að það tjón sem sýnt verður fram á að rekja megi til umrædds áreksturs er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2. Ekki er hér tekin afstaða til þess hvert umfang þess kunni að vera enda eru fyrirliggjandi gögn ekki nægjanleg til að leggja mat á hvort og að hvaða marki bótaskylt tjón hafi orðið vegna atviksins.

Niðurstaða.
Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 158/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. maí 2026.

Málsatvik.

Hinn 2. janúar 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, en M var ökumaður hinnar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi borið alla sök á umræddum árekstri.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir tognun í lendhrygg við atvikið og glími enn við verki í baki, hálsi, öxl og víðar. V hafi hins vegar, með tölvupósti dags. 5. febrúar 2026, hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M á grundvelli þess að það teldi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Í málskoti er þeirri afstöðu mótmælt og þess krafist að viðurkennd verði full og óskert bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns M.

Af hálfu M er byggt á því að fyrirliggjandi sjúkragögn sýni fram á orsakatengsl einkenna M við slysið. Hann hafi fyrst leitað til læknis vegna afleiðinga þess 8. janúar 2025 og þá lýst einkennum frá mjóbaki, hálsi og herðum. Hafi M verið greindur með tognun á lendhrygg og fengið ávísað Norgesic verkjalyfjum. Hinn 2. maí 2025 hafi M leitað til læknis á ný þar sem hann hafi enn fundið fyrir verkjum í hálsi og herðum. Var hann þá greindur með tognun/ofreynslu á hálshrygg og tognun á lendhrygg og fékk ávísað beiðni um sjúkraþjálfun. Líkt og greina megi af sjúkraskrá þurfi M enn að taka verkjalyf vegna einkenna sinna. Liggi því fyrir sönnun um varanlegar afleiðingar slyssins. Verði þar af leiðandi ekki annað séð en höfnun V á bótaskyldu byggi aðeins á PC-crash skýrslu sem V hafi aflað einhliða en M telur hana ekki hafa sönnunargildi í málinu. Er sérstaklega vísað til dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-3303/2025 og E-6399/2019, svo og dóms Landsréttar í máli nr. 526/2021 því til stuðnings. Á grundvelli útreiknings í slíkum skýrslum verði aldrei fullyrt um hvort slys geti leitt til varanlegra afleiðinga enda þurfi að horfa sérstaklega til læknisfræðilegra gagna um hvern og einn einstakling.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysum á árunum 2019 og 2021 og tvisvar verið metinn til miska og örorku vegna sömu einkenna og hann reki nú til slyssins 2. janúar 2025. Um mjög vægan árekstur hafi verið að ræða og verði einkenni frá háls- og lendhrygg því aðeins rakin til þessara fyrri slysa. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvíli sönnunarbyrði þess að orsakatengsl séu til staðar á tjónþola og eins og hér hátti til hafi slík sönnun ekki tekist. Vísar V sérstaklega til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 til stuðnings afstöðu sinni.

Í viðbótarathugasemdum M er sönnunargildi umþrættrar PC-crash skýrslu enn mótmælt. Hvað fyrra heilsufar M varði þá hafi það ekki aðra þýðingu í málinu en að sýna fram á að hann hafi verið sérstaklega viðkvæmur fyrir í lend- og hálshrygg. Það eigi ekki að leiða til þess að bótaréttur hans sé skertur. Er sérstaklega vísað til umfjöllunar í áðurnefndum dómi héraðsdóms í máli E-6399/2019 hvað það varðar. Þá hafi líkamsstaða M í aðdraganda árekstursins, en hann hafi snúið aftur að baksæti B, gert hann sérstaklega útsettan fyrir meiðslum. Óumdeilt sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn og líkamlegt ástand hans hafi versnað. Sé það undir hæfum og óvilhöllum matsmönnum, en ekki V, komið að meta nákvæmt umfang afleiðinga slyssins.

Álit.

Samkvæmt framangreindu snýst ágreiningur aðila um það hvort orsakatengsl séu milli áreksturs sem varð 2. janúar 2025 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans.

V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar

víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins. Einkum þarf að líta til læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, s.s. fyrra heilsufari og líkamsstöðu. Þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar getur því verið unnt að sýna fram á líkamstjón með framlagningu annarra gagna, einkum læknisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 6. janúar 2022 til 11. desember 2025. Þá kemur fram í matsgerð, dags. 20. desember 2020, en hún var unnin í þeim tilgangi að meta líkamlegar afleiðingar slyss sem M varð fyrir 3. júlí 2019, að M lýsi verkjum neðarlega í baki og á vinstra mjaðmasvæði. Einnig liggur fyrir matsgerð, dags. 18. september 2023, en hún var unnin í þeim tilgangi að meta líkamlegar afleiðingar slyss sem M varð fyrir 21. október 2021. Þar kemur fram að M lýsi einkennum í brjóstbaki við vinstra herðablað. Þá lýsi hann óþægindum í hálsi, aðallega hægra megin og þreytu frá hálsi og brjóstbaki við langar setur. Verkirnir frá mjóbaki og vinstra mjaðmasvæði hafi þá versnað. Af sjúkraskrá heilsugæslu má ráða að M hafi fengið ávísað Norgesic vegna einkenna þessara slysa, síðast í ágúst 2024. Má þá einnig ráða af fyrirliggjandi sjúkraskrá að M hafi fengið ávísað beiðni um sjúkraþjálfun vegna afleiðinga þeirra í nóvember 2023.

Fyrir nefndinni lýsir M einkennum frá baki, öxl, hálsi og víðar. Hinn 8. janúar 2025 leitaði M á heilsugæslu og lýsti þá eymslum í mjóbaki, hálsi og herðum. Hjúkrunargreining var tognun á lendhrygg en í samskiptaseðli hjúkrunar kemur jafnframt fram að hann sé „að taka Norgesic vegna annars umferðaróhapps.“ Við skoðun læknanema vegna beiðni M um útgáfu áverkavottorðs sama dag var „óskert hreyfigeta um hryggsúlu. Engin áverkamerki sjáanleg, ekki sár, mar eða aflögun. Stífur og eymsli við þreyfingu yfir vöðvum og hálsi og herðum“. Skráð greining vegna þeirrar skoðunar var „Myalgia, M79.1, Ný episóða – Nei“. M leitaði aftur til læknis 2. maí 2025 og lýsti þá eymslum í mjóbaki og hálsi og herðum. Var hann greindur með tognun/ofreynslu á hálshrygg og tognun á lendhrygg og fékk ávísað beiðni um sjúkraþjálfun. Ekki er ljóst hvort M hafi sótt sjúkraþjálfun en í öllu falli liggja engin gögn, s.s. komuyfirlit eða skýrsla sjúkraþjálfara, fyrir nefndinni. Af sjúkraskrá má ráða að M hafi áfram fengið ávísað lyfinu Norgesic en ekki verður séð að hann hafi aftur leitað til læknis vegna einkenna sinna.

Það hvílir á M að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu milli umrædds áreksturs og einkenna hans. Eins og að framan er rakið virðist þeim einkennum að miklu leyti svipa til fyrri einkenna hans. Þá liggur ekki meðal gagna málsins heildstætt læknisvottorð eða annað gagn er sýni fram á að um ný einkenni eða versnun fyrri einkenna sé að ræða. Í ljósi þess verður að telja að M hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á honum hvílir og er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 159/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.
1. Málskot móttekið 13. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1 dags. 28. apríl 2026
3. Athugasemdir V2 dags. 6. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir M ódags.

Málsatvik.
Mál þetta varðar árekstur 5. nóvember 2025 á Réttarholtsvegi við gatnamót Sogavegar á milli bifreiðanna A og B. A var vátryggð hjá V1 og B hjá V2. Ökumaður A kvaðst hafa ekið eftir Réttarholtsvegi og stöðvað á rauðu ljósi er ökumaður B hafi ekið upp að gatnamótum vinstra megin við A. Á grænu ljósi hafi A ekið af stað beint áfram, í samræmi við sína aksturstefnu, en ökumaður B hafi ekið áfram og ætlað að beygja til hægri þannig að bifreið hans rakst utan í vinstri hlið bifreiðar A. Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir Réttarholtsvegi með fyrirhugaða aksturstefnu til hægri á Sogaveg þegar bifreið A hafi verið ekið utan í bifreið B. Tjónanefnd komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta sök í málinu.

M byggir á því að ábyrgð á tjóninu eigi að hvíla alfarið á ökumanni B. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi ökumaður B ekið upp að gatnamótunum vinstra megin við bifreið A þrátt fyrir að aðeins ein akrein væri á umræddum stað og síðan beygt til hægri úr stöðu vinstra megin við A. Eðli tjóns bifreiðar A sem hafi birst í langri hliðarrispu eftir vinstri hlið hennar styðji eindregið þá atburðarás og sé ósamrýmanlegt því að bifreið A hafi verið ekið utan í bifreið B. Þá hafi bifreið A verið mun stærri og færa mætti rök fyrir því að hliðarspegill bifreiðar B hefði brotnað eða orðið meira tjón en raun varð á ef atvik hefðu verið með þeim hætti er ökumaður B héldi fram. Háttsemi ökumanns B hafi falið í sér mörg og veruleg brot á umferðarlögum. Auk staðsetningar bifreiðar B vinstra megin við A þar sem einungis er ein akrein þá hafi hann beygt til hægri úr stöðu sem eingöngu gat leitt til árekstursins, ekki gætt að aðgæsluskyldu sinni við akstur og ekki tryggt að akstursleið væri greið. Þá hafi hann flúið af vettvangi sem sé sjálfstætt brot gegn lögum og þannig torveldað sönnun. Þá bendir M á að fram komi í lögregluskýrslu að ökumaður B hafi verið ökuréttindalaus. Af framangreindu leiði að háttsemi hans varði við stórkostlegt gáleysi og hafi verið í beinu orsakasambandi við tjónið. M byggir ennfremur á því að sá sem flýi vettvang valdi sjálfur sönnunarskorti og beri almennt hallann af honum. Þegar tjónanefnd byggi niðurstöðu sína á því að ósannað sé um stöðu ökutækja verði að líta til þess að sá sönnunarskortur sé bein afleiðing af háttsemi ökumanns B. Það sé því rangt að láta þann skort leiða til jafnrar skiptingar á ábyrgð. Meginregla í einkamálum sé að sá sem torveldi sönnun beri ábyrgð á þeim sönnunarskorti sem hann valdi með slíkri háttsemi. Hefði ökumaður B ekki flúið vettvang hefði mátt sanna hver olli tjóninu út frá legu ökutækja við áreksturinn. Þá bendir M jafnframt á að frásögn ökumanns B sé ótrúverðug og fái ekki staðist. Hann viðurkenni sjálfur að hafa verið staðsettur vinstra megin við bifreið M og kveðst hafa ætlað að beygja til hægri. Tjón á bifreið B sé á hægri hliðarspegli en tjón á bifreið A sé eftir endilangri vinstri hlið, sem bendi til þess að bifreið B hafi hliðarskrapað meðfram bifreið A. Þá styðji gögn málsins frásögn M og veiki trúverðugleika ökumanns B. Niðurstaða tjónanefndar um skipta sök byggi á þeirri forsendu að „óvissa sé um atvik málsins“. Gögn málsins, þ.m.t. lögregluskýrsla, eðli tjónsins og háttsemi ökumanns B veiti nægilega skýra mynd af því hvernig áreksturinn varð og hver beri ábyrgð á honum. Það sé því hvorki rétt né sanngjarnt að skipta ábyrgð. M telur að orsök tjónsins megi rekja að öllu leyti til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi ökumanns B.

V1 telur að röksemdir M, ökumanns A, styðji þá niðurstöðu að ábyrgð á tjóninu eigi að hvíla alfarið á ökumanni B, öfugt við niðurstöðu tjónanefndar sem gerði ráð fyrir skiptri sök til helminga. V1 vísar til framkominna röksemda M og gagna málsins í heild og kveður afstöðu félagsins vera þá að leggja skuli alla sök á ökumann B.

V2 tekur undir niðurstöðu tjónanefndar og telur að sök beri að skipta til helminga þar sem ósannað sé um atvik í aðdraganda áreksturs. V2 telur líklegra að ökumaður B hafi verið kominn á undan að

gatnamótunum en ólíklegt sé að ökumaður sem ætli að beygja til hægri keyri vinstra megin við aðra bifreið á einbreiðum vegi. V2 vísar til úrskurðarvenju í sambærilegum málum. Verði málsatvikalýsing ökumanns B lögð til grundvallar hefði það í för með sér að ökumaður A bæri alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið utan í kyrrstæða bifreið er hann þröngvaði sér meðfram bifreiðinni á einbreiðum vegi við rautt umferðarljós. Verði málsatvikalýsing ökumanns A lögð til grundvallar hefði það líklega í för með sér að ökumaður B bæri alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið meðfram A og svo tekið hægri beygju með röngum hætti. Ekkert í gögnum málsins styðji hins vegar framburð annars ökumanns umfram hins með fullnægjandi hætti. Afstaða V2 sé því þannig að skipta beri sök til helminga milli ökumanna þar sem ósannað sé um atvik í aðdraganda árekstursins. Ákomur og atvik styðji þó frekar málsatvikalýsingu ökumanns B og þá sé ekkert tilefni til þess að annar ökumaður verði látinn bera hallan af sönnunarskorti umfram hinn.

Í viðbótarathugasemdum M er röksemdum og ályktunum V2 mótmælt sem órökstuddum og kröfur M ítrekaðar. M gerir sérstakar athugasemdir við tjónstilkynningu eiganda B sem hann kveður ekki hafa verið ökumann B í téð skipti, sé gerð löngu síðar og þá séu lýsingar á tjóni ökutækisins ekki í samræmi við gögn málsins. Hún hafi því ekkert sönnunargildi í málinu. Þá vísar M til þess að staðsetning B vinstra megin við A á einbreiðum vegi sé ekki í samræmi við ákvæði umferðarlaga en ökumaður B hafi með háttsemi sinni brotið fjölmörg ákvæði þeirra laga, torveldað sönnun málsins og verði einn að bera ábyrgð á þeim sönnunarskorti og því tjóni er hann olli.

Álit.

Samkvæmt lögregluskýrslu var tilkynnt um árekstur og afstungu ökumanns B af vettvangi og var hann stöðvaður í Ártúnsbrekku. Hann reyndist vera án ökuréttinda. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi ætlað sér að aka til hægri á gatnamótum Réttarholtsvegar og Sogavegar þegar A hafi verið ekið utan í hans bifreið. Rispur urðu á hægri hliðarspegli bifreiðarinnar. Samkvæmt M, ökumanni A, var hann kyrrstæður á gatnamótunum á rauðu ljósi á akrein er stefndi beint áfram og B hafi verið á akrein vinstra megin við hann er stefndi til vinstri. Þegar umferðarljósið varð grænt hafi hann ekið áfram en að ökumaður B hafi einnig gert það. Rispur eru eftir endilangri hlið A.

Fram kemur í gögnum málsins að við umferðarljósin á umræddum gatnamótum sé einungis ein akrein og frá henni sé heimilt að aka beint áfram, beygja til vinstri og beygja til hægri. Samkvæmt ummerkjum á bifreiðunum A og B og framburðum beggja ökumanna virðist mega ganga út frá því að B hafi verið staðsett vinstra megin og A hægra megin en ökumönnum ber ekki saman um hvor hafi komið á undan á gatnamótin eða um aðdraganda árekstursins að öðru leyti. Ekki liggja fyrir neinar afstöðuteikningar, mælingar á vettvangi né upplýsingar um aðstæður að öðru leyti en fyrir liggur að ökumaður B stakk af á vettvangi og verður hann því að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Þá er ekkert sem staðfestir staðhæfingu eiganda B um tjón á hægra framhorni bílsins og beyglu á hliðarspegli. Fyrir liggur að hægri hliðarspegill var rispaður er getur samræmst rispu á hlið A.

Samkvæmt 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt frásögn ökumanns B ætlaði hann að beygja til hægri en telja verður óumdeilt að bifreið hans var staðsett vinstra megin við A. Nefndin telur að eins og málið liggur fyrir þá skipti ekki máli hvor bifreiðin hafi komið á undan á gatnamótin en miðað við að A hafi verið kyrrstæð við umferðarljós þá telur nefndin allt að einu ljóst að ökumaður B hafi ekki sýnt næga aðgæslu við að beygja til hægri. Þá eru staðhæfingar ökumanns og eiganda B hvorki í samræmi við ákomur á ökutæki né við aksturstefnur bifreiðanna. Nefndin telur því að fella beri ábyrgð á tjóninu á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum milli A og B.

Reykjavík, 12 ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 160/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 29. mars 2026 hafi orðið vart við leka í fasteign M. Við nánari skoðun hafi komið í ljós tvö göt eftir byssuskot á bárujárni á þaki hússins. Ljóst sé að götin hafi verið til staðar í nokkurn tíma og vatn safnast saman innan þeirra áður en lekans varð vart. Megi því rekja umræddan leka til skemmdarverka á fasteigninni. Daginn eftir, eða 30. mars 2026, hafi atvikið verið tilkynnt lögreglu og V. Síðar þann sama dag hafi V hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu M vegna tjónsins og tjáð M að svo bótaskylda kæmi til þyrfti að finna geranda í málinu.

M telur ófært að honum sé gert að finna geranda svo V geti gert kröfu á hann, það gangi einfaldlega ekki upp að tjón vegna skemmdarverka sé ekki bætt án þess. Þá sé nær ómögulegt að komast að því hvenær var skotið á húsið og hvaðan skotið kom.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að bótaþættir fasteignatryggingar séu tæmandi taldir og því miður falli umrætt atvik ekki undir gildissvið hennar.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi skoðunarskýrslu dags. 30. mars 2026, en henni hefur ekki verið hnekkt „lítur út fyrir að skotið hafi verið á húsið, þakið. Gat er eftir riffil kúlu á þakinu sem er ómálað bárujárn.“ Virðist því óumdeilt að byssuskot hafi valdið umræddu tjóni, þ.e. skemmdum á bárujárni, þakpappa og einangrun auk rakaskemmda í hjónaherbergi.

Vátryggingin sem um ræðir er samsett fasteignatrygging sem tekur til tjóns af ýmsum orsökum og um hana gilda sérstakir skilmálar. Í inngangsorðum skilmálanna kemur fram að bótasviði tryggingarinnar sé tæmandi lýst í skilmálunum og verði vátryggður fyrir tjóni sem ekki telst bótaskylt samkvæmt skilmálum nái tryggingin ekki yfir slíkt tjón.

Í skilmála tryggingarinnar er ekki að finna ákvæði um sérstaka skemmdarverkatryggingu, en um vatnstjónstryggingu er hins vegar fjallað í 1. kafla skilmálans. Þar kemur fram að tryggingin bæti tjón á skemmdri fasteign af völdum vökva sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess og tjón af völdum vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr tilteknum raftækjum, vatnsrúmum og fiskabúrum.

Ljóst er því að vatnstjónstryggingarliður fasteignatryggingar M hjá V tekur ekki til alls vatnstjóns heldur aðeins þess tjóns sem rekja má til þessara tilgreindu orsaka. Verður þá ekki séð að tjón M verði fellt undir aðra kafla í skilmála vátryggingarinnar.

Vatnstjón sem stafar af því að gat kemur á bárujárn húsþaks er því ekki bótaskylt úr vátryggingunni samkvæmt skilmála hennar.

V hefur í engu svarað staðhæfingum M um að honum hafi verið sagt að bótaskylda væri fyrir hendi hefði hann uppi á tjónvaldi og eru þær staðhæfingar ekki studdar neinum frekari gögnum. Nefndin fær ekki séð hvernig tjón af þessum toga verði fellt undir skilmála umræddrar vátryggingar, hvort heldur sem haft er uppi á tjónvaldi eður ei.

Samkvæmt framangreindu fellur umrætt tjónsatvik utan gildissviðs fasteignatryggingar M hjá V og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 161/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging og greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. maí 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi átt pantaða ferð með X 29. mars 2026 til 9. apríl 2026. Ferðina hafi þau greitt að fullu 1. febrúar 2026. M hafi hins vegar þurft að afpanta ferðina vegna alvarlegra veikinda dóttur þeirra og hafi þau tilkynnt X um það 12. mars sl. X hafi endurgreitt M helming af verði ferðarinnar eins og þau áttu tilkall til skv. ferðaskilmálum. M hafi óskað eftir því við V að það myndi bæta þeim kostnaðinn sem eftir stóð úr fjölskyldutryggingu og ferðatryggingu en V hafi hafnað því. M fella sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er gerð krafa um að V greiði þann hluta ferðakostnaðar sem ekki fékkst endurgreiddur af hálfu X. M hafi álitið að vátryggingar þeirra næðu yfir atvikið. M hafi afpantað umrædda ferð þar sem dóttir þeirra, sem var barnshafandi, hafi orðið stöðugt veikari og ófær um að sinna starfi sínu og daglegum verkefnum heima fyrir þegar leið á meðgönguna. Ákvörðun þeirra hafi verið óumflýjanleg því nauðsyn hafi krafið að þau aðstoðuðu dóttur sína við umönnun fjögurra ára dóttur, við dagleg verkefni á heimilinu, við heimsóknir til lækna, ljósmæðra á kvennadeild Landspítala, sem og heima fyrir þar sem verið var að undirbúa komu nýbura. Áætlað var að dóttir þeirra myndi fæða barnið í lok apríl/byrjun maí. Dóttir M hafi gengið í gegn um mikla erfiðleika á meðgöngu sinni. Hún hafi búið við sárar kvalir, harða samdrætti, mikla grindargliðnun, svefnleysi og kvíða. Ákvörðun M um að hætta við ferðina hafi verið óumflýjanleg þar sem ekki hafi verið hægt að líta fram hjá ríkri þörf hennar fyrir aðstoð M og nálægð alla daga.

Í athugasemdum V er röksemdum M í málskoti alfarið hafnað og afstaða félagsins sem áður hafi komið fram í málinu ítrekuð. Vísað er til þess að í einföldu óvinnufærnivottorði komi fram að dóttir M hafi verið óvinnufær frá 12. janúar 2026 vegna sjúkdóms. Þá komi fram í sjúkradagpeningavottorði sem skilað hafi verið inn síðar að dóttir M væri með vefjagigt, grindarlos á meðgöngu og svefntruflanir og hafi verið óvinnufær frá 13. janúar 2026. Um forföll gildi 5. kafli vátryggingarskilmála ferðatrygginga. Í gr. 5.1 segi: „*Tryggingin bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, ef tryggður kemst ekki í ferð af einni af eftirtöldum ástæðum: b) Náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður andast, hlýtur alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda liggi fyrir vottorð starfandi læknis*.“ Í vátryggingarskilmálum heimilistryggingarinnar segir í gr. 53.1: „*Tryggingin bætir kostnað við fargjald og gistingu vegna ferðar til útlanda sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, ef tryggður kemst ekki í ferð af einni af eftirtöldum ástæðum: b) Andlát, alvarlegt slys eða skyndileg alvarleg veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina tryggðs*.“ Þá segi í gr. 53.2: „*Tryggingin bætir ekki fyrirframgreiddan kostnað við fargjald og gistingu vegna: a) Sjúkdóms, meðferðar eða veikinda sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin, staðfestingargjald greitt eða ferðakostnaður greiddur*.“ Sé því skýrt að bótaréttur sé ekki til staðar, þar sem grindargliðnun á meðgöngu falli ekki undir skyndileg alvarleg veikindi náins ættingja. Þá hafi meðgangan og grindargliðnunin legið fyrir áður en ferðin var greidd. Að öllu framangreindu virtu þyki einsýnt að M eigi ekki rétt á endurgreiðslu úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M er röksemdum V hafnað. M hafi ekki verið með eina heldur tvær tryggingar sem ættu að tryggja þau fyrir því fjárhagslega tjóni sem þau urðu. Þau hafi orðið að afpanta ferðina vegna alvarlegra veikinda nákomins ættingja, dóttur þeirra, sem hafi verið barnshafandi á þeim tíma sem ferðin var afpöntuð. Fyrir M hafi veikindin og stigmögnun þeirra verið ófyrirsjáanleg. Í einungis annarri tryggingunni af tveimur sé talað um óvænt veikindi. Í fyrsta lagi hafi dóttir þeirra verið

úrskurðuð óvinnufær með öllu, til að sinna sínu starfi og til að sinna barni sínu og heimilisstörfum. Það sé staðfest með vottorðum. Það séu engin dæmi um að veikindavottorð staðfesti meira en 100% veikindi enda væri slíkt hlálegt. Samt geri V lítið úr veikindum hennar. Það hafi einfaldlega ekki verið hjá því komist að taka ákvörðun um að hætta við ferðina þegar ekki nokkur einasti vafi var á að ástandið myndi bara versna. Líðan dóttur M hafi versnaði heilsufarslega og andlega með viku hverri og var fyrirséð á þeim tímapunkti sem ferðin var afpöntuð, að fæðing yrði framkölluð fyrir tímann og dóttir þeirra þyrfti mikinn stuðning og beinharða aðstoð einhverjar vikur eftir fæðinguna. Þetta gekk eftir, fæðingu var flýtt. Það gekk líka eftir að M sinntu og sinni enn mikilli aðstoð við dótturina og litlu fjölskylduna. Þessi erfiða þróun á meðgöngunni hafi ekki verið fyrirséð. Um vaxandi alvarleg veikindi hafi verið að ræða sem hafi orðið til þess að þau hafi afpantað ferðina. V hafi gefið í skyn að þar sem dóttir þeirra væri með vefjagigt, þá hefði mátt vænta þess að meðgangan þróaðist á þennan veg. Einnig nefni V að grindargliðnun sé alþekkt á meðgöngu. Þetta viðhorf lýsi miklum fordómum gagnvart barnshafandi konum, konum með vefjagigt og konum sem fá grindargliðnun á meðgöngu. Dóttir M hafi að læknisráði þurft að ganga á hækjum síðustu mánuðina. V gefi í skyn að óléttar konur með vefjagigt skuli takast á við heilsubrest á meðgöngu hjálparlaust. Þetta viðhorf lýsi mikilli vanþekkingu í besta falli, en hroka og kvenfyrirlitningu í versta falli. Tvær tryggingar ættu að hafa tryggt M stöðu í þessu máli ef V hefði raunverulega að markmiði að bregðast við áföllum í fjölskyldum á mannúðlegan hátt, með virðingu fyrir barnshafandi konum í huga og þá fjölskylduverndarstefnu sem V hamri á að það standi fyrir.

Í viðbótarathugasemdum V er það áréttað að málið snúist ekki um réttarstöðu óléttra kvenna í vátryggingakerfinu. Dóttir M sé ekki að sækja um bætur úr vátryggingunni heldur sé um að ræða afpöntun ferðar foreldra vegna heilsufarsástands dóttur. Við mat á bótaskyldu sé eingöngu litið til þess hvort skilyrði vátryggingaskilmála séu uppfyllt, þ.m.t. skilmála ferðatrygginga og heimilistryggingar, þar sem kveðið er á um að „alvarleg veikindi“ eða „skyndileg alvarleg veikindi“ náins ættingja sé skilyrði bótaskyldu. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum hafi lagt þrönga túlkun til grundvallar við mat á því hvað teljist „alvarleg veikindi“. Vísar V til úrskurða í málum nr. 103/2020 og 463/2021. Með vísan til framangreindra skilmála og fordæma nefndarinnar sé það afstaða V að það heilsufarsástand sem dóttir M hafi búið við, þ.m.t. erfiðleikar á meðgöngu og grindarlos/grindargliðnun, uppfylli ekki þau skilyrði „alvarlegra veikinda“ sem vátryggingaskilmálar geri kröfu um. Afstaða V byggist þannig einvörðungu á skilmálum og fordæmum en ekki á mati á réttindum óléttra kvenna almennt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M eigi rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu og ferðatryggingu hjá V vegna kostnaðar við afpöntun á ferð hjá X vegna veikinda dóttur þeirra. M hafa gert kröfu um að fá helming ferðakostnaðar bættan úr framangreindum vátryggingum.

Í málinu er óumdeilt að M hættu við ferð sem þau höfðu bókað hjá X tímabilið 29. mars til 9. apríl 2026 vegna veikinda dóttur sinnar. Ferðakostnað að fjárhæð kr. 929.800 greiddu M til X 1. febrúar 2026, samkvæmt fyrirliggjandi reikningi. X endurgreiddi M helming ferðakostnaðar þegar ferðin var afpöntuð í samræmi við almenna ferðaskilmála.

Í b-lið gr. 5.1 í skilmálum ferðatryggingar segir að tryggingin bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, ef tryggður kemst ekki í ferð þegar náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður andast, hlýtur alvarleg líkamsmeiðsli eða veikist alvarlega enda liggi fyrir vottorð starfandi læknis. Í b. lið gr. 56.1 í skilmálum heimilistryggingar er kveðið á um að tryggingin bæti kostnað við fargjald og gistingu vegna ferðar til útlanda sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, ef tryggður kemst ekki í ferð vegna andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina tryggðs. Þá er kveðið á um í a-lið 56.2 sama skilmála að tryggingin bætir ekki fyrirframgreiddan kostnað við fargjald og gistingu vegna sjúkdóms, meðferða eða veikinda sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin, staðfestingargjald greitt eða ferðakostnaður greiddur.

Dóttir M var barnshafandi, gengin 32 vikur þegar ferðin var afpöntuð þann 12. mars 2026 og áætluð fæðing var í lok apríl/byrjun maí. Í málinu liggja fyrir læknisvottorð, dags. 13. janúar 2026 og 12. mars 2026, þar sem fram koma upplýsingar um að dóttir M hafi verið að fullu óvinnufær frá 14. desember 2025. Í seinna vottorðinu kemur fram að ástæða óvinnufærni sé vefjagigt, grindarlos á meðgöngu og svefntruflanir. Líkt og framan greinir er það skilyrði bótaskyldu úr ferðatryggingu að náinn ættingi

veikist alvarlega og samkvæmt fjölskyldutryggingu er skilyrði bótaskyldu að barn vátryggðs hafi skyndilega veikst alvarlega.

Af fyrirliggjandi gögnum fæst ekki séð að um skyndileg alvarleg veikindi hafi verið að ræða hjá dóttur M eftir að M greiddu fyrir ferðina þar sem hún var búin að vera að fullu óvinnufær frá 14. desember 2025 eða í einn og hálfan mánuð. Þá er í fyrirliggjandi læknisvottorðum einungis að finna upplýsingar um sjúkdómsgreiningar dóttur M en engar frekari lýsingar á sjúkdómseinkennum hennar eða áhrifum þeirra. Að mati nefndarinnar hafa því ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á að dóttir M hafi veikst alvarlega eftir að M greiddu fyrir ferðina. Þá er því við að bæta að í a-lið gr. 56.2 er kveðið á um að heimilistryggingin bæti ekki fyrirframgreiddan kostnað við fargjald og gistingu vegna sjúkdóms, meðferð eða veikinda sem voru fyrir hendi áður en staðfestingargjald var greitt eða ferðakostnaður greiddur. Í tilviki M á þetta við þar sem dóttir M var þegar orðin óvinnufær þegar þau greiddu fyrir ferðina.

Af öllu framangreindu virtu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu og greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 162/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V, dags. 9. desember 2025, ásamt fylgigögnum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti tekur M fram að ágreiningurinn við V snúist um það hvort veikindi hennar sem leiddu til bótaréttar úr sjúkdómatryggingu 17. júní 2022 og sem stöfuðu af ofálagi/kulnun séu þau sömu og Long Covid greining sem M hafi fengið hjá Akureyrarklínikinni.

Í athugasemdum V er því hafnað að M eigi frekari bótarétt úr umræddri tryggingu. Bendir V á að í málinu liggi fyrir tvær tjónstilkynningar frá M. Sú fyrri sem sé vegna sjúkdóms sem fyrst hafi komið fram 18. apríl 2022, hafi borist V 20. júlí sama ár. Sjúkdómseinkennum hafi þar verið lýst með eftirfarandi hætti: *„Er í rannsóknum, vegna mikillar þreytu, orkuleysi og liðverkja“.* Síðari tjónstilkynning M hafi verið vegna sjúkdóms sem kom fyrst fram 30. maí 2024 og borist V 10. febrúar 2025. Sjúkdómseinkennum hafi þar verið lýst með eftirfarandi hætti: *„Long-Covid Mikil þreyta og orkuleysi. Þreytist við að ganga upp stiga og ca. 1-2 km þarf þá að hægja á mér eða stoppa. Ef ég geri of mikið verð ég örmagna. Verkir í fótum og upphandleggjum. Þreytist einnig við álag og einbeitingu við vinnu.“* Þá hafi jafnframt eftirfarandi verið tekið fram í tilkynningu: *„Veiktist fyrst um 2021 í fyrsta Covid smiti. Lagaðist eftir 6 mánuði.“* Í göngudeildarnótu SAK, dags. 9. janúar 2025, sé ferill veikinda M rakinn, en þar segi m.a.: „*[M] segir okkur [þ]á sögu að hún hafi verið við góða heilsu þar til árið 2021. Fyrir það var hún að klífa fjöll og átti auðvelt með það og var með 100% orku að eigin mati. Árið 2021 fær hún hins vegar Covid og eftir það fóru ýmis einkenni að gera vart við sig og hefur hún ekki jafnað sig eftir það og hefur eiginlega ekkert batnað. Hún metur orku sína nú sem 40%. Í maí 2024 fékk hún aftur Covid og skánaði nú ekki við það“.* Síðar í sama gagni sé eftirfarandi ályktun læknis rakin: *„Hvað varðar ME sjúkdóminn þá er engin blóðprufa enn til að staðfesta eða útiloka þennan sjúkdóm. Hins vegar held ég að sé alveg ljóst að hún byrjar að hafa einkenni eftir Covid sýkingu árið 2021 og er því með langvarandi einkenni Covid“.* V upplýsir að M hafi verið greiddir dagpeningar á tveimur sjúkratímabilum en samkvæmt gr. 10.2.2 í skilmálum sé sjúkratímabil það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku sé fyrir hendi af völdum sjúkdóms hvort sem einn eða fleiri sjúkdómar liggja til grundvallar missi starfsorkunnar. Samkvæmt vátryggingarskírteini sé bótatími dagpeninga 156 vikur (3 ár) þar af sé biðtími 4 vikur. Í samræmi við framangreint og fyrirliggjandi gögn hafi V greitt M dagpeninga, að teknu tilliti til biðtíma, á tímabilinu 15. júlí til 14. nóvember 2022 og 20. febrúar til 13. júní 2025. Hafi M verið upplýst um það með tölvupósti, dags. 8. ágúst 2025, að hámarksbótatíma hafi verið náð samkvæmt skilmálum sem sé þrjú ár frá upphafi sjúkratímabils og að ekki yrði um frekari greiðslur dagpeninga að ræða. Hafi V áréttað framangreinda höfnun með tölvupósti, dags. 16. október 2025. V tekur fram að framangreind afstaða byggi á upplýsingum sem fram komi í göngudeildarnótu, dags. 9. janúar 2025, en þar komi fram hafi M hafi byrjað að hafa einkenni eftir Covid sýkingu árið 2021 og hafi verið greind með langvarandi einkenni Covid. Miðað við þær upplýsingar sem komi fram í göngudeildarnótu telur V ekki hægt að líta svo á að um sé að ræða tvo aðskilda sjúkdóma sem engin læknisfræðileg tengsl séu milli eins og M haldi fram. Bendir V á að upplýsingar í almennu vottorði, dags. 10. nóvember 2025, séu ekki í samræmi við þær upplýsingar sem komi fram í áðurnefndri göngudeildarnótu. Þar sé vísað til þess að M hafi fengið Covid sýkingu í febrúar 2023 og aftur í nóvember 2024. Að mati V verði að leggja til grundvallar þær upplýsingar sem koma fram í göngudeildarnótunni, sem jafnframt séu í samræmi við tjónstilkynningu M, um að M hafi fengið Covid 2021 en ekki í febrúar 2023. Þar sem um sama sjúkdóm sé að ræða sem hafi valdið M tímabundnum missi starfsorku á árinu 2022 og 2025 hefjist ekki nýtt bótatímabil samkvæmt skilmálum. Þannig segi í gr. 10.2.6 í sömu skilmálum að bætur fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdómstilfelli greiðast eigi lengur samanlagt en í þann tíma er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Sama gildi um

sjúkdóma sem læknisfræðileg tengsl eru á milli. Í gr. 10.2.1 í skilmálum sé kveðið á um það að dagpeningar greiðast ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er komi fram í vátryggingarskírteini og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá upphafi sjúkratímabils. Eins og áður hafi komið fram hafi V greitt M dagpeninga vegna missis starfsorku sem sjúkdómurinn olli á tveimur sjúkratímabilum þ.e. frá júní til nóvember 2022 og janúar til júní 2025. Samkvæmt framangreindu hófst sjúkratímabilið, í skilningi gr. 10.2.2 í skilmálum í júní 2022 og hámarksbótatíma því náð í júní 2025. V áréttar að samkvæmt skilmálum skipti ekki máli hvort að bil komi í sjúkratímabil þegar um sama sjúkdóm er að ræða eða sjúkdóma sem læknisfræðileg tengsl eru á milli. Síðan takmarkist framangreindur réttur af gr. 10.2.1 við þrjú ár frá upphafi sjúkratímabils, óháð því hvort hámarksbótatíma samkvæmt vátryggingarskírteini hafi verið náð í reynd. Með vísan til framangreindra atriða er það afstaða V að hámarksbótatíma hafi verið náð samkvæmt skilmálum og að M eigi ekki rétt á frekari bótum vegna tímabundins missis starfsorku vegna Covid sjúkdóms. Þess er krafist fyrir úrskurðarnefnd að þessi afstaða V verði staðfest.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum rökum V hafnað. Bendir M m.a. á að aldrei hafi verið talað um Long Covid í fyrri veikindum þegar M hafi farið í 3 mánaða veikindaleyfi, heldur hafi það verið talið álagstengt. Bendir M á að einkennin í seinni veikindunum hafi verið allt öðruvísi, og að hún sem menntaður sjúkraþjálfari ætti að vera sérfræðingur í verkjum og einkennum. Þá hafi verið um að ræða mikla þreytu í vöðvum, í fótum og höndum og mæði við stigagöngu eða í brekku. Síðan örmögnun ef álag verði of mikið, svo ekki sé talað um heilaþokuna. Það sé því ekki skrítið að M muni ekki dagsetningar í símaviðtali við lækni.

Álit.

Samkvæmt grein 10.2.1 í skilmálum sem giltu um sjúkdómatryggingu M hjá V greiðast *dagpeningar „...í hlutfalli við starfsorkumissi frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati læknis eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá upphafi sjúkratímabils."* Samkvæmt grein 10.2.2 telst sjúkdómstímabil vera: *„...það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar."* Þá leiðir af gr. 10.2.6 og 10.2.7 í skilmálum að bætur greiðist ekki lengur samanlagt en þann hámarkstíma sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini og ef skemmra er á milli sjúkdómstilfella en nemur þeim hámarkstíma eru sjúkratímabilin lögð saman. V hefur greitt M dagpeninga vegna missis starfsorku á tveimur sjúkratímabilum þ.e. frá júní til nóvember 2022 og janúar til júní 2025. Byggir V á að þar sem um einn og sama sjúkdóm hafi verið að ræða hafi sjúkratímabilið, í skilningi gr. 10.2.2 í skilmálum, hafist í júní 2022 og því hafi hámarksbótatíma verið náð í júní 2025. Því eigi M ekki rétt á frekari bótum. M mótmælir því hins vegar að um einn sjúkdóm hafi verið að ræða og telur sig því eiga frekari dagpeningarétt úr tryggingunni. Eins og áður hefur komið fram segir m.a. eftirfarandi í fyrirliggjandi göngudeildarnótu frá sérfræðingi í lyf- og krabbameinslækningum, dags. 9. janúar 2025: *„Hvað varðar ME sjúkdóminn þá er engin blóðprufa enn til að staðfesta eða útiloka þennan sjúkdóm. Hins vegar held ég að sé alveg ljóst að hún byrjar að hafa einkenni eftir Covid sýkingu árið 2021 og er því með langvarandi einkenni Covid"* Nefndin telur að af þessu verði ekki dregin önnur ályktun en að þær tvær tjónstilkynningar sem um ræðir í málinu tengist einum og sama sjúkdómi, þ.e. Covid. Nefndin telur því að eins og málið liggur fyrir hnekki það sem fram kemur í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 10. nóvember 2025, þessu ekki. Þessi niðurstaða leiðir til þess að sjúkratímabil M, í skilningi gr. 10.2.2 í skilmálum, hófst í júní 2022 og var því hámarksbótatíma náð í júní 2025, þ.e. þremur árum frá upphafi sjúkratímabils. Eins og komið hefur fram greiddi V dagpeninga til V vegna missis starfsorku á tveimur sjúkratímabilum þ.e. frá júní til nóvember 2022 og janúar til júní 2025. Nefndin fellst því á að þær greiðslur hafi falið í sér fullnaðargeiðslu til M úr tryggingunni vegna missis starfsorku af völdum Covid sjúkdómsins. M á því ekki rétt á frekari dagpeningabótum úr tryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari dagpeningabótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 164/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Umfang tjóns. Sönnun. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 8. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 19. maí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir V1 dags. 26. maí 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Hinn 16. október 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, en M var ökumaður hinnar síðarnefndu. Óumdeilt virðist að ökumaður A hafi borið alla sök á umræddum árekstri.

Í málskoti kemur fram að V1, vátryggjandi A, hafi þó aðeins fallist á að bæta hluta tjónsins á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að allt tjón á B væri að rekja til umrædds áreksturs, en samkvæmt skýrslu Aðstoðar & Öryggis væri ekki hægt að fullyrða um það. Með málskoti fylgir ódagsett umsögn tækniráðgjafa FÍB um tjónið á B og er niðurstaða hennar sú að umþrætt tjón sé að rekja til árekstursins. Er þess krafist í málskoti að allt tjón vegna árekstursins verði bætt.

Í bréfi V2, vátryggjanda B, til nefndarinnar er tekið undir sjónarmið hans.

Í bréfi V1 kemur fram að V1 dragi fyrri afstöðu sína til baka á grundvelli nýrra gagna sem fylgdu málskoti. Þá benti V1 M á að draga málskot sitt fyrir nefndinni til baka.

M hefur ekki dregið málskotið til baka og í viðbótarathugasemdum hans er mælt gegn því að nefndin vísi máli frá. V1 hefði enda borið að kalla eftir viðbótargögnum en í samskiptum M við félagið hafi aldrei verið óskað eftir þeim. Telji M því að V1 hefði átt að hafa öll gögn undir höndum og komast að réttri niðurstöðu mánuðum fyrr. V1 hafi aldrei boðið M að skila inn viðbótargögnum heldur hafi honum aðeins verið bent á að leggja ágreininginn fyrir nefndina. Óskar M umfjöllunar nefndarinnar um það af hverju V1 hafi ekki haft þau gögn sem um ræðir.

Í viðbótarathugasemdum V1 er áréttað að fyrri afstaða félagsins, sem byggt hafi á samanburðarskýrslu um ákomur á A og B, hafi verið afturkölluð. Með málskoti M hafi m.a. fylgt álit frá tækniráðgjafa FÍB sem félagið hafi ekki áður fengið sent og á grundvelli þess hafi V1 endurskoðað afstöðu sína. Krefst V1 frávísunar þar sem enginn ágreiningur sé um umfang tjónsins eða bótaskyldu vegna þess.

Álit.
Samkvæmt c.-lið 1. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum fjallar nefndin ekki um kröfu málskotsaðila sem ekki verður metin til fjár. Ekki liggur annað fyrir en að undir rekstri málsins fyrir nefndinni hafi V1 fallist á að bæta allt það tjón sem sýnt er að hafi orðið á B við umræddan árekstur. M krefst þess hins vegar að nefndin fjalli um starfshætti V1 í tengslum við afgreiðslu málsins. Liggur ekkert fyrir um að sú krafa hans verði metin til fjár, þ.e. að það hafi fjárhagslegt gildi fyrir M að fá úrskurð nefndarinnar hvað þetta varðar.

Verður því ekki annað séð en skylt sé að vísa máli þessu frá nefndinni og verður málflutningur aðila hvað þetta atriði varðar því ekki tekinn til frekari skoðunar.

Niðurstaða.
Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 165/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega og ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys. Ráðningarsamband. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 8. september 2026.
4. Tölvupóstur V, dags. 14. september 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa slasast við vinnu sína hjá X þann 3. ágúst 2023. Atvikum er lýst þannig að M hafi fallið niður af þaki þegar hann var við málningarvinnu á þakglugga í nánar tilgreindri fasteign A í Reykjavík. Slysið var tilkynnt til V þann 6. ágúst 2024. M gerir kröfu um viðurkenningu bótaskyldu bæði úr slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu X. V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega með bréfi dags. 15. apríl 2025 á þeim grundvelli að atvikið teldist ósannað.

Af hálfu M er byggt á því að hann hafi verið starfsmaður X við vinnu á vegum fyrirtækisins þegar slysið varð. M kveður að vinnuveitandi hafi beðið hann um að gefa rangar upplýsingar á bráðamóttöku Landspítalans og segjast hafa dottið á hlaupahjóli. Þá kemur fram í málskoti að eigandi umrædds húss hafi ekið M heim til að skipta um föt og því næst á slysadeild, þar sem hún og annar maður hafi gefið þær upplýsingar að þau hafi fundið M sem þau þekktu ekki og að hann hafi dottið á hlaupahjóli.

Í athugasemdum V er því alfarið hafnað að M hafi verið starfsmaður X og hefur V það eftir X að M hafi aldrei verið á launaskrá fyrirtækisins eða í samningssambandi við það. Jafnframt hafnar V því að vinnan við A hafi verið á vegum X og vísar til þess að frásögn M sé ekki í samræmi við samtímagögn, þar sem í gögnum frá bráðamóttöku komi fram að hann hafi fallið af hlaupahjóli.

Að því er varðar ábyrgðartryggingu X byggir V á því að hún gildi, samkvæmt vátryggingarskírteini, eingöngu um skrifstofufólk sem vinni hjá X. Tjón sem hlýst af byggingar- eða málningarvinnu falli því utan bótasviðs ábyrgðartryggingarinnar samkvæmt a-lið 4.1. gr. skilmála sem um hana gilda. Jafnframt sé ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi X.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi annars vegar úr slysatryggingu launþega og hins vegar úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar vegna slyss sem M kveðst hafa orðið fyrir 3. ágúst 2023.

Samkvæmt 1. og 6. gr. skilmála fyrir slysatryggingu launþega gildir hún um launþega hjá vátryggingartaka. Það er grundvallarskilyrði fyrir bótaskyldu úr slíkri tryggingu að sá sem verður fyrir slysi sé í raunverulegu ráðningarsambandi við vátryggingartaka á tjónsdegi. Sönnunarbyrði um að ráðningarsamband hafi verið til staðar hvílir á M. Í málinu liggur hvorki fyrir skriflegur ráðningarsamningur, launaseðlar, skattframtöl né önnur hlutlæg gögn sem staðfesta að M hafi starfað fyrir X, og X hafnar því að svo hafi verið. Jafnframt hvílir sönnunarbyrðin á M um að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir. Fyrstu upplýsingar af bráðamóttöku, sem jafnan bera ríkt sönnunargildi um tildrög slysa, styðja ekki frásögn M um fall af þaki, heldur er þar skráð að hann hafi fallið af hlaupahjóli. Engin gögn liggja fyrir nefndinni sem styðja þá staðhæfingu M að hann hafi vísvitandi gefið rangar upplýsingar um tildrög slyssins á bráðamóttöku. Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi verið launþegi X né að slysið hafi orðið við vinnu á vegum X. Skilyrði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega eru því ekki uppfyllt.

Til þess að ábyrgðartrygging atvinnurekstrar taki til tjóns verður það að falla undir gildissvið þeirrar tryggingar samkvæmt útgefnu vátryggingarskírteini. Í a-lið greinar 4.1. í skilmálum fyrir ábyrgðartrygginguna kemur fram að hún bæti beint líkams- eða munatjón vegna skaðabótaábyrgðar vegna þeirrar starfsemi sem getið er í skírteini. Af vátryggingarskírteini X má ráða að tryggingin var tekin út vegna starfseminnar „Skrifstofufólk“. Málningar- og byggingarvinna á þaki fasteignar getur ekki talist til skrifstofustarfa. Þegar af þeirri ástæðu fellur það tjón sem M kveðst hafa orðið fyrir utan bótasviðs ábyrgðartryggingar X hjá V. Þá hefur M ekki heldur sýnt fram á nein þau atvik sem leitt gætu til þess að X bæri skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar. Með hliðsjón af þessu er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X ekki til staðar.

Niðurstaða.
M á hvorki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega né ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 165/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega og ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys. Ráðningarsamband. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 8. september 2026.
4. Tölvupóstur V, dags. 14. september 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa slasast við vinnu sína hjá X þann 3. ágúst 2023. Atvikum er lýst þannig að M hafi fallið niður af þaki þegar hann var við málningarvinnu á þakglugga í nánar tilgreindri fasteign A í Reykjavík. Slysið var tilkynnt til V þann 6. ágúst 2024. M gerir kröfu um viðurkenningu bótaskyldu bæði úr slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu X. V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega með bréfi dags. 15. apríl 2025 á þeim grundvelli að atvikið teldist ósannað.

Af hálfu M er byggt á því að hann hafi verið starfsmaður X við vinnu á vegum fyrirtækisins þegar slysið varð. M kveður að vinnuveitandi hafi beðið hann um að gefa rangar upplýsingar á bráðamóttöku Landspítalans og segjast hafa dottið á hlaupahjóli. Þá kemur fram í málskoti að eigandi umrædds húss hafi ekið M heim til að skipta um föt og því næst á slysadeild, þar sem hún og annar maður hafi gefið þær upplýsingar að þau hafi fundið M sem þau þekktu ekki og að hann hafi dottið á hlaupahjóli.

Í athugasemdum V er því alfarið hafnað að M hafi verið starfsmaður X og hefur V það eftir X að M hafi aldrei verið á launaskrá fyrirtækisins eða í samningssambandi við það. Jafnframt hafnar V því að vinnan við A hafi verið á vegum X og vísar til þess að frásögn M sé ekki í samræmi við samtímagögn, þar sem í gögnum frá bráðamóttöku komi fram að hann hafi fallið af hlaupahjóli.

Að því er varðar ábyrgðartryggingu X byggir V á því að hún gildi, samkvæmt vátryggingarskírteini, eingöngu um skrifstofufólk sem vinni hjá X. Tjón sem hlýst af byggingar- eða málningarvinnu falli því utan bótasviðs ábyrgðartryggingarinnar samkvæmt a-lið 4.1. gr. skilmála sem um hana gilda. Jafnframt sé ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi X.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi annars vegar úr slysatryggingu launþega og hins vegar úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar vegna slyss sem M kveðst hafa orðið fyrir 3. ágúst 2023.

Samkvæmt 1. og 6. gr. skilmála fyrir slysatryggingu launþega gildir hún um launþega hjá vátryggingartaka. Það er grundvallarskilyrði fyrir bótaskyldu úr slíkri tryggingu að sá sem verður fyrir slysi sé í raunverulegu ráðningarsambandi við vátryggingartaka á tjónsdegi. Sönnunarbyrði um að ráðningarsamband hafi verið til staðar hvílir á M. Í málinu liggur hvorki fyrir skriflegur ráðningarsamningur, launaseðlar, skattframtöl né önnur hlutlæg gögn sem staðfesta að M hafi starfað fyrir X, og X hafnar því að svo hafi verið. Jafnframt hvílir sönnunarbyrðin á M um að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir. Fyrstu upplýsingar af bráðamóttöku, sem jafnan bera ríkt sönnunargildi um tildrög slysa, styðja ekki frásögn M um fall af þaki, heldur er þar skráð að hann hafi fallið af hlaupahjóli. Engin gögn liggja fyrir nefndinni sem styðja þá staðhæfingu M að hann hafi vísvitandi gefið rangar upplýsingar um tildrög slyssins á bráðamóttöku. Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi verið launþegi X né að slysið hafi orðið við vinnu á vegum X. Skilyrði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega eru því ekki uppfyllt.

Til þess að ábyrgðartrygging atvinnurekstrar taki til tjóns verður það að falla undir gildissvið þeirrar tryggingar samkvæmt útgefnu vátryggingarskírteini. Í a-lið greinar 4.1. í skilmálum fyrir ábyrgðartrygginguna kemur fram að hún bæti beint líkams- eða munatjón vegna skaðabótaábyrgðar vegna þeirrar starfsemi sem getið er í skírteini. Af vátryggingarskírteini X má ráða að tryggingin var tekin út vegna starfseminnar „Skrifstofufólk“. Málningar- og byggingarvinna á þaki fasteignar getur ekki talist til skrifstofustarfa. Þegar af þeirri ástæðu fellur það tjón sem M kveðst hafa orðið fyrir utan bótasviðs ábyrgðartryggingar X hjá V. Þá hefur M ekki heldur sýnt fram á nein þau atvik sem leitt gætu til þess að X bæri skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar. Með hliðsjón af þessu er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X ekki til staðar.

Niðurstaða.
M á hvorki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega né ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 166/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging bílaleigu.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)

Gildissvið vátryggingar. Vanefnd samnings. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 3. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 15. júní 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M leigðu húsbíl af X á ferðalagi sínu á Íslandi á tímabilinu 31. ágúst til 13. september 2025. Húsbíllinn bilaði skyndilega 5. september 2025, án þess að það væri á nokkurn hátt sök M. X gat ekki veitt M aðstoð á staðnum og gaf M fyrirmæli um að panta dráttarbifreið og leggja út fyrir kostnaðinum sem M gerði og nam kostnaðurinn EUR 3.758. Í samskiptum M við X kom skýrt fram að það myndi endurgreiða hinn útlagða kostnað M. X hafi viðurkennt mánuðum saman, með skýrum og afdráttarlausum hætti, að það bæri skyldu til að endurgreiða M umræddan kostnað og staðfest ítrekað að endurgreiðsluferlið væri hafið. Endurgreiðslan hafi þó ekki skilað sér til M. Þann 19. janúar 2026 hafi lögmaður M sent kröfubréf á X og krafist greiðslu. Þegar engin greiðsla barst hafi X og V verið sent kröfubréf þann 4. febrúar 2026. Þar var krafist greiðslu á EUR 3.886 auk lögmannskostnaðar að fjárhæð kr. 589.425 auk virðisaukaskatts. Þann 5. febrúar 2026 greiddi X til M hluta kröfunnar, þ.e. EUR 3.774. Þann 2. mars 2026 hafnaði V að greiðsluskylda væri til staðar úr starfsábyrgðartryggingu X og vísaði til gr. 1.2 í skilmála tryggingarinnar. Tryggingin tæki eingöngu til almenns fjártjóns sem stjórnendur og starfsmenn bílaleigunnar hafi bakað þeim vegna vanefndar á samningi, sem gerður hafi verið vegna vanefndar á samningi, leigu á bifreið eða öðru skráningarskyldu vélknúnu ökutæki. Af gögnum málsins yrði ekki ráðið að sá kostnaður sem M lögðu út fyrir hafi verið hluti af samningi þeirra við X um leigu á ökutækinu, heldur hafi verið um að ræða kostnað sem þau hafi lagt út fyrir án sérstakrar samningsskyldu. Jafnframt var vísað til gr. 2.1. í skilmála vátryggingarinnar um að vátryggingin tæki ekki til ábyrgðar sem rakin yrði til: „Ásetnings vátryggðs eða starfsmanna hans.“ Ljóst væri að það að efna ekki loforð um endurgreiðslu og svara ekki skilaboðum M yrði að teljast til vísvitandi háttsemi, þ.e. til ásetningsbundinnar vanefndar. M fellir sig ekki við niðurstöðuna.

Í málskoti er byggt á því að bótaskylda sé til staðar úr starfsábyrgðatryggingu X hjá V. Í fyrsta lagi er byggt á því að M hafi orðið fyrir beinu fjárhagslegu tjóni vegna vanefndar bílaleigunnar. Vísað er til orðalags 1. gr. skilmálanna um að vátryggingin skuli bæta almennt fjártjón vegna vanefndar á samningi. Innheimtu- og lögfræðikostnaður falli innan gildissviðs vátryggingarinnar, enda sé um að ræða beint fjárhagslegt tjón sem M hafi orðið fyrir vegna vanefndar X. Önnur niðurstaða myndi ganga gegn tilgangi vátryggingarinnar, sem er að vernda M gegn fjárhagslegu tjóni sem leiðir af vanefnd X. M hafi borist ítrekaðar yfirlýsingar frá X um viðurkenningu á greiðsluskyldu sinni og/eða að greiðsluferli væri þegar hafið, án þess að gengið hafi verið frá greiðslunni. Með því að draga greiðsluna verulega og greiða ekki, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur, hafi X vanefnt viðurkennda samningsskyldu sína gagnvart M. Í öðru lagi hafi tjónið verið fyrirsjáanlegt og eðlileg afleiðing vanefndar. Sá innheimtu- og lögfræðikostnaður sem féll til vegna vanefnda X sé fjártjón, sem sé bein afleiðing bótaskylds tjónsatburðar. Við túlkun gr. 1.2 í skilmálum tryggingarinnar megi líta til 4. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Þar segir að „[e]inungis beint fjárhagslegt tjón leigutaka [skuli] greitt af tryggingunni en ekki tjón sem rekja má t.d. til óþæginda eða miska.“ Tjón M hafi annars vegar falist í beinum fjárhagslegum útgjöldum, sem falli augljóslega undir gildissvið tryggingarinnar, og hins vegar í lögfræðikostnaði. Eins og almennar reglur skaðabótaréttar kveða á um, nái bótaskylda til þess tjóns sem er fyrirsjáanleg og eðlileg afleiðing vanefndar. Þegar skuldari greiði ekki skuld þrátt fyrir ítrekaðar kröfur sé fyrirsjáanlegt að kröfuhafi þurfi að leita til lögmanns til að knýja fram greiðslu. Það styrki enn frekar þann fyrirsjáanleika að X hafi beðið M sérstaklega um að leggja út fyrir kostnaði vegna dráttar á hinum bilaða

húsbíl. Sá lögfræðikostnaður og innheimtukostnaður sem af því hlaust hafi verið fyrirsjáanleg, bein og hófleg fjárhagsleg afleiðing samningsvanefndarinnar. Í þriðja lagi eigi undantekningarákvæði í gr. 2.1. vátryggingarskilmála um ásetning ekki við. V hafi vísað til gr. 2.1. í vátryggingarskilmála, þar sem fram komi að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar sem rekja megi til ásetnings vátryggðs eða starfsmanns hans. Samkvæmt meginreglum íslensks vátryggingarréttar sé það V sem beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjón falli undir undanskilda áhættu. Það verði því að sanna að X hafi viljandi valdið bótaábyrgð sinni. Ábyrgð X sé vegna vanefndar á samningi um leigu á ökutæki eins og að framan er rakið. Það sé frumorsök tjónsins og ábyrgð X stafi af þeirri vanefnd. Því hafi aldrei verið borið við að ásetningur hafi verið til þeirrar vanefndar. Það tjón sem leiddi af þeirri vanefnd falli því undir trygginguna, að því gefnu að önnur skilyrði séu uppfyllt. Ekkert í gögnum málsins sýni að skilyrði beitingu gr. 2.1. um undanskilda áhættu séu uppfyllt auk þess sem V hafi ekki sýnt fram á að um ásetning í skilningi ákvæðisins hafi verið að ræða. M byggi á því að orðalag vátryggingarskilmálanna sé óskýrt að þessu leyti og að allan vafa um túlkun samningsins verði að túlka M í hag, m.a. með vísan til 36. gr. b., meginreglna samningaréttar og jafnframt með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar, t.d. í máli nr. 349/2010. Greiðsludráttur X hafi vissulega haft þau áhrif að tjón þeirra jókst, en ábyrgðin á tjóni þeirra grundvallist á vanefndinni sem olli þeim útgjöldum sem verið var að innheimta. Almennt teljist sú framkvæmd að greiða seint, tefja mál, afgreiða mál illa, eða standa ekki við loforð mánuðum saman, ekki til ásetnings í skilningi vátryggingaréttar. Nærtækara væri að ætla að slíkt stafi af kæruleysi, álagi eða sinnuleysi, sem allt telst til gáleysis sem fellur undir vátrygginguna. Í fjórða lagi byggir M á að tilgangur og verndarsjónarmið reglnanna hafi verið að tryggja að leigutakar njóti verndar gegn fjárhagslegu tjóni sem hlýst af starfsemi bílaleiga. Tilgangur þessarar lagaskyldu sé að tryggja að leigutakar njóti verndar gegn fjárhagslegu tjóni sem þeir kunna að verða fyrir vegna starfsemi eða vanefndar bílaleigu. Við túlkun vátryggingarskilmálanna beri því að hafa þetta verndarsjónarmið í huga. Í máli þessu liggi fyrir að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að bílaleigan hafi ekki staðið við samningsskyldur sínar um að veita þeim aðstoð vegna bilunar, og hafi ekki endurgreitt útlagðan kostnað innan hæfilegs tíma þrátt fyrir að hafa viðurkennt greiðsluskyldu sína. Sá lögfræðikostnaður og innheimtukostnaður sem M hafi orðið fyrir hafi verið bein afleiðing þeirrar vanefndar. Við mat á gildissviði vátryggingarinnar verði að líta til þess að vátryggingarskyldan samkvæmt reglugerð nr. 840/2015 sé sett til verndar leigutökum. Vátryggingarskilmála ber því að túlka þannig að þeir tryggi slíka vernd nema skýr undantekning leiði til annarrar niðurstöðu.

Í athugasemdum V er byggt á því að bótaskylda sé ekki staðar úr starfsábyrgðatryggingu X vegna lögmanns- og innheimtukostnaðar. V byggir í fyrsta lagi á að sú krafa sem hér stendur eftir, þ.e. lögmanns- og innheimtukostnaður vegna hagsmunagæslu og utanréttarinnheimtu, falli utan gildissviðs tryggingarinnar. Starfsábyrgðartrygging bílaleiga sé lögbundin samkvæmt 8. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar sé skýrt kveðið á um að „[e]inungis beint fjárhagslegt tjón leigutaka skal greitt af tryggingunni en ekki tjón sem rekja má t.d. til óþæginda eða miska.“ Þessi takmörkun endurspeglast einnig í 1.2. gr. vátryggingarskilmála SA-10. Innheimtu- og lögfræðikostnaður vegna kröfugerðar á hendur bílaleigunni eða tryggingafélaginu telst til afleidds og óbeins kostnaðar en ekki beins fjárhagslegs tjóns af völdum sjálfs tjónsatviksins, þ.e. bilunar húsbílsins. Til stuðnings afstöðu sinni vísar V til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2271/2022, dóms Hæstaréttar í máli nr. 47/2016, úrskurðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 11/2020. Í öðru lagi byggir V á því að ekki hafi verið um brot á leigusamningi að ræða, sbr. gr. 31.7 í samningnum. Verði aftur á móti fallist á að um vanefnd á leigusamningi hafi verið að ræða er ljóst að það hefði valdið M „beinu fjárhagslegu tjóni“ að fjárhæð EUR 3.758 sem nam útlögðum dráttarkostnaði. Tjónið hafi þegar verið að fullu bætt af hálfu X. Með því hafi X sjálft að fullu endurgreitt og bætt það beina fjárhagslega tjón sem hlaust af meintri vanefnd. Þar sem tjónið hafi þegar verið bætt að fullu af tjónvaldi sjálfum, standi ekkert óbætt tjón eftir vegna dráttarkostnaðarins sjálfs og engin krafa á grundvelli þeirrar vanefndar geti því runnið í trygginguna. Í þriðja lagi stafi sá lögmanns- og innheimtukostnaður, sem M krefjast nú bóta fyrir úr vátryggingunni, ekki af því að dráttarbíllinn hafi ekki verið sendur 5. september 2025. Sjálfum drættinum og biluninni hafi verið lokið þann sama dag. Lögmannskostnaðurinn hafi alfarið stafað af því að X dró að efna peningaskuld sína og endurgreiða M hinn útlagða kostnað. Dráttur á greiðslu peningaskuldar af hálfu gjaldfærs félags í fullum rekstri flokkast sem ásetningsbundin ákvörðun (meðvituð samningsvanefnd), en ekki gáleysi í störfum eða rekstri í skilningi 1. mgr. 4. gr.

reglugerðar nr. 840/2015. Slík ásetningsbundin háttsemi (að fresta greiðslu viðurkenndra skulda) sé undanskilin bótaskyldu tryggingarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M eru færð fram ítarleg mótrök gegn athugasemdum V. Meðal annars er gerð athugasemd við ónákvæma málavaxtalýsingu. M ítrekar að krafa M er óumdeild. Enginn efnislegur ágreiningur sé um þá kröfu. X hafi viðurkennt þá samningsbundnu skyldu sína að greiða höfuðstól, vexti, sem þá voru áfallnir og innheimtukostnað, alls EUR 3.971, sbr. tölvupóst dags. 20. janúar 2026. Einnig bendir M á að X hafi ekki greitt kröfuna að fullu þar sem einungis hafi verið greiddar EUR 3.774. Hin óumdeilda krafa hafi borið óumdeilda vexti, dráttarvexti og á hana lagst óumdeildur kostnaður og X viðurkennt skyldu sína til greiðslu þeirra. Dráttarkostnaður hafi numið EUR 3,758, og X því einungis greitt EUR 16 inn á dráttarvexti af kröfunni. Þá sé tilraunum V til að greina á milli þess að senda ekki dráttarbíl og þess að vanefna greiðsluskyldu vegna þess alfarið hafnað.

Í viðbótarathugasemdum V er til viðbótar fyrri röksemdum byggt á að skv. 12. gr. skilmála ábyrgðartryggingar atvinnureksturs sé V ekki bundið af því er tryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

Álit.

Samkvæmt framansögðu snýst ágreiningur í málinu um hvort M eigi rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu bílaleigunnar X hjá V.

Í gr. 1.2 í skilmálum vátryggingarinnar segir: „*Vátryggt er gegn bótaskyldu er fellur á vátryggðan vegna starfrækslu bílaleigu. Skal vátryggingin bæta leigutökum almennt fjártjón er stjórnendur og starfsmenn bílaleigunnar hafa bakað þeim vegna vanefndar á samningi, sem gerður hefur verið um leigu á bifreið eða öðru skráningarskyldu vélknúnu ökutæki. Eingöngu beint fjárhagslegt tjón skal bætt úr vátryggingunni. Nánar um gildissvið fer skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 840/2015.*“

Í 2. ml. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir: „*Skal vátryggingin bæta leigutökum almennt fjártjón er stjórnendur og starfsmenn ökutækjaleigunnar af gáleysi kunna að baka þeim vegna vanefndar á leigusamningi, t.d. vegna afhendingartafa eða endurgreiðslu fyrirframgreidds fjár sökum rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ökutækjaleigu. Einungis beint fjárhagslegt tjón leigutaka skal greitt af tryggingunni en ekki tjón sem rekja má t.d. til óþæginda eða miska.*“ Ákvæðið er sett með stoð í 8. tl. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja.

Í málinu er óumdeilt að ökutæki það sem M tóku á leigu hjá X bilaði 5. september 2025 og lögðu M út fjármuni til þess að koma hinu bilaða ökutæki aftur til X samkvæmt þeirra fyrirmælum. M kröfðu X um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem þau lögðu út, þ.e. á EUR 3.758 a.m.k. sex sinnum áður en X var sent formlegt kröfubréf, dags. 19. janúar 2026. Í því var krafist endurgreiðslu á EUR 3.927 en við höfuðstól kröfunnar höfðu þá bæst vextir og innheimtukostnaður. X féllst á að greiða umrædda fjárhæð, sbr. tölvupóstur dags. 20. janúar 2026 en ekkert varð þó af greiðslunni. Í framhaldinu eða 4. febrúar 2026 gerðu M kröfu í starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Þar sem krafist var greiðslu á EUR 3.886 auk lögmannskostnaðar kr. 589.425 og virðisaukaskatts. Daginn eftir barst greiðsla frá X að fjárhæð EUR 3.773.

Ljóst er samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M urðu fyrir tjóni í umrætt sinn þegar húsbíll sem þau höfðu tekið á leigu bilaði og er það því mat nefndarinnar að tjónið verið rakið til vanefnda X á samningsskyldum sínum.

Þá kemur til skoðunar hvort umrætt tjón M falli undir að vera almennt fjártjón í skilningi gr. 1.2 í skilmálum. Með almennu fjártjóni er átt við tjón sem hvorki telst líkams- né munatjón, þ.e. fjárhagslegt tjón sem ekki er í neinu orsakasambandi við tjón á hlutbundnum verðmætum, sbr. umfjöllun á bls. 67 í ritinu Bótaréttur IV. Að mati nefndarinnar fellur tjón M sem krafist var greiðslu á í bréfi dags. 4. febrúar 2026 undir að vera almennt fjártjón. Af 3. ml. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 840/2015 er ljóst að vátryggingin tekur til beins fjárhagslegs tjóns leigutaka. Ákvæðið verður ekki skilið með öðrum hætti en svo að fyrst og fremst sé verið að undanskilja ófjárhagslegt tjón, þ.e. óþægindi eða miska. Af fyrirliggjandi gögnum fæst ekki annað séð en að krafa M sé tilkomin vegna beins fjárhaglegs tjóns sem M varð fyrir vegna þess að ökutækið bilaði.

Þá er ekki fallist á að X hafi sýnt af sér ásetning sem leiða eigi til brottfalls bótaréttar úr vátryggingunni.

Með vísan til framangreinds er fallist á kröfu M um að bótaskylda sé til staðar úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V vegna ógreiddra vaxta, innheimtu- og lögmannskostnaðar.

Niðurstaða.
M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 167/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 12. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M við athugasemdum V1, dags. 18. maí 2026.
4. Athugasemdir V2, dags. 15. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir M við athugasemdum V2, dags. 18. júní 2026.

Málsatvik.

Hinn 21. janúar 2026 varð árekstur milli bifreiðanna A sem M átti og ók og B. A var vátryggð hjá V1 og B hjá V2. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð og Öryggi. Þar er haft eftir M að hún hafi ekið A úr af bílastæði og verið komin út á götu og byrjuð á keyra áfram þegar ökumaður B hafi komið eftir götunni og ekið á vinstra framhorn A. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi ekið niður Hlíðarfót í norðurátt. Þá hafi A skyndilega komið frá bílastæði sem liggi meðfram götunni og verið ekið inn á götuna. Hafi hann ekki náð að sveigja frá og árekstur því orðið milli A og B. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri alla sök á ökumann A, þ.e. M, þar sem hún hafi ekki gætt nægjanlega að sér við akstur úr stöðureit. M fellir sig ekki við framangreinda niðurstöðu, enda telur hún forsendur álits tjónanefndar rangar. Tekur M fram í málskoti að aðdragandi árekstursins hafi verið sá að hún hafi ekið út úr bifreiðarstæði við Hliðarfót 11 og verið búin að aka a.m.k. 70-100 metra í norðurátt þegar B hafi verið ekið utan í vinstra framhorn A. Hafi ökumaður B tekið fram úr á óbrotinni línu með þeim afleiðingum að árekstur varð. Þá vísar M jafnframt til fyrirliggjandi álits tjónaskoðunarmanns þar sem fram komi að hann telji ómögulegt að ákoman á bifreið M hafi orðið við sveig í veg fyrir B. Sömuleiðis telji hann að ákomurnar á bifreiðunum passi við framburð M.

Í athugasemdum V1 eru færð rök fyrir þeirri niðurstöðu að M sem ökumaður A, beri alla sök á árekstrinum. Hafnar V1 sönnunargildi þeirrar skýrslu sem M lagði fram, þess efnis að áreksturinn hafi ekki orðið eins og V1 telur að gögn málsins beri með sér. Telur V1 þvert á móti að ákomur á bifreiðunum passi við það að bifreið hafi verið ekið úr bifreiðastæði sem lá samsíða götu og í veg fyrir aðra bifreið. Telur V1 því sannað að M hafi ekið frá bifreiðarverkstæði inn á veg án þess að gæta að annarri umferð. Með háttsemi sinni hafi M brotið gegn 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram komi að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið sé inn á veg af bifreiðarstæði. Óumdeilt sé að M hafi ekið frá bifreiðarstæði og beri hún sönnunarbyrgði fyrir því að hafa ekið það langt frá bifreiðastæðinu að áhrif hafi á sakarskiptingu. Telur V1 að sú sönnun hafi ekki tekist. Þvert á móti bendi nudd á vinstra framhorni A og hægra afturbretti B til þess að A hafi verið ekið frá bifreiðastæðinu í hlið B. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að tilefni sé til þess að ökumaður B beri hluta sakar í málinu.

Í viðbótarathugasemdum M við athugasemdir V1 kemur fram að M telur sig hafi sent gögn sem sanni að fyrirliggjandi skýrsla frá Aðstoð og Öryggi sé röng og að ökumaður B hafi ekið utan í A við framúrakstur á óbrotinni línu. Þegar áreksturinn varð hafi A verið ekið að minnsta kosti 100 metra og í beinni akstursstefnu frá bifreiðastæðinu.

Í athugasemdum V2 er bent á að samkvæmt 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 gildi almenn aðgæsluskylda. Sé þar tekið fram að vegfarandi skuli sýna almenna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu [...]. Eins vísar V2 til 3. mgr. 26. gr. sömu laga sem kveði á um að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði [..]. V2 er því sammála niðurstöðu Tjónanefndar og telur að M hafi ekki gætt nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs. Því sé ekki tilefni til að leggja neina sök á ökumann B. Þessu til stuðnings vísar V2 einnig til niðurstöðu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 389/2017 þar sem háttsemi ökumanna hafi verið sambærileg þeirri sem hér sé til skoðunar. Hafi nefndin í því máli fellt alla sök á ökumann þeirrar bifreiðar sem ók frá bifreiðastæði.

Í viðbótarathugasemdum M við athugasemdum V2 kemur fram að M telur sig hafi sent gögn til sönnunar þess að hún hafi verið að keyra í beinni aksturssstefnu er árekturinn varð. Umsögn frá tjónaskoðunarmanni styðji þetta sem og myndir frá slysstað sem sýni glöggt að engin ákoma hafi verið framhjól A.

Álit.

Aðila greinir í grundvallaratriðum á um tildrög árekstursins milli A og B. Af fyrirliggjandi gögnum verður þó ráðið að í aðdraganda árekstursins hafi M ekið A frá bifreiðastæði inn á veg. Telur nefndin að eins og málið liggur fyrir beri að leggja til grundvallar að M hafi með aksturslagi sínu brotið gegn 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram kemur að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið sé inn á veg af bifreiðastæði. Óumdeilt er M ók frá bifreiðarstæði og ber hún því sönnunarbyrði fyrir því að hún hafi verið búin að aka það langt frá stæðinu að áhrif geti haft á sakarskiptingu. Metur nefndin það svo að sú sönnun hafi ekki tekist. Þá telur nefndin einnig að sú fullyrðing M að B hafi verið ekið fram úr A á óbrotinni línu, sé ósönnuð. Fyrirliggjandi skýrsla sem M lagði fram breytir ekki framangreindu. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M beri alla sök á árekstrinum milli A og B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri 21. janúar 2026.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 170/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. maí 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 5. október 2024, varð, kvöldið áður, árekstur milli A, en M var ökumaður hennar og B. M lýsti atvikum svo fyrir lögreglu að hún hefði verið við umferðarljós á gatnamótum Engjavegar og Suðurlandsbrautar með fyrirhugaða akstursstefnu suður Suðurlandsbraut. Hafi hún beygt of fljótt og ekið inn á þann hluta Suðurlandsbrautar sem sé ætlaður umferð til norðurs. Hafi hún því hægt mikið á sér og ætlað að sæta færis til að komast yfir á réttan vegarhelming. Þegar hún hafi nálgast gatnamótin við Álfheima hafi hún séð B „koma hikandi á móti sér." M hafi þá stöðvað A en B verið ekið framan á hana. Ekki er að finna lýsingu ökumanns B á aðdraganda árekstursins í skýrslunni, en hún reyndist undir áfengisáhrifum, og samkvæmt niðurstöðu mælingar á vettvangi mældist áfengismagn við útöndun 1,6 prómill.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast við áreksturinn og hafi á grundvelli þess gert kröfu í slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Með bréfi, dags. 15. maí 2025, hafi V tilkynnt M um að það hygðist skerða rétt hennar til bóta um þriðjung á grundvelli þess að hún hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

M fellir sig ekki við þá afstöðu V og byggir í málskoti á því að ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi af hennar hálfu að ræða. Á slysdegi hafi hún verið afar óreyndur ökumaður, en hún hafi öðlast ökuréttindi daginn áður. Hún hafi vissulega gert mistök við aksturinn, en þar hafi verið um að ræða skiljanleg mistök óreynds ökumanns. Ekki hafi verið um það að ræða að M hafi vísvitandi sýnt af sér hættulega hegðun og látið sér í léttu rúmi liggja hvort tjón hlytist af henni. Svo mistök teljist stórkostlegt þurfi nokkuð mikið að koma til og er í málskoti vísað til nokkurra Hæstaréttardóma hvað það varðar.

Umræddur árekstur verði þá ekki rakinn til mistaka M, enda hafi hann orðið af öðrum orsökum. M hafi verið að reyna að leiðrétta mistök sín og hafi í þeim tilgangi kosið að hægja mjög á sér og bíða færis til að komast á réttan vegarhelming. Mjög auðvelt hefði verið að forðast árekstur við A enda hafi verið lítil umferð á vettvangi. Þá hafi A verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs. Orsök hans sé því að rekja til ölvunar ökumanns B en ekki fyrrgreindra mistaka M.

Jafnvel þó um stórkostlegt gáleysi af hálfu M hefði verið að ræða leiði slíkt þá ekki sjálfkrafa til skerðingar bótaréttar heldur verði í þessu tilviki að líta til yfirgnæfandi sakar ökumanns B.

Í bréfi V til nefndarinnar er fyrri afstaða þess, um að rétt sé að skerða bætur M um 1/3 hluta vegna þess tjóns sem hún hafi orðið fyrir eða muni verða fyrir vegna slyssins, áréttuð.

Álit
Samkvæmt 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 má lækka eða fella niður bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hafi vátryggður valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort gáleysi teljist stórkostlegt verður að líta til þess hvort háttsemi teljist verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem almennt er krafist af varkárum ökumanni við sambærilegar aðstæður. Við úrlausn á þessum atriðum skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Sönnunarbyrði þess að skilyrði skerðingar séu uppfyllt hvílir á vátryggjanda, þ.e. V, en ljóst er að heildstætt mat atvika þarf að fara fram í hverju máli fyrir sig.

Óumdeilt er að M ók A inn á rangan vegarhelming á Suðurlandsbraut. Verður að telja að með því hafi hún sýnt af sér gáleysi við akstur. Við mat á því hvort háttsemi hennar nái því stigi að teljast stórkostlegt gáleysi verður þó að líta til atvika í heild.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafði öðlast ökuréttindi daginn fyrir slysið og var hún því afar óreyndur ökumaður. Samkvæmt framburði hennar áttaði hún sig fljótlega á mistökum sínum og dró verulega úr hraða í því skyni að komast aftur yfir á réttan vegarhelming þegar færi gæfist.

Þá liggur fyrir að ökumaður B var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð og mældist áfengismagn við útöndun 1,6 prómill. Lýsing hennar á aðdraganda slyssins liggur ekki fyrir. Samkvæmt framburði M var A kyrrstæð þegar áreksturinn varð og verður ekki séð af gögnum málsins að þeirri staðhæfingu hafi verið hnekkt.

Að virtu framangreindu telur nefndin að þótt M hafi sýnt af sér gáleysi með því að aka inn á rangan vegarhelming hafi ekki verið sýnt fram á að háttsemi hennar hafi verið svo vítaverð að hún teljist stórkostlegt gáleysi í skilningi 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Að virtu framangreindu telur nefndin ekki sýnt fram á að M hafi sýnt af stórkostlegt gáleysi þannig að leitt geti til skerðingar bótaréttar hennar.

Niðurstaða.
M á rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 172/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Frítímaslysatrygging.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 4. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 22. maí 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið á skíðum í [....] 8. mars 2025 og hafi dottið og lent illa á annarri hendi og andliti þannig að gómar hans hafi skollið saman. Hafi hann fengið glóðaraugu eftir skíðagleraugun og fundið fyrir doða í andliti, auk þess sem hann hafi verkjað í þumal. M hafi ekki leitað til læknis strax, enda hafi hann talið að hann hefði bara „krambúlerast í andliti“ og tognað á þumli og það myndi lagast. Þá hafi hann ekki tilkynnti slysið til V. Dofi í andliti M hafi horfið fljótlega, sem og glóðaraugu hans. En þumallinn hafi ekki jafnað sig. Nokkrum vikum eftir slysið, eða 7. apríl 2025, hafi M leitað til læknis og verið greindur með „skiers thumb“, eða samkvæmt segulómun nokkrum dögum síðar *„mikill áverki á MCP lið þumals með rof á báðum collateral ligamentum, áverka á volarplötu/flexor sin og sagital bönd aðlægt extensor sin.*“ Sumarið 2025 hafi M af og til fundið fyrir óþægindum í efri góm og fundið með tungunni brún innan á krónunni, alveg við tannholdið, sem hann hafi ætlað að ræða við tannlækni sinn næst þegar hann myndi hitta hann. Í október 2025 hafi síðan losnað tönn í efri góm M og hafi hann farið til tannlæknis 20. október 2025. Tannlæknirinn hafi upplýst M um að tönnin væri illa sprungin, það illa að það hefði ekki getað gerst nema við mikið högg á andlitið. Upplýsti M tannlækninn um að eina höggið sem hann hafði fengið á andlit hafi verið í fyrrgreindu slysi. Vottaði tannlæknirinn því að áverkar hans samræmdust lýsingu á tildrögum slyssins. M hafi í framhaldinu tilkynnt slysið til V 22. október 2025. Þann 16. apríl 2026 hafi V samþykkt að bótaskylda væri til staðar vegna áverkans á þumli en hafi hafnað bótaskyldu vegna tannskaðans. Ósannað væri að orsakatengsl væru til staðar á milli slyssins og tannskaðans. M fellur sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur aðila lúti eingöngu að því hvort orsakatengsl séu til staðar á milli tannskaðans og slyssins. M áréttar að í mati tannlæknis hans sé staðfest að orsakatengsl séu til staðar og V hafi ekki aflað neins álits er hafi hnekkt því. M byggir einnig á að of mikið sé gert úr því að hann hafi ekki fyrst um sinn greint frá andlitsáverka sínum við komu til læknis 7. apríl 2025. Glóðaraugu hans hafi þá jafnað sig og dofi í andliti horfið. Þá hafi hann verið að leita til læknis til að reyna að fá bót á viðvarandi óþægindum frá þumli, sem hann hafði haldið að myndu ganga yfir en gerðu ekki, en ekki til að undirbúa kröfu á hendur V. Það hafi fyrst verið er tönn losnaði í efri góm að M hafi talið rétt að leita til tannlæknis. Eins og sjá megi af framangreindri lýsingu á málsatvikum sé M seinþreyttur til vandræða og leiti almennt ekki til læknis fyrr en í fulla hnefana. M telur að hann hafi sýnt fram á að líklegt sé að tannáverki hans hafi orðið í slysinu og því séu orsakatengsl þar á milli sönnuð. M hafi ekki orðið fyrir neinu öðru slysi á andliti og tannlæknir hans telji að sprunga eins og varð á tönn hans komi ekki nema við mikið högg. V hafi engin gögn lagt fram sem hnekki því mati. Bótaskylda sé af þeim sökum til staðar vegna tannskaðans.

Í athugasemdum V er byggt á að M eigi ekki bótarétt úr frítímaslysatryggingu vegna umrædds tannáverka. Í fyrstu komu M til læknis 7. apríl 2025 sé ekki getið um að hann hafi orðið fyrir meiðslum á andliti eða tönnum. Það sé ekki gert fyrr en 8. desember 2025, eða 9 mánuðum eftir slys. M hafi fyrst leitað til tannlæknis 20. október 2025 og í áverkavottorði hans, dags. 19. mars 2026, sem fyllt er út rúmlega ári eftir atburðinn, staðfesti tannlæknir að tannáverki samræmis lýsingu M á atburðinum ári áður. Í vottorðinu komi fram að tönn 21 hafi verið rótarfyllt og með stifti og krónu fyrir atvikið. Krónan hafi verið gerð 2005. Jafnframt komi fram í vottorðinu að tönnin hafi verið illa sprungin buccalt þegar M hafi leitað til tannlæknisins 20. október 2025. Ráðgjafartannlæknir V, sem hafi yfirfarið gögn málsins hafi metið hana í raun ónýta. Tönnin hafi verið mikið viðgerð fyrir og því illa í stakk búin til að verða fyrir hnjaski. Að hans mati hefði áverkinn á tönninni geta orsakast af ótal mörgu, þ.á.m. höggi, biti í hart o.s.frv. Engin samtímastaðfesting læknis eða tannlæknis liggi fyrir á því að tannskaðinn hafi hlotist

vegna skíðaslyssins heldur aðeins frásögn M sjálfs. Í tjónstilkynningu til V, dags. 22. október 2025, hafi hann lýst því að los á krónunni og verkir hafi fyrst komið fram nýlega. Um sjö mánuðir hafi liðið á milli slyss og tilkynningar. Um sé að ræða miðframtönn og ætla verði að svo mikill áverki á henni hefði komið fyrr í ljós, hefði slysið verið ástæðan. Almennar reglur í vátryggingarrétti leiði til þess að það hvíli á tjónþola að sýna fram á að orsakatengsl séu á milli atburðarins og tannáverka M og sé það mat V að högg á andlit og á munn sé með öll ósannað.

Í viðbótarathugasemdum M er fyrri afstaða ítrekuð og sérstaklega vísað til þess að álit ráðgefandi tannlæknis V geti ekki skákað áliti meðferðartannlæknis.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr eingöngu að því hvort sannað sé að orsakatengsl séu til staðar á milli tannskaða M og slyssins 8. mars 2025. Óumdeilt er að M lenti í skíðaslysi 8. mars 2026 og hlaut þar áverka á þumal. Samkvæmt meginreglum vátryggingaréttar hvílir það á vátryggðum, þ.e. M, að sýna fram á að orsakatengsl séu til staðar á milli slyssins og tannskaðans.

Í tjónstilkynningu M til V, dags. 22. október 2025, gefur M eftirfarandi lýsingu: „*Fann svo til í tönn seinna og kom í ljós að sprunga hafði myndast innan frá í krónu sem að sögn tannlæknis gerist bara við högg*“. Samkvæmt áverkavottorði tannlæknis, dags. 19. mars 2026, leitaði M fyrst 20. október 2025 til tannlæknis vegna vandamála frá tönn 21, eða rúmum 7 mánuðum eftir slys. Í sjúkraskrárfærslu M hjá heilsugæslu frá 8. desember 2025 er fyrst minnst á tannskaða í slysinu og þar segir: „*Kom í ljós kronuna á tönn brotnaði í slysið sitt*“. Í fyrrgreindu áverkavottorði tannlæknis er merkt við að tannáverki sem um er getið í vottorðinu samræmist lýsingu á slysinu. Ekki er þó neina frekari lýsingu eða rökstuðning að finna í áverkavottorði tannlæknis. Í áliti ráðgefandi tannlæknis V, dags. 28. mars 2026, segir: „*Ég hef farið yfir aðsend gögn og get tekið undir það að tönn 21 er illa löskuð. Hún var mikið viðgerð fyrir „slysið“ og því illa í stakk búin að verða fyrir e-hv. hnjaski. [...] Áverkinn (hnjaskið) gæti hafa orsakast af ótal mörgu, högg, bit (í hart), o.sv.frv. Það verður ekki greint af gögnunum að áverki á munn eða tennur hafi átt sér stað við skíðaslysið heldur beinist öll athygli að þumalfingrinum.*“

Í málinu liggur fyrir að umrædd tönn M var brotin við komu til tannlæknis rúmum sjö mánuðum eftir slys. Engin samtíma læknisfræðileg gögn staðfest að M hafi í umrætt sinn hlotið högg á tennur í umræddu slys. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ósannað að orsakatengsl séu til staðar á milli umræddu tannáverka M og slyssins. Af því verður M að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 173/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 13. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V2 dags. 16. júní 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 19. mars 2026, varð hinn 12. mars 2026, árekstur milli A, sem er í eigu M og B á gatnamótum Flugvallavegar og Skógarhlíðar í Reykjavík. Samkvæmt framburði M fyrir lögreglu hafði M ekið A eftir Flugvallarvegi og ætlað að beygja til hægri inn á Skógarhlíð til norðurs þegar B hafi verið ekið í veg fyrir A með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ökumaður B sagðist hafa verið að aka Skógarhlíð til norðurs, við gatnamót Flugvallarvegar, hann hafi ætlað að aka áfram Skógarhlíðina fram hjá Flugvallarvegi. Hann hafi talið sig hafa ekið eftir réttri akbraut en gat aðspurður ekki gefið frekari útskýringar á því af hverju B hefði verið á röngum vegarhelmingi.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skildi skipt með þeim hætti að ökumaður B bæri 2/3 hluta sakar en ökumaður A 1/3 hluta. Var byggt á því að ökumaður B hefði verið að beygja frá Skógarhlíð og inn á Flugvallarveg en hefði tekið vinstri beygju með röngum hætti. Ökumanni A, þ.e. M, hefði hins vegar borið að veita umferð um Skógarhlíð forgang samkvæmt biðskyldu.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur ökumann B bera alla sök á árekstrinum. Er í málskoti vísað til þess að ökumaður B hafi ekið eftir rangri akrein er hann tók vinstri beygju. M hafi hins vegar stöðvað við biðskyldumerki, gefið stefnuljós til marks um fyrirætlan sína og hafi að öllu leyti hegðað sér til samræmis við áskilnað umferðarlaga nr. 77/2019.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að öll sök skuli lögð á ökumann B. Er vísað til þess að af fyrirliggjandi ljósmyndum í lögregluskýrslu megi ráða að B hafi verið ranglega staðsett við vinstri beygju þar sem hún var komin yfir á rangan vegarhelming. Er í því samhengi vísað til 19. gr. umferðarlaga, sér í lagi 2. mgr. þar sem fram komi að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðlínu akbrautar og beygjuna skuli taka þannig að ökutæki sé hægra megin á akbraut þegar komið er af vegamótum. Ökumaður B hafi ekki gætt að þessu eða að umferð sem á móti kom til samræmis við 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi ökumaður B ekki orðið A var fyrr en við árekstur og sé því ljóst að hann hafi ekki gætt að annarri umferð í aðdraganda beygjunnar. M hafi hins vegar hagað hægri beygju til samræmis við áskilnað 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga en af ljósmyndum megi sjá að A hafi verið réttilega staðsett við hægri beygju, þ.e. sem næst hægri brún akbrautar.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, er vísað til þess að atvik málsins séu að einhverju leyti óljós, og ekki verði útilokað að M hafi ekki gætt nægilegrar varúðar við beygju inn á Skógarhlíð. Við þessar aðstæður hafi hvílt rík aðgæsluskylda á honum og er vísað til 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga í því samhengi. Engin gögn liggi þá fyrir um að B hafi verið ekið á óeðlilegum hraða og fyrir liggi að ökumaður hennar hafi ekki verið undir áhrifum við aksturinn. Séu því ekki efni til að leggja alla sök á árekstrinum á hann og telji V2 rétt að sök verði skipt til helminga.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum í lögregluskýrslu verður ráðið að M hafi verið við það að aka A inn á Skógarhlíð er til áreksturs kom, en A er staðsett við hægri brún akbrautar með aksturssstefnu til hægri frá gatnamótum. Af sömu myndum og öðrum málsgögnum verður, þrátt fyrir ummæli ökumanns B í lögregluskýrslu, ekki annað ráðið en að B hafi verið við vinstri beygju inn á Flugvallarveg, en hafi tekið

of þrönga vinstri beygju og komið inn á Flugvallarveg vinstra megin við miðja akbraut. Má einnig ráða af fyrirliggjandi ljósmyndum að A hafi aðeins verið að litlu leyti komin inn á Skógarhlíð en þó 2 til 3 metra frá biðskyldumerki.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga ber ökumanni sem hyggst beygja á vegamótum að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Í 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga kemur fram að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðlínu akbrautar og beygjuna skuli taka með þeim hætti að þegar ökutækið kemur út af vegamótum sé það hægra megin á þeirri akbraut sem beygt er inn á.

Af heildstæðu mati á gögnum málsins verður að telja að umræddan árekstur megi fyrst og fremst rekja til þess að ökumaður B hugði umrætt sinn ekki nægilega að þessum áskilnaði. Ber hann því meginsök á árekstrinum.

Hins vegar verður ekki að fullu litið fram hjá því að M bar að veita umferð um Skógarhlíð forgang eins og gefið er til kynna með biðskyldumerki á vettvangi, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. M bar sjálfstæða skyldu til að sýna sérstaka aðgát við beygju inn á Skógarhlíð og ganga úr skugga um að unnt væri að beygja án hættu, sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Ber hann því einnig nokkra sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 1/4 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B ber 3/4 hluta sakar.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 175/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 24. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. júní 2026 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. júní 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir alvarlegu slysi hinn 31. ágúst 2024 er hún var í skipulagðri jöklaferð á vegum X. Á slysdegi hafi veður verið slæmt, mikil rigning og þétt þoka. Hafi M og aðrir þátttakendur lýst áhyggjum vegna þessa en starfsfólk X svarað því til að óhætt væri að fara af stað. Um 16 manna hóp hafi verið að ræða en með hópnum hafi aðeins verið einn leiðsögumaður. Öryggisundirbúningur hafi þá verið takmarkaður en M hafi verið afhentir mannbroddar sem hafi ekki passað og hafi þeir ítrekað dottið af henni á göngunni. Leiðsögumaðurinn hafi átt í erfiðleikum með að halda hópnum saman og veita skýrar leiðbeiningar og hafi það leitt til óreiðu og óöryggis þátttakenda. Hafi þátttakendur einnig lýst undrun sinni á erfiðleikastigi leiðarinnar, en hún hafi verið torfærari en ætla mátti af kynningu á henni. Þá hafi ekkert farsímasamband verið til staðar og hafi það valdið hópnum miklum áhyggjum og leitt til þess að ákveðið var að snúa til baka. Stuttu eftir að ákvörðun var tekin um að snúa við hafi M fallið í holu í jöklinum og slasast alvarlega með þeim afleiðingum að hún gat hvorki staðið né gengið. Byggir M á því að slysið hafi atvikast vegna ófullnægjandi leiðsagnar, erfiðra veðurskilyrða og aðstæðna sem hópurinn var ekki búinn undir auk þess sem mannbroddar hafi ekki passað á skó hennar. Þá hafi viðbrögð við slysi M verið ófullnægjandi. Samkvæmt lýsingu vitnisins Y hafi leiðsögumaðurinn fyrst reynt að ná talstöðvarsambandi við annað starfsfólk X en þegar það gekk ekki hafi hann farið yfir hrygg til að ná sambandi en á meðan hafi hópurinn verið skilinn eftir einn og einangraður. Hafi M þurft að bíða í um klukkustund áður en annað starfsfólk X kom á vettvang. Í kjölfarið hafi einn starfsmanna X borið M á bakinu niður jökulinn en björgunarsveit eða aðrir viðbragðsaðilar hafi ekki verið kölluð til. Starfsmaðurinn hafi, samkvæmt vitnisburði Z, margsinnis fallið með M á bakinu sem hafi leitt til frekari áverka hennar og við eitt slíkt fall hafi M lent á mannbroddum hans og við það hlotið brot á rófubeini. Yfirlýsing X staðfesti verulega töf á viðbrögðum og aðstoð og að M hafi loks komið til baka af jöklinum í fylgd þriggja starfsmanna. Bataferli M, sem hafi hlotið alvarlegt fótbrot og rófubeinsbrot, hafi verið erfitt og búi hún enn við einkenni vegna þessara áverka.

Á grundvelli framangreinds krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V en V hafnaði kröfu hennar með bréfi, dags. 13. febrúar 2026. Af hálfu M er byggt á því að öryggisráðstöfunum X hafi verið verulega ábótavant. Er einkum vísað til þess að öryggisáætlun og áhættumat hafi ekki verið fullnægjandi og að ekki hafi verið tekið nægilegt mið af þeim hættum sem fylgja jökla- og fjallaferðum, auk þess sem veðurskilyrði hafi verið slæm. Þá hafi leiðsögn verið ófullnægjandi, þar sem einn leiðsögumaður hafi verið með 16 manna hóp við krefjandi aðstæður og ekki haft nægilega yfirsýn yfir hópinn. Þegar M slasaðist hafi viðbrögð af hálfu X jafnframt verið ófullnægjandi og ekki hafi verið brugðist nægilega hratt og skipulega við. Þá hafi skort á fullnægjandi verklag, viðbragðsáætlun og skráningu atvika. Heildstætt mat framangreindra atriða leiði til þess að sýnt sé fram á verulega vanrækslu X og sé bótaréttur úr ábyrgðartryggingu þess því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt vitnisburði Y hafi verið skýjað með smá úða. Rigning hafi haft áhrif á áhættumat ferðarinnar en hún hafi ekki verið metin svo mikil að tilefni væri til þess að hætta við ferðina. Þá liggi fyrir að þátttakendur hafi fengið viðeigandi búnað, þar á meðal brodda á skóbúnað. Samkvæmt upplýsingum X hafi broddarnir verið í góðu ástandi og settir á þátttakendur í

upphafi ferðar. Umrædd jöklaferð sé sú auðveldasta sem X bjóði upp á og ekki liggi fyrir að búnaður vegna hennar hafi verið haldinn vanbúnaði.

Fyrir liggi að 16 manns hafi verið í ferðinni og einn leiðsögumaður með hópnum. Samkvæmt gögnum X sé viðmiðið einn leiðsögumaður á hverja 15 þátttakendur. Þrátt fyrir að þátttakendur hafi verið 16 en ekki 15, séu að mati V ekki orsakatengsl milli þess og slyssins. Þar sem M og eiginkona hennar, Z, hafi verið beðnar um að ganga fremst í hópnum með leiðsögumanninum verði þannig ekki séð að skortur á starfsfólki hafi haft áhrif á tildrög slyssins. Leiðsögumaðurinn hafi lokið námskeiðinu Jökla 1, uppfyllt skilyrði leiðbeininga Ferðamálastofu og verið með fullnægjandi búnað. Af gögnum málsins verði því ekki ráðið að meintur vanbúnaður eða vanmat á aðstæðum hafi valdið slysinu.

Hvað varðar viðbrögð X eftir slysið er vísað til þess að farið hafi verið eftir viðbragðsáætlun X. Í atvikaskýrslu komi fram að slysið hafi verið flokkað í flokk 2 og því ákveðið að kalla eftir frekari aðstoð við að flytja M niður jökulinn. Í svörum X komi fram að sjúklingurinn hafi verið með minniháttar meiðsli en að aðstæður hefðu gert rýmingu erfiða og krafist 6–8 einstaklinga og um tveggja klukkustunda. Því hafi verið ákveðið að láta einn reyndan leiðsögumann annast hraðan og öruggan flutning með aðstoð tveggja annarra starfsmanna. Það hafi gengið vel og án vandkvæða.

M haldi því fram að leiðsögumaðurinn hafi dottið þegar hann flutti hana niður jökulinn. Það sé hins vegar hvorki staðfest í atvikaskráningu X né í fyrirliggjandi samtímagögnum. Í læknisvottorði frá 20. ágúst 2025 komi fram lýsingin „fall on tailbone 2024“, en ekki verði séð að það sé nægileg sönnun þess að umrædd atvik hafi átt sér stað með þeim hætti sem lýst sé í málskoti. Af gögnum málsins verði því ekki ráðið að meint röng viðbrögð X eða starfsfólks þess hafi valdið eða aukið á tjón M.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti geri ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þurfi að sanna að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. M þurfi því að sýna fram á að slysið megi rekja til saknæmrar vanrækslu X eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann hafi getað borið ábyrgð á. Að mati V hafi slysið verið óhappatilvik sem ekki verði rakið til saknæms vanbúnaðar, vanrækslu eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé því ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að skráningar frá Jökulheimaveðurstöð sýni meðalvindhraða 18,2–22,6 m/s og vindhviður allt að 28,2 m/s á þeim tíma sem ferðin var farin. Rétt sé að miða við upplýsingar frá þeirri veðurstöð en ekki Skaftafellsstöð eins og V vilji meina, enda endurspegli mælingar þaðan veður á láglendi. Samkvæmt öryggisáætlun X teljist vindur yfir 15 m/s HIGH og yfir 25 m/s EXTREME, en við EXTREME-aðstæður séu ferðir óheimilar og aðeins þrjár af sjö ferðategundum leyfðar við HIGH-aðstæður. Rakastig hafi jafnframt verið 100% allan ferðatímann og hitastig og daggarmörk jöfn. Gögnin sýni þannig fram á að X hafi ekki fylgt eigin öryggisáætlun.

Innri skráningar X sýni jafnframt fram á að rigning hafi verið á vettvangi. Í morgunsskráningu hafi úrkoma verið *Moderate*, sem samkvæmt öryggisáætlun samsvari 2,5–8 mm á klukkustund, en í síðdegisskráningu *Low*. Rekstrarstjóri X hafi þó tekið fram að rigning hefði aukist síðar og því verið skráð *Moderate* í atvikaskýrslu kl. 14:20. Gögnin styðji því að rigning hafi verið til staðar og aukist þegar ferðin hófst, ásamt EXTREME-vindskilyrðum og fullmettuðu lofti. Þetta styðjist einnig við innri skráningar starfsmanna og vitnisburð Y og Z um mikla rigningu á vettvangi.

Þrátt fyrir að 16 þátttakendur hafi verið í hópnum komi fram í atvikaskráningu X að aðeins 13 manns hafi verið í hópnum. Slíkt misræmi bendi til ófullnægjandi skráninga af hálfu X auk þess sem fjöldi þátttakenda hafi verið í andstöðu við verklagsreglur í öryggisáætlun X.

Er þá vísað til framburðar Y, m.a. að því er varðar reynsluleysi leiðsögumanns ferðarinnar og versnandi veðurs á meðan ferðinni stóð. Auk þess bendi framburður hans til þess að upplýsingagjöf til ferðamanna fyrir ferðina hafi ekki verið til samræmis við reglur og öryggisáætlun X.

Hvað varði viðbrögð í kjölfar slyss M þá kveði öryggisáætlun X á um að börur skuli vera tiltækar á vettvangi. Atvikaskráning sýni hins vegar að björgun hafi farið fram með þeim hætti að starfsmaður X hafi borið M á bakinu niður jökulinn. Þá hafi bifreið sú sem ætluð var til flutnings M ekki haft leyfi til farþegaflutninga og hafi henni því verið gert að skríða af eigin rammleik upp í rútu.

Hvað varði þau atvik er urðu til þess að M rófubeinsbrotnaði þá lýsi vitnisburður Z björgunarferlinu með nákvæmum hætti og vitnisburður Y staðfesti verulega töf á aðstoð og slæmar aðstæður við björgunina. Fyrir liggi ljósmyndir af rifnum buxum M sem staðfesti að hún hafi komist í snertingu við

mannbrodda með þeim hætti sem hún lýsi. Hafi fall M verið bein afleiðing af ófullnægjandi fyrirkomulagi við björgun hennar en ekki óhappatilvik.

Eru þá gerðar ítarlegar athugasemdir við villur og vanskráningu í atvikaskrá X auk þess sem starfsfólki X hafi mátt vera ljóst að meiðsli M voru alvarlegri en svo að þau féllu undir flokk 2. Samkvæmt öryggisáætlun X eigi slys sem krefjast sjúkrahússinnlagnar eða geta leitt til varanlegrar örorku að vera flokkuð í flokk 3 eða 4 en slík slys kalli á frekari úrræði og björgunaraðstoð.

Í viðbótarathugasemdum V er lýst þeirri afstöðu að M verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi sé í málinu. Er þá áréttað að Z sé eiginkona M og verði að líta til þeirra tengsla við mat á sönnunargildi framburðar hennar.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

M byggir á því að undirbúningi og framkvæmd ferðarinnar hafi verið stórlega ábótavant. Þannig hafi veður verið með þeim hætti að ekki hefði, samkvæmt öryggisáætlun X, átt að hefja ferðina. Stærð hópsins hafi einnig verið yfir leyfilegu hámarki og enginn viðeigandi björgunarbúnaður hafi verið til staðar. Bifreið sem nýta átti til flutnings M hafi ekki verið með tilskilin leyfi og því hafi M þurft að skríða upp í hópferðabifreið.

Hvað varðar veðuraðstæður þá kemur fram í yfirlýsingu Y að veður hafi verið „rainy and cloudy“ áður en haldið var í ferðina. Á leiðinni hafi verður verið „cloudy, possibly a little drizzle but not actively raining.“ Í yfirlýsingu Z, segir hins vegar að veðurskilyrði hafi verið „extremely poor – heavy rain and dense fog.“ Ljóst er því að lýsingum þeirra á veðri ber ekki að fullu saman enda væntanlega að einhverju leyti huglægt mat fólks hvort það lýsir úrkomu sem úða eða mikilli rigningu. Hvorugt vitnanna virðist þá nefna sérstaklega að vindur hafi verið á vettvangi. Fyrir nefndinni liggja fyrir upplýsingar um veður frá tveimur veðurstöðvum, þ.e. Skaftafellsstöð og Jökulheimastöð en þar virðist veður hafa verið sýnu verra. Ekki liggur fyrir nein afdráttarlaus staðfesting þess hvora stöðina skuli miða við í mati á veðurfari á þeim tíma og stað sem umrædd ganga fór fram. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið sýnt að úrkomumagn, vindstyrkur eða hitastig á vettvangi hafi verið með þeim hætti að óforsvaranlegt hafi verið að leggja í ferðina, né að það hafi beinlínis verið í andstöðu við öryggisáætlun X.

Í málskoti er ekki fjallað sérstaklega um aðdraganda þess að M féll í holu á jöklinum. Óumdeilt virðist þó að M og Z hafi gengið fremst með leiðsögumanninum og verður því ekki séð að meintur skortur á starfsfólki hafi orsakað slysið. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að búnaður M hafi verið ófullnægjandi eða að mannbroddar hennar hafi valdið fallinu. Er því ekki sýnt fram orsakatengsl séu milli annarra þeirra atriða sem M telur að hafi verið ábótavant og þess slyss. Verður því ekki talið að sýnt sé fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

M byggir kröfu sína jafnframt á því að við björgunaraðgerðir hafi hún orðið fyrir öðru slysi sem leitt hafi til þess að hún rófubeinsbrotnaði. Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum verður ráðið að hún hafi fyrst leitað læknisaðstoðar vegna einkenna frá rófubeini hinn 20. ágúst 2025, eða um ári síðar en engin samtímagögn liggja fyrir nefndinni hvað þau einkenni varðar. Í málskoti er atvikum lýst svo að sá starfsmaður sem bar hana á bakinu niður af jöklinum hafi fallið mörgum sinnum, og við eitt fallið hafi hún lent á mannbroddum hans og það valdið broti á rófubeini. Er sú lýsing byggð á yfirlýsingu Z, dags. 30. september 2025, en þar kemur fram að viðkomandi starfsmaður hafi fallið „multiple times“ með M á bakinu. Í tölvupósti M til lögmanns síns, dags. 26. maí 2025, kemur fram sama atvikalýsing en starfsmaðurinn hafi fallið tvisvar með hana. Kemur þá einnig fram í samskiptum þeirra að viðkomandi starfsmaður hafi verið mun léttari en M sjálf og að vonandi geti sérfræðiskoðun á rifu á buxunum sem M var í staðfest frásögn hennar af atvikum.

Þessi atvik eru hins vegar ekki staðfest í atvikaskráningu X þar sem fram kemur að tveir starfsmenn X hafi borið hana niður af jöklinum, en þar er þess ekki getið að neitt hafi farið úrskeiðis á leið niður af jöklinum. Þótt í læknisfræðilegum gögnum sé vísað til falls á rófubein árið 2024 verður ekki af því fullyrt að brotið hafi hlotist við flutninginn af jöklinum. Eina fyrirliggjandi ljósmyndin af flutningi M sýnir þá fjóra einstaklinga hjálpast að við að bera hana. Engar frekari gögn varðandi buxur M eða skemmdir á þeim, er stutt gætu við framangreinda atvikalýsingu, liggja þá fyrir nefndinni. Af

framangreindu leiðir að ekki er hægt að slá því föstu að starfsmaður X hafi fallið með M á bakinu með þeim hætti sem lýst er og að hún hafi við það lent á mannbroddum hans.

Að öllu framangreindu virtu og eins og mál þetta liggur fyrir telur nefndin ekki hafa verið sýnt fram á að líkamstjón M verði rakið til saknæmrar vanrækslu X, ófullnægjandi öryggisráðstafana, vanbúnaðar eða rangra viðbragða félagsins eða starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Þótt veður og aðstæður hafi verið erfiðar verður ekki talið að þær hafi verið slíkar að X hafi með því að halda ferðinni áfram farið út fyrir það svigrúm sem félagið hafði til mats á aðstæðum. Þá hefur ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli meintra annmarka á framkvæmd ferðarinnar eða viðbrögðum eftir slysið og tjóns M. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 176/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 11. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og fjölskylda hans urðu fyrir slysi í hestaferð á vegum X þann 13. júlí 2025. Kemur jafnframt fram að öll fjölskyldan, foreldrar og þrjú börn, hafi dottið af baki og hlotið magvísleg meiðsli. Samkvæmt lýsingu Y, leiðsögumanns í ferðinni, í lögregluskýrslu fór hún með hópinn, í klukkutíma reiðtúr. Hafi þau verið á leið austur tiltekinn veg og rétt ókomin að T-gatnamótum þegar hvítri bifreið hafi verið ekið hratt að þeim, aftan frá, með þeim afleiðingum að hrossin hafi fælst undan knöpunum með þeim afleiðingum að þau hafi öll dottið af baki. Í gögnum málsins er m.a. haft eftir samstarfsmanni Y að hún hafi séð bíl sem ekið var hratt vera mjög nálægt hestunum, þ.e. fyrir aftan þá.

Að mati M má m.a. rekja slysið til þess að leiðsögn og skipulagi hafi verið ábótavant, starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi auk þess sem hann hafi ekki verið nema 15 ára. Öryggi þátttakenda hafi því ekki verið tryggt. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Því hefur V hins vegar hafnað. Það sættir M sig ekki við. Telur M að leiðsögn hafi verið af skornum skammti enda hafi einungis einn 15 ára leiðsögumaður verið með fimm manna fjölskyldu, þar af þrjú börn undir 18 ára aldri, sem öll voru óvön hestum. Metur M það svo að það hefði í það minnsta þurft tvo leiðsögumenn til að sinna hópnum. Þá hafi umræddur leiðsögumaður einungis verið 15 ára þegar slysið varð sem M telur að hafi verið ólöglegt af hálfu X. Þá hafi starfsmaðurinn tekið ákvörðun um að fara með hópinn á akveg þrátt fyrir að vita að bílar færu þar um. Auk þess hafi sú ákvörðun leiðsögumanns að taka einn hest með barni í taum stórlega skert möguleika hennar á að bregðast við hættu er upp kynni að koma. Þá hafnar M því að slysið verði alfarið rakið til notkunar ökutækis eða að M hafi ekki fylgt fyrirmælum um að halda í tauminn með báðum höndum. Máli sínu til frekar stuðnings byggir M m.a. á að það hafi verið ólöglegt af hálfu X að fela 15 ára einstaklingi leiðsögn með hópnum. Vísar M þar til 10. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013, þar sem fram komi að óheimilt sé að fela börnum yngri en 18 ára einum ábyrgð á dýrum. Er jafnframt bent á að í umfjöllun í frumvarpi með þeim lögum komi fram að sjónarmiðið að baki þessu séu þau að börn á þessum aldursskeiði séu almennt ekki fær um að bera alfarið ein ábyrgð á dýrum sökum þroskaleysis. Þá telur M að það fari í bága við 62. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að ráða ungmenni til hættulegrar vinnu.

Í athugasemdum V er tekið fram að skaðabótaskyldu X hafi verið hafnað þar sem V telur að M hafi ekki náð að sýna fram á að tjón hans megi rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna hans í tengslum við aðbúnað, skipulagningu eða framkvæmd ferðarinnar. Almennar sönnunarreglur geri ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði um að skilyrði bótaréttar séu uppfyllt vegna slíkrar ábyrgðar. M byggir m.a. á því að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar og öryggis ekki gætt þar sem leiðsögn hafi verið af skornum skammti, leiðsögumaður hafi verið reynslulítil og ung og hún hafi aðeins verið ein með fimm manna hóp. Þessum málsástæðum hafnar V og bendir á að samkvæmt upplýsingum frá X hafi allar venjubundnar öryggisráðstafanir verið viðhafðar og áður en lagt var af stað hafi verið farið yfir öryggisatriði og leiðbeiningar með hópnum. Þar hafi m.a. verið farið yfir það hvernig fara eigi á bak, hvernig skuli sitja, beygja, stöðva og fara af baki. Leiðsögumenn aðstoði alltaf fólk við að fara á og af baki. Þá sé sérstaklega farið yfir það að undir engum kringumstæðum megi setja hendur upp og öskra. Telur V því að leiðsögn hafi verið eins og best var á kosið. Hvað aldur og meint reynsluleysi leiðsögumannsins varði þá bendir V á að umræddur starfsmaður hafði starfað hjá X í tæp fjögur ár þegar slysið varð og hafði fyrir það umtalsverða reynslu af hestamennsku. Þá hafði hún farið í fjölda hestaferða og rekstra og tekið þátt í starfsemi hestaleigunnar

frá stofnun hennar. Er þeirri málsástæðu því alfarið hafnað að hún hafi verið of reynslulítil til að stýra ferðinni. V bendir einnig á að aldur einn og sér sé ekki góður mælikvarði á hæfni í hestamennsku heldur vegi reynsla og færni þyngst. Þá vísar V til þess að M byggi jafnframt á 10. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og að X hafi brotið gegn því ákvæði. Hvað þetta varðar þá bendir V á að leiðsögumaðurinn hafi ekki ein borið ábyrgð á hestunum líkt og fram komi í 3. mgr. 10. gr. sem kærandi byggir mál sitt á. Nærtækara sé að líta til 2. mgr. 10. gr. laganna þar sem kveðið sé á um að rekstararaðilar leyfisskylds dýrahalds skuli sjá til þess að starfsfólk sem sér um umönnun dýra búi yfir nægilegri hæfni og þekkingu á viðkomandi sviði, nokkuð sem V telur að umræddur leiðsögumaður hafi gert. Þá vísi M, máli sínu til stuðnings, í reglur Umhverfisstofnunar, um skilyrði starfsleyfis fyrir hestaleigur og reiðskóla, annars vegar og í gæðaviðmið Ferðamálastofu hins vegar. Bendir V á að þessar reglur séu huglægar og þar sé ekki nánar útskýrt hvað sé t.d. átt við með því að það þurfi að vera nægjanlegur fjöldi starfsmanna til að tryggja öryggi knapa, hvað teljist nægjanleg reynsla af leiðsögn í hestaferðum og hvað felist í kunnáttu sem leiðsögumenn þurfa að hafa til að velja hesta. Samkvæmt verklagsreglum X sé einn leiðsögumaður með hópa sem telji allt að fimm manns. Þegar hópar séu stærri sé leiðsögumönnum fjölgað í samræmi við það, þ.e. tveir leiðsögumenn með allt að tíu manna hóp. Telur V því ljóst að fjöldi starfsmanna hafi verið innan marka og í samræmi við verklagsreglur. Þá hafi allir hestarnir sem fjölskyldan reið út á verið þekktir fyrir að vera sérlega gæfir og verið sérvaldir til notkunar í hestaleigu. Þeir hafi verið vanir fjölbreyttum aðstæðum og óvönum knöpum. Þá bendir V á að X sé með öll tilskilin leyfi. Þá er því einnig hafnað að leiðsögumaðurinn hafi ekki fylgst með því sem var að gerast heldur einungis riðið á sínum hesti og ekki sagt neitt eða fylgst með. Í þessu sambandi vísar félagið í yfirlýsingu leiðsögumannsins sem um ræðir, en þar komi fram að sonurinn hafi í upphafi átt í örlitlum erfiðleikum með sinn hest. Hafi hún brugðist við því með því að taka hestinn í aukataum. Þetta sýni að mati V að leiðsögumaðurinn hafi verið vel vakandi fyrir aðstæðum og gætt fyllsta öryggis. Eftir það hafi hestarnir verið til fyrirmyndar og það hafi ekki verið fyrr en bifreið nálgaðist hópinn með þeim hætti sem lýst sé í gögnum málsins að hestarnir hafi fælst.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni M og fjölskyldu hans. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

M byggir kröfu sína m.a. á því að tjónið verði rakið til þess að leiðsögn og skipulagi hafi verið ábótavant, starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi auk þess sem hann hafi ekki verið nema 15 ára. X hafi því ekki séð til þess að öryggi þátttakenda væri tryggt. Hins vegar hefur M ekki lagt fram önnur gögn kröfu sinni til stuðnings en eigin frásögn og rökstuðning. Þannig liggja ekki fyrir nein þau sérfræðigögn í málinu sem nefndin telur að hægt sé að byggja þá niðurstöðu á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem leiði til skaðabótaábyrgðar X. Þau gögn sem þó liggja fyrir benda fremur til þess að meginorsök þess að svo fór sem fór hafi verið sú að bifreið var ekið að hrossunum aftan frá. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að þó vissulega hafi leiðsögumaðurinn einungis verið 15 ára, þýðir það ekki sjálfkrafa að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi hennar. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til sakar X eða starfsmanna X. M hefur ekki tekist sú sönnun og á því ekki rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X eru með hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 178/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Bótaréttur. Sönnun. Upplýsingaskylda vátryggingartaka.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 2. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að þann 7. mars 2026 hafnaði A á steyptum vegarstólpa í vegkanti. Kemur fram að svo virðist sem ökumaður A, þ.e. M, hafi misst stjórn á bifreiðinni með framangreindum afleiðingum. Slæm færð hafi verið á staðnum, ísing og snjóþekja. Hafi A orðið fyrir töluverðum skemmdum.

Í málskoti segist M hafa farið til V þann 6. mars 2023 til þess að kaskótryggja A. Hafi hann skrifað undir samning þess efnis. Byggir M á að hann hafi á því tímamarki verið upplýstur um það af hálfu starfsmanns V að tryggingin hefði öðlast gildi. Að ósk starfsmanns V hafi hann í framhaldinu sent V nýlegar ljósmyndir af A. Eftir tjónið þann 7. mars hafi V hins vegar m.a. byggt á því að umrædd trygging hafi ekki verið í gildi er tjónið varð. Við þá niðurstöðu fellir M sig ekki, enda telur hann sig eiga bótarétt úr kaskótryggingu A hjá V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er m.a. á því byggt að það komi skýrt fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að A hafi ekki verið tryggt hjá V á slysstundu. Einnig byggir V á því að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu við gerð vátryggingarsamnings og að V gruni að um tilraun til vátryggingasvika sé að ræða.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það milli aðila hvort A hafi verið kaskótryggð hjá V er umrætt tjón varð þann 7. mars 2026. V byggir á því að ósannað sé að svo hafi verið. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að þegar tjónið varð hafi A verið vátryggð hjá V2 en ekki V. Þegar þetta er haft í huga, auk þess sem M hefur ekki lagt fram nein þau gögn sem hnekkja framangreindum rökum V, þá hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi sé bótaréttur úr kaskótryggingu hjá V vegna tjónsins. Að fenginni þeirri niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málsástæður sem kann að vera byggt á í málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á A þann 7. mars 2026.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 179/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis. Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 1. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. júlí 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 17. febrúar 2026, var A, í eigu M, kyrrstæð á Suðurlandsvegi við Þrengslaveg þegar B var ekið aftan á A. Voru þær báðar með akstursstefnu í vestur. Málið var lagt fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt þannig að ökumaður B var látinn bera helming sakar fyrir að gæta ekki að umferð fyrir framan sig. Ökumaður A var látinn bera helming sakar fyrir að stöðva bifreið sína á miðri akrein án tilefnis. M fellir sig ekki við niðurstöðuna.

Í málskoti er gerð krafa um að niðurstaða tjónanefndar verði felld úr gildi og sök verði metin að nýju með hliðsjón af raunverulegum aðstæðum og gögnum málsins. M byggir á því að hafa verið stödd utan við hægri akrein, úti í vegkanti, og hafi verið að reyna að komast aftur inn á akrein þegar hún hafi séð B nálgast á miklum hraða og því hafi árekstur orðið. M hafi stöðvað A til þess að setja hana í fjórhjóladrif. Það hafi verið nauðsynlegt öryggisatriði miðað við aðstæður á vettvangi, en hálka hafi verið á veginum. Vegurinn hafi verið tvíbreiður þar sem A stöðvaði og hafi ökumaður B því haft raunhæfa möguleika til þess að forðast árekstur með því að skipta um akrein. M hafi ekki orðið vör við nein viðbrögð af hálfu ökumanns B, hvorki hemlun né tilraun til að skipta um akrein. B hafi haldið óbreyttum hraða og stefnu í átt að A. Í fyrirliggjandi gögnum er ekki getið um nein hemlaför á vettvangi. M kveðst hafa verið með viðvörunarljós og hafi haft fulla athygli á umferðinni. M hafi leitað eftir flóttaleið en engin örugg leið hafi verið fær.

Í athugasemdum V er vísað til þess að báðar bifreiðarnar séu tryggðar hjá V og því gerir félagið ekki sérstakar athugasemdir við málskotið.

Í viðbótarathugasemdum M er færður fram frekari rökstuðningur af hálfu M.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli ökumanna A og B vegna áreksturs 13. febrúar 2026.

Í 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga segir að eigi megi stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að á vegi megi einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin.

Í 2. mgr. 18. gr. sömu laga segir að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Samkvæmt framburði vitna í lögregluskýrslu var A kyrrstæð á miðri hægri akrein en var með kveikt á hættuljósum. A var því ekki lagt til hægri á akreininni líkt og áskilið er í 28. gr. umferðarlaga. Þá virðist ökumaður B hvorki hafa tekið eftir því að bifreiðin var kyrrstæð né áttað sig á því að kveikt var á hættuljósum A.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að sök verði skipt þannig að A beri 1/3 hluta sakar og B 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B, 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 181/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 1. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M við athugasemdum V1, dags. 4. júní 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V1, dags. 4. júní 2026.
5. Athugasemdir V2, dags. 5. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
6. Viðbótarathugasemdir M við athugasemdum V2, dags. 9. júní 2026.
7. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 9. júní 2026.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 9. júlí 2025, kemur fram að 30. júní sama ár hafi borist tilkynning um árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók, og B á Suðurlandsvegi í Gatnabrún í Mýrdal. Þegar lögreglan kom á vettvang mátti sjá B ofan á vegriði og hafi A með hestakerru í eftirdragi verið staðsett þar fyrir framan. Síðan kemur fram að á vettvangi ræddi lögreglan við X, sem var ökumaður B, M og vitnið Y. Eftirfarandi er haft eftir X: *„Hann sagðist hafa ekið vestur Suðurlandsveg, neðst í Gatnabrún, þegar hann ákvað að taka fram úr þriggja bíla röð fyrir framan sig. Hann kveðst hafa gefið stefnuljós og verið á 70 km/klst. Hann sagði að í þann mund sem hann var kominn yfir á öfugan vegarhelming og að hefja framúrakstur hafi bifreiðin [A] með hestakerru í eftirdragi, sem var jafnframt næstfremst í röðinni, farið yfir á rangan vegarhelming líkt og ökumaður ætlaði líka að hefja framúrakstur. [X] kvaðst hafa hemlað og gefið hljóðmerki með bílflautu til að reyna að afstýra árekstri. Það hafi ekki tekist svo árekstur varð með bifreið hans og hestakerrunni […] með þeim afleiðingum að bifreið hans hafnaði á vegriði sunnan megin við veginn.“* Eftirfarandi er haft eftir M: *„Hann kvaðst hafa ekið vestur Suðurlandsveg og þegar hann var kominn niður Gatnabrún hafi hann ætlað að taka fram úr bifreið sem ók fyrir framan hann. Hann sagðist hafa hafið framúrakstur en skyndilega hafi komið mikið högg á hestakerruna […] sem hann dróg, svo að hún lyftist upp. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð bifreiðina [B] fyrir aftan sig. [M] kvaðst vera óslasaður og hafa verið spenntur í öryggisbelti. Hestakerran var tóm. Ákoma var á vinstri hlið kerrunnar og hjólbarði á þeirri hlið skemmdist. Engar framlengingar voru á hliðarspeglum á bifreiðinni [A].“* Eftirfarandi er haft eftir vitni, þ.e. Y: *„Hún sagðist hafa ekið niður Gatnabrún á um það bil 50-60 km/klst þegar hún sá að bifreiðin [B] sem ók fyrir aftan hana væri að fara fram úr henni. Fyrir framan hana hafi hins vegar verið bifreiðin [A] með hestakerru í eftirdragi sem hafi á sama tíma hafið framúrakstur. [Y] sagði að árekstur hafi orðið með bifreiðinni [B] og hestakerrunni en hún hafi sjálf sloppið við árekstur þrátt fyrir að hafa verið á milli þeirra.“* Þá liggja einnig fyrir frekari lögregluskýrslur, þ.e. upplýsingaskýrsla, frekari upplýsingar frá M, dags. 26. janúar 2026, upplýsingaskýrsla, enn frekari upplýsingar frá M, dags. 23. febrúar 2026 og framburðarskýrsla vitnisins Y, dags. 23. febrúar 2026.

Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök á árekstrinum yrði lögð á ökumann A, þ.e. M, sem hafi ekki gætt nægjanlega að umferð fyrir aftan sig þegar hann hafi hafið framúrakstur. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu. Telur M ekki forsendur til þess að hann eigi að bera alla sök á árekstrinum. Bendir hann í því sambandi á að tjónanefnd hafi hvorki tekið tillit til þess að ökumaður B hafi brotið umferðarreglur né þeirra viðbótarupplýsinga sem borist hafi frá lögreglu og vitni. Tekur M fram að hann hafi ákveðið að aka fram úr þeirri bifreið sem hafi verið á undan A þegar hann hafi komið að þeim stað á veginum þar sem veglína hafi verið brotin. Fram að þeim stað hafi veglínan verið heil. Telur M því liggja fyrir að ökumaður B hafi ekið yfir heila línu þegar hann hafi hafið framúrakstur. Telur M að framangreindar ályktanir megi draga af því sem fram komi í viðbótarupplýsingaskýrslum frá lögreglu, það á meðal vitnaskýrslu Y.

Í athugasemdum V1, eru færð rök fyrir því að skipta beri sök á árekstrinum þannig að M beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3. Færir V1 eftirfarandi rök þessu til stuðnings. Hvað varði háttsemi M þá er

bent á að í c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2029 komi fram að ökumaður sem ætlað að aka fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Telur V1 að M hafi ekki gætt að þessu ákvæði er hann hóf framúrakstur. Þá bendir V1 einnig á að M hafi vanrækt að gæta að b-lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 umferðarmerki, en þar komi fram að varhugavert sé að aka yfir hálfbrotna miðlínu og óheimilt nema með sérstakri varúð. Einnig komi fram í b-lið 23. gr. umferðarlaga að ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að aka fram úr öðru ökutæki sem á undan er. Telur V1 að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlega að þessu ákvæði við framúrakstur á varasömum stað með bílaröð fyrir framan sig. Jafnframt er það afstaða V1 að sannað sé að ökumaður B hafi hafið framúraksturinn þar sem heil og óbrotin lína var á vettvangi. Þétt við árekstrarstað er heil og óbrotin lína og bendi því allt til þess að ökumaður B hafi byrjað framúraksturinn á heilli línu enda hafi hann er árekstur varð verið kominn fram úr fyrstu bifreið framan við hann í röðinni og lent saman við bifeið númer tvö, þ.e. M sem kveðst hafa hafið framúrakstur um leið og lína brotnaði. Hefur sá framburður M legið fyrir frá byrjun sbr. tjónstilkynning hans sem send var V1 á tjónsdegi. Þá liggi fyrir framburður vitnis um árekstrarstað sem sé skömmu eftir að línan brotnaði. Telur V1 að ökumaður B hafi gerst brotlegur gegn a-lið 23. gr. ofangreindrar reglugerðar um umferðarmerki þar sem fram komi að óbrotin lína gefi til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nem brýna nauðsyn beri til. Framangreindu til frekari rökstuðnings vísar V1 í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 36/2024.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindri tillögu V1 að sakaskiptingu mótmælt og færð frekari rök til stuðnings málatilbúnaði M. Telur M að rétt sé að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum V1 eru fyrri athugasemdir ítrekaðar og einnig ítrekað að vitni segi að B hafi verið ekið framúr sér á sama tíma og bifreið M hóf framúrakstur. Telur V1 að í því felist að B hafi verið kominn til hliðar við bifreið vitnisins er M hóf framúrakstur. Bifreiðunum hafi þannig ekki verið ekið yfir miðlínu á sama tíma enda hefði þá ekki orðið árekstur.

Í athugasemdum V2 er m.a. vísað til þess að í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segi að áður en ökumaður skipti um akrein eða aki á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þá segi í 2. mgr. 23 gr. umferðarlaga að ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Er það mat V2 að M hafi ekki gætt að framangreindum umferðarreglum er hann hóf framúrakstur með þeim afleiðingum að hann ók í veg fyrir B. Þá er bent á að samkvæmt gögnum málsins sé tjónið á hægri hlið B og á vinstri hlið hestakerrunnar. Því sé ljóst að ökumaður B hafði þegar hafið framúrakstur og verið komin fram hjá bifreið vitnisins þar sem hestakerrann fer utan í hliðinna á B. Tekur V2 fram að upplýsingaskýrslur lögreglu eru ritaðar meira en hálfu ári eftir áreksturinn. Í lögregluskýrslunni sé eftirfarandi ritað: *„Brotin lína er á vegkaflanum þar sem áreksturinn varð fyrir akstursstefnu í vestur.“* V2 telur því með öllu ósannað að B hafi verið ekið yfir óbrotna miðlínu. V2 telur því að M hafi ekki gætt nægjanlega að umferð fyrir aftan sig er hann hóf framúrakstur og með því brotið gegn skýrum ákvæðum 2. mgr. 20. gr. og c-liðar 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga. Því telur V2 rétt að M verði látinn bera alla sök á árekstri A og B.

Í viðbótarathugasemdum M við athugasemdir V2 er framangreindum rökum V2 mótmælt og færð fram rök gegn því sem þar kemur fram.

Álit.

Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra. Þá segi í c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga að ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Í lögregluskýrslu sem er frumgagn í málinu, er eftirfarandi haft eftir vitni á vettvangi árekstursins: *„Hún sagðist hafa ekið niður Gatnabrún á um það bil 50-60 km/klst þegar hún sá að bifreiðin [B] sem ók fyrir aftan hana væri að fara fram úr henni. Fyrir framan hana hafi hins vegar verið bifreiðin [A] með hestakerru í eftirdragi sem hafi á sama tíma hafið framúrakstur. [Y] sagði að árekstur hafi orðið með bifreiðinni [B] og hestakerrunni en hún hafi sjálf sloppið við árekstur þrátt fyrir að hafa verið á milli þeirra.“* Telur

nefndin að sú ályktun verði dregin af þessum vitnisburði að B hafi verið að aka framúr bifreið vitnisins þegar M hóf framúraksturinn. Það þýðir með öðrum orðum að ökumaður B hóf framúrakstur á undan M. Þetta kemur einnig heim og saman við þá staðreynd að ákoman var á vinstri hlið hestakerrunnar en ekki beint aftan á hana. Þessu til viðbótar kemur fram í lögregluskýrslu að engar framlengingar voru á hliðarspeglum á A. Þá telur nefndin einnig ósannað að ökumaður B hafi hafið framúraksturinn yfir heila og óbrotna línu. Þegar framangreint er haft í huga, og gögn málsins að öðru leyti, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að orsök árekstursins sé sú að M hafi vanrækt skyldu sína samkvæmt 2. mgr. 20. gr. og c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga. Hann beri því alla sök á árekstrinum,

Niðurstaða.
M sem var ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 2. júlí 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 183/2025
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. maí 2026.
2. Athugasemdir V, dags. 5. júní 2026, ásamt fylgigögnum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. júní 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. ágúst 2026.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að árekstur hafi orðið á milli A, en eigandi hennar er M og B á Flugvallarvegi 12. janúar 2026. Óumdeilt er að B var ekið aftan á A, samanber skýrslu Aðstoðar & Öryggis frá 12. janúar 2026. V barst tjónamat og myndir af A. Af þeim var ljóst að við hið bótaskylda tjónsatvik komu rispur á afturstuðara A. Jafnframt þrýstist afturstuðarinn að hægra afturbretti A og við það brotnuðu festingar í brettinu. Myndir frá verkstæði sýna jafnframt rispur á afturbretti A sem eru ótengdar hinu bótaskylda tjónsatviki. Í samtali M við V kom í ljós að A hafi þegar verið rispuð fyrir hið bótaskylda tjónsatvik. Með vísan til þess hafnaði V því að greiða fyrir allt tjón á afturbretti A, þar sem bótaskyldan nái einungis til þess tjóns sem sannanlega hlaust af hinu bótaskylda tjónsatviki en ekki til tjóns sem þegar var til staðar á A. M var upplýstur um að V myndi greiða fyrir nýtt bretti en ekki fyrir málun þess. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að niðurstaða V sé röng. Sprautun á nýju bretti ásamt nærliggjandi hlutum sé óhjákvæmilegur og eðlilegur hluti af viðgerð tjónsins, en ekki uppfærsla umfram fyrra ástand. Nýtt bretti komi ósprautað frá framleiðanda og verði ekki sett á bifreiðina nema það og nærliggjandi hlutar séu sprautaðir í réttum lit. Sprautun sé því nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að framkvæma viðgerðina og ekki sjálfstæður kostnaðarliður sem hægt sé að líta á sem uppfærslu. Án sprautunnar væri A í verra ástandi en fyrir tjónið, bæði útlitslega og hvað varðar verðmæti, þar sem nýr, ómálaður hlutur yrði settur á A. Markmið bótaskyldu væri að færa tjónþola í sambærilega stöðu og hann var í áður en tjónið varð, ekki lakari stöðu. Þó svo rispa hafi verið á brettinu fyrir tjónið geti það ekki réttlætt að hafna greiðslu fyrir sprautun sem er óaðskiljanlegur hluti þess að gera við tjónið og koma A aftur í eðlilegt og nothæft ástand.

Í athugasemdum V er því alfarið hafnað að málun á brettinu sé órjúfanlegur hluti af hinu bótaskylda tjónsatviki. Óumdeilt sé af gögnum málsins að brettið hafi þegar verið rispað og V ítrekar að það tjón eitt og sér sé þess eðlis að við viðgerð á því tjóni þyrfti að mála brettið upp á nýtt. V sé einungis skylt að bæta það tjón sem rekja megi beint til hins bótaskylda tjónsatviks, þ.e. þá tjónsaukningu eða þær viðbótarskemmdir sem af hlutust. V beri ekki skylda til að bera kostnað af viðgerð á eldra tjóni, enda myndi slíkt leiða til þess að M yrði betur settur en fyrir hið bótaskylda tjónsatvik. V hafnar því alfarið að kostnaður vegna málunar á brettinu sé órjúfanlegur hluti af viðgerð á bifreið M þar sem slík viðgerð myndi leiða til þess að M væri betur settur en fyrir hið bótaskylda tjónsatvik. Telur V því rétt að greiða einungis fyrir þá tjónsaukningu sem sannanlega má rekja til hins bótaskylda tjónsatviks.

Í viðbótarathugasemdum M er byggt á að rökstuðningur í athugasemdum V byggi á röngum forsendum um orsakasamhengi tjónsins. V haldi því fram að málun á brettinu sé ekki afleiðing hins bótaskylda tjónsatviks þar sem fyrri rispur hafi í sjálfu sér kallað á slíka viðgerð. Þetta sé ekki rétt. Bifreiðin sé 11 ára gömul og fyrir tjónið hafi ekki verið talin þörf á að mála brettið, enda um minniháttar rispur að ræða sem hægt væri að bæta með einfaldari aðgerðum, svo sem bónun eða mössun. Óumdeilt sé að við áreksturinn hafi festingar í brettinu brotnað, sem eru hluti þess, og því þurfi að skipta um allt brettið. Nýtt bretti komi ósprautað og verði ekki sett á A nema það sé málað í réttum lit. Málun sé því

nauðsynleg forsenda viðgerðarinnar en ekki sjálfstæður eða valkvæður þáttur. Kostnaður vegna málunar verður því eingöngu til vegna þess að skipta þurfi um brettið, sem sé bein afleiðing hins bótaskylda tjónsatviks. Fyrri minniháttar rispur breyti því ekki. M krefst þess að kostnaður vegna málunar á brettinu verði talinn órjúfanlegur hluti viðgerðar hins bótaskylda tjóns og því bættur.

Í viðbótarathugasemdum V er málsástæðu M að ekki hafi þurft að mála brettið á A þar sem einungis sé um minniháttar rispur að ræða mótmælt. Auk þess er mótmælt þeirri staðhæfingu að unnt hefði verið að lagfæra umræddar rispur með bónun eða mössun. V telur rispurnar ekki vera minniháttar þar sem búið hafi verið að rispa alla hægri hlið A fyrir umrætt tjónsatvik. Það leiði til þess að sprauta hefði þurft alla hliðina fyrir tjón.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á M að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks. Í málinu er óumdeilt að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna ofangreinds tjónsatburðar. Ágreiningur málsins snýr að umfangi tjónsins.

Óumdeilt er að við áreksturinn brotnuðu festingar á hægra afturbretti A og skipta þarf um brettið. V hefur hins vegar neitað að greiða fyrir málun þess þar sem brettið hafi verið rispað fyrir tjónsatvikið. Óumdeilt er að brettið var rispað fyrir tjónsatvikið. Að mati nefndarinnar breytir slík staðreynd því ekki að V ber að greiða fyrir málun á brettinu áður en það verður sett á A. V hefur ekki tekist sönnun þess að málun á brettinu sé ekki hluti af bótaskyldu tjóni. Af því verður V að bera hallann. A verður ekki í samskonar ástandi og fyrir tjón ef ómálað bretti verður sett á A.

Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin að M eigi rétt á bótum fyrir það tjón sem A varð fyrir í umræddum árekstri, þ.e. tjóni á afturstuðara og hægra afturbretti.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna skemmda á hægra afturbretti A.

Reykjavík, 1. september 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 184/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. maí 2026.
2. Athugasemdir V1, dags. 12. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 15. júní 2026.
4. Viðbótarathugasemdir M , dags. 19. júní 2026.

Málsatvik.

Hinn 13. mars 2026 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók og B. A var vátryggð hjá V1 og B hjá V2. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð og Öryggi. Þar kemur fram að A hafi verið ekið út úr bílskúr og inn á bílaplan og hafi ætlunin verið að aka áfram inn á bílaplanið til suðurs. B hafi verið ekið eftir sama bílaplani til norðurs og ætlunin hafi verið að beygja til vinstri á bílaplaninu og í framhaldinu að bakka. Í skýrslunni er eftirfarandi haft eftir M: *„Ég var að aka bílnum mínum út úr bílskurnum og ég ætlaði að aka beint áfram inn á bílastæðið (til suðurs). Ég sá hinum bílnum ekið eftir bílaplaninu á móti mér. Skyndilega var hinum bílnum beygt til vinstri í veg fyrir bílinn minn. Ég snögghemlaði en þá varð árekstur á milli bílanna.“* Í skýrslunni er eftirfarandi haft eftir ökumanni B: *„Ég ók eftir bílaplaninu (til norðurs). Ég beygði svo til vinstri því ég ætlaði svo að bakka bílnum mínum á bílaplaninu. Ég tók ekki eftir hinum bílnum og þegar ég beygði til vinstri að þá varð árekstur á milli bílanna.“* Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri alla sök á ökumann A, þ.e. M, þar sem hann hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð við akstur úr stöðureit.

M fellir sig ekki við framangreinda niðurstöðu. Í málskoti tekur M fram að A hafi verið staðsett fyrir framan bílskúrinn og að bílskúrshurðin hafi verið lokuð þegar atvikið hafi átt sér stað. Hafi hann ekið A áfram sirka 2 metra en síðan stöðvað er hann hafi séð B koma inn á bílaplanið. B hafi verið ekið nokkuð hratt. Hann hafi því ákveðið að bíða og sjá hvað ökumaður B ætlaði að gera. Þegar ökumaður B hafi hins vegar byrjað skyndilega að taka vinstri beygju í átt að A segist M hafa byrjað að flauta. Það hafi þó ekki komið í veg fyrir að B hafi endað á vinstra horni A. Telur M að bílaplanið sé þannig uppsett að ökumaður B hefði átt að sjá A um leið og hann keyrði inn á planið. Síðan tekur M fram að framburður sinn sem komi fram á myndbandi sem starfsmaður Aðstoðar og Öryggis hafi tekið, sé frekar óskýr þar sem hann hafi einfaldlega talið sig hafa verið í fullum rétti.

Í bréfi til nefndarinnar frá V1 kemur m.a. fram að A hafi þar verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu en að V1 muni ekki skila frekari athugasemdum í málinu.

Í athugasemdum V2 er bent á að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 beri öllum ökumönnum að sýna aðgæslu og haga akstri sínum þannig að ekki skapist hætta. Þá leiði af 3. mgr. 26. gr. sömu laga að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg eða akstursleið af bifreiðastæði, lóð eða landareign. Enn fremur hvíli rík aðgæsluskylda á þeim sem ekur af stað úr kyrrstöðu eða stöðureit samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laganna þar sem kveðið sé á um að ökumaður skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Með hliðsjón af framlögðum gögnum telur V2 að ekki verði ráðið með óyggjandi hætti að ökumaður B hafi ekið á óeðlilegum hraða eða sýnt af sér vítaverða háttsemi hvað það varðar. Engin gögn liggi fyrir um hraða eða önnur atriði sem styðji slíka ályktun, en staðhæfingar M þess efnis verði að teljast einhliða og ósannaðar. Þá liggi fyrir að ökumaður B hafi verið á eðlilegum akstri eftir akstursleið plansins og hafði þegar hafið vinstri beygju þegar áreksturinn varð. Þá verði ekki útilokað að ökumaður A hafi ekki gætt nægilegrar varúðar og forgangsskyldu við útakstur sinn af svæðinu fyrir framan bílskúrinn og ekki tryggt að akstursleiðin á planinu væri greið áður en hann hóf akstur sinn inn á bifreiðastæðið, enda hafi hvílt á honum rík forgangs- og aðgæsluskylda við slíkar aðstæður, sbr. 3. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Þótt M haldi því fram að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð, leysi það hann ekki undan ábyrgð þar sem hann hafi ekið út á akstursleiðina í veg fyrir B og skapað þar með beina hættu í trássi við forgangsskyldu sína. Með vísan til ofangreinds og gagna málsins í heild telur V2 að

leggja skuli alla sök á ökumann A sem hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð við akstur úr stöðureit.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri athugasemdir og rök ítrekuð auk þess sem M telur skýrsluna frá Aðstoð og Öryggi vera ranga. M byggir m.a. á að skýrsluhöfundur hafi m.a. verið að flýta sér við skýrslutökuna auk þess sem hann hafi oft lagt M orð í munn. Þá hafi hann ekki skoðað umhverfið og aðstæður nógu vel og ekki hlustað almennilega á framburð M. Ítrekar M að A hafi verið kyrrstæð við áreksturinn og hann hafi reynt að vara ökumann B við.

Álit.

Aðila greinir í grundvallaratriðum á um tildrög árekstursins. Af fyrirliggjandi gögnum verður þó ráðið að í aðdraganda árekstursins hafi M ekið A frá stöðureit fyrir framan bílskúr og ætlunin hafi verið að aka beint áfram inn á bifreiðastæðið til suðurs. B hafi hins vegar verið ekið eftir bifreiðastæðinu til norðurs. Er B var síðan beygt til vinstri varð árekstur milli A og B. Telur nefndin að eins og málið liggur fyrir beri að leggja til grundvallar að M hafi með aksturslagi sínu brotið gegn 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, þar sem m.a. komi fram að áður en ökumaður ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg eða akstursleið af bifreiðastæði, lóð eða landareign. Telur nefndin að M hafi ekki gætt að framangreindu þegar hann ók á stað úr stöðureit í umrætt sinn. Þá fær nefndin ekki séð að gögn málsins bendi til þess að áreksturinn verði að einhverju leyti rakinn til sakar ökumanns B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri 13. mars 2026.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 185/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. maí 2026.
2. Athugasemdir V, dags. 9. júní 2026, ásamt fylgigögnum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. júlí 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð árekstur á bifreiðarstæði milli A, en eigandi hennar er M, og B, 22. apríl 2026. Áreksturinn náðist á myndbandsupptöku og af henni má sjá að báðum bifreiðum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Málið var lagt fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga milli A og B með vísan til þess að hvorugur ökumanna hefði ekki gætt að sér við akstur aftur á bak. M fellir sig ekki við niðurstöðuna.

Í málskoti kemur fram að M telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Hann hafi verið að aka aftur á bak út af bifreiðarstæði, einu akstursleiðina í gegnum hlið út af bílaplaninu. Þegar M hafi verið kominn með afturenda A fram hjá B hafi B skyndilega tekið af stað úr stöðureit, stæði fyrir framan bílskúrshurð og bakkað beint í hliðina á A. Eins og myndir sýni þá hafi B bakkað í hliðina á A.

Í athugasemdum V er vísað til þess að í skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 22. apríl 2026, komi fram að M hafi verið að aka aftur á bak á bifreiðastæðinu þegar hann fann högg koma aftan á bifreið sína. Þá kvað hann að B hafi verið ekið aftur á bak á sama tíma. Ökumaður B kvaðst sömuleiðis hafa verið að aka aftur á bak á bifreiðastæðinu frá húsinu þegar hann fann högg koma aftan á bifreið sína. Hann kvað einnig að bifreið M hafi verið ekið aftur á bak á sama tíma. Jafnframt er vísað til fyrirliggjandi myndbands. V vísar að öðru leyti til gagna málsins.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M að hann hafi verið kominn fram hjá B þegar B hafi ekið inn í hliðina á honum. Tjón hafi ekki orðið á afturhluta A heldur á hliðinni.

Ökumaður B hafi skyndilega hætt við að beygja til hægri og beygt í veg fyrir M án þess að gæta að annarri umferð sem á eftir honum var. Ökumaður B hafi gert þetta svo hratt og óvænt að M hafi ekki verið unnt að bregðast við þessari óvæntu atburðarás.

Álit.
Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt á milli ökumanna A og B vegna áreksturs 22. apríl 2026.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga segir að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Þegar höfð er hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að hvorugur aðili hafi gætt nægjanlega að sér í aðdraganda árekstursins.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að sök verði skipt til helminga milli A og B á á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 186/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Orsakatengsl. Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Umfang tjóns.

Gögn.
1. Málskot móttekið 15. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. júlí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. júlí 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 28. maí 2025, keypt þrif á bifreiðinni A af fyrirtækinu X. Þann sama dag hafi M fengið símtal frá X þess efnis að mistök starfsmanna X hefðu leitt til þess að afturrúða A brotnaði. Þegar M sótti A hafi bifreiðin virst hrein og þurr að innan, þ.e. engin bleytuummerki á henni. Ekkert hafi verið minnst á að vatn hefði komist inn í A. M hafi litið svo á að lítið þyrfti að koma til svo rúðan dytti inn í bifreiðina og hafi hann því ákveðið að leggja A inn í bílskúr og panta nýja rúðu. Hafi M á þessum tíma ekki mátt vita að tjónið væri umfangsmeira en svo og hafi hann því í tjónstilkynningu til vátryggingafélags síns, hinn 30. maí 2025, aðeins getið um brotna rúðu. Vegna misskilnings hjá innflutningsaðila hafi nýja rúðan ekki borist fyrr en í lok júlí 2025, en á þeim tíma hafi M verið úti á sjó. Þegar hann hafi svo ætlað að færa A til viðgerðar í ágúst hafi strax komið í ljós að verulegt skammhlaup hafði orðið í rafkerfi hennar. Hafi A verið flutt úr bílskúrnum til umboðsaðila en bið eftir viðgerðartíma þar hafi verið um sex vikur. Við skoðun á A hafi komið í ljós að vatn hafði safnast saman í farangursgeymslu hennar. Hafi M þá haft samband við X og hafi starfsmaður þess, Y, gengist við því að hafa séð vatn fara inn í A en ekki látið M vita af því.

V hafi fallist á bótaskyldu vegna rúðunnar sem slíkrar en ekki tjóns á rafkerfi A, en samkvæmt tjónamati umboðsaðila nemi heildarfjárhæð þess tjóns um þremur milljónum króna. M byggir í málskoti á því að full bótaskylda sé til staðar enda liggi fyrir að vatn hafi komist inn í A við þrif á henni. Þá verði honum ekki kennt um þær tafir sem hafi orðið á málinu, en A hafi verið í þurrum og lokuðum bílskúr frá atvikinu og þar til hann hugðist færa hana til viðgerðar.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að þegar starfsmenn X hafi hafið þrif á A hafi mikill hitamismunur leitt til þess að rúðan brotnaði. Hún hafi farið í smáa búta en ekki fallið alveg í gegn þar sem filma á henni hafi haldið henni saman. A hafi í kjölfarið staðið óhreyfð í um fimm mánuði en er hún var flutt til umboðsaðila hafi komið í ljós víðtækt myglusmit og skemmdir á rafbúnaði A þar sem mikið vatn hafi legið undir botnklæðningum í farangursgeymslu. V telji ósönnuð fullnægjandi orsakatengsl milli þess að rúðan brotnaði og þess tjóns sem síðar kom í ljós á A. Verði í því samhengi að líta til þess að tæplega tveir og hálfur mánuður liðu frá brotinu og til þess er M varð fyrst var við skammhlaup í rafkerfinu, og þaðan í frá hafi liðið tveir mánuðir þar til bleytan uppgötvaðist. Þó fyrrverandi starfsmaður X, Y, hafi síðar viðurkennt að hafa séð einhverja bleytu sé með öllu ósannað að sá vatnsúði sem komi til við bílaþvott hefði einn og sér valdið svo umfangsmiklu tjóni hefði verið brugðist rétt og tímanlega við. Hins vegar liggi fyrir að umrædd bleyta hafi fengið að liggja óáreitt í um 150 daga sem hafi skapað kjöraðstæður fyrir það tjón sem síðar raungerðist. Jafnvel þó fallist væri á einhver orsakatengsl milli rúðubrotsins og hins síðar til komna rakatjóns liggi fyrir að M hafi ekki sinnt tjónstakmörkunarskyldu sinni, enda hafi verið á hans ábyrgð að skoða A vandlega eftir rúðubrotið. Hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og vanrækslu með því að gera það ekki heldur láta A standa óhreyfða og án loftræsingar í lokuðum bílskúr mánuðum saman.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að óumdeilt sé að afturrúða A hafi brotnað vegna hitamismunar þar sem köldu vatni var skolað af henni, að V hafi viðurkennt bótaskyldu vegna þess, að vatn hafi borist í farangursrými A við þetta atvik og að Y hafi orðið var við vatnið en vanrækt að láta vita af því. Ágreiningur aðila snúi aðeins að umfangi bótaskylds tjóns. M telji ljóst að það að vatn barst inn í A sé bein og eina orsök þess tjóns sem síðar kom í ljós. Það sé þá hvorki fjarlæg né óvenjuleg afleiðing þess að vatn berist í farangursrými bifreiðar að rafkerfi og tölvubúnaður hennar skemmist. Er þá ítrekað að M hafi verið í góðri trú varðandi það að ekkert vatn hefði borist inn í A. M hafi sýnt

eðlilega aðgát er hann tilkynnti um tjónið og ók bifreiðinni ekki frekar heldur færði hana til geymslu. Ekki verði gerð krafa um frekari aðgerðir af hans hálfu enda hafi hann hvorki vitað né mátt vita af því að bleyta hefði borist í A.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að félagið telji framlagða yfirlýsingu Y ótrúverðuga sem sönnunargagn í málinu og dragi sönnunargildi hennar í efa. Yfirlýsingin hafi ekki komið fram fyrr en um átta mánuðum eftir umrætt atvik og eftir að V hafði formlega hafnað bótaskyldu. Hún sé þá gefin út í formi óformlegra einkaskilaboða og starfsmaðurinn sem um ræðir, Y, sé hættur störfum hjá X. Þá stangist hún á við eldri yfirlýsingar X þar sem fram komi að rúðan hafi ekki brotnað í gegn, starfsmenn hafi séð flísar af gleri aftur í en enga bleytu. Hafi því þegar verið staðfest af hálfu X að engin bleyta hafi komist í A og einkaskilaboð fyrrum starfsmanns þess geti ekki haggað því. Jafnvel þó fallist væri á að „smá raki“ hafi verið inni í A geti slíkt ekki skýrt hið umfangsmikla tjón sem varð á A enda hefði þurft verulegt vatnsmagn til að valda því.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort það tjón sem varð á rafkerfi og öðrum búnaði A verði rakið til þess að afturrúða bifreiðarinnar brotnaði við þrif hjá X. Óumdeilt er að rúðan brotnaði vegna hitamismunar þegar köldu vatni var skolað af A og hefur V fallist á bótaskyldu vegna tjóns á rúðunni á grundvelli þess að starfsmenn X hafi gert mistök við þrif á A. Ágreiningur lýtur hins vegar að því hvort sýnt hafi verið fram á fullnægjandi orsakatengsl milli atviksins og þess tjóns sem síðar kom í ljós.

Y, starfsmaður X á þeim tíma sem atvikið varð, hefur síðar greint frá því að hann hafi séð vatn fara inn í bifreiðina en ekki gert M viðvart. V hefur dregið í efa sönnunargildi frásagnar Y, meðal annars með vísan til þess að hún hafi komið fram nokkru eftir atvikið og eftir að V hafnaði bótaskyldu. Þótt þessar aðstæður kunni að hafa áhrif á sönnunargildi frásagnarinnar verður ekki litið fram hjá henni við heildarmat á gögnum málsins. Þá verður ekki séð að fyrri upplýsingar X um að rúðan hafi ekki fallið alveg úr eða að starfsmenn hafi ekki orðið varir við bleytu útiloki að vatn hafi engu að síður borist inn í bifreiðina. Frásögn Y fær auk þess stuðning af því að síðar kom í ljós vatn undir botnklæðningum í farangursrými A. Yfirlýsingu M um að A hafi ekki verið notuð eftir atvikið heldur geymd í lokuðum og þurrum bílskúr þar til hún var flutt til umboðsaðila hefur þá ekki verið hnekkt. Ekki liggur fyrir að vatn hafi komist í A með öðrum hætti en við umrætt rúðubrot og verður því, að virtum gögnum málsins, talið nægilega sýnt fram á að vatn hafi borist inn í bifreiðina í tengslum við rúðubrotið. Verður vatn í bifreið enda að teljast nokkuð nærtæk afleiðing þess að rúða brotnar við þrif á henni. Er því að mati nefndarinnar nægilega sýnt fram á að vatn hafi komist inn í A samhliða því að afturrúða hennar brotnaði, en óumdeilt er að rúðubrotið sem slíkt verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaskyldu vegna.

Að mati nefndarinnar verður ekki gerð sú krafa til M að hann hafi, við þær aðstæður sem hér voru uppi, átt að gera sér grein fyrir því að vatn hefði komist inn í bifreiðina. Honum hafði verið tilkynnt að rúðan hefði brotnað en þegar hann sótti A virtist hún hrein og þurr að innan og honum var ekki tilkynnt um raka í henni. Verður því ekki séð að M hafi á þessum tíma haft vitneskju eða tilefni til að ætla að frekara tjón hefði orðið á bifreiðinni. Sú ákvörðun hans að setja A í lokaðan og þurran bílskúr og nota hana ekki verður því ekki talin fela í sér vanrækslu á skyldu hans til að takmarka tjón sitt.

Það að tæplega tveir og hálfur mánuður hafi liðið frá því rúðan brotnaði þar til M varð fyrst var við skammhlaup í rafkerfi A og enn lengri tími þar til vatn og rakaskemmdir komu í ljós verður ekki eitt og sér talið rjúfa orsakatengsl. Ekki liggur annað fyrir en að A hafi verið geymd í lokuðum og þurrum bílskúr á þessu tímabili og verður ekki séð að M hafi með notkun eða með öðrum hætti stuðlað að því að tjónið varð meira en ella.

Þótt V hafi bent á að umfang tjónsins sé mikið og að nokkur tími hafi liðið þar til það kom í ljós verður ekki séð að það breyti þessu mati. Fyrir liggur að við skoðun á A hafði safnast vatn undir botnklæðningum í farangursrými hennar og að rafbúnaður hafði orðið fyrir skemmdum. Þá liggur ekkert fyrir um aðra tiltekna orsök tjónsins. Við þessar aðstæður verður ekki talið að sá tími sem leið frá atvikinu þar til tjónið kom í ljós sé þess eðlis að orsakatengsl séu rofin.

Verður jafnframt að líta til þess að ef vatn komst inn í farangursrými A þegar rúðan brotnaði, eins og gögn málsins gefa til kynna, er það eðlileg og fyrirsjáanleg afleiðing þess að viðvarandi raki geti valdið skemmdum á rafbúnaði, tölvubúnaði og öðrum hlutum hennar.

Með vísan til framangreinds og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því talið að það tjón á rafkerfi A og öðrum búnaði hennar sem rakið verður til umrædds raka, sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess tjóns sem varð á A vegna raka.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 187/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. apríl 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. júlí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fallið af hjóli 14. júní 2024, kl. 18:00 í miðbæ X og orðið fyrir líkamstjóni. M hafi hjólað á vanmerkta keðju sem hafði verið strengd milli tveggja stólpa við tiltekið torg í bænum. M hafi gert kröfu um að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V en bótaskyldu hafi verið hafnað með vísan til þess að X beri ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M. Umrædd keðja hafi verið merkt og sýnileg öllum þeim sem fóru um götuna. Slysið verði því rakið til óhappatilviks M eða aðgæsluleysis hans. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á að slysið megið að öllu leyti rekja til atvika sem V beri ábyrgð á og byggir M kröfu sína á almennum reglum skaðabótaréttar, einkum sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. M hafi verið á heimleið úr miðbæ X og hjólaði til norðurs upp B þegar slysið varð. Hann hafði hjólað þessa leið margoft og verið vanur hjólreiðamaður. Á slysdegi hafi verið strengd þunn keðja á milli tveggja stólpa þvert yfir götuna til að loka fyrir bílaumferð frá B að torginu og miðbænum. Viðvörunarskilti hafi verið á keðjunni en það hafi vísað þannig að það sneri að umferð sem kom suður B. Grá bakhlið skiltisins hafi snúið að vegfarendum sem komu að keðjunni frá miðbænum, líkt og M gerði í umrætt sinn. Viðvörunarskilti hafi því ekki þjónaði neinum tilgangi fyrir umferð sem kom frá miðbænum. M hafi því ekki geta séð viðvörunarskiltið úr þeirri átt sem hann kom. Bakhliðin og keðjan hafi verið algjörlega samlit hellulögðum veginum og því ómögulegt fyrir vegfarendur að gera sér grein fyrir hættunni. Sérstaklega í ljósi þess að leiðin hafi almennt verið opin fyrir umferð og M vanur að fara þessa leið. Einnig hafi keðjan verið mjög þunn og strengd lágt frá jörðu sem hafi gert vegfarendum enn erfiðara að gera sér grein fyrir hættunni. M vísar hvað það varðar til frásagna tveggja vitna sem báðir vitna um að keðjan hafi verið illsjáanleg og illa merkt. Í skýrslu lögreglu, dags. 20. júní 2024, komi fram að keðja hafi verið sett á milli tveggja stólpa til að tryggja að engin bifreið kæmist þar í gegn og skilti fest á keðjuna sem stóð á „lokað." Einnig komi fram að skiltið hafi verið sett þannig upp að umferð sem kom úr norðri gæti lesið á það. Tilgangur lokunarinnar hafi þannig verið að koma í veg fyrir bílaumferð frá B og viðvörunarskilti því sett upp með þeim hætti að umferð úr þeirri átt myndi gera sér grein fyrir lokuninni. Þá hafi rauðar merkingar á keðjunni ekki verið til þess fallnar að gera keðjuna sýnilega gangandi vegfarendum. Þá hafi verið framkvæmdir við B, gangstéttin hafi verið sundurgrafin og öll í djúpum holum líkt og sjá megi á ljósmyndum sem fylgdu málskoti. Það hafi því verið ómögulegt fyrir M að hjóla vinstra megin við lokunina. Hægra megin við lokunin hafi verið einkabílstæði á vegum L þar sem bifreið var lagt. M hafi því ekki geta hjólað þeim megin heldur. Fyrir utan þessar augljósu hindranir hafi engin ástæða verið fyrir M að leggja lykkju á leið sína þegar hann gat ekki séð að gatan væri lokuð enda engar sjáanlegar varúðarmerkingar sem gáfu honum ástæðu til að fara aðra leið en hann var vanur að hjóla. Það hafi einnig verið a.m.k. tveir aðrir einstaklingar sem hafi hjólað á að umræddu keðju þennan sama dag. Í yfirlýsingu D frá 24. september 2025, sem hjólaði á keðjuna 1 klst. á eftir M, komi fram að hann hafi margoft hjólað þessa leið og aldrei séð götunni lokað með þessum hætti. Keðjan hafi verið mjög illa merkt og því erfitt fyrir vegfarendur að gera sér grein fyrir lokuninni. D hafi látið starfsmann hjá X vita af hættunni sem skapaðist af keðjunni og hafi hún verið tekin niður í framhaldinu. Í stað hennar hafi verið sett upp áberandi lokunarskilti með merkingum báðum megin. Í þessu felst viðurkenning á að framkvæmd lokunarinnar hafi verið ófullnægjandi fyrir slysið. Gatan sem M hafi hjólaði eftir umrætt sinn sé fjölfarin gata í miðbæ X. Gatan sé hellulögð og beri þess merki að vera ætluð fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. M hafi mátti treysta því að ekki væru hættur eða hindranir á veginum og hann hafi einnig mátti treysta því að ef veginum yrði lokað yrði það gert með

sýnilegum hætti. X beri ábyrgð á að vegir sem eru opnir almenningi til frjálsrar umferðar skuli uppfylla kröfur um öryggi umferðar, ástand vega og merkinga sbr. 1. mgr. 46. gr. vegalaga nr. 80/2007. M byggir á því að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi í umrætt sinn með því að setja upp vanbúna keðju og ófullnægjandi varúðar merkingar. Gáleysi starfsmanna X hafi orsakað slysið og tjón M. X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu samkvæmt reglum skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna. Starfsmenn X hafi átt að gera sér grein fyrir að tjón gæti leitt af háttsemi sinni umrætt sinn. Auðvelt hefði verið fyrir X að gera sér grein fyrir að hætta gæti skapast af illra merktri þunnri lágstrengdri keðju á þessum stað þar sem vegfarendur fara venjulega óhindraðir um. Í því ljósi hefði X átt að gera varúðarráðstafanir, til dæmis að setja skilti báðum megin við lokunina, setja sýnilegri merkingar á keðjuna, hafa keðjuna hærra frá götunni o.s.frv. Í kjölfar slysa á hjólreiðafólki þennan dag og í framhaldi af tilkynningu D til starfsmanns X hafi keðjan verið tekin niður og lokunin merkt með meira áberandi hætti. Þessi viðbrögð varnaraðila gefa til kynna að framkvæmd lokunarinnar hafi verið ófullnægjandi og falið í sér slysahættu.

Í athugasemdum V kemur fram að það liggi fyrir að götulokunin hafi verið sett upp í tilefni af viðburði á Z. Lokunin hafi verið sett upp í samráði við lögreglu og hafi verið notuð létt keðja svo viðbragðsaðilar gætu með auðveldum hætti opnað fyrir aðgang ökutækja sinna ef þörf krefði. Keðjan hafi verið rauðmerkt að hluta og með áföstu, stöðluðu skilti sem bannaði allan akstur um götuna. Vísar V til mynda sem fylgdu afstöðubréfi, en á þeim sé augljóst að gangandi og hjólandi vegfarendur hafi átt þess fullan kost að fara sitt hvoru megin við lokunina. Að mati V hafi lokunin verið sett upp í fullu samræmi við lög og reglur og keðjan og skiltið hafi verið vel sýnileg öllum sem áttu leið um svæðið. Samkvæmt 4. gr. umferðarlaga beri vegfarendum að sýna varkárni og varúð við umferð á vegum og götum, jafnt þegar stjórnað er vélknúnu ökutæki sem og reiðhjóli. Þá megi enginn, skv. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga, stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er þannig á sig kominn, m.a. vegna neyslu áfengis, að hann sé ekki fær um að stjórna því örugglega. Samkvæmt viðmiði 2. mgr. 49. gr. sömu laga telst ökumaður vélknúins ökutækis ófær um að stjórna því örugglega ef vínandamagn í blóði hans er yfir 0,2 prómil. Eins og fram komi í lögregluskýrslu hafi vínandamagn í blóði M verið 0,76 prómil á slysstað, og verður að telja, með vísan til framangreindra ákvæða, að ölvunin hafi haft talsverð áhrif á færni hans til að meta aðstæður og stjórna reiðhjólinu. Það sé því afstaða V að götulokunin hafi verið í samræmi við lög og reglur og vel sýnileg öllum sem áttu leið um svæðið. Að mati V sé því ekkert sem bendir til þess að V eða starfsmenn hans hafi valdið slysi M með háttsemi sem talist gæti saknæm og ólögmæt, en M beri sem endranær sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á að slys hans sé skaðabótaskylt samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. V vísar enn fremur til áður fram kominna röksemda í afstöðubréfi.

Í viðbótarathugasemdum M er það rökstutt með ítarlegum hætti að ölvun M hafi ekki verið orsök slyssins. Þá er það jafnframt rökstutt frekari að uppsetning umræddrar keðju hafi verið óforsvaranleg af hálfu X.

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M á meðan V byggir höfnun sína á því að tjón M verði ekki rakið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Í málinu er óumdeilt að M hjólaði á keðju sem strengd var á milli tveggja stólpa í miðbæ X þar sem vænta mátti umferðar bæði hjólandi og gangandi vegfarenda. Umrædd keðja var grá að lit eins og gatan sem hún var strengd yfir. Keðjan var að hluta rauðmerkt og á henni var einnig skilti sem á stóð „Lokað“. Skiltið var hins vegar ekki sýnilegt þeim sem komu að keðjunni úr þeirri átt sem M kom, þ.e. einungis grá bakhlið. Að mati nefndarinnar var uppsetning og frágangur keðjunnar ekki forsvaranlegur og skapaði mikla hættu fyrir þá sem áttu þar leið um, m.a. hafi þrír einstaklingar hjólað á keðjuna á stuttum tíma. Viðvaranir um keðjuna hafi verið ófullnægjandi. Það er því mat nefndarinnar að starfsmenn X hafi sýnt af sér gáleysi þegar þeir settu keðjuna upp í umrætt sinn og á því ber X skaðabótaábyrgð.

Þá kemur til skoðunar hvort skilyrði séu til þess að láta M bera hluta af tjóni sínu sjálfur vegna eigin sakar. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu segir: *„[M] blés í áfengismæli sem gaf niðurstöðuna 0,76%. Hann*

viðurkenndi að hafa fengið sér nokkra bjóra yfir daginn en taldi sig hafa fulla stjórn á hjólinu.“ Í 5. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að enginn megi hjóla eða reyna að hjóla ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna að hann getur ekki stjórnað hjólinu örugglega. Í 2. mgr. 49. gr. sömu laga telst ökumaður vélknúins ökutækis ófær um að stjórna því örugglega ef vínandamagn í blóði hans er yfir 0,2 prómil. Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að ölvun M hafi haft áhrif á færni hans til að meta aðstæður og stjórna reiðhjólinu. Það er afstaða nefndarinnar að M beri 1/3 hluta af tjóni sínu sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V að 2/3 hlutum.

Reykjavík, 1. september 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 188/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 4. júní 2026.
3. Athugasemdir V1, dags. 18. júní 2026.

Málsatvik.

Hinn 11. apríl 2026 varð árekstur milli bifreiðar M, þ.e. A og B. A var vátryggð hjá V1 og B hjá V2. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla. Þar er m.a. haft eftir M að hann hafi ekið A eftir Fálkabakka og tekið vinstri beygju inn á Höfðabakka þar sem hann hafi svo gefið stefnuljós til vinstri til að komast yfir á vinstri akrein þegar hann hafi fundið högg koma á vinstri framenda A. Aðspurður kvaðst M ekki hafa tekið eftir B og taldi þá bifreið hafa verið að aka á töluverðum hraða. Kvaðst M hafa verið á um 35 – 40 km/klst. hraða þegar áreksturinn varð og að ekkert hafi truflað akstur sinn. Þá er í lögregluskýrslunni haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið á vinstri akrein suður Höfðabakka á móts við Fálkabakka þegar A hafi verið ekið inn í hægri hlið B. Upplýsti hann að A hafi verið ekið upp Fálkabakka og verið að aka inn á Höfðabakka þegar áreksturinn varð. Hafi ökumaður A ekki gefið stefnuljós þegar hann ók inn á Höfðabakka. Farþegi í B greindi frá atvikum með sambærilegum hætti og ökumaður B.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri alla sök á ökumann A fyrir að hafa ekki gætt nægjanlega að annarri umferð við akreinaskipti. M unir ekki þeirri niðurstöðu og hefur því skotið málinu til úrskurðarnefndar.

Í málskoti gerir M athugasemdir við niðurstöðu tjónanefndar sem hann telur ekki byggða á fullnægjandi mati á gögnum málsins, sérstaklega hvað varði skemmdamynstur bifreiðanna og mat á atvikum árekstursins. Telur M að gögn málsins styðji ekki þá niðurstöðu að hann eigi einn að bera ábyrgð á árekstrinum. Skemmdir á B liggi eftir hægri hlið bifreiðarinnar, yfir báðar hurðir í samfelldri línu, en á A séu minni skemmdir á vinstra framhorni. Metur M það svo að þetta skemmdamynstur bendi til þess að bæði ökutæki hafi verið á hreyfingu þegar snerting varð og að B haldið áfram meðfram A í stað þess að stöðvast áður en árekstur varð.

Í athugasemdum V2 eru færð rök fyrir þeirri niðurstöðu að M sem ökumaður A, beri alla sök á árekstrinum. Bendir V2 á að forsenda þess að sök sé skipt í málum í samræmi við 1. mgr. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 sé sú að báðir ökumenn hafi sýnt af sér háttsemi sem leiði til sakar í málinu. Að gögnum málsins virtum telur V2 óumdeilt að B hafi verið ekið suður Höfðabakka þegar bifreið M, þ.e. A, hafi skipt um akrein svo árekstur varð. Þá hafnar V2 því að ákomur bifreiðanna bendi til þess að ökumaður bifreiðarinnar B hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Þvert á móti telur V2 þær styðja frásögn beggja ökumanna af málsatvikum, og að M hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð við akreinaskipti og þar með brotið gegn 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Telur V2 því rétt að tjón á B verði bætt úr ábyrgðartryggingu A í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

Í athugasemdum V1 er bent á að M meti það svo að skemmdamynstur á bifreiðunum sé ekki dæmigert fyrir einfaldan punktárekstur þar sem eitt ökutæki aki beint inn í annað frá hlið. Þvert á móti bendi það til núnings eða snertingar meðan bæði ökutækin voru á hreyfingu. Skemmdamynstrið bendi því fremur til þess að B hafi haldið áfram akstri meðfram bifreið A í stað þess að stöðvast áður en árekstur varð. Þá telji M að ökumaður B hafi haft raunhæfan möguleika á að bregðast við þegar A var komin inn á akreinina, en ekki náð að stöðva eða forðast áreksturinn. Með hliðsjón af framlögðum gögnum og skemmdamynstri bifreiðanna telur V1 að ekki sé réttað leggja alla sök á ökumann A. Verulegur vafi leiki á um nákvæma atburðarás og telur V1 því rétt að skipta sök til helminga milli ökumanna.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að í aðdraganda árekstursins hafi M ekið A eftir Fálkabakka og beygt inn á Höfðabakka. Er hann hafi síðan ætlaði að skipta yfir á vinstri akrein á Höfðabakka hafi A lent í árekstri við B sem ekið var á þeirri akrein. Telur nefndin að eins og málið liggur fyrir beri að leggja til grundvallar að M hafi með aksturslagi sínu brotið gegn 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem m.a. kemur fram að áður en ökumaður skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M beri alla sök á árekstrinum milli A og B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri 11. apríl 2026.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 190/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið vátryggingar. Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 27. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. júní 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. júní 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árið 2019 hafi orðið vart við leka í kjallara húsnæðis M. Hafi uppruni þess leka fundist og viðgerð farið fram. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu í það sinn og beint því til M að gera við umræddar lagnir þar sem ummerki væru um tæringu. M hafi í framhaldinu ákveðið að leita tilboða í endurnýjun lagnanna en jafnframt hafi þær verið sérstaklega álagsprófaðar. Að fengnu áliti tilgreinds pípulagningameistara árið 2020 hafi þó verið ákveðið að gera ekki við lagnirnar þar sem þær hafi verið taldar í lagi. Vorið 2024 hafi á ný orðið vart við raka í kjallara. Hafi V þá talið að orsök lekans væri sú sama og árið 2019. Síðan er tekið fram í málskoti að þegar viðgerðum hafi verið lokið, þar með talið endurnýjun umræddra lagna, hafi baðherbergi í kjallara verið endurgert. Hins vegar hafi ekki verið búið að loka stokki á efri hæðum þar sem brotið hafði verið. Þá hafi aftur orðið vart við raka. Telur M að þar með hafi orðið ljóst að endurnýjun lagnarinnar sem V hafði talið ónýta var ekki fullnægjandi, þ.e. kom ekki í veg fyrir leka. Kenning V um orsakir lekans hafi því reynst röng. Tiltekinn pípulagningameistari sem hafi annast framkvæmdir fyrir M hafi talið að tjónið mætti rekja til sturtu á 2. hæð. Hafi bæði íbúar og pípulagningameistarinn því talið að rekja mætti rakann til baðherbergis á 2. hæð. Þess vegna hafi verið ákveðið að brjóta upp gólf og leita raka á baðherberginu. Þá hafi komið í ljós að örlítið gat var á lögn sem lá þar í handklæðaofn. Telur M að þau ummerki séu nær örugglega eftir verkfæri og því allar líkur á því að verktaki á vegum íbúa á 2. hæð sem hafi sett upp innréttingar og handklæðaofninn, hafi valdið lekanum. Bendir M einnig á að samkvæmt skilmálum tryggingarinnar gildi hún um minniháttar viðhald hússins en breytingar á baðinnréttingu hljóti að falla þar undir. Ennfremur gildi tryggingin um tjón sem falli á eiganda lögum samkvæmt. Í því samhengi bendir M á að skv. 51. gr. fjöleignarhúslaga sé eignandi séreignar m.a. ábyrgur vegna mistaka við viðhald og meðferð fasteignar. Verði að ætla ákvæðið eigi við um tjónið og þar með skilmálar tryggingarinnar.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að þann 14. janúar 2025 hafi borist tilkynning frá M þar sem fram hafi komið að M hafi áður tilkynnt um tjón á vormánuðum 2024 vegna bólgu í gereftum í kjallara. Við yfirferð málsins hafi komið í ljós að það hafi tengst tjóni frá 2019. Við vinnslu síðastnefnda málsins árið 2019 hafi V sent pípulagningameistara á staðinn. Hafi hann talið að enginn lagnaleki væri til staðar en að tæring væri í upprunalegum lögnum sem þyrfti að endurnýja. Eins og nefnt er að framan barst V þann 17. maí 2024 ný tilkynning um tjón á fyrstu hæð og í kjallara. Hafi sami pípulagningameistari og skoðaði aðstæður 2019 farið á vettvang og komist að þeirri niðurstöðu að rekja mætti tjónið til sömu orsaka og fyrra tjón frá 2019. Í tilkynningunni frá 14. janúar 2025 hafi verið vísað til þess að það væri álit pípara sem M kallaði til að leki á baðherbergi á annarri hæð hafi valdið tæringu á lögnum í lagnastokknum sem V hafði áður beint tilmælum til húsfélagsins að þörfnuðust endurnýjunar vegna tæringar. V barst síðan bréf frá M, dags. 25. mars 2025, þar sem vísað var til þess að nýjar upplýsingar hefðu komið fram. Kom þar fram að ráðist hafi verið í endurnýjun umræddra lagna. Við það verk hafi pípari uppgötvað vatnsleka frá sturtu á þriðju hæð. Hafi hann talið að sá leki hafi valdið tæringu á lögnum í lagnastokki. Þá komi fram í bréfinu að við framkvæmdirnar hafi einnig orðið vart við nýjan vatnsleka á baðherbergi fyrstu hæðar og hafi sá vatnsleki verið rakinn til lagnar á baðherbergi annarrar hæðar sem liggi að handklæðaofni. Hafi V einnig borist myndir af þeirri lögn sem virðast sýna ummerki eftir verkfæri á lögninni. Telur V að af bréfinu frá 25. mars 2025 megi ráða að krafa í ábyrgðarlið fasteignatryggingar M sé byggð á því að lagnaleki á ofangreindri lögn að handklæðaofni á baðherbergi annarrar hæðar hafi orsakað það tjón sem um ræði. Í bréfinu sé vísað til 2. tl. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús þar sem fram komi að eigandi séreignar sé ábyrgur

gagnvart öðrum eigendum hússins […]vegna mistaka við meðferð séreignarinnar og viðhald. Ágreiningur aðila varði því rétt M til bóta úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar þeirri sem í gildi sé hjá V. Hvað þennan ágreining varði bendir V á að allar lagnir sem staðsettar séu innan veggja fjöleignarhúsa teljast til sameiginlegra lagna, jafnvel þó þær þjóni einungis þörfum þeirrar íbúðar þar sem lagnaleki verður. Jafnvel þó að sýnt verði fram á að leki frá umræddri lögn hafi verið valdur að hinu umþrætta tjóni telur V að M hafi ekki sýnt fram á að tjónið megi rekja til mistaka eiganda séreignarinnar eða einhvers sem hann ber ábyrgð á. Eigandi séreignar beri ekki hlutlæga ábyrgð á mistökum iðnmeistara þegar þeir vinna að viðhaldi eða breytingum í íbúðum þeirra. Þá bendir V einnig sérstaklega á að í skilmála fasteignatryggingarinnar sé sérstaklega undanskilið allt tjón sem rekja má til meiriháttar vinnu við viðhald húss nema sérstaklega hafi verið samið um slíka viðbótaráhættu áður en framkvæmdir hefjast skv. a- og b-lið 2. mgr. 23. gr. skilmálans. Almennt sé gengið út frá því að slíkar framkvæmdir séu á vegum verktaka sem séu þá eftir atvikum tryggðir fyrir tjóni sem þeir kunna að valda. Að minnsta kosti verði sú áhætta ekki yfirfærð á ábyrgðartryggingu eiganda fasteignarinnar jafnvel þó eigandi hennar kunni að bera hlutlæga ábyrgð á vatnsleka í samræmi við eignarhlutdeild í sameigninni skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. fjöleignarhúsalaga. Af gögnum málsins verði að telja óljóst hversu lengi meintur leki hafi verið til staðar á umræddri lögn á baðherberbergi annarrar hæðar sem M telur að hafi verið valdur að tæringu á lögnum í lagnastokknum sem V hafi áður beint þeim tilmælum til M að þörfnuðust endurnýjunar. Einnig telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að umræddur lagnaleki á annarri hæð séu orsök vatnstjóns í íbúðum í kjallara og á fyrstu hæð hússins. Þá telur V að jafnvel þó að eitthvað vatnstjón megi rekja til leka á umræddri lögn þá verði það tjón ekki rakið til mistaka við meðferð og viðhald eignarinnar sem eigandi íbúðarinnar beri skaðabótaábyrgð á skv. 2. tl. 1. mgr. 51. gr. fjöleignarhúsalaga. Enn fremur bendir V á að í málskoti M komi fram að það sé álit M að tjónið megi rekja til vatns sem seitlað hafi frá lögn í langan tíma eða allt frá árinu 2019. Í 2. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar er sérstaklega undanskilið allt tjón sem rakið verður til langvarandi vatnsleka sbr. c-lið 2. gr. skilmálans. V telur því, með vísan í allt framangreint, að bótaréttur sé ekki fyrir hendi úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar M.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. tekið fram að þegar hafist hafi verið handa við að lagfæra hinn umþrætta leka í húsinu hafi komið í ljós að ný ofnalögn á baðherbergi á 2. hæð hafi borið þess merki að gat hafi verið gert á hana með verkfæri. Byggir M á því að það gat hafi leitt til hins umþrætta tjóns. Er tekið fram að óvíst sé hvort um framleiðslugalla sé að ræða, handvömm verktaka eða eitthvað annað. Píparar sem unnið hafi að viðgerðunum hafi ekki fundið merki um að blætt hefði úr öðrum lögnum en þeirri sem gatið hafi fundist á. Þá bendir M á að sú vinna sem hafi verið unnin á baðherbergi á 2. hæð og sem hafi leitt til tjónsins, geti ekki talist meiriháttar vinna við viðhald húss enda hafi þar aðeins verið um að ræða uppsetningu á handklæðaofni. Þá hafi lögnin sem gat hafi komi á verið lögð af þáverandi íbúa viðkomandi íbúðar og verði að ætla að framkvæmdin hafi verið á ábyrgð viðkomandi. Falli hún því ótvírætt undir 1. mgr. 51. gr. fjöleignarhúsalaga þar sem um hafi verið að ræða mistök við meðferð og viðhald og/eða vanrækslu á viðhaldi. Gildi einu í því sambandi þó að húsfélagið kunni að vera eigandi lagnanna enda bæri þá húsfélagið ábyrgð á því sama á grundvelli 52. gr. fjöleignarhúsalaga. Það sé hins vegar óumdeilt að umrædd framkvæmd, þ.e. uppsetning handklæðaofns, hafi alfarið verið á vegum viðkomandi séreignarhluta. Það sé jafnframt afstaða M að líta verði á gat á lögninni sem bilun í lögn sem leiði til þess að hlutlæga regla 3. tölul. 1. mgr. 51. gr. fjöleignarhúsalaga eigi við. Um þá reglu segi m.a. svo í greinargerð með lögunum: *„Er eðlilegt og sanngjarnt að eigandi beri frekar áhættuna af því, ef búnaður í eignarhluta hans eða lagnir, sem honum tilheyra, bili og gefi sig, en að aðrir eigendur þurfi að bera tjón vegna þess bótalaust.“*

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekuð sú afstaða að í a-lið 2. mgr. 23. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar sé að finna undanþágu frá því sem vátryggingin tekur til, en í því ákvæði sé ekki áskilnaður um að framkvæmdir þurfi að vera meiriháttar. Þá segi þar: *„vátryggingin bætir ekki tjón sem verða vegna byggingarframkvæmda, t.d. vinnu við stækkun, endurbætur, breytingu eða skreytingu fasteignar sem vátryggður á.“* V telur því ljóst að ef rekja má meint tjón til framkvæmda (uppsetningu á handklæðaofni) sé það ekki bótaskylt úr fasteignatryggingu M.

Álit.

M krefst þess að fá hið umþrætta tjón bætt úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar hjá V. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina virðist ljóst að óvissa ríkir um raunverulegar orsakir hin umþrætta tjóns. Af viðbótarathugasemdum M verður þó ráðið að skaðabótakrafa M sé byggð á þeirri

forsendu að tjónið verði rakið til vinnu við uppsetningu á handklæðaofni á baðherbergi á 2. hæð í fasteign M. Byggir M á því að þegar hafist hafi verið handa við að lagfæra lekann í húsinu hafi ný ofnalögn í því tiltekna baðherbergi borið þess merki að gat hafi verið gert á hana með verkfæri. Telur M að hið umþrætta tjón verði rakið þessa gats. Tekur M jafnframt fram að óvíst sé hvort um hafi verið að ræða framleiðslugalla, handvömm verktaka eða eitthvað enn annað. Hins vegar hafi þeir píparar sem unnu að viðgerðunum ekki fundið merki um að blætt hefði úr öðrum lögnum en þar sem gatið fannst.

Eins og nefnt var að framan ríkir óvissa um raunverulegar orsakir hins umþrætta tjóns. Það er M að sanna orsökina og að um skaðabótaskylt tjón sé að ræða sem falli undir gildissvið tryggingarinnar hjá V. Eins og málið liggur fyrir telur nefndin að M hafi ekki tekist sú sönnun. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 192/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. júní 2026, ásamt fylgiskjölum
3. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 8. júlí 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt tjónstilkynningu M, dags. 17. mars 2026, er atvikinu lýst þannig að þann 16. mars 2026 hafi M ekið bifreiðinni A á plötur sem hafi legið á götu við vinnusvæði X. Í tjónstilkynningu frá M er nánar að finna eftirfarandi atvikalýsingu: „*Ég bý á móti framkvæmdum þar sem verið var að steypa plötu. Á staðnum voru plötur sem notaðar eru undir steypubíl/dælubíl lagðar á akbraut við hliðina á ökutæki á vegum framkvæmdarinnar á meðan verið var að undirbúa vinnuna. Steypubíllinn/dælubíllinn þrengdi jafnframt verulega að akbrautinni þannig að lítið svigrúm var til að komast framhjá. Þegar ég ók framhjá fór ein stálplatan á hreyfingu og skall í bifreið mína og dældar hana. Tjónið varð því vegna lausra platna á akbraut sem tengdust framkvæmdinni.*“ Síðan segir m.a. í tjónstilkynningunni: „*Platan skall tvisvar utan í bifreiðina þegar ég ók framhjá. Plöturnar lágu ofan á hvor annarri og fór dekk bifreiðarinnar upp á aðra plötuna með þeim afleiðingum að hún skaust upp og skall utan í hurðina.*“ Krefst M þess að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu sem X var með hjá V. Í málatilbúnaði V er því hins vegar hafnað að tjónið hafi átt sér stað með framangreindum hætti.

Í málskoti rökstyður M skaðabótakröfu sína með þeim rökum að frásögn hans um atvikið hafi verið samræmd frá upphafi í samskiptum við V. Þá hafi plötur tengdar stuðningsbúnaði verið á akbraut við hlið svarts jeppa, efri plata hafi farið á hreyfingu við akstur og valdið tjóni, og plöturnar hafi síðan verið færðar undir búnaðinn. Telur M að framangreint komi fram í tölvupóstum frá 18. mars, 19. mars, 17. apríl og 21. apríl 2026. Þá samræmist ekki sú fullyrðing V að „nægt pláss“ hafi verið til að aka fram hjá, því sem fram komi á fyrirliggjandi ljósmyndum. Telur M að af þeim megi sjá að dælubíll með útbreidda stuðningsfætur hafi tekið verulegt pláss á akbrautinni, að stuðningsfótur og keilur hafi staðið út í akstursrými og ökutæki sem lagt hafi verið beggja vegna götunnar hafi þrengt svigrúmið enn frekar. Þá sýni tilteknar myndir einnig grunnbreidd götunnar á sama stað þegar dælubíll sé ekki uppsettur. Telur M að ljósmyndirnar sýni að fram hjá akstur á vettvangi hafi ekki verið með eðlilegum hætti og að ökutæki hafi þurft að fara mjög nærri svæðinu þar sem plöturnar/stuðningsbúnaðurinn voru staðsettar. Þá bendir M á að ljósmynd af stuðningsfæti sýni plötu með málmhandfangi undir búnaði. Sú mynd samræmist ekki án frekari skýringa þeirri almennu fullyrðingu að einungis séu notaðar timburplötur. Ágreiningurinn snúist þó fyrst og fremst um staðsetningu og frágang stuðningsbúnaðar á akbraut og hvort slíkt hafi skapað hættu fyrir vegfarendur. Að lokum telur M að heilstætt mat á gögnum styðji frekar atvikalýsingu sína en þá fullyrðingu V að nægt pláss hafi verið til fram hjá aksturs og að atvikið geti ekki hafa átt sér stað með þeim hætti sem M byggir á.

Í athugasemdum V er framangreindum málatilbúnaði M hafnað. Bendir V á að til þess að bótaskylda stofnist í ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X þurfi M að sanna að saknæm og ólögmæt háttsemi starfsmanna X hafi leitt til tjónsins sem um ræðir, þ.e. sakarreglan gildi. Sönnunarbyrðin um meinta sök X, orsakatengsl og önnur skilyrði sakarreglunnar hvíli alfarið á M. X beri því ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni ef ekki sé sýnt fram á að tjónið sé tilkomið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna hans. Þá bendir V á að almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti geri ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu tilviki beri M sönnunarbyrði fyrir því atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti er hann lýsir og að tjónið á bifreið hans sé rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X. Telur V að M hafi ekki tekist að sanna að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti er hann lýsi og að tjónið á bifreið hans verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X og þar af leiðandi séu málsatvik og sök X ósönnuð. V vekur athygli á því að M hafi ekki stöðvað bifreið sína þegar atvikið á að hafa átt sér stað til að

tilkynna starfsmönnum X um tjónið á vettvangi til að tryggja sönnun þrátt fyrir að starfsmaður hafi verið á vettvangi þegar tjónið á að hafa átt sér stað. Því sé ómögulegt að segja til um hvort tjónið á bifreið hans sé tilkomið vegna atviksins er hann lýsir. Þá vísar V til þess að starfsmenn X kannist ekki við að hafa skilið plöturnar eftir í reiðileysi á götunni líkt og M haldi fram og hafni X því að sú hafi verið raunin. Tekur V fram að X fullyrði að viðurkenndu verklagi hafi verið fylgt við verkið. Þá hafi engin gögn verið lögð fram sem sýni fram á og tryggi sönnun á því að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti heldur hafa einungis verið lagðar fram ljósmyndir af vettvangi sem sýni að dælubílnum hafi verið lagt út á götu nokkuð sem ekki sé ágreiningur um í málinu. Í þessu samhengi bendir V á úrskurð úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 400/2023 þar sem nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að sök og atvik væru ósönnuð þar sem tjón á bifreið var ekki tilkynnt á vettvangi og enginn samtímagögn hafi legið fyrir um að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti er tjónþoli lýsti. Að lokum ítrekar V þá afstöðu sína, með vísan til alls framangreinds, að atvik og sök starfsmanna X séu ósönnuð í málinu. Því telur V að atvikið falli ekki undir bótasvið 4. gr. skilmála frjálsrar ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar og bótaréttur því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum færir M rök fyrir því að af fyrirliggjandi ljósmyndum megi sjá eftirfarandi; staðsetningu dælubílsins, stuðningsfætur hans út á akbraut, undirstöðuplötur með handföngum undir stuðningsfótunum, hversu þröng akbrautin var og að almenn umferð var látin aka fram hjá vinnusvæðinu. Telur M að þessi gögn hafi verulega þýðingu við mat á aðstæðum á vettvangi. Þá telur M að umsögn V um að nægt pláss hafi verið til að aka fram hjá vinnusvæðinu og að notaðar hafi verið timburplötur, samræmist ekki því sem komi fram á ljósmyndunum. Til viðbótar fullyrðir M m.a. að tjónið hafi verið tilkynnt síðar á tjónsdegi, enda hafi M haft samband um leið og hann hafi áttað sig á tjóninu og í framhaldinu sent tjónstilkynningu til V.

Í viðbótarathugasemdum V er sú skoðun ítrekuð að í málinu liggi ekki fyrir samtímagögn um tjónsatvikið, auk þess sem X kannist ekki við að hafa geymt plötur í reiðileysi út á götu. Þá hafi M ekki tilkynnt starfsmönnum X um tjónið á vettvangi. Það sé því mat V að atvik og sök starfsmanna X séu ósönnuð í málinu og af þeirri ástæðu sé bótaskylda ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Að öðru leyti eru fyrri athugasemdir félagsins ítrekaðar.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M telur sig hafa orðið fyrir er hann ók fram hjá framkvæmdasvæði X, þann 16. mars 2026. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það er því M að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni með þeim hætti sem hann byggir kröfu sína á og að tjónið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á. V byggir m.a. á að í málinu liggi ekki fyrir samtímagögn um tjónsatvikið, auk þess sem X kannist ekki við að hafa geymt plötur í reiðileysi út á götu. Þá hafi M ekki tilkynnt starfsmönnum X um tjónið á vettvangi. Nefndin telur að M hafi ekki lagt fram nein þau gögn sem hreki framangreint. Í raun byggir M málatilbúnað sinn að mestu á eigin frásögn af því sem gerðist og hvað hann telur að hafi verið aðfinnsluvert af hálfu X. Þannig liggja t.d. ekki fyrir neinar skýrslur frá vitnum sem varpað gætu frekari ljósi á tildrög tjónsins eða aðstæður á vettvangi né önnur þau gögn sem stutt gætu framburð M með fullnægjandi hætti. Það er því niðurstaða nefndarinnar að eins og málið liggur fyrir og með vísan í framangreindar sönnunareglur í skaðabótarétti, hafi M ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 193/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. júní 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. júní 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. júní 2026.
5. Viðbótarathugasemdir M dags.10. júlí 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. október 2024 hafi M, er hann var að störfum í págu X um borð í bátnum A, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var að liðka upp kúplingu á akkerisspili fram á stefni þegar hann fékk slink á bakið. V hafi, með bréfi dags. 8. september 2025, hafnað bótakröfu M á þeim grundvelli að ekkert utanaðkomandi atvik hafi valdið líkamstjóni hans og því væru skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar ekki uppfyllt.

M telur hins vegar ljóst að slysið megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem gerðist án vilja hans. Vísar M í þeim efnum m.a. til þess að í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sé það staðfest af hálfu vinnuveitanda að M hafi fengið hnykk frá kúbeini sem hann hafi notað til að liðka upp kúplinguna. M geti þá ekki verið látinn bera hallann af því að atvikalýsing í læknisfræðilegum gögnum hafi e.t.v. verið ónákvæm eða byggt á misskilningi. Það liggi jafnframt fyrir að M hafi ekki verið með nein einkenni frá baki fyrir slysið og sé afskaplega ólíklegt að þau verði rakin til nokkurs annars en slyss í skilningi vátryggingaréttar, enda fengi hraustur einstaklingur ekki slík varanleg einkenni við hefðbundna áreynslu. Vitnisburður skipstjóra A styðji þá einnig við þá lýsingu M að þegar kúbeinið var sett í spilið hafi komið högg út frá því sem olli því að M fékk slink á bakið. Þá hafi X vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið svo sem áskilið sé í 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hafi það leitt til þess að Vinnueftirlitið hafi ekki getað sinnt skyldu sinni um rannsókn slyssins, sbr. 81. gr. sömu laga. Verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem leiði af þessari vanrækslu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að „með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“ Í tilkynningu til Sjúkratrygginga, dags. 21. nóvember 2024, sé atvikinu lýst svo að M hafi verið að liðka upp kúplingu á akkerisspili þegar hann „fær slink á bakið.“ Í sjúkraskrárfærslu, dags. 30. október 2024, segi „Var að vinna í bát í morgun, fann fyrir sting í baki og miklum verk.“ Í samskiptaseðli dags. 30. október 2024 segi „Var að vinna áðan með kúbein og byrjaði skyndilega verkur hægra megin í mjóbaki.“ Í beiðni um myndgreiningu, dags. 1. nóvember 2024, sé atvikum lýst svo að M hafi verið að vinna með kúbein „og byrjaði skyndilega verkur hægra megin við mjóbakið. Fann eins og smell koma.“ Af framangreindu telji V ósannað að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingaréttar og verði meiðsli hans rakin til innra álags og líkamlegrar áreynslu. Í fyrirliggjandi vitnisburði skipstjóra A komi fram að spilið hafi verið mjög stíft og M hafi fengið slink við að losa það. Í vitnisburðinum sé hins vegar ekki að finna lýsingu á utanaðkomandi atburði, höggi eða óvæntu fráviki frá hefðbundnum vinnubrögðum og bendi frásögn skipstjórans því einnig til þess að meiðsli M hafi stafað af áreynslu. Hvað varði skort á tilkynningu til Vinnueftirlitsins sé það þá svo að atvinnurekandi hafi, þegar um sé að ræða skaðabótamál á grundvelli sakarábyrgðar, verið látinn bera hallann af sönnunarskorti sem af slíkri vanrækslu leiði. Ekki verði hins vegar séð að slík vanræksla á tilkynningarskyldu geti leitt til fráviks frá almennum sönnunarkröfum þegar ósannað sé að atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar.

Í viðbótarathugasemdum M er byggt á því að fordæmi dómstóla hvað varðar viðsnúning á sönnunarbyrði geti allt eins átt við í þessu tilviki. Er þá tekið fram að vitnisburður skipstjóra A staðfesti

að utanaðkomandi atvik hafi leitt til tjóns M. Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum M er staðfesting Vinnueftirlitsins á því að umrætt slys hafi ekki verið tilkynnt til þess.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmálum, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama M og gerðist án vilja hans. Almennar sönnunarreglur í vátryggingarétti leiða til þess að það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að svo sé. Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið að liðka upp kúplingu á akkerisspili og að hann hafi notað kúbein við verkið, þegar hann fékk slink á bakið og verk.

Með skilyrðinu um utanaðkomandi atburð er átt við að orsök líkamstjóns eigi uppruna sinn utan líkama tjónþola. Þá þarf jafnframt að hafa orðið einhver breyting eða frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli mátti vænta.

Það eitt að M hafi notað kúbein til verksins getur ekki talist uppfylla þann áskilnað, heldur þarf að hafa komið til einhverrar óvæntrar atburðarásar. Í vitnisburði skipstjóra A, dags. 8. maí 2026, er staðfest að M hafi verið að nota kúbein sem vogarafl og hafi fengið slink á bakið. Ekkert kemur hins vegar fram um að högg hafi komið frá kúbeininu, það hafi losnað eða að aðrar breytingar hafi orðið á þeirri atburðarás sem vænta má að eigi sér stað þegar kúbein er notað í slíkum tilgangi. Né verður neitt slíkt ráðið af tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 21. nóvember 2024, en þar kemur aðeins fram að M hafi verið að liðka upp kúplingu þegar hann fékk slink á bakið. Af lýsingu á atvikinu í fyrirliggjandi sjúkragögnum verður heldur ekki ráðið að utanaðkomandi atburður hafi orsakað tjón M, en þar kemur aðeins fram að hann hafi fundið fyrir sting og miklum verk og að hann hafi fundið smell, er hann vann við liðkun kúplingarinnar. Í málskoti eða öðrum gögnum er frá M stafa er heldur ekki að finna atvikalýsingu er bendi til að utanaðkomandi atburður í skilningi slysahugtaks vátryggingaréttar hafi leitt til tjóns hans. Þá liggja ekki fyrir læknisfræðileg gögn er styðji við þá afstöðu M að einkenni hans geti ekki hafa komið til nema vegna einhvers utanaðkomandi, þ.e. að áverkar M séu sértækir fyrir slys í skilningi vátryggingaréttar en geti ekki hafa atvikast vegna álags eða rangrar líkamsbeitingar. Af öllu framangreindu leiðir að ekki telst sýnt fram á að utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns M.

Nefndin telur þá, eins og atvikum er hér háttað, að það haggi ekki framangreindu að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um atvikið og er þá jafnframt litið til þess að frásögn M sjálfs af því að hann hafi fengið sting eða verk í bakið við vinnu með kúbeini hefur verið lögð til grundvallar mati nefndarinnar.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar séu uppfyllt og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Kristín Edwald Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 194/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka: (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 17. ágúst 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína hjá X þann 18. ágúst 2025. M var að taka til pantanir á pellettu á lyftara í vöruhúsi, en þegar hann fór af lyftaranum steig hann í fitu á gólfinu, rann og féll aftur fyrir sig á vörubretti og slasaðist. M fór strax inn á skrifstofu og lét vita af atvikinu og kvaðst ekki geta haldið áfram störfum. Fékk hann þá verkjalyf og var beðinn að láta á það reyna að sinna léttari verkefnum. M kveðst hafa reynt það, en gafst fljótlega upp og fór úr vinnunni til skoðunar á bráðamóttöku. Samkvæmt málskoti hefur M verið óvinnufær allt frá slysdegi. X sendi tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins næsta dag, en slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu. Þá kemur fram að atvikið sjáist á myndbandi úr öryggismyndavél og hafi átt sér stað kl. 7:22 að morgni.

M gerði kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyssins, en V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir M á því að aðstæður á vinnustaðnum hafi brotið gegn 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vvl.), auk reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. X hafi borið að sjá til þess að vinnustaðurinn væri þannig úr garði gerður, og framkvæmd vinnu hagað með þeim hætti, að gætt væri fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Einkum bendir M á 5. mgr. 6. gr. reglna nr. 581/1995, en samkvæmt henni skal gera ráðstafanir til þess að draga úr hálku á gólfum þar sem þess gerist þörf. Að þessu hafi X og starfsmenn X ekki gætt nægilega í aðdraganda slyssins. Einnig vísar M til öryggisbókar X, en þar segir að tryggja þurfi að gólf séu hrein, þurr og án hindrana. Telur M augljóst að ekki hafi verið farið eftir þeim fyrirmælum.

Samkvæmt málskoti telur M að majónes hafi farið á gólfið og að annar starfsmaður hafi reynt að þurrka það upp, en ekki tekist betur til en svo að flugháll blettur myndaðist á gólfinu. Þessar ráðstafanir hafi augljóslega ekki dugað til að fyrirbyggja hálku og engar ráðstafanir hafi heldur verið gerðar til að vara við hálkunni. Umræddur starfsmaður hafi því sýnt af sér gáleysi í aðdraganda slyssins, en á því beri X vinnuveitendaábyrgð. Ekki skipti máli í því samhengi þó ekki sé vitað hvaða starfsmaður hafi þarna átt í hlut, enda gildi skaðabótaábyrgð vinnuveitanda um nafnlaus mistök. Þá vísar M til þess að verkstjóra beri að tryggja öruggt skipulag og fullnægjandi starfsskilyrði m.t.t. öryggis, og sjá til þess að gripið sé til ráðstafana til að bæta öryggi, sbr. 21. og 23. gr. vvl. Byggir M á því að verkstjórar og yfirmenn X hafi brugðist þessum skyldum sínum, en á því beri X einnig vinnuveitendaábyrgð. Jafnframt telur M að X hafi borið að brýna fyrir starfsmönnum sínum að sjá til þess að þrif væru fullnægjandi, fylgjast með því hvort hálka myndaðist og aðvara þá sem leið eiga um vinnusvæðið ef ekki væri hægt að þrífa með fullnægjandi hætti. Þessu hafi X ekki sinnt nægilega og beri því skaðabótaábyrgð á þeim grundvelli sömuleiðis. M hafi ekki haft sérstaka ástæðu til að ætla að gólf vinnustaðarins væri hált, enda hafi bletturinn jafnframt verið illsjáanlegur, og því ekki hægt að krefjast sérstakrar aðgæslu af hans hálfu.

M gerir athugasemd við það að engin rannsókn hafi farið fram á slysinu og orsökum þess. Byggir M á því að auk tilkynningarskyldu skv. 79. gr. vvl. hvíli á atvinnurekanda skylda til að tryggja að málsatvik séu nægilega upplýst, m.a. með því að fylgja eftir tilkynningu til Vinnueftirlitsins og hlutast til um rannsókn eða varðveislu sönnunargagna. Þá bendir M á að fjölmargar eftirlitsmyndavélar séu á vinnustaðnum og hægt sé að þysja inn á upptökur úr þeim. Þrátt fyrir þetta hafi X borið um að einungis eitt myndband sé til sem sýni atvikið og það sé tekið afar langt í burtu. Af þessum sökum og með hliðsjón af áðurnefndum skyldum atvinnurekanda til að upplýsa málsatvik og varðveita sönnunargögn, telur M að V verði að bera hallann af því sem teljist óupplýst eða ósannað um málsatvik.

V hafnar því í athugasemdum sínum að líkamstjón M verði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi X eða starfsmanna hans. Í athugasemdunum kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi M stigið

í eplamauk, sem lekið hafi út brotnum umbúðum sem líklegast hafi dottið á gólfið skömmu áður en slysið varð. Slysið hafi átt sér stað kl. 07:22 en vinnudagur hafist kl. 07:00. Öll gólf á vinnusvæðinu hafi verið skúruð af næturverði yfir nóttina og hafi því verið hrein þegar starfsmenn hófu störf að morgni. Vaktstjórnendur eða aðrir starfsmenn hafi ekki fengið tilkynningu um bleytu eða óhreinindi á gólfi þennan morgun og því hafi verið ókleift að bregðast við eða þrífa upp eplamaukið áður en slysið varð. Gólf vinnusvæðisins sé steypt með epoxíhúð og sandborið til að tryggja rennivörn, auk þess sem starfsmenn séu búnir öryggisskóm. X starfræki ítarlegt gæðakerfi, áhættumat og öryggishandbók, þar sem skýrt sé kveðið á um að þrif og tiltekt sé viðvarandi verkefni allra starfsmanna og að bleyta eða önnur efni á gólfum skuli þurrkuð upp strax og þeirra verður vart. Telur V ekki unnt að gera þær óraunhæfu kröfur til X að fyrirbyggja eða þrífa upp eftir óvænt óhöpp á sama augnabliki og þau gerast, áður en tilkynning um þau berst. Þá kemur fram í athugasemdum V að á myndbandsupptöku úr öryggismyndavélakerfi sjáist að M hafi stigið af vinnuvélinni áður en hún hafði staðnæmst með öllu. Telur V þetta hafa átt þátt í því að M missti fótfestu og datt. Loks hafnar V því að X beri halla af hugsanlegum sönnunarskorti sem leiði af því að slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu, enda hafi slysið verið tilkynnt þangað án tafar. Þá hafi X varðveitt myndbandsupptöku sem sýni slysið, en myndbandskerfið bjóði ekki upp á að þysjað sé inn á eldri upptökur. Telur V ljóst að X hafi gætt fyllsta öryggis í starfsemi sinni og fylgt eðlilegum öryggis- og þrifareglum. Ekki hafi verið sýnt fram á neina saknæma eða ólögmæta háttsemi af hálfu X eða starfsmanna hans, heldur hafi verið um að ræða óhapp sem engum verði um kennt.

Í viðbótarathugasemdum M er því andmælt að vinnudagurinn hafi hafist kl. 07:00, heldur kveðst M hafa hafið störf kl. 07:20 og slasast aðeins tveimur mínútum síðar. Á þeim örskamma tíma sem leið frá upphafi vinnudags og fram að slysinu hafi engin starfsemi verið hafin á þeim vörugangi þar sem M slasaðist, sem gæti hafa leitt til þess að umbúðir brotnuðu eða innihald þeirra hafnaði á gólfinu. Telur M því einsýnt að fitan á gólfinu hafi verið til staðar við upphaf vaktar og skýrist af ófullnægjandi þrifum nóttina á undan. Byggir M á því að skúringavél sem notuð sé við næturþrif nái ekki innst í vörugangana og þurfi sá starfsmaður sem sinnir þrifum á næturvakt að þrífa þau svæði sérstaklega, en ella sé aukin hætta á að óhreinindi safnist þar fyrir. Telur M að fitubletturinn á gólfinu geti ekki skýrst af öðru en vanrækslu starfsmanns X við næturþrif. Þá andmælir M því að hann hafi stigið af vinnuvélinni áður en hún hafi stöðvast að fullu og kveður ekkert í gögnum málsins benda til gáleysis eða eigin sakar af hans hálfu.

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að tjón M verði ekki rakið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitendaábyrgð á. Í málinu er óumdeilt að M rann og datt þegar hann steig á hálan blett á gólfi, sem myndast hafði við það að matvæli láku úr umbúðum sem duttu í gólfið og skemmdust. Hins vegar greinir aðila á um það hvenær þetta hafi gerst og þá hvaða skyldur hafi hvílt á X og starfsmönnum hans við að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir hálku í kjölfar þessa.

M byggir á því að svo skammur tími hafi liðið frá því vinnudagur hófst og þar til slys hans varð að útilokað sé að bletturinn hafi myndast á þeim tíma. Óhreinindin hljóti því að hafa verið til staðar frá fyrri degi. Starfsmaður næturvaktar hafi átt að sjá um að þrífa gólfin en ekki sinnt því nægilega vel. Sú vanrækslu, ásamt vanrækslu þess starfsmanns sem missti umbúðirnar í gólfið án þess að þrífa strax og nægilega vel upp það sem þá sullaðist niður, hafi orsakað slys M og á því beri X skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Þá vísar M jafnframt til þess að verkstjórn hvað varðar þrif hafi verið ófullnægjandi, sem og þess að X hafi ekki brýnt nægilega fyrir starfsfólki sínu að tryggja öruggar vinnuaðstæður.

V byggir hins vegar á því að næturþrif hafi verið fullnægjandi, en umbúðir hafi dottið í gólfið og matvæli þá sullast niður skömmu áður en slys M varð. Vinnudagurinn hafi hafist 22 mínútum áður en M slasaðist og á þeim tíma hafi bletturinn á gólfinu myndast. Aftur á móti hafi verkstjórum og öðrum starfsmönnum X ekki verið tilkynnt um að umbúðir hefðu skemmst og matvæli sullast á gólfið og því ekki gefist tækifæri eða tilefni til þrifa.

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram að vinnudagur M hafi hafist kl. 07:00 og verður að mati nefndarinnar að leggja þær upplýsingar til grundvallar. Að þessari tímasetningu frátalinni er ekki teljandi ágreiningur um málsatvik, en upplýsingar um að eplamauk hafi sullast niður þegar umbúðir féllu í gólfið og skemmdust eru fengnar frá X og hefur þeirri atvikalýsingu ekki verið andmælt af M. Hvort sem þetta hefur gerst sama morgun eða degi áður telur nefndin að þeir starfsmenn X sem voru valdir að þessu atviki, eða urðu vitni að því, hafi mátt vita að þau óhreinindi sem af því hlutust kynnu að valda hálku og slysahættu. Í samræmi við fyrirmæli í öryggishandbók X, um að þrif séu viðvarandi verkefni allra starfsmanna og að bleyta eða önnur efni á gólfum skuli þurrkuð upp strax og þeirra verður vart, bar viðkomandi starfsmönnum þá þegar að sjá til þess að þrif færu fram með fullnægjandi hætti, enda verða þær skyldur jafnframt leiddar af ákvæðum vvl. og reglum nr. 581/1995. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður ráðið að það sé óumdeilt að engin þrif hafi farið fram í kjölfar þessa atviks og að aðrir starfsmenn X hafi ekki verið látnir vita af því. Telur nefndin að umræddur starfsmaður eða starfsmenn X, sem voru valdir að eða vissu af því að matvæli sulluðust á gólfið, hafi með þessu sýnt af sér saknæma háttsemi, sem X beri vinnuveitendaábyrgð á. Fullyrðingar V um að M hafi sjálfur orðið valdur að slysinu, með því að stíga af vinnuvélinni áður en hún hafði stöðvast, eru engum gögnum studdar og því ósannaðar.

Að þessu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M, sem eigi því fullan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu, að því marki sem honum tekst að sanna líkamstjón sitt.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 195/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf M, dags. 12. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Athugasemdir V, dags. 19. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína í skólaeldhúsi þann 29. maí 2024. Slysið hafi orðið með þeim hætti að M var að fjarlægja gastro-bakka með hrísgrjónum úr háum ofni, þegar heitt vatn og hrísgrjón úr bakkanum slettust yfir handleggi hennar og bringu. Við þetta hafi M brennst töluvert, mest á hægri framhandlegg. M fór beint á læknamóttöku og var frá vinnu í kjölfarið. Tilkynning um slysið var send Vinnueftirlitinu samdægurs, en ekki var gerð skýrsla um rannsókn slyssins. Þá var slysið tilkynnt til V 3. júní 2024, en til Sjúkratrygginga Íslands 17. desember sama ár. M gerði kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V þann 11. mars 2026, sem V hafnaði 30. mars sama ár með þeim rökstuðningi að ósannað væri að slysið yrði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna hans.

M gerir kröfu í ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, X, á þeim grundvelli að aðbúnaður á vinnustað hennar hafi verið ófullnægjandi og ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vvl.). Ofninn sem hún notaði við starfið hafi ekki virkað sem skyldi og því hafi enn legið vatn í bakkanum þegar hún fjarlægði hann úr ofninum, en með réttu hefði það allt átt að vera gufað upp. Byggir M á því að þetta verði rakið til bilunar í ofninum. Þá byggir M á því að henni hafi verið gert að setja þungar skúffur og bakka inn í efri hillur ofnsins, án þess að hafa aðgengi að tröppum eða öðrum tækjum. Þetta hafi leitt til þess að hún sá ekki ofan í efstu bakkana og gat því ekki áttað sig á að enn væri vatn í bakkanum þegar hún tók hann út. Uppsetning og gerð ofnsins hafi því ekki tekið nægilegt tillit til vinnuaðstæðna M og líkamsstöðu hennar við notkun tækisins. Byggir M á því að tækjabúnaður á vinnustaðnum hafi að þessu leyti verið ófullnægjandi og ekki uppfyllt kröfur 13. og 46. gr. vvl., auk nánar tilgreindra ákvæða reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja.

Þá vísar M til þess að gífurlegt álag hafi verið á henni í starfi og byggir á því að viðvarandi mönnunarvandi á vinnustaðnum hafi valdið því að hún hafi sífellt verið undir tímapressu og þurft að sinna mörgum verkefnum samtímis. Þetta hafi gert það að verkum að hún hafi lítið ráðrúm haft í daglegum störfum til að huga að eigin öryggi. Loks byggir M á því að þar sem hvorki lögregla né Vinnueftirlit hafi komið á vettvang til að rannsaka tildrög og orsakir slyssins, né hafi X hlutast til um að upplýsa orsakir slyssins, verði að leggja frásögn M af atvikum til grundvallar. Telur M ekki skipta máli í þessu samhengi þó slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlits án tafar, enda hafi engin rannsókn farið fram. Við þær aðstæður hafi það staðið X nær að upplýsa um atvik, hlutast til um rannsókn og varðveita sönnunargögn. Þetta hafi X ekki gert og verði V af þeim sökum að bera halla af sönnunarskorti um þau málsatvik sem kunni að vera óljós. Vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 724/2023 þessu til stuðnings.

Í síðara bréfi M til nefndarinnar er vakin athygli á því að í atvikaskráningu X eftir slysið sé eftirfarandi skráð: „Tillögur að úrbótum: skoða hvort þungir bakkar í ofni þurfi að vera neðar í ofninum.“

Í athugasemdum V er því alfarið hafnað að ofninn sem um ræðir hafi verið bilaður eða ekki virkað rétt. Ofninn hafi verið í notkun hjá X bæði fyrir og eftir slys og sé enn, en engin gögn liggi fyrir sem staðfesti staðhæfingar M um að ofninn hafi verið bilaður. M hafi sjálf stillt ofninn og sett inn bakkann. Hún hafi síðan tekið bakkann út áður en hrísgrjónin voru fullelduð og við það hafi orðið það óhapp að vatnið úr bakkanum helltist yfir handlegg hennar. V byggir á því að M beri sönnunarbyrði fyrir að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi, en í þessu máli sé ekkert sem styðji við málatilbúnað M um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu. V hafnar alfarið röksemdum M um að meta eigi sönnunarskort X í óhag, enda liggi fyrir að slysið var tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins, í samræmi við ákvæði laga.

X hafi að öllu leyti staðið undir þeim kröfum sem hægt sé að gera til hans varðandi tilkynningar og skráningar slyssins, en tildrög slyssins séu í raun óumdeild. Að mati V hafi M ekki lagt fram nein gögn sem staðfesta málatilbúnað hennar um að aðstæður á vinnustaðnum hafi með einhverjum hætti verið í ósamræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 eða reglugerða sem byggi á þeim lögum. Þvert á móti beri gögnin með sér að aðstæður hafi verið fullkomlega eðlilegar, hvað varðar öryggi og aðbúnað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í gögnum málsins kemur fram að M byggir á því að líkamstjón hennar megi rekja til þess að vinnuaðstæður og tæki sem henni hafi verið gert að nota við vinnuna hafi verið ófullnægjandi og skapað hættu, eins og nánar er rakið í umfjöllun um málsatvik. Það liggur fyrir að það hvílir á M að sýna fram á að tjón hennar megi rekja til vanbúnaðar á tækjum eða annarra saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Atvik málsins eru í megindráttum óumdeild, þ.e. að M hafi slasast vegna þess að bakki með hrísgrjónum, sem hún var að fjarlægja úr einni af efri hillum ofns, reyndist innihalda sjóðandi vatn. Við þessu hafi hún ekki búist, þar sem vatnið hefði átt að gufa upp við eldunina. M byggir á því að þetta verði rakið til bilunar í ofninum. Engin gögn hafa verið lögð fram fyrir nefndina sem benda til þess að ofninn hafi verið bilaður á tjónsdegi og verður því að telja það ósannað. Ekki eru efni til að láta X bera halla af þeim sönnunarskorti, enda liggur fyrir að X tilkynnti slys M samdægurs til Vinnueftirlitsins. Þá benda gögn málsins jafnframt til þess að X hafi ekki haft vitneskju um að M teldi bilun í ofninum hafa orsakað slysið, fyrr en eftir að krafa var gerð í ábyrgðartryggingu tæpum tveimur árum eftir slys. Nefndin telur ekki að þær kröfur verði með réttu gerðar til X, að hlutast til um rannsókn eða tryggja sönnur um atriði sem ekki koma fram af hálfu tjónþola fyrr en löngu síðar.

Þá byggir M á því að vinnuaðstæður við ofninn hafi skapað hættu, þar sem hún hafi þurft að setja þunga bakka inn í skúffur hátt uppi án þess að hafa aðgang að tröppum til að auðvelda það verk. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður ekki annað séð en að M hafi sjálf tekið ákvarðanir um hvernig bökkum væri raðað í ofninn. Engar nánari lýsingar eða myndir af umræddum ofni liggja fyrir og afar takmarkaðar upplýsingar um vinnuaðstæður og verklag að öðru leyti. Nefndin telur því sömuleiðis ósannað að slys M verði rakið til þess að uppsetning og gerð ofnsins hafi ekki hentað vinnunni.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað eða annarra saknæmra athafa eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 196/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Endurkrafa. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. júlí 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 11. ágúst 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að hinn 7. september 2024 hafi verið tilkynnt um vatnstjón í fasteign Y. Tjónið hafi verið bótaskylt úr fasteignatryggingu sem húseigandi hafði í gildi hjá M og hafi M greitt honum bætur vegna þess.

Við skoðun á vettvangi hafi þó vaknað grunur um að vatnslekann væri að rekja til ofherslu á múffu í lagnakerfi en X hafi séð um þá framkvæmd. Hafi M leitað álits Tækniseturs og liggi skýrsla þess fyrir í málinu. Komi þar fram að ekki sé efnisgalli i múffunum og bendi allt til þess að sprungur eða brotsár í þeim séu til komin vegna eins yfirálags, ofherslu. Á grundvelli þessa mats hafi M sent endurkröfu á V, en X hafi á tjónsdegi verið með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá V. Þeirri kröfu hafi V hafnað með bréfi dags. 12. mars 2025.

Fyrir nefndinni geri M því kröfu um að viðurkenndur verði bótaréttur úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V. Endurkrafa M byggi á 24. gr. almennra skilmála M, þar sem fram komi að eigi einhver hinna tryggðu fébótakröfu á hendur þriðja aðila öðlist M þann rétt að svo miklu leyti sem það hafi greitt bætur og sambærilegu ákvæði 1. mgr. 22. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að ósannað sé að skilyrði fyrir skaðabótaskyldu X séu uppfyllt, þ.e. að starfsmenn þess hafi valdið því með saknæmri háttsemi. Krafa M styðjist aðeins við skýrslu Tækniseturs og umsögn starfsmanns þar. Um sé að ræða einhliða aflað gagn, og ekkert samtal eða samráð hafi verið haft við V eða X um öflun þess. Í skýrslunni sé aðeins lagt mat á það hvort sprungurnar hafi myndast vegna efnisgalla eða ofherslu. Hafi því verið látið hjá líða að rannsaka eða útiloka aðra mögulega orsakavalda sem geti valdið bilun í lagnakerfi, s.s. hitabreytingar, þrýstingssveiflur, titring, efnasamsetningu vatns eða spennu í lagnakerfi. Skýrslan tilgreini hvorki uppruna né tilgang pípulagningaefnisins og virðist því ekkert mið taka af umhverfisþáttum. Þá taki hún ekkert tillit til þess að umrætt verk var unnið rúmum fjórum árum áður en tjóns varð vart. Á því tímabili geti ótal utanaðkomandi þættir hafa valdið yfirálagi á lagnirnar.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að niðurstaða fyrrnefndrar skýrslu sé skýr varðandi það að orsök tjónsins sé eitt yfirálag, ofhersla og hafi V ekki lagt fram nein gögn er hnekki þeirri niðurstöðu eða sýni fram á aðrar mögulegar orsakir. Þær tjónsorsakir sem V tíni til séu mjög fjarlægar og engin rök færð fyrir því hvernig þær eigi að geta hafa valdið ofherslu eða yfirálagi. Af framangreindri skýrslu sé hins vegar sýnt fram á að allar líkur séu á að yfirálag hafi orðið vegna ofherslu og hafi það leitt til þess að múffan gaf sig eftir fjögur ár. Þar sem orsök tjónsins liggi fyrir og efnisgallar hafi verið útilokaðir hafi þá ekki verið ástæða til að kanna aðra mögulega orsakavalda.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að sönnunarbyrði þess að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt hvíli á M og hafi slík sönnun ekki tekist.

Álit.
Samkvæmt 1. gr. skilmála ábyrgðartryggingar X bætir hún líkams- eða munatjón sem tryggður ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt íslenskum lögum enda verði slíkt tjón rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera þá ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það

hvílir því á M að sýna fram á að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Óumdeilt virðist að vatnstjón í fasteign Y verði rakið til þess að sprungur eða brot mynduðust í múffum, eða „framlengingarhólkum“ á kaldavatslögn. Einnig liggur fyrir að X setti upp umrædda pípulögn. Í framburði forsvarsmanns X, sem V vitnar til í bréfi þess til M, dags. 12. mars 2025, segir m.a. að hann hafi sjálfur unnið við þessa lögn, en hann noti um 150 framlengingar á ári og hafi það alltaf verið í lagi en hann hafi það að reglu að herða með sexkanti en ekki töng. Hann telji þá erfitt að segja til um hvað hafi valdið sprunginni, en mögulega hafi verið um efnisgalla að ræða.

Í skýrslu Tækniseturs, dags. 29. janúar 2025, segir m.a. að engin merki sjáist um efnisgalla eða endurtekið álag. Ummerki í brotsárum bendi til þess að sprungurnar hafi myndast við eitt yfirálag. Þessi niðurstaða er jafnframt staðfest í tölvupósti starfsmanns Tækniseturs til M, dags. 29. janúar 2025.

Í málatilbúnaði sínum fyrir nefndinni tiltekur V ýmis atriði sem gætu mögulega hafa valdið umræddu tjóni. Þær getgátur eru hins vegar ekki studdar neinum gögnum og ekki til þess fallnar að hnekkja nokkuð afdráttarlausri niðurstöðu fyrrgreindrar skýrslu.

Af framangreindu er það mat nefndarinnar að nægilega sé sýnt fram á að mistök hafi átt sér stað við herðingu umræddra múffa, þannig að yfirálag hafi myndast og það að leitt til sprungumyndunar og tjóns Y. Verður því fallist á kröfu M.

Niðurstaða.
Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V er fyrir hendi.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 199/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. júní 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. júní 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 26. apríl 2026 varð, hinn 24. apríl 2026, árekstur með bifreiðunum A, sem er í eigu M og B við Skálholtsveg í Hrunamannahreppi. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi verið að sinna börnum sem sátu í aftursæti A og gleymt að veita akstrinum athygli með þeim afleiðingum að A fór yfir á vinstri akrein og utan í vinstri hlið B. Eftir ökumanni B er haft að hann hefði verið á leið suður Skeiða- og Hrunamannaveg þegar A sem ekið var í gagnstæða átt var komin yfir á vegarhelming B. Hafi ökumaður B þá reynt að beygja frá en vinstri hlið A hafi rekist eftir vinstri hlið B.

Með tölvupósti, dags. 30. apríl 2026, tilkynnti V M um að tjónið væri bótaskylt samkvæmt skilmálum kaskótryggingar A. Í póstinum kom jafnframt fram að sú afstaða væri byggð á fyrirliggjandi gögnum og sett fram með þeim fyrirvara að t.a.m. ný gögn leiddu ekki til annarrar niðurstöðu. Hinn 5. maí 2026 sendi V annan tölvupóst þar sem M var tilkynnt að til stæði að skerða bótarétt úr kaskótryggingu A um 1/3 hluta á grundvelli þess sem fram kom í lögregluskýrslu enda væri það afstaða V að með því að hafa gleymt að sýna akstrinum athygli hefði M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Í málskoti mótmælir M þeirri afstöðu og vísar í fyrsta lagi til þess að V hafi þegar viðurkennt fulla og óskerta greiðsluskyldu með tölvupósti, dags. 30. apríl 2026, og hafi þar verið um að ræða skuldbindandi loforð. Verði að miða við að V hafi þegar haft skýrslu lögreglu undir höndum á þeim tíma og að allar upplýsingar hafi því legið fyrir. Hafi lögregluskýrsla hins vegar ekki borist á þeim tíma hefði V verið í lófa lagið að bíða hennar áður en ákvörðun um bótaskyldu var tekin enda hafi M getið þess í tjónstilkynningum sínum til V að lögregla hafi verið kölluð til. Sé V samkvæmt þessu bundið af yfirlýsingu sinni, dags. 30. apríl 2026.

Verði ekki fallist á framangreint byggir M á því að ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að ræða. Ríkar kröfur séu gerðar til þess að háttsemi verði metin til stórkostlegs gáleysis og beri V sönnunarbyrði þess að svo hafi verið. M gangist sannarlega við því að hafa í andartak misst einbeitingu við aksturinn, en það feli ekki í sér svo alvarlegt frávik frá hegðunarreglum í umferðinni að jafnað verði til stórkostlegs gáleysis. Í aðdraganda árekstursins hafi börn M, sem sátu í aftursæti bifreiðarinnar, verið að rífast og M hafi snúið höfði sínu eldsnöggt til hægri og beðið þau um að halda friðinn. Á því augnabliki hafi hann misst A yfir miðlínu vegarins. Það sé því röng hugtakanotkun, og ranglega haft eftir M, í lögregluskýrslu að hann hafi verið að „sinna“ börnunum enda bendi það til viðameiri afskipta en þeirra sem M hafi haft af þeim umrætt sinn. Er þá áréttað að M hafi ekki sýnt af sér meiri háttar aðgæsluleysi þannig að metið verði honum til stórkostlegs gáleysis og er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 336/22005 því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að lögregluskýrsla vegna árekstursins hafi ekki borist V fyrr en 2. maí 2026 og er jafnframt vísað til staðfestingar lögreglu hvað það varðar. Við yfirferð hennar hafi fyrst komið í ljós að áreksturinn var afleiðing háttsemi M sem hafi verið að sinna börnum sínum og því misst athygli við aksturinn. V treysti því að sá framburður sem fram komi í lögregluskýrslu sé rétt hafður eftir aðilum. Í tjónstilkynningu M hafi hvergi komið fram að hann hafi misst athyglina við aksturinn og hafi því verið um nýtt gagn að ræða sem breytti forsendum málsins og hafi V haft skýra heimild til að endurmeta afstöðu sína í kjölfar viðtöku þess.

V vísar þá til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sem kveði á um að hafi vátryggður, með háttsemi sem telja verði stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í held eða að hluta. Á ökumönnum hvíli almenn aðgæsluskylda, sbr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sú háttsemi M að líta af veginum, á stað þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund, hafi skapað verulega hættu fyrir aðra vegfarendur og hættu á alvarlegu slysi. Hafi M mátt vera sú hætta ljós. Af lögregluskýrslu megi ráða að A hafi í aðdraganda áreksturs verið komin yfir á rangan vegarhelming, sbr. 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga, og sé því augljóst um hve hættulegar aðstæður hafi verið að ræða. Af öllu framangreindu verði að telja að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og sé V því heimilt að skerða bótarétt hans um 1/3 hluta. Er og vísað til nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar til stuðnings þeirri afstöðu.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að skerðingu bótaréttar sé aðeins beitt í algerum undantekningartilvikum, sem feli þá í sér hraðakstur, akstur undir áhrifum eða gegnt rauðu ljósi í mikilli umferð. Ekki verði séð að skerðing hafi komið til álita hjá dómstólum í tilvikum sem hér um ræði. Aðstæður í þeim málum sem V vísi til hafi þá verið allt aðrar en hér um ræði. M hafi vissulega gerst sekur um mistök sem feli í sér einfalt gáleysi en slík mistök séu ástæða nær allra umferðaróhappa án þess að skerðingu sé beitt.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga, en það ákvæði á við um skaðatryggingar, má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Þegar vátryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess sé fyrir hendi ber það sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar heimildar séu uppfyllt.

Hyggist vátryggingafélag bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða hluta, m.a. á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis, skal það, sbr. 31. gr. laga um vátryggingarsamninga, tilkynna vátryggingartaka um þá afstöðu sína án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um þau atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð. Sé það ekki gert glatar félagið réttinum til að bera slíka ábyrgðartakmörkun fyrir sig.

Af gögnum málsins má ráða að lögregluskýrsla hafi borist V 2. maí 2026 og að M hafi verið tilkynnt um að félagið hygðist skerða bætur til hans þremur dögum síðar. Verður því, einnig í ljósi þess að í tjónstilkynningum M til V er ekki minnst á ástæðu þess að hann missti bifreiðina yfir miðlínu, að telja að tilkynning V um fyrirhugaða skerðingu hafi borist innan ástæðulauss dráttar. Er þá jafnframt litið til þess að í tilkynningu V til M, dags. 30. apríl 2026, er vísað til þess að ný gögn geti leitt til breyttrar afstöðu þess.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn, en svo gáleysi teljist stórkostlegt þarf það að vera á mjög háu stigi, þ.e. háttsemi þarf að víkja verulega frá því sem almennt má gera ráð fyrir. Óumdeilt virðist að orsök árekstursins hafi verið sú að M hafi misst athyglina frá akstrinum með þeim afleiðingum að A fór yfir miðlínu vegar. Hins vegar verður ekki ráðið af málsgögnum, þ.á.m. framburði ökumanns B, að þessi athyglisskortur hafi varað í langan tíma, en í lögregluskýrslu kemur aðeins fram að A hafi verið ekið í gagnstæða átt og verið komin á vegarhelming B. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að M hafi verið að „sinna“ börnum sínum en ekki kemur nánar fram hvað í því fólst. Lýsing M á atvikum, þ.e. að hann hafi snúið höfðinu til hliðar til að koma á ró í aftursætinu, getur því vel rúmast innan þess hugtaks. Slíka háttsemi verður vissulega að meta honum til gáleysis en ekki á því stigi að það teljist stórkostlegt eða að því verði jafnað til þeirra tilvika sem almennt leiða til skerðingar bótaréttar fyrir nefndinni og dómstólum.

Telur nefndin því samkvæmt framangreindu og af heildstæðu mati þeirra atriða sem tiltekin eru í 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga, að þau gögn sem fyrir liggja séu ekki nægjanleg til að sýna fram á að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að hún verði metin honum til stórkostlegs gáleysis. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og verður því ekki fallist á að skilyrði til skerðingar á bótarétti M séu uppfyllt.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 200/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. ágúst 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 21. ágúst 2026.

Málsatvik.
Í fyrirliggjandi skýrslu til Vinnueftirlitsins kemur fram að þann 27. janúar 2025 hafi M slasast við vinnu sína hjá X, er hann var að ganga niður stiga milli hæða úr matsal. Hafi M misstigið sig á vinstri fæti þegar hann steig í eitt þrep stigans, þannig að ökklinn sveigðist og teygja kom á hann. Segir jafnframt í tilkynningunni, sem stafar frá X, að engin fyrirstaða hafi verið í stiganum en M virðist „hafa stigið eitthvað skakkt niður í fótinn“. Í gögnum frá bráðamóttöku Landspítala frá sama degi kemur fram sú lýsing á atvikinu að um sé að ræða misstig í tröppum við vinnu, sem leitt hafi af sér afrifubrot á neðri enda dálksbeins og slæma tognun. Í beiðni um sjúkraþjálfun dags. 14. október 2025 kemur fram að M hafi þann dag verið tekinn til aðgerðar þar sem gert var við liðband í ökkla.

Í málskoti er umræddu atviki lýst á þann hátt að M hafi gengið niður stigann með eðlilegum og varfærnum hætti, en þegar hann steig á eitt af miðjuþrepum stigans hafi fótur hans runnið til vegna ójafns og slitins yfirborðs þrepsins og hreyfingar sem kom á stigann. Hafi M þá runnið og fallið niður stigann og slasast m.a. á ökkla. Er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M vegna þessa atviks. Byggir M á því að öryggi á vinnustað hafi verið ábótavant og ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt 13. gr., 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og nánar tilgreindum ákvæðum í reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Telur M að X hafi vanrækt að tryggja örugga umferðarleið starfsfólks í starfsmannarými vinnustaðarins, en stiginn sem þar lá milli hæða hafi verið sýnilega slitinn, lakk hafi eyðst af gönguflötum sem hafi leitt af sér ójöfnur og mismunandi núningsmótstöðu, auk þess sem stiginn hafi hreyfst eða gefið eftir við notkun. Þetta hafi verið til þess fallið að raska fótfestu og jafnvægi starfsmanna þegar gengið var um stigann. Þá gerir M athugasemdir við lýsingu í fyrirliggjandi tilkynningum og gögnum frá Landspítala, þar sem fram kemur að M hafi „misstigið sig“. Telur M það orðalag ekki verða lagt til grundvallar sem tæmandi lýsing á atvikum og ber fyrir sig tungumálaörðugleika, auk þess sem hann hafi ekki talið sig þurfa að gera ítarlega grein fyrir öllum aðstæðum á slysstað eða orsökum slyssins við komu á Landspítala.

V hafnar því í athugasemdum sínum að slysið verði rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Telur V ósannað að M hafi runnið og dottið niður stigann, enda komi það ekki fram í samtímagögnum. Þá séu áverkar M einskorðaðir við ökkla, sem mæli gegn því að hann hafi runnið niður stigann. Leggja verði til grundvallar að M hafi misstigið sig í stiganum, eins og fram komi í frumgögnum málsins. V hafnar því einnig að sýnt hafi verið fram á að stiginn hafi verið vanbúinn, eða að orsakatengsl séu milli meints vanbúnaðar og þess að M hafi misstigið sig. Allur búnaður hafi verið í samræmi við byggingarlöggjöf og þrep stigans í góðu ásigkomulagi. Við umgang sé um 2-4 mm hreyfing á stiganum, en það sé hvorki í andstöðu við byggingarlöggjöf né til þess fallið að valda hættu. Sama gildi um slit á lakki í þrepum, en V hafnar því að ójöfnur hafi verið í þrepunum vegna slitsins. Ekki hafi áður orðið slys í stiganum. Þá bendir V á að M hafi gengið um stigann daglega og því þekkt allar aðstæður vel.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M fyrri afstöðu sína. M mótmælir þeirri ályktun V að um hafi verið að ræða einfalt misstig sem ósannað sé að ástand stigans hafi átt þátt í að orsaka. Telur M að hugtakið „misstig“ feli í sér lýsingu á því að M hafi misst fótfestu og ökklinn sveigst, en enga sjálfstæða skýringu á hvað hafi valdið því að fótfestan tapaðist. Engin mótsögn sé fólgin í lýsingu M á atvikum; orsök

misstigsins hafi verið sú að fótfesta M raskaðist vegna ástands stigans. Jafnframt bendir M á að umrædd lýsing á „misstigi“ sé annars vegar fengin úr tilkynningum sem stafi frá X og hins vegar úr fyrstu sjúkragögnum frá bráðamóttöku. Skráningar í læknisfræðilegum gögnum séu fyrst og fremst gerðar í þágu greiningar, en ekki ætlað að varpa tæmandi ljósi á orsakir slysa. M hafi hvorki talið tilefni né ástæðu til að lýsa ástandi stigans sérstaklega fyrir læknum, né hafi hann getað tjáð sig fullkomlega á bráðamóttöku þar sem hann hafi hvorki íslensku né ensku að móðurmáli. Þá byggi lýsingar í tilkynningum X til Vinnueftirlits og tryggingafélags ekki á frásögn M, heldur á frásögn vinnuveitanda hans sem ekki varð vitni að slysinu. Jafnframt mótmælir M þeirri afstöðu V að ekki hafi verið sýnt fram á vanbúnað stigans. Ljósmyndir sýni umfangsmikið slit á göngufleti fjölmargra þrepa og myndskeið sýni hreyfingu á stiganum við venjulega notkun. Telur M þetta renna stoðum undir að heildarástand stigans hafi verið óforsvaranlegt og til þess fallið að valda tjóni. Fullyrðingar V um að slit og hreyfing á stiganum hafi verið minniháttar og innan þeirra marka sem geti talist eðlilegt og forsvaranlegt séu engum gögnum studdar og engin gögn hafi verið lögð fram um eftirlit, viðhald, áhættumat eða úttekt á ástandi stigans. Ekki hafi úrslitaþýðingu hvort stiginn hafi uppfyllt lágmarkskröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012, enda verði að meta ástand hans heildstætt. M andmælir því að það leysi vinnuveitanda undan ábyrgð að M hafi gengið um stigann daglega. Þvert á móti telur M að vinnuveitandi hafi haft sérstaka ástæðu til að tryggja öryggi stigans, sem var föst og nauðsynleg umferðarleið starfsfólks. Þá hafi það að mati M enga þýðingu fyrir sakarmatið að ekki hafi orðið slys í stiganum áður. Loks hafnar M því alfarið að slysið verði rakið til eigin aðgæsluleysis, engin gögn liggi fyrir sem bendi til þess að M hafi farið óvarlega um stigann.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar V þá afstöðu sína að meiðsli M verði rakin til þess að M hafi stigið rangt niður, en ekki til ytri atvika eða meints vanbúnaðar stigans. Samtímagögn séu mikilvægasta heimildin um orsök slyss og þau beri að leggja til grundvallar. Síðari lýsing M á atvikinu rúmist ekki innan lýsingar í samtímagögnum. V hafnar því að meintir tungumálaörðugleikar hafi áhrif á sönnunargildi frumgagna og kveður tilkynningar vinnuveitanda byggðar á frásögn M strax í kjölfar atviksins. Þá ítrekar V fyrri athugasemdir sem varða ástand stigans og bendir á að svignun í stigum og slit á þrepum séu algeng og ekki í andstöðu við skráðar hátternisreglur. Að lokum mótmælir V því alfarið að stiginn hafi verið hættulegur.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Í gögnum málsins kemur fram að M byggir á því líkamstjón hans megi rekja til saknæms athafnaleysis X eða starfsmanna X, sem hafi vanrækt að tryggja fullnægjandi öryggi umferðarleiða um vinnustað, eins og nánar er rakið í umfjöllun um málsatvik. Það liggur fyrir að það hvílir á M að sýna fram á að tjón hans megi rekja til vanbúnaðar á stiga eða annarra saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu þess hjá V.

Meðal þess sem ágreiningur stendur um í málinu er lýsing tjónsatviksins, þ.e. hvort M hafi runnið á stigaþrepi eða hvort hann hafi stigið rangt eða illa niður í fótinn og þannig orðið fyrir meiðslum. Í tilkynningu um slys til Vinnueftirlitsins sem fyllt var út degi eftir slysið kemur fram að M hafi misstigið sig í einu stigaþrepinu og atvikinu nánar lýst þannig að M hafi „stigið eitthvað skakkt“ í fótinn. Samsvarandi lýsingu er að finna í sjúkragögnum frá bráðamóttöku Landspítala frá slysdegi.

Almennt er viðurkennt að læknisfræðileg samtímagögn hafi verulegt sönnunargildi um slysatvik og áverka. Nánari lýsingar og skýringar á atvikum geta þó komist að í máli, að því marki sem þær rúmast innan upphaflegrar atvikalýsingar og eru studdar fullnægjandi sönnunargögnum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 560/2017. Það hvílir á M að sanna að tjónsatvik hafi orðið með tilteknum hætti og þá enn frekar ef samtímagögn styðja tiltekna atvikalýsingu ekki til fulls. M ber þannig sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi meiðst við að renna til á stigaþrepinu. Það er mat nefndarinnar að sú sönnun hafi ekki tekist. Er þar m.a. litið til þess að nokkuð ósamræmi er í lýsingum M sjálfs á atvikinu, í kröfubréfi til M dags. 7. mars 2026, kvörtun M til nefndarinnar dags. 22. maí 2026 og viðbótarathugasemdum M dags. 18. ágúst 2026, þar sem því er ýmist lýst að M hafi runnið og dottið niður stigann, eða að hann hafi misst fótfestu og þannig fengið óeðlilegt átak á ökkla. Telur nefndin því að leggja verði til

grundvallar að M hafi meiðst við það að stíga rangt eða illa niður í fótinn í einu stigaþrepanna, eins og lýst er í samtímagögnum, en engin gögn hafa verið lögð fram sem styðja við þá frásögn M að hann hafi runnið til og fallið niður stigann.

Liggur þá fyrir nefndinni að leggja mat á það hvort meintur vanbúnaður stigans hafi átt þátt í að orsaka þetta. Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af stiganum og þrepum hans, sem sýna nokkuð slit og nær algera eyðingu lakkhúðar af miðjum göngufleti allra þrepanna. Einnig liggja fyrir nefndinni tvö myndbönd sem sýna stigann hreyfast eða „dúa“ lítillega, þegar um hann er gengið. Fullyrðingar M um ójöfnur í þrepunum, eða að þrepin hafi verið hálli en ella þar sem lakkhúðin hafði eyðst, fá hins vegar ekki beina stoð í þessum gögnum. Þá sést af áðurnefndum myndböndum að hreyfing stigans fylgir hreyfingu þess sem um hann gengur. Telur nefndin ekki sýnt fram á að sú hreyfing, sem jafnframt er minni háttar, sé til þess fallin að raska jafnvægi eða fótfestu. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að M eða aðrir starfsmenn X hafi gert athugasemdir við ástand stigans fyrir slysið, né að önnur óhöpp hafi orðið við umgengni um stigann. Þá er óumdeilt að M gekk sjálfur um þennan stiga daglega á vinnutíma og þekkti vel til aðstæðna. Í ljósi þessa og jafnframt með hliðsjón af því sem nefndin hefur lagt til grundvallar um atvik málsins, telur nefndin ekki að M hafi lagt fram gögn sem sýni fram á að ástand stigans hafi verið slíkt að það verði metið X til sakar, né að það hafi orsakað misstig M.

Það er niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að slysið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 201/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Hugtakið slys í vátryggingarétti. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. júní 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. júní 2026.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi skýrslu til Vinnueftirlitsins kemur fram að þann 27. janúar 2025 hafi M slasast við vinnu sína hjá X, er hann var að ganga niður stiga milli hæða úr matsal. Hafi M misstigið sig á vinstri fæti þegar hann steig í eitt þrep stigans, þannig að ökklinn sveigðist og teygja kom á hann. Segir jafnframt í tilkynningunni, sem stafar frá X, að engin fyrirstaða hafi verið í stiganum en M virðist „hafa stigið eitthvað skakkt niður í fótinn“. Í gögnum frá bráðamóttöku Landspítala frá sama degi kemur fram sú lýsing á atvikinu að um sé að ræða misstig í tröppum við vinnu, sem leitt hafi af sér afrifubrot á neðri enda dálksbeins og slæma tognun. Í beiðni um sjúkraþjálfun dags. 14. október 2025 kemur fram að M hafi þann dag verið tekinn til aðgerðar þar sem gert var við liðband í ökkla.

Í málskoti er umræddu atviki lýst á þann hátt að M hafi gengið niður stigann með eðlilegum og varfærnum hætti, en þegar hann steig á eitt af miðjuþrepum stigans hafi fótur hans runnið til vegna ójafns og slitins yfirborðs þrepsins og hreyfingar sem kom á stigann. Hafi M þá runnið og fallið niður stigann og slasast m.a. á ökkla. Gerir M þá kröfu að líkamstjón hans vegna þessa atviks verði bætt úr slysatryggingu launþega, sem X hefur hjá V. M byggir á því að hann hafi slasast vegna skyndilegs, utanaðkomandi atburðar sem megi rekja til ástands stigans, en ekki innri orsaka í líkama hans. Segir M ágreiningslaust að líkamstjón hans hafi orðið vegna falls, sem gerst hafi án vilja hans. M vísar til ljósmynda og myndbanda af stiganum, sem sýni slit á þrepum og hreyfingu á stiganum þegar gengið hafi verið um hann. Telur M þessar ytri aðstæður hafa orsakað að honum varð fótaskortur og féll niður stigann. Þá gerir M athugasemdir við lýsingu í fyrirliggjandi tilkynningum og gögnum frá Landspítala, þar sem fram kemur að M hafi „misstigið sig“. M andmælir því að þetta orðalag sé lagt til grundvallar sem tæmandi lýsing á atvikum og kveður það skýrast af tungumálahindrunum og því að hann hafi ekki talið sig þurfa að gera ítarlega grein fyrir öllum aðstæðum á slysstað eða orsökum slyssins við komu á Landspítala. M telur afstöðu V byggja á of þröngri og formbundinni túlkun á hugtakinu „misstig“ í gögnum málsins, sem lýsi því að M hafi orðið fótaskortur eða misst jafnvægi en tiltaki ekki sjálfstæða eða tæmandi skýringu á því hvers vegna það gerðist. M byggir á því að mun líklegra sé að slit á stigaþrepum og óstöðugleiki stigans hafi valdið því að honum varð fótaskortur, en að það hafi orðið án nokkurrar ytri orsakar.

Í athugasemdum V kemur fram að greiðsluskyldu úr slysatryggingu launþega hafi verið hafnað þar sem félagið telji atvikið ekki uppfylla skilyrði slysahugtaksins samkvæmt skilmála tryggingarinnar. Með orðinu slys í skilningi skilmálans sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannarlega án hans vilja. Til þess að um sé að ræða utanaðkomandi atvik þurfi eitthvað að gerast sem feli í sér frávik frá þeirri atburðarrás sem tjónþoli hefði almennt mátt reikna með. Þá þurfi tjónsorsök að eiga uppruna sinn utan líkama vátryggðs; sé líkamstjón að rekja til undirliggjandi sjúkdóma eða veikleika sé skilyrðið um utanaðkomandi atburð ekki uppfyllt. Byggir V á því að misstig eitt og sér teljist ekki til utanaðkomandi atburðar og vísar þar til dóms Landsréttar í máli nr. 438/2021. Hvergi í samtímagögnum sé að finna skýringu á því að eitthvað annað eða meira hafi valdið því að M missteig sig, en fyrir því beri M sönnunarbyrði, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 20/2025. V hafnar því að myndir og myndbönd af stiganum hafi sönnunargildi í málinu, enda liggi ekki fyrir hvenær þeirra var aflað né hvert ástand stigans var á slysdegi. Óháð því telur V ekki að meintur óstöðugleiki stigans eða slit á þrepum uppfylli áskilnað slysahugtaksins um „skyndilegan utanaðkomandi atburð“. M hafi mátt verða þessa var strax í fyrstu þrepunum, en hafi engu að síður

haldið áfram göngu sinni niður stigann. Meintur óstöðugleiki hafi því ekki verið „skyndilegur“ atburður. Þá hafi M starfað hjá X frá árinu 2018, samkvæmt skýrslu vinnuveitanda, og þannig verið vel kunnugt um ástand stigans.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M fyrri afstöðu sína og reifar að nýju ástæður þess að hann hvorki gat né taldi ástæðu til að lýsa orsökum slyssins ítarlega á bráðamóttöku. M áréttar að engin innri veikindi hafi orsakað fall hans og vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 249/2012, þar sem fallist var á að ytri aðstæður hefðu orsakað jafnvægismissi tjónþola sem féll í lausum stiga. Þá rekur M samskipti sín við yfirmann sinn og við mannauðstjóra X eftir slysið, en M kveður þessa aðila hafa tekið undir þá afstöðu M að stiginn væri óöruggur. Í kjölfarið hafi verið ráðist í lagfæringar, en M hafi ákveðið að taka myndir og myndbönd af stiganum í júlí 2025, áður en úrbætur voru gerðar, til að tryggja sönnun um ástand stigans á slysdegi. Þá andmælir M þeim röksemdum V að ekki getið verið um skyndilegan atburð að ræða, þar sem M hafi mátt vera ástand þrepanna og hreyfing stigans ljós strax í efstu þrepum. Telur M að hann hafi ekki mátt vænta þess að stiginn gæfi eftir eða hreyfðist með þeim hætti að leiddi til falls. Það hafi því sannarlega verið skyndileg ytri truflun og frávik frá þeirri atburðarás sem eðlilega mátti vænta þegar stiginn gaf óvænt undan og fótur M skrikaði á eyddu lakki. Það eitt að M hafi áður gengið um stigann eða starfað hjá X í tiltekinn árafjölda sanni ekki að M hafi verið búinn undir þá hættu sem skapaðist við notkun stigans umrætt sinn.

Álit.

Ágreiningur í þessu máli snýr að því hvort atvik það sem M varð fyrir 27. janúar 2025 falli undir hugtalið slys í skilningi skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti: „Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerðist sannanlega án vilja hans.“

Í málinu liggja fyrir tilkynningar vinnuveitanda til Vinnueftirlits ríkisins og til V, þar sem atvikinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Slasaði var að ganga niður stiga milli hæða úr matsal þegar viðkomandi missteig sig á vinstri fæti, þegar hann steig í eitt þrep stigans þannig að ök[k]linn sveigðist og teygja kom á hann. Engin fyrirstaða var í stiganum en viðkomandi virðist hafa stigið eitthvað skak[k]t niður í fótinn.“ Þá er eftirfarandi lýsing skráð í sjúkragögn frá bráðamóttöku Landspítala frá slysdegi: „31 árs kk, misstig í tröppum á meðan var við vinnu, verkjar í ökkla. Inversions áverki, strax miklir verkir lateralt.“ Aðrar lýsingar er ekki að finna í gögnum málsins, en í málskoti lýsir M atvikinu með þeim hætti að hann hafi runnið vegna ójafns og slitins yfirborðs stigaþreps og vegna hreyfingar sem kom á stigann.

Almennt er viðurkennt að læknisfræðileg samtímagögn hafi verulegt sönnunargildi um slysatvik og áverka. Nánari lýsingar og skýringar á atvikum geta þó komist að í máli, að því marki sem þau rúmast innan upphaflegrar atvikalýsingar og eru studdar fullnægjandi sönnunargögnum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 560/2017. Það hvílir á M að sanna að tjónsatvik hafi orðið með tilteknum hætti og þá enn frekar ef samtímagögn styðja tiltekna atvikalýsingu ekki til fulls. M ber þannig sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi meiðst við að renna til á stigaþrepinu. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki hægt að fallast á að sú sönnun hafi tekist, en engin gögn hafa verið lögð fram sem styðja við þá frásögn M að hann hafi runnið til og fallið niður stigann. Að því virtu telur nefndin ekki sýnt fram á að frávik hafi orðið frá þeirri atburðarás sem vænta mátti, þegar M gekk niður stigann umrætt sinn. Það eitt að óeðlilegt átak hafi komið á ökkla M við niðurstig felur ekki í sér slíkt frávik, sem uppfylli áskilnað vátryggingarskilmálans um skyndilegt, utanaðkomandi atvik.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, þannig að um sé að ræða slys eins og það er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 203/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutæks (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 19. febrúar 2026, var bifreiðinni A, en M var ökumaður hennar, ekið á ljósastaur við vegöxl á Suðurlandsvegi aðfaranótt 19. febrúar 2026. Í framburði sínum fyrir lögreglu lýsti M atvikum svo að hún teldi sig hafa sofnað undir stýri, en hún hefði unnið allan daginn og verið mjög þreytt er hún þurfti að aka manni sínum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að samskipti við M hafi verið erfið vegna tungumálaörðugleika.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við atvikið. V hafi, með bréfi dags. 22. maí 2026, tilkynnt M um að bótaréttur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A yrði skertur um þriðjung með vísan til 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og 26. gr. almennra skilmála V á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Í málskoti mótmælir M þeirri afstöðu, enda verði bótaréttur hennar ekki skertur nema V sýni fram á að hún hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi. Það sé ósannað að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og sé afstaða V fyrst og fremst byggð á misskilningi vegna tungumálaörðugleika. Hafi V þá ekki með neinum hætti rökstutt að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða, að öðru leyti en því að vísa til þess að M hafi sofnað undir stýri. Frásögn M í lögregluskýrslu verði ekki lögð til grundvallar gáleysismati, enda liggi ekki fyrir sérstök framburðarskýrsla og samskipti lögreglu við M hafi einkennst af tungumálaörðugleikum. Sé það sem fram kemur í lögregluskýrslu um framburð M því ekki trúverðugt. Daginn fyrir slysið hafi M verið í vinnu frá kl. 09:00 til 16:15 og hún hafi jafnframt lagt sig frá kl. 20:00 til 01:00 þegar hún vaknaði til að aka manninum sínum en slysið hafi átt sér stað um kl. 02:30. Ekki verði því séð hvernig hún hafi valdið slysinu af stórfelldu gáleysi. Háttsemi M geti með engu móti talist fela í sér stórkostlegt gáleysi og ekki sé óeðlilegt að fólk sé að einhverju leyti þreytt þegar ekið er í miklu myrkri þrátt fyrir að vera vel hvílt. Jafnvel þó byggt væri á frásögn M í lögregluskýrslu dugi hún ein og sér ekki til að sýna fram á stórkostlegt gáleysi enda komi t.a.m. ekki fram þar að M hafi vakað óeðlilega lengi áður en hún hóf aksturinn. Telji nefndin þrátt fyrir framangreint að M hafi sýnt af sér gáleysi hafi það þá í mesta falli verið einfalt gáleysi sem dugi ekki til að skerðing bóta komi til álita. Er sérstaklega vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 336/2005 því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að sannað sé, samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu sem sé frumgagn í málinu, að M hafi sofnað við aksturinn. Sé jafnframt sýnt fram á að M hafi verið mjög þreytt þegar hún þurfti að aka manni sínum. Af málskoti verði ráðið að aksturinn hafi hafist um kl. 01:00 og hafi M því verið mjög þreytt við stjórn bifreiðar í um einn og hálfan tíma er umrætt atvik átti sér stað. Hafi M þar af leiðandi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi, en sú háttsemi að aka bifreiðinni við þessar aðstæður hafi falið í sér brot á 1. og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Miðað við það sem fram sé komið um framangreint hvíli það því á M að sýna fram á að aðrar ástæður hafi orsakað tjónið. Hafi slík sönnun ekki tekist og hafi eftiráskýringar M um að hún hafi verið úthvíld við aksturinn enga þýðingu enda séu þær í andstöðu við frumgögn málsins. Er því þá hafnað að framburður M hafi ekkert vægi vegna tungumálaörðugleika, enda sé framburðurinn skýr og ekkert komið fram sem leiði til annars en þess að umrædd lögregluskýrsla hafi fullt sönnunargildi. Sé því rétt að bótaréttur M verði skertur um þriðjung.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Í 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Þegar vátryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess sé fyrir hendi ber það sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar heimildar séu uppfyllt. V ber því sönnunarbyrði um að M hafi verið svo á sig komin að hún hafi ekki verið fær um að stjórna A örugglega og að í háttsemi hennar hafi falist stórkostlegt gáleysi.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi misst stjórn á bifreið sinni og ekið á ljósastaur við vegöxl. Í lögregluskýrslu, sem er gerð skömmu eftir atvikið og telst frumgagn málsins, er haft eftir M að hún telji sig hafa sofnað undir stýri og að hún hafi verið mjög þreytt þegar hún hóf aksturinn. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að samskipti við M hafi verið erfið vegna tungumálaörðugleika. Ekki liggur fyrir sérstök framburðarskýrsla eða önnur gögn sem varpa nánara ljósi á atvik málsins.

Þótt nefndin telji ekki ástæðu til að draga í efa að M hafi tjáð lögreglu að hún teldi sig hafa sofnað við aksturinn verður jafnframt að hafa í huga að gögn málsins veita takmarkaðar upplýsingar um ástand hennar áður en aksturinn hófst. Samkvæmt skýringum hennar í málskoti lauk hún vinnu síðdegis daginn fyrir slysið og lagði sig um kvöldið í nokkrar klukkustundir áður en hún lagði af stað. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna að M hafi verið þreytt eftir óeðlilega langa vöku eða að hún hafi fundið fyrir slíkri syfju að henni hafi mátt vera ljóst að veruleg hætta stafaði af áframhaldandi akstri. Þá verður ekki af lögregluskýrslunni ráðið hversu lengi, hvert eða hvaðan, hún hafði ekið er kom til tjónsins.

Við mat á því hvort um stórkostlegt gáleysi sé að ræða verður að líta til þess að ekki er nægilegt að sýna fram á að ökumaður hafi sofnað við akstur eða verið þreyttur. Einnig þarf að vera sýnt fram á að viðkomandi hafi ekið þrátt fyrir að vera, eða mátt vita að hann gæti verið, ófær um akstur í greint sinn, og hafi með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Telur nefndin að þau gögn sem fyrir liggja séu ekki nægjanleg til að sýna fram á að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að hún verði metin henni til stórkostlegs gáleysis í skilningi 90. gr. laga um vátryggingarsamninga. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og verður því ekki fallist á að skilyrði til skerðingar á bótarétti M séu uppfyllt.

Niðurstaða.
M á óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 204/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Upplýsingaskylda vátryggingartaka við töku vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 31. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti er greint frá því að M sem hafi greinst með nýrnabilun á lokastigi haustið 2025 hafi þá sótt um bætur úr sjúkdómatryggingu hjá V. Með tölvupósti, dags. 9. september 2025, hafi V hafnað bótarétti M og fellt jafnframt niður trygginguna. Hafi V fært þau rök fyrir ákvörðun sinni að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingar árið 2016 með því að upplýsa ekki að hún hafi farið í sýnatöku vegna gruns um nýrnabilun árið 2010. Því væri ábyrgð V fallin niður samanber 2. og 3. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl). Þá hafi V bent á það í tölvupósti, dags. 25. september 2025, að M hafi svarað því neitandi við töku tryggingar árið 2016 að hún hefði nú eða áður verið með sjúkdómseinkenni eða leitað til læknis vegna nýrna og þvagfæra. Vísað var til þess að í tjónstilkynningu til V komi fram að fyrstu einkenni veikinda hafi komið fram 1. desember 2010. Í tölvupósti V hafi einnig komið fram að það hefði ekki gefið út sjúkdómatryggingu vegna nýrnasjúkdóma hefðu upplýsingar um framangreint legið fyrir.

M sættir sig ekki við framangreinda niðurstöðu enda telur hún sig ekki hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar. Verði hins vegar talið að svo hafi verið telur M vanrækslu sína það óverulega að það réttlæti ekki niðurfellingu ábyrgðar V að fullu. Bendir M á að samkvæmt 2. mgr. 83. gr. vsl. megi fella ábyrgð V niður í heild eða að hluta ef vátryggingartaki eða vátryggður hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt. Við mat á ábyrgð félagsins skuli líta til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 83. gr. vsl. Í þessu sambandi er í málskotinu bent á eftirfarandi. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands leitaði M til læknis vegna höfuðverkja haustið 2010. Í framhaldinu var hún send í rannsóknir, m.a. blóðprufu, sem leiddi í ljós hækkun á kreatíni. M grunaði í engu að eitthvað væri að nýrunum. Í framhaldinu var hún send í ómun á LSH en samkvæmt læknabréfi, dags. 15. desember 2010, var ómun sakleysisleg. Ekki var talin hætta á gauklabólgu (alvarlegum nýrnasjúkdóm) eða millivefsbólgu. Þá sýndi ómskoðun að lögun og lega nýrnanna væri eðlileg og að ekki væru merki um fráflæðisvanda. Ákveðið var þó að taka sýni og lá niðurstaða þess fyrir þann 19. janúar 2011 sem sýndi vægar/takmarkaðar breytingar. Talið var að um skerta nýrnastarfsemi af óljósum ástæðum væri að ræða. Á þessum tímapunkti hafi ekki verið víst að M hafi verið með nýrnasjúkdóm. M fór svo í eftirfylgni til [A] læknis þann 19. febrúar 2014 og næst 12. apríl 2017. Í skoðun 22. janúar 2020 var það mat [A] að hún ætti nú að fara að mæta árlega í skoðun þar sem nýrnastarfsemi færi versnandi. Samkvæmt sjúkraskrá LSH var lokastigsnýrnabilun greind hjá henni snemma á árinu 2025. M er af pólskum uppruna og talaði (og talar enn) takmarkaða ensku og íslensku og er það staðfest í sjúkraskrá hennar, sjá t.d. færslu í sjúkraskrá HSU 6. febrúar 2014, 6. október 2014 og 9. febrúar 2016 . Þrátt fyrir framangreind læknisfræðileg gögn úr sjúkraskrá var M aldrei tjáð, fyrir töku tryggingarinnar, að hún væri með nýrnabilun, hvort sem það er af sökum tungumálaörðugleika eða af öðrum ástæðum. Þess er hvergi getið í sjúkraskrá á árunum 2010 til 2016 að M hafi verið upplýst um niðurstöður umræddra mælinga umfram það að um væri að ræða óeðlilega nýrnastarfsemi. Hún hafi ekki fengið upplýsingar um það að hún væri með nýrnabilun. M vissi aðeins að óeðlileg gildi hefðu mælst en skildi ekki að um væri að ræða sjúkdóm eða áhættu sem gætu skipt máli er varðar tryggingar. Upplýsingar í sjúkraskrá M til janúar 2016, er hún fyllti út eyðublaðið fyrir líf- og sjúkdómatrygginguna, gefi því ekki tilefni til annarrar ályktunar en að hún hafi fram að því verið almennt við sæmilega heilsu. Lúti heimsóknir hennar til læknis að ýmsum óhöppum og tilfallandi sjúkdómum, kviðverkjum, auk kvíða. Verði því ekki talið að hún hafi talið sig haldna alvarlegum eða langvarandi sjúkdómi og leynt þeim upplýsingum er

vátryggingarsamningur um sjúkdómatryggingu komst á milli aðila. Fyrir liggi umsóknareyðublað sem M hafi undirritað 6. janúar 2016. M, sem sé pólskumælandi, hafi fyllt eyðublaðið út en það hafi verið á íslensku. M tali og skilji takmarkaða íslensku og á þeim tíma hafi skilningur hennar á málinu verið enn minni, líkt og fram hafi komið. Við töku tryggingarinnar hafi M ekki skilið allar spurningar á eyðublaðinu. M hafi því engan ásetning haft til að vanrækja upplýsingaskyldu sína. M geti vart verið látin gjalda þess að hafa ekki gert grein fyrir atriðum sem henni var ekki að öllu leyti kunnugt um við gerð vátryggingarsamnings. Fyrir liggur vottorð [A], dags. 11.9.2025, en hann hafi verið meðferðaraðili M síðustu ár. Í því vottorði komi fram: *„[M] er með langvinnan nýrnasjúkdóm og nú komin á stig 5. Saga hennar nýrnasjúkdóms er á þá leið að hún var send til undirritaðs árið 2010 með væga hækkun á serum kreatíni. Greindist með háan BÞ rúmum mánuði áður en háþrýstingur hefur ekki verið vandamál. Ekki var saga um nýrnasýkingar eða blöðrubólgur né nýrnasteina. Nýrnasýni var tekið í desember 2010 sem sýndi nokkuð ósértækar breytingar með glomerulosclerosis, focal nephrocalcinosis og vægum interstitial breytingum. Ekki var um alvarlegan sjúkd. að ræða...Síðan þá hefur nýrnastarfsemi versnað hægt og rólega og er nú komin með lokastigsnýrnabilun."* Fyrir liggi því staðfesting helsta meðferðaraðila M á því að hún hafi ekki getað vitað, við töku tryggingarinnar, að hún væri með nýrnabilun. Með vísan til ofangreinds telur M sig ekki hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 83. gr. vsl. Í öllu falli telur hún að vanræksla þessi sé svo óveruleg að hún geti ekki réttlætt niðurfellingu ábyrgðar félagsins í heild sinni. Við töku tryggingarinnar hafi M sannarlega ekki vitað að hún væri með eins alvarlegan nýrnasjúkdóm og raunin var. Með hliðsjón af óljósri læknisfræðilegri stöðu, tungumálaörðuleikum og skorti á skýrri upplýsingagjöf heilbrigðisstarfsmanna, verði að leggja til grundvallar að M hafi veitt upplýsingar eftir þeirri vitneskju sem hún hafði á þeim tíma sem tryggingin var tekin. Þá byggir M jafnframt á því að V hafi ekki verið heimilt að fella niður sjúkdómatryggingu hennar að öllu leyti og vísast til þess sem fram að framan greinir að breyttu breytanda. Telur M það mjög úr hófi að fella sjúkdómatryggingu hennar úr gildi vegna meintrar vanrækslu á upplýsingagjöf. Hefðu slíkar upplýsingar legið fyrir verði að ætla að trygging hefði verið veitt með undanþágu varðandi nýrnasjúkdóma eða leitt til hækkaðra iðgjalda. Sé það V að sanna að það hefði ekki veitt trygginguna í heild sinni, ef upplýsingar sem það telur að M hafi vanrækt að gefa, hefðu legið fyrir.

Í athugasemdum V kemur fram að M hafi keypt líf- og sjúkdómatryggingu hjá V í byrjun árs 2016. M hafi svo tilkynnt veikindi í sjúkdómatrygginguna 18. ágúst 2025, en þá hafi nýrnasjúkdómur hennar verið kominn á lokastig, sbr. læknisvottorð [A]. Í tjónstilkynningunni hafi M svarað spurningunni „Hvenær komu einkenni veikinda eða sjúkdóms fyrst fram?“ að það hafi verið 1. desember 2010. Þann 25. september 2025 hafi V hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli M hefði vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar en hún hafði ekki getið um rannsóknir og sjúkdómsgreiningu á nýrnasjúkdómi í beiðni um líf- og sjúkdómatryggingu. Í framhaldinu hafi tryggingunni verið sagt upp. V byggir á því að M hafi við kaupin á líf- og sjúkdómatryggingar vanrækt upplýsingaskyldu sína verulega með þeim afleiðingum að ábyrgð V falli niður að öllu leyti, sbr. 2. mgr. 82. gr. og 2.-3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í þessu sambandi bendir V á að á umsóknareyðublaði fyrir líf-og sjúkdómatryggingar sé m.a. spurt um eftirfarandi undir lið 7.9 f.: *„Hefur þú núna eða hefur þú áður haft eftirtalda sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og/eða leitað læknis vegna þeirra? […] f. Nýrum eða þvagfærum?“* Þessari spurningu hafi M svarað neitandi. Ef umsækjandi svarar einhverri spurninga í lið 7.9 játandi sé í lið 8.1 nánar spurt út í þann sjúkdóm/sjúkdóma, sbr. t.d. *„Tekur þú inn lyf í dag vegna sjúkdómsins?“, „Er þörf á reglulegu eftirliti vegna sjúkdómsins?“* o.s.frv. M hafi hins vegar svarað öllum spurningum í 7.9 neitandi. M hafi síðan staðfest með undirskrift sinni að svörin væru samkvæmt bestu vitund, sannleikanum samkvæm og engu leynt sem kunni að skipta máli við áhættumat vegna vátryggingarinnar. Loks hafi M staðfest að hún gerði sér grein fyrir að rangar eða ófullkomnar upplýsingar um heilsufar gæti valdið missi bótaréttar að hluta eða að öllu leyti. Tekur V fram að svör M við töku tryggingarinnar hafi því ekki gefið tilefni til að óska eftir frekari gögnum og/eða upplýsingum og því hafi tryggingin verið gefin út. Meðal gagna málsins sé sjúkraskrá M sem spanni tímabilið 6. október 2009 til 16. febrúar 2025, og nánar tiltekin læknisvottorð. Í því sambandi bendir V á eftirfarandi. Af sjúkraskrá megi sjá að seinni hluta árs 2010 hafi M leitað reglulega til læknis. Í læknabréfi [A] sérfræðings í nýrnalækningum, dags. 15. desember 2010, sé að finna eftirfarandi sjúkdómsgreiningu: *„Unspecified kidney failure, N19“* … Álit og áform *„Skert nýrnastarfsemi af óljósum orsökum. Væg próteinminga. Sennilega ekki hægt að skella skuld á háan BÞ sem etv er afleiðing af nýrnasjúkdómi. Ekki merki um gauklabólgu eða millivefsbólgu við þvagskoðun. Ómskoðun sakleysisleg. Sennilega rétt að taka nýrnasýni til að fá greiningu hjá þessari ungu konu. Mun skipuleggja það á næstunni.“* Þar megi einnig sjá að M hafi verið spurð hvort hún hafi sögu um

nýrnasýkingar, blöðrubólgu eða nýrnasteina sem hún hafi neitað. M hafi einnig verið spurð um fjölskyldusögu varðandi nýrnavandamál og ekki sé til staðar fjölskyldusaga að hennar sögn. V telur að ekkert í þessu læknabréfi gefi tilefni til að ætla að M hafi ekki verið fullmeðvituð um stöðuna, enda hafi hún skilmerkilega getað svarað spurningum um sína heilsufars- og fjölskyldusögu. Þá styðji upplýsingar sem M hafi sjálf skrifað á tjónstilkynningu til V framangreint en þar hafi hún tekið fram að fyrstu einkenni sjúkdómsins hafi komið upp á árinu 2010 en það ár hafi nýrnasjúkdómurinn verið greindur. V bendir einnig á að gögnin sýni að 12. janúar 2011 hafi [A] hringt í [B] lækni og tilkynnt um lyfjabreytingu hjá M. Var hún látin hætta að taka tiltekið blóðþrýstingslyf og er sett á enalpr (enalapril) 5x2 í staðinn, sem sé hjartalyf sem gefið sé við háþrýstingi sem sé tilkominn vegna nýrnabilunar. Bendir V á að á þessum tímapunkti sé búið að greina M með *„idiopathisk nýrabilun skv. ástungu.“*, sbr. samskiptaseðil í sjúkraskrá frá 12. janúar 2011. Þá komi fram í sjúkraskrá að 13. janúar 2011 bað M um upplýsingar á ensku *„um sjúkdóminn sem hún getur a) melt sjálf og soðið fyrir sér, b) tekið með til pólska heimilislæknisins síns ytra Netfang:* […]*“* Þann 19. janúar 2011 hafi verið tekið sýni úr nýra sem hafi sýnt örverpun í hluta nýrans, vægа kalkmyndun og vægar bólgubreytingar. Telur V að á þessum tíma hafi því nýrun tapað hluti af virkni sinni. Þann 13. maí 2011 megi sjá að M segist vera oft með *„…bakverki, stundum erfitt að leggjast, hún tengir við nýru…“*. Þann 24. maí 2011 megi sjá að M hafi undanfarið kvartað um verki frá báðum nýrnabeðum. Hún virðist sækja fast að komast í eftirlit til nýrnasérfræðingsins og sama dag er send tilvísun til sérfræðingsins. Í niðurstöðum rannsókna sem voru framkvæmdar 27. janúar 2012 megi sjá að nýrun voru frekar ómrík, sem gerist þegar um langvinnan nýrnasjúkdóm sé að ræða. Í færslu í sjúkraskrá frá 16. desember 2013 megi sjá að M ætlar að panta sér tíma hjá nýrnasérfræðingnum [A] og er send tilvísun til hans. Í göngudeildarnótu frá Landspítalanum (Nýrnalækningar) frá 19. febrúar 2014 kemur fram að M sé með skerta nýrnastarfsemi. Þar segi m.a. *„Nýrnastarfsemi virðist eitthvað vera að dala…“ Greiningar „Langvinnur nýrnasjúkdómur, stig 3, N18.3“.* Þá er M sett á enn eitt háþrýstingslyfið, Losartan. Eftirlit eigi að vera árlegt. Í beiðni um myndgreiningu, dags. 19. mars 2014, sé m.a. haft eftir M að hún taki Lopress vegna nýrna og háþrýstings. Bendir V á að allar framangreindar rannsóknir, læknaheimsóknir og fleiri hafi átt sér stað mörgum árum áður en M sótti um líf- og sjúkdómatryggingu hjá V. Með vísan til framangreinds og fyrirliggjandi gagna telur V því að glögglega megi sjá að M hafi leitaði mjög mikið og reglulega til lækna frá árinu 2010 vegna m.a. nýrnasjúkdómsins sem hún greindist með það ár, háþrýstings sem hún hefur verið í meðferð vegna síðan 2010. Þá megi sjá í sjúkraskrá m.a. færslur um kvíða og töluverða kviðverki sem hafi nokkrum sinnum verið rannsakaðir með því m.a. að framkvæma magaspeglun. Þrátt fyrir framangreint hafi M svarað öllum spurningum í lið 7.9 neitandi en hefði með réttu átt að svara spurningum í b., c., f., i. og p. liðum játandi. Það skjóti því skökku við að halda því fram að M hafi ekki vitað um sjúkdómsgreiningu sína mörgum árum áður en hún keypti líf- og sjúkdómatryggingu hjá V. Til að mynda hafi M í byrjun á árs 2011, sbr. framangreint, beðið um skriflegar upplýsingar um sjúkdóminn sem hún ætlaði að ræða við pólskan lækni. V mótmælir því alfarið fullyrðingu um þekkingar- og vitneskjuleysi M og telur sig hafa hrakið það með framangreindir tilvísun í gögn. Þá mótmælir V því að M hafi ekki getað svarað eyðublaðinu vegna lélegrar íslenskukunnáttu. Eyðublaðið sé til á íslensku og ensku. Þá sé hægt að fá aðstoð við útfyllingu en eyðublaðið beri með sér að M hafi skilið spurningarnar vel, sbr. svör um reykingar, úlnliðsbrot o.fl. V telur því að M hafi brotið gegn upplýsingaskyldu sinni við töku vátryggingarinnar, sbr. 2. mgr. 82. gr. og 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, með því að hafa svarað neitandi spurningu um hvort hún hefði haft sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni vegna nýrna og þvagfæra og/eða leitað læknis vegna þeirra. V vísar hér einnig til skilmála fyrir tryggginguna þar sem komi fram í grein 1.2.1 um upplýsingaskyldu vátryggingartaka við kaup á persónutryggingu að *„Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal við gerð vátryggingarsamnings veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir, og hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni, sbr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.“* M hafi því borið að veita rétt og tæmandi svör við spurningum V og að hún hafi mátt vita að þessar upplýsingar gætu haft verulega þýðingu fyrir mat V á áhættu.

Afleiðingar þess þegar vátryggingartaki vanrækir upplýsingaskyldu sína samkvæmt framangreindu ákvæði eru tíundaðar í 2. mgr. 83. gr. Tekur V fram að ef M hefði svarað f. lið spurningar nr. 7.9 (og eins b. lið) játandi hefði V óskað eftir frekari læknisfræðilegum upplýsingum sem lið í áhættumati þess. Þá hefði V fengið upplýsingar um hvers eðlis sjúkdómurinn var og í framhaldinu synjað að gefa út sjúkdómatryggingu. V áréttar að við töku persónutrygginga búi vátryggingartaki yfir upplýsingum, sem

séu nauðsynlegar fyrir áhættumat og sé viðkomandi vátryggingafélag að öllu leyti háð upplýsingum frá vátryggingartaka. Því hafi verið mjög mikilvægt að M svaraði þeim spurningum, sem V óskaði svara við, af heilindum og eftir bestu vitund, svo að V gæti metið vátryggingaráhættuna, skilgreint vátryggingarverndina og ákvarðað iðgjald í samræmi við hana. Upplýsingar um heilsufar M séu upplýsingar sem skipti V verulegu máli enda hafi sérstaklega verið beðið um tilteknar upplýsingar varðandi heilsufar í vátryggingarumsókninni og það ekki að ástæðulausu. Telur V sig hafa sýnt fram á að M hafi borið að svara eftirfarandi spurningu í lið 7.9 á eyðublaðinu játandi *„Hefur þú núna eða hefur þú áður haft eftirtalda sjúkdóma eða sjúkdómseiknenni og/eða leitað læknis vegna þeirra?“,* enda hafi M árin fyrir töku tryggingarinnar leitað til læknis vegna einkenna sem voru til skoðunar/rannsóknar. Þá hefði M hið minnsta átta að svara lið p. á eyðublaðinu játandi en þar er spurt um *„Önnur heilsufarsvandamál, sjúkdómseinkenni eða sjúkdóma?“* Bendir V á að staðreyndin sé sú að M hafi svarað öllum atriðum í spurningu 7.9 neitandi og hafi þar með haft áhrif á áhættumat V. Um áhættumat V gildi strangar reglur, verkferlar, sem séu ekki aðgengilegir umsækjendum. Meðfylgjandi athugasemdum V séu upplýsingar bæði úr verklýsingu V sem og beint frá endurtryggjendum. Umsókn M hafi ekki farið í sérstakt áhættumat vegna þess að hún hafi svarað öllum spurningunum í lið 7.9 á eyðublaði neitandi, þ.e. svör M hafi ekki gefið tilefni til frekari gagnaöflunar eða spurninga af hálfu V. Allt ferlið byggi á trausti gangvart þeim sem sækja um tryggingu. Ef M hefi svarað f. lið, b. lið og/eða p. lið játandi hefði V óskað eftir frekari upplýsingum frá heilsugæslu/meðferðarlæknum. Í reglum endurtryggjanda komi fram að grunur um eða staðfest greining á nýrnasjúkdómi leiði til höfnunar á sjúkdómatryggingu. V hefði því aldrei gefið út sjúkdómatrygginguna því áhættan hefði verið talin of mikil samkvæmt reglum endurtryggjanda. Telur V því að um verulega vanrækslu M hafi verið að ræða. Með vísan til framangreinds ítrekar V þá afstöðu að ábyrgð V hafi fallið niður að öllu leyti vegna verulegrar vanrækslu M á upplýsingaskyldu við töku líf- og sjúkdómatryggingar. Á þessum grundvelli hafi sjúkdómatryggingin verið felld í heild sinni (uppsögn) enda hefði hún aldrei verið gefin út ef M hefði gefið réttar upplýsingar við tryggingartökuna, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V vísar einnig til Hæstaréttardóma nr. 485/20023 og 87/2009 sem hafi fordæmisgildi í þessu máli þó um sé að ræða eldri vátryggingarsamningalög nr. 20/1954, þar sem sömu grundvallarsjónarmið eigi við í dag. Þá vísar V einnig til nýlegra úrskurða Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í málum nr. 285/2025 og 402/2024 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að spurning í lið 7.9 í umsókn um tryggingu hafi verið orðuð með eftirfarandi hætti: *„Hefur þú núna eða hefur þú áður haft eftirtalda sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og/eða leitað læknis vegna þeirra?“* Vegna þessa bendir M á, líkt og fram komi í málskoti, að tungumálakunnátta M hafi verið takmörkuð við töku tryggingar. Framangreinda spurningu hafi M því einfaldlega skilið samkvæmt orðanna hljóðan, þ.e. hvort hún hafi verið með sjúkdóm eða sjúkdómseinkenni m.a. í nýrum sem hún hafði leitað til læknis vegna. Hún hafi svarað því neitandi enda hafði hún engar upplýsingar haft um að hún hafði verið að glíma við sjúkdóm í nýrum, sbr. fyrirliggjandi vottorð [A]. M hafi því með engu móti verið að veita vísvitandi rangar upplýsingar eða vanrækja upplýsingaskyldu sína. M hafi svarað samviskusamlega eftir bestu vitund. Þá hafi M verið í samskiptum við meðferðarlækni sinn í þeim tilgangi að reyna komast að því hvenær hún hafi í raun verið greind með nýrnabilun og hafi hann ekki getað svarað því nákvæmlega. M telur því að fallast eigi á kröfu hennar um að bótaréttur úr sjúkdómatryggingunni verði viðurkenndur a.m.k. að hluta. Í öllu falli telur M það úr öllu hófi að fella niður sjúkdómatryggingu hennar að fullu vegna meintrar vanrækslu á upplýsingagjöf. V beri sönnunarbyrði fyrir því að tryggingin hefði ekki verið veitt í heild sinni hefðu upplýsingarnar legið fyrir og telur M að V hafi ekki tekist sú sönnun. Að öðru leyti áréttar M sín fyrri rök í málskoti.

Álit.

Eins og að framan greinir gerir M aðallega kröfu um að bótréttur hennar úr líf- og sjúkdómatryggingu hjá V verði viðurkenndur, a.m.k. að hluta. Auk þess telur M það úr öllu hófi að fella niður sjúkdómatryggingu hennar að fullu vegna meintrar vanrækslu á upplýsingagjöf, eins og V hafi gert. Samkvæmt 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er vátryggingartaka skylt að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem vátryggingafélag leggur fyrir hann við umsókn um vátryggingu og jafnframt að veita að eigin frumkvæði upplýsingar um atvik sem hann veit eða má vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Í 2. mgr. 83. gr. sömu laga kemur fram að hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Ljóst er að M svaraði nokkrum spurningum um heilsufar sitt í vátryggingarumsókn neitandi, þrátt fyrir að af fyrirliggjandi gögnum verði ráðið að hún hafi haft ástæðu til að upplýsa V um tiltekin heilsufarleg atriði varðandi nýrnasjúkdóm hennar. Verður því að telja að M hafi ekki virt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga og hafi vanrækslan verið ekki óveruleg. Telur nefndin rök sem snúa að skorti á tungumálakunnáttu M ekki til þess fallin að breyta framangreindu.

Í 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingasamninga kemur fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, hve sök vátryggingartaka var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti. Hvað mat á sök M varðar verður að líta til þess að ekki verður annað greint af fyrirliggjandi gögnum en að hún hafi haft fulla ástæðu við töku tryggingarinnar að upplýsa V um tiltekin mikilvæg atriði sem sneru að fyrra heilsufari, atriði sem M mátti segja sér að gætu skipt máli varðandi áhættumat V samfara því að selja M trygginguna. Þó ekki sé sýnt fram á sviksamlega vanrækslu verður að telja sök M umtalsverða auk þess sem telja verður að framangreind vanræksla M, þegar horft er til þess sem fram kemur um heilsufar M í sjúkráskrá, hafi haft umtalsverð áhrif á mat V á áhættunni. Þá hefur V lagt fram upplýsingar varðandi áhættumat félagins sem V telur að leiði til þess að hefðu fullnægjandi upplýsingar verið veittar við töku tryggingarinnar, hefði M verið neitað um sjúkdómatryggingu. Telur nefndin að þau gögn styrki sönnunarstöðu V.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að V hafi verið heimilt að fella niður ábyrgð sína að fullu, skv. 2. sbr. 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Að sama skapi og með vísan til 1. mgr. 84. gr. laganna er V heimilt að segja upp sjúkdóma- og starfsörorkutryggingum sem M keypti í byrjun árs 2016 enda verður að telja að sú trygging hefði aldrei tekið gildi hefðu réttar upplýsingar legið fyrir við umsókn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr líf- og sjúkdómatryggingu sinni hjá V. Þá var V heimilt að fella trygginguna niður.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 205/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð.

1. Málskot móttekið 28. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 16. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V1, dags. 24. júní 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 13. apríl 2026, kemur fram að þann 10. apríl sama ár hafi orðið tjón á bifreiðinni A. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni A að hann hafi komið þar að sem verið var að blása snjó af veginum. Til þess hafi verið notuð hjólaskófla með áföstum snjóblásara, þ.e. B. Haft er eftir ökumanni A að hann hafi veitt því athygli að það hafi hætt að koma snjór frá blásaranum. Hann hafi því talið að verið væri að gefa honum tækifæri til að aka framhjá B og því hafi hann gert það. Þá hafi hins vegar skyndilega byrjað að koma aftur snjór frá blásaranum sem hafi lent á A og valdið tjóni. Í skýrslunni er einnig haft eftir stjórnanda B að hann hafi verið að vinna á B við að blása snjó og ekki hafa orðið var við A fyrr en hún hafi birst við hlið B og lent í snjóbunu. Sagði hann snjóinn, sem hafi verið þungan, hafa komið í gusum frá blásaranum. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 15. apríl 2026, er haft eftir eiganda B að hjólaskóflan hafi verið ótryggð. Hann kvað snjóblásarann sem var tengdur við hjólaskófluna hafa verið í eigu Vegagerðarinnar og verkið hafi verið unnið í verktöku. Í gögnum málsins kemur einnig fram að eigandi B var með ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V2 en A var með lögbundnar ökutækjatryggingar hjá V1. Þá kemur fram í málskoti að V1 hafi talið að M hafi verið í rétti í umrætt sinn en V2 telji svo ekki hafa verið. Fellir M sig ekki við afstöðu V2.

Í athugasemdum V2 kemur fram að ágreiningur aðila varði bótarétt M úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem X hafi verið með hjá V2. Fer V2 fram á að nefndin staðfesti þá niðurstöðu að M eigi ekki rétt á bótum úr umræddri ábyrgðartryggingu. Bótaréttur úr ábyrgðartryggingum sé almennt háður því skilyrði að sá sem verður fyrir tjóni geti sýnt fram á með gögnum að vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á því vegna gáleysis, mistaka eða vanrækslu. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi aðstæður verið með þeim hætti að nauðsynlegt hafi verið að blása snjó þvert yfir veginn, en snjóblásari geti einungis blásið í 90 gráður út frá vél til beggja hliða. Venja sé fyrir því að stöðva blástur þegar ökutæki komi og gefa svo ökumönnum merki um að þeir geti farið fram hjá vélinni. Í þessu tilfelli hafi stjórnandi vélarinnar ekki verið búinn að taka eftir A þar sem bifreiðin hafi komið aftan að vinnuvélinni og samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi M ekki gefið stjórnanda vélarinnar merki um aðkomu sína áður en akstri var haldið áfram. Stjórnandi vinnuvélarinnar hafði því í þessu tilfelli ekki gefið M merki um að hann gæti ekið fram hjá vélinni. Þegar verið sé að blása til hliðar við veg eins og í umrætt sinn geti vélin ruggað sökum þess að undirlagið er lint og því sé blásturinn ekki stöðugur. Það að vélin stöðvi blástur tímabundið þýði því ekki sjálfkrafa að ökutækjum sé óhætt að aka fram hjá. Að mati V2 verði því að telja að M hafi sýnt af sér gáleysi er hann ók undir bununa án þess að hafa áður gefið stjórnanda vélarinnar merki eða gengið úr skugga um að hafa fengið merki frá stjórnanda vélarinnar um að óhætt væri að aka fram hjá.

Í athugasemdum V1 er á það bent að skaðabótareglum laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 sé ætlað að ná til skaðabótaábyrgðar vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja samkvæmt 2. gr. þeirra laga. Ökutæki séu skilgreind í 7. tölul. 3. gr. sem skráningaskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Samkvæmt 72. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 séu vélknúin ökutæki skráningarskyld. Samkvæmt reglugerð nr. 1515/2020 um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 séu vinnuvélar sem ætlaðar séu til aksturs í almennri umferð skráningaskyldar. Um vinnuvélar gildi því ákvæði laga um ökutækjatryggingar, þar með talið reglur II. kafla laganna um skaðabótaábyrgð vegna tjóns. V1 bendir einnig á að þrátt fyrir framangreint séu skráningarskyldar vinnuvélar undanskildar vátryggingarskyldu samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar, sbr. 3. gr. reglugerðar um ökutækjatryggingar nr. 1244/2019. V1 tekur þó fram að þrátt fyrir að vinnuvélar séu undanskildar vátryggingaskyldu gildi skaðabótareglur

laga um ökutækjatryggingar um tjón sem rakið verður til vinnuvéla óháð því hvort keypt hefur verið lögboðin ökutækjatrygging eða ekki. Samkvæmt ákvæðum laga um ökutækjatryggingar skuli eigandi eða umráðamaður ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess á hlutlægum bótagrundvelli. Hér gildi því 4. gr. laga um ökutækjatryggingar um bótaábyrgð X en ekki 5. gr. sömu laga, enda hafi ekki verið um að ræða árekstur milli A og B. Vísar V1 til Hrd. 1964.138 hvað það varðar. Þá telur V1 að B hafi ekki verið í notkun sem vinnuvél í skilningi a-liðar 2. mgr. 2. gr. laga um ökutækjatryggingar í umrætt sinn. Hafi B verið í akstri í almennri umferð á opnum þjóðvegi og því í notkun sem ökutæki þrátt fyrir að tækið hafi verið að blása snjó á sama tíma. B hafi verið ekið eftir veginum og blásið snjó yfir A. Við snjóblásturinn hafi hættueiginleikar B sem ökutækis verið notaðir, þ.e. vélarafl, hraði og þungi. Tjónið á A verði þannig rakið til notkunar B og bótskylda sé því til staðar. Jafnframt telur V1 að það liggi fyrir að stjórnandi B hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu þegar hann hafi ekki fylgst með annarri umferð við snjóhreinsunina á vegi sem opinn var fyrir almennri umferð. V1 telur að sérstaklega rík aðgæsluskylda hvíli á ökumönnum vinnuvéla sem vinni við vegavinnu í almennri umferð. Þá sé það afstaða V1 að M verði ekki með sanngirni látinn bera tjón sitt að hluta sjálfur vegna eigin sakar. M hafi gætt að sér og beðið þess að snjóblásarinn hætti að blása snjó áður en hann hafi tekið ákvörðun um að aka framhjá honum. Hafi það verið eðlileg ályktun hjá M að þegar snjóblásarinn hætti að blása snjó þá væri ökumaður hans að hleypa almennri umferð framhjá. Hvað þetta atriði varði vísar V1 í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 224/2011.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort M eigi rétt á að fá tjónið á A bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem X var með hjá V2, en B var ekki tryggð með lögbundnum ökutækjatryggingum. Eins og að framan greinir byggir V2 höfnun sína á þeim rökum að M hafi ekki sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Skaðabótareglur laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 gilda um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja samkvæmt 1. gr. laganna. Ökutæki eru skilgreind í 7. tl. 3. gr. sem skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019. Samkvæmt 72. gr. umferðarlaga eru vélknúin ökutæki skráningarskyld. Í a-lið 44. tl. 3. gr. umferðarlaga er vinnuvél skilgreind sem vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum. Í 1. gr. reglugerðar nr. 751/2003, eins og henni var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 1515/2020, er fjallað um skráningarskyld ökutæki. Í 1. ml. 1. gr. þeirrar reglugerðar segir: *„* Skylt er að skrá bifreið, bifhjól, létt bifhjól, torfærutæki, vinnuvél og dráttarvél áður en ökutækin eru tekin í notkun.“ Þá segir eftirfarandi í 3. ml. 1. gr. sömu reglugerðar: *„Eigi þarf þó að skrá vinnuvél sem ætluð er til aksturs utan almennrar umferðar og eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.“* Nefndin telur því að umrædd vinnuvél, þ.e. hjólaskóflan með áföstum snjóblásara, sé skráningarskylt ökutæki, enda hafi hún verið ætluð til notkunar í almennri umferð. Hún hafi jafnframt verið í notkun sem ökutæki í umrætt sinn. Hér leggur nefndin áherslu á að notkun B sem ökutækis hafi beinlínis verið á vegi þar sem gert sé ráð fyrir almennri umferð ökutækja. Eins og að framan greinir byggir V2 höfnun sína einungis á því að M hafi ekki sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í 2. gr. skilmála fyrir ábyrgðartrygginguna kemur m.a. fram að hún tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum. Þegar þetta er haft í huga og með tilvísun til þess sem að framan greinir um að tjónið sé af völdum notkunar skráningarskylds ökutækis þá er það niðurstaða nefndarinnar að tjónstilvikið falli undir 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar. Í því ákvæði segir eftirfarandi*: „Eigandi (umráðamaður) ökutækis skal bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns.“*

Nefndin hefur því með vísan til þess sem að framan greinir komist að þeirri niðurstöðu að tjónið á A verði rakið til notkunar B. Það þýðir að X ber hlutlæga skaðabótaábyrgð gagnvart M, sem þar af leiðandi á rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem X er með hjá V2. Þá telur nefndin einnig að gögn málsins bendi til þess að tjónið á A verði rakið til saknæmrar háttsemi ökumanns B, enda hvíli rík aðgæsluskylda á ökumönnum vinnuvéla sem vinni við vegavinnu í almennri umferð. Því beri X einnig skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Telur nefndin að gögn málsins sýni fram á það með fullnægjandi hætti að þegar M kom á vettvang hafi komið hlé í snjóblásturinn. M hafi því haft réttmætar væntingar til þess að ætla að ökumaður B væri að gefa honum tækifæri til að aka framhjá.

Niðurstaða.
Fallist er á að M eigi bótarétt úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem X er með hjá V2.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 206/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Réttaraðstoðarliður fasteignatryggingar

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað aðstoðar lögmanna vegna ágreinings í tengslum við sölu fasteignar sinnar. Kemur fram að M taldi að fasteignasali hafi ekki sinnt skyldum sínum við söluna, meðal annars við gerð söluyfirlits og meðferð krafna um kostnað og þóknun. Samkvæmt framlagðri vinnuskýrslu var M veitt lögmannsaðstoð á fundum 6. og 11. mars 2025 og við ráðgjöf, símtöl, yfirlestur gagna og frágang uppgjörs og afsals 27. mars sama ár. Með samkomulagi 27. mars 2025 féllust M og meðseljandi m.a. á að veita kaupendum afslátt að fjárhæð 3.300.000 kr. vegna ástands á bílskúr. Í tölvupósti fasteignasala frá 21. mars 2025 kemur jafnframt fram að fasteignasalinn hafi fallist á að lækka söluþóknun um 1.000.000 kr. að uppfylltum þar tilgreindum skilyrðum.

M og meðseljandi hans sendu Eftirlitsnefnd fasteignasala ábendingu um starfshætti fasteignasala 10. júní 2025. Í svari nefndarinnar 13. júní sama ár kom fram að tilefni hefði þótt til að óska skýringa hjá hlutaðeigandi fasteignasölum. Jafnframt var vakin athygli á því að sendandi ábendingar teldist almennt ekki aðili að slíku máli. Í síðari samskiptum M og V kemur fram að meðferð málsins hjá eftirlitsnefndinni hafi lokið. Óumdeilt er að ekki hafi verið höfðað dómsmál vegna þess ágreinings sem krafa M um réttaraðstoð lýtur að.

M tilkynnti málið til V 17. júní 2025. Með tölvupósti 23. júní sama ár óskaði V upplýsinga um fyrirhugað framhald og hvort til stæði að höfða skaðabótamál. Þar var jafnframt vakin athygli á því að réttaraðstoðartryggingin tæki einungis til ágreinings sem kæmi til úrlausnar dómstóla og vísað til gildissviðs og skilmála tryggingarinnar. M svaraði 24. júní 2025 að ákvörðun um næstu skref hefði ekki verið tekin en niðurstaða eftirlitsnefndarinnar gæti lagt grundvöll að skaðabótamáli. Í framhaldi staðfesti V bótarétt vegna fyrirhugaðs skaðabótamáls og áréttaði fyrri upplýsingar um gildissvið og skilmála tryggingarinnar.

Í maí 2026 óskaði M eftir greiðslu lögmannskostnaðar og lagði fram frekari gögn. V hafnaði greiðslu með tölvupósti 21. maí 2026 á þeim grundvelli að ágreiningurinn hefði ekki komið til úrlausnar almennra dómstóla.

M krefst viðurkenningar á bótaskyldu úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar hjá V vegna lögmannskostnaðar. Til vara krefst M viðurkenningar á því að V hafi ekki verið heimilt að hafna bótaskyldu eingöngu vegna þess að mál hafi ekki verið höfðað fyrir almennum dómstólum. M byggir á því að ágreiningurinn hafi verið einkaréttarlegur, dómstólabær og tengst stöðu hans sem eiganda og seljanda vátryggðrar húseignar. Ekki sé rétt að skýra skilmálana þannig að M missi rétt til bóta vegna þess að farin hafi verið hagkvæm leið til lausnar ágreinings og tjón takmarkað. M vísar sérstaklega til síðari málsliðar ákvæðis 26. gr. skilmálanna um málsmeðferð á öðrum vettvangi áður en ágreiningi verður vísað til dómstóla. Þá vísar M til þess að samkvæmt 29. gr. séu bætur greiddar þegar ágreiningur hafi verið til lykta leiddur, en ekki eingöngu að undangengnum dómi.

V byggir á því að skilyrði 26. gr. skilmálanna um úrlausn almennra dómstóla sé ekki uppfyllt. Ákvæðið um undangengna málsmeðferð á öðrum vettvangi afmarki þann kostnað sem geti fengist bættur en breyti ekki skilyrðinu um dómstólameðferð. Þá hafi staðfesting bótaréttar eingöngu lotið að fyrirhuguðu skaðabótamáli og verið veitt með vísan til skilmálanna. Slíkt mál hafi ekki verið höfðað.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort M eigi rétt á greiðslu lögmannskostnaðar úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar þótt sá ágreiningur sem kostnaðurinn varðar hafi ekki komið til úrlausnar almennra dómstóla.

Samkvæmt ákvæði 26. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar, eins og það er rakið af báðum aðilum í málsgögnum, greiðir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings í einkamáli sem snertir vátryggðan sem eiganda vátryggðrar húseignar eða húseignarhluta og kemur til úrlausnar almennra dómstóla hér á landi. Með síðastnefnda skilyrðinu er bótasvið vátryggingarinnar afmarkað. Orðalagið lýsir ekki aðeins því að unnt sé að bera ágreininginn undir dómstóla heldur áskilur að hann komi til úrlausnar þeirra.

Óumdeilt er að ágreiningurinn kom ekki til úrlausnar almennra dómstóla. Samkomulag utan réttar og meðferð ábendingar hjá Eftirlitsnefnd fasteignasala koma ekki í stað þeirrar dómstólameðferðar sem framangreint ákvæði skilmálanna áskilur.

Síðari málsliður ákvæðisins í 26. gr. fjallar um ágreining sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi. Í slíkum tilvikum tekur vátryggingin einungis til kostnaðar sem stofnað er til að lokinni þeirri meðferð. Ákvæðið gerir því ráð fyrir að málsmeðferð utan dómstóla geti farið á undan dómsmáli en afnemur ekki skilyrði fyrri málsliðarins. Það felur hvorki í sér sjálfstæða heimild til greiðslu kostnaðar vegna slíkrar formeðferðar né heimild til greiðslu vegna ágreinings sem aldrei kemur til úrlausnar dómstóla.

Tilvísun M til orðalags 29. gr. skilmálanna um greiðslu bóta þegar ágreiningur hefur verið til lykta leiddur breytir þessu ekki. Ákvæði um greiðslutíma bóta verður að lesa í samhengi við það ákvæði sem afmarkar hvaða ágreiningur fellur undir trygginguna. Orðalag 29. gr. skilmálanna rýmkar þannig ekki gildisvið tryggingarinnar til ágreinings sem að öllu leyti hefur verið leystur utan dómstóla.

Hvað varðar fyrrgreinda staðfestingu V á bótarétti þá verður að meta hana í samhengi við samskipti aðila. V hafði áður spurt um fyrirhugaða málshöfðun og skýrt tekið fram að réttaraðstoðartryggingin tæki einungis til ágreinings sem kæmi til úrlausnar dómstóla. M svaraði að hann hefði ekki tekið ákvörðun um næstu skref. Staðfestingin sem fylgdi laut samkvæmt orðalagi sínu að fyrirhuguðu skaðabótamáli og vísaði aftur til fyrri upplýsinga um gildissvið og skilmála tryggingarinnar. Að virtum þessum samskiptum verður hún ekki talin fela í sér skilyrðislaust loforð um greiðslu þegar áfallins lögmannskostnaðar vegna lausnar máls utan réttar eða afsal á skilyrðinu um dómstólameðferð. Þá var sú vinna sem framlögð vinnuskýrsla tekur til unnin í mars 2025, áður en staðfestingin var veitt í júní sama ár. Hún gat því ekki hafa verið grundvöllur ákvörðunar M um að stofna til þess kostnaðar.

Loks getur það ekki eitt og sér leitt til bótaskyldu að lögmannsaðstoðin hafi verið gagnleg, að kostnaðurinn hafi verið nauðsynlegur að mati M eða að samkomulag hafi takmarkað fjárhagslegt tjón hans. Sjónarmið um hagkvæma lausn og tjónstakmörkun rýmka ekki ein og sér umsamið bótasvið.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að skilyrði bótaskyldu úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar M séu ekki uppfyllt. Er því hvorki fallist á aðalkröfu M né varakröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V vegna þess lögmannskostnaðar sem mál þetta varðar.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 207/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1), (V2) og (V3)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A), (B), (C) og (D).

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1 dags. 12. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2 dags. 25. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. september 2026.
5. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 21. september 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu varð þann 7. apríl 2026 árekstur með bifreiðunum A, B, C og D, á Reykjanesbraut skammt norðan við Smáralind. Í lögregluskýrslunni kemur fram að ökumaður A segist hafa ekið á vinstri akrein til norðurs á um 60 km/klst hraða. Hann hafi þurft að hemla þegar óþekkt bifreið skipti um akrein beint fyrir framan hann, en þá hafi önnur bifreið ekið aftan á A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A norður Reykjanesbraut á vinstri akrein á um 60 km/klst hraða, þegar A nauðhemlaði. Ökumaður B kveðst hafa bremsað og reynt að sveigja til vinstri, en þrátt fyrir það hafnað aftan á A. Strax í kjölfarið fékk B annað högg, þegar C var ekið aftan á hann og ýtti honum utan í vegrið, og svo enn annað högg þegar D var ekið aftan á C. Ökumaður C segist hafa ekið á um 50 km/klst hraða þegar bifreiðin fyrir framan, þ.e. B, nauðhemlaði. Ökumaður C kveðst ekki hafa náð að hemla í tæka tíð og ók aftan á B. Þá segist ökumaður C hafa fundið að annarri bifreið var ekið aftan á hana og afturendi C hafi lyfst upp. Loks segist ökumaður D telja sig hafa ekið á um 40-50 km/klst hraða, en kveðst ekkert muna hvernig áreksturinn atvikaðist. Í lögregluskýrslunni segir einnig að bifreiðarnar B, C og D hafi verið fastar saman á vettvangi. B hafi verið fremst og snúið til norðurs, henni hafi verið ekið á vegrið og mikil sjáanleg ákoma bæði framan og aftan á bifreiðinni. Aftan við hana hafi verið C sem einnig hafi snúið til norðurs og hafi framhöggvari hennar verið fastur undir afturhöggvara B. Mikil sjáanleg ákoma hafi verið á framhöggvara C og lítilsháttar ákoma á afturhöggvara. Vinstri afturhjólbarði C hafi verið ofan á framanverðri vélarhlíf D, sem sneri til austurs. Mikil sjáanleg ákoma hafi verið á framhöggvara D og hafi líknarbelgir í framsætum hennar sprungið út.

Ágreiningur um sakarskiptingu vegna árekstursins var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna, sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri ábyrgð á tjóni A ásamt framtjóni á B, ökumaður C bæri ábyrgð á afturtjóni B, tjóni á vegriði og framtjóni á C, en ökumaður D bæri ábyrgð á afturtjóni C ásamt tjóni á D.

M, sem er eigandi C, fellir sig ekki við þessa niðurstöðu og telur D bera ríkari ábyrgð á því tjóni sem varð á C en sakarskipting tjónanefndarinnar beri með sér. Telur M að ökumaður D hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og byggir það á því að framendi D endaði undir afturhjóli C, ásamt því að líknarbelgir í D sprungu út. Telur M þetta hvort tveggja benda til þess að höggið við ákomu D á C hafi verið verulegt. Þá byggir M á því að ökumaður D hafi ekki haft athygli við aksturinn, enda hafi hann samkvæmt lögregluskýrslu ekki munað hvernig áreksturinn atvikaðist. Þá byggir M á því að ökumaður B hafi lýst því fyrir lögreglu að hann hafi fundið tvö þung högg, bæði þegar C hafnaði aftan á B og aftur þegar D ók á C. Hefði C þegar verið föst undir afturhöggvara B og allt tjónið á framenda C þegar orðið, áður en D ók á C, telur M að ökumaður B hefði ekki fundið seinna höggið af þessum þunga. Höggið frá D hafi lyft afturhluta C og þrýst framendanum niður og fram, undir afturhöggvara B. Telur M að meginhluti framtjónsins á C hafi orðið við þetta, en ekki þegar C ók á B. Eftir fyrra höggið hafi C að öllum líkindum verið viðgerðarhæf, en hins vegar hafi orðið altjón við höggið frá D. Gerir M af þeim sökum kröfu um að framtjón á C bætist að hálfu leyti úr ábyrgðartryggingu D. V2, sem er vátryggjandi D, hefur hafnað þeirri kröfu en boðið fram bætur að álitum vegna afturtjóns á C.

Í athugasemdum V1, sem er vátryggjandi C, er tekið undir þær röksemdir M að aðstæður á vettvangi bendi til þess að ökumaður D hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og ekki haft athygli við aksturinn. Telur V1 að D hafi valdið verulegri tjónsaukningu, bæði á C en einnig á B og á vegriðinu. Framtjón á

C hefði verið óverulegt ef D hefði ekki lent aftan á C með þeim mikla krafti sem raunin var. Telur V1 eðlilegt, með vísan til 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, að D beri 50% ábyrgð á því tjóni sem varð á framhluta C, afturhluta B og á vegriði.

Í athugasemdum V2 er bent á að í lögregluskýrslu sé haft eftir ökumanni C að hún hafi ekki náð að hemla í tæka tíð áður en hún lenti aftan á B. Þá er vísað í tjónstilkynningu ökumanns B til V3, þar sem hann lýsir miklu höggi við það að C lenti aftan á B og „bombar mér í vegriðið“. Vekur V2 sérstaka athygli á því í þessu sambandi að B sé jepplingur en C smábifreið. V2 bendir einnig á það að afturtjón á C sé lítilsháttar, en þar sem framendi C hafi verið fastur undir afturhöggvara B og afturhluti C að hluta til á lofti, áður en D var ekið aftan á C, hafi ákoma á D ekki komið á styrktarbita heldur hærra uppi á vélarhlífinni, sem geri tjónið á D ýktara og virkji skynjara fyrir loftpúða.

Þá rekur V2 í athugasemdum sínum að sakarskipting í svokölluðum keðjuárekstrum, þegar margar bifreiðar hafna hver aftan á næstu fyrir framan, byggi á 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt því ákvæði beri sá sem ekur aftan á bifreið alla sök, nema sýnt sé fram á að ökumaður fremri bifreiðar hafi viðhaft saknæma háttsemi, svo sem að stöðva án tilefnis. Þegar keðjuárekstur verði sé meginreglan sú að aðilar beri eigið framtjón en fái afturtjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar fyrir aftan. Þó sé hægt að láta aftari bifreið bera ábyrgð á hluta framtjóns bifreiðarinnar fyrir framan, að tveimur skilyrðum uppfylltum: Í fyrsta lagi að fyrri áreksturinn hafi verið mjög vægur og í öðru lagi að síðari áreksturinn hafi verið mjög þungur og valdið meira tjóni en sá fyrri. Þessi skilyrði séu ekki uppfyllt hvað varði C og D, enda bendi gögn málsins afdráttarlaust til þess að árekstur B og C hafi verið mjög þungur, en ekkert liggi fyrir um að árekstur D og C hafi aukið framtjón C sem neinu nemi.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M þá afstöðu sína að gögn málsins, þar á meðal ákomur á bifreiðum og framburður ökumanns B, bendi til þess að síðasta höggið, þegar D ók á C, hafi verið verulegt. Þá gerir M athugasemdir við að misræmi sé í framburði ökumanns D, sem hafi sagt við lögreglu á vettvangi að hann myndi ekki hvernig áreksturinn atvikaðist, en hins vegar skráð ítarlega lýsingu í tjónstilkynningu þremur vikum síðar. Loks ítrekar M aðrar málsástæður sínar og gerir kröfu um að V2 verði gert að greiða tiltekna bótafjárhæð vegna tjóns á C.

Í viðbótarathugasemdum V2 er áréttað að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að áreksturinn milli B og C hafi verið vægur, þvert á móti bendi gögnin til hins gagnstæða. Þá liggi ekkert fyrir sem bendi til þess að höggið við árekstur C og D hafi verið þyngra en þegar C ók á B. Byggir V2 á því að sönnunarbyrði um að fyrra höggið hafi verið vægt og hið síðara mun þyngra hvíli á M, í samræmi við meginreglur um sönnun í skaðabótarétti. Loks tekur V2 fram að ekki sé veitt samþykki fyrir því að úrskurðað verði um bótafjárhæðir í málinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar.

V3, sem er vátryggjandi B, gerir ekki sérstakar athugasemdir í málinu.

Álit.

Ágreiningur málsins varðar sakarskiptingu milli bifreiðanna C og D, sem voru þriðja og fjórða bifreið í keðjuárekstri fjögurra bifreiða. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Ljóst er að hvorki ökumaður C né ökumaður D gætti nægilega að þessu, þar sem báðum bifreiðum var ekið aftan á næstu bifreið á undan. Að mati nefndarinnar liggja ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á að sök annars ökumannsins hafi verið meiri en hins, eða að annar áreksturinn, þ.e. milli B og C annars vegar og C og D hins vegar, hafi verið verulega harðari en hinn, en fyrir því ber M sönnunarbyrði. Því telur nefndin ekki forsendur til að skipta sök með öðrum hætti en gert var í niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna, en sú sakarskipting að hver ökumaður beri ábyrgð á eigin framtjóni og afturtjóni næstu bifreiðar á undan er hefðbundin þegar sök allra er jöfn, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar.

Að þessu virtu er það niðurstaða nefndarinnar að ökumaður C beri ábyrgð á eigin framtjóni, enda sé ósannað að veruleg tjónsaukning hafi orðið á framhluta C við aftanákeyrslu D, eftir að C hafði áður ekið aftan á B.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar D vegna framtjóns á bifreiðinni C hjá V2.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 209/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.

Bótaskyldur kostnaður. Gildissvið vátryggingar. Sjúkrakostnaður.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. júlí 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 5. ágúst 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins varð M fyrir vinnuslysi 10. janúar 2025. Með tölvupósti dags. 22. maí 2026 hafnaði V því hins vegar að greiða kostnað vegna öflunar afrita af samskiptaseðlum frá Læknavaktinni en þangað leitaði M 22. janúar 2025 og aftur 19. mars 2025.

Í málskoti kemur fram að kostnaður vegna beggja komunóta nemi 21.190 kr. og þar komi fram ítarlegar lýsingar og greiningar á einkennum M í kjölfar slyssins. Í sjúkraskrá frá heilsugæslu sé fyrst talað um slys M í færslu dags. 3. febrúar 2025, en þá hafi M hringt þangað vegna verkja og í kjölfarið verið bókaður á dagvaktina. Það sé þá ekki fyrr en í færslu dags. 20. mars 2025 sem heilsugæslulæknir taki fram að hún hafi jafnframt hitt M á Læknavaktinni deginum áður. Því sé ljóst að hefði M ekki aflað gagna frá Læknavaktinni hefðu engar upplýsingar legið fyrir um komu hans þangað 22. janúar 2025 og slyss hans hefði þá ekki verið getið í sjúkraskrá fyrr en 3. febrúar 2025.

Málið sé nú í ferli hjá matsmanni og fyrir liggi að V hafi staðfest fyrirliggjandi matsbeiðni sem byggi annars vegar á umræddum komunótum og hins vegar á ákvörðun V um bótaskyldu í málinu. Telur M að augljóslega sé um að ræða nauðsynleg gögn til staðfestingar á einkennum M, og hafi V alltaf greitt kostnað af þessu tagi. Er því farið fram á úrskurð nefndarinnar um að V beri að greiða kostnað vegna umræddrar gagnaöflunar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að gr. 5.3 í skilmálum slysatryggingar launþega komi fram að V greiði kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni V. Umræddra gagna hafi ekki verið aflað að beiðni V og því telji V greiðsluskyldu ekki fyrir hendi.

Er því þá hafnað að umrædd gögn hafi verið nauðsynleg til þess að hægt væri að leggja mat á bótaskyldu og afleiðingar slyss M, enda dugi upplýsingar í sjúkraskrá heilsugæslu og staðfesting vinnuveitanda til þess. Hafi því ekki verið þörf á upplýsingum um fyrstu komu M til læknis sem var 12 dögum eftir að slysið atvikaðist. Þá tíðkist það að matsmenn kalli sjálfir eftir gögnum telji þeir það nauðsynlegt. Í því skyni að takmarka tjón og flýta afgreiðslu mála eftir föngum sé þá rétt að meta í hverju tilviki hvernig rétt sé að haga gagnaöflun, þ.e. hvort rétt sé að kalla eftir öðrum gögnum en endurgjaldslausri sjúkraskrá heilsugæslu. Í þessu tilviki hafi þess ekki verið þörf.

Til frekari stuðnings framangreindu vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli 457/2024.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega mótmælt að sá úrskurður hafi fordæmisgildi í málinu enda hafi þar verið um að ágreining um kostnað vegna lokavottorðs læknis sem aflað var á lokastigum máls. Hér sé hins vegar um að ræða gögn um fyrstu komu til læknis sem telja verði eitt mikilvægasta gagnið til staðfestingar á tjóni. Geti tilgreint skilmálaákvæði ekki með nokkru móti átt við um slík gögn.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að umræddir skilmálar séu skýrir varðandi það að afla þurfi samþykkis fyrir allri gagnaöflun og sé aðeins greiddur kostnaður vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar. Sé því ekki rétt að skilmálaákvæðið eigi aðeins við um gögn sem er aflað á síðari stigum og hafi umræddur úrskurður nefndarinnar fullt fordæmisgildi.

Álit.
Fallast verður á það með M að gögn vegna fyrstu komu til læknis eftir tjónsatburð eru almennt mjög mikilvæg í því skyni að sýna fram á tjón og orsakatengsl þess við tiltekið atvik. Orðalag skilmála V er hins vegar mjög skýrt og afdráttarlaust varðandi það að félagið greiði kostnað vegna nauðsynlegra

læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni V. Af orðalagi skilmálaákvæðisins verður því að álykta sem svo að ekki sé nægilegt að um nauðsynlegt gagn sé að ræða heldur þurfi þess einnig að vera aflað að beiðni V. Ekkert liggur fyrir um að V hafi óskað eftir umræddum komunótum og þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um endurgreiðslu kostnaðar vegna þeirra. Ágreiningur aðila um hvort um nauðsynlega gagnaöflun hafi verið að ræða kemur þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á endurgreiðslu kostnaðar að fjárhæð kr. 21.190 vegna öflunar komunóta, úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 210/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 1. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 2. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þann 3. mars 2025 er hann féll í sjóinn við Akraneshöfn á leið til vinnu. Nánar tiltekið hefði slysið orðið með þeim hætti að M hefði ekið bifreið sinni út á hafnartangann á Akraneshöfn þegar gríðarlega stór alda hefði hrifsað hann ásamt bifreiðinni út í sjóinn. Samkvæmt lögregluskýrslu dagsettri sama dag kemur fram að tveir menn og tvær bifreiðar hefðu fallið ofan í sjóinn við Akraneshöfn vegna þess að stórar öldur hefðu komist yfir varnargarðinn og hrifsað mennina ásamt bifreiðunum með sér út á haf.
M byggir á því að slysið megi rekja til hættulegra aðstæðna á vinnusvæði sem X beri ábyrgð á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Slysið hafi orðið á hafnartanga sem snúi að berum Faxaflóanum og höfnin hafi ekki verið nægjanlega varin. X hafi mátt vera ljóst að miklar vindhviður og/eða öldugangur gætu verið til staðar á slysdegi, sérstaklega þar sem gríðarlegt óveður hefði gengið yfir daginn áður og á aðfaranótt slysdags auk þess sem veðurviðvaranir hafi enn verið i gildi þegar M hafi farið til vinnu. M vísar til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og kveður X bera ábyrgð á því að unnt hefði verið að framkvæma vinnu þannig að ekki skapaðist hætta á slysum eða heilsutjóni. M telur X hafa vanrækt framangreinda skyldu með því að bjóða starfsmönnum upp á svo hættulegar vinnuaðstæður að senda þá út á tangann í því stormviðri sem átti sér stað á slysdegi en unnt hefði verið að fyrirbyggja tjónið með því að stöðva framkvæmdir meðan versta veðrið gengi yfir. M vísar til reglna nr. 547/1996 þar sem kveðið sé á um að starfsmenn skuli varðir gegn veðurfarslegum áhrifum sem gætu haft áhrif á heilsu þeirra og öryggi. M byggir jafnframt á því að X hafi ekki látið framkvæma neitt áhættumat sem því hafi þó borið að gera í samræmi við lög nr. 46/1980 svo og ákvæði reglugerðar nr. 920/2006. Tilgangur með áhættumati sé að fyrirbyggja tjón og tryggja sem bestar aðstæður á vinnusvæði. M hafnar því að tjónsatburður sé fordæmalaus eins og V haldi fram. X hafi tekið ákvörðun um að gera ekki áhættumat gegn betri vitund og á því beri það ábyrgð. Ef X hefði gert áhættumat þá hefði það getað fengið nánari upplýsingar um að hættulegar aðstæður kynnu að skapast við ákveðin veðurskilyrði svo langt úti á hafi. Með vísan til sömu röksemda hafni M því að slysið verði rakið til force majeure atviks eða óhappatilviks.
M byggir á því að X hafi vanrækt tilkynningaskyldu sína til Vinnueftirlits ríkisins. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til vinnueftirlits fyrr en 11 dögum síðar og af þeim sökum hafi slysið ekki verið rannsakað af vinnueftirlitinu svo sem bar að gera samkvæmt lögum nr. 46/1980. M vísar til dómafordæma og kveður að dómaframkvæmd staðfesti að vinnuveitendur beri hallann af því að viðhlítandi rannsókn hafi ekki farið fram á orsökum slysa.
V hafnar bótaskyldu vegna slyssins. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að X eða starfsmenn þess hafi valdið slysi M eða eigi sök á slysi hans, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi X né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. V vísar til þess að um einstakt tilvik hafi verið að ræða og samkvæmt upplýsingum er V hafi aflað sér sé ekki þekkt að sjór hafi gengið yfir þann mikla varnargarð sem verji höfnina fyrir ágangi sjávar. Þá vísar V jafnframt til þess að hafnarstjóri, sem fari með stjórn hafnarinnar og þekki aðstæður best, hafi ekki takmarkað umferð um höfnina með nokkrum hætti áður en slysið átti sér stað. V mótmælir því að stormur hafi verið á vettvangi er slysið átti sér stað en tilvísun til vindhraða við Akrafjall hafi ekkert sönnunargildi varðandi vindhraða við Akraneshöfn. Alkunna sé að vindstrengir í og við Akrafjall séu í engu samræmi við vind á flatlendi. Þá vísar V til myndbandsupptöku er sýni að sjórinn í höfninni hafi verið hægur sem sýni að þar hafi ekki verið mikill vindur og alls ekki stormur. V tekur fram að vindur hefði gengið niður er vinna hófst umræddan morgun og ekkert hafi bent til þess að slys sem þetta gæti gerst eða gæfi tilefni til að ætla það. Slysið verði rakið

til atviks sem valdið hafi verið af óviðráðanlegum og ófyrirsjáanlegum ytri öflum sem enginn hafi getað séð fyrir. Þá tekur V fram að engin skylda hafi hvílt á X að tilkynna atvikið til Vinnueftirlitsins þar sem M hafi verið starfsmaður á vegum tilgreindrar starfsmannaleigu, sem hafi haft þá ábyrgð með höndum. Hins vegar hafi X tilkynnt atvikið til Vinnueftirlitsins um 10 dögum síðar en þá hafi allar aðstæður á vettvangi verið óbreyttar auk þess sem fyrir liggi myndbandsupptaka í málinu af atvikinu og lögregla hefði framkvæmt rannsókn. Dráttur á tilkynningu hefði því hvorki haft áhrif á sönnunarstöðu né spillt rannsóknarhagsmunum en atvikið sé vel upplýst. Ekki liggi fyrir hvort áhættumat hafi verið unnið en V bendir á að slíkt áhættumat hefði ekki komið í veg fyrir slysið þar sem það hefði aldrei tekið til algjörlega ófyrirséðs atviks eins og átt hafi sér stað.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningaskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum ber að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins öll slys á vinnustað er leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Óumdeilt er að tilkynning um atvik þetta barst ekki Vinnueftirliti ríkisins fyrr en 10 dögum eftir slys en ágreiningur er með aðilum hver hafi borið ábyrgð á að senda slíka tilkynningu. Í málinu liggur fyrir að lögregla kom á vettvang og tók skýrslur af aðilum og vitnum. Þá liggur fyrir myndbandsupptaka af atvikinu sjálfu. Af framangreindu leiðir að málsatvik eru vel upplýst og liggja nægjanlega ljós fyrir.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafði ofsaveður gengið yfir landið daginn áður en þau gögn bera ekki með sér að slíkt veður hafi verið á vettvangi á þeim tíma er tjónsatburður varð. Samkvæmt myndbandsupptöku af atvikinu er ekkert sem gefur til kynna annað en að veðrið hafi að mestu verið gengið niður en ekki liggja fyrir neinar mælingar um vindhraða við Akraneshöfn. Samkvæmt lögregluskýrslu kemur fram að það hafi verið stórstreymi þegar slysið varð en ekkert er fjallað um veður eða aðstæður að öðru leyti. Samkvæmt téðri myndbandsupptöku eru tvær bifreiðar kyrrstæðar á hafnartanga í skjóli við sjóvarnargarð er alda kemur skyndilega yfir garðinn og svo aftur og hrifsar þá menn og bifreiðar með sér. Hægur sjór var í höfninni. M hefur ekki hnekkt þeirri staðhæfingu V að umrætt atvik sé fordæmalaust og hafi ekki gerst áður.

Að öllu framangreindu virtu þá fellst nefndin ekki á að X eða starfsmenn þess hafi valdið slysinu eða eigi sök á því, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi vátryggingartaka né á grundvelli reglna um vinnuveitandaábyrgð. Tjónið verður því eingöngu rakið til óviðráðanlegs og ófyrirsjáanlegs atviks sem enginn ber ábyrgð á. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 211/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 22. júlí 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemd M, dags. 10. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti er tekið fram að ágreiningur í málinu lúti að því að V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna vatnstjóns sem hafi orðið þann 7. maí 2025 á annarri hæð í húsnæði M af völdum framkvæmda á þriðju hæð þess. M sem unir ekki þeirri niðurstöðu telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóninu. Byggir M einkum á því að X hafi sjálfur komið fyrir stálbita til þess að styrkja burðarþol á 2. hæð og hefði því átt að gera sér grein fyrir því að um væri að ræða timburramma sem steypt hafi verið í á milli. Þar af leiðandi telur M að X hafi ekki kannað aðstæður nægilega vel þar sem um er að ræða eldra húsnæði, þ.e. ekki gert nægilegar varúðarráðstafanir og ekki fylgst nægilega með mögulegum leka á meðan framkvæmd stóð og ekki brugðist nægilega við vatnsöfnun. Samkvæmt sjónarvotti, þ.e. eiganda á 2. hæð, hafi verið 5-10 cm vatn á gólfinu þegar að var komið og megi því einnig ætla að X hafi ekki notað nægilega kraftmikla vatnssugu. Jafnframt telur M að V hafi ekki haft fullnægjandi grundvöll til synjunar þar sem enginn á þeirra vegum hafi komið á vettvang til að skoða og meta verksummerki þegar tilkynnt hafi verið um tjónið. V hafi því byggt afstöðu sína á gögnum og mati án vettvangsskoðunar. Þá bendir M m.a. á að í tölvupósti 5. september 2025 komi fram að M hafi leitað álits hjá tveimur öðrum tryggingafélögum sem töldu að um bótaskylt tjón væri að ræða. Þá hafi X sjálfur átt von á að tjónið væri bótaskylt.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Tekur V fram að X hafi svarað því til að sagað hefði verið í tréspýtu (mótatré) sem hafi leynst inni í steyptum veggnum. Hafi verið með öllu ófyrirsjáanlegt fyrir starfsmenn X að átta sig á tilvist hennar, enda hafi hún ekki átt að vera þar staðsett. Steypusögunin fór að sögn X fram með vatnskælingu (blautsögun), sem telst viðtekið og faglega viðurkennt verklag í byggingariðnaði, m.a. til að koma í veg fyrir hættulega rykmyndun og kæla tækjabúnað. Niðurstaða V sé því sú að starfsmenn X hafi ekki mátt búast við því að aðskotahlutur á borð við tréspýtu væri staðsettur inni í steyptum veggnum. Verði tilvist hennar því að teljast til óhefðbundins frágangs eða galla á húsnæðinu. Atvikið verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi eða gáleysis starfsmanna X, heldur hafi hér verið um hreint óhappatilvik að ræða sem falli utan verndarsviðs ábyrgðartryggingarinnar. V bendir einnig á að M haldi því fram að V hafi ekki haft fullnægjandi grundvöll til að synja kröfunni þar sem það hafi ekki komið á vettvang til að skoða og meta tjónið. Vegna þessa bendir V á að samkvæmt almennum sönnunarreglum, sem og reglum skaðabótaréttarins, hvíli sönnunarbyrðin á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Það sé því M að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt, þ.m.t. að sýna fram á sök og gáleysi X. Af þessu leiði að mati V að það sé á ábyrgð og áhættu M að afla sönnunargagna um tjónið og bótaskylduna. Þá hafi M gert þá athugasemd að verktaka beri að kanna aðstæður sérstaklega vel áður en framkvæmd hefst. Þótt verktakar beri vissulega almenna aðgæslu- og varúðarskyldu, þá telur V að hún nái ekki til þess að sjá fyrir óvænta aðskotahluti inni í steyptum og lokuðum veggjum. Engin gögn liggi fyrir í málinu sem sýni fram á að X hafi vanrækt þá skyldu eða sýnt af sér saknæmt gáleysi. V telur því að M hafi ekki tekist að færa sönnur á að tjón hans megi rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna hans. V ítrekar því fyrri afstöðu sína um að bótaskylda úr tryggingunni sé ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M er athugasemdum V mótmælt og því hafnað að um óhapp hafi verið að ræða sem leiða megi til galla í byggingunni. Telur M að X hefði átt að vita betur og gæta meiri varkárni. Þá hafnar M því að lekinn sé afleiðing af galla í byggingunni þ.e. að lekið hafi meðfram spýtu í gólfi fyrir miðjum burðarvegg sem sagaður var niður á efri hæðinni. Áður hafi komið fram að spýtan hafi mögulega verið hluti af burðarramma frá uppsteyputíma en síðar hafi komið í ljós að svo sé ekki heldur

sé um að ræða staka spýtu í gólfinu og að engin sjáanleg merki séu um að hún nái í gegnum gólfið. Aðalatriðið sé að lekinn hafi ekki orðið þar sem spýtan sé í gólfinu heldur við enda burðarbitans á neðri hæðinni. Vísar M til meðfylgjandi teikningar þessu til stuðnings. Þessu til frekari stuðnings bendir M á að eigandi neðri hæðarinnar hafi komið tuskum fyrir til þess að reyna að stöðva lekann. X hafi fyrst sagað fyrir burðarbitanum á neðri hæðinni og síðan burðarveggnum á efri hæðinni. Telur M líklegt að þegar X hafi sagað fyrir burðarbitanum hafi leið (gat eða sprunga) opnast fyrir vatn á milli hæða. Byggir M á því að X hafi borið að skoða aðstæður betur áður en byrjað var að saga í vegginn á efri hæðinni og gera viðeigandi ráðstafanir. Það hafi verið einskær heppni að eigandi neðri hæðarinnar hafi komið heim á meðan á framkvæmdum stóð og séð þegar vatnið fossaði niður. Auk framangreinds telur M að niðurstaða V eigi ekki eingöngu að byggja á frásögn X heldur sé eðlilegra að V sendi óháðan matsmann á staðinn.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri rök ítrekuð. Þá ítrekar V einnig þá skoðun sína að vatnslekann megi rekja til timburstoðar í steyptum vegg á efstu hæð, sem starfsmönnum X hafi með öllu verið ómögulegt að sjá fyrir. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að verklagi þeirra hafi verið ábótavant og því séu skilyrði skaðabótaábyrgðar um sök ekki uppfyllt. Þá telur V sig óbundið af afstöðu annarra vátryggingafélaga og hafnar alfarið fullyrðingum M þess efnis að tvö þeirra hafi talið tjónið bótaskylt. V hafnar einnig fullyrðingu M þess efnis að niðurstaða V byggist eingöngu á frásögn X. Ákvörðun V hvíli á hlutlægu heildarmati á öllum fyrirliggjandi gögnum málsins. Það sé hins vegar á ábyrgð M að leggja fram fullnægjandi sönnunargögn til stuðnings bótakröfu sinni, samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Í ábyrgðartryggingum hvíli ekki sú skylda á vátryggingafélagi að mæta á vettvang til að meta tjón. Þá hafnar V einnig þeirri afstöðu M að ekki sé unnt að líta á atvikið sem óhapp. Samkvæmt gögnum málsins hafi orðið vatnsleki á verkstað. Málsástæður M um bótaskyldu byggi einkum á því að X hafi vanrækt rannsóknarskyldu sína með því að kanna ekki aðstæður á verkstað með fullnægjandi hætti áður en steypusögun hófst á efri hæð hússins. M vísi hins vegar til þess að í teikningasafni sveitarfélagsins hafi ekki verið að finna teikningar sem sýndu uppbyggingu veggjarins eða viðkomandi byggingarhluta. Það hafi því ekki verið fyrr en framkvæmdin var hafin sem hin umdeilda timburstoð hafi komið í ljós. Að mati V sé því ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að X hafi vikið frá góðu og viðurkenndu verklagi í aðdraganda þess að tjónið varð. Að lokum bendir V á að einhliða lýsingar og túlkun M geti ekki talist nægjanleg sönnun.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni í húsnæði M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. M byggir kröfu sína á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Færir M ítarleg rök máli sínu til stuðnings. Hins vegar hefur M ekki lagt fram önnur gögn kröfu sinni til stuðnings en eigin frásögn/rökstuðning eða tilvísun í vitnisburð, sem ekki liggur fyrir i gögnum málsins, af því sem hún telur að hafi farið úrskeiðis. Því liggja ekki fyrir nein þau sérfræðigögn í málinu sem nefndin telur að hægt sé að byggja þá niðurstöðu á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem leiði til skaðabótaábyrgðar X. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til sakar X eða starfsmanna X. M hefur ekki tekist sú sönnun og á því ekki rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 213/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis og fjölskyldutrygging.

Bótaréttur. Gildissvið vátryggingar. Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti upplýsir M að 3. apríl 2026 hafi tjón orðið á bifreið hans, þ.e. A, er hann hafi lent í umferðaróhappi á Ítalíu. Hafi hann strax sett sig í sambandi við V. Tjónið hafið orðið þegar flest þjónusta hafi verið lokuð. Þá hafi lögreglan ekki viljað koma á vettvang vegna þess að engin meiðsli hafi orðið á fólki og að þetta snerist einungis um tjón á bíl M en ekki hafði orðið árekstur. Segist M hafa sannanir fyrir samskiptum sínum við ítölsku lögregluna sem staðfesti að hún hafi neitað að gera formlega skýrslu. Hann hafi ekki getað þvingað lögregluna til að gera eitthvað sem hún taldi ekki nauðsynlegt. Hins vegar segist M hafa fengið staðfestingu sem hann hafi sent V. Síðan upplýsir M að þegar bifreiðin hafi verið komin á verkstæði hafði hann haft samband við alþjóðlegan bifreiðamatsmann sem hafi framkvæmt sérfræðimat á umfangi tjónsins. Samkvæmt því hafi viðgerðarkostnaður numið um 8.000 evrum. Síðan segir í málskotinu að V hafi alla reikninga, ljósmyndir og gögn sem sýni viðgerðarferlið frá upphafi til enda. Vegna óhappsins segist M sitja uppi með fjárhagslegt tjón og veruleg vandamál vegna yfirlýsinga og skorts á skuldbindingu af hálfu eigin tryggingafélags. Þá kemur fram í málskotinu að M hafi óskað eftir því að tryggingarsamningur hans hjá V yrði felldur niður. Að lokum tekur M fram að auk viðgerðarkostnaðar krefjist hann greiðslu að fjárhæð 500.000 íslenskra króna í miskabætur vegna þess mikla álags, streitu, tímaeyðslu og óþæginda sem hann telur sig hafa orðið fyrir í samskiptum sínum við V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er bótarétti M hafnað. Kemur fram að V telji að M krefjist þess að V verið gert að greiða: 1. Viðgerðarkostnað hjá tilgreindu erlendu verkstæði að fjárhæð um 8.000 evrur vegna skemmda á A. 2. Bætur vegna leigu á bílaleigubíl sbr. reikning dags. 14. apríl 2026. 3. Bætur vegna persónulegra muna (síma, gleraugna, kaffivélar og tölvu) úr fjölskyldutryggingu M. 4. Miskabætur að fjárhæð 500.000 kr. vegna meints álags, streitu og tímaeyðslu við meðferð tjónamálsins. Vegna framangreinds færir V í fyrsta lagi rök fyrir því að ekki liggi fyrir sönnun um tjónsatvik og umfang tjóns á A. Það sé grundvallarregla í íslenskum vátryggingarétti að sá sem krefst bóta beri sönnunarbyrðina fyrir því að vátryggingaratburður hafi átt sér stað, að tjón hafi hlotist af honum og hvert umfang þess tjóns sé. Þessi regla birtist í 1. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem kveðið sé á um að vátryggður skuli veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Sömuleiðis gildi 18. gr. almennra skilmála V um þessa sömu upplýsingaskyldu. Bendir V á að í málinu liggi hvorki fyrir ljósmyndir af skemmdum á A eins og þær hafi blasað við á Ítalíu áður en viðgerð hófst, né liggi fyrir lögregluskýrsla eða staðfesting frá ítölskum yfirvöldum um tjónsatvikið eða vettvang þess. Einungis liggi fyrir viðgerðarreikningur sem gefinn hafi verið út eftir að viðgerð lauk. Með því að láta gera við bifreiðina áður en V hafi verið veitt tækifæri til að skoða hana, hafi M gert V ómögulegt að sannreyna að skemmdirnar á A hafi átt rætur að rekja til umferðaróhappsins þann 3. apríl 2026, auk þess sem ómögulegt sé að meta raunverulegt umfang og nauðsynlegan viðgerðakostnað. Ef M lætur gera við ökutæki sitt einhliða án þess að V sé gefinn kostur á skoðun, beri hann sjálfur áhættuna af sönnunarskorti. Þar sem engin vettvangs- eða skoðunargögn liggi fyrir áður en gert var við bílinn telur V að tjónið sé ósannað og því beri að hafna kröfunni á grundvelli 1. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 og 18. gr. skilmála V. Í öðru lagi er bent á að viðgerð hafi farið fram án samþykkis og skoðunar V. Samkvæmt skilmála fyrir kaskótryggingar ökutækja hjá V, gildi skýrar formkröfur og reglur um meðferð skemmdra ökutækja og viðgerðir á þeim. Í 11. gr. skilmálanna sé kveðið á um að leita skuli fyrirfram samþykkis V á viðgerðaraðila og að V sé ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess. Þessum skilmálum sé ætlað að tryggja að V geti framkvæmt tjónamat og staðfest að skemmdir stafi raunverulega af tilkynntu óhappi. Í tilviki hins meinta tjóns M hafi viðgerð hafist hjá

nánar tilgreindu verkstæði í Túnis og hafi henni lokið þar án nokkurs samráðs við V. Þá leiði skoðun á viðgerðarreikningi í ljós að gert hafi verið við atriði sem augljóslega geti ekki tengst einangruðu höggi á málmvarnargarð eins og lýst sé í tjónstilkynningu M. Á reikningnum sé meðal annars tilgreind heilsprautun á A. Þetta telur V sýna að viðgerðin hafi verið mun umfangsmeiri en sem nemur hugsanlegum afleiðingum óhappsins eins og tjónsatvikum sé lýst í tilkynningu M. Með því að brjóta gegn skýru ákvæði 11. gr. skilmálanna og hefja viðgerð án samþykkis V, hafi M fyrirgert bótarétti sínum. Þá telur V að meint innbús- og munatjón M sé ósannað. Þannig krefjist M einnig bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V, vegna persónulegra muna (síma, gleraugna og tölvu) sem hann segir að hafi skemmst í slysinu. M hafi ekki tilkynnt um þetta munatjón í upphaflegri tjónstilkynningu sinni 8. apríl 2026 heldur fyrst í tölvupósti 16. apríl sama ár. Þá hafi M ekki lagt fram neinar ljósmyndir af hinum skemmdu munum, engar kvittanir fyrir kaupum á þeim né lýsingu á því hvernig þeir skemmdust í umræddu óhappi. Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 og 18. gr. almennra skilmála V hvíli sú skylda á M að veita V öll þau gögn og upplýsingar sem nauðsynleg eru til að meta kröfuna. Þar sem engin gögn eða sannanir hafi verið lögð fram til stuðnings þessari kröfu, telur V hana ósannaða. Þá telur V að krafa M sem snýr að kostnaði vegna leigu á bílaleigubíl frá 14. apríl 2026 og þeirri fullyrðingu M að hann hafi þurft að greiða sektir til opinberra aðila vegna of langrar dvalar í Túnis, auk ýmiss fjármögnunarkostnaðar (láns hjá Íslandsbanka) til að leysa út A, falli utan verndarsviðs kaskótryggingar. Sama gildi um miskabótakröfu M. Í þessu sambandi bendir V á að í 11. gr. skilmálanna sé sérstaklega tilgreint að óbeint tjón, svo sem afnotamissir eða aukaútgjöld, bætist ekki úr kaskótryggingu. Bílaleigukostnaður flokkast sem afnotamissir og sé því sérstaklega undanskilinn bótaskyldu samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Þá eigi bætur vegna sekta vegna dvalar í Túnis sér enga stoð í vátryggingarsamningnum og tengist hinu tilkynnta tjónsatviki á Ítalíu ekki með neinum hætti. Hvað varði kröfuna um 500.000 kr. í miskabætur, þá bendir V á að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjalli einungis um ágreining er lúti að vátryggingarsamningum á grundvelli laga nr. 30/2004. Engin lagastoð eða skilmálaákvæði séu fyrir hendi sem skyldi vátryggingafélag til að greiða miskabætur vegna meints samskiptaálags við meðferð og úrvinnslu bótakröfu sem V beri að hafna samkvæmt skilmálum. Að lokum bendir V á að M kvarti yfir því að V hafi haldið áfram að rukka hann um iðgjöld eftir að hann sendi inn uppsögn á vátryggingarsamningum sínum þann 1. maí 2026. Í tengslum við það hafi M í fyrsta lagi farið fram á að tafarlaust yrði staðfest að báðir tryggingasamningar hafi verið felldir niður frá og með 1. maí 2026. V hafi samþykkt beiðni M um að miða skuli uppsagnardag allra tryggingasamninga við 1. maí 2026. Hafi skuldastaða M verið uppfærð til samræmis við það. M hafi í öðru lagi farið fram á að allar innheimtukröfur og áframhaldandi rukkanir vegna iðgjalda yrðu stöðvaðar án tafar og engir frekari reikningar sendir. V telur sig ekki geta orðið við þeirri beiðni í ljósi þess að M sé í skuld við V vegna fyrri tímabila. Með vísan í framangreint telur V ljóst að M hafi ekki sýnt fram á tjón sitt og umfang þess með fullnægjandi hætti, sbr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 og 18. gr. skilmála V. Enn fremur hafi það ekki verið í samræmi við 11. gr. skilmála að láta gera við A erlendis án undangengins samþykkis og skoðunar V, nokkuð sem leiði til þess að bótaréttur vegna viðgerðarkostnaðar sé ekki til staðar. Aðrar kröfur M um afnotamissi, sektir, persónulega muni og miskabætur telur V ekki eiga sér stoð í lögum eða skilmálum fyrir tryggingar hjá V. Þá hafi V leiðrétt gildistíma trygginga miðað við uppsagnardag 1. maí sl. og lagfært iðgjaldaskuld til samræmis og því komið til móts við kröfur M að því leyti. V krefst þess því að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum hafni öllum kröfum M.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir M því að hann hafi einhliða látið gera við A án þess að gefa V raunhæft tækifæri til að leiðbeina sér eða grípa til aðgerða. Bendir M á að hann hafi tilkynnt V um tjónið með rafrænum hætti auk þess sem V viðurkenni að tjónstilkynning hafi borist 8. apríl 2026. V hafi því vitað af tjóninu. Þá ítrekar M að lögreglan hafi ekki viljað veita neina aðstoð er tjónið varð. Auk þess segir M að hann hafi reynt að ná í V í kjölfar slyssins en þá hafi símaþjónusta V verið lokuð. Síðan hafi leið hans legið til Túnis þar sem hann hafi þurft að láta gera við A. Í kjölfarið hafi hann haft samband við V og tilkynnt formlega um tjónið. M telur því ekki að viðgerð hafi farið fram án vitneskju eða samþykkis V. Telur M sig einnig hafa gert það sem ætlast megi til af honum til að takmarka tjónið. Þá ítrekar M að hann hafi tilkynnt tjónið rafrænt og að V eigi að hafa gögn því til staðfestingar.

Álit.

Ágreiningur málsins virðist fyrst og fremst hverfast um það hvort M eigi rétt á að fá eftirfarandi meint tjón sitt bætt úr tryggingum sínum hjá V: 1. Viðgerðarkostnað hjá tilgreindu erlendu verkstæði að fjárhæð um 8.000 evrur vegna skemmda á A. 2. Bætur vegna leigu á bílaleigubíl sbr. reikning dags. 14.

apríl 2026. 3. Bætur vegna persónulegra muna (síma, gleraugna, kaffivélar og tölvu) úr fjölskyldutryggingu M. 4. Miskabætur að fjárhæð 500.000 kr. vegna meints álags, streitu og tímaeyðslu við meðferð tjónamálsins. Nefndin tekur þó fram að nokkuð erfitt er að átta sig nákvæmlega á kröfugerð M af málskotinu.

Það er M að sanna meint tjón sitt og að um bótaskylt tjón sé að ræða sem falli undir gildisvið trygginga sem M er með hjá V. Nefndin telur að sú sönnun hafi ekki tekist hvað varðaðar hið umkrafða tjón. Þannig hefur M ekki lagt fram nein þau gögn sem sýnt geta fram á það með fullnægjandi hætti að tjón hafi orðið á A með þeim hætti sem M byggir á né að umfang þess tjóns nemi þeirri fjárhæð sem lesa má af fyrirliggjandi viðgerðarreikningi. Þá liggur jafnframt fyrir að M lét gera við A án samráðs við V sem gengur þvert á þær skyldur sem kveðið er á um í 11. gr. skilmálanna fyrir kaskótryggingu ökutækis. Í því ákvæði er m.a. tekið fram að leita skuli fyrirfram samþykkis V á viðgerðaraðila og að V sé ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess. Hvað varðar aðrar kröfur M, þá telur nefndin að þær séu ósannaðar auk þess sem þær eigi sér ekki stoð í lögum, skilmálum fyrir tryggingar hjá V eða öðrum samningum við V. Eins og málið liggur fyrir telur nefndin því óhjákvæmilegt að hafna öllum kröfum M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr tryggingum sínum hjá V. Öllum kröfum hans í málinu er því hafnað.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 214/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. júní 2026 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. ágúst 2026.

Málsatvik.

Hinn 9. maí 2026 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók og B, á bifreiðastæði. Í tjónstilkynningu til V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi beggja bifreiða, lýsir eigandi A atvikum svo að M hafi hafið akstur aftur á bak á undan ökumanni B. Þegar M varð þess var að B var einnig ekið aftur á bak úr bifreiðastæði hafi hann staðnæmst og gefið hljóðmerki til marks um hættu á árekstri. B hafi í kjölfarið verið ekið á A. Ökumaður B lýsti atvikum svo að hann hafi hafið akstur á undan A. Staða A, sem hafi verið staðsett að hluta til á gangstétt og að hluta til í bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða, hafi verið ólögleg. A hafi skyndilega verið ekið aftur á bak úr þeirri stöðu og í akstursstefnu B. Ökumaður B hafi strax brugðist við hljóðmerki frá A og reynt að hemla en ekki hafi tekist að forða árekstri.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skyldi skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M fellir sig ekki við þau málalok og í málskoti kemur fram að hann telji B bera alla sök á árekstrinum. Er í málskoti vísað til myndbands af atvikinu sem sýni að M hafi hafið akstur aftur á bak á undan ökumanni B og að A hafi staðnæmst í þeim tilgangi að forða árekstri.

Í bréfi V er vísað til fyrirliggjandi gagna málsins. Í meðfylgjandi yfirlýsingu ökumanns B er áréttað að A hafi verið lagt með ólöglegum hætti og það sé meginorsök þess að árekstur varð. Þá hafi ökumaður B hafið akstur löngu á undan A, sem hefði því átt að bíða eftir að B lyki akstrinum. Aðeins hafi þá liðið ein til tvær sekúndur frá því A staðnæmdist og þar til árekstur varð og ökumaður B hafi ekki átt möguleika á því að forða árekstri. Beri ökumaður A því alla sök á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til fyrirliggjandi myndbands sem hann telur styðja við sína frásögn af atvikum. Er þess sérstaklega óskað að nefndin taki upptökuna til skoðunar og meti atvik á grundvelli hennar.

Álit.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra.

Fyrir nefndinni liggja tvær myndbandsuptökur af umræddu atviki. Af þeim má ráða að A hafi hafið akstur frá stöðureit um eða innan við sekúndu áður en B hóf akstur úr gagnstæðum stöðureit. Jafnframt má sjá að A staðnæmdist í aðdraganda áreksturs, að því er virðist um einni til tveimur sekúndur áður. Verður því ekki ráðið annað en að þar hafi einungis verið um augnabliksstöðvun að ræða sem hafi ekki áhrif á sakarskiptingu.

Verður því að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga umrætt sinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 215/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging sveitarfélags.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. maí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 22. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hún féll á gönguleið við íþróttamiðstöð X 28. júlí 2022. M hafi stigið á tvær hellur sem hafi fallið saman í framkvæmdum fyrir utan íþróttamiðstöðina er hún var á leið í sund. Með bréfi, dags. 28. apríl 2025, hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að skortur væri á gögnum sem styddu að aðstæður á slysstað hafi verið hættulegar og að það hafi verið vegna vanrækslu eða athafnaleysis vátryggingartaka. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á að slysið megi fyrst og fremst rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X með því að gera ekki ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu á svæðinu fyrir utan inngang íþróttamiðstöðvarinnar. Gestir sem áttu leið um svæðið hafi átt að geta treyst því að frágangur, aðgengi og umhverfi væri með þeim hætti að ekki myndi skapast hætta fyrir gangandi vegfarendur. Þá hafi X látið hjá líða að setja upp nægilegar merkingar eða varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem áttu leið þar um. M telur að starfsmönnum og forsvarsmönnum X hafi mátt vera ljós sú slysahætta sem var til staðar og hvaða afleiðingar það gæti haft í för með sér að girða svæðið ekki af. Um aðstæður á slysdag er vitnað til frásagnar systur M frá 15. september 2025. Þá er vitnað til frásagna starfsmanns X um aðstæður á slysdegi frá 22. janúar 2026 og 28. febrúar 2026. Þar staðfesti starfsmaðurinn að tvær hellur hafi fallið saman sem M féll um. Ljóst sé að þessar lýsingar staðfesti frásögn M og ekki verði hjá því komist að styðjast við framburð hennar um aðstæður og aðbúnað á slysstað. M vísar til gr. 12.10.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 um aðkomu að íþróttamiðstöðum og 4. gr. reglna um öryggi í íþróttahúsum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að öll óhöpp skuli skráð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum liggi engar upplýsingar fyrir hjá íþróttamiðstöðinni eða X um atvikið né slysaskráning. Af þeim sökum beri að túlka þann vafa sem er upp í málinu X í óhag. Því skuli leggja framburð M um aðbúnað á svæðinu og málsatvik til grundvallar í málinu. Þá byggir M á að auknar kröfur verði lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna, þar sem rekin er starfsemi sem laðar að neytendur eða veitir þjónustu, um að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið hjá. M vísar til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-747/2012, dóma Hæstaréttar í málum nr. 646/2009, 71/2015 og 635/2006. Dómafordæmi staðfesti að ríkar kröfur séu gerðar til þjónustuhúsnæðis hvað varðar öryggi gesta. Aðstæður fyrir utan íþróttamiðstöðina á slysdegi hafi verið hættulegar og X hafi borið að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi almennings, t.d. með því að koma fyrir viðvörunarmerkingum eða girða svæðið af. M telur slysið bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X.

Í athugasemdum V er byggt á að ósannað sé að slysið verið rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis X. Fyrirliggjandi gögn styðji það ekki að sérstök hætta hafi stafað af hellulögn sem starfsmönnum X hafi verið kunnugt um. Slysið verði því fremur rakið til óhappatilviljunar en bótaskyldrar háttsemi X. V telur því að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt og bótaskylda sé því ekki til staðar úr ábyrgðartryggingu X. Í málskotinu er því lýst að M hafi stigið á tvær hellur sem hafi fallið saman í framkvæmdum fyrir utan íþróttamiðstöðina. Sú lýsing, þ.e. að M hafi slasast á framkvæmdarsvæði, fær að mati V ekki stoð í samtímagögnum. Samkvæmt sjúkraskrárinnleggi frá 5. september 2022, um sex vikum eftir atvikið, komi fram að M hafi „snúið sig á fellingu í stétt við sundlaug fyrir sex vikum síðan“. Þar sé hvorki vísað til framkvæmda né tveggja hellna sem hafi fallið saman en fyrstu fullyrðingar um slíkt hafi komið fram í kröfubréfi tveimur og hálfu ári eftir slys. X hafi síðar staðfest að almennt viðhald fór fram í ágúst eða um haustið, þ.e. eftir slysið. Samkvæmt upplýsingum frá X voru engar framkvæmdir á svæðinu á slysdegi og engar tilkynningar eða kvartanir höfðu borist vegna meintra hættulegra aðstæðna fyrir eða eftir slysið. Engin gögn liggja fyrir um ástand

vettvangsins á slysdegi, svo sem ljósmyndir, mælingar eða aðrar skráningar sem sýna fram á umfang þeirrar mishæðar eða fellingar sem M telur að hafi valdið fallinu. V telur að þær yfirlýsingar sem M hefur lagt fram á síðari stigum málsins bæti ekki úr þeim sönnunarskorti sem fyrir liggur um ástand vettvangsins á slysdegi. Lýsing systur hennar, sem rituð var um það bil þremur árum eftir atvikið, feli ekki í sér staðfestingu á ástandi hellulagnarinnar á slysdegi, umfangi meintrar misfellu eða því að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar eða sérstaklega hættulegar. Telur V einnig að skoða verði framburð hennar í ljósi fjölskyldutengsla sbr. ÚNV í máli nr. 233/2024. Þá varð starfsmaður X ekki vitni að sjálfu fallinu heldur snéri baki í M og kom að eftir að atvikið hafði átt sér stað. Frásögn hennar frá því í byrjun árs 2026, sem tekið hafi breytingum og skorti samhengi í fylgiskjölum með málskoti, geti því hvorki staðfest orsök slyssins né ástand hellulagnarinnar þegar fallið varð. Tilvísanir M til byggingarreglugerðar, reglna um öryggi í íþróttahúsum og skorts á slysaskráningu breyti ekki ofangreindri staðreynd og leysi M ekki undan því að sanna sök X. Af dóma- og úrskurðaframkvæmd verði þó ráðið að ábyrgð stofnist ekki við það eitt að einstaklingur falli eða slasist á gönguleið að slíku húsnæði heldur þurfi að sýna fram á bótaskyldan vanbúnað, vitneskju eða saknæmt athafnaleysi. Af dómi Landsréttar í máli nr. 391/2025 megi leiða að tilvist misfellu á gönguleið leiði ekki ein og sér til bótaskyldu, jafnvel þótt umráðamaður fasteignar hafi almenna vitneskju um að misfellur geti myndast á svæðinu. Sýna þurfi fram á að aðstæður hafi verið svo hættulegar eða óforsvaranlegar að umráðamanni hafi borið að bregðast við þeim áður en slys varð. Sama sjónarmið komi fram í máli Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 442/2021.

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að ósannað sé að tjón M verði rakið til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar athafnar eða athafnaleysi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í málinu er óumdeilt að M datt í umrætt sinn fyrir utan íþróttamiðstöð X.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar hvílir á M að sanna að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi og að M hafi orðið fyrir tjóni sem verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Engin samtímagögn liggja fyrir í málinu um hvernig aðstæður voru á slysdegi fyrir framan íþróttamiðstöð X, svo sem ljósmyndir, mælingar eða aðrar skráningar sem sýna fram á umfang þeirrar mishæðar eða fellingar sem M telur að hafi valdið fallinu. Einnig virðist sem M hafi ekki leitað til læknis fyrr en 5. september 2022 eða sex vikum eftir slysið og þá er atvikinu lýst með eftirfarandi hætti: „*Sneri sig á fellingu í stétt við sundlaug fyrir 6 vikum síðan.*“ Þá telur nefndin að þær yfirlýsingar sem M hefur lagt fram á síðari stigum málsins bæti ekki úr þeim sönnunarskorti sem fyrir liggur um ástand vettvangsins á slysdegi. Yfirlýsing starfsmanns X gefin þremur og hálfu ári eftir slys vitni fyrst og fremst um að atvikið sjálft en ekki orsök þess. Hvað varðar yfirlýsingu frá systur M og mági um orsök slyssins þá verður ekki litið svo á að hún stafi frá óhlutdrægum vitnum og verði að skoða í því ljósi.

Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður X ekki látið bera hallann af skorti á sönnun um atvik máls heldur gilda um það almennar sönnunareglur skaðabótaréttar. Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar í umrætt sinn. Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að slys hennar verið rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 217/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 24. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð M fyrir vinnuslysi hjá X þann 27. janúar 2026. Um tildrög slyssins segir m.a. eftirfarandi í tilkynningu til Vinnueftirlitsins: *„Starfsmaður var að vinna við að lagfæra miðjustoð í trailer eftirvagni (boddyvagni). Starfsmaður stóð í 3 þrepi á tröppu við hlið vagnsins og var að reyna að losa miðjustoðina úr vagninum til þess að geta rétt hana. Miðjustoðin var bogin og hafði því myndast spenna á henni sem hélt henni fastri milli þaks og gólfs í vagninum. Þegar starfsmaður var að reyna að losa miðjustoðina losnaði hún skyndilega og slóst utan í vinstri öxl starfsmannsins með þeim afleiðingum að hann féll úr tröppunni og datt á planið.“* Þá hefur V það eftir X að miðjustoðin hafi verið föst að ofanverðu og því ekki átt að falla úr vagninum. Neðri hluti stoðarinnar hafi hins vegar ekki verið skorðaður eða tryggður áður en réttingartjakkur hafi verið notaður við verkið.

Í málskoti er byggt á því að M hafi í umrætt sinn reynt að losa stoðina eins og hann hafi fengið fyrirmæli um frá yfirmanni sínum. Er því haldið fram að orsök slyssins sé sú að X hafi láðst að tryggja að M gæti sinnt starfi sínu án þess að öryggi og heilsa hans væri hætta búin. Af þeirri ástæðu telur M að X hafi brotið gegn 13., 37. og 46. gr. laga nr. 48/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Telur M að honum hafi ekki verið útveguð þau tæki og öryggisbúnaður sem hefðu getað gert honum kleift að fjarlægja miðjustoðina án allrar áhættu. Jafnframt byggir M á því að nauðsynlegt hafi verið að fleiri en einn starfsmaður sinntu því verki sem M var falið. Telur M að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með viðeigandi tækjum og öryggisbúnaði, s.s. öryggisgrind, vinnupalli, lyftu eða öðrum starfsmanni sem hefði þá átt að koma í veg fyrir að stoðin myndi skjótast á M. Máli sínu til frekari rökstuðnings vísar M í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja og Hrd. í málum nr. 25/1999, 61/2006 og 10/2004.

Í athugasemdum V er framangreindum málatilbúnaði M hafnað. Bendir V á að það telji að líta verði til þess að M hafi verið reyndur starfsmaður sem hafi verið falið umrætt verk þar sem hann hafi haft forsendur til að meta hvernig ætti að vinna það, enda hafi M haft áratuga reynslu af sambærilegum störfum og verið ráðinn til starfa hjá X vegna sérþekkingar sinnar sem kassasmiður. Hafi X upplýst að M hafi starfað við sambærileg störf í meira en 20 ár áður en hann hóf störf hjá X. Hafi X ráðið M vegna sérþekkingar sinnar á viðgerðum á vörukössum og tengdum verkefnum. Umrætt verk hafi verið í verkahring M og hafi hann sjálfur átt að stjórna framkvæmd þess. Þá hafi eðli verksins verið M ljóst frá upphafi enda hafi vagninn komið til viðgerðar vegna þess að miðjustoðin var bogin og hún losnaði ekki með eðlilegum hætti. M hafi því mátt vera ljóst að spenna gæti verið á stoðinni og að gæta þyrfti að því með hvaða hætti hún væri losuð. Þrátt fyrir það hafi M ekki gert sérstakar ráðstafanir til að tryggja að miðjustoðin gæti ekki slegist út að neðanverðu, t.d. með griparmi. Tekur V fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi margvíslegur búnaður verið til staðar á verkstæðinu sem M hafi haft aðgang að, þar á meðal vinnulyftur, lyftarar, stroffur, griparmur og annar búnaður. Þá hafi M getað kallað eftir aðstoð ef hann taldi þess þörf. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að M hafi verið meinað að nota annan búnað eða að hann hafi ekki getað kalla eftir aðstoð. Þá telur V ósannað að M hafi fengið fyrirmæli um að framkvæma verkið með tilteknum hættulegum hætti líkt og haldið sé fram í málskoti. Að mati V verði því ekki séð að slysið verði rakið til þess að X hafi ekki útvegað viðeigandi tæki eða búnað. Að því marki sem M byggi á því að verklag eða öryggisráðstafanir hafi verið ófullnægjandi bendir V á að samkvæmt upplýsingum X séu verkefni af þessu tagi mismunandi eftir gerð vagna, ástandi þeirra og þeim viðgerðum sem þarf að framkvæma hverju sinni. Verði því, að mati V, ekki gerð sú krafa að til staðar sé eitt fastmótað verklag fyrir slík verk sem fylgja beri við öll sambærileg verk, enda geti gerð vagns, eðli bilunar og aðstæður við framkvæmd kallað á ólík handtök og viðbrögð. M sé reyndur

kassasmiður og hafi framkvæmd verksins að verulegu leyti byggt á faglegu mati hans um hvernig best væri að haga því, hvaða búnað ætti að nota og hvort kalla þyrfti eftir aðstoð. Til stuðnings framangreindu vísar V til úrskurðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 420/2025 þar sem bótaskyldu hafi verið hafnað þar sem nauðsynlegur búnaður var tiltækur en starfsmaður nýtti hann ekki, þrátt fyrir að honum mætti vera ljós hættan. Þá hafi bótaskyldu einnig verið hafnað í máli nr. 1/2024 þar sem reyndur starfsmaður hafði stjórn á framkvæmd verksins og sök því talin ósönnuð. Í máli nr. 124/2024 hafi bótaskyldu verið hafnað þar sem tjónþoli hafði reynslu af verkinu og ekki var sýnt fram á að slysið yrði rakið til saknæmrar háttsemi atvinnurekanda. V hafnar því einnig að X geti borið hlutlæga ábyrgð vegna þess að miðjustoðin hafi verið bogin, skemmd eða undir spennu, líkt og haldið sé fram í upphaflegri kröfu M. Eðli málsins samkvæmt komi bilaðar bifreiðar og vagnar til viðgerðar á atvinnubifreiðaverkstæði. Vagninn eða stoðin hafi ekki verið vinnutæki sem X hafi lagt M til í gölluðu ástandi, heldur sá hlutur sem verkið sjálft laut að. Á slíku geti X ekki borið hlutlæga ábyrgð. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að slys hans verði rakið til saknæmrar háttsemi, vanbúnaðar eða athafnaleysis X. Þvert á móti liggi fyrir að M hafi verið reyndur starfsmaður með sérþekkingu á verkinu og hafi sjálfur stjórnað framkvæmd þess og haft aðgang að öðrum búnaði. Þá hafi X upplýst að sambærilegt slys hafi ekki áður komið upp á verkstæðinu. Að lokum áréttar V að M hafi sjálfur haft forsendur til að meta framkvæmd verksins og gera viðeigandi ráðstafanir áður en réttingartjakkur var notaður. Með vísan til framangreinds telur V skilyrði skaðabótaskyldu X ekki uppfyllt.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 27. janúar 2026. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. V byggir m.a. á að M hafi verið reyndur starfsmaður með sérþekkingu á umræddu verki. Því hafi X mátt treyst því að hann stæði faglega að verkinu og notaði til þess nauðsynleg tæki og tól sem hafi verið honum aðgengileg á vinnustaðnum. Nefndin telur að ekki liggi fyrir gögn sem hreki framangreint. M byggir málatilbúnað sinn að mestu á eigin frásögn af því sem gerðist og hvað hann telur að hafi verið aðfinnsluvert af hálfu X. Þannig liggja t.d. ekki fyrir neinar skýrslur frá vitnum sem varpað gætu frekari ljósi á tildrög slyssins eða verklag á vinnustaðnum né önnur þau gögn sem stutt gætu framburð M. Það er því niðurstaða nefndarinnar að eins og málið liggur fyrir og með vísan í framangreindar sönnunareglur í skaðabótarétti, hafi M ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Að gefnu tilefni bendir nefndin á að ekki eru forsendur til að byggja skaðabótaábyrgð X á hlutlægum grunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 219/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 3. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 3. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. júlí 2026 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. júlí 2026.

Málsatvik.
Hinn 20. mars 2026 varð árekstur með bifreiðunum A og B með þeim hætti að B var ekið aftan á A á gatnamótum Arnarnesvegar og Hafnarfjarðarvegar. Bótaskylda var viðurkennd að hluta en ágreiningur er um umfang tjóns.
Í málskoti kemur fram að ágreiningur sé um hvort tjón á framhjóli, fjöðrun og tengdum hlutum A megi rekja til þess að B var ekið aftan á A. V hafi viðurkennt bótaskyldu vegna tjónsins að hluta en hafnað bótaskyldu vegna framendatjónsins á þeirri forsendu að það hafi orðið áður en aftanákeyrslan átti sér stað. M telur að ekki hafi verið sýnt fram á þá atburðarás og að framendatjónið sé annað hvort bein afleiðing aftanákeyrslunnar eða að minnsta kosti órjúfanlega tengt henni. M vísar til þess að tvær ósamhljóða frásagnir liggi fyrir um atburðarásina. Ökumaður A haldi því fram að ekið hafi verið aftan á A og við það hafi bifreiðin farið á kantstein en ökumaður B haldi því fram A hafi farið á kantsteininn áður en aftanákeyrslan hafi orðið. M vísar til þess að jafnvel þótt fallist yrði á að A hafi farið á kantsteininn áður þá leiði það ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að aftanákeyrslan hafi ekki valdið frekara tjóni. M byggir á því að V hafi ekki sýnt fram á hvaða tjón hafi orðið við áreksturinn og hvaða tjón hafi orðið eða aukist við aftanákeyrsluna og þar af leiðandi sé ekki unnt að sýna fram á aðgreina megi framendatjónið frá aftanákeyrslunni. Því beri að líta svo á að tjónið á A sé afleiðing sama tjónsatburðar og að bótaábyrgð V nái til alls þess tjóns sem af honum hlaust.
V kveður ökumann B bera fulla ábyrgð á aftanákeyrslunni en telur ósannað að tjón á hjólabúnaði að framan á A sé að rekja til áreksturs bifreiðanna. V vísar til tjónstilkynningar ökumanns B þar sem fram komi að B hafi verið fyrir aftan A sem hafi verið ekið af stað á beygjuljósi af Hafnarfjarðarvegi inn á Arnarnesveg. A hafi runnið í hálku og utan í vegkant og snarstöðvast. Ökumaður B hafi ekki náð að stöðva í tæka tíð og hafi rekist aftan á A. V telur ekkert í gögnum málsins staðfesta að A hafi aftur kastast á kantsteininn við áreksturinn eða að höggið við áreksturinn hafi getað valdið tjóni á á hjólabúnaði að framan. V vísar til CABAS skoðunarskýrslu og ljósmynda af A sem staðfesti að tjón á A sé mjög lítið.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til yfirlýsingar ökumanns A sem kveður bifreiðina hafa farið á kantstein við áreksturinn. Að öðru leyti áréttar M að V hafi ekki sýnt fram að unnt væri að aðgreina framendatjónið frá aftanákeyrslunni.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að V telji að leggja verði til grundvallar um málsatvik þá tjónstilkynningu sem gerð hafi verið í kjölfarið á árekstrinum umfram framburð sem aflað var 8. júlí 2026 í kjölfar athugasemda V vegna málskotsins. Þá er einnig bent á að í samskiptum við M hafi því aldrei verið andmælt að bifreiðin hafi fyrst farið á kantsteininn áður en árekstur varð.

Álit.
Ágreiningur í máli þessu snýr að því að hvort sannað sé að tjón á hjólabúnaði A sé að rekja til þess að B hafi verið ekið aftan á A eða þess að bifreiðin hafi runnið í hálku og á kantstein áður en áreksturinn varð.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Af því leiðir að M ber sönnunarbyrði fyrir því að aftanákeyrsla B á A hafi valdið tjóni á framenda A. Frásagnir ökumanna A og B stangast á í veigamiklum atriðum en líta verður til þess að framburðar

ökumanns A var ekki aflað fyrr en í kjölfar athugasemda V. Þá styðja hvorki ljósmyndir né önnur gögn málatilbúnað M. Með vísan til framangreinds telur nefndin því ósannað að tjón á hjólabúnaði A verði rakið til aftanákeyrslunnar. Kröfu M er því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki frekari bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 220/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Árekstur. Orsakatengsl. Sönnun. Matskostnaður.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. júlí 2025, á júní 2026 fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 22. júní 2026.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi skýrslu frá Aðstoð og Öryggi kemur fram að 28. júlí 2024 var bifreiðinni B ekið eftir Lækjargötu til suðurs í átt að gatnamótum við Bankastræti og var ætlunin að aka áfram yfir gatnamótin. M ók hins vegar bifreiðinni A eftir Lækjargötu til norðurs að sömu gatnamótum þar sem hann hugðist beygja til vinstri og taka U-beygju. Við það var A ekið í veg fyrir B með þeim afleiðingum að árekstur varð milli bifreiðanna. Í málskoti kemur fram að M telur sig eiga bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eigenda A hjá V vegna afleiðinga slyssins. Er þess krafist að nefndin úrskurði á þá leið að fyrir hendi sé full bótaskylda V vegna framangreinds umferðarslyss og að V verði gert að greiða sinn hluta af kostnaði vegna matsgerðar, dags. 29. apríl 2026. Telur M að deilt hafi verið um atriði í málinu sem ekki sé á færi starfsmanna tjónadeildar V að skera úr um. Það eigi að vera hlutverk sérfróðra matsmanna. Færir M ítarleg rök máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V er kröfu M um viðurkenningu á fullri bótaskyldu vegna meints líkamstjóns í kjölfar árekstursins hafnað. Tekur V fram að það hafi ekki hafnað bótaskyldu í málinu með vísan í PC-Crash skýrslu líkt og haldið sé fram í málskoti. Höfnun V hafi fyrst og fremst grundvallast á fyrirliggjandi sjúkragögnum þó vissulega hafi líka verið horft til þess að um afar vægan árekstur hafi verið að ræða. Taldi V að sjúkragögn málsins og eðli árekstursins bentu alfarið til þess að ekkert líkamstjón hafi orðið og fullyrðingar M um meint líkamstjón því ósannaðar. Vegna þessa hafi V hafnað að vera aðili að mati. M hafi því farið í matsferli án aðkomu V. Hafi matsmenn, sbr. matsgerð dags. 29. apríl 2026, verið sammála því mati V að ekkert líkamlegt tjón hafði orðið. Því hafni V alfarið kröfum M um að samþykkja bótaskyldu á tjóni sem sé með öllu ósannað eða standa straum af kostnaði við öflun matsgerðarinnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort V hafi m.a. borið að greiða úr slysatryggingar ökumanns og eigenda kostnað við öflun matsgerðar vegna meint líkamstjóns M af völdum áreksturs 28. júlí 2024. Til þess að forsendur séu til þess að fallast á kröfu M ber honum að sanna að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddu slysi. Takist sú sönnun ber M m.a. að greiða hinn umkrafða kostnað vegna öflunar matsgerðar. Í málinu liggur fyrir matsgerð, dags. 29. apríl 2026, þar sem matsmenn komust m.a. að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni í umræddu slysi. M hefur ekki lagt fram frekari gögn sem gætu hnekkt þeirri niðurstöðu. Verður M því að bera hallann af sönnunarskorti hvað framangreint varðar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eigenda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 222/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 3. júlí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst með þeim hætti að þann 15. mars 2024 er M hafi verið að störfum fyrir X á vinnuvél í námu, hafi grjót brotnað úr kletti og fallið á vélina. Við það hafi M fengið mikinn slink á sig. Í málskoti er tekið fram að M telji að X hafi vanrækt að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands. V hafi verið tilkynnt um slysið með tölvupósti 17. febrúar 2025 og útfyllt tjóntilkynningareyðublað verið sent þangað 1. apríl 2025. Eftir frekari gagnaöflun hafi V hafnað bótarétti M úr slysatryggingu launþega, með bréfi þann 23. júní 2025. Hafi rök V verið þau að orsakatengsl væru ósönnuð. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og telur sig eiga bótarétt úr tryggingunni. Máli M til stuðnings er í málskoti að finna ítarlega umfjöllun um þau heilsufarslegu gögn sem liggja fyrir í málinu og færð fyrir því rök með vísan í þau gögn að brjósklos það sem greint hefi verið á hálsi M sé tengt framangreindu slysi. Því krefst M þess að nefndin úrskurði á þá leið að bótaréttur sé til staðar úr slysatryggingu launþega og að V beri að taka þátt í matskostnaði þeim sem því sé samfara að fá sérfróða matsmenn til þess að meta afleiðingar slyssins.

Í athugasemdum V, er því hafnað að orsakatengsl teljist sönnuð á milli atburðar sem M varð fyrir þann 15. mars 2024 og þeirra afleiðinga sem hann telur að rekja megi til þess. Þessu til stuðnings bendir V á að í tjónstilkynningu, dags. 1. apríl 2025, segi*: „Grjót brotnar úr kletti fyrir ofan hann í vinnu í námu í […]fjalli á vinnuvél […] á vegum [X]. Grjótið fellur ofan á vinnuvélina, vélin hendist til og hann fær mikinn slink á sig.“* Einnig segi þar: „*Varð fyrir dreifðum áverkum, einkum á vinstri hlið og hafa einkenni ágerst mikið. Vísað til sjúkragagna.“* M hafi leitað á slysa- og bráðamóttöku þann 18. mars 2024, þ.e. þremur dögum eftir atburðinn. Þar segi: *„Lendir í því á föstudaginn að vera að vinna í gröfu þegar kemur risa stór steinn og lendir í hæ. hliðinni á gröfunni. Hann skýst til inn í gröfunni og meiðist á vi. síðu, baki og vi. hendi. Kemur í dag er enn verkjaður aðalega í síðunni vi. megin og í vi. hendi. Kemur einnig til að láta taka CRP þar sem hann er að fara í botnlangatöku á fimmtudag og læknir vildi vera viss um að það væri engin sýking.“* Þá segi þar einnig: *„Honum líður heilt yfir vel og sagðist ekki hafa miklar áhyggjur en vildi bara fá álit og svo þetta væri í kerfinu. Honum var mjög illt í þessu um helgina, mestu verkirnir eru í hálsinum vi.megin. Verkirnir í hálsinum er helst þegar hann snýr til vinstri eru ekki í hvíld. Hefur ekki átt í erfiðleikum með að hreyfa sig eða beita sér neitt og enginn skerðing á hreyfingum. Hefur ekki verið með neina öndunarerfiðleika. Hvíldi sig um helgina og í dag, vill fara í vinnu á mrg*.“ V bendir einnig á að í sjúkraskrá frá HSU, dags. 18. mars 2024 – 17. febrúar 2025, sé ekki að finna neinar frekari kvartanir M frá stoðkerfi fyrr en þann 26. ágúst 2024, þ.e. rúmum 5 mánuðum eftir slys. Þess beri þó að geta að í millitíðinni hafi M leitað nokkrum sinnum til heilbrigðisstofnunarinnar vegna annarra erinda. Í heimsókninni fimm mánuðum eftir slys lýsi M verkjum neðarlega í baki sem leiði fram hægra megin meðfram náranum og að blöðrustað. Telur V að þau einkenni séu sambærileg þeim sem M hafi kvartað undan einu ári fyrr, þ.e. fyrir atburðinn sem hér um ræðir, en þá hafi það tengst botnlanga sem var svo fjarlægður. Það hafi svo ekki verið fyrr en 31. október 2024, þ.e. 7 mánuðum eftir atvikið, sem M hafi kvartað undan dofa í hendi, en í samskiptaseðli þann dag segi: *„Búinn að vera með dofa í vinstri hendinni í 4 daga og finnst þetta vera að ágerast. Búinn að prófa að taka íbúfen en það virkar ekkert. Dofinn er stundum alveg frá öxlinni og fram í fingur. Þetta er eins og náladofi sem er að ágerast sl. daga. Ekki áverki undanfarið.“* V telur því með vísan til fyrirliggjandi gagna að orsakatengsl á milli atburðarins og einkenna þeirra sem M telur að séu að rekja til þess ósönnuð. Þá segi m.a. eftirfarandi í bréfi V til lögmanns M, dags. 23. júní 2025: *„Brjósklos í hálsi og baki verða ekki rakin til slyss nema einkenni komi upp í beinu framhaldi af því. Samkvæmt þessu er ekki hægt að tengja brjósklos í hálsi við slysið.“*

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort M hafi tekist að sanna orsakatengsl milli vinnuslyssins 15. mars 2024 og þeirra heilsufarslegu einkenna sem hann vill tengja við það slys, þ.e. fyrst og fremst brjósklos í hálsi, þ.e hryggjarliðum C6 og C7. Eins og komið hefur fram telur V að sú sönnun hafi ekki tekist. Bendir V m.a. á í því sambandi að þau einkenni sem um ræðir hafi ekki komið fram fyrr en talsvert löngu eftir slysið.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkuð ítarleg gögn um heilsufar M bæði fyrir og eftir atburðinn sem er rót deilunnar. Nefndin tekur undir það með V að þessi gögn beri það með sér að nokkur tími leið frá atburðinum þar til hin umþrættu einkenni frá hálsi fóru verulega að há M. Þrátt fyrir þetta liggur fyrir að þrem dögum eftir slysið kvartaði M undan verk frá hálsi og að ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum um fyrra heilsufar að M hafi átt við sambærileg einkenni að stríða fyrir slysið sem gætu skýrt brjósklosið. Í þessu sambandi bendir nefndin sérstakleg á ítarlegt læknisvottorð, dags. 28. nóvember 2025, um afleiðingar slyssins og fyrra heilsufar M, en þar segir m.a.: *„Við yfirferð á sjúkragögnum fyrir slysið eru engar lýsingar á ástandi eins og hann glímir við núna, þ.e. þrenging að taugarót í rótargangi C6-C7 með tilheyrandi verkjum, máttminnkun og dofa.“* Síðar segir einnig: *„Það er mat undirritaðs að brjósklosið í hálsinum vinstra megin, sem þrengir að taugarót og veldur verkjum, dofa og kraftleysi niður vinstri griplim sé líklega beintengt slysinu sem hann varð fyrir þann 15.03.2024. Það mat byggir undirritaður á því að strax á eftir slysinu er í læknisskoðun (18.03.2024) lýst umkvörtunum um verk í hálsi vinstra megin, sem og skertri hreyfigetu um hálshrygg þegar litið var til vinstri. Því er síðan lýst í nótum að í kringum 27.10.2024 hafi byrjað einkenni taugarótarþrengslanna vegna brjóskloss, sem er staðsett vinstra megin í hálshrygg. Því verður að teljast líklegt að það séu bein tengsl þarna á milli vinnuslyssins og brjósklossins.“*

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn dugi til þess að það teljist meiri líkur en minni á því að þau heilsufarslegu einkenni sem M á við að stríða í dag, þ.e. brjósklosið, séu afleiðing slyssins. Því telur nefndin að M eigi bótarétt úr slysatryggingu launþega hjá V að því marki sem líkamstjón hans telst sannað. Að fenginni þessari niðurstöðu telur nefndin að það eigi að vera í höndum sérfróðra matsmanna að meta afleiðingar slyssins og að V beri að standa að því mati með M og greiða kostnað því samfara úr tryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns af völdum vinnuslyss 15. mars 2024 úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 223/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Bótaskylda. Grjótkast. Sönnun. Orsakatengsl. Umfang tjóns

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. júní 2026.
2. Athugasemdir V, dags. 21. ágúst 2026.
3. Tölvupóstur M, dags. 30. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að bifreið M hafi orðið fyrir grjótkasti þegar henni var ekið á eftir vörubifreið á leið inn í Mosfellsbæ í apríl 2026. Atvikum er lýst þannig að vörubifreiðin hafi farið ofan í holur í akbrautinni við brú yfir Leirvogsá og grjót þá kastast frá henni í bifreið M. M telur að við það hafi orðið skemmdir á lakki framan á bifreiðinni og framrúðu hennar. Hann gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vörubifreiðarinnar hjá V.

Í málskoti er tjónsdagur tilgreindur 7. apríl 2026 en í viðbótargögnum M er miðað við 13. apríl 2026. Á myndum og upptöku kemur hins vegar fram merkingin „M03 19“, sem getur bent til 19. mars. Ekki liggur fyrir skýring á þessu ósamræmi.

Af hálfu M er vísað til myndbandsupptöku úr bifreið hans og ljósmynda af skemmdunum. M byggir á því að upptakan staðfesti tjónsatvikið og að ljósmyndirnar styðji að skemmdirnar hafi orðið við það. Þá mótmælir M því að V hafi hafnað kröfu hans án þess að óska eftir skoðun bifreiðarinnar hjá matsmanni eða öðrum sérfróðum aðila. Kveður M sér aldrei hafa verið gefinn kostur á að koma með bifreiðina til slíkrar skoðunar á vegum V.

Í athugasemdum V kemur fram að félagið dragi ekki í efa að á myndbandsupptökunni megi sjá grjót kastast frá vörubifreiðinni í átt að bifreið M. V telur hins vegar að M hafi ekki sýnt fram á að allar þær skemmdir sem krafa M taki til verði raktar til atviksins. Félagið byggir á því að sönnunarbyrði um tjón og orsakatengsl hvíli á M og að upptakan staðfesti ekki umfang þess tjóns sem af atvikinu hafi hlotist.

Álit.
Ágreiningur málsins snýr að rétti M til bóta vegna grjótkasts frá vörubifreið sem var vátryggð hjá V og að því hvort sýnt hafi verið fram á hvaða skemmdir á bifreið M verði raktar til atviksins.
Í athugasemdum V er viðurkennt að á myndbandsupptökunni megi sjá grjót kastast frá vörubifreiðinni í átt að bifreið M. Sú afstaða felur ekki í sér viðurkenningu bótaskyldu vegna þeirra skemmda sem M krefst bóta fyrir. V hefur þvert á móti byggt höfnun sína á því að ekki sé sýnt fram á að allar þær skemmdir verði raktar til atviksins. Greina verður á milli þess að upptakan sýni grjótkast í átt að bifreið M og þess að sannað sé hvaða skemmdir hafi hlotist af því og hvert umfang tjónsins sé.

Á M hvílir sönnunarbyrði um hvaða skemmdir á bifreið hans hafi hlotist af því atviki sem krafa hans er reist á og hvert umfang tjónsins sé.

Gögn M eru ekki samhljóða um hvenær tjónsatvikið varð. Málskotið tilgreinir 7. apríl 2026, viðbótargögnin 13. apríl 2026, en merkingin „M03 19“ á myndum og upptöku getur bent til 19. mars. Ósamræmið torveldar mat á því hvort framlögð gögn lúti að sama atviki og hvort þær skemmdir sem M lýsir verði raktar til þess. M verður að bera hallann af þessari ónákvæmni í gögnum sínum að því marki sem hún veldur óvissu um tengsl atviksins, myndgagnanna og hinna tilgreindu skemmda.

M hefur lýst skemmdum á lakki og framrúðu bifreiðarinnar og vísað til myndbandsupptöku og ljósmynda þeim til stuðnings. Því verður ekki lagt til grundvallar að engin gögn hafi verið lögð fram um tjónið. Fyrir nefndinni liggur hins vegar hvorki hin tiltekna bótakrafa sem M beindi að V né sundurliðun hennar eða tjónamat sem afmarkar þær skemmdir sem krafist er bóta fyrir. Skortur á tjónamati eða tilgreiningu bótafjárhæðar útilokar ekki einn og sér að bótaréttur verði viðurkenndur, ef önnur gögn sýna nægilega fram á tilteknar skemmdir og tengsl þeirra við atvikið. Hér skortir hins vegar nægilega skýra afmörkun á því til hvaða skemmda krafan tekur og sönnun um tengsl þeirra við það atvik sem lýst er. Afstaða V til þess sem sjá má á upptökunni bætir ekki úr þeim skorti. Að virtum

fyrirliggjandi gögnum, þar á meðal óútskýrðu ósamræmi um tímasetningu atviksins, hefur M ekki sýnt fram á með nægilega skýrum hætti hvaða einstöku skemmdir og hversu umfangsmikið tjón verði rakið til þess.

M hefur jafnframt byggt á því að V hafi ekki óskað eftir skoðun bifreiðarinnar. Óupplýst er hvort V hafi leiðbeint honum um að fara með hana í tjónamat. Ekki verður af þeirri óvissu einni dregin sú ályktun að allar skemmdir sem M krefst bóta fyrir verði raktar til atviksins. Sú staðreynd að tjónamat liggur ekki fyrir leysir M ekki undan því að afmarka kröfu sína og sýna fram á umfang þess tjóns sem hann krefst bóta fyrir.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að umfang þess tjóns sem M krefst bóta fyrir og tengsl einstakra skemmda við umrætt grjótkast séu ósannað. M verður að bera hallann af skorti á gögnum um afmörkun kröfu sinnar og af óútskýrðu ósamræmi um tímasetningu atviksins. Þótt V viðurkenni að á upptökunni megi sjá grjót kastast frá vörubifreiðinni í átt að bifreið M felur það ekki í sér að sýnt hafi verið fram á bótarétt vegna hinna tilgreindu skemmda. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er því ekki unnt að fallast á kröfu M um bætur.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu vörubifreiðarinnar hjá V.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 224/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. júlí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 29. október 2025 hafi M lent í umferðarslysi er bifreiðinni A var ekið aftan á bifreiðina B, en M var ökumaður hinnar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Kemur þá fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn og hafi á grundvelli þess gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A. Hinn 3. desember 2025 hafi V tilkynnt M um þá afstöðu sína að varanlegt líkamstjón gæti ekki hafa hlotist af atvikinu.

M mótmælir þeirri afstöðu sem hann telur að byggi aðeins á sjáanlegu tjóni á B og taki t.d. ekki tillit til einstaklingsbundinna þátta, s.s. líkamlegs atgervis og hver líkamsstaða M hafi verið í aðdraganda höggsins. Þá liggi fyrir reikningur vegna viðgerðar á B að fjárhæð 490.381 kr. og sé því ljóst að tjónið á henni hafi ekki verið smávægilegt. Við mat á því hvort og að hvaða marki, líkamstjón hafi hlotist af árekstrinum verði að byggja á læknisfræðilegum gögnum sem verði aflað þegar unnt verði að hefja matsferli. Slíkt mat sé ekki í höndum vátryggingafélaga.

M hafi leitað til læknis innan við klukkustund eftir áreksturinn og kvartað undan eymslum í mjóbaki og niður í rasskinnar auk seiðandi eymsla vinstra megin í hálsi. Þá hafi hann verið stirður í göngulagi og með skerta frambeygju. Hafi læknirinn talið, með hliðsjón af áverkum M, að um harðan árekstur hafi verið að ræða. Hafi M verið greindur með tognun í hálshrygg og lendhrygg. Daginn eftir, eða 30. október 2025, hafi M leitað á heilsugæslu og kvartað undan miklum verkjum um nóttina. Hann hafi aftur leitað þangað 4. nóvember 2025 auk þess sem hann hafi verið í sprautumeðferð vegna verkja. Við komu á heilsugæslu hinn 19. janúar 2026 hafi M kvartað undan viðvarandi verkjum auk verkja í öxlum. Í læknanótu heilsugæslu, dags. 9. apríl 2026, sé farið yfir fyrri sögu M um króníska bakverki en þar segi ekkert um fyrri einkenni frá hálsi. Komi þar jafnframt fram að eftir áreksturinn hafi einkenni M farið versnandi. Vísar M þá til rannsóknar dags. 9. apríl 2026 en við hana hafi komið í ljós útbungun í baki sem ekki hafi verið til staðar samkvæmt eldri rannsóknum.

Sé afstaða M því sú að sannað sé að hann hafi hlotið varanlegt líkamstjón af árekstrinum, enda sé hann með ný einkenni auk þess sem ekki sé útilokað að um versnun fyrri einkenna sé að ræða. Er því farið fram á úrskurð nefndarinnar um fulla bótaskyldu.

Í bréfi V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar kemur fram að V telji ekki að slysið geti hafa haft varanlegar afleiðingar í för með sér og muni því ekki standa sameiginlega að gagnaöflun vegna málsins. Það hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og orsakatengsl slyssins og þeirra afleiðinga sem hann rekur til þess. Takist slík sönnun ekki beri M hallann af því.

V byggir þá á því að einu leiðirnar sem færar séu til að sýna fram á að varanlegt tjón hafi hlotist af árekstrinum sé að afla og leggja fram matsgerð óvilhallra sérfræðinga, Örorkunefndar eða dómkvaddra matsmanna. Séu það einu sönnunargögnin sem teljist fullnægjandi til að sýna fram á líkamstjón í slysamálum. Í ljósi þess að ekkert slíkt mat liggi fyrir í tilviki M hafi hann ekki sýnt fram á líkamstjón sitt. Þó kostnaður vegna öflunar matsgerða falli undir sjúkrakostnað samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hvíli þá engin lagaskylda á vátryggingafélögum um að standa að slíkri gagnaöflun með tjónþola, enda beri honum sjálfum að sýna fram á tjón sitt. Leiði niðurstöður matsgerðar hins vegar til þess að V greiði bætur fáist kostnaður vegna öflunar hennar endurgreiddur.

Í þessu tilviki hafi verið um að ræða svokallaðan lágorkuárekstur og tjón á A og B hafi verið óverulegt. Heildarkostnaður við viðgerð á B hafi numið 388.969 kr. án virðisaukaskatts og aksturskostnaðar. Eigandi A hafi þá ekki sótt bætur í kaskótryggingu A vegna afleiðinga árekstursins.

Þá liggi fyrir að M þjáist af langvarandi heilsufarsvandamálum og fram komi í læknisfræðilegum gögnum að hann hafi verið slæmur í baki fyrir. Af sjúkraskrárfærslu dags. 22. janúar 2026 megi ráða að M hafi haft króníska bakverki í tíu ár og margvísleg önnur stoðkerfisvandamál svo og önnur veikindi/sjúkdóma. Þá komi fram að hann sýni mikla verkjahegðun og virðist nær alverkja. M sé einnig með þekkt slit í öxlum og lendhrygg, sbr. færslu í sjúkraskrá dags. 4. nóvember 2025. Af sjúkraskrá megi einnig ráða að M hafi verið reglulega í sjúkraþjálfun fyrir slysið og í sprautumeðferð vegna verkja. Fyrir áreksturinn hafi M þá verið í endurhæfingu en með takmörkuðum árangri, að því er virðist fyrst og fremst vegna erfiðra stoðkerfisverkja.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur hafnað því að standa að mati á varanlegum líkamlegum afleiðingum umrædds áreksturs á M á grundvelli þess að ekki sé sýnt fram á að varanlegt tjón geti hafa hlotist af atvikinu. Svo virðist þó, sbr. tölvupóst V til lögmanns M dags. 16. apríl 2026, að V hafi fallist á að greiða bætur vegna kostnaðar sem féll til á fyrstu þremur mánuðunum eftir slysið vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga þess.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins 29. október 2025 og þeirra varanlegu líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. Svo bótaskylda vegna varanlegs líkamstjóns, þ.m.t. vegna sjúkrakostnaðar, s.s. vegna öflunar matsgerðar, komi til álita hvílir það á M að sýna fram á tjón sinn og að meiri líkur en minni séu til þess að orsakatengsl séu til staðar. Að mati nefndarinnar þarf ekki að koma til matsgerð, svo sem V heldur fram, svo sú sönnunarbyrði sé uppfyllt, enda er unnt að leggja mat á það hvort orsakatengsl séu að öllum líkindum til staðar með heildstæðri skoðun fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna; læknisvottorða, myndrannsókna, skýrsla sjúkraþjálfara, skoðunar og rannsókna sérfræðilækna o.s.frv. Mat á umfangi slíks tjóns er hins vegar í höndum hæfra og óvilhallra matsmanna. Um framangreint hefur margsinnis verið fjallað í úrskurðum nefndarinnar og áréttast það hér með.

Fyrirliggjandi er samskiptaseðill vegna komu M til læknis á slysdegi. Kemur þar fram að M hafi verið slæmur í bak fyrir og sé í endurhæfingu. Þá kemur fram að M finni til í mjóbaki og niður í rasskinnar auk þess sem hann sé með seiðing aftan á hálsi. Var M greindur með tognun/ofreynslu á hálshrygg og lendhrygg og fékk ávísað lyfjum. Daginn eftir, 30. október 2025, leitaði M á heilsugæslu og lýsti þá miklum verkjum og var greindur með hálstognun. M leitaði aftur á heilsugæslu 4. nóvember 2025 og fékk þá ávísað lyfjum. Á næstu vikum og mánuðum þar á eftir var M í töluverðum samskiptum við heilsugæsluna, m.a. vegna einkenna frá stoðkerfi. Í færslu heilsugæslulæknis dags. 19. desember 2025, kemur m.a. fram að M hafi verið í vikulegri sjúkraþjálfun og í sprautumeðferð vegna verkja. Svo virðist sem sú meðferð hafi hafist áður en umræddur árekstur átti sér stað. Einnig kemur fram í umræddri færslu að M hafi verið í endurhæfingarmeðferð á árinu 2023 en stígandi hennar hafi verið „ákaflega takmarkaður og virðist það fyrst og fremst vegna mjög erfiðra stoðkerfisverkja.“ Í meðferðarbeiðni heilsugæslu, dags. 22. janúar 2026, kemur fram að M hafi verið með króníska bakverki í tíu ár sem farið hafi versnandi síðustu ár. Hafi hann fengið sprautumeðferð vegna þessa en það hafi ekki reynst gagnlegt. Hann hafi einnig verið með verki í báðum öxlum og fái sprautur vegna þess. Hvað varðar sérstaklega samanburð á myndrannsóknum á lendhrygg sem voru gerðar 10. október 2024 og 9. apríl 2026 þá segir m.a. í niðurstöðum læknis hvað þær varðar: *Engar breytingar því frá síðustu mynd. Ath það er útbungun í baki en ekki til staðar þrenging á mænu.* Af þessu er ekki unnt að ályktа að breytingar sem rekja megi til árekstursins hafi greinst við þennan samanburð.

Að undanskilinni sjúkraskrá heilsugæslu vegna tímabilsins 30. október 2025 til 5. maí 2026, þ.e. frá slysdegi, eru fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn nokkuð takmörkuð, en t.a.m. liggja afar litlar upplýsingar fyrir um fyrra heilsufar M. Af þeim upplýsingum í sjúkraskrá sem hér hefur verið gerð grein fyrir má þó ráða að M hafi þjáðst af talsvert alvarlegum einkennum frá stoðkerfi fyrir það atvik sem hér er til skoðunar. Það eitt og sér girðir ekki fyrir að varanlegt tjón geti hafa hlotist af atvikinu en það hvílir sem áður segir á M að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að svo sé. Þegar fyrra heilsufari virðist að miklu leyti svipa til núverandi einkenna, eins og hér um ræðir, verður þá að gera kröfu um að læknisfræðileg gögn sýni fram á ný einkenni eða versnun fyrri einkenna. Fyrir nefndinni liggja engin gögn, s.s. læknisvottorð eða niðurstöður rannsókna, er sýna fram á slíkt.

Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður því að telja að M hafi ekki sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við umferðarslysið 29. október 2025. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til greiðslu bóta vegna varanlegs líkamstjóns, þ.m.t. vegna öflunar matsgerðar, úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

Mál nr. 225/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Bótaréttur. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 4. ágúst 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. september 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi gengist undir speglunaraðgerð á hægra hné hjá lækninum A þann 27. janúar 2023 vegna brjóskslits í hnénu. Fáeinum dögum eftir aðgerðina hafi M farið erlendis og eftir vikudvöl þar hafi hann farið að finna fyrir doða í vinstri handlegg og fótlegg, ásamt máttminnkun. Þau einkenni hafi gengið yfir á u.þ.b. 15 mínútum. M hafi komið aftur til Íslands 22. febrúar og þann 1. mars hafi hann fengið doða í hægri handlegg og hægra megin í andliti, upplifað almenna máttminnkun og fundið hægra munnvikið síga. Sjúkrabíll hafi verið sendur til að flytja M á sjúkrahús, en einkennin hafi að mestu verið gengin yfir þegar sjúkraflutningamenn komu. Við rannsókn hafi komið í ljós að einkennin voru vegna blóðtappa sem hafi valdið heilablóðfalli (TIA). Þá segir í málskoti að líklegasta ástæða blóðtappans og heilablóðfallsins hafi verið talin sú að M hafi ekki fengið blóðþynningarmeðferð eftir hnéaðgerðina, og að hann hafi þá strax verið settur á blóðþynnandi lyf.

M gerði kröfu í sjúklingatryggingu sem X hafði fyrir lækninn A hjá V þann 27. febrúar 2024, en V hafnaði bótaskyldu úr tryggingunni 28. janúar 2025. M byggir kröfu sína á 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu (sjltrl.) og telur að skilyrði bæði 1. og 4. tl. ákvæðisins séu uppfyllt. Með vísan til 1. tl. ákvæðisins telur M að verulegar líkur séu á að komast hefði mátt hjá tjóni hans, hefðu honum verið gefin blóðþynnandi lyf eftir hnéspeglunaraðgerðina 27. janúar 2023. Meðferð M hafi því ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið, í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Telur M að þó nokkrar líkur hafi verið á því að hann fengi blóðtappa í kjölfar aðgerðarinnar, að teknu tilliti til aldurs hans og líkamlegs ástands. Það hafi því verið óforsvaranlegt og í raun stórfellt gáleysi af hálfu læknisins að gera það ekki. Þá telur M einnig að bótaskylda sé fyrir hendi á grundvelli 4. tl. 2. gr. sjltrl. þar sem blóðtappinn sem olli heilablóðfalli hans hafi verið fylgikvilli aðgerðarinnar og líkamstjónið sem af honum hlaust sé meira en svo að sanngjarnt sé að M þoli það bótalaust, en M kveðst vera óvinnufær vegna þreytu og máttleysis sem rekja megi til heilablóðfallsins. M byggir á að það hafi verið mat þeirra lækna sem meðhöndluðu hann í kjölfar heilablóðfallsins að verulegar líkur séu á að það hafi orsakast af blóðtappa sem hafi myndast eftir hnéspeglunina. Þá hafi M enga sögu átt um undirliggjandi einkenni blóðtappa. Telur M því ljóst að orsakatengsl séu fyrir hendi milli meðferðarinnar og tjónsins.

Í athugasemdum V kemur fram að ekki verði annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en að meðferð málskotsaðila hafi verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekki hafi verið ábending fyrir því að gefa blóðþynnandi lyf í kjölfar aðgerðarinnar, en um það vísar V til klínískra leiðbeininga, *„Retningslinjer for antitrombotisk behandling og profylakse – 2020“*. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að fyrirbyggjandi blóðþynnandi meðferð hefði komið í veg fyrir slagæðatengt TIA-kast M. Engin læknisfræðileg gögn liggi fyrir í málinu sem styðji það að TIA-köst megi rekja til hnéspeglunarinnar. Hins vegar sé M 64 ára gamall, í ofþyngd og við uppvinnslu eftir seinna TIA-kastið hafi komið í ljós ómeðhöndlaður háþrýstingur. Þetta séu allt þekktir áhættuþættir slagæðasjúkdóma sem geti skýrt veikindi M án nokkurra tengsla við hnéspeglunina. Skilyrði sjltrl. um orsakatengsl, þ.e. að tjón hafi af öllum líkindum hlotist af meðferðinni, sé því ekki uppfyllt. Þá komi fram í gögnum að einkenni M hafi gengið fljótt yfir og ekkert liggi fyrir um varanlegt tjón.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til fyrri sjónarmiða og röksemda.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort skilyrði bótaskyldu samkvæmt 2. gr. sjltrl. séu uppfyllt, þannig að bótaskylda sé fyrir hendi úr sjúklingatryggingu X hjá V, vegna afleiðinga eða eftir atvikum

fylgikvilla aðgerðar sem M undirgekkst þann 27. janúar 2023. Í málinu reynir á ákvæði laga nr. 111/2000, sem giltu á tjónsdegi, en samsvarandi ákvæði er að finna í lögum nr. 47/2024 sem gilda um tjónsatvik sem verða frá og með 1. janúar 2025. Samkvæmt ákvæðinu er um að ræða hlutlæga bótaábyrgð, án sakar, en það er forsenda bótaskyldu að tjón megi að öllum líkindum rekja til einhvers þeirra atvika sem talin eru upp í fjórum töluliðum 2. gr. Það er því M að sýna fram á það að orsakatengsl séu milli tjónsins og þeirra atvika sem stofnað geta til bótaskyldu.

Byggir M annars vegar á 1. tl.: *„Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.“* En hins vegar á 4. tl., sem er eftirfarandi: *„Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“*

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að ekki liggi fyrir sönnun um orsakatengsl milli meðferðarinnar, þ.e. hnéspeglunaraðgerðarinnar, og TIA-kasta sem M fékk í tvígang, annars vegar þremur og hins vegar fimm vikum eftir aðgerðina. Þá hafi ekki verið ábending fyrir fyrirbyggjandi blóðþynnandi meðferð eftir aðgerðina og því liggi ekkert fyrir um annað en að meðferð hafi verið hagað eins vel og unnt var. Loks andmælir V því að M hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir varanlegu tjóni.

Í sjúkragögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina kemur fram að M hafi fengið TIA-kast, þ.e. skammvinnt blóðþurrðarkast í heila, þann 1. mars 2023. Honum hafi strax verið gefið blóðflöguhemjandi lyf og einnig hjartamagnyl, en það síðarnefnda sé honum ráðlagt að taka ævilangt. Tekin hafi verið tölvusneiðmynd og segulómun af heila, tölvusneiðmynd af slagæðum í hálsi og hjartarit (Holter). Engar markverðar kalkanir eða þrengingar hafi fundist í heila- eða hálsslagæðum og bæði hjartarit og myndrannsóknir af heila hafi verið innan eðlilegra marka. Hins vegar hafi blóðþrýstingur ítrekað mælst yfir mörkum og var hafin lyfjameðferð við því. Hvergi í sjúkragögnum kemur fram það álit að TIA-kastið hafi tengsl við blóðsegamyndun í fótlegg, sem tengst gæti hnéspeglunaraðgerðinni. Fullyrðingar M um að læknar sem meðhöndluðu hann eftir TIA-kastið hafi talið orsökina tengda því að hann hafi ekki fengið blóðþynnandi meðferð eftir aðgerðina fá því ekki stoð í fyrirliggjandi gögnum.

V hefur lagt fram klínískar leiðbeiningar um fyrirbyggjandi blóðþynningarmeðferð, sem læknirinn A kveðst hafa miðað við í störfum sínum. Í leiðbeiningunum kemur fram (í lið 4.1.3.1) að hjá sjúklingum með enga fyrri sögu um blóðsegamyndun, sem undirgangast hné- eða ökklaspeglun, sé sterklega mælt gegn fyrirbyggjandi blóðþynningarlyfjameðferð. Líkur á að blóðtappi myndist í kjölfar hnéspeglunar sé 2/1000 hjá sjúklingum án áhættuþátta, en að hámarki 6/1000 þegar áhættuþættir (aðrir en fyrri saga um blóðsegamyndun) séu til staðar, og því hverfandi ávinningur af fyrirbyggjandi meðferð.

Að þessu virtu telur nefndin hvorki liggja fyrir sönnun um að meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið, né að orsakatengsl séu milli hnéspeglunarinnar og TIA-kastanna sem M fékk nokkrum vikum síðar. Þar sem orsakatengsl eru ósönnuð telur nefndin ekki tilefni til umfjöllunar um skilyrði 4. tl. sem fjallar um fylgikvilla.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða nefndarinnar að bótaskylda á grundvelli 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu sé ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 226/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.
1. Málskot móttekið 8. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 3. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. júlí 2026 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að málið varði bótauppgjör vegna bifreiðar M, A. Þann 21. mars 2026 hafi orðið árekstur með bifreiðunum A og B með þeim hætti að B hafi verið ekið aftur á bak og á hægra framhorn A. Þrátt fyrir að óumdeilt sé af hálfu V að ökumaður B bæri alla sök á árekstrinum þá hafi V hafnað að greiða bætur vegna skemmda á bifreiðinni þar sem þær skemmdir hafi þegar verið til staðar. Fram kemur hjá M að hann hafi keypt A í febrúar 2026. Bifreiðin hafði orðið fyrir tjóni í tíð fyrri eiganda en viðgerð hefði þegar farið fram er M festi kaup á henni. Í fyrstu hafi V viðurkennt bótaskyldu en síðar breytt um afstöðu og hafni nú að greiða bætur vegna þess tjóns sem varð á bifreiðinni í mars 2026 þar sem V hefði þegar greitt bætur vegna sömu skemmda vegna fyrra tjóns. M vísar til ljósmynda af bifreiðinni sem hann kveður staðfesta gott ásigkomulag bifreiðarinnar þegar hann keypti hana.
V telur að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna árekstursins í mars 2026 en fyrir því beri hann sönnunarbyrði. V vísar til þess að í málinu liggi fyrir ljósmyndir af ákomum á A vegna áreksturs 8. janúar 2026 og 21. mars 2026. Myndirnar sýni að um sömu skemmdir sé að ræða. Þá vísar V einnig til skoðunar CABAS skoðunarmanns sem hafi leitt í ljós að brotni stuðarinn hafi verið heftaður saman og málað í kringum sprunguna með pensli. Allar rispur standi hins vegar eftir og vandséð að nýjar hafi bæst við. Gögn málsins sýni þannig að viðgerð vegna tjónsins 8. janúar 2026 hafi verið með öllu ófullnægjandi og að við áreksturinn 21. mars 2026 hafi engin aukning orðið á tjóninu sem var á fyrir og breyti umrædd bráðabirgðaviðgerð engu um það. Í öllu falli hafi viðgerðarkostnaður ekki aukist við áreksturinn í mars 2026 eða verðmæti bifreiðarinnar lækkað. M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna skemmda á framstuðara bifreiðarinnar eða hvert umfang þess tjóns sé.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að samkvæmt þeim ljósmyndum sem hann hafi lagt fram sé skýrt að engar skemmdir hafi verið á A þegar bifreiðin var á sölu og hann sé með vitni sem geti staðfest það að ekkert tjón hafi verið á bifreiðinni fyrir áreksturinn 21. mars 2026 auk þess sem öryggismyndavélar ættu að geta staðfest ástand bifreiðarinnar. Þá hefði hann aldrei farið að borga nærri eina milljón króna fyrir bifreið með slíkar skemmdir.

Álit.
Ágreiningur í máli þessu snýr að því að hvort sannað sé að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna áreksturs 21. mars 2026.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Af því leiðir að M ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert umfang þess tjóns er. Óumdeilt er að ökumaður B ber alla sök á árekstrinum en áhöld eru um það hvort tjón hafi orðið við þann árekstur sem V beri að bæta eða hvort um sömu skemmdir sé að ræða og urðu á framstuðara bifreiðarinnar í janúar 2026. Þrátt fyrir staðhæfingar um ástand bifreiðarinnar, ljósmyndir og vitni þá hefur M ekki lagt fram nein þau gögn er staðfesta þær staðhæfingar að um nýtt og sjálfstætt tjón sé að ræða sem V beri að bæta. Aftur á móti liggja fyrir ljósmyndir af bifreiðinni er staðfesta að skemmdir á framstuðara hennar vegna áreksturs í mars 2026 séu þær sömu og skemmdir vegna áreksturs í janúar 2026.

Að virtum framlögðum gögnum og málatilbúnaði aðila verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Kröfu M er því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Berglind Svavarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 227/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Hestatrygging.

Bótafjárhæð. Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 24. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur m.a. fram að í lok maí 2025 hafi ætlunin verið að selja hestinn A, sem var tryggður hjá V, til Þýskalands. Hafi umsamið kaupverð verið kr. 1,8 milljónir. Við læknisskoðun hafi hins vegar komið í ljós hjartagalli, sbr. vottorð, sem hafi verið sent til V. Samkvæmt ráðleggingum sérfræðings hafi hesturinn verið felldur í framhaldinu. V hafi svo ákveðið að greiða M kr. 1,5 milljónir úr tryggingunni, samanber mat á verðmæti hestsins, þrátt fyrir að M hafi greitt iðgjöld miðað við verðmætið kr. 1.990.000. M sem telur sig eiga rétt á frekari bótum úr tryggingunni hefur lagt fram gögn því til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að V samþykkti að greiða bætur úr tryggingunni. Telur V sig hafa bætt tjónið að fullu með greiðslu á kr. 1,5 milljónum, enda hafi M ekki getað sýnt fram á að markaðsvirði hestsins hafi verið meira en sem nemur þeirri fjárhæð. Máli sínu til frekari stuðnings bendir V á að hestatryggingin teljist til skaðatrygginga og uppgjör fari fram í samræmi við 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga þar sem segi að: *„Sé ekki um annað samið í vátryggingarsamningi á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt.“* Fullar bætur í skaðabótarétti teljist almennt vera markaðsverðmæti eða raunvirði tjónsmunar á tjónsdegi og þá að teknu tilliti til aldurs, notkunar og ástands. Í 1. mgr. 32. gr. almennra skilmála V segi um ákvörðun bótafjárhæðar: *„Í skaðatryggingum skulu bætur miðast við að vátryggður fái raunverulegt og sannanlegt fjártjón sitt bætt og fjárhagsleg staða hans eða ástand tjónsmunar verði eins og fyrir tjónið, eftir því sem rúmast innan vátryggingarsamningsins og kostur er hverju sinni. Bótagreiðslur geta að hámarki numið þeirri vátryggingafjárhæð sem var í gildi á tjónsdegi að frádreginni eigin áhættu.“* Í 3. mgr. 32. gr. almennra skilmála V segi svo: *„Þegar bætur eru greiddar vegna altjóns á munum skulu bætur miðast við markaðsverðmæti þeirra á tjónsdegi fyrir tjónsatburð, nema sérstaklega sé samið um annað. Með markaðsverði er átt við það verð sem ætla má að fáist við sölu á almennum markaði gegn staðgreiðslu að teknu tilliti til aldurs, ástands, notkunar, afskrifta o.þ.h….“* V bendir á að vátryggingafjárhæðin sem tilgreind er í samriti skírteinis sé hámarks vátryggingafjárhæð sem mögulegt er að fá greidda úr tryggingunni. Ekki sé um að ræða bundið vátryggingaverðmæti og því skuli ávallt miða uppgjör við markaðsvirði tjónsmunar á tjónsdegi til að endurspegla raunverulegt fjártjón í samræmi við 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Það sé því mat V að þegar hafi verið greiddar fullar bætur í samræmi við álit utanaðkomandi sérfræðings. M hafi lagt fram með málskoti sínu afrit af óvottuðum kaupsamningi sem dagsettur sé 28. maí 2025. Bendir V á að M hafi ekki sent afrit af umræddum kaupsamningi fyrr en 25. júní 2025 eða níu dögum eftir að V hafi hafnað því að byggja markaðsverðmæti á skjáskoti úr samtali sem M hafði áður lagt fram. Að mati V þá hefur framlagður kaupsamningur takmarkað sönnunargildi þar sem hann var að mati V lagður of seint fram, hefur ekki verið vottaður og sé jafnframt ekki í samræmi við fyrri samskipti V við M um samkomulagið né það sem kemur fram í skjáskoti sem M hafði áður lagt fram. Samningurinn er upp á 14.000 evru kaupverð en miðað við gengi sem var ríkjandi þann 28. maí 2025 þá sé kaupverðið upp á rúmlega 2 milljónir isl.kr. Að mati V dragi framangreint ósamræmi verulega úr trúverðugleika kaupsamningsins og málflutningi M þar um og hnekki því ekki framangreindu áliti utanaðkomandi sérfræðings. Að mati V hafi M því ekki sýnt fram á að markaðsvirði hestsins hafi verið hærra en sem nemur þeirri fjárhæð sem þegar hafi verið greidd. Að framangreindu virtu óskar V eftir því að nefndin staðfesti að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr hestatryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum rökum V mótmælt. Kemur þar m.a. fram að M telur að markaðsvirði hestsins hafi í það minnsta numið þeirri fjárhæð sem fyrirliggjandi gögn sýni að kaupandinn hafi verið tilbúinn til þess að greiða fyrir hann, þ.e. kr. 1,8 milljón, sbr. undirritaðan kaupsamning.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort M hafi tekist að sanna að markaðsvirði hestsins hafi verið meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem V greiddi, þ.e. kr. 1,5 milljón. Í málinu liggur fyrir kaupsamningur, dags. 28. maí 2025 og undirritaður af kaupanda, þar sem kaupverð hins umþrætta hests er samtals EUR 14.000, þ.e. EUR 12.000 sem greiða átti einni viku eftir skoðun dýralæknis og EUR 2.000 sem greiða átti einum mánuði eftir að hesturinn kæmi til Þýskalands. Miðað við gengi 28. maí 2025 nam heildarkaupverðið því um það bil 2 milljónum kr. Jafnframt liggja fyrir skjáskotssamskipti vegna kaupanna þar sem miðað er við að kaupverð hestsins sé kr. 1,8 milljón. Nefndin telur með vísan í framangreint að eins og málið liggur fyrir hafi M tekist að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að markaðsvirði hestsins hafi í það minnsta verið kr. 1,8 milljónir en ekki 1,5 milljón eins og V hefur byggt á. M á því rétt á að fá mismuninn, þ.e. kr. 300.000, greiddan úr tryggingunni. Nefndin telur hvorki framlagt verðmat sérfræðings sem V byggir á, né þá staðreynd að fyrirliggjandi kaupsamningur er óvottaður, til þess fallið að breyta framangreindri niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta að fjárhæð 300.000 kr. umfram það sem V hafa þegar greitt.

Reykjavík, 1. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 229/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 18. júlí 2024 hafi M lent í umferðarslysi sem farþegi í bifreiðinni A. Áreksturinn varð þegar A var beygt af innri hring í hringtorgi í veg fyrir B, sem ekið var á ytri hring, með þeim afleiðingum að vinstra framhorn B hafnaði á hægri hlið A. Óumdeilt er að lögboðnar ökutækjatryggingar A hjá V taki til atviksins, en deilt er um bótaskyldu vegna líkamstjóns M. Samkvæmt gögnum málsins leitaði M læknis á heilsugæslu daginn eftir áreksturinn, þann 19. júlí 2024, vegna eymsla einkum í hálshrygg og hnakka. M leitaði aftur á heilsugæslu 27. janúar 2025 vegna einkenna frá hálsi og baki sem hún rakti til umferðarslyssins og var þá vísað í sjúkraþjálfun. Var M í sjúkraþjálfunarmeðferð frá 28. febrúar til 16. september 2025.

V hafnaði því að bótaskylda væri til staðar vegna líkamstjóns M með bréfi dags. 11. júní 2025. Í bréfinu vísaði V til þess að um mjög vægan árekstur hefði verið að ræða, en í skýrslu um höggkraft árekstursins sem félagið hefði aflað kæmi fram að sá þyngdarkraftur sem orkað hefði á A í árekstrinum hefði aðeins verið 0,37 g. Teldi V svo vægan árekstur ekki til þess fallinn að valda farþegum bifreiðarinnar líkamstjóni og að læknisfræðileg gögn málsins staðfestu ekki orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M. Í kjölfar þess að V hafnaði bótaskyldu aflaði M frekari læknisfræðilegra gagna, meðal annars um heilsufar fyrir slysið og skýrslu um meðferð sjúkraþjálfara. Með bréfi dags. 14. október 2025 óskaði M eftir því að V endurskoðaði afstöðu sína til bótaskyldu, en því hafnaði V með tölvupósti dags. 22. október 2025.

Með matsbeiðni dags. 24. október 2025 óskaði M eftir því að tveir matsmenn, læknir og lögmaður, mætu afleiðingar umferðarslyssins. Afrit matsbeiðninnar var sent til V og félaginu boðið að gæta hagsmuna sinna, koma að athugasemdum og mæta til matsfundar. V sendi athugasemdir til matsmanna þann 10. nóvember, ásamt afriti af PC-Crash skýrslu um útreikning höggkrafts við áreksturinn. Samdægurs sendi M matsmönnum frekari athugasemdir sínar. Matsfundur fór fram 11. nóvember 2025 og mætti M ein til matsfundar. Í kjölfar matsfundar óskuðu matsmenn frekari gagna um fyrra heilsufar M, sem M aflaði og sendi matsmönnum og V. Matsgerð lá fyrir 2. febrúar 2026 og komust matsmenn þar að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl væru milli umferðarslyssins og einkenna M frá hálshrygg, sem metin voru til 5 stiga miska og 5% varanlegrar örorku.

Í málskoti byggir M á því að með matsgerðinni dags. 2. febrúar 2026 sé fullsannað að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu 18. júlí 2024, en V hafi hvorki nýtt úrræði skv. 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga né óskað dómkvaðningar matsmanna til að hnekkja þeirri matsgerð. V hafi verið boðið að gæta hagsmuna sinna við matið og nýtt sér það, með því að senda matsmönnum athugasemdir fyrir matsfund. Þá byggir M á því að önnur gögn málsins styðji niðurstöðu matsgerðarinnar, en PC-Crash skýrsla sú sem V leggi til grundvallar afstöðu sinni sé hins vegar að mati M haldin ýmsum ágöllum og hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Verði því að fallast á bótaskyldu vegna líkamstjóns M. V byggir á því í athugasemdum sínum til nefndarinnar að fjögur viðmið þurfi að vera uppfyllt svo orsakatengsl teljist sönnuð. Vísar V þar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 542/2012 og norsks hæstaréttardóms, Rt. 1998, bls. 1565. Þessi viðmið séu: 1) Eðli og kraftur árekstursins — að áreksturinn hafi verið til þess fallinn að valda hinu ætlaða tjóni; 2) að einkenni tjónþola séu staðfest fljótt eftir slysið; 3) að samfella sé í skráningu einkenna hjá læknum eða meðferðaraðilum; og 4) að einkennin séu ekki líklegri til að stafa af öðrum ástæðum. Fyrsta viðmiðið sé forsenda hinna og verði orsakatengslum því ekki slegið föstum nema eðli árekstursins hafi verið slíkt að hann hafi verið til þess fallinn að valda tjóni. Byggir V á því að niðurstöður PC-Crash skýrslu um hraða og höggkraft sýni fram á að áreksturinn hafi ekki verið til

þess fallinn að valda farþega varanlegu líkamstjóni. Þá séu læknisfræðileg gögn ekki til þess fallin að sanna orsakatengsl, þar sem engar skoðanir eða meðferð hafi farið fram á tímabilinu 19. júlí 2024 til 27. janúar 2025, áverkamerki hafi ekki verið staðfest með myndrannsóknum eða taugaskoðunum og meðferð hafi verið takmörkuð við sjö sjúkraþjálfunartíma. Telur V það rýra sönnunargildi fyrirliggjandi matsgerðar að hennar var aflað einhliða af tjónþola, niðurstaða matsmanna um orsakatengsl byggi að verulegu leyti á frásögn M en ekki á hlutlægum gögnum, og að matsmenn hafi ekki svarað athugasemdum V dags. 10. nóvember 2025 efnislega í matsgerðinni. V ítrekar því fyrri afstöðu sína um að orsakatengsl séu ósönnuð og bótaskylda sé ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M er athugasemdum V mótmælt og krafa um viðurkenningu bótaréttar ítrekuð. Bendir M á að í matsgerðinni sé ítarleg umfjöllun um orsakatengsl og megi af henni ráða að matsmenn leggi sömu fjögur viðmið til grundvallar við mat á orsakatengslum og V tiltaki í athugasemdum sínum til nefndarinnar. Að lokum bendir M á dóm Landsréttar í máli nr. 526/2021, þar sem leyst hafi verið úr sambærilegum ágreiningi, en þar komst Landsréttur að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl teldust sönnuð með matsgerð þrátt fyrir að fyrir lægi útreikningur dómkvadds matsmanns sem staðfesti að höggkraftur hefði verið lítill.

Álit.

Ágreiningur málsins varðar það hvort líkamleg einkenni M í dag megi rekja til áreksturs 18. júlí 2024. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Byggir V á að sú skýrsla sýni að um afar vægan árekstur hafi verið að ræða. Nefndin bendir á að ekki verða dregnar víðtækar almennar ályktanir af þeirri skýrslu án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna, enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Mat á orsakatengslum verði því að vera heildstætt og byggt bæði á atvikum slyss, læknisfræðilegum gögnum og þróun einkenna.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dags. 2. febrúar 2026 sem M aflaði einhliða, eftir að V ítrekaði þá afstöðu sína að bótaskylda væri ekki fyrir hendi með tölvupósti 22. október 2025. Er það niðurstaða matsmanna að orsakatengsl séu milli umferðarslyssins og einkenna M frá hálshrygg, sem metin eru til 5 stiga miska og 5% varanlegrar örorku. V hefur andmælt sönnunargildi þessarar matsgerðar með vísan til þess að félagið hafi ekki verið aðili að matinu, að matsmenn hafi byggt á framburði M umfram hlutlæg gögn og að matsmenn hafi ekki tekið efnislega afstöðu til athugasemda V um eðli árekstursins, sem sendar voru matsmönnum 10. nóvember 2025.

Að mati nefndarinnar verður ekki fallist á að það hafi sönnunargildi matsgerðarinnar að engu, þó hennar hafi verið aflað einhliða, enda fékk V gætt hagsmuna sinna við matið. Ekki verður ráðið af matsgerðinni að matsmenn hafi litið með öllu fram hjá athugasemdum V sem sendar voru fyrir matsfund, enda er hluti athugasemdanna tekinn upp í matsgerðina og afstaða tekin til þeirra í umfjöllun matsmanna um orsakatengsl. Í matsgerðinni kemur m.a. fram að myndir af bifreiðum og niðurstöður PC-Crash skýrslu bendi til þess að högg á bifreiðina hafi verið lítið og þannig ljóst að þau gögn voru lögð til grundvallar mati, samhliða læknisfræðilegum gögnum. Með hliðsjón af þessu verður ekki á það fallist að matsgerðin sé haldin slíkum efnislegum ágöllum að hún verði ekki lögð til grundvallar sönnun um líkamstjón M, enda hefur V ekki hnekkt niðurstöðu matsgerðarinnar með því að óska álits örorkunefndar eða mats dómkvaddra manna.

Að öllu framangreindu virtu er það mat nefndarinnar að með fyrirliggjandi matsgerð sé fram komin full sönnun um líkamstjón M og orsakatengsl þess við umferðarslysið. Verður því að taka til greina kröfu M um viðurkenningu bótaskyldu vegna líkamstjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 230/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Viðtæk flutningstrygging.

Bótaréttur. Flutningstjón. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 21. júlí 2026.
3. Tölvupóstur frá M, dags. 16. september 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og V greini á um hvort tjón sem hafi orðið á kælivörum M eigi að fást bætt úr víðtækri flutningstryggingu hjá V. Hvað atvik máls varðar sé upplýst að starfsmaður M, sem sérhæfi sig í vörustjórnun og dreifingu lyfja, rannsóknartækja og rekstrarvara, hafi verið að undirbúa sendingu lyfja til viðskiptavina. Við þann undirbúning hafi hann fært lyf úr hefðbundinni geymslu og í sérútbúinn flutningskassa. Í kjölfarið hafi kassinn verið settur í sérstaka flutningsgrind sem farmflytjandinn hafi útvegað. Þá kemur fram að hluti af lokaskrefum undirbúnings lyfja fyrir flutning sé að setja á sérstakt kælielement, sem eigi að tryggja að lyfin haldist við rétt hitastig í flutningi. Fyrir mistök hafi umræddur starfsmaður hins vegar sett vitlaust kælielement í flutningskassann, en þessi tilteknu lyf þurfi að vera geymd við sérstakt hitastig í flutningi. Þetta hafi leitt til þess að lyfin skemmdust í flutningi og þurfti að farga þeim. Tekur M fram í málskoti að X, þ.e. farmflytjandi í þessu tilviki, sé með flutningstryggingu hjá V og að M telji að skilmálar fyrir þá tryggingu gildi um hið umþrætta tjón. Þann 30. mars 2026 hafi V hafnað að bæta tjón M með þeim rökum að það falli hvorki undir gildissvið flutningstryggingarinnar né birgðatryggingar sem M hafði hjá V.

M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og telur V bótaskylt einkum á grundvelli skilmála fyrir flutningstryggingu. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að það teljist hluti af flutningi lyfja að taka þau úr hefðbundinni geymslu og setja þau í sérstakan flutningskassa, sem sé svo settur á sérstaka flutningsgrind sem farmflytjandinn útvegi. Telur M því að flutningurinn hafi verið hafinn þegar svo langt var komið sem raunin hafi verið. Tjónið hafi síðan orðið í flutningskassanum þegar rangt kælielement var sett á hann. Það hafi aftur leitt til þess að lyfin voru ekki lengur hæf til sölu með tilheyrandi tjóni fyrir M. M telur því með vísan í framangreint að tjónið hafi orðið í flutningi, sbr. grein 8.1 í skilmálum fyrir flutningstrygginguna, en þar komi fram að trygging hefjist á sama tíma og flutningurinn og sé þar sérstaklega tilgreint *„þegar farmur er tekin úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum.“* Leggur M áherslu á þetta síðastnefnda skilyrði sem M telur uppfyllt enda megi ráða það af því orðalagi að nægjanlegt sé að lyfin hafi verið tekin úr þar til gerðri geymslu á sendingarstaðnum til þess að flutningurinn teljist hafinn í skilningi tryggingarinnar. Í þessu sambandi bendir M á að umrædd vara sé sérstaklega viðkvæm og strangar kröfur séu gerðar til þess að unnt sé að staðfesta að hún hafi verið geymd og flutt við rétt hitastig, enda sé að öðrum kosti óheimilt að selja hana.

Í athugasemdum V er bent á að það liggi fyrir að starfsmaður M hafi gert mistök við undirbúning lyfjasendingar á starfsstöð M. V hafi hafnað bótaskyldu með tölvupósti 30. mars 2026, með vísan til þess að tjónið félli ekki undir skilmála flutningstryggingarinnar þar sem flutningur hefði ekki verið hafinn. Þá bendir V á að í málskoti sé á því byggt að tjónið sem hér um ræðir falli undir 8.1. gr. í umræddum skilmálum. V bendir einnig á að þótt í málskoti sé einnig vísað til skilmála fyrir birgðatryggingu sé þar ekki að finna rökstuðning varðandi bótaskyldu úr þeirri tryggingu. Því afmarkist athugasemdir V við þær málsástæður í málskotinu sem snúi að flutningstryggingunni. Tekur V fram að í 3.1. gr. í skilmálum fyrir flutningstrygginguna komi fram að hún gildi í flutningi til og frá þeim stöðum sem tilgreindir séu í skírteini og/eða farmtryggingarsamningi. Þá sé tekið fram í 4.1. gr. að tryggingin gildi eingöngu þegar farmur er fluttur með viðurkenndum flutningsaðila. Í 5.1. gr. skilmálanna sé enn fremur tekið fram að tryggingin bæti tjón á farmi af völdum skyndilegra og óvæntra atvika í flutningi. Í framangreindum ákvæðum skilmálanna sé gildissvið tryggingarinnar því bundið við farm sem sé í „flutningi“. Eðli máls samkvæmt verði það hugtak ekki túlkað rýmra en orðalag þess leyfi, þ.e.a.s. að

það getur ekki náð til atvika sem gerast við undirbúning vöru til flutnings eða annarra atvika sem verða áður en flutningurinn sjálfur hefst. Skilmálarnir séu með engu móti óskýrir hvað þetta varði og afmarki ábyrgð vátryggingarinnar með skýrum hætti. Í 8.1. gr. skilmálanna séu upphaf og lok ábyrgðar tryggingarinnar skilgreind. Þar komi fram að tryggingin hefjist um leið og sjálfur flutningurinn, það er þegar farmur er tekinn úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum. Þá sé tekið fram að ábyrgðin hefjist þó ekki fyrr en áhætta af farmi hefur flust yfir á flutningsaðila (hinn tryggða) samkvæmt þeim afhendingarskilmálum sem koma fram í kaupsamningi. Upphaf ábyrgðar V sé samkvæmt skilmálunum skýrlega bundið við að flutningur vörunnar sé formlega hafinn, þ.e. að varan hafi verið afhent til flutnings, hvort sem er úr húsi eða þar til gerðri geymslu. Samkvæmt skilmálunum sé því ekki nóg að vara hafi verið „tekin úr geymslu“ á sendingarstaðnum, eins og byggt sé á í málskotinu, heldur þurfi eiginlegur flutningur að vera hafinn til þess að ábyrgð samkvæmt skilmálunum sé til staðar. Í málskotinu og fyrirliggjandi gögnum frá M komi skýrt fram að tjónið hafi orðið vegna mistaka starfsmanns við undirbúning sendingarinnar, nánar tiltekið að starfsmaðurinn hafi gert mistök þegar lyf voru sett í sérstakan flutningskassa. Hafi mistökin falist í því að röng kælielement var sett í flutningskassann. Í málskotinu sé ferli tiltektarinnar sérstaklega rakið og tekið fram að lyfin séu tekin úr geymslu, þau sett í flutningskassa, *„sem svo er settur á sérstaka flutningsgrind sem [X]útvegar“.* Telur V ljóst af lýsingu M að tjónið sem um ræði hafi ekki orðið við flutning vörunnar, heldur við undirbúning sendingarinnar í vöruhúsi M. Flutningur vörunnar hafi því ekki verið hafinn þegar tjónið varð, enda varan ekki tilbúin til sendingar og ekki komin í hendur flutningsaðila. Það sé því rangt sem haldið sé fram í málskotinu að undirbúningi vörunnar hafi verið lokið þegar tjónið varð og flutningur hafi verið hafinn, enda sé sú ályktun í engu samræmi við gögn málsins og hvernig hugtakið flutningur sé skilgreint í skilmálunum og samkvæmt almennri málvenju. Með vísan til alls framangreinds telur V að hafna beri kröfu M og staðfesta afstöðu V um höfnun bótaskyldu úr víðtækri flutningstryggingu.

Í tölvupósti frá M, dags. 16. september 2026, segir að M telji ekkert nýtt koma fram í athugasemdum V sem ekki hafi verið svarað í málskotinu. M telji að flutningur teljist hafinn þegar varan hafi verið tekin úr sinni tryggu geymslu yfir í flutningshylki þar sem mistök við ísetningu flutningselements hafi leitt til þess að hitastig var ekki rétt í flutningi. M telji því að varan hafi skemmst í flutningi en ekki á lager.

Álit.

Ágreiningur þessa máls eins og það liggur fyrir nefndinni virðist einskorðast við það hvort M eigi rétt á að fá framangreint tjón sitt bætt úr víðtækri flutningstryggingu sem var í gildi hjá V. Í raun virðist ágreiningurinn snúa að því hvort tjónið falli innan gildissviðs þeirra trygginga, þ.e. hafi orðið eftir að flutningur farms hófst, samanber grein 8.1 í skilmálum fyrir hana. Þar segir eftirfarandi: *„Tryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn, þ.e. þegar farmur er tekinn úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum sem nefndur er í skírteini og heldur gildi á venjulegri flutningsleið til ákvörðunarstaðar.“*

Eins og að framan greinir telur V að upphaf ábyrgðar samkvæmt tryggingunni sé skýrlega bundið við að flutningur vörunnar sé formlega hafinn, þ.e. að varan hafi verið afhent til flutnings, hvort sem er úr húsi eða þar til gerðri geymslu. Samkvæmt skilmálunum sé því ekki nóg að vara hafi verið „tekin úr geymslu“ á sendingarstaðnum, heldur þurfi eiginlegur flutningur að vera hafinn til þess að ábyrgð samkvæmt skilmálunum sé til staðar. Flutningur vörunnar hafi því ekki verið hafinn þegar tjónið varð, enda hafi það orðið við undirbúning sendingarinnar í vöruhúsi M og varan á því tímamarki ekki verið tilbúin til sendingar og ekki komin í hendur flutningsaðila. M byggir hins vegar á því að þegar tjónið varð hafi þegar verið búið að fjarlægja umrædd lyf úr hefðbundinni geymslu og setja þau í sérstakan flutningskassa, sem síðan hafi verið settur á sérstaka flutningsgrind sem farmflytjandinn hafi útvegað. Telur M að þegar þetta sé haft í huga hafi það skilyrði sem nefnt er í grein 8.1 um að farmurinn hafi verið tekinn úr geymslu á sendingarstaðnum verið uppfyllt er tjónið varð. Því sé um að ræða flutningstjón sem beri að bæta úr flutningstryggingunni. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að fallast beri á málatilbúnað M enda virðist ljóst að tjónið varð eftir að búið var að fjarlægja lyfin úr þeirri geymslu sem þau voru almennt geymd í. Nefndin telur því að framangreint skilyrði í grein 8.1 í skilmálunum um að trygging hefjist um leið og farmur sé tekinn úr geymslu á sendingarstað sé uppfyllt í tilviki hins umþrætta tjóns. Bendir nefndin sérstaklega á að eðli þess farms sem um ræðir hverju sinni getur haft áhrif á túlkun ákvæðisins. Nefndin telur það því liggja í hlutarins eðli að eftir atvikum getur flutningur talist hafinn í skilningi ákvæðisins þó farmurinn hafi ekki formlega verið kominn í vörslu framflytjanda. Þá bendir nefndin einnig á að V færir ekki fyrir því rök að gr. 8.1.1 í skilmálunum eigi að leiða til annarrar niðurstöðu en að framan greinir.

Niðurstaða.
M á bótarétt úr víðtækri flutningstryggingu hjá V.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 231/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Almenn slysatrygging.

Tjónsatburður. Hugtakið slys í vátryggingarétti. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 3. júlí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júlí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi 20. apríl 2025 slasast á hægri nára við það að grípa farþega sem hafði slasast í skipulagðri ferð á Langjökli. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að það hafi átt að færa slasaða farþegann úr bifreið M og í sjúkrabifreiðina. Sjúkraflutningamenn hafi verið við það að missa sjúklinginn og við það hafi M gripið í sjúklinginn með þeim afleiðingum að hann hafi hlotið áverka í nára. M hafi tilkynnt atvikið í almenna slysatryggingu sem hann var með hjá V. Bótaskyldu hafi verið hafnað annars vegar með þeim rökum að ekki væri getið um slysið í sjúkragögnum og hins vegar að einkenni M væru ekki að rekja til utanaðkomandi áhrifa. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að bótaréttur sé til staðar úr fyrrgreindri slysatryggingu hjá V og gerð krafa um viðurkenningu á bótaskyldu. M hafi gripið inn í aðstæður og gripið í sjúklinginn með snöggum viðbrögðum til að varna frekara slysi á farþeganum. Við þessa snöggu, óundirbúnu hreyfingu í þröngri aðstöðu hafi M fengið högg á nára og fundið strax til verks í hægri nára. M hafði gengist undir axlaraðgerð á hægri öxl þann 26. mars 2025 og hafi enn verið í bataferli þannig að hann hafi verið í sérkennilegri líkamsstellingu til þess að hlífa öxlinni, sem hafi gert það að verkum að höggið við þessa skyndilegu hreyfingu við að grípa sjúklinginn hafi verið enn afdrifaríkara, en mest allur þungi hafi farið á fætur og nára. M sem hafi upphaflega haldið að meiðslin myndu jafna sig hafi ekki fengið tíma hjá heimilislækni fyrr en 14. maí 2025. Hann hafi einnig verið í eftirliti hjá sínum heimilislækni vegna axlaraðgerðar sem hann hafði undirgengist fyrir slysið og hluti af læknistímanum hafi farið í að ræða þau vandamál. M hafi undirgengist rannsóknir og bíði nú frekari rannsókna en hann hafi ekki getað unnið í langan tíma eftir slysið. Þá byggir M á því að skilyrði slysahugtaksins séu öll uppfyllt. Slysið hafi verið skyndilegt. M hafi gripið í sjúklinginn þegar sjúkraflutningamenn voru við það að missa hann, honum að óvörum. Ekkert hafi gefið til kynna að þetta myndi gerast. Um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. M hafi þurft að bregðast við utanaðkomandi atviki, þ.e. aðstæðum þar sem annar aðili var í slysahættu. Sú snögga, þvingaða hreyfing sem M framkvæmdi hafi valdið hnykk og álagi á vöðva í hægri nára. Þá hafi atvikið gerst án vilja M. Slysaatvikið hafi ekki verið með vilja M. Hann hafi verið að reyna að bjarga M frá falli og slysið hafi því sannanlega verið óvænt og án vilja M. Þá mótmælir M þeirri málsástæðu V að fyrri saga M um langvinna verki í nára útiloki bótaskyldu. M áréttar sérstaklega að fyrri verkjavandamál í nára sem V vísar til hafi ekki verið neitt í líkingu við þá verki sem M hafi haft eftir slysið. Þessu til frekari stuðnings vísar M til þess að hann hafi verið full vinnufær fyrir slysið en hafi frá slysdegi verið algjörlega óvinnufær vegna afleiðinga þess. Í þessu samhengi sé meginregla skaðabótaréttarins áréttuð að það skerði ekki rétt M til bóta þó hann hafi mögulega verið veikur fyrir. Fyrri saga um verki í nára geti einmitt hafa leitt til þess að afleiðingar slyssins hafi orðið miklu meiri fyrir hann en ef alheilbrigður einstaklingur hefði fengið sambærilegan hnykk á sig. Þeir verkir sem M búi við í dag séu öðruvísi og mun umfangsmeiri en hann hefði nokkurn tímann upplifað fyrr. M telji því ljóst að ástand hans í dag sé sannanlega tilkomið vegna slyssins. Þótt M eigi fyrri sögu um verki í nára fyrir slysið breyti það þannig engu um það að slysaatvikið 20. apríl 2025 hafi valdið nýjum, bráðum verkjum og versnun ástands hans. Bótaskylda sé til staðar þótt undirliggjandi veikleiki hafi gert afleiðingar þyngri. Læknir hafi staðfest slíkt í uppfærðum samskiptaseðli frá 26. maí 2026 að markmið heimsóknarinnar 14. maí 2025 hafi einmitt verið nýr bráður verkur í nára sem M hafi tengt við umrætt slysaatvik. Orsakasamhengi slyssins og hinna nýju einkenna sé þannig staðfest í fyrirliggjandi samskiptaseðli.

Í athugasemdum V er byggt á því að þrátt fyrir hin nýju sjúkragögn þar sem kveðið er á um að M hafi, að eigin sögn, lent í óhappi, þá sé ekki að finna komu í sjúkragögnunum sem staðfesti að um slys í skilningi skilmála tryggingarinnar hafi valdið þeim einkennum sem M kvarti undan. Þá sé það mat V að þær komur í sjúkraskrá M, þar sem atvikinu er lýst, hafi ekki sönnunargildi í málinu þar sem um eftir á skýringar geti verið að ræða, enda sé þessu bætt við eftir að V hafnaði upphaflega bótaskyldu. Að öðru leyti er vísað í höfnunarbréf V, dags. 11. júní 2025.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að samkvæmt meginregla skaðabótaréttar þá útiloki fyrri annmarkar á heilsufari ekki bótarétt vegna slysa sem síðar verða þegar um nýja áverka er að ræða, samanber dómur Hæstaréttar í máli nr. 439/2008. Þá eru fyrri athugasemdir ítrekaðar. M geti ekki borið ábyrgð á mistökum læknis við ritun sjúkraskrár, sérstaklega þegar hinn sami læknir hafi leiðrétt og útskýrt mistökin. Að lokum vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 228/2013 um að frásögn tjónþola sé talin duga til þess að tryggja sönnun fyrir slysi.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir í umrætt sinn teljist vera af völdum slyss í skilningi almennrar slysatryggingar hjá V. Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“

Í tjónstilkynningu M til V, dags. 31. maí 2025, segir: „*Þegar við erum að færa konuna yfir úr mínum bíl yfir í sjúkrabílinn þá var ég að reyna að hlífa öxlinni minni þar sem ég var nokkrum vikum áður búinn að vera í aðgerð á henni og er ekki í góðri stellingu vegna þess. En er í mjög þröngri aðstöðu inn í mínum bíl og þegar sjúkraflutningakonurnar eru að taka við henni ná þær ekki að halda henni og næstum missa hana og þá greip ég sjúklinginn en við það fæ ég skyndilegan verk í nára.*“ V hafnaði að bótaskylda væri til staðar í málinu með bréfi dags. 11. júní 2025. Í fyrirliggjandi sjúkraskrá frá HSU er hvergi minnst á umrætt atvik. Í sjúkraskrá kemur fram að M hafi leitað þann 14. maí 2025 á heilsugæsluna í Z vegna verkja í nára hægra megin. Í samskiptaseðli þann dag segir eftirfarandi: „*Kemur vegna 4-5 ára sögu um langdregið verkjavandamál í hæ. nára. Var hjá [...] taugaskurðlækni í eftirliti í mörg ár og hann var að sprauta í festingar í nára og sendi hann í allskonar myndatökur og rannsóknir m.a. taugarit 2022 sem kom eðl. út.*“

Í samskiptaseðli frá 27. apríl 2026 segir: „*27.04.2026. Rætt um færslu frá 14.05.2026 þar sem hann telur sig hafa sagt undirrituðum í viðtali frá óhappi sem hann varð fyrir 20.04.2025 en ekkert er skráð um það í þessari færslu en undirritaður telur sig hafa skráð skv. venju það sem rætt var í viðtalinu. Lenti í óhappi 20. apríl 2025, sbr. lýsingu í Sögu- nótu [...]læknis frá 01.08.2025. Ástæða þess að hann var ekki skoðaður á fyrstu dögum eftir óhappið var sú að ekki voru lausir tíma á Heilsugæslunni [...] og hann hafði sig ekki í að fara þá strax á bráðamóttökuna á [...] þar sem hann hefði getað komist að samdægurs og virðist ekki hafa áttað sig á því hversu þýðingarmikið væri að láta skoða sig strax þegar um slys var að ræða Þegar hann svo hitti undirritaðan 14.05.2025 voru svo langtímaeinkenni s.l. 4-5 ára honum ofar í huga í því viðtali þó óhappið þann 20.04.2025 ætti eftir að draga dilk á eftir sér. Þó skráning varðandi óhapp 20.04.2025 sé með þessum hætti í sjúkraskrá telur undirritaður enga ástæðu til að draga frásögn [M] af þessu í efa og hann var heldur ekki einn til frásagnar um þetta þar sem sjúkrabíll var á staðnum og sjúkraflutningarmenn voru ásamt [M] að bera konu hans á sjúkrabörum þegar óhappið varð eins og lýst er í nótunni frá 01.08.2025.*“

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ósannað að umræddur áverki á nára M sé tilkominn vegna slyss eins og það er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar. Engin samtíma læknisfræðileg gögn staðfesta umrætt atvik og þá hefur ekki verið hlutast til um að leggja fram framburð þeirra aðila sem voru á staðnum þegar atvikið gerðist, s.s. sjúkraflutningamanna. Eins og málið liggur fyrir nefndinni er óhjákvæmlegt að hafna bótaskyldu í málinu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. september 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 233/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 18. júlí 2024 hafi M lent í umferðarslysi sem ökumaður bifreiðarinnar A. Áreksturinn varð þegar A var beygt af innri hring í hringtorgi í veg fyrir B, sem ekið var á ytri hring, með þeim afleiðingum að vinstra framhorn B hafnaði á hægri hlið A. Óumdeilt er að lögboðnar ökutækjatryggingar A hjá V taki til atviksins, en deilt er um bótaskyldu vegna líkamstjóns M. Samkvæmt gögnum málsins leitaði M læknis á læknavakt daginn eftir áreksturinn, þann 19. júlí 2024, vegna stífleika í hnakka og höfuðverkjaseiðings. M leitaði aftur á læknavakt 29. desember 2024 vegna verkja frá hálsi og baki sem hann rakti til umferðarslyssins. Var pöntuð myndrannsókn (MRI) af hálshrygg, sem ekki sýndi áverkamerki eða taugaklemmu, og fékk M í kjölfarið tilvísun til sjúkraþjálfara. Var M í sjúkraþjálfunarmeðferð frá 18. febrúar til 22. september 2025.

V hafnaði því að bótaskylda væri til staðar vegna líkamstjóns M með bréfi dags. 11. júní 2025. Í bréfinu vísaði V til þess að um mjög vægan árekstur hefði verið að ræða, en í skýrslu um höggkraft árekstursins sem félagið hefði aflað kæmi fram að sá þyngdarkraftur sem orkað hefði á A í árekstrinum hefði aðeins verið 0,37 g. Teldi V svo vægan árekstur ekki til þess fallinn að valda varanlegu líkamstjóni. Það væri því að mati V ósannað að M hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við áreksturinn. Í kjölfar þess að V hafnaði bótaskyldu aflaði M frekari gagna, meðal annars um mat á viðgerðarkostnaði og skýrslu um meðferð sjúkraþjálfara. Með bréfi dags. 13. október 2025 óskaði M eftir því að V endurskoðaði afstöðu sína til bótaskyldu, en því hafnaði V með tölvupósti dags. 22. október 2025.

Með matsbeiðni dags. 31. október 2025 óskaði M eftir því að tveir matsmenn, læknir og lögmaður, mætu afleiðingar umferðarslyssins. Afrit matsbeiðninnar var sent til V og félaginu boðið að gæta hagsmuna sinna, koma að athugasemdum og mæta til matsfundar. V sendi athugasemdir til matsmanna dags. 3. desember 2025, ásamt afriti af PC-Crash skýrslu um útreikning höggkrafts við áreksturinn. Þann 5. desember sendi M matsmönnum frekari athugasemdir sínar. Matsfundur fór fram 8. desember 2025 og mætti M einn til matsfundar. Matsgerð lá fyrir 24. mars 2026 og komust matsmenn þar að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl væru milli umferðarslyssins og einkenna M frá hálsi með leiðni í vinstra axlarsvæði, sem metin voru til 5 stiga miska og 6% varanlegrar örorku.

Í málskoti byggir M á því að með matsgerðinni dags. 24. mars 2026 sé fullsannað að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu 18. júlí 2024, en V hafi hvorki nýtt úrræði skv. 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga né óskað dómkvaðningar matsmanna til að hnekkja þeirri matsgerð. V hafi verið boðið að gæta hagsmuna sinna við matið og nýtt sér það, með því að senda matsmönnum athugasemdir fyrir matsfund. Þá byggir M á því að önnur gögn málsins styðji niðurstöðu matsgerðarinnar, en PC-Crash skýrsla sú sem V leggi til grundvallar afstöðu sinni sé hins vegar að mati M haldin ýmsum ágöllum og hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Verði því að fallast á bótaskyldu vegna líkamstjóns M.

V byggir á því í athugasemdum sínum til nefndarinnar að matsmenn hafi ekki fjallað efnislega um eðli árekstursins og hvort hann hafi verið til þess fallinn að valda tjóni. Fyrirliggjandi PC-Crash skýrsla hafi verið afgreidd á almennum forsendum, en niðurstöður hennar ekki hraktar með eigin útreikningum eða eðlisfræðilegri greiningu. Matsgerðin hnekki ekki þeirri afstöðu V að áreksturinn hafi verið of vægur til að valda varanlegu líkamstjóni. Þá styðji læknisfræðileg gögn málsins að mati V ekki að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón, þar sem myndrannsókn hafi ekki sýnt áverkamerki, M hafi takmarkað leitað til læknis og aðeins farið í nokkra sjúkraþjálfunartíma. Eins hafi M búið við töluverð stoðkerfiseinkenni fyrir áreksturinn og m.a. verið metinn til 7 stiga miska og 10% varanlegrar örorku vegna áverka á hægri olnboga eftir vinnuslys árið 2001. Telur V það rýra sönnunargildi fyrirliggjandi matsgerðar að hennar

var aflað einhliða af tjónþola og telur úrræði 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga um endurskoðun örorkunefndar, eða dómkvaðningu matsmanna, ekki eiga við þegar ágreiningur varði bótaskyldu og orsakatengsl, en ekki umfang tjóns. Þá hafi V lagt fram sönnunargögn sem mæli gegn orsakatengslum, þ.e. útreikning á höggkrafti árekstursins og hlutlæg læknisfræðileg gögn, og þannig andmælt niðurstöðu matsgerðarinnar efnislega. Telur V því ósannað að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við áreksturinn og að matsgerðin geti ekki orðið grundvöllur sönnunar um orsakatengsl.

Í viðbótarathugasemdum M er athugasemdum V mótmælt og krafa um viðurkenningu bótaréttar ítrekuð. Bendir M á að í matsgerðinni sé ítarleg umfjöllun um orsakatengsl og megi af henni ráða að matsmenn hafi metið eðli árekstursins og tekið afstöðu til niðurstöðu og sönnunargildis PC-Crash skýrslunnar, en komist að þeirri niðurstöðu að þau gögn útiloki ekki að líkamstjón hafi getað orðið við áreksturinn. Að lokum bendir M á dóm Landsréttar í máli nr. 526/2021, þar sem leyst hafi verið úr sambærilegum ágreiningi, en þar komst Landsréttur að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl teldust sönnuð með matsgerð þrátt fyrir að fyrir lægi útreikningur dómkvadds matsmanns sem staðfesti að höggkraftur hefði verið lítill.

Álit.

Ágreiningur málsins varðar það hvort líkamleg einkenni M í dag megi rekja til áreksturs 18. júlí 2024. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Byggir V á að sú skýrsla sýni að um afar vægan árekstur hafi verið að ræða. Nefndin bendir á að ekki verða dregnar víðtækar almennar ályktanir af þeirri skýrslu án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna, enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum. Niðurstaða dómstóla hefur verið sú að eðlisfræðilegir útreikningar á hraða bifreiða við árekstur veiti vísbendingu um eðli tjónsatviks, þ.e. hvort um hafi verið að ræða háhraða eða lághraða árekstur. Þó meiri líkur séu á að líkamstjón verði eftir því sem kraftur áreksturs er meiri geti slíkir útreikningar einir og sér hvorki staðfest né útilokað að tjónsatvik hafi valdið líkamstjóni, enda verði niðurstaða um slíkt fyrst og fremst byggð á læknisfræðilegum gögnum. Jafnvel þó sannað þyki að högg við árekstur hafi verið lítið, útilokar það ekki að læknisfræðileg gögn sýni fram á líkamstjón sem rekja megi til árekstursins. Vísar nefndin einkum til dóma Landsréttar í málum nr. 526/2021 og nr. 907/2024, þar sem dómurinn lagði til grundvallar útreikninga dómkvadds matsmanns um að árekstur hafi verið vægur en féllst engu að síður á að læknisfræðileg gögn færðu sönnur á líkamstjón.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dags. 24. mars 2026 sem M aflaði einhliða, eftir að V ítrekaði þá afstöðu sína að bótaskylda væri ekki fyrir hendi með tölvupósti 22. október 2025. Er það niðurstaða matsmanna að orsakatengsl séu milli umferðarslyssins og einkenna M frá hálsi með leiðni í vinstra axlarsvæði, sem metin eru til 5 stiga miska og 6% varanlegrar örorku. V hefur andmælt sönnunargildi þessarar matsgerðar með vísan til þess að félagið hafi ekki verið aðili að matinu og að matsmenn hafi ekki framkvæmt sjálfstæða greiningu eða tekið efnislega afstöðu til þess hvort eðli árekstursins hafi verið slíkt að hann gæti valdið líkamstjóni.

Að mati nefndarinnar verður ekki fallist á að það hafi sönnunargildi matsgerðarinnar að engu, þó hennar hafi verið aflað einhliða, enda fékk V gætt hagsmuna sinna við matið. Ekki verður annað ráðið af matsgerðinni en að matsmenn hafi haft hliðsjón af athugasemdum V sem sendar voru fyrir matsfund og tekið afstöðu til þeirra, enda er hluti athugasemdanna tekinn upp í matsgerðina og afstaða tekin til þeirra í umfjöllun matsmanna um orsakatengsl. Í matsgerðinni kemur m.a. fram að myndir af bifreiðum og niðurstöður PC-Crash skýrslu bendi til þess að högg á bifreiðina hafi verið lítið og þannig ljóst að þau gögn voru lögð til grundvallar mati, samhliða læknisfræðilegum gögnum. Jafnframt ber matsgerðin með sér að matsmenn hafi tekið tillit til fyrri heilsufarssögu M við matið. Með hliðsjón af þessu verður ekki á það fallist að matsgerðin sé haldin slíkum efnislegum ágöllum að hún verði ekki lögð til grundvallar sönnun um líkamstjón M, enda hefur V ekki hnekkt niðurstöðu matsgerðarinnar með því að óska álits örorkunefndar eða mats dómkvaddra manna. Þá verður ekki fallist á þær röksemdir V að þau úrræði eigi aðeins við þegar deilt er um umfang tjóns, enda er nokkuð ítarleg umfjöllun um orsakatengsl í fyrirliggjandi matsgerð, í samræmi við áskorun þess efnis í athugasemdum V til matsmanna dags. 3. desember 2025. Það er þannig engum vafa undirorpið að sönnunargildi matsgerðarinnar lýtur m.a. að því atriði, en ekki aðeins umfangi tjóns.

Að öllu framangreindu virtu er það mat nefndarinnar að með fyrirliggjandi matsgerð sé fram komin full sönnun um líkamstjón M og orsakatengsl þess við umferðarslysið. Verður því að taka til greina kröfu M um viðurkenningu bótaskyldu vegna líkamstjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 235/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 14. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins, dags. 7. október 2025, segir eftirfarandi um tildrög vinnuslyss M hjá X þann 2. október sama ár: *„Starfsmaður í þrifum var að kvoða karahvolfara, starfsmaður stendur alveg upp við beltið hægra megin í botni hvolfarans og skyndilega grípur beltið í buxurnar og þær fara að dragast með inn í hvolfarann þannig að það snýst upp á fót starfsmannsins. Starfsmaðurinn náði ekki að stöðva vél sjálfur heldur náði að kalla til samstarfsmanns sem kom hlaupandi og náði að stöðva vélina. Hann var ekki brotinn en hann var sendur á Akureyri í sneiðmyndatöku. Myndband er til að atvikinu.“* M byggir á því að rekja megi slysið til hættulegra og óforsvaranlegra aðstæðna og verkstjórnar á slysstað, nokkuð sem X beri skaðabótaábyrgð á. Hafi M verið látinn vinna við þrif í kringum vél. Sé ekki hægt að tryggja notkun tækisins án þess að valda samstarfsmönnum hættu, beri að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr hættunni eins og kostur sé. Vísar M í 5.-7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, máli sínu til frekari stuðnings. Auk þess telur M að X hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þessu til viðbótar vísar M til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og 492/1987 um öryggisbúnað véla og til tiltekinna dóma, máli sínu til enn frekari stuðnings. Að lokum vísar M til þess að X hafi vanrækt að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins með lögboðnum hætti samkvæmt 79., sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980. Telur M, m.a. með vísan í nokkra dóma, að það eigi að leiða til þess að meta verði honum í hag þau atriði sem ekki verða talin sönnuð vegna skorts á rannsókn. Þá hafnar M þeirri fullyrðingu að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn og að ekki séu forsendur til þess að hann verði látinn bera hluta af tjóni sínu sjálfur. Þá telur M ljóst að atvikið verði ekki afgreitt sem óhappatilvik.

Í athugasemdum hafnar V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ósannað sé að slys M verði rakið til saknæms vanbúnaðar eða saknæmrar vanrækslu sem X beri ábyrgð á. V telur að málsatvik séu óumdeild enda liggi fyrir myndbandsupptaka af slysinu. M hafi verið að kvoða karahvolfara. Við verkið hafi M staðið alveg upp við beltið sem er hægra megin í botni hvolfarans og skyndilega hafi beltið gripið í buxur hans með þeim afleiðingum að það snerist upp á fótlegginn og M varð fyrir líkamstjóni. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi beltið verið í gangi, á svokallaðri þrifastillingu en beltið gangi þá hægar, sem sé talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir gerlamengun og tryggja viðeigandi þrif á öllum flötum tækisins. Eins og komi fram á myndbandinu sé tækið opið og það sé brýnt fyrir starfsmönnum að standa í hæfilegri fjarlægð við þrifin enda engin þörf á að standa þétt upp við beltið og fara inn í tækið eins og M hafi gert. Það megi auðveldlega ná til allra hluta tækisins þó staðið sé í hæfilegri fjarlægð með háþrýstitæki sem M hafi notað við þrifin og er útbúið til slíkra verka. Starfsmenn eigi ekki að standa upp við beltið og fara inn í tækið hvort heldur við þrif eða í öðrum erindagjörðum þegar beltið er í gangi. Framangreint sé kennt í verklegri þjálfun allra starfsmanna. Eins og sjáist á meðfylgjandi myndum sé tækið vel merkt með viðvörunum á gulum miða en þar stendur á íslensku: „Varúð – Lífshætta“, „Sjálfvirkt tæki með full kör“, „Það er stranglega bannað að fara inn í tækið þegar það er í notkun“, „Tækið skynjar ekki mun á körum og fólki.“ Þá stendur einnig á gulum miða á ensku: „Warning“, „Automatic machine with loaded tubs“, „Do not enter the machine when in operation“. Einnig sé neyðarrofi staðsettur á áberandi stað sem starfsmenn þekkja og er kennt að nota sem fyrsta viðbragð. V byggir á því að ósannað sé að aðstæður á vinnustað X hafi verið hættulegar og óforsvaranlegar. Þá telur V ósannað að aðbúnaður á vinnustað hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru í þeim lögum og reglum sem vísað er til í málskoti. M byggi á því að hann hafi verið látinn vinna við þrif í kringum vél sem ekki var slökkt á. V byggir hins vegar á því að engin sérstök slysahætta stafi

af tækinu ef verklagsreglum er fylgt. Reglurnar séu einfaldar þ.e. ekki eigi að standa upp við beltið þegar það er í gangi og ekki fara inn í tækið þegar það er í gangi. Farið sé yfir framangreindar reglur í verklegri þjálfun en M hafi verið búinn að starfa við þrif hjá X í rúmlega þrjú ár og hafi fengið slíka þjálfun ásamt því að vera mjög reyndur í starfi. Telur V að með framangreindri þjálfun hafi X uppfyllt skyldur sínar skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 ásamt því að skriflegar leiðbeiningar standi skýrum stöfum á tækinu sjálfu á ensku og íslensku eins og áður hafi verið nefnt. Telur V að orsök slyssins sé sú að M hafi staðið alveg upp við beltið og farið inn í tækið. M hafi þannig brotið gegn þeim reglum sem gilda um tækið og það sé eina orsök slyssins. Telur V að ef M hefði fylgt vinnureglum hefði slysið ekki orðið. V telur því að hér hafi verið um að ræða óhappatilvik eða atvik sem sé eingöngu að rekja til aðgæsluleysis M. Það sem skilji á milli fyrirliggjandi máls og dóms Landsréttar í máli nr. 565/2024 telur V vera að í því máli hafi tjónþoli verið sumarstarfsmaður með enga reynslu af því að þrífa færibandið áður en slysið varð. Þá hafi verklagið gert ráð fyrir að færibandi væri lyft upp úr þvottakari áður en slökkt var á því, auk þess sem legið hafi fyrir að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að stöðva eða hægja á færibandinu. Framangreint sé ólíkt því sem eigi við í máli M sem hafi verið reyndur í starfi og hafði sinnt þrifum hjá X í rúmlega þrjú ár fyrir slysið. Verklag X hafi gert ráð fyrir því að hægt var á færibandinu við þrif og engin nauðsyn fyrir starfsmenn að koma sér í snertingu við hreyfanlega hluti tækisins eða fara inn í það. Hvað varði umfjöllun í málskoti um meinta vanrækslu á tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins bendir V á að X hafi tilkynnti slysið til vinnueftirlits í tölvupósti klukkan 8:51 þann 2. október 2025, þegar búið hafi verið að rannsaka slysið innanhúss. Ekkert svar hafi fengist við þeim pósti, annað en staðfesting á móttöku hans. X hafi því uppfyllt skyldu sína skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í þessu samhengi vekur V einnig athygli á því að í 3. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 sé kveðið á um að skýrslum Vinnueftirlitsins um rannsókn skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum auk þess sem rannsókn stofnunarinnar skuli ekki miða að því að ákvarða sök eða ábyrgð. Tilvísun í kröfubréfi til dómaframkvæmdar Landsréttar og Hæstaréttar um tilvik þar sem slys voru ekki tilkynnt innan lögboðins frests eigi því að mati V ekki við, enda eigi þau sjónarmið um viðsnúna sönnunarbyrði sem birtast í þeim dómum ekki lengur við með hliðsjón af þeim breytingum sem löggjafinn hefur ákveðið að gera á hlutverki Vinnueftirlitsins og þ.a.l. sönnunargildi umsagna þess. Slysið sem hér um ræðir hafi orðið eftir gildistöku ákvæðisins, en með gagnályktun frá niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 31/2025 sé það afstaða V að skýrsla Vinnueftirlitsins hefði ekki verið til þess fallin að upplýsa nánar um ástæður slyssins og mögulega sök. Auk framangreinds sé engin ágreiningur um hvernig slys M hafi atvikast. Telji nefndin að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins telur V að skerða beri bótarétt M vegna stórkostlegs gáleysis, sbr. 1. mgr. 26. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993. Vísað er til ofangreindra atriða varðandi reynslu M og að um skýrt brot hans á verklagsreglum hafi verið að ræða sem leiddi til slyssins. Með vísan til framangreindra atriða krefst V þess fyrir úrskurðarnefnd að afstaða þess verði staðfest og til vara að bótaréttur M verði skertur.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort slysið sem M varð fyrir 2. október 2025, verði rakið til saknæmrar háttsemi eða vanbúnaðar sem X ber ábyrgð á og hvort V beri því að greiða M bætur úr ábyrgðartryggingu X. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ber atvinnurekanda að tryggja fyllsta öryggi starfsmanna sinna á vinnustað. Í málinu liggur fyrir myndband af slysi M. Því telur nefndin að ekki leiki neinn vafi á um aðdraganda slyssins og aðstæður á slysstundu. Þá telur nefndin að gögn málsins bendi til þess að X hafi sent tilkynningu til Vinnueftirlitsins innan þeirra tímamarka sem um getur í 79. gr. laga nr. 46/1980. Því gilda almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar í málinu. Eins og að framan greinir byggir V á því að eins og sjá megi á myndbandinu sé tækið opið og það sé brýnt fyrir starfsmönnum að standa í hæfilegri fjarlægð við þrifin. Einnig sé tækið vel merkt með viðvörunum á gulum miðum. Það stafi því engin sérstök slysahætta af tækinu ef verklagsreglum er fylgt. Reglurnar séu einfaldar þ.e. að ekki eigi að standa upp við beltið né fara inn í tækið þegar það er í gangi. Farið sé yfir framangreindar reglur í verklegri þjálfun. Þá hafi M verið búinn að starfa við þrif hjá X í rúmlega þrjú ár og því verið mjög reyndur í starfi. Nefndin telur að eins og málið liggur fyrir og með vísan í það sem sjá má á myndbandinu, hafi M ekki tekist að hnekkja framangreindu. Verður því að líta svo á að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til athafna eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 236/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Frestur til lögfræðilegra aðgerða. Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. júlí 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 10. júlí 2026.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 23. mars 2025, var lögregla kölluð á heimili X hinn 22. mars 2025 vegna innbrots að heimili M. Samkvæmt því sem kemur fram í lögregluskýrslu var Y, sonur X og M, staddur þar þegar óþekktur aðili ruddist inn í íbúðina og ógnaði honum með skammbyssu. Samkvæmt skýrslunni rændi viðkomandi ýmsum munum af Y. Á ítarlegri lista yfir stolna muni er tiltekið að sumir munanna hafi verið í eigu Y en aðrir í eigu M.

Í tölvupósti V til M, dags. 16. apríl 2025, kom fram að samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar M væri Y ekki einn hinna vátryggðu, þar sem hann væri með skráð lögheimili annars staðar, og vátryggingin tæki aðeins til ógiftra barna sem deildu lögheimili og heimilishaldi með vátryggðum. Þar sem í lögregluskýrslu kæmi fram að allir hinir stolnu munir væru í eigu Y, en ekki M, væri bótaréttur því ekki fyrir hendi. Var M auk þess bent á að unnt væri að bera afstöðu V undir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum en það yrði þá að gerast innan árs, ella félli krafa hans niður til samræmis við 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í málskoti vísar M til þess að hluti munanna hafi verið í eigu M, en ekki Y, og því sé bótaréttur til staðar vegna þeirra. Lögregla hafi hins vegar ekki staðið vel að skýrslugerð og Y hafi verið í miklu uppnámi er hann gaf framburð sinn. Hann hafi ekki verið beðinn um að gefa aðra skýrslu þegar hann var kominn í jafnvægi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bótaskyldu hafi verið hafnað hinn 16. apríl 2025. Þegar málskot M var lagt fyrir nefndina hinn 15. júní 2026 hafi frestur 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga til lögfræðilegra aðgerða því verið liðinn. Sé mögulegur bótaréttur M því fallinn niður vegna tómlætis.

Verði ekki fallist á það af hálfu nefndarinnar er vísað til þess að ekki hafi verið lögð fram nein gögn er sýni fram á eignarhald M á hinum stolnu munum. Það sé á ábyrgð M að sýna fram á tjón sitt og leggja fram nauðsynleg og fullnægjandi gögn um það. Sú sönnun hafi ekki tekist og verði M að bera hallann af því.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að það sé ekki rétt að málið sé meira en ársgamalt. Þá geti M ekki lagt fram frekari gögn enda komi nafn kaupanda almennt ekki fram á kaupnótum.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að við kaup á t.a.m. raftækjum sé kennitala kaupanda almennt skráð og því ætti að vera einfalt að afla frekari gagna um eignarhald M á umþrættum munum.

Álit.
Samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga glatar vátryggður rétti til bóta ef vátryggingafélag hefur hafnað kröfu hans í heild eða að hluta og hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir þar til bærum úrskurðaraðila innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um höfnunina. Í tilkynningu félagsins um höfnun skal jafnframt geta þessa frests, með hvaða hætti unnt sé að rjúfa hann og hvaða afleiðingar það hafi að aðhafast ekki innan hans.

Óumdeilt er að V tilkynnti M um höfnun bótaskyldu hinn 16. apríl 2025. Höfnunin var gerð á þeim grundvelli að V taldi ekki sýnt fram á að þeir munir sem var stolið féllu undir vátrygginguna, þ.e. væru í eigu M. Í þeirri tilkynningu var M jafnframt bent á að honum væri unnt að bera afstöðu félagsins undir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og að það yrði að gerast innan árs. M lagði ekki mál sitt fyrir

nefndina fyrr en 15. júní 2026 og hafði þá rúmt ár liðið frá því að honum var tilkynnt um höfnun kröfunnar. Verður því að telja að ársfrestur 2. mgr. 51. gr. laganna hafi verið liðinn þegar málskotið barst nefndinni.

M hefur ekki sýnt fram á að fresturinn hafi verið rofinn með því að hann hafi áður höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir öðrum úrskurðaraðila. Þá verður ekki fallist á þá athugasemd sem fram kemur í viðbótarathugasemdum M, þ.e. að málið sé ekki meira en ársgamalt. Við mat á því hvort ársfrestur samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga er liðinn skiptir máli hvenær M fékk tilkynningu um höfnun kröfu sinnar og hvort meira en ár hefur liðið frá þeim degi og þar til málskot barst nefndinni.

Verður því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að telja að frestur skv. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga til að leggja mál fyrir nefndina hafi byrjað að líða hinn 16. apríl 2025, og því verið liðinn er málskot barst henni hinn 15. júní 2026. Þegar af þeirri ástæðu er mögulegur réttur M til bóta fallinn niður og koma efnisrök aðila því ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 239/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Meðábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 30. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 28. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.
5. Frekari athugasemdir M, dags. 9. september 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við störf sín hjá X hinn 10. desember 2024 er hún fór með hægri hendi í pökkunarvél sem leggur plast yfir bakka og bræðir. Fremsti hluti löngutangar og baugfingurs M klemmdust með þeim afleiðingum að það klipptist framan af fingrum hennar. M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóninu, nokkuð sem V hefur hafnað. M telur að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað, þ.e. bilunar í öryggiskerfi, auk þess sem M hafi ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar né þjálfun í meðferð vélarinnar á tungumáli sem M skildi. M hafnar því einnig að það að umrædd vél hafi verið CE-merkt bendi til þess að hún hafi ekki bilað og því hafi X ekki sýnt af sér sök. Vísar M í tiltekinn dóm Landsréttar í því sambandi. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að í fyrirliggjandi skýrslu Vinnueftirlitsins komi fram að klemmuáhætta hafi verið til staðar þrátt fyrir CE-merkingu vélarinnar. Jafnframt vísar M til þess að í lið 2.8 i viðauka I í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, skuli á öllum vélbúnaði, þar sem hætta sé á viðkomu við tækjahlut á hreyfingu, vera hlífar eða annar viðeigandi búnaður, s.s. laus hlíf með skynjara sem stöðvar vélina sé hlífin opnuð, til að tryggja að ekki sé hægt að koma við tækjahluta á hreyfingu. Hafi Vinnueftirlitið gefið X fyrirmæli um að útbúa skyldi hlífar eða annan viðeigandi búnað til að koma í veg fyrir klemmuáhættu. Hafi X verið veittur tveggja daga festur til að gera útbætur. Bendir M á að X sem beri ábyrgð á öryggi á vinnustað hafi því mátt vera það ljóst að framangreind klemmuáhætta væri til staðar. Vísar M í skýrslu Vinnueftirlitsins sem lykilsönnunargagns varðandi saknæma háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Bendir M jafnframt á að í þeirri skýrslu komi fram að skort hafi á skipulega þjálfun og fræðslu starfsmanna X, en ljóst sé að slíkt auki líkur á slysum. M mótmælir því sérstaklega að þjálfun og leiðbeiningar starfsmanna á munnlegri ensku hafi hér dugað til. Þá byggir M jafnframt á að engar viðvörunarmerkingar um hættueiginleika vélarinnar hafi verið til staðar á slysstað. M vísar einnig til yfirlýsinga tveggja samtarfsmanna M máli sínu til stuðnings. Að lokum er því hafnað að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M og að það eigi að leiða til þess að M verði að bera hluta af tjóni sínu sjálf sbr. 1. mgr. greinar 23.a í skaðabótalögum nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Er því jafnframt hafnað sem röngu og ósönnuðu að bilun hafi verið í öryggiskerfi vélarinnar á slysdegi. Telur V að ekkert í gögnum málsins styðji þá fullyrðingu M, sbr. m.a. niðurstöður í skýrslu Vinnueftirlitsins. Þar sé hvergi getið um meinta bilun. Bendir V á að starfslýsing M, sem hafi unnið hjá X í 9 mánuði þegar slysið varð, hafi verið eftirfarandi*: „Job Description" var „Job Objeectives: To operate according to established procedures in intensive meat processing." Þá má sjá undir „Rsponsibilities (Task/AdministratviveT): To operate according to Esja's Employee Handbook with regard to:…safety and security."* Byggir V á því að þegar slysið varð hafi M*, s*em hafi verið að skipta um plastfilmu í pökkunarvélinni, farið með fingur fram hjá öryggisbúnaði vélarinnar án þess að slökkva á henni. Þetta hafi farið gegn því verklagi sem M hafði verið kennt og gert að fylgja. Slysið verði rakið til þessa háttalags M, þ.e. að fara fram hjá öryggisbúnaði vélarinnar meðan hún hafi verið í gangi. M hafi því ekki farið eftir leiðbeiningum frá verkstjóra. Búið hafi verið að benda henni á að fara ekki með fingur undir öryggishlífar vélarinnar eins og hún hafi gert í aðdraganda slyssins, heldur hafi henni borið að slökkva á vélinni áður en hún reyndi að laga plastfilmuna. Vísar V til þess að X hafi upplýst M hafi verið fullmeðvituð um að hún hefði ekki framkvæmt verkið eins og henni bar að gera og hafi hún haft orð á því við yfirmann sinn þegar hún hafi

komið aftur til vinnu eftir slysið. Telur V vandséð hvað X hefði getað gert betur þegar M hafi sjálf ákveðið að stytta sér leið eða spara sér tíma og sleppa því að slökkva á vélinni. V bendir á að þó það hafi komið fram í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins að klemmuhætta hafi verið til staðar þegar unnið var við umrædda pökkunarvél þá sé vélin CE merkt og á slysdegi hafi verið öryggishlíf á henni. Engar breytingar hafi verið gerðar, þ.e. vélin hafi verið eins og hún kom frá söluaðila. Ástæða slyssins sé því ekki sú að klemmuhætta hafi verið til staðar. Slysið verði ekki rakið til vanbúnaðar á vélinni heldur til þess að M hafi farið með fingurna undir öryggishlíf vélarinnar meðan hún var í gangi. Þá mótmælir V því sem röngu að ekki hafi verið búið að framkvæma áhættumat á vélinni á slysdegi. V tekur fram að sambærileg slys hafi ekki áður orðið hjá X þrátt fyrir að umrædd vél hafi verið í notkun um árabil. V byggir á að í lokaskýrslu Vinnueftirlitsins hafi eingöngu verið gerð ein athugasemd, sem tengist þjálfun og fræðslu starfsmanna X. Vegna þessa mótmæltir V því sem röngu og ósönnu að M hafi ekki fengið nægilega þjálfun á pökkunarvélina. Samkvæmt verklagi hjá X fari yfirmaður yfir umgengni og öryggisreglur á vélum áður en starfsmaður hefur vinnu við vél. Starfsmenn X séu aldrei látnir vinna á vél án þess að fá viðeigandi kennslu og þjálfun. Hafi yfirmaðurinn M varið stórum hluta af vinnudegi í að kenna henni á vélina. Hafi sú þjálfun og leiðbeiningar farið fram á ensku og hafi M aldrei látið vita að það væri eitthvað sem hún skildi ekki. V mótmælir því að yfirlýsingar tveggja samstarfsmanna M hafi þýðingu í málinu. Færir V frekari rök fyrir því. Að lokum bendir V á að sá sem haldi því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði um að skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt. V telji hins vegar að ekkert í gögnum málsins bendi til skaðabótaábyrgðar. M hafi ekki sýnt fram á að tjónið verði rakið saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X.

Í viðbótarathugasemdum ítrekar M fyrri afstöðu sína og vísar því til stuðnings til fyrirliggjandi gagna málsins. Þá mótmælir M því m.a. sem ósönnuðu að hún hafi farið fram hjá verklagi og að hún hafi meðvitað farið fram hjá öryggisbúnaði vélarinnar. Ítrekar M sín fyrri rök þess efnis að það megi sjá af skýrslu Vinnueftirlitsins að öryggisbúnaður vélarinnar hafi verið vanbúinn. Þessu til frekari stuðnings bendir M á að úrbætur hafi verið gerðar á vélinni í kjölfar slyssins. Þá ítrekar M einnig, með vísan í skýrslu Vinnueftirlitsins, að leiðbeiningum og þjálfun M hafi verið ófullnægjandi.

Í viðbótarathugasemdum V er þeim staðhæfingum lögmanns M sem sé að finna í framangreindum viðbótarathugasemdum mótmælt enda telji V þær tilhæfulausar og eigi sér hvorki stoð í gögnum málsins né raunverulegum atvikum. V leggur ríka áherslu á að umrædd vél hafi ekki verið biluð á slysdegi, né heldur dagana fyrir eða eftir slysið. Staðhæfingum M um annað sé alfarið mótmælt sem röngum og órökstuddum, enda hvíli sönnunarbyrði um slíkt á M. Ekkert í fyrirliggjandi gögnum málsins, þar á meðal í skýrslu VER, styðji þá fullyrðingu að bilun hafi verið til staðar í vélinni. Þá telur V rétt að árétta að M hafði starfað í 9 mánuði við umræddu pökkunarvél þegar slysið varð, en samkvæmt upplýsingum frá X hafi hún fyrst og fremst unnið við þessa tilteknu vél. Umrædd vél hafi verið í stöðugri notkun í rúm 20 ár án þess að nokkurt sambærilegt slys hafi átt sér stað, né sé X kunnugt um sambærileg atvik hjá öðrum aðilum sem noti sams konar búnað í sinni starfsemi. Vélin sé CE-merkt og búin virkum öryggisbúnaði. Virkni hennar sé með þeim hætti að þegar öryggishlífinni (blágræna plastinu sem sjáist á ljósmyndum) sé lyft upp, stöðvist vélin sjálfkrafa. Atvik málsins hafi hins vegar verið þau að M hafi þrýst fingrum sínum á plastið með þeim afleiðingum að öryggishlífin hreyfðist til og klemmuhætta skapaðist. Eina skýringin sem X og samstarfsmenn M fái séð á þessari háttsemi sé að M hafi reynt að flýta fyrir vinnu sinni með því að stytta sér leið, í stað þess að stöðva vélina eins og rétt verkferli kveði á um. M sé eini starfsmaðurinn sem orðið hafi fyrir slysi af þessum toga við vélina. Þá bendir V til framlagðra yfirlýsinga þriggja starfsmanna X sem hafi unnið með M. Þar á meðal sé yfirlýsing frá A, verkstjóra hjá X, en hann hafi m.a. annast verklega þjálfun M þegar hún hafi hafið störf hjá X. V ítrekar jafnframt mótmæli sín við fullyrðingum M um að hún hafi ekki notið fullnægjandi þjálfunar eða leiðbeininga. M hafi sem fyrr segir starfað við vélina í 9 mánuði án athugasemda og aldrei látið í ljós að hún skildi ekki þær verklagsreglur, leiðbeiningar eða fyrirmæli sem henni voru veitt við upphaf og framkvæmd starfsins. Að lokum áréttar V að skjót og ábyrg viðbrögð X í kjölfar slyssins, þar sem útbúinn hafi verið sérstakur álprófíll á vélina til að auka öryggisvarnir enn frekar, geti á engan hátt verið túlkuð sem viðurkenning á því að vélin hafi verið vanbúin á slysdegi eða að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Slys M hafi verið einstakt sinnar tegundar og endurspegli framangreindar úrbætur einungis vilja X til að bregðast vel og fagmannlega við ábendingum VER og tryggja fyllsta öryggi starfsfólks síns. Meðfylgjandi séu ljósmyndir sem sýni frágang vélarinnar eftir að umræddur álprófíll var settur á hana.

Í frekari athugasemdum M er því hafnað að vélin hafi verið örugg, að M hafi hlotið fullnægjandi þjálfun, að M hafi af ásetningi farið fram hjá öryggisbúnaði vélarinnar til að flýta fyrir vinnu sinni og að slysið verði rakið til eigin sakar M. Ítrekar M þá skoðun sína að vélin hafi ekki verið nægilega örugg þegar slysið varð og að eftir slysið hafi verið gerðar úrbætur á henni. Jafnframt hafi verið sett upp viðvörunarskilti um þá hættu sem stafaði af vélinni. Telur M að þessar úrbætur og viðvaranir gefi sterklega til kynna að hætta hafi verið fyrir hendi þegar slysið varð og að öryggi vélarinnar hafi ekki verið fullnægjandi á þeim tíma. M mótmælir því einnig að hún hafi ætlað að flýta fyrir vinnu sinni með því að stytta sér leið eða fara fram hjá öryggisbúnaði vélarinnar. Þá hafnar M því alfarið að hún hafi af ásetningi sett hendur sínar inn í vél sem hún vissi að væri í gangi, í þeim tilgangi að hraða vinnu sinni.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að hægt sé að rekja líkamstjón M til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á og ef svo er hvort saknæm háttsemi M eigi að leiða til þess að hún eigi að bera hluta af tjóni sínu sjálf, sbr. 1. mgr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hennar sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar athafnar eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í fyrirliggjandi skýrslu Vinnueftirlitsins kemur m.a. fram það mat fram að umræddri vél fylgi klemmuáhætta, þar sem hægt sé að koma hendi undir kefli sem flytur plastfilmu inn í vélina. Slíkt sé til þess fallið að valda slysahættu. Eru fyrirmæli Vinnueftirlitsins þau að útbúa skuli vélar með hlífum eða öðrum viðeigandi búnaði til að koma í veg fyrir klemmuáhættu. Var X veittur frestur til þessa. Í því sambandi gaf Vinnueftirlitið eftirfarandi leiðbeiningar: *„Á öllum vélbúnaði þar sem hætta er á viðkomu við tækjahlut á hreyfingu skulu vera hlífar eða annar viðeigandi búnaður, s.s. laus hlíf með skynjara sem stöðvar vélina sé hlífin opnuð, til að tryggja að ekki sé hægt að koma við tækjahluta á hreyfingu.“* Nefndin telur að framangreint bendi til þess að Vinnueftirlitið hafi talið að umrædd vél hafi verið vanbúin er slysið varð og að X þyrfti að bæta úr því. Telur nefndin að X beri ábyrgð á þeim vanbúnaði og nægjanlega sé sýnt fram á það í málinu að rekja megi slysið til þess vanbúnaðar. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu þarf að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu V að M hafi í umætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og eigi því að bera hluta af tjóni sínu sjálf. Bendir V m.a. á í þessu sambandi að M sem hafi starfað í 9 mánuði við umrædda pökkunarvél hafi í umrætt sinn beinlínis farið fram hjá öryggisbúnaði vélarinnar meðan vélin var í gangi, þvert á þær verklagsreglur og leiðbeiningar sem hún hafi sannarlega fengið frá verkstjóra. Fyrir liggur að M slasaðist er hún fór með fingur undir kefli sem flytur plastfilmu inn í vélina. Nefndin telur því að M hafi sýnt af sér gálausa háttsemi í umrætt sinn. Hins vegar kemur m.a. fram í skýrslu Vinnueftirlitsins að þrátt fyrir að hjá X hafi verið skipulögð fræðsla og þjálfun starfsfólks varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum, hafi ekki verið tryggt að upplýsingar t.d. um öryggismál hafi verið tiltækar á tungumáli sem starfsfólk skildi. Af dómafordæmum má ráða að mikið þarf til svo háttsemi tjónþola teljist til stórkostlegt gáleysis. Verður með hliðsjón af framangreindu ekki talið að V hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að M hafi vikið svo verulega frá þeim hátternisreglum sem henni bar um hlíta að það feli í sér stórfellt gáleysi. Telur nefndin að fyrirliggjandi yfirlýsingar sem stafa frá X, þar með talið yfirlýsingar tiltekinna samstarfsmanna M, um hvað M hafi vitað eða mátt vita um öryggiskröfur og hættueiginleika vélarinnar, breyti ekki framangreindu. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að X beri fulla skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og að M eigi rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X var með hjá V að því marki sem hún getur sýnt fram á tjón sitt.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 240/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis. Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Skráningarnúmer ökutækis (A)
Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Notkunarhugtak laga. Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. júlí 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. janúar 2023 hafi M verið að störfum sem bifreiðastjóri á vegum X og hafi hann starfað við akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Hafi hann verið að aðstoða farþega sem notaði hjólastól við að komast úr bifreiðinni A og hafi lyftupallur hennar verið uppi, í rúmlega eins metra hæð frá jörðu. Hafi A verið fremur lítil og því erfitt fyrir M að athafna sig í kringum hjólastólinn til að aðstoða farþegann við að komast úr henni. Skyndilega hafi farþeginn rekið sig í pinnann sem stýrði hjólastólnum, þannig að stólinn færðist í átt að M. Þar sem M hafi ekki haft neitt rými til að bregðast við hafi fótur hans fests með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig af lyftipallinum og hlaut af því líkamstjón.

M byggir á því að tjón hans sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V enda verði það rakið til notkunar ökutækis. Byggir M á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar þar sem kveðið sé á um hlutlæga ábyrgð eiganda ökutækis vegna tjóns sem leiði af notkun þess. Færir M þá ýmis rök fyrir því, og vísar til dómafordæma því til stuðnings, að tjón sem verði við fermingu og affermingu bifreiða geti fallið undir hina hlutlægu ábyrgðarreglu þrátt fyrir að umrædd bifreið hafi verið kyrrstæð þegar slys bar að. Sé augljóst að umrædd ábyrgðarregla eigi við í þessu tilviki enda verði slys M rakið til eðlilegrar notkunar A sem sé sérútbúin með tilliti til notkunar sinnar, þ.e. að þjónusta fatlað fólk.

Þá byggir M á því að tjón hans sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X og er til vara gerð krafa um að viðurkennd verði full og óskert bótaskylda úr henni. Byggi M í þeim efnum á því að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slys hans með betri aðgæslu og öryggi, en öryggi hafi ekki verið nægilega tryggt á vinnustað. Ekki hafi verið um óhappatilvik að ræða heldur megi rekja tjón hans til gáleysislegrar háttsemi X sem hafi vanrækt að tryggja aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. A hafi verið of lítil og ekki hentað til þeirrar þjónustu sem X veitti. Hafi X nýverið tekið í notkun aðrar, stærri og hentugri bifreiðar sem geri starfsfólki kleift að standa við hlið farþega á pallinum fremur en að þurfa að teygja sig yfir þá aftan frá eins og raunin hafi verið í A. Þegar M hóf störf hjá X á árinu 2016 hafi þjálfun hans aðeins falist í því að læra af reyndari bifreiðastjóra í tvo daga. Verklag á tjónsdegi hafi verið í fullu samræmi við þá þjálfun. Verði komist að þeirri niðurstöðu að aðstæður í A hafi verið fullnægjandi verði því að teljast ljóst að þjálfun M hafi ekki verið nægileg svo hann gæti sinnt skyldum sínum án áhættu. Loks er byggt á því að hefði X látið framkvæma áhættumat á vinnustaðnum, svo sem skylt hafi verið, hefði mátt komast hjá umræddu slysi enda megi ætla að slíkt mat hefði leitt í ljós þá hættu sem stafaði af því að nýta A til þjónustu sem hún hentaði ekki til.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að óumdeilt sé að orsök slyss M hafi verið sú að farþegi rakst í rafpinna á hjólastól sínum og ók honum á M. Er því þá hafnað að slysið verði rakið til notkunar A enda megi rekja það til hjólastólsins sem hafi ekkert með tæki og búnað A að gera. Í dómaframkvæmd hafi verið staðfest ítrekað að hlutlæg bótaábyrgð nái aðeins til tjóns sem leiði af þeirri notkun ökutækis sem hafi í för með sér að sérstakir hættueiginleikar þess, s.s. hraði, vélarafl eða þyngd, verði virkir. Jafnframt sé það skilyrði bótaábyrgðar að tjón sé í nánu og fyrirsjáanlegu orsakasambandi við hættueiginleika ökutækis. Ekki sé sýnt fram á það í tilviki M en sönnunarbyrði þess að tjón verði rakið til notkunar A hvíli á honum. Er þá vísað til úrlausna dómstóla framangreindu til stuðnings.

Hvað varði kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X þá sé byggt á almennum vísireglum laga nr. 46/1980 því til stuðnings. Þær reglur skapi ekki beinan bótarétt og fullyrðingar M um meint athafnaleysi við verkstjórn og ófullnægjandi aðbúnað séu með öllu ósannaðar. A sé sérstaklega útbúin fyrir akstur með fatlað fólk og sé útbúnaður hennar til samræmis við kröfur þar að lútandi. Séu fullyrðingar M um annað með öllu ósannaðar og sé A enn í fullri notkun. Þá hafi sambærilegur búnaður verið í notkun um árabil án slysa eins og þess sem M varð fyrir. Telji V samkvæmt framangreindu að ekkert í gögnum málsins beri með sér að skaðabótaábyrgð hafi stofnast.

Í viðbótarathugasemdum M er röksemdum V mótmælt. Er m.a. vísað til þess að dómstólar hafi túlkað notkunarhugtak laga nokkuð rúmt og sé ekki gerð krafa um að ökutækið sé á hreyfingu eða að bein snerting verði milli þess og tjónþola svo hlutlæg bótaábyrgð stofnist. Ljóst sé að þegar um ökutæki sem er sérútbúið til farþegaflutninga er að ræða feli notkun þess ekki aðeins í sér akstur heldur einnig ferlið við að koma farþegum inn og út úr ökutækinu. Lyftupallurinn sé því nauðsynlegur og samþættur hluti notkunar slíks ökutækis. Verði þá að líta á flutninginn í heild sinni, þ.m.t. þegar farþegi er aðstoðaður við að komast úr bifreiðinni, sem eina samfellda notkun. Vélknúinn búnaður á við lyftupall feli þá í sér ákveðna hættueiginleika. Þegar hann er áfastur ökutæki og nauðsynlegur fyrir tilætluð not þess sé þá ljóst að tjón sem af honum hlýst sé tjón sem hljótist af notkun ökutækis.

Hvað varði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X er áréttuð sú afstaða að lög nr. 46/1980 leggi umtalsverðar skyldur á atvinnurekendur til að tryggja öryggi og aðbúnað. Verði því að líta til þeirra við mat á því hvort X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Í þessu tilviki hafi vinnuaðstæður verið ófullnægjandi og við mat á orsök slyssins verði ekki aðeins litið til þess að farþeginn hafi rekið sig í pinna á hjólastólnum, heldur einnig þess að aðstæður voru með þeim hætti að M gat ekki athafnað sig örugglega. X hafi haft fullt forræði á skipulagi verksins og hvaða bifreiðar voru notaðar við það. Í þessu tilviki hafi verið unnt að nota stærri bifreiðar sem bjóði upp á öruggari vinnuaðstæður.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekuð sú afstaða að slys M hafi ekki orðið vegna búnaðar í A heldur þess að farþegi rakst í takka á hjólastól sínum. Sú atburðarás hafi ekkert með notkun A að gera.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. M byggir á því að hann hafi orðið fyrir tjóni sem hlaust af notkun A.

Samkvæmt gögnum málsins er óumdeilt hvernig slys M atvikaðist, þ.e. að farþegi í A hafi rekið sig í stýripinna á rafknúnum hjólastól sínum með þeim afleiðingum að stóllinn fór af stað og fótur M festist undir honum og M datt aftur fyrir sig á jörðina.

Af því leiðir að ekki verður talið að slys M hafi orsakast af hreyfingu A, öðrum hættueiginleikum hennar sem ökutækis eða sérstökum búnaði hennar, heldur því að hjólastólnum var ekið af stað með fyrrgreindum afleiðingum. Hjólastóllinn var ekki hluti af búnaði A og hreyfing hans verður ekki rakin til hreyfingar A eða annarra hættueiginleika hennar.

Verður því samkvæmt framangreindu ekki talið að tjón M verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar.

Hvað varðar kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X þá gera almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

M byggir m.a. á því að bifreiðin A hafi verið vanbúin til þeirra nota sem hún var ætluð. Þannig hafi pallur hennar verið of lítill svo unnt væri að athafna sig á honum með öruggum hætti. Engin frekari gögn hafa hins vegar verið lögð fram því til stuðnings né liggja fyrir nefndinni nein gögn um að útbúnaður A hafi verið ófullnægjandi samkvæmt tæknilegum eða lögbundnum kröfum eða að notkun hennar hafi haft í för með sér slysahættu. Né hefur verið sýnt fram á það með gögnum að þjálfun eða verkstjórn hafi verið ábótavant eða að slys M megi að öðru leyti rekja til atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Verður M að bera hallann af því.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Af því verður M að bera hallann og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A eða ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 244/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ferðatrygging.

Bótaréttur. Gildissvið vátryggingar. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur sé uppi um bótarétt M úr ferðatryggingu hjá V vegna þjófnaðar á tveimur rafmagnsreiðhjólum í eigu M. Sætta M sig ekki við niðurstöðu V, sem hafnaði bótaskyldu með vísan í varúðarreglu í skilmálum þess efnis að reiðhjól skuli geymd innandyra. Telja M, með vísan í 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.), að V hafi verið óheimilt að hafna bótaskyldu. Máli sínu til frekari stuðnings benda M m.a. á að V geti ekki borið fyrir sig að um brot á varúðarreglu hafi verið að ræða þegar ekki sé við þau að sakast eða sök þeirra óveruleg. Benda M jafnframt á að hjólin, sem séu ætluð til notkunar utandyra, hafi verið læst með lás í þar til gerðu vöktuðu hjólastæði við inngang fjölfarinnar verslunarmiðstöðvar um hábjartan dag á meðan stutt verslunarferð hafi staðið yfir. Þar hafi því verið um að ræða hefðbundna og almennt viðurkennda meðferð reiðhjóla sem feli ekki í sér gáleysi sem réttlæti niðurfellingu bóta. Þá byggja M á því að skýra beri umræddar varúðarreglur með hliðsjón af eðli reiðhjóla og M í hag. Óljós eða íþyngjandi skilmálaákvæði beri að skýra þeim í óhag sem samdi þau. Því krefjast M þess að viðurkennd verði full bótaskylda V, en til vara að hluta, með hliðsjón af 2. mgr. 26. gr. vsl.

Í athugasemdum V er tekið fram að ágreiningur málsins lúti að höfnun V á bótaskyldu úr ferðatryggingu M vegna þjófnaðar á tveimur rafmagnsreiðhjólum. Ekki sé ágreiningur um að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þjófnaðar á þessum hjólum, sem þau hafi keypt á ferðalagi sínu, og að lögreglu hafi verið tilkynnt um þjófnaðinn sbr. gr. 12.1 og 12.2 í skilmálum fyrir ferðatrygginguna. Afstaða V byggi á því að M hafi brotið gegn varúðarreglum í 14. gr. skilmálanna. Þar séu gerðar kröfur sem hafi það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Samkvæmt gr. 14.3 skuli vátryggður ekki skilja við tryggða muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Í gr. 14.6 segi að tryggður skuli geyma reiðhjól sín innandyra. Samkvæmt gr. 28.1 í almennum skilmálum V sé skylt að fara eftir þeim varúðarreglum sem fram koma í skilmálum V. Sé varúðarreglum ekki fylgt geti ábyrgð V fallið niður í heild eða hluta sbr. 26. gr. vsl. V byggir á því að M hafi brotið gegn framangreindum varúðarreglum í gr. 14.3 og 14.6, með því að skilja hjólin eftir eftirlitslaus utandyra á almannafæri. Hafi hjólin verið geymd í reiðhjólastandi fyrir utan verslunarmiðstöð. Þá beri fyrirliggjandi gögn ekki með sér að umræddur hjólastandur hafi verið sérstaklega vaktaður. V byggir á því að sök M hafi verið veruleg þar sem mikil verðmæti hafi verið skilin eftir í tæpar tvær klukkustundir eftirlitslaus fyrir utan fjölfarna verslunarmiðstöð og hafi hjólunum verið læst með einföldum lás sem auðvelt hafi verið að skera í sundur. Þá sé beint orsakasamband á milli þess að varúðarreglunum var ekki fylgt og þess að reiðhjólunum var stolið, enda hefði þjófnaðurinn ekki átt sér stað ef hjólin hefðu verið geymd innandyra eða undir eftirliti. V geti ekki fallist á að orðalag varúðarreglna sé óljóst eða íþyngjandi. Þannig felst V ekki á að reiðhjól sem stendur eftirlitslaust fyrir utan verslunarmiðstöð geti talist í notkun eins og byggt sé á í málskoti. Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur V sér heimilt að fella niður ábyrgð sína í heild vegna tjóns M, sbr. 26. gr. vsl. og gr. 28.1 í almennum skilmála. Verði ekki fallist á aðalkröfu V um niðurfellingu á bótaskyldu er þess krafist til vara að ábyrgð V verði skert og sé úrskurðarnefndinni eftirlátið að meta hæfilegt skerðingarhlutfall með hliðsjón af atvikum máls, sbr. lokamálslið 26. gr. vsl.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri kröfur og rök ítrekuð auk þess sem frekari rök eru færð fyrir málatilbúnaði M.

Álit.

Óumdeilt er að M urðu fyrir tjóni þegar tveimur rafmagnsreiðhjólum í þeirra eigu var stolið það sem þeim hafði verið læst í reiðhjólastandi fyrir utan verslunarmiðstöð. Í 14. gr. skilmála fyrir ferðatryggingu þá sem M var með hjá V er fjallað um varúðarreglur. Í grein 14.3 segir eftirfarandi: *„Tryggður skal ekki skilja við tryggða muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.“* Þá segir í grein 14.6: *„Tryggður skal geyma reiðhjól sín innandyra.“* V byggir á því að sök M hafi verið veruleg þar sem mikil verðmæti hafi verið skilin eftir í tæpar tvær klukkustundir eftirlitslaus fyrir utan fjölfarna verslunarmiðstöð og hafi hjólunum verið læst með einföldum lás sem auðvelt hafi verið að skera í sundur. V telur að framangreint brot M á varúðarreglum eigi að leiða til þess að heimilt sé að fella niður ábyrgð V í heild sbr. 26. gr. vsl. og gr. 28.1 í almennum skilmálum V. Í gr. 28.1 í almennum skilmálum V kemur fram að vátryggðum sé skylt að fara eftir þeim varúðarreglum sem fram koma í skilmálum V.

Nefndin telur ekki forsendur til að túlka umrædda skilmála jafn þröngt og V byggir á. Þvert á móti fellst nefndin á þau rök M að umrædd háttsemi þeirra hafi verið í samræmi við það sem telja megi hefðbundna og almennt viðurkennda meðferð reiðhjóla og hafi því ekki falið í sér verulega sök í skilningi 26. gr. vsl. Varðandi framangreint mat telur nefndin engu skipta hvort reiðhjólin stóðu á vöktuðu svæði eða ekki. Eftir sem áður hafi það verið forsvaranlegt og eðlilegt af hálfu M að skilja hjólin eftir læst í þar til ætluðum hjólastandi. Nefndin, sem áréttar að ekki er ágreiningur um að hjólin voru læst, hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M eigi fullan bótarétt úr ferðartryggingunni hjá V vegna rafmagnsreiðhjólanna tveggja sem óumdeilt er að stolið var.

Niðurstaða.

M eiga fullan bótarétt úr ferðatryggingu sinni hjá V vegna tveggja rafmagnsreiðhjóla sem stolið var.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 250/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. júní 2026.
2. Bréf V dags. 22. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. ágúst 2026 ásamt fylgiskjölum.
5. Ódags. viðbótarathugasemdir M.
6. Viðbótarathugasemdir V dags. 2. september 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi keypt ábyrgðartryggingu fyrir vörubifreiðar með krana en við kaupin hafi verið tekið fram að allar ábyrgðartryggingar fyrir kranavinnu ættu að fylgja. Hinn 20. ágúst 2025 hafi orðið tjón þegar M var að hífa gám fyrir viðskiptavin sinn, en krókurinn hafi húkkast úr gámnum að framanverðu og hann skollið til jarðar. Við það hafi orðið verulegt tjón á gámnum og innihaldi hans.

V hafi hafnað bótaskyldu þrátt fyrir að M væri með kranastjórnendatryggingu ásamt öllum mögulegum kranatryggingum. Ástæðan sem V hafi sett fram fyrir höfnun hafi verið sú að M væri ekki með víðtæka kranatryggingu. Ef vörubifreiðin hefði bakkað á gáminn eða gámurinn fallið af palli vörubílsins hefði tjónið verið bótaskylt. Forsvarsmaður M hafi ekki haft neina vitneskju um að tryggingin væri ekki víðtæk enda hafi honum ekki verið boðið neitt val varðandi það. Við kaup á vátryggingum hjá V hafi hann þó sérstaklega tekið fram að hann vildi kaupa allar kranatryggingar og hafi söluráðgjafi V fullyrt að þær væru allar innifaldar.

Í málskoti lýsir forsvarsmaður M mikilli óánægju með afstöðu V. Söluráðgjafi V sé sérfræðingur í vátryggingum og hafi því átt að vita betur en hann hvað væri innifalið og hvað ekki. Sjálfur hafi hann aldrei heyrt um víðtæka kranatryggingu en hefði hún verið kynnt fyrir honum hefði hann að sjálfsögðu óskað eftir að hún væri í pakkanum. Beri sölumaðurinn, og þar með V á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar, ábyrgð á því að það hafi ekki verið gert. Vísar M máli sínu til stuðnings m.a. til þeirra ákvæða laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er varða ráðgjöf, upplýsingagjöf og þarfagreiningu. Ljóst sé að V hafi ekki uppfyllt óskir M við töku vátryggingarinnar og sitji M því upp með tjón sem annað vátryggingarfélag, hefði M verið í viðskiptum þar, hefði bætt.

Í bréfi V til nefndarinnar er því sérstaklega mótmælt að söluráðgjafi V hafi haldið því fram að allar ábyrgðartryggingar fyrir kranavinnu væru innifaldar í vátryggingu þeirri sem M keypti. Hafi þá engin gögn verið lögð fram þeirri staðhæfingu til stuðnings. Er þá vísað til þess að á tjónsdegi hafi M haft í gildi ábyrgðartryggingu atvinnureksturs. Hafi verið vakin sérstök athygli á því á tryggingarskírteini að vátryggingin tæki ekki til vörsluábyrgðar nema sérstaklega væri um það samið. Með þeirri áritun hafi M verið veittar skýrar upplýsingar um umfang vátryggingarinnar. Hafi M aldrei óskað þess að bætt yrði við hana víðtækri kranatryggingu. M hafi borið að kynna sér efni umræddrar vátryggingar og því til stuðnings vísar V til dóms Hæstaréttar i máli nr. 297/2003.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. ítrekað að söluráðgjöf V hafi verið munnleg en ekki skrifleg eins og lög kveði á um. Hvíli það því á V að sýna fram á að víðtæk kranatrygging hafi ekki verið innifalin samkvæmt sölumanni, enda hafi M sérstaklega óskað eftir að allar kranatryggingar væru innifaldar. Upplýsingar um að umrædd vátrygging næði ekki til vörsluábyrgðar hefðu þá átt að liggja skýrlega fyrir við töku tilboðs V. Ekki sé nægilegt að taka það fram á vátryggingarskírteini enda hafi M þá verið búið að samþykkja tilboð V, sem að sögn hafi innifalið allar kranatryggingar. Hvergi hafi þá verið tekið fram að víðtæk kranatrygging væri ekki innifalin.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir ítrekaðar. Er þá tekið fram að þegar tjónið varð hafi M haft umræddan gám í vörslu sinni vegna flutnings á honum. Af skilmálum umræddrar vátryggingar sé ljóst að hún taki ekki til þeirra muna sem vátryggður hafi í vörslu sinni, s.s. við flutning á þeim.

Er jafnframt tekið fram að V hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort M beri skaðabótaábyrgð á umræddu tjóni. Gögn um atvik að baki tjóninu séu af afar skornum skammti og ekki liggi fyrir hverjar ástæður þess að gámurinn losnaði frá króknum séu. Þar af leiðandi liggi ekki fyrir hvort tjónið verið rakið til atriða sem M beri ábyrgð á, þ.e. hvort það falli undir gildissvið vátryggingarinnar.

Í síðari viðbótarathugasemdum M kemur fram að í kranakróknum séu tvær tveggja metra tveggja leggja keðjur, eða samtals fjórir krókar. Þessum fjórum krókum hafi verið krækt í öll fjögur hífiaugu gámsins. Gámnum hafi þá verið lyft upp og yfir pall vörubifreiðar, snúið og svo skotið út til að koma honum á réttan stað. Við stöðvun kranans hafi komið slinkur á gáminn og ein keðjan hafi spennt upp öryggislás í kranakróki með þeim afleiðingum að gámurinn féll á afturhluta vörubílspallsins og þaðan á malbikið. Hafi M þurft að bera tjónið sem af þessu hlaust.

Í síðari viðbótarathugasemdum V er lýst þeirri afstöðu að atvikalýsing M bendi ekki til þess að kranastjórinn hafi farið óvarlega eða brotið gegn góðum venjum, þvert á móti virðist sem óhappatilviljun hafi orsakað tjónið. Sé því ósannað að umrætt tjón falli undir gildissvið ábyrgðartryggingar M hjá V.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins var M á tjónsdegi með frjálsa ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V. Ekkert liggur fyrir um að M hafi keypt aðrar vátryggingar vegna starfsemi sinnar hjá V. Samkvæmt skilmálum sínum tekur ábyrgðartrygging atvinnurekstrar til skaðabótaábyrgðar utan samninga sem fellur á vátryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini. Svo stofnist til skaðabótaábyrgðar utan samninga þarf að sýna fram á að tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis viðkomandi, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem viðkomandi verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Gögn um tildrög þess að gámurinn féll á vörubifreið og þaðan á malbikið eru af skornum skammti, en jafnvel þó byggt sé á lýsingu M á atvikum verður ekki ráðið af henni að tjónið verði rakið til atvika sem M verði gert að bera skaðabótaskyldu vegna. Þannig ber umrædd atvikalýsing ekki með sér að starfsfólk M hafi gert mistök, framkvæmt umrædda hífingu í trássi við fyrirmæli eða viðurkennt verklag, eða að útbúnaðurinn sem notaður var til hífingar hafi verið haldinn ágalla af einhverju tagi. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sé ekki fyrir hendi.

Þess utan kemur fram í 5. gr. skilmála vátryggingarinnar, og er þess jafnframt getið í vátryggingarskírteini, að vátryggingin taki ekki til skemmda á munum sem vátryggður hefur í vörslu sinni, m.a. vegna flutnings þeirra. Verður að telja að það eigi við um umræddan gám.

Verður því að telja ljóst að umrædd vátrygging tekur ekki til þess tjóns sem varð á umræddum gámi hinn 20. ágúst 2025.

Kemur þá til skoðunar hvort meint vanræksla V við sölu á vátryggingunni kunni að leiða til þess að bótaskylda V sé fyrir hendi. Engin gögn, önnur en frásögn forsvarsmanns M, liggja fyrir nefndinni um samskipti M og V í aðdraganda þess að vátryggingin var keypt. Verður því að telja ósannað að V hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og eftir atvikum lögum um dreifingu vátrygginga nr. 62/2019.

Verður M að bera hallann af framangreindum sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu þess.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar M hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 252/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að þann 10. nóvember 2023 hafi verið tilkynnt um slys þar sem kona, þ.e. M, og barn hafi fallið ofan í skurð. Þegar lögreglan kom á vettvang voru sjúkraflutningamenn að hlúa að M sem lá á bakinu ofan í djúpum skurði, þ.e. 2,3-2,5 m á dýpt. Breidd skurðarins var 1,7-1,9 m. Þá er m.a. tekið fram í lögregluskýrslunni að svarta myrkur hafi verið á vettvangi og engin lýsing hafi verið á svæðinu nema í fjarska. Einnig kemur fram að keila hafi verið staðsett á göngustíg þeim sem M kom eftir og viðvörunarborði strengdur yfir stíginn í 94 cm hæð. Þá er í skýringartexta lögreglu með ljósmynd m.a. tekið fram að vettvangurinn hafi verið girtur af með viðvörunarborðum og vinnutækjum.

Í málskoti byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar, enda hafi ekki verið gripið til fullnægjandi ráðstafanna til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Máli sínu til stuðnings bendir M m.a. á að í reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, sé mælt fyrir um að gera skuli sérstakar ráðstafanir til að hindra aðgang óviðkomandi á hættusvæðum, svo sem skurðum. Þá skuli koma upp greinilega merktum skiltum sem gefi til kynna hættu og banna viðkomandi umferð, auk þess sem skilti og svæði skuli vera vel upplýst svo glöggt megi sjá svæðið. Í sömu reglum sé jafnframt kveðið á um að gera skuli viðeigandi ráðstafanir við uppgröft til að koma í veg fyrir að fólk, efni eða hlutir falli. Sömuleiðis telur M það leiða af 2. mgr. 16. gr. lögreglusamþykktar fyrir A að þegar gerður sé skurður í gangstétt skuli sá sem vinnur verkið tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, m.a. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálma, t.d. með ljósum, glitmerkjum eða sambærilegum aðvörunum þegar dimmt er. Þá komi jafnframt fram að sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda skuli hjáleið tryggð og afgirt frá umferð ökutækja innan þéttbýlismarka og annars staðar þar sem umferð er mikil. M færir í málskoti frekari ítarleg rök fyrir kröfu sinni.

Í athugasemdum V er því alfarið hafnað að X hafi vanrækt öryggisskyldur sem á honum hafi hvílt í umrætt sinn. Bendir V m.a. á að af lögregluskýrslu og ljósmyndum sem hafi fylgt með henni, verði með skýrum hætti ráðið að X hafi gripið til sýnilegra og markvissra ráðstafanna til að koma í veg fyrir aðgang almennings að atvinnusvæðinu. Þar sjáist að grafa hafi að öllu leyti lokað göngustígnum sem M hafi gengið eftir. Auk þess hafi keila með endurskinsmerki verið staðsett á miðjum göngustígnum fyrir framan gröfuna og gulur viðvörunarborði verið strengdur þvert yfir stíginn í 94 cm hæð. Vinnusvæðið hafi því verið afmarkað með þeim hætti að M hafi átt að gera sér grein fyrir því að aðgangur að svæðinu væri bannaður vegna framkvæmda og hættu sem þeim væri samfara. Þá vísar V til þess að það komi fram í málskoti að M hafi gengið undir arm gröfunnar til að komast leiðar sinnar. Þar sem viðvörunarborðinn hafi verið strengdur beint fyrir framan gröfuna telur V því liggja fyrir að til þess að komast undir arm gröfunnar hafi M fyrst þurft að víkja út af göngustígnum og fara annað hvort undir eða yfir viðvörunarborðann. Telur V því liggja fyrir að M hafi meðvitað farið fram hjá augljósum og skýrt merktum öryggisráðstöfunum. Þá færir V rök fyrir því að þó lýsing á vettvangi kunni að hafa verið takmörkuð breyti það ekki framangreindu

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að af ljósmyndum lögreglu verði „með skýrum hætti“ ráðið að af hálfu X hafi verið gripið til sýnilegra og markvissra öryggisráðstafana og að grafa hafi verið staðsett þvert yfir göngustíginn þannig að hún hafi „lokað honum að öllu leyti“. Telur M að framangreind lýsing V á aðstæðum gangi lengra en fyrirliggjandi gögn sýni fram á. Í því sambandi tekur

M fram að þó það megi eftir á greina legu göngustígs, vinnuvélar og þeirrar einu keilu sem staðsett var fyrir framan hana, af ljósmyndum lögreglu, leiði það ekki til þess að þessi atriði hafi verið greinanleg fyrir M þegar slysið varð. Í lögregluskýrslu sé sérstaklega tekið fram að svartamyrkur hafi verið á vettvangi og engin lýsing á svæðinu. Við þær aðstæður hafi M eðli máls samkvæmt ekki áttað sig með skýrum hætti á því hvar hinn eiginlegi göngustígur lá eða hvar jaðar hans endaði. Þá verði af ljósmyndunum ráðið að gröfunni hafi verið lagt yfir sjálfan göngustíginn með þeim hætti að svæði við jaðar hans, undir eða við arm gröfunnar, hafi áfram staðið opið. Frágangurinn hafi því ekki falið í sér samfellda lokun gönguleiðarinnar og því ekki til þess fallinn að gera gangandi vegfaranda ljóst að óheimilt eða hættulegt væri að fara þar fram hjá. M hafi hvorki séð keiluna né gröfuna sjálfa og fyrst orðið vör við gröfuna þegar hún rakst í arm hennar. Það eina sem hún hafi orðið vör við hafi verið viðvörunarborðinn sem hún hafi gengið á og farið undir eftir að fjögurra ára dóttir hennar hafði farið á undan henni. Það að vinnuvél hafi verið lagt á göngustíginn jafngildir því ekki að mati M að aðgangur að hættusvæðinu hafi verið hindraður með tryggilegum hætti. Frágangurinn hafi ekki falið í sér fasta eða samfellda girðingu sem gat komið í veg fyrir að gangandi vegfarandi, og þá sérstaklega ungt barn, kæmist inn á svæðið og áfram að hinum djúpa skurði. M telur að framangreint skipti verulegu máli við mat á þeirri fullyrðingu V að M hafi meðvitað farið fram hjá augljósum og skýrt merktum öryggisráðstöfunum. Sú staðreynd að grafa, sem M hafi ekki komið auga á vegna myrkurs, hafi staðið þvert yfir göngustíginn sýni ekki fram á að henni hafi verið ljóst hvaða hætta var fram undan eða að hún hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að fara inn á hættusvæði. Við mat á því hvort um fullnægjandi öryggisráðstafanir hafi verið að ræða verði að horfa til aðstæðna í heild. Að mati M var frágangurinn bersýnilega ekki fullnægjandi miðað við þá verulegu fallhættu sem fyrir hendi var. M áréttar í þessu samhengi þær reglur sem vísað sé til í málskoti, þ.e. reglur nr. 547/1996, 2. mgr. 16. gr. lögreglusamþykktar fyrir A og leiðbeiningar Vinnueftirlitsins nr. 2/1990. Af ljósmyndum lögreglu og öðrum gögnum málsins sé ljóst að þær öryggisráðstafanir sem viðhafðar voru á slysdegi hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem leiða af framangreindum reglum um afmörkun hættusvæðis, hindrun aðgangs, viðvörun og fullnægjandi lýsingu, ólíkt því sem V haldi fram í athugasemdum sínum. Það að keila hafi verið búin endurskinsmerki leiði heldur ekki sjálfkrafa til þess að hún hafi verið nægilega sýnileg við þær aðstæður sem voru á vettvangi. Endurskinsmerki sé háð því að ljós falli á það og M hafi verið gangandi vegfarandi, án framljósa eða annars ljósgjafa sem beindist að keilunni. V vísi ekki til neinna gagna sem sýni að birta frá fjarlægum ljósum hafi verið nægileg til þess að keilan, viðvörunarborðinn eða aðrar ráðstafanir væru greinilega sýnilegar gangandi vegfarendum.

Í viðbótarathugasemdum V er byggt á að ósannað sé að slysið verið rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis X. Tekur V fram að það dragi ekki í efa að lýsing á vettvangi hafi verið takmörkuð. Ágreiningurinn lúti hins vegar að því hvaða þýðingu þær birtuaðstæður hafa í ljósi þeirra öryggisráðstafana sem hafi verið viðhafðar á svæðinu og þeirrar háttsemi sem M hafi sjálf lýst. Þannig hafi M lýst því svo að hún hafi gengið á viðvörunarborðann og síðan farið undir hann. Hún hafi því ekki gengið óhindrað áfram eftir göngustígnum, heldur hafi hún þurft að fara fram hjá áþreifanlegri hindrun sem ætlað var að afmarka framkvæmdasvæðið. Eftir það hafi hún þurft að fara undir arm gröfunnar til að komast áfram. Jafnvel þótt fallast yrði á að M hafi ekki gert sér grein fyrir dýpt skurðarins eða séð gröfuna áður en hún rakst í arm hennar verður atvikalýsing hennar vart skilin öðruvísi en svo að henni hafi þá mátt vera ljóst að hún væri komin að afmörkuðu framkvæmdasvæði sem ekki var ætlað almennri umferð. Takmörkuð lýsing breytir því ekki að hún hafi þurft að fara fram hjá þessum hindrunum til að komast áfram. Að fjögurra ára barn hennar hafi farið á undan henni breyti ekki þeirri staðreynd að hún hafi sjálf farið undir borðann og haldið áfram inn á svæðið. Að öðru leyti er vísað til fyrri athugasemda V frá 5. ágúst 2026 og þau sjónarmið og rök ítrekuð sem þar komi fram

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á afleiðingum líkamstjóns þess sem M varð fyrir 10. nóvember 2023. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að ósannað sé að tjón M verði rakið til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á. Mögulegur bótaréttur M byggir annað hvort á sakarreglunni eða reglunni um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar athafnar eða athafnaleysis X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Af göngum málsins verður ráðið að eftir að hafa grafið djúpan skurð sem m.a. þveraði göngustíg hafi X gripið til ráðstafana til að vara gangandi vegfarendur við þeirri hættu sem stafaði af framkvæmdunum.

Þegar hins vegar horft er til þess að svarta myrkur var á slysstað og engin lýsing á svæðinu nema í fjarska og að um var að ræða djúpan skurð sem þveraði hefðbundna gönguleið og var til þess fallinn að skapa umtalsverða hættu, telur nefndin að framangreindur frágangur X hafi ekki verið fullnægjandi. Frágangurinn var því t.d. að mati nefndarinnar í andstöðu við þær kröfur sem leiða má af reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð og 2. mgr. 16. gr. lögreglusamþykktar fyrir A. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M.

Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu telur nefndin ástæðu til að fjalla um það hvort háttsemi M hafi verið með þeim hætti að rétt sé að láta hana bera hluta tjóns síns sjálf. Af gögnum málsins má ráða að til þess að komast að umræddum skurði hafi M t.d. þurft að fara fram hjá keilu sem stóð á göngustígnum og undir viðvörunarborða sem strengdur var þvert yfir göngustíginn. Þrátt fyrir að mikið myrkur hafi verið á slysstað mátti M því vera það ljóst að hún fór inn á afmarkað og lokað vinnusvæði, nokkuð sem gæti boðið hættunni heim. Nefndin telur því að slysið verði að hluta til rakið til gáleysis M sem telja verði það verulegt að rétt sé að M beri helming tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en heimilt er að skerða bæturnar um 50% vegna eigin sakar M.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 253/2026.
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging og ábyrgðartrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, á árinu 2022, gengist undir tvær aðgerðir hjá X vegna æðahnúta. Í kjölfar þeirra hafi hún þjáðst af viðvarandi verkjum í fótum og verið óvinnufær. Vegna þessa hafi hún krafist bóta úr sjúklingatryggingu og ábyrgðartryggingu X en V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 3. mars 2026.

Atvik hafi nánar tiltekið verið þau að hinn 29. júní 2022 hafi M leitað til X samkvæmt tilvísun frá heimilislækni og þá hafi verið ákveðið að framkvæma aðgerð á vinstri fæti hennar hinn 1. júlí 2022. Í endurkomu vegna þeirrar aðgerðar, 10. ágúst 2022, hafi M óskað eftir því að framkvæmd yrði aðgerð á hægri fæti hennar og hafi sú aðgerð farið fram 21. október 2022. Þá hafi einnig verið framkvæmd aðgerð á perforanti á vinstri kálfa M. M hafi komið í endurkomu eftir aðgerðina 2. nóvember 2022 og þá lýst dofa við vinstri ökkla og verkjum en áður hafi hún lýst slíkum einkennum í samskiptum við heilsugæslu. Hafi M verið tjáð að verkir og eymsli ættu að mestu að hverfa. Það hafi ekki gerst og hafi afleiðingar aðgerðanna leitt til óvinnufærni M. Við endurkomu 30. maí 2023 hafi engin breyting til hins betra verið orðin á líðan hennar. Hafi M sótt endurhæfingu og tekið lyf vegna einkenna sinna.

Samkvæmt læknabréfi Y, dags. 19. september 2023, hafi M „greinilega orðið fyrir einhverjum taugaskaða“ og í kjölfar þess hafi M gengist undir taugarannsóknir. Í samskiptaseðli læknisins Z, dags. 13. desember 2023, komi fram að verkir M túlkist sem taugaskaði eftir aðgerð á varecum 2022.

Byggt er á því að M eigi rétt á skaðabótum á grundvelli 1., 3., eða 4. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Í því samhengi er bent á að V virðist ganga út frá því að orsakatengsl séu milli dofa og verkja M í ökkla og þeirrar meðferðar sem hún gekkst undir. Afstaða V sé hins vegar sú að um venjulegan fylgikvilla sé að ræða sem ekki verði rakinn til mistaka X eða þess að beita hefði mátt öðrum aðferðum við meðferð X. Sé það í raun kjarni ágreinings aðila.

Af hálfu M er í fyrsta lagi byggt á því að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu. Umfang og eðli tjóns M eftir aðgerðina bendi til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis við aðgerðina enda sé stórfelldur varanlegur skaði eftir aðgerð af þessu tagi ekki eðlileg útkoma. Er vísað til áðurnefnds læknabréfs Y í þessu samhengi og þess að samkvæmt mati Z sé orsakasamband milli aðgerðanna og kvilla M. Er jafnframt vísað til þess að X hafi viljað sjá til með verkina í nokkra mánuði og því hafi M þurft að bíða verkjuð og án svara um margra mánaða skeið.

Í öðru lagi er byggt á 3. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu þar sem M telji að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð hennar. Jafnvel þó aðferðin sem beitt var hafi verið viðurkennd og ríkjandi á heimsvísu bendi umfangsmiklir kvillar M í kjölfar aðgerða til þess að beita hafi mátt annarri aðferð. Er þá áréttað að M hefði þurft að fá viðurkennda og viðeigandi meðferð í kjölfar þess að fylgikvillar komu fram.

Í þriðja lagi er byggt á 4. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu enda sé tjón af fylgikvilla M meira en svo að sanngjarnt sé að hún þoli það bótalaust. Sú lífsgæðaskerðing sem M búi við sé á slíku stigi að það sé í engu samræmi við það sem búast megi við eftir æðahnútaaðgerð. Sjúklingar sem gangast undir æðahnútaaðgerð, en æðahnútar séu almennt minniháttar kvilli, eigi ekki að þurfa að gera ráð fyrir því að hætt sé við að líf þeirra umturnist í kjölfarið. Hafi X enda tjáð M að verkir og eymsli ættu að hverfa að mestu eða öllu leyti.

Er jafnframt byggt á því að sjúkdómsgreining hafi mögulega ekki verið rétt og að það hafi orsakað tjón M, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Er þá vísað til þess að M hafi verið vinnufær fyrir aðgerðirnar, og þess að það sé ekki rétt sem fram komi í sjúkraskrárfærslu Þ að verkir hafi byrjað á árinu 2019, enda hafi því síðar verið hnekkt. Sé því sýnt fram á orsakasamband umræddra aðgerða og einkenna M. Er jafnframt vísað til sjúkrafærslu læknisins Z, dags. 28. febrúar 2025, þar sem fram komi að hann telji orsakasamband milli aðgerðanna og núverandi einkenna.

Af öllu framangreindu leiði að M hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu.

Þá telur M jafnframt að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi, enda hafi verið um að ræða frávik frá þeirri háttsemi sem reikna megi með af sérfræðingi og við mat á háttsemi X beri að beita strangri sakarábyrgð.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að ekkert óvænt eða óvenjulegt hafi komið upp í aðgerðunum og ekkert í fyrirliggjandi gögnum bendi til þess að mistök hafi átt sér stað. Við endurkomu hinn 2. nóvember 2022 hafi M lýst verkjum og dofa við vinstri ökkla og hafi einkenni hennar að mati X bent til þess að skaði hafi orðið á yfirborðstaug. Slíkt sé ekki óalgengur fylgikvilli æðahnútaaðgerða og erfitt að fyrirbyggja en oftast jafni þetta sig að mestu eða öllu leyti með tímanum. Í upplýsingablaði sem afhent sé fyrir æðahnútaaðgerð komi fram að skaði á yfirborðstaugum komi fram í 1 til 5% tilvika og jafni sig oftast en í undantekningatilvikum verði einkenni viðvarandi.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu sé það skilyrði bótaskyldu að tjónið megi „að öllum líkindum“ rekja til atvika sem falli undir lögin. Það sé tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á það. Ef ekki er hægt að slá orsök tjóns fastri, eða ef líklegt er að tjón hefði orðið óháð meðferðinni, sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Þessi líkindaregla sé t.a.m. staðfest í dómi Hæstaréttar í máli nr. 388/2012.

Er þá tekið fram að aðferðin sem beitt var við aðgerðirnar sé ríkjandi á heimsvísu, feli í sér minna inngrip en þær aðferðir sem áður tíðkuðust og ekki sé um það að ræða að aðrar aðferðir séu tiltækar. Eftir aðgerðirnar hafi komið fram hjá M staðbundinn yfirborðstaugaskaði við vinstri ökkla sem sé hvorki óvenjulegur né sjaldgæfur fylgikvilli. Önnur einkenni sem M lýsi geti að mati V ekki verið rakin til aðgerðanna. Er í því samhengi sérstaklega vísað til sjúkraskrárfærslu Þ, dags. 18. október 2024, þar sem m.a. komi fram að sjúkraskrá M lýsi dreifðu verkjavandamáli frá árinu 2019 með verulegri færniskerðingu. Þá komi einnig fram þar að um áberandi starfræna einkennamynd sé að ræða og að fastmótaðar hugmyndir M um upphaf einkenna samrýmist ekki sjúkrasögu í sjúkraskrá. Allskýrar vísbendingar séu um dreift verkjaheilkenni frá a.m.k. 2019. Ekki sé þá rétt að þessi lýsing Þ hafi síðar verið dregin til baka eða henni hnekkt og komi umfjöllun um starfrænan uppruna einkenna M einnig fram í umfjöllun annarra lækna. Þá komi fram að M hafi farið í rannsókn vegna gruns um taugakerfisröskun í október 2023. Í sjúkraskrá komi fram að taugarit hafi talist eðlilegt og engin merki um staðbundið eða dreift úttaugamein sem hefði áhrif á grófa úttaugaþræði. Þá komi fram í sjúkraskrá, dags. 15. nóvember 2023, vangaveltur læknis um að um sé að ræða „komplikationir“ vegna viðvarandi bakverkja og verkja niður í fætur. Í rannsókn taugalæknisins Æ, dags. 29. nóvember 2023, komi m.a. fram að við skoðun hafi M truflað skyn og húðskyn á ákveðnum bletti sem samkvæmt Y geti verið fylgikvilli æðahnútaaðgerðar og lítið við því að gera. Einnig komi fram starfræn einkenni og þessir víðtæku verkir við alla skoðun á neðri útlimum séu þess líkir. Æ hafi upplýst M um að hún sæi enga örugga röskun á taugakerfi og ekki merki um taugaklemmu og að verkir séu oft sambland af líkama og sál.

Sé samkvæmt framangreindu ekkert sem bendi til þess að X hafi gert mistök við framkvæmd aðgerðanna eða að meðferð hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hafi verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á sviðinu. Eigi ákvæði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu því ekki við. Hvað varði 3. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu þá sé með öllu ósannað og beinlínis rangt að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.

Hvað varði 4. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu þá sé ekki óalgengt að aðgerðir sem þessar hafi í för með sér truflað skyn og húðskyn á ákveðnum bletti og séu sjúklingar upplýstir um það. Röksemdir M hvað varðar bótaskyldu á grundvelli þessa ákvæðis byggi á því að M hafi hlotið umfangsmikil og alvarleg einkenni í kjölfar aðgerðanna sem ekki sé sanngjarnt að hún þoli bótalaust.

Að mati V sé sú röksemdarfærsla ekki í neinu samræmi við fyrirliggjandi gögn um einkenni M og þær ályktanir sem læknar hafi dregið um orsök þeirra. Í málskoti sé byggt á umfjöllun Z, sem sé heimilislæknir. Í málinu liggi hins vegar fyrir ítarlegar rannsóknir og skoðanir taugalækna sem séu sérfróðir á því sviði og geti mat heimilislæknis ekki hnekkt þeim.

Hafi M samkvæmt framangreindu ekki staðið undir þeirri sönnunarbyrði sem á henni hvíli varðandi það að skilyrði 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt.

Hvað varði bótakröfu úr starfsábyrgðartryggingu X þá liggi ekkert fyrir í gögnum málsins sem beri með sér að X hafi valdið M tjóni með háttsemi sem talist geti saknæm eða ólögmæt samkvæmt reglum skaðabótaréttar. Séu því engar forsendur til að ætla að M geti átt rétt á bótum á þeim grundvelli.

Álit.

Rétt til bóta samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu eiga, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu til starfans. Í 1. mgr. 2. gr. kom fram að bætur skyldi greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að *öllum líkindum* rekja tjónið til nánar tilgreindra atvika sem tiltekin eru í fjórum töluliðum.

M byggir kröfu sína í fyrsta lagi á 1. tl. sem var svohljóðandi: *1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.* Er í þeim efnum byggt á því að eitthvað hljóti að hafa farið úrskeiðis við umræddar aðgerðir. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ekki ráðið að framkvæmd aðgerðanna hafi verið ábótavant eða að vikið hafi verið frá viðurkenndum aðferðum eða starfsháttum. Ekki liggja fyrir nefndinni gögn sem gefi til kynna að mistök hafi orðið við framkvæmd aðgerðanna eða að meðferðin hafi verið hagað með öðrum hætti en almennt tíðkast við sambærilegar aðstæður. Verður því ekki talið að sýnt sé fram á að skilyrði 1. tl. séu uppfyllt.

M byggir kröfu sína einnig á 3. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu en hún var svohljóðandi*: 3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.* Til þess að bótaskylda verði reist á þeim grundvelli þarf því að liggja fyrir að önnur meðferðaraðferð hafi verið tiltæk og að hún hefði getað veitt sambærilegan meðferðarávinning og sú aðferð sem beitt var. Ekkert læknisfræðilegt mat er fyrirliggjandi hvað þetta varðar og virðist í raun óumdeilt að sú aðferð sem beitt var hafi verið viðurkennd og ríkjandi við meðferð æðahnúta. Verður bótaskylda því ekki byggð á 3. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Þá byggir M kröfu sína á 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu en hún var svohljóðandi: *4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.* Við mat á því hvort bótaskylda á grundvelli þessa ákvæðis komi til álita kemur því til skoðunar á því hvort M hafi orðið fyrir tjóni að slíku umfangi og hvort það megi „að öllum líkindum“ rekja til þeirrar meðferðar sem hún hlaut hjá X.

Af gögnum málsins verður ráðið að staðbundin truflun á skyni vegna skaða á yfirborðstaug geti komið fram eftir æðahnútaaðgerðir og að sjúklingar séu upplýstir um þá áhættu. Slík einkenni gangi oftast til baka, þótt þau geti í undantekningartilvikum orðið viðvarandi.

M hefur hins vegar lýst mun víðtækari og alvarlegri einkennum en þeim staðbundna taugaskaða sem lýst er sem þekktum fylgikvilla aðgerðanna. Það liggur þá fyrir nefndinni að meta hvort þau einkenni eða tjón sem M býr við í dag sé að öllum líkindum að rekja til læknisaðgerða X.

Í læknabréfi æðaskurðlæknisins Y, dags. 19. september 2023, sem vísað er til í málskoti segir m.a.: *Greinilega orðið fyrir einhverjum taugaskaða en það sem passar nú ekki inn í þetta er þessi verkur sem hún fær upp í trochantersvæði vi megin og jafnvel upp í bak og þessi slappleiki í fætinum við gang og að hún verður að styðja sig við hækju. Þessi hyperesthesia parasthesia distalt sjálfsagt er vegna laseraðgerðarinnar, hefur ekkert gengið til baka. Í ljósi þessa tel ég rétt að fá álit neurologs á þessu*

máli...“. Eftir því sem nefndin kemst næst er hyperesthesia parasthesia distalt breytingar á húðskyni og verður fyrrgreint læknabréf því ekki túlkað sem svo að fullyrt sé að hin umfangsmiklu verkjaeinkenni sem M býr nú við verði rakin til umræddra aðgerða.

Í læknabréfi taugasérfræðingsins Æ, dags. 29. nóvember 2023, kemur m.a. fram að því hafi verið velt upp hvort M væri með brjósklos. Segulómmynd af baki hafi þó verið eðlileg svo og tauga- og vöðvarit á vinstri hlið sem leiddi ekki í ljós taugatruflun í vinstri fótlegg eða vöðvum. Þá kemur fram að við skoðun sýni M truflað skyn og húðskyn á ákveðnum bletti sem samkvæmt Y geti verið fylgikvilli æðahnútaaðgerðar og lítið við því að gera. Þá segir í áliti Æ: *Við skoðun koma einnig fram starfræn einkenni og þessir víðtæku verkir við alla skoðun á neðri útlimum eru þess líkir.* Þá hafi Æ upplýst M um að hún sæi enga örugga röskun á taugakerfi og ekki merki um taugaklemmu.

Af framangreindu má draga þá ályktun að sú skyntruflun sem lýst er sé að öllum líkindum að rekja til aðgerðarinnar, en ekki verður annað ráðið en að þar sé um þekktan og ekki mjög sjaldgæfan fylgikvilla að ræða. Sá kvilli einn og sér virðist þó ekki skýra það verkjaástand sem M býr við og ekki er sýnt að hann sem slíkur sé meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli hann bótalaust, sbr. orðalag 4. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu.

Í samskiptaseðli heilsugæslulæknisins Z, dags. 13. desember 2023, segir m.a.: *Túlkast sem taugaskaði eftir aðg. á varecum 2022,“.* Hins vegar kemur þar einnig fram að segulómmynd af baki, ómskoðun af æðum og taugaleiðnipróf séu eðlileg eða gefi að minnsta kosti ekki skýringu. Sé greinilega um flókið samspil að ræða og erfitt að útskýra.

Í læknabréfi Þ endurhæfingarlæknis, dags. 18. október 2024, segir m.a. að sjúkraskrá lýsi dreifðu verkjavandamáli frá árinu 2019 og séu allskýrar vísbendingar um dreift verkjaheilkenni frá þeim tíma. Þá sé M með mjög fastmótaðar hugmyndir um upphaf einkenna sem ekki samræmist sjúkrasögu.

Samhliða umsókn um örorkubætur, dags. 28. febrúar 2025, er að finna umfjöllun heilsugæslulæknisins Z. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram: *Undirritaður telur vera orsakasamband á milli æðahnútaaðgerða og núverandi einkenna. Lífvísindalegar rannsóknir hafa ekki getað staðfest eða fundið skýringar á þessum einkennum nema hugsanlega „Causaliga“, þ.e. „kortslutnng“ á taugaendum við aðgerðina þá sem ófyrirséður fylgikvilli en ekki mistök.* Eftir því sem nefndin kemst næst er causalgia sjaldgæft staðbundið verkjaheilkenni, sem getur m.a. orsakast af taugaskaða. Af gögnum málsins verður ekki séð að M hafi fengið formlega greiningu um causalgia og af heildstæðu mati fyrirliggjandi gagna verður að telja að óvissa sé uppi um það hvað valdi þeim miklu einkennum sem M býr við.

Af framangreindu og heildstæðu mati á þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja, virðist, þrátt fyrir að sýnt sé að heilsu M hafi hrakað talsvert á árinu 2022, of mikil óvissa uppi um orsakir einkenna M svo unnt sé að telja að þau sé að öllum líkindum að rekja til umræddra aðgerða. Er bótaskylda á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu því ekki fyrir hendi.

M byggir einnig á því að sjúkdómsgreining hafi mögulega ekki verið rétt og að það hafi valdið henni tjóni, sbr. 1. mgr. 3. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu en hún var svohljóðandi*: Greiða skal bætur fyrir tjón sem hlýst af því að sjúkdómsgreining er ekki rétt í tilvikum sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2. gr.* Ekki verður annað ráðið af þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir liggja en að M hafi þjáðst af æðahnútum og liggja engin gögn fyrir er styðji það að um ranga sjúkdómsgreiningu hafi verið að ræða. Verður bótaskylda því ekki byggð á þessu atriði.

Að þessu virtu verður ekki talið að skilyrði 1., 3. eða 4. tl. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Þá liggja ekki fyrir gögn til stuðnings því að um ranga sjúkdómsgreiningu hafi verið að ræða, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Verður bótaskylda samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu því ekki talin fyrir hendi.

Hvað varðar kröfu M úr starfsábyrgðartryggingu X verður að leggja til grundvallar hefðbundnar sönnunarreglur skaðabótaréttar. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sem verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að mistök hafi átt sér stað við aðgerðirnar eða að X hafi vikið frá þeirri faglegu háttsemi sem gera mátti kröfu til við þær aðstæður sem uppi voru. Þrátt fyrir að um stranga sérfræðiábyrgð sé að ræða í tilviki X hefur M því ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á henni hvílir hvað þetta varðar.

Er samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu eða ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 254/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. júní 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. ágúst 2026.

Málsatvik.

Hinn 17. október 2022 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, en M var ökumaður hinnar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi borið alla sök á umræddum árekstri.

Í málskoti kemur fram að V hafi, með bréfi dags. 8. júlí 2025, hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M á grundvelli þess að um vægan árekstur hafi verið að ræða sem ólíklegt sé að hafi getað valdið varanlegu líkamstjóni. Einnig byggi V á því að M hafi leitað læknis vegna sömu einkenna fyrir slysið og þá sé útilokað að brjósklos sem M greindist með í júní 2024 geti verið að rekja til þess.

Í málskoti er í fyrsta lagi mótmælt sönnunargildi svokallaðrar PC-Crash skýrslu sem V hafi aflað einhliða en slíkar skýrslur einar og sér séu engin sönnun þess að líkamstjón geti ekki hafa hlotist af árekstri. Er vísað til dómafordæma og úrskurða nefndarinnar því til stuðnings. Jafnvel þó litið væri til niðurstaðna skýrslunnar megi ráða af ökuhraða bifreiðanna og ákomum á þær að höggið af árekstrinum hafi verið töluvert.

Hvað varði einkenni M fyrir slysið þá hafi hún leitað læknis vegna verkja í olnboga og mjóbaki hinn 10. október 2019 og vegna verkja í mjóbaki hinn 26. nóvember 2020. Sé um að ræða tvær komur og sú seinni hafi átt sér stað tveimur árum fyrir slysið. M hafi hins vegar leitað oft til læknis vegna einkenna frá mjóbaki eftir slysið og megi leiða af framangreindu að þau einkenni sem hún glímdi við fyrir slysið hafi gengið til baka, eða í öllu falli að verkir í baki og olnboga hafi versnað umtalsvert í kjölfar þess. Þá hafi hún í kjölfar slyssins verið greind með tognun/ofreynslu á hálshrygg, en fyrir slysið hafi M ekki leitað læknisaðstoðar vegna einkenna frá hálsi. Þá hafi einkenni frá brjóstbaki einnig komið til eftir umrætt slys. Með hliðsjón af því að M hafi leitað á Læknavaktina daginn eftir slysið svo og fjölda koma hennar á heilsugæslu verði að telja verulega meiri líkur en minni á því að það hafi leitt til líkamstjóns hennar. Vísar M til fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna framangreindu til stuðnings. Er þá tekið fram að M hafi sótt sjúkraþjálfun í yfir 100 skipti frá slysinu vegna verkja og skertra hreyfinga í hálsi, brjóstbaki og mjóbaki með leiðniverkjum. Eigi M samkvæmt öllu framangreindu fullan og ótakmarkaðan rétt til bóta vegna líkamstjóns að því marki sem sýnt verði fram á slíkt tjón með matsgerð, sem og greiðslu bóta vegna sjúkrakostnaðar, kostnaðar við gagnaöflun og öflun matsgerðar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess sem fram komi í bréfi þess til M dags. 8. júlí 2025. Er þá vísað til þess að í lokavottorði læknisins X komi fram að samkvæmt nótum heilsugæslunnar hafi mörg einkenni M verið til staðar fyrir áreksturinn. Sé að mati V vafi á sönnun orsakatengsla milli þess lágorkuáreksturs sem M hafi lent í og þeirra einkenna sem hún reki til hans. Sé því þar af leiðandi hafnað af hálfu V að standa að frekari gagnaöflun vegna málsins.

Álit.

Samkvæmt framangreindu snýst ágreiningur aðila um það hvort orsakatengsl séu milli áreksturs A og B hinn 17. október 2022 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans.

V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins. Einkum þarf að líta til læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, s.s. fyrra heilsufari og líkamsstöðu. Þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar er því unnt að sýna fram á líkamstjón með framlagningu annarra gagna, einkum læknisfræðilegra.

Fyrir liggur að M leitaði á Læknavaktina daginn eftir áreksturinn, þ.e. 18. október 2022 og lýsti þá verkjum aftan í hálsi og í mjóbaki. Fékk hún greiningu um tognun/ofreynslu á hálshrygg og tognun og ofreynslu á lendhrygg. Af sjúkraskrá M má þá ráða að hún hafi næst leitað til læknis, þ.e. á heilsugæslu, vegna einkenna sem hún rekur til slyssins hinn 27. apríl 2023, eða um hálfu ári síðar. Lýsti hún þá verkjum í hálshrygg og lendhrygg auk þess sem hún hefði verið í vandræðum með bak og olnboga. Kom jafnframt fram að M væri loks að byrja í sjúkraþjálfun eftir langa bið. Af sjúkraskrá heilsugæslu má þá ráða að í kjölfarið hafi M leitað nokkuð oft þangað vegna einkenna frá hálsi og baki og fengið ávísað verkjalyfjum og vottorð um óvinnufærni.

Fyrirliggjandi eru tvö læknisvottorð sem bæði eru rituð af lækninum X, annað þeirra er dags. 11. nóvember 2024 en hitt 17. mars 2026. Segir m.a. þar að í nótu dags. 26. nóvember 2020 komi fram að bakverkur sé í mjóbaki, sem hafi hrjáð M undangengin tvö ár en versnað undanfarið. Þá hafi M einnig leitað til læknis 10. október 2019 vegna verkja frá olnboga og mjóbaki. Í lokaorðum vottorðs dags. 11. nóvember 2024 kemur fram að mörg einkenni M hafi verið til staðar fyrir áreksturinn. Í lokaorðum vottorðs dags. 17. mars 2026 kemur einnig fram að telja verði líklegt að bakverkir M hafi versnað við bílslysið og að áverkar á baki og olnboga sem M hlaut þá hafi haft áhrif á lífsgæði hennar. Verður þá ekki ráðið af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum að M haf kvartað undan einkennum frá hálsi fyrir umræddan árekstur.

Eins og að framan er rakið virðist núverandi einkennum M að nokkru leyti svipa til fyrri einkenna, en af læknisfræðilegum gögnum má ráða að M hafi glímt við þrálátan bakverk a.m.k. frá árinu 2019 og greinst með brjósklos á árinu 2024. Það að M hafi áður verið með einkenni frá baki girðir þó ekki fyrir það að hún hafi getað fengið ný einkenni í kjölfar slyssins eða að fyrri einkenni hennar hafi versnað. Af fyrrgreindu læknisvottorði, dags. 17. mars 2026, má ráða að slík versnun hafi átt sér stað og fær sú ályktun jafnframt stuðning í öðrum fyrirliggjandi gögnum.

Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður því að telja að M hafi sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við umræddan árekstur þó umfang þess tjóns liggi ekki fyrir. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, þ.m.t. greiðslu sjúkrakostnaðar, skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, vegna kostnaðar við gagnaöflun um varanlegar afleiðingar líkamstjóns hennar.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 257/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar vegna hundaeigenda.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. júlí 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. júlí 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 14. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 21. júlí 2025 hafi M verið á göngu með hund sinn, Y, þegar hundurinn Z í eigu A, sem kom úr gagnstæðri átt, reif sig lausan frá eiganda sínum og réðst á Y. M kveðst hafa reynt að verja sig og Y fyrir árás Z og við það hafi hún fallið í brekku og slasast. Í gögnum málsins kemur jafnframt fram að A hafi tekist að skilja hundana að, en hlotið við það bitáverka á hægri hendi. A hafi kallað til lögreglu, en farið af vettvangi áður en hún mætti á staðinn og leitað á slysadeild vegna bitsins. M hafi einnig leitað á bráðamóttöku í kjölfar atviksins og reynst vera með brotáverka á hægra hné.

M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu sem sveitarfélagið X hefur hjá V, fyrir eigendur hunda sem skráðir eru í sveitarfélaginu. Byggir M kröfu sína á því að A hafi sýnt af sér aðgæsluleysi við vörslur hundsins Z, sem leitt hafi til þess að Z tókst að slíta sig lausan og ráðast á M og Y. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir sönnun um neina saknæma háttsemi A. Byggir V m.a. á því að samkvæmt frásögn A hafi Z losnað vegna þess að krækja sem festi taum við beisli hundsins hafi opnast eða gefið sig. M gerir athugasemdir við að þessar skýringar A hafi ekki komið fram við skýrslutöku hjá lögreglu, sem hafði samband við A í kjölfar atviksins, og að ekki hafi gefist færi á að sannreyna þær þar sem A var farinn af vettvangi áður en lögreglu bar að. Byggir M á því að tök A á taumi Z hafi verið ófullnægjandi og athygli hans á umhverfi og aðstæðum ekki nægjanleg, en þetta hafi leitt til þess að Z tókst að slíta sig lausan. Vísar M til þess að Z hafi verið í eigu A frá árinu 2023 og ætti A því að þekkja vel til hundsins og skapferlis hans. Í athugasemdum til nefndarinnar hafnar V því að sýnt hafi verið fram á aðgæsluleysi A, enda hafi Z verið í taumi í aðdraganda atviksins og samkvæmt frásögn A hafi hann aldrei áður lent í sambærilegu atviki. Telur V að um sé að ræða ófyrirsjáanlegt óhappatilvik.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst samkvæmt framansögðu um það hvort líkamstjón sem M varð fyrir við umrætt atvik sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu sem X er með í gildi hjá V. Umrædd vátrygging er ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga og felur ekki í sér hlutlæga ábyrgð á tjóni sem hundar kunna að valda. Það er því forsenda bótaskyldu að eigandi eða umráðamaður hundsins hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður ráðið að óumdeilt sé að Z hafi verið í taumi og í vörslum A í aðdraganda atviksins, en síðan slitið sig lausan. Ágreiningur er með aðilum um hvort þetta hafi gerst með þeim hætti að A missti tök á taumi Z, eða hvort festing á taumnum hafi gefið sig. Óháð því telur nefndin ekki sýnt fram á að háttsemi A í aðdraganda atviksins hafi vikið frá því sem almennt má krefjast við vörslur hunds á göngu, þannig að skaðabótaskylda hafi stofnast. Engin gögn liggja fyrir nefndinni sem benda til þess að skapgerð Z eða önnur atvik hafi gefið A tilefni til að ætla að hann kynni að rífa sig lausan umrætt sinn. Verður því að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu sé ekki til staðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bæjarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Jóhann Tómas Sigurðsson Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 259/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. júlí 2026, ásamt fylgiskjali.
2. Athugasemdir V1, dags. 23. júlí 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Athugasemdir V2, dags. 27. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & Öryggi (A&Ö) gerði varð árekstur þann 2. apríl 2026 með bifreiðunum A, sem M ók, og B. Í skýrslunni kemur eftirfarandi fram um aðdraganda árekstursins: Ökumaður A, sem var kyrrstæð í bifreiðastæði á bifreiðaplani, þ.e. í stöðureit, hugðist aka A út úr stæðinu. B var ekið eftir bifreiðaplaninu fram hjá A til norðurs. A var síðan ekið áfram úr stöðureit og beygt til hægri. B sem hafði verið stöðvuð á bifreiðaplaninu eftir að henni hafði verið ekið fram hjá A, var á sama tíma bakkað eftir bifreiðaplaninu með þeim afleiðingum að árekstur varð milli bifreiðanna, þ.e. B var bakkað inn í vinstri hlið A. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni A, þ.e. M, að hann hafi ætlað að aka út úr bílastæði. Eftir að B hafi verið ekið eftir bifreiðaplaninu fram hjá A, segist M hafa ekið af stað út úr bílastæðinu. Þá hafi B, sem hafi verið stöðvuð á bílaplaninu, hins vegar verið bakkað á vinstri hlið A sem þá hafi verið komin alveg út úr bílastæðinu. Segir M að A hafi verið á mjög litlum hraða er áreksturinn varð. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið út á enda bílaplans án þess að finna bílastæði. Hann hafi því verið að bakka B þegar A hafi skyndilega verið ekið áfram út úr bílastæði. Hafi B þá lent á A.

Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að ökumaður A bæri helming sakar fyrir að aka úr kyrrstöðu í veg fyrir aðra umferð og að ökumaður B bæri helming sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir aftan sig áður en hann ók aftur á bak. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu, enda telur hann að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Í málskoti byggir M á því að hann hafi ekkert getað gert til þess að koma í veg fyrir áreksturinn. Hann hafi gefið stefnuljós og ekið að stað áfram úr bílastæðinu eftir að B hafði verið ekið fram hjá A. Hann hafi því ekki ekið af stað fyrr en hann var þess fullviss að leiðin væri greið. Á því augnabliki hafi B verið í talsverðri fjarlægð, líklega 15-20 metra. Hann hafi því talið sér óhætt að aka af stað og hafi ekki þurft að reikna með því að B yrði bakkað á A með þeim hætti sem raunin varð.

Í athugasemdum V1, en þar var A ábyrgðartryggð, kemur fram sú skoðun að rétt sé að skipta sök til helminga milli ökumanna A og B. Því til stuðnings er bent á að í 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé fjallað um akstur aftur á bak og akstur úr kyrrstöðu. Komi þar fram í 1. mgr. 20. gr. að áður en ökumaður ekur ökutæki aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Í 2. mgr. 20. gr. komi fram að áður en ökumaður ekur af stað frá vegbrún skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Af þessum ákvæðum sé því ljóst að jöfn aðgæsluskylda hvíli á þeim ökumönnum sem viðhafi þá háttsemi að aka af stað úr kyrrstöðu óháð því hvort ekið sé áfram eða aftur á bak. Þá bendir V1 á að bæði A og B hafi verið á ferð er áreksturinn varð og hvorugur þeirra hafi orðið hins var. Því sé ljóst að hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega að umferð í kringum sig við akstur úr kyrrstöðu annars vegar áfram og hins vegar aftur á bak. Því sé það skoðun V1 að skipa beri sök jafnt milli ökumanna A og B. Þessu til frekari stuðnings bendir V1 á úrskurði nefndarinnar í málum nr. 143/2010 og 341/2011 þar sem atvik hafi verið með sambærilegum hætti og gildi um mál M.

Í athugasemdum V2, en þar var B ábyrgðartryggð, er tekið undir þá niðurstöðu tjónanefndar að rétt sé að skipta sök jafnt milli ökumanna A og B. Tekur V2 fram að óumdeilt sé að A hafi verið ekið úr kyrrstöðu í veg fyrir B og því hafi M gerst brotlegur við 2. mgr. 20. gr. umferðalaga nr. 77/2019. Þá hafi ökumaður B ekki gætt nægjanlega að sér við akstur aftur á bak og því gerst brotlegur við 1. mgr. 20. gr. sömu laga. V2 telur því ekki forsendur til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að B hafi verið kominn fram hjá A og alveg út í enda á bílaplaninu. Hafi M verið að keyra mjög hægt út úr bílastæðinu og verið búinn að rétta A af þegar B hafi verið bakkað á A.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að ágreiningur er uppi um hvernig beri að skipta sök, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, vegna árekstursins milli A og B. Nefndin telur með vísan í fyrirliggjandi gögn, þ.e. fyrst og fremst skýrslu frá A&Ö, að leggja beri til grundvallar að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi brotið gegn 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og ökumaður B hafi brotið gegn 1. mgr. 20. gr. sömu laga. Í þessum ákvæðum kemur annars vegar fram að áður en ökumaður ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og hins vegar að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Með vísan til framangreinds hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að skipta sök jafnt milli ökumanna A og B, enda gefi fyrirliggjandi gögn ekki tilefni til annarrar sakarskiptingar.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera jafna sök á árekstrinum 2. apríl 2026.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 260/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Vátryggingartaki (X)

Tjónsatburður. Orsakatengsl. Hugtakið slys í vátryggingarétti.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 4. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 19. mars 2025 hafi M orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X. Þá kemur einnig fram að viku síðar, þ.e. 26. mars, hafi smollið eitthvað í baki M þegar hann hafi í vinnunni tekið upp og lyft veggeiningu. Í málskotinu er vinnuslysinu 19. mars lýst svo að M hafi verið við vinnu fyrir utan verkstæði X ásamt starfsfélaga sínum. Hafi þeir verið að taka til í geymsluskúrum undir veggeiningar fyrir húseiningar. Þegar þeir hafi verið að færa til veggeiningar úr stæðum í gámnum hafi u.þ.b. 7-10 einingar hrunið á M. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins um atburðinn 26. mars er að finna eftirfarandi atvikalýsingu: „Starfsmaður var að færa veggeiningu fyrir húseiningu (Schafy hús). Starfsmaðurinn sneri upp á sig og fær illa í bakið. Tognaði í baki, við að færa veggeiningu."

V hefur fallist á að M eigi bótarétt úr slysatryggingu launþega vegna slyssins 19. mars en hafnað bótrétti út tryggingunni vegna atburðarins 26. mars. M sem fellir sig ekki við þá niðurstöðu byggir á því að líkamstjónið sem hafi raungerst 26. mars hafi verið bein og óhjákvæmileg afleiðing fyrra slyssins. Telur M að hið síðara líkamstjón hefði ekki orðið ef hið fyrra hefði ekki komið til. Því sé um samverkandi orsakir að ræða. Því krefst M þess að nefndin staðfesti að hann eigi rétt á að fá allt líkamstjóns sitt bætt úr slysatryggingu launþega hjá V. Í málskoti færir M síðan ítarleg rök fyrir framgreindu. M mótmælir sértaklega þeirri afstöðu V að um tvö aðskilin atvik hafi verið að ræða og aðeins það fyrra teljist bótaskylt slys í skilningi tryggingarinnar.

Í athugasemdum bendir V á að af málskoti verði ráðið að M telji að um einn og sama tjónsatburð sé að ræða eða a.m.k. að orsakatengsl séu á milli vinnuslyss 19. mars 2025 og atviks 26. mars sama ár. V hafi samþykkt bótaskyldu úr slysatryggingu launþega vegna vinnuslyssins 19. mars 2025. V hafni hins vegar bótaskyldu vegna atviksins 26. mars 2025. V leggur áherslu á að samkvæmt skilmála fyrir slysatryggingu launþega séu bætur greiddar vegna slyss sem tryggður verði fyrir. Samkvæmt gr. 4.1 sé með hugtakinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. V telur að miðað við fyrirliggjandi lýsingu á hinu umdeilda atviki sé ekkert sem bendi til þess að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M. Að sama skapi geti atvikið ekki talist til þess skyndilega atburðar sem átti sér stað 19. mars. Að mati V verði því afleiðingar óbótaskylds atviks ekki felldar undir ábyrgð V á vinnuslysinu 19. mars, enda skorti orsakatengsl á milli vinnuslyssins og þess atviks sem varð viku síðar. Hér sé því um tvo aðskilda atburði að ræða en ekki samverkandi tjónsorsakir auk þess sem V beri ekki ábyrgð samkvæmt skilmálum á orsökum atviksins 26. mars.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort M eigi bótarétt úr slysatryggingu launþega hjá V vegna líkamstjóns sem hann hafi orðið fyrir við vinnu sína hjá X þann 26. mars 2025. Eins og komið hefur fram byggir M kröfu sína á því að líkamstjónið 26. mars hafi verið bein og óhjákvæmileg afleiðing af vinnuslysinu 19. mars sama ár, enda hefði hið síðara líkamstjón ekki orðið ef hið fyrra hefði ekki komið til. Því sé um samverkandi orsakir að ræða og M eigi því rétt á að fá allt líkamstjón sitt bætt úr slysatryggingunni. V byggir hins vegar á því að um tvo aðskilda tjónsatburði sé að ræða og aðeins í fyrra tilvikinu verði líkamstjón M rakið til slyss í skilningi tryggingarinnar. Því eigi M ekki bótarétt úr slysatryggingu launþega vegna afleiðinga atburðarins 26. mars 2025.

Það er M að sanna þá fullyrðingu sína að líkamstjónið 26. mars hafi í raun verið afleiðing af vinnuslysinu 19. mars, og því eigi hann rétt á að fá allt tjónið bætt úr slystryggingunni. Nefndin telur að þau hlutlægu gögn sem liggja fyrir í málinu dugi ekki til þess að framangreind fullyrðing M teljist sönnuð. Þannig fær nefndin ekki séð að fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn bendi til þess að afleiðingar atburðarins 26. mars verði raktar til vinnuslyssins 19. mars. Nefndin fellst því á þau rök V að um tvö aðskilin tjónsatvik sé að ræða.

Af fenginn þeirri niðurstöðu þarf að taka afstöðu til þess hvort M hafi orðið fyrir slysi í skilningi slysatryggingar launþega þann 26. mars 2025. Í skilmálum fyrir slysatryggingu launþega er hugtakið slys skilgreint svo: *„Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerir án vilja hans.“* Eins og áður hefur komið fram er atburðinum 26. mars þannig lýst í tilkynningu til Vinnueftirlitsins að M hafi tognað við að færa til veggeiningu. Nefndin telur því að gögn málsins bendi ekki til þess að líkamstjón það sem M kann að hafa orðið fyrir í umrætt sinn verði rakið til utanaðkomandi atburðar. Því á M ekki bótarétt úr slysatryggingu launþega hjá V vegna afleiðinga atburðarins 26. mars 2025.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V vegna afleiðinga tjónsatburðarins 26. mars 2025.

Reykjavík, 8. september 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Lilja Ragnarsdóttir

Mál nr. 263/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 17. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu og tilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína 8. desember 2025, er hann féll um þrjá metra af vinnupalli í nýbyggingu. M var að afhenda steypu á steypudælu og gekk eftir vinnupallinum, en þegar hann kom út á enda pallsins sporðreistist „sliskjan“, þ.e. gólfborð vinnupallsins, undan honum með þeim afleiðingum að M féll niður og sliskjan með honum. M lenti á steyptri plötu og var fluttur á sjúkrahús með höfuðáverka og fleiri meiðsli. Vinnueftirlitinu var tilkynnt um slysið og daginn eftir var gerð takmörkuð úttekt á aðstæðum. Í úttektarskýrslunni segir: *„Fallvarnir á vinnusvæði við [A] eru ófullnægjandi. Handrið og endalokanir vantar víða á verkpöllum, handrið vantar á stiga í stigagangi. Jafnframt vantar handrið við op í lyftuhúsi. Sliskjur á vinnupöllum sem eru utan á steypumótum eru of langar og standa því langt út fyrir mótið og er sett stoð undir enda til að auka stöðugleika.“* Þá er í skýrslunni mynd með eftirfarandi texta: *„Sliskja með stoð undir. Stoð undir sliskju eins og gaf sig þegar slysið varð, handrið og endalokun vantar. Endinn í þessu tilviki er óvarið op í lyftuhúsi.“* Gaf Vinnueftirlitið í kjölfar þessarar skoðunar út eftirfarandi fyrirmæli: *„Öll vinna við óvarin op og á vinnupöllum er bönnuð þar til úrbætur hafa verið gerðar í samræmi við fyrirmæli þessarar eftirlitsskýrslu og banni aflétt af Vinnueftirlitinu.“* Ítarlegri úttekt var gerð við reglubundna skoðun Vinnueftirlitsins á verkstað 16. desember 2025. Voru þar gerðar frekari athugasemdir við skort á fallvörnum og uppsetningu vinnupalla, auk annarra atriða. Í þeirri skýrslu segir m.a.: *„Fyrirmæli: Tryggja skal öryggi starfsfólks við vinnu á vinnupöllum. Setja skal upp á vinnupalla. Yfirfara þarf alla palla og sliskjur og gera þær úrbætur sem krafist er. Þá skal tryggja að ekki séu hættuleg bil milli vinnupalla og veggjar. […] Leiðbeiningar: Ávallt skal tryggja öruggar fallvarnir við vinnu á vinnupöllum.“*

Vegna slyssins gerir M kröfu í ábyrgðartryggingu verktakans X, sem setti upp vinnupallinn. Byggir M á því að slysið megi rekja til hættulegra og óforsvaranlegra aðstæðna á vinnustað; vinnupallurinn hafi verið rangt upp settur og verktakinn hafi brugðist skyldum sínum skv. 13., 14., 37., 42. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vvl.) með því að tryggja ekki nægar öryggisráðstafanir á svæðinu. Einnig byggir M á því að slysið megi rekja til skorts á fallvörnum, en veruleg fallhætta hafi verið samfara því að dæla steypu á vinnupalli í þriggja metra hæð. Telur M að viðeigandi fallvarnir, svo sem handrið, öryggispallar eða persónulegur fallvarnarbúnaður hefðu getað dregið verulega úr slysahættu. Um þetta vísar M til nokkurra ákvæða í B-hluta IV. viðauka reglugerðar nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Bendir M á að Vinnueftirlitið hafi gert athugasemdir bæði við uppsetningu vinnupallsins og við skort á fallvörnum, og hafi eftir skoðun sína þann 9. desember 2025 lagt bann við allri vinnu við óvarin op og á vinnupöllum, þar til úrbætur hefðu verið gerðar. Telur M ljóst að X og starfsmenn hans hafi vanrækt að uppfylla lögbundnar kröfur um öryggi á verkstað og að sú vanræksla hafi orðið til þess að M slasaðist með þeim hætti sem raun bar vitni. Beri X því fulla skaðabótaábyrgð á tjóni M, sem bætast skuli úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í athugasemdum V er því andmælt að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna hans. Áhersla er lögð á að sönnunarbyrði fyrir þessu hvíli á M, en V telji ekki að sú sönnun hafi tekist. V bendir á að í skýrslu lögreglu, sem kom á vettvang slyssins, komi ekkert fram um að vinnupallurinn eða sliskjan hafi verið vanbúin eða að uppsetning hafi verið andstæð reglum og venjum. Þvert á móti komi þar fram að sliskjan hafi verið sett upp með sama hætti og önnur sambærileg sliskja á vettvangi,

með undirsláttarstoð. Telur V ekki annað verða ráðið af gögnum en að um sé að ræða hefðbundna og viðtekna uppsetningu við uppsteypuvinnu. Sú ráðstöfun að setja stoð undir enda sliskjunnar hafi verið beinlínis til þess gerð að auka stöðugleika hennar, líkt og fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins.

Að mati V verði ekki dregin sú ályktun af eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins eftir úttektina 9. desember 2025 að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi X. Í skýrslunni sé lýst aðstæðum á vinnusvæðinu í heild og settar fram almennar ábendingar og fyrirmæli um úrbætur, m.a. um handrið og endalokanir á verkpöllum. Hins vegar sé því hvergi slegið föstu að uppsetning þeirrar sliskju sem M féll af hafi brotið í bága við tiltekin lagaboð eða reglur. Engin matsgerð dómkvadds matsmanns eða önnur hlutlæg sérfræðileg sönnunargögn liggi fyrir um meintan vanbúnað og hvorki hafi komið til refsimáls né stjórnvaldsviðurlaga á hendur X vegna slyssins. Það eitt að stoð undir sliskju hafi runnið til þegar M steig út á enda hennar feli ekki í sér sönnun um saknæma háttsemi, enda geti slys orðið án þess að nokkrum verði um kennt. Loks byggir V á því að jafnvel þó talið yrði að einhverjir þeirra annmarka sem Vinnueftirlitið gerði athugasemdir við á vinnusvæðinu fælu í sér frávik frá reglum, þá sé ekki orsakasamhengi milli þeirra annmarka og slyss M. Orsök fallsins hafi verið sú að sliskjan sporðreistist þegar M steig út á þann enda hennar sem stóð út fyrir steypumótið. Meintur skortur á handriðum og endalokunum standi í engu samhengi við orsök slyssins og hefði það ekki afstýrt falli M þó þau væru til staðar. Loks bendir V á það að M hafi sjálfur farið út á enda sliskjunnar, þ.e. þann hluta hennar sem stóð út fyrir steypumótið. M hafi verið reyndur dælumaður og hafi honum mátt vera ljóst að gæta þyrfti sérstakrar varúðar við að stíga út á enda sliskju í tæplega þriggja metra hæð. Verði komist að þeirri niðurstöðu að skaðabótaábyrgð sé til staðar byggir V þess vegna á því til vara, að M verði sjálfur að bera tjón sitt að stærstum hluta vegna eigin sakar.

Álit.

Ágreiningur í þessu máli snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X vegna líkamstjóns M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar, eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X, eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. M byggir á því líkamstjón hans megi rekja til saknæmrar vanrækslu X, eða starfsmanna hans, við að tryggja öryggi þeirra sem sinntu störfum á vinnupöllum sem X hafði sett upp í nýbyggingu í smíðum. Það liggur fyrir að það hvílir á M að sýna fram á að tjón hans megi rekja til vanbúnaðar á umræddum vinnupöllum, eða annarra saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna hans, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við það að sliskja á vinnupalli sporðreistist þegar hann steig út á enda hennar. Jafnframt kemur fram að vinnupallarnir sem um ræðir voru festir utan á steypumót og að sliskjan var of löng miðað við steypumótið, þannig að hún stóð töluvert út fyrir vinnupallinn. Undir lausan enda sliskjunnar hafði verið sett stoð, en hún gaf sig þegar M steig út á enda sliskjunnar með þeim afleiðingum að sliskjan sporðreistist og féll til jarðar. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, sem unnin var við úttekt á verkstað daginn eftir slysið, eru gerðar athugasemdir við þennan frágang á vinnupöllunum og var í kjölfar úttektarinnar lagt bann við vinnu á vinnupöllum þar til úrbætur hefðu farið fram. Nefndin fellst ekki á þær röksemdir V að athugasemdir Vinnueftirlitsins hafi einungis snúið að því að handrið og endalokanir vantaði á pallana, enda er jafnframt ljóst að þessi uppsetning vinnupallanna er í beinni andstöðu við fyrirmæli reglugerðar nr. 729/2018 um röraverkpalla, einkum 11. gr., sem og 16. gr. B-hluta IV. viðauka reglugerðar nr. 547/1996. Telur nefndin að með því að ganga frá uppsetningu vinnupallsins á þennan hátt hafi starfsmenn X sýnt af sér saknæma háttsemi, sem orsakað hafi slys M. Á því ber X skaðabótaábyrgð. Ekkert liggur fyrir um að M hafi sýnt af sér slíkt gáleysi við vinnu sína eða umgengni um vinnupallinn að forsendur séu fyrir því að skerða bætur hans vegna eigin sakar.

Nefndin hefur þannig komist að þeirri niðurstöðu að X beri fulla skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Á M því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V, að því marki sem hann getur sýnt fram á tjón sitt.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 273/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 18. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M lenti í umferðarslysi 17. október 2023. Hafi M í umrætt sinn verið að hjóla þegar bifreiðinni A hafi verið ekið í veg fyrir hann. Hafi M reynt að bremsa en án árangurs og því hafi orðið árekstur milli A og hjólsins. Í kjölfar slyssins hafi M leitað á læknavaktina þar sem læknir hafi skoðað hann. Sé haft eftir M að hann finni til í síðunni og sé „eitthvað laus“ í hnjánum en ekki með verki. Við skoðun hafi hreyfigeta M verið góð og engin bakeymsli. Þá hafi verið væg eymsli paraspilnalt thoraco-lumbalt hægra megin. Hafi M verið greindur með bakverk. Á þessum tíma hafi M verið í sjúkraþjálfun vegna annarra þátta og hafi sjúkraþjálfarinn veitt M leiðsögn samhliða annarri meðferð. Í málskoti er síðan tekið fram að í fyrstu hafi áverkar M eftir slysið 2023 ekki virst til þess fallnir að hafa mikil áhrif á hann. Með tímanum hafi þeir þó farið að plaga M sífellt meira og hafi hann verið óvinnufær heilu daganna vegna verkja af þessum sökum. M hafi því leitað til heilsugæslunnar. Kemur fram í samskiptaseðli að M lýsi því svo að hann sé verkjaður í bakinu á morgnanna og vakni stundum á nóttinni verkjaður og að þetta hafi áhrif á vinnugetu hans. Hafi M þá verið vísað til sjúkraþjálfara. Þegar M hafi leitað til V þá hafi bótarétti verið hafnað, m.a. með þeim rökum að ekki væri sýnt fram á orsakatengsl milli þeirra einkenna sem há M og árekstursins. M sem sættir sig ekki við þá niðurstöðu telur sig eiga rétt á að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Telur M orsakatengsl fullsönnuð enda sýni læknisfræðileg gögn að M glími við afleiðingar sem megi með beinum hætti rekja til árekstursins. M mótmælir því m.a. að það að um lágorku árekstur hafi verið að ræða komi í veg fyrir að orsakatengsl geti verið sönnuð. Þá bendir M á að þó hann hafi verið hjá sjúkraþjálfara fyrir slysið breyti það því ekki að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

Í athugasemdum V er því mótmælt að M hafi sýnt fram á orsakatengsl milli atviksins og þeirra einkenna sem M vilji nú tengja við það, þ.e. einkenna frá baki. V telji því að M hafi ekki fært fram fullnægjandi sönnur fyrir því að bótaskylt líkamstjón hafi orðið umfram tímabundin líkamleg einkenni. Vísar V á afstöðu sína, dags. 17. júlí 2026. Þá bendir V einnig á að í skýrslu frá Árekstur.is á vettvangi komi fram að M finni til í hægri síðu og hægra hné eftir atvikið. Í vottorði Læknavaktarinnar vegna komu þangað í kjölfar slyssins, komi fram að M sé ekki slæmur af verkjum en finni til í síðunni og sé eitthvað laus í hnjánum en ekki með verki. Rúmu ári síðar, þ.e. 9. desember 2024, hafi M leitað til heilsugæslunnar. Hafi þá komið fram að hann hefði fundið til í bakinu af og til síðan atvikið átti sér stað en jafnframt veki athygli að í færslunni komi fram að M finni ekki fyrir einkennum dagsdaglega. M hafi í kjölfarið fengið beiðni í sjúkraþjálfun. Engar frekari komur séu skráðar hjá læknum vegna einkenna eftir slysið og þá hafi ekki verið aflað gagna um fyrra heilsufar eða þá meðferð sem M hafi verið í hjá sjúkraþjálfurum. Þótt fyrir liggi að M hafi leitað á læknavaktina á slysdegi verði ekki fram hjá því litið að við komuna þangað virðist vera um afar væg einkenni að ræða. Í framhaldinu sé aðeins saga um eina komu til læknis og þá sé mjög óljóst að hvaða leyti M hafi leitað til sjúkraþjálfara vegna slyssins enda komi fram í gögnum málsins að hann hafi einnig verið í sjúkraþjálfun vegna annarra atvika. Að mati V skorti því verulega á að sýnt sé fram á læknisfræðilega samfellu og tengingu einkenna til að unnt sé að tengja óljósa bakverki af og til við atvikið. Staðhæfingar M sjálfs, án stuðnings í sjúkragögnum, séu ekki nægilegar til að hægt sé að líta svo á að orsakatengsl séu fyrir hendi. Gögn málsins staðfesti því ekki, með fullnægjandi hætti, annað og meira en tímabundnar kvartanir á slysdegi. Þá bendir V á að ekki virðist hafa verið um harðan árekstur að ræða eða miklar skemmdir á hjólinu. V vísar einnig til þess að sá sem hefur uppi kröfu um vátryggingabætur beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. M beri því að sýna fram á eða gera sennilegt, með haldbærum og hlutlægum gögnum, að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni og að orsakatengsl séu milli hins ætlaða

tjónsatviks og þeirra afleiðinga sem krafist er bóta fyrir. Í ljósi þess að engin gögn liggi fyrir sem staðfesti viðvarandi einkenni í kjölfar atviksins verði eigin frásögn M og ein koma til læknis ári eftir slysið ekki talin fullnægjandi sönnun um varanlegar afleiðingar. Þá bendir V á að M hafi ekki hlutast til um að afla matsgerðar eða læknisfræðileg álits sem sýni fram á orsakatengsl milli atviksins og varanlegra afleiðinga.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar hvort orsakatengsl séu milli árekstursins 17. október 2023 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. Svo bótaskylda vegna líkamstjóns komi til álita hvílir það á M að sýna fram á tjón sitt og að meiri líkur en minni séu til þess að orsakatengsl séu til staðar.

Í málinu er að finna frekar takmarkaðar upplýsingar um læknisfræðilega meðferð M í kjölfar slyssins 2023. Í fyrirliggjandi samskiptaseðli frá læknavaktinni frá slysdegi kemur fram að M hafi þá verið greindur með ótilgreindan bakverk. Segir þar að M hafi ekki verið slæmur af verkjum en finni smávegis til í síðunni og eins sé hann eitthvað laus í hnjánum en þó ekki með verki. Við skoðun hafi M verið verkjalaus í háls- og hnakkafestum. Hreyfi höfuð í bringu og horfi upp í loft og einnig til beggja átta án verkja. Þá hreyfi M hendur alveg yfir höfuð, engir verkir séu í öxlum og engin bakeymsli yfir hryggjartindum. Væg eymsli séu paraspinalt thoraco-lumbalt hægra megin. Þá sé góð hreyfigeta og M teygi hendur með beinar fætur alveg niður í gólf. Enginn vökvi sé í hné, full og verkjalaus hreyfigeta, auk þess sem hnéð sé stabílt. Í gögnum málsins er næst getið um komu M til heilsugæslulæknis 9. desember 2024, þ.e. meira en einu ári eftir áreksturinn. Í samskiptaseðli vegna þeirra komu kemur m.a. eftirfarandi fram: „*Klesst á hæ. Hlið er hann var á hjóli í Vogahverfi síðasta haust, okt. 2023. Bíll var að koma út úr stæði. Fór á læknavakt. Fundið fyrir af og til í bakinu síðan þá. Tengir við árekstur þar sem fann ekki fyrir þessu fyrir það. Er með verki í bakinu á morgnanna. Vaknar upp slæmur af verkjum og vaknar stundum á nóttunni einnig. Finnur fyrir í vinnu stundum…..Var hjá sjúkraþjálfara út af öðru fyrir nokkru síðan og fékk einhverja aðstoð vegna þessa..*“ Greindi læknirinn M með mjóbaksverki og ótilgreindan fylgikvilla aðgerðar. Þá hefur verið upplýst í málinu að M hafi verið hjá sjúkraþjálfara bæði fyrir og eftir slysið 2023. Hins vegar liggja ekki fyrir nein gögn um hvað í þeirri meðferð fólst. Í málinu er ekki að finna gögn um heilsufar M fyrir áreksturinn 2023.

Nefndin telur með vísan í framangreint að þær takmörkuðu upplýsingar sem liggja fyrir um heilsufarslegar afleiðingar árekstursins dugi ekki sem sönnun þess að orsaktengsl séu á milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M vill tengja við hann. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, verður því að telja að M hafi ekki sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn 2023, sem hann kunni að eiga óbætt. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR

Mál nr. 276/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X1) og (X2)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. júlí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. ágúst 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. september 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 9. september 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 2. mars 2024 hafi M orðið fyrir slysi í diskalyftu á skíðasvæði X. Atvik hafi verið þau að M hafi verið á miðri leið upp skíðabrekkuna á snjóbretti þegar hún varð þess vör að lyftan fór að hegða sér undarlega. Þegar hún nálgaðist eitt þeirra mastra sem bar togvír lyftunnar hafi M skyndilega kippst upp frá jörðinni, þeyst upp að toppi mastursins, í um 6,6 metra hæð og skollið á hjólabúnað efst á því. Hafi M hangið þá á hvolfi uns aðstoð barst. Hafi slysið leitt til líkamstjóns hennar.

Á slysdegi hafi X1 verið eigandi svæðisins en X2 rekstraraðili þess en báðir þeir aðilar hafi verið vátryggðir hjá V. Hafi V því verið tilkynnt um slys M. V hafi, með bréfi dags. 27. febrúar 2025, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingum X1 og X2 á grundvelli þess að ekki hefði verið sýnt fram á saknæma háttsemi þeirra. Geti M ekki fellt sig við þau málalok enda byggi afstaða V aðallega á einhliða upplýsingum frá vátryggingartökum án þess að litið hafi verið til þeirra hlutlægu gagna sem liggi fyrir um ástand og virkni búnaðarins.

M byggir á því fyrir nefndinni að X2, og eftir atvikum X1, beri skaðabótaábyrgð á tjóni hennar enda hafi ekki verið gætt að öryggi skíðaiðkenda með tilhlýðilegum hætti. Gögn málsins sýni fram á að togvír hafi farið af hjólasamstæðunni við mastur nr. 2 og fram hjá hjólasamstæðu sem átti að grípa hann. Við það hafi togvírinn færst upp og M einnig. Hafi sá öryggisbúnaður sem var til staðar því ekki þjónað tilgangi sínum. Ljóst sé þá af niðurstöðum skoðana Vinnueftirlits ríkisins í kjölfar slyssins að eftirlit og viðhald með búnaðinum hafi ekki verið nægilega markvisst eða fullnægjandi. Í skoðunarskýrslu þess dags. 4. mars 2024 hafi verið gerð krafa um að skipt yrði um hjól á mastri 2, en við frekari skoðun 6. mars 2024 hafi ekki verið mögulegt að prófa lyftuna þar sem vírinn hrökk ítrekað af. Var notkun lyftunnar í kjölfarið bönnuð. Megi af þessu ráða að vírinn hafi ekki aðeins hrokkið af þegar M var í lyftunni heldur hafi sambærilegt atvik átt sér stað nokkrum dögum síðar. Í kjölfarið hafi verið skipt um hjól og fóðringar og afstaða hjólanna leiðrétt eftir að halli kom fram á mastrinu vegna jarðsigs. V hafi gert lítið úr þessum atriðum og vísað til þess að fóðringar hafi aðeins verið „hálfslitnar“ og hallinn „smávægilegur“. Verði hins vegar að mati M að skoða þessi atriði heildstætt og sýni þau fram á óviðundandi ástand búnaðar á svæðinu. Á slysdegi hafi ár verið liðið frá síðustu skoðun Vinnueftirlitsins, en þess utan leysi slík skoðun vátryggingartaka ekki undan sjálfstæðri skyldu til viðhalds og eftirlits, sbr. og reglugerð nr. 54/1995 um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum. Verði þá einnig að líta til þess að X2 hafi tekið við rekstri svæðisins um fjórum mánuðum fyrir slys M, og þess að ábyrgð hans tók m.a. til viðhalds búnaðar, viðgerða og eftirlits. Fyrri rekstraraðili hafi annast reksturinn í um fimmtán ár, en umrædd lyfta hafi verið framleidd 1974 og reist á svæðinu á árinu 2012. Við þær aðstæður hafi verið sérstakt tilefni fyrir X2 til að kynna sér ástand búnaðarins og sannreyna að nauðsynlegu viðhaldi hefði verið sinnt. Hvorki V né X2 geti hins vegar upplýst hvenær hjólabúnaðurinn við mastur 2 var síðast yfirfarinn eða endurnýjaður og dragi það verulega úr sönnunargildi þeirrar fullyrðingar að viðhald hafi verið reglubundið og fullnægjandi. Engin samtímagögn liggi þá fyrir um hvernig eftirliti á slysdegi hafi verið háttað, en samkvæmt upplýsingum sem V hafi eftir X2 hafi lyftan verið prófuð og sjónskoðuð daglega. Vísar M þá til dóms Hæstaréttar í máli nr. 96/2006 til stuðnings því að rekstraraðili beri hallann af því ef ekki liggja fyrir nægilega greinargóðar upplýsingar um aðstæður á slysstað og öryggisráðstafanir á svæðinu. Þar sem V byggi á því að slithlutir hafi verið yfirfarnir reglulega og endurnýjaðir eftir þörfum verði að gera kröfu um að slíkar staðhæfingar séu studdar gögnum en byggi ekki aðeins á almennri frásögn X2. Eigi það sérstaklega við þar sem gögn málsins sýni fram á að umræddur vír hafi ítrekað hrokkið af eftir slys M. Þá hafi V við höfnun sína

byggt á því að togvírinn geti aðeins farið af hjólunum og fram hjá öryggisbúnaðinum ef mikið hliðarátak kemur á hann, s.s. ef notandi fer of langt til hliðar frá lyftusporinu. M mótmæli því að hún hafi farið út fyrir sporið eða með öðrum hætti valdið óvenjulegu hliðarátaki á vírinn. Hafi M verið byrjandi í snjóbrettaiðkun á slysdegi og því einbeitt sér að því að halda jafnvægi og fylgja sporinu. Þá samræmist þessi skýring illa öðrum gögnum málsins, þ.á.m. því að vírinn hafi ítrekað hrokkið af við skoðanir Vinnueftirlitsins. Jafnvel þótt eitthvað hliðarátak hafi komið á vírinn leysi það þá ekki X2 undan ábyrgð, enda hljóti að liggja ljóst fyrir að notendur fari ekki ætíð í fullkomlega beinni línu upp með lyftunni heldur geti þeir runnið til, misst jafnvægið eða færst til innan lyftusporsins. Þurfi búnaður því að vera með þeim hætti að venjuleg frávik leiði ekki til þess að öryggi notenda sé ógnað. Eftir að togvírinn rann af hjólunum hefði öryggisbúnaður jafnframt átt að grípa hann og stöðva lyftuna samstundis.

Af öllu framangreindu er afstaða M sú að nægilega sé leitt í ljós að slys hennar verði rakið til annmarka á ástandi eða viðhaldi með lyftubúnaðinum, nauðsynlegt eftirlit hafi ekki farið fram eða hafi verið ófullnægjandi. Sé því um saknæma vanrækslu af hálfu vátryggingartaka að ræða.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að eigandi svæðisins og mannvirkja á því hafi verið X1, en sá lögaðili hafi verið lagður niður. Rekstraraðili svæðisins á slysdegi hafi verið X2 sem nú sé hætt rekstri. Um búnaðinn sem slíkan segir að togvírinn renni milli sex hjóla efst í mastrinu og að á hjólunum séu gúmmífóðringar. Ofan á hjólastellinu séu svokallaðir „öryggisskór“ sem ætlað sé að grípa vírinn ef hann losnar af hjólunum en í þessu tilviki hafi vírinn farið fram hjá þeim búnaði. Er því þá mótmælt að litið verði til reglugerðar nr. 54/1995 um skráningu, umsjón og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga, við úrlausn málsins, enda taki hún samkvæmt 1. og 2. gr. ekki til skíðalyfta. Um skíðalyftur hafi á slysdegi gilt reglugerð nr. 1070/2018 um togbrautabúnað til fólksflutninga. Samkvæmt þeim sé gert ráð fyrir árlegri yfirferð Vinnueftirlitsins á skíðalyftum og jafngildi slík skoðun framlengingu starfsleyfis. Hafi slík skoðun farið fram í mars 2023. Liggi því fyrir að kröfur um opinbert eftirlit hafi verið uppfylltar. Ekkert sé fram komið af hálfu M sem sýni fram á að brotið hafi verið gegn þeim reglum sem giltu annars vegar við uppsetningu lyftunnar og hins vegar á slysdegi. Það eitt að slys M hafi átt sér stað geti ekki talist fullnægjandi sönnun á vanrækslu.

Samkvæmt X2 hafi allur hjólabúnaður í lyftunni verið endurnýjaður þegar hún var sett upp á árinu 2012 og eftir það hafi búnaðurinn verið yfirfarinn reglulega og skipt um slitfleti, svo sem legur og gúmmífóðringar á u.þ.b. fjögurra ára fresti. Ekki liggi fyrir hvenær hafi síðast verið skipt um fóðringar í þessu mastri fyrir slysið. Eftir slysið hafi, í samráði við Vinnueftirlitið, verið skipt um þrjú af sex hjólum í mastrinu, legur og fóðringar, sem hafi verið hálfslitnar, en það hafi ekki dugað til. Hafi þá komið í ljós smáskekkja á mastrinu vegna jarðsigs og í framhaldi þess hafi verið ákveðið að skipta um allt hjólastellið og stilla afstöðu hjólanna. Að því loknu hafi verið unnt að opna lyftuna á ný.

Sé það mat X2 að orsök slyssins hafi verið sú að hliðarátak kom á vírinn vegna utanaðkomandi áhrifa. Átakið hafi að líkindum orsakast af jarðvegssigi en einnig kunni notendur lyftunnar að hafa átt þar hlut að máli. Sambærileg bilun hafi ekki komið upp áður en starfsmenn X2 hafi á hverjum morgni farið upp skíðabrekkur og kannað hvort eitthvað væri athugavert við möstur og lyftubúnað. Lyftan hafi einnig verið prufukeyrð mannlaus fyrir opnun á hverjum degi til samræmis við reglur. Hafi lyftan þá verið í notkun allan daginn fyrir slys M án vandkvæða, og hafi hún sjálf m.a. verið búin að skíða í dágóðan tíma.

Verði ekki séð að starfsmenn X2 hafi vanrækt eftirlit eða viðhald og bendi ekkert til þess að þeir hafi mátt verða þess varir við hefðbundið eftirlit að jarðvegssig ylli skekkju á mastrinu. Er þá vísað til þess að sönnunarbyrði þess að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt hvíli á M og er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 57/2023 því til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M er því í fyrsta lagi mótmælt að reglugerð nr. 54/1995 taki ekki til skíðalyfta, enda feli hún ekki í sér tæmandi upptalningu þess búnaðar til fólksflutninga sem hún taki til. Mat á bótaábyrgð vátryggingartaka velti þó ekki á því einu hvort umrædd reglugerð teljist eiga við í málinu.

Að mati M hafi ekki verið sett fram viðhlítandi skýring á því að öryggisskórnir hafi ekki gripið vírinn. Jafnvel þó hliðarátak hafi valdið því að vírinn fór af hjólunum standi eftir að öryggisbúnaður, sem sérstaklega var ætlað að bregðast við slíkum aðstæðum, hafi ekki gegnt hlutverki sínu. Við mannlausa prófun Vinnueftirlitsins hafi vírinn þá ítrekað hrokkið af, sem bendi til þess að slys M megi rekja til ástands og virkni lyftubúnaðarins fremur en háttsemi notenda. Verði þá ekki fallist á að dregið verði úr þýðingu einstakra annmarka með því að vísa til þess að fóðringar hafi aðeins verið hálfslitnar og skekkja mastursins minni háttar. Við sakarmat skipti þá ekki aðeins máli hvað vátryggingartaki hafi vitað um

ástand lyftunnar heldur einnig hvað hann hefði mátt vita hefði hann sinnt viðhalds- og eftirlitsskyldum sínum. Þá liggi engin gögn fyrir er sýni fram á hvernig viðhaldi hafi verið háttað, og sé fullyrðing V um regluleg útskipti á fjögurra ára fresti því ósönnuð. Er því þá mótmælt að dómur Hæstaréttar í máli nr. 57/2023 hafi fordæmisgildi í málinu enda hafi atvik þar verið allt annars eðlis.

Eru fyrri röksemdir og kröfur þá áréttaðar.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að það sé samdóma álit X1 og X2 að hliðarátak sé langlíklegasta og í raun eina skýringin sem hafi fundist á orsökum slyssins. Töluvert hliðarátak hefði þurft til að toga vírinn úr hjólabúnaðinum og út fyrir öryggisskóna. Er þá ítrekað að skekkjan á mastrinu hafi ekki verið kunn og ekki valdið neinum vandamálum fyrir slys M. Sé með öllu ósannað að slysið hefði ekki átt sér stað þrátt fyrir eðlilegar aðgæslukröfur. Hafi V aflað munnlegra upplýsinga frá bæði núverandi og fyrrverandi rekstraraðilum svæðisins, en vorið eftir slysið hafi orðið tjón á gámi sem nýttur var sem skrifstofa fyrir skíðasvæðið. Hafi því öll gögn, m.a. viðhalds- og rekstrarskýrslur, farið forgörðum en rekstraraðilar fullyrði þó að dagbækur hafi verið færðar í samræmi við reglur.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M verði rakið til saknæmrar vanrækslu vátryggingartaka X1 eða X2 við eftirlit og viðhald lyftubúnaðarins eða hvort það hafi orðið vegna utanaðkomandi áhrifa sem ekki hafi verið unnt að sjá fyrir eða koma í veg fyrir með eðlilegum öryggisráðstöfunum.

Af gögnum málsins verður ráðið að togvírinn hafi farið af hjólabúnaðinum við mastrið og fram hjá svonefndum öryggisskóm sem ætlað var að grípa vírinn ef hann losnaði af hjólunum. Í kjölfar slyssins framkvæmdi Vinnueftirlitið skoðun á lyftunni. Við skoðun hinn 4. mars 2024 var gerð krafa um að skipt yrði um hjól á mastrinu. Við frekari skoðun tveimur dögum síðar reyndist ekki unnt að prófa lyftuna þar sem vírinn hrökk ítrekað af hjólabúnaðinum. Notkun lyftunnar var í kjölfarið bönnuð. Í framhaldi af því var skipt um hjól, legur og fóðringar og afstaða hjólanna leiðrétt eftir að skekkja hafði komið fram á mastrinu vegna jarðsigs. Síðar var ákveðið að skipta um allt hjólastellið og stilla afstöðu hjólanna áður en lyftan var tekin aftur í notkun.

V hefur vísað til þess að fóðringar hafi aðeins verið hálfslitnar og að skekkja mastursins vegna jarðsigs hafi verið smávægileg. Við mat á gögnum málsins verður þó að líta til þessara atriða heildstætt og í samhengi við það að togvírinn fór af hjólunum og fram hjá öryggisbúnaðinum. Ekki er úrslitaatriði hvort einstakir hlutar búnaðarins hafi verið verulega slitnir eða hvort skekkja mastursins hafi verið mikil. Það sem skiptir máli er hvort búnaðurinn hafi verið í því ástandi að hann þjónaði hlutverki sínu með öruggum hætti. Sú staðreynd að vírinn hrökk ítrekað af við skoðun eftir slysið og að nauðsynlegt reyndist að skipta um hjól og fóðringar, leiðrétta afstöðu hjólanna og síðar endurnýja allt hjólastellið bendir til þess að ekki hafi verið tryggt með fullnægjandi hætti að búnaðurinn væri öruggur til notkunar.

Þá verður að líta til þess að ekki liggja fyrir gögn um hvenær hjólabúnaðurinn við mastrið var síðast yfirfarinn eða fóðringar endurnýjaðar fyrir slysið. V hefur vísað til þess að búnaðurinn hafi verið yfirfarinn reglulega og skipt hafi verið um slitfleti á um fjögurra ára fresti, en engin gögn hafa verið lögð fram sem staðfesta þær upplýsingar. Almennar upplýsingar um verklag við eftirlit og viðhald, sem V virðist hafa munnlega eftir aðilum en engin skrifleg yfirlýsing X1 eða X2 liggur fyrir nefndinni, geta ekki einar og sér sýnt fram á að viðhaldi hafi verið sinnt með fullnægjandi hætti á þeim búnaði sem hér um ræðir.

Þótt opinber skoðun Vinnueftirlitsins hafi farið fram með reglubundnum hætti leysir það rekstraraðila ekki undan sjálfstæðri skyldu til að fylgjast með ástandi lyftunnar og tryggja að nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt. Opinbert eftirlit kemur ekki í stað reglubundins eftirlits rekstraraðila, enda getur ástand búnaðar breyst frá því að skoðun fer fram. Þá verður ekki ráðið af því einu að lyftan hafi verið prófuð og sjónskoðuð daglega að eftirlitið hafi verið fullnægjandi. Ekki liggja fyrir samtímagögn um framkvæmd þess eftirlits á slysdegi eða upplýsingar sem sýna með hvaða hætti kannað var hvort hjólabúnaðurinn og öryggisskórnir væru í fullnægjandi ástandi.

Verður jafnframt að líta til þess að X2 hafði tekið við rekstri skíðasvæðisins um fjórum mánuðum fyrir slysið og að ábyrgð þess tók meðal annars til viðhalds, viðgerða og eftirlits með búnaðinum. Um var að ræða lyftu sem framleidd var árið 1974 og sett upp á svæðinu árið 2012 og var opin almenningi við tómstundaiðkun. Við þær aðstæður verður að telja að rík þörf hafi verið á að rekstraraðili kynnti sér ástand hennar og tryggði að viðhaldi væri sinnt með fullnægjandi hætti. Þótt X2 hafi ekki annast rekstur á svæðinu lengi þegar slysið varð leysir það X2 ekki undan skyldu til að afla sér upplýsinga um

viðhaldssögu lyftunnar og sannreyna að öryggisbúnaður hennar væri í forsvaranlegu ástandi. Engin gögn liggja fyrir nefndinni um slíka skoðun.

V hefur byggt á því að slysið hafi líklega orðið vegna hliðarátaks á togvírinn, hugsanlega vegna hreyfinga M eða jarðvegssigs. Ekki liggja þó fyrir gögn sem sýna fram á að M hafi farið út fyrir lyftusporið eða með öðrum hætti sýnt af sér háttsemi sem leitt hafi til óvenjulegs hliðarátaks. Verður þá að gera ráð fyrir að notendur skíðalyftu geti misst jafnvægið, runnið til eða vikið eitthvað frá beinni línu á lyftusporinu án þess að um óvenjulegt hliðarátak sé að ræða. Við hönnun, rekstur og viðhald slíks búnaðar verður að gera ráð fyrir eðlilegum hreyfingum notenda og tryggja að þær leiði ekki til þess að togvír losni frá hjólum með þeim afleiðingum að hætta sé á líkamstjóni.

Að öllu framangreindu virtu verður að telja að atvik málsins, einkum það að togvírinn fór af hjólabúnaðinum og fram hjá öryggisbúnaðinum, að vírinn hrökk ítrekað af við skoðun skömmu síðar og að ráðast þurfti í umfangsmiklar aðgerðir á hjólabúnaðinum áður en lyftan var tekin aftur í notkun, gefi nægilega sterka vísbendingu um að annmarkar hafi verið á ástandi eða virkni búnaðarins. Þegar jafnframt er litið til þess að ekki hafa verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á með hvaða hætti viðhaldi og eftirliti með umræddum búnaði hafi verið sinnt verður að telja að X2, sem rekstraraðili svæðisins, hafi ekki sýnt fram á að eðlilegum kröfum um öryggi, viðhald og eftirlit hafi verið fullnægt.

Verður því talið nægilega sýnt fram á að slys M verði rakið til vanrækslu við eftirlit og viðhald lyftunnar. Þar sem X2 var rekstraraðili skíðasvæðisins og bar ábyrgð á eftirliti og viðhaldi lyftubúnaðarins á slysdegi verður að telja að X2 beri skaðabótaábyrgð á tjóni M og að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þess séu því uppfyllt.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X2 hjá V.

Reykjavík, 27. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 285/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)
Vátryggingartaki (X)

Sönnun atvika. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. ágúst 2026, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V, dags. 20. ágúst 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 21. ágúst 2026.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að þann 4. júlí 2025 hafi hópferðabifreið verið bakkað á mannlausan hjólastól í eigu M, sem stóð á bílastæði utan við hótel við Keflavíkurflugvöll, með þeim afleiðingum að hjólastóllinn eyðilagðist. Samkvæmt málskotinu tók ökumaður hópferðabifreiðarinnar mynd af vettvangi og tilkynnti um atvikið til hópstjóra farþegaþjónustu M á staðnum. Af gögnum málsins verður ráðið að sá hópstjóri hafi upplýst M um atvikið og komið áleiðis upplýsingum um tímasetningu þess og staðsetningu, ásamt upplýsingum um eiganda hópferðabifreiðarinnar (X) og nafn ökumannsins (B). Jafnframt bera gögn málsins með sér að einhver samskipti hafi verið milli M og X í kjölfar atviksins, þó þau samskipti eða nákvæmt efni þeirra liggi ekki fyrir.

Þann 18. ágúst 2025 sendi M tölvupóst til V og tilkynnti tjón á hjólastólnum í ökutækjatryggingu X. Í svari V við þeim tölvupósti kemur fram að ekkert slíkt tjón hafi verið skráð hjá félaginu. Óskaði V eftir upplýsingum um skráningarnúmer bifreiðarinnar og innti eftir því hvort til væru myndir af hjólastólnum. Ekki virðast hafa verið frekari samskipti milli M og V á þessum tíma, en sama dag mun V hafa sent fyrirspurn til X um atvikið, sem ekki var svarað. Einnig mun M hafa gengið á X að skila inn tjónstilkynningu eða upplýsa V með öðrum hætti um atvikið og skráningarnúmer bifreiðarinnar, en í athugasemd sem starfsmaður M skráði í innra kerfi fyrirtækisins 1. október 2025 kemur fram: „…fékk ég símtal frá [X] þar sem þau segjast ekki vera búin að senda inn skýrsluna þar sem þau telja ábyrgðina liggja hjá farþeganum sem skildi hjólastólinn eftir fyrir aftan rútuna.“

Þann 29. október 2025 sendi M bréf til V og gerði formlega kröfu um bætur vegna tjóns á hjólastólnum úr ábyrgðartryggingu ökutækis sem X hefði hjá V. Í kjölfarið áttu sér stað nokkur tölvupóstsamskipti milli V og M, þar sem V upplýsti að ekkert tjón af þessu tagi væri skráð í tryggingar X hjá V og að ekki væri hægt að skrá tjónið nema upplýsingar bærust um skráningarnúmer bifreiðarinnar. M sendi V sömu upplýsingar og fram komu í tjónstilkynningunni frá 18. ágúst og upplýsti V þá um að óskað hefði verið upplýsinga um atvikið frá vátryggingartaka. M ítrekaði málið við V 12. janúar 2026, en í svari V kom þá fram að engin svör hefðu borist frá X og ekki væri hægt að skrá tjón án bílnúmers. Þann 15. janúar sendi M ljósmyndir til V, sem sýndu m.a. hópferðabifreiðina A (og skráningarnúmer hennar) á vettvangi. M sendi frekari ítrekanir 4. febrúar og 23. mars 2026. Í svörum V kemur fram að ítrekað hafi verið reynt að ná bæði í fulltrúa X og í B, en án árangurs. Kvaðst V ekki geta tekið afstöðu til bótaskyldu meðan engar upplýsingar um atvikið bærust frá vátryggingartaka og yrði að líta svo á að atvikið væri ósannað.

Í málskoti er á því byggt að fyrirliggjandi gögn sýni með nægilega ótvíræðum hætti að bifreiðinni A hafi verið bakkað á hjólastól í eigu M með þeim afleiðingum að hann eyðilagðist. Fyrir liggi upplýsingar um dagsetningu, tíma og staðsetningu atviksins, nafn ökumanns og vátryggingartaka, skráningarnúmer bifreiðarinnar, ásamt ljósmyndum af vettvangi og upplýsingum sem hafðar væru eftir ökumanni bifreiðarinnar strax eftir atvikið. Engin gögn eða atvik gefi tilefni til að ætla að tjónið hafi orðið með öðrum hætti og V hafi ekki bent á neitt sem renni stoðum undir það að fyrirliggjandi atvikalýsing sé

röng. M andmælir þeirri afstöðu V að atvik teljist ósannað einvörðungu vegna þess að ekki hafi tekist að afla framburðar frá vátryggingartaka og ökumanni. Vísar M til 44. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, um heimild sína til að beina bótakröfu beint að vátryggingafélagi þegar um ábyrgðartryggingu er að ræða, og telur réttarstöðu sína gagnvart V ekki með réttu geta verið háða því hvort X kjósi að svara fyrirspurnum V. M hafi veitt V allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að skrá tjónið og taka afstöðu til bótaskyldu. Óeðlilegt sé að vátryggingartaki ábyrgðartryggingar geti komið í veg fyrir að krafa þriðja manns sé afgreidd með því að koma sér undan því að veita eigin vátryggingafélagi umbeðnar upplýsingar. Þá byggir M á því að ábyrgð skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar sé hlutlæg, en jafnframt að atvik málsins beri með sér að tjónið verði rakið til sakar ökumanns, sem ekki hafi sýnt nægilega aðgæslu við akstur ökutækis aftur á bak, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Tjónið hafi hlotist við dæmigerða notkun ökutækis, þegar því var bakkað á bifreiðastæði og þannig orsakatengsl milli notkunar bifreiðarinnar og tjónsins.

Í athugasemdum V er vísað til þess að engin sameiginleg tjónaskýrsla liggi fyrir, engir framburðir aðila eða vitna, ljósmyndir af ákomum á bifreiðinni eða annað sem sanni að umrætt atvik hafi átt sér stað með þeim hætti sem M heldur fram. Af þeim sökum sé ekki hægt að taka afstöðu til bótaskyldu. V hafi gert það sem mögulegt var til að afla staðfestingar frá X, ásamt því að reyna að afla framburðar frá ökumanninum B, en það hafi engum árangri skilað. Líti V svo á að atvikið sé ósannað, en sönnunarbyrði um að tjón hafi hlotist af notkun tiltekins ökutækis hvíli á M. Ljósmynd af bifreiðinni A á sama bifreiðastæði og hinn tjónaði hjólastóll dugi ekki til sönnunar um að henni hafi verið ekið á stólinn og þannig valdið tjóni.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að ökumaður A hafi sjálfur tilkynnt atvikið til starfsmanns M á vettvangi og einnig tekið þær ljósmyndir sem fyrir liggi í málinu. Þá er vísað til athugasemdar í innra samskiptakerfi M um símtal við starfsmann X þann 1. október 2025, en samkvæmt því hafi enginn ágreiningur verið um hvort atvikið hafi átt sér stað heldur aðeins hver bæri á því ábyrgð. M telur ekki hafa þýðingu í málinu hvort sýnilegar ákomur hafi verið á A, enda sé annars vegar um að ræða stóra hópferðabifreið og hins vegar hjólastól. Loks vísar M til dóms Landsréttar í máli nr. 21/2022 um það að tjónþoli geti ekki borið hallann af sönnunarskorti sem rekja megi til þess að tjónvaldur vanræki að afla eða afhenda gögn eða upplýsingar.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að öll gögn málsins komi frá M, en engin staðfesting hafi borist frá X eða B á því að atvikið hafi átt sér stað. Skrif starfsmanns M um símtal við X hafi ekkert sönnunargildi. V hafnar því að dómur Landsréttar í máli nr. 21/2022 hafi fordæmisgildi um ágreining aðila í þessu máli þar sem málsatvik séu ekki sambærileg. M verði að bera hallann af því að hafa engin sönnunargögn máli sínu til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á M að sýna fram á tjón sitt og umfang þess svo og að tjónið verði rakið til bótaskylds atviks. Í málinu er óumdeilt að ökutækið A var tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V á þeim degi sem tjón M er sagt hafa átt sér stað, sem og að tjón sem hljótist af notkun bifreiðarinnar skuli bætt úr þeirri tryggingu óháð sök ökumanns, á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu. Ágreiningur aðila snýst um það hvort fullnægjandi sönnur hafi verið færðar fyrir því að umrætt tjón hafi orsakast af notkun A.

Tvær ljósmyndir liggja fyrir í málinu. Önnur myndin sýnir afturhluta hópferðabifreiðarinnar NB-P02 sem þverar hellulagða gangstétt, framan við byggingu sem samrýmist því að vera það hótel sem tilgreint er í tjónstilkynningu M. Stendur bifreiðin skáhallt miðað við akstursleiðir og aðliggjandi bílastæði, en aftan og örlítið hægra megin við bifreiðina liggur eyðilagður hjólastóll. Hin myndin sýnir ónýtan hjólastól sem liggur á gangstétt milli bílastæða. Ekki verður ráðið af myndunum hver hafi tekið þær eða hvenær, en síðarnefnda myndin virðist hafa verið send sem viðhengi með tjónstilkynningu M í tölvupósti til V þann 18. ágúst 2025, og báðar myndirnar með tölvupósti til V 15. janúar 2026. Þá hefur M lagt fram töluvert magn skilaboða og athugasemda sem starfsmenn M hafa sent sín á milli í innra kerfi fyrirtækisins á tímabilinu frá 7. júlí til 2. október 2025 og fjalla m.a. um samskipti þeirra við X og

V. Öðrum frumgögnum um atvikið virðist ekki til að dreifa, en óumdeilt er að bæði M og V hafi ítrekað en árangurslaust reynt að ná sambandi við X, eiganda A, í því skyni að afla upplýsinga um atvikið.

Þó fallast megi á það með V, að nokkuð skorti á að fullar sönnur hafi verið færðar á að A hafi verið það ökutæki sem olli tjóni á hjólastól M, er það afstaða nefndarinnar að M verði ekki látinn bera halla af þeim sönnunarskorti eins og mál þetta liggur fyrir. Er þar meðal annars horft til dóms Landsréttar í máli nr. 21/2022, sem nefndin telur hafa fordæmisgildi um frávik frá sönnunarkröfum og sönnunarbyrði við þær aðstæður að vátryggingartaki lætur fyrir farast að veita upplýsingar eða halda til haga gögnum sem varpað geti ljósi á tjónsatvik. Lítur nefndin svo á að M hafi leitt að því nægar líkur að hann hafi orðið fyrir munatjóni sem rakið verði til notkunar bifreiðarinnar A, enda liggja engin gögn fyrir sem bent geta til þess að orsök tjónsins sé önnur en lýst er í tjónstilkynningu M til V frá 18. ágúst 2025. Frekari sönnunarkröfur verði ekki gerðar til M við þessar aðstæður.

Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin að M eigi rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A vegna atviksins.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tjóns á hjólastól sem eyðilagðist við áakstur 4. júlí 2025.

Reykjavík, 6. október 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 295/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Hringtorg. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 14. ágúst 2026.
3. Athugasemdir V1, dags. 20. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M við athugasemdum V1, dags. 26. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur 1. júní 2026 á milli A, sem M ók, og B á hringtorgi við Stekkjarbakka í Reykjavík. Í aðdraganda árekstursins var báðum bifreiðum ekið eftir Smiðjuvegi til norðausturs og inn í hringtorgið við Stekkjarbakka. A var á hægri akrein en B á vinstri akrein. Þegar A og B var ekið inn í hringtorgið héldu þær sömu staðsetningu, þ.e. A var ekið inn í ytri hring og B var ekið inn í innri hring. Stuttu eftir að ökumaður B ók inn í hringtorgið beygði hann til hægri og ók inn í hlið A og varð tjón á báðum bifreiðum. Ökumaður A ætlaði út á öðrum gatnamótum hringtorgsins eftir innakstur en B á fyrstu gatnamótum. Í skýrslu Aðstoðar og Öryggis, dags. 1. júní 2026, kemur fram að ökumaður A hafi sagt að þegar hann hafi ekið í hringtorginu hafi B, sem ekið var í innri hring, verið beygt til hægri og utan í A. Sagðist hann hafa ekið á 30 km hraða er áreksturinn varð. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni B að hann hafi gefið stefnuljós til hægri áður en hann hafi ætlað að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Þá hafi A verið ekið í veg fyrir B með þeim afleiðingum að árekstur var milli bifreiðanna. Sagðist hann hafa ekið á 20 km hraða við áreksturinn. Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A beri helming sakar fyrir að veita ekki umferð um innri akrein forgang og að ökumaður B beri helming sakar fyrir að aka út úr hringtorgi úr innri hring á fyrstu gatnamótum. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er þess krafist að öll sök verði lögð á ökumann B sem M fullyrðir að hafi ekið á miklum hraða aftan á vinstra afturhorn A. Ökumaður B hafi því brotið gegn ákvæði 2. málsliðar 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Tekur M fram að þegar hann hafi nálgast fyrstu gatnamótin eftir að inn í hringtorgið var komið, en hann hugðist aka yfir þau, hafi hann gætt að því að enginn væri í innri hring, sbr. 3. ml. 6. mgr. 19. gr. Hafi A svo verið komið fram hjá fyrstu gatnamótum þegar B hafi verið ekið inn í hringtorgið á miklum hraða og á vinstri afturstuðara A. Vísar M m.a. til þess að umfang skemmda á bifreiðunum bendi til þess að B hafi verið ekið á miklum hraða. M segist hins vegar hafa verið komin fram hjá fyrstu gatnamótunum þegar áreksturinn varð og því ekki hafa getað komið í veg fyrir þau. Í því sambandi vísar hann til þess hvar ákoman á A varð.

Í athugasemdum V1, er þar var A ábyrgðartryggð, er tekið undir rök M í málinu.

Í athugasemdum V2, en þar var B ábyrgðartryggð, er m.a. tekið fram að ökumönnum sem aka um hringtorg beri að fylgja hátternisreglum 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þar komi fram að ökumaður skuli, sé hringtorgi skipt í tvær akreinar, velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Ökumaður í ytri hring skuli hins vegar veita þeim sem ekur í inni hring forgang úr út hringtorginu. Telur V að báðir ökumenn hafi brotið gegn framangreindum hátternisreglum og að rétt sé að skipta sök jafnt milli þeirra. Þá telur V að staðsetning ákomu á A sé ekki til þess fallin að breyta framangreindu. Vísar V í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 47/2025 því til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur snýr fyrst og fremst að því hver skuli bera ábyrgð á árekstrinum, þar með talið hvort skipta skuli sök milli A og B. Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af

atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til hátternisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þessa gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málslið sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Það að ákoman hafi orðið á afturhluta A, hefur þó að mati nefndarinnar áhrif á sakarskiptinguna. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 6. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 301/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Varúðarregla. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. ágúst 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 19. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. ágúst 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tilkynningu M til lögreglu var brotist inn í bifreið M aðfararnótt 3. júní 2026, milli kl. 00 og kl. 07, meðan bifreiðin stóð í innkeyrslu/bílaplani utan við heimili M. Greinir M frá því í tilkynningunni að ummerki séu um innbrot, þar sem gúmmíkantur í hurð sé rifinn við læsingu og allt sé út um allt í bifreiðinni. Þá telur M upp muni sem horfið hafi úr bifreiðinni.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótakröfu M úr fjölskyldutryggingu hans með vísan til þess að ekki hafi verið gerð lögregluskýrsla sem staðfesti ummerki um innbrot. Þá hafi „teymi“ V metið það svo að myndir sem sendar voru með tjónstilkynningu beri ekki með sér ummerki sem sanni innbrot í læsta bifreið.

M byggir á því að framlagðar myndir sýni augljós merki um innbrot. Bifreiðin hafi verið læst og sé alltaf læst, enda læsist hún m.a.s. sjálfkrafa í akstri. Á þeim tíma sem atvikið átti sér stað hafi verið yfirstandandi innbrotaalda í hverfinu þar sem M býr, og virðist þjófarnir búa yfir þekkingu eða færni sem geri þeim kleift að fara inn í læstar bifreiðar. Þá byggir M á því að hann hafi tilkynnt innbrotið rafrænt til lögreglu, í samræmi við fyrirmæli sem hann fékk frá lögreglunni. Slík tilkynning sé ígildi lögregluskýrslu, enda komi lögregla ekki á staðinn og geri skýrslu vegna innbrota af þessu tagi.

Í athugasemdum V kemur fram að það sé skilyrði bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu, vegna innbrots í læsta íbúð, bifreið, einkabát eða einkaloftfar, að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni, og að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Tilkynning sem tjónþoli sjálfur fylli út á netinu geti ekki staðfest ummerki á vettvangi á sama hátt og lögregluskýrsla. Þá hafi sérfræðingar í ökutækjateymi V skoðað myndir sem skilað var með tilkynningunni og komist að þeirri niðurstöðu að þær sýni ekki greinileg og ótvíræð merki innbrots. Skemmdir þær sem sjáist á myndunum staðfesti ekki nýleg ummerki um innbrot, heldur stafi fremur af eðlilegu sliti eða eldri atvikum. Vísar V til þess að skemmd á gúmmíkanti sé við læsibúnað hurðarinnar, þar sem hún krækist í læsikrók á hurðarstafnum, en að mati sérfræðinga V sé ómögulegt að opna bifreiðina með því að eiga við læsibúnað á þessum stað. Það sé því afstaða V að bifreiðin hafi verið ólæst umrætt sinn og skilyrði skilmálans um innbrot í læsta bifreið sé ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að bifreiðin hafi verið læst og sé alltaf læst, líka í akstri. Farið hafi verið inn í bílinn, hvernig sem það var gert. Rifinn gúmmíkantur geti ekki talist vera eðlilegt slit á fjögurra ára gamalli bifreið, en ef svo væri sé óeðlilegt að það slit hafi aðeins komið fram á hurð farþegamegin en ekki við bílstjórasæti. Þá hafi verið farið að fullu eftir leiðbeiningum lögreglu um tilkynningu innbrotsins og geti V því ekki borið fyrir sig að lögregluskýrslu vanti.

Álit.

Samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V bætir innbústrygging meðal annars tjón vegna innbrots í læsta bifreið. Í þeirri grein skilmálans sem fjallar um bótaskyldu vegna slíkra innbrota eru settar fram tvær varúðarreglur, annars vegar að læsa beri tryggilega íbúðarhúsnæði, bílum og öðrum stöðum sem tryggingin tekur til þegar þeir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni; hins vegar að tryggðum beri að loka og kækja aftur gluggum og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Þá er tilgreint sem skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

Þessi ákvæði vátryggingarskilmálans verður að túlka til samræmis við ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarskilmála, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í vátryggingarskilmálum. Slíkan fyrirvara geti vátryggingafélag þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Varúðarreglur eru skilgreindar í 12. tl. 2. gr laganna, sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til vátryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli vátryggðan hlut.

Varúðarreglur í skilmálum fjölskyldutryggingar V gefa þau fyrirmæli til M að hann læsi tryggilega m.a. íbúðarhúsnæði og bílum þegar þeir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni og að ganga beri þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Verða skilyrði vátryggingarskilmálans um að ótvíræð merki um innbrot séu forsenda bótaskyldu þá ekki skilin öðruvísi en að það séu í raun frekari fyrirmæli um geymslu muna í skilningi 12. tl. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verður það skilmálaákvæði sem V vísar til og grundvallar höfnun sína á ekki túlkað öðruvísi en svo að það sé í raun fyrirmæli til vátryggðs um hvernig hann á að geyma vátryggðan hlut, þ.e. dulin varúðarregla. Fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um vátryggingarsamninga um 26. gr. laganna. Ekki verður því litið þannig á að hlutlæg ábyrgðartakmörkun sé fyrir hendi.

Hvað varðar þann áskilnað vátryggingarskilmálans að það sé skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni, verður að horfa til þess að samkvæmt svari lögreglu við fyrirspurn M lítur lögreglan sjálf þannig á að útfyllt tilkynning um innbrot sé ígildi lögregluskýrslu vegna innbrota af þessu tagi. Það er því afstaða nefndarinnar að V sé óheimilt að hafna eða takmarka bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir lögregluskýrsla sem staðfesti tjón.

Af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ljóst að farið var inn í bifreið M að næturlagi og þaðan hafðir á brott ýmsir munir. Ekki eru augljós ummerki um að læsingar hafi verið brotnar, hurðir spenntar upp eða annað sem staðfestir svo hafið sé yfir vafa að bifreiðinni hafi verið læst, en ljósmynd af skemmd á gúmmíkanti hurðar staðfestir ekki ein og sér að brotist hafi verið inn í bifreiðina meðan hún var læst. M lýsir því sjálfur í málskoti og athugasemdum sínum að hann viti ekki með hvaða hætti var farið inn í bifreiðina. Að þessu virtu verður að telja ósannað að bifreiðinni hafi verið læst umrætt sinn, en fyrir því ber M sönnunarbyrði. Verður þá að meta M það til sakar, sem ekki er óveruleg, að hafa skilið verðmæti eftir næturlangt í ólæstri bifreið. Samkvæmt framansögðu leiðir slíkt brot á varúðarreglu ekki sjálfkrafa til þess að ábyrgð V falli niður, heldur verður takmörkun ábyrgðar metin með hliðsjón af sök vátryggðs og öðrum atvikum. Eins og hér stendur á telur nefndin að V sé heimilt að skerða ábyrgð sína um helming (50%).

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V en heimilt er að skerða bætur til hans um helming.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir

Mál nr. 302/2026
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júní 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 18. ágúst 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemd M, dags. 18. ágúst 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. ágúst 2026.

Málsatvik.

Í málskoti er tekið fram að ágreiningur í málinu lúti að því að V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns þann 7. júlí 2026 á bifreiðinni B af völdum notkunar dráttarbifreiðarinnar A. Fer M fram á að nefndin endurskoði þá ákvörðun V. Upplýsir M að þann 6. júlí 2026 hafi B verið ýtt út úr geymsluhúsnæðinu og hún skilin eftir utandyra svo X gæti sótt hana daginn eftir. Fullyrðir M að hann hafi lagt bifreiðinni þannig að afturhluti hennar hafi verið mjög nálægt jarðvegsbakka/gróðri. Hafi hann beðið starfsmann á staðnum um að taka myndir af bifreiðinni þegar X mætti á svæðið. Hafi það verið gert. Fyrirliggjandi myndir sýni bifreiðina rétt áður en drátturinn hafi hafist, þótt staðsetning hennar hafi gert það erfitt að taka mynd sem sýndi allan afturhluta B. Þá bendir M á að til séu upptökur úr öryggismyndavélum sem sýni þegar bifreiðinni var ýtt út og hvar hún stóð á svæðinu fyrir dráttinn. M byggir á því að eftir dráttinn megi sjá verulegar skemmdir á afturhluta B, ásamt rispum og aflögun sem sjáist ekki í gögnunum frá því fyrir dráttinn. Mynd sem tekin hafi verið eftir dráttinn og á meðan bifreiðin stóð enn þar sem dráttarbíllinn hafði skilað henni, sýni ástandið eftir afhendingu.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Bent er á að í fyrirliggjandi skýrslu frá A&Ö (arekstur.is) sé haft eftir M að tjón hafi orðið á B þegar starfsmaður X hafi sótt hana og dregið með dráttarbifreiðinni A. Í skýrslunni komi einnig fram að skýrsluritari hafi rætt við starfsmann X sem hafi ekki verið tilbúinn að gangast við tjóninu, heldur hafi hann viljað lengri tíma til að ræða við starfsmann og gefa skýrslu. Þó hafi komið fram að B hafi verið upp við grjótið þegar X kom að sækja bifreiðina. Þann 9. júlí 2026 hafi V borist tölvupóstur frá A&Ö með framburði X um málið. Þar komi m.a. fram að B hafi verið upp við grjót og tjónuð að aftan og að bílstjóri hafi þurft að draga hana frá grjótinu. Hafnar X því að tjón hafi orðið við dráttinn. Þá bendir V m.a. á að með málskotinu hafi fylgt myndir og myndbönd sem virðist vera úr öryggismyndavél á svæðinu. Eitt myndbandanna sýni m.a. þegar tveir menn ýti bifreiðinni aftur á bak í stöðureit. Af myndbandinu verði ekki betur séð en að bifreiðin hafi stöðvast við fyrirstöðu, mögulega þegar hún hafnaði á grjóti sem var illsjáanlegt þar sem það var umlukið löngu grasi. Verði því að telja líklegt, eða a.m.k. hugsanlegt, að tjónið hafi orðið þegar B var ýtt í stöðureitinn. Myndböndin sem hafi fylgt málskotinu sýni m.a. að þegar ökumaður A kom að B og þegar hún er dregin í burtu. Ekkert athugavert sé að sjá í þeim myndböndum og ekkert sem bendi til þess að B hafi farið aftur á bak við dráttinn. Hins vegar hafi ekki borist myndband af því þegar bifreiðin var sett á svokallaðan dráttarkross og því ekki hægt að sjá hvort bifreiðin fór aftur á bak við þá vinnu. Skorar V á M að leggja fram myndbönd af þessu séu þau til. Þá sé ekki unnt að greina það af myndum hvort tjón hafi verið á bifreiðinni áður en vinna við dráttinn hófst. Það sé því ekkert í gögnum málsins sem sýni að bifreiðin hafi farið aftur á bak á grjótið við vinnu X. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur V ósannað að tjón hafi orðið á B við vinnu X við að draga bifreiðina eða aðra notkun A.

Í viðbótarathugasemdum M er athugasemdum V mótmælt. Þá fer M þess á leit við nefndina að meðfylgjandi myndskeið verði tekið til skoðunar samhliða ljósmyndunum, og þá sérstaklega með tilliti til tímaraðarinnar í tengslum við meðferð á B. Telur M að aðalatriðið sé að ljósmynd af afturhluta B geti ekki talist áreiðanleg sönnun um ástand B áður en X hóf meðferð hennar. Þá sýni upptökur úr öryggismyndavélum dráttinn og hreyfingu B, sem hafi ekki staðið óhreyfð á upprunalegum stað allan tímann. Starfsmaður X hafi verið farinn að eiga við og færa B til sem hluta af drættinum. Þá bendir M á að B hafi upphaflega verið lagt mjög nálægt bakka eða gróðri. Af þeim sökum hafi starfsmaðurinn á staðnum, sem hafi tekið myndir þegar X kom á vettvang, ekki tekið fullnægjandi mynd af afturhluta B.

Þetta sé einmitt ástæðan fyrir því að upptökur úr öryggismyndavélum skipti máli, þær sýni tímaröð atvika. Þá tekur M fram að ekki sé farið fram á að nefndin dragi ályktanir um atriði sem ekki sjáist á upptökunum. Hins vegar vilji hann vekja athygli á að ljósmynd sem tekin hafi verið eftir að starfsmaður X hafi hreyft eða átt við ökutækið geti ekki sannað að skemmdin á afturhluta B hafi verið til staðar áður en aðkoma starfsmanna X hófst. M færir síðan frekari rök máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri rök ítrekuð. Þá er tekið fram að V telji að í viðbótarathugasemdum M komi ekkert nýtt fram sem sýni fram á að tjónið á bifreiðinni hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi X. Þá sé það mat V að ekkert í gögnum málsins sýni fram á að afturhleri bifreiðarinnar hafi verið heill þegar vinna X við bifreiðina hófst. Þau gögn sem liggja fyrir í málinu, þ.e. myndir og myndbönd sýni ekki fram á það að mati V að bifreiðin hafi verið óskemmd áður en starfsmenn X komu á staðinn. Því sé ósannað að tjónið á B verði rakið til notkunar A.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni á bifreið B. Krefst M þess að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V enda verði tjónið rakið til notkunar A. Það er M að sanna að tjónið verði rakið til notkunar A. Í málinu liggja m.a. fyrir ljósmyndir og myndbönd sem M byggir á að sýni fram á að tjónið verði rakið til notkunar A. Nefndin sem fellst ekki á rök M telur þvert á móti að fyrirliggjandi gögn dugi ekki sem sönnun þess að tjónið verði rakið til notkunar A. Af fyrirliggjandi myndum og myndböndum er að mati nefndarinnar ekki hægt að greina hvort tjón hafi verið á B áður en vinna við dráttinn hófst. Af þeim sönnunarskorti ber M hallann. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu A sem X er með hjá V.

Reykjavík, 13. október 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson Hildigunnur Hafsteinsdóttir Sigrún Ísleifsdóttir